Fyrsti fundur, laugardag 1. júlí. Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum samkvæmt fyrirmælum þingskapanna, 1., 2. og 3. gr., settist neðri deild að í þingsal neðri deildar og tók til starfa.

Þessir alþingismenn áttu sæti í deildinni og voru allir við staddir:

1. Benedikt Kristjánsson, þm. Mýramanna.
2. Benedikt Sveinsson, þm. Norður-Þingeyinga.
3. Björn Bjarnarson, þm. Borgfirðinga.
4. Björn Sigfússon, 2. þm. Húnvetninga.
5. Bogi Melsteð, 2. þm. Árnesinga.
6. Einar Jónsson, 1. þm. Norður-Múlasýslu.
7. Guðlaugur Guðmundsson, þm. Vestur-Skaptfellinga.
8. Halldór Kr. Friðriksson, þm. Reykvikinga.
9. Jens Pálsson, þm. Dalamanna.
10. Jón Jakobsson, 2. þm. Skagfirðinga.
11. Jón Jónsson, þm. Austur-Skaptfellinga.
12. Jón Jónsson, 2. þm. Eyfirðinga.
13. Jón Jónsson, 2. þm. Norður-Múlasýslu.
14. Jón Þórarinsson, 2. þm. Gullbr.- og Kjósarsýslu.
15. Jón Þorkelsson, þm Snæfellinga.
16. Klemens Jónsson, 1. þm. Eyfirðinga.
17. Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga.
18. Sigfús Árnason, þm. Vestmanneyinga.
19. Sighvatur Árnason, 2. þm. Rangvellinga.
20. Sigurður Gunnarsson, 1. þm. Suður-Múlasýslu.
21. Skúli Thoroddsen, 1. þm. Ísfirðinga.
22. Þórarinn Böðvarsson, 1. þm. Gullbr.- og Kjósarsýslu.
23. Þórður Guðmundsson, 1. þm. Rangvellinga.
24. Þorlákur Guðmundsson, 1. þm. Árnesinga.

Elzti þingmaður deildarinnar, Halldór Kr. yfirkennari Friðriksson, þingmaður Reykvíkinga, gekkst fyrir kosningu forseta, og kvaddi sjer til aðstoðar Klemens Jónsson, 1. þm. Eyfirðinga, og Ólaf Briem, 1. þm. Skagfirðinga. Kosningin fjell þannig, að Þórarinn próf. Böðvarsson fjekk 11 atkv., Halldór yfirkennari Friðriksson fjekk 5 atkv., Benedikt Sveinsson sýslumaður 5 atkv. og Benedikt próf. Kristjánsson 2 atkv. Með því enginn hafði þannig hlotið meir en helming atkvæða, var kosið á ný óbundnum kosningum og hlaut þá Þór. Böðvarsson 10 atkv., Ben. Sveinsson 9 atkv., H. Kr. Friðriksson 3 atkv. og B. Kristjánsson 1 atkv. Með því enn enginn hafði náð yfir helming atkvæða, var kosið í 3. sinn bundnum kosningum milli þeirra Þór. Böðvarssonar og Ben. Sveinssonar, er hlotið höfðu flest atkvæði við aðra kosningu, og hlaut þá Þórarinn Böðvarsson 11 atkv. og B. Sveinsson 11 atkv.; var þá varpað hlutkesti um hvor þeirra skyldi forseti vera, og kom upp hlutur *Benedikts Sveinssonar*, þm.

Norður-Þingeyinga, og varð hann þannig forseti.

Því næst var kosinn varaforseti og fengu þeir Ólafur Briem 1. þm. Skagfirðinga 9 atkv. og Þórarinn Böðvarsson 1. þm. Gullbr.- og Kjósars. 8 atkv., og nokkrir aðrir 1 og 2 atkv. Með því enginn hafði yfir helming atkvæða var kosið á ný óbundnum kosningum og var þá kosinn varaforseti *Þórarinn Böðvarsson* með 13 atkv. Þá voru og kosnir skrifarar og hlaut Klemens Jónsson 1. þm. Eyfirðinga 18 atkv. og Einar Jónsson 1. þm. Norður-Múlasýslu 16 atkvæði.

Annar fundur, mánudag 3. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að til skrifstofustjóra væri tekinn Jón Jensson yfirdómari og á skrifstofuna söngkennari Steingrímur Johnsen og skrifari Brynjólfur Þorláksson. Til þingskrifara í neðri deild væru teknir: Jóh. Sigfússon cand. theol. og Morten Hansen cand. theol.

Landshöfðingi afhenti forseta til framlagningar í deildinni þessi lagafrumvörp frá stjórninni:

1. Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895.
2. — — fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891.
3. — — fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893.
4. — — laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1890 og 1891.
5. — — laga um brúargjörð á Þjórsá.
6. — — — um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.
7. — — — um sjerstök eptirlaun handa Páli sögukennara Melsteð.
8. Frumv. til laga um líkskoðun.
9. — — — — skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju og fleira.
10. — — — um breyting á 2. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863.
11. — — — um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.
12. — — — um stofnun fasts endurskoðara-embættis.

Þriðji fundur, þriðjudag 4. júlí, kl. 10 f. hád. Allir á fundi.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. 1); 1. umr.

Landshöfðingi: Eins og hin heiðraða þingdeild hefir sjeð á frumv. þeim, sem lögð voru fram í deildinni í gær, sjerstaklega á frv. um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1890 og 1891, þá stendur hagur landssjóðs miklum mun betur en hann stóð 1889. Eptir því frumv. voru eignir viðlagasjóðs 31. desember 1891 822,967 kr. 62 au., og að meðtöldu láni til jafnaðarsjóðs suðuramtsins og sýslunefndanna í Árnessýslu og Rangárvallasýslu út af Ölfusárbrúnni hjer um bil 843,000 kr. Tekjueptirstöðvar landssjóðs 30,562 kr. 87 a., og peningaforði landssjóðs 196,826 kr. 28 a. Af honum hafa verið gjörðar arðberandi á árinu 1892 um 70,000 kr. og sömuleiðis allmikið nú á árinu 1893. Um hag landssjóðs í árslok 1892 get jeg sagt það, eptir lauslegu yfirliti yfir tekjurnar og gjöldin, að afgangurinn muni nema hjer um bil 105,000 kr.

Af fjárlagafrumv. því, er fram var lagt í gær, má sjá, að gjört er ráð fyrir að tekjurnar verði nálægt 70,000 kr. meiri en þær eru taldar í núgildandi fjárlögum, og er sú hækkun mest fólgin í því, að tollarnir eru áætlaðir hærri í því en þar var gjört, eða líkt því sem þeir reyndust 1891. Útgjöldin eru líka áætluð hjer um bil 40,000 kr. hærri í þessu frumv. en í fjárlagafrv. fyrir 1892—1893, og tekju-afgangurinn um 30,000 kr. hærri, enda veitir ekki af að ætla nokkurn afgang bæði vegna fjáraukalaga, og hins vegar vegna þess, að jafnan má búast við því, að þingið semji einhver þau lög eða gjöri þær ályktanir, er hafi aukin fjárframlög í för með sjer.

Útgjaldahækkunin er mest fólgin í einum lið: 12. gr. b., þar sem um það er að ræða, að bæta vegi á aðalpóstleiðum; annarsstaðar er ekki um verulega hækkun að ræða. Í 11. gr. er þó einnig gjört ráð fyrir dálitilli gjaldhækkun, og stafar hún af því, að þar er búizt við að fjölga aukalæknum fram úr því, sem nú er. Það er nefnilega skoðun stjórnarinnar, að tekjuaukanum verði bezt varið með því, að efla og greiða samgöngur sem bezt, einkum þó með vegabótum, og því hefur hún áætlað um 60,000 kr. meira til þeirra á fjárhagstímabilinu 1894—95 en á næsta tímabili á undan. Af því að mjer er kunnugt um áhuga h. þingm. á því, að bæta vegi og brúa ár, þá vona jeg að h. þing taki vel í þær fjárveitingar, sem stjórnin fer fram á til slíkra hluta. Eitt stórt mál stendur í sambandi við fjárlögin, þar sem farið er fram á fjárveitingu til að brúa Þjórsá, en af því að sjerstakt frv. liggur fyrir um það, snertir það þau ekki beinlínis.

Jeg býst við, að nefnd verði kosin að vana, til að íhuga fjárlagafrumv., og skal jeg því ekki tala meira um það að sinni.

Þórarinn Böðvarsson: Vegna hins nauma tíma, er sumir þingd.menn hafa, þar sem synodus á að byrja kl. 12, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á, að 7 manna nefnd sje kosin í málið nú þegar.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. í einu hlj. og í hana kosnir:

Skúli Thoroddsen	með	19 atkv.
Jón Jónsson þm. Eyf.	—	18 —
Þórarinn Böðvarsson	—	17 —
Jón Jónsson þm. N.-Múl.	—	15 —
Bogi Melsteð	—	14 —
Jón Jónsson þm. A.-Sk.	—	13 —
Jón Jakobsson	—	12 —

Fyrstu umr. síðan frestað.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 74); 1. umr.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að þessu máli sje vísað til nefndarinnar í fjárlagafrv., svo sem venja hefur verið til, með því að það heyrir undir hana.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkt með 15 samhlj. atkv.

Fyrstu umr. síðan frestað.

Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningunum 1890 og 1891 (C. 40); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg leyfi mjer að leggja það til, að þriggja manna nefnd sje kosin í mál þetta og 1. umr. frestað.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. í einu hlj. Kosningu hlutu:

Ólafur Briem	með	20 atkv.
Einar Jónsson	—	13 —
Guðlaugur Guðmundsson	—	12 —

Fyrstu umr. síðan frestað.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 73); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg gjöri ráð fyrir, að máli þessu verði vísað til nefndar þeirrar, er kosin var í næsta máli á undan, og skal jeg leyfa mjer að tala fáein orð henni til leiðbeiningar.

Þegar þetta frumv. var samið, hafði stjórnin ekki fyrir sjer tillögur yfirskoðunarmanna landsreikninganna, og gat því ekki farið eptir tillögum þeirra með það, hvað taka skyldi upp í frv. þetta. Jeg tek þetta fram, til þess að nefndin skuli ekki álíta, að það komi til af ágreiningi milli yfirskoðunarmannanna og stjórnarinnar, að eigi fara saman tillögur þeirra og það, sem tekið er upp í frumv. þetta.

ATKV.GR.: Samþ. að vísa málinu til reikningslaganefndarinnar.

Fjórði fundur, miðvikudag 5. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að sjer hefði verið tilkynnt, að í fjárlaganefndinni væri kosinn formaður Þórarinn Böðvarsson og skrifari Skúli Thoroddsen, og í landsreikningsmálinu væri Ólafur Briem formaður og Einar prestur Jónsson skrifari.

Forseti gat þess enn fremur, að til sín væri komið:

1. Þingmálafundargjörðir úr Húnavatnssýslu.
2. Þingmálafundargjörðir úr Suður-Þingeyjarsýslu.
3. Þingmálafundargjörðir úr Snæfellssýslu.
4. Áskorun til alþingis frá Schierbeck landlækni um stofnun spítala fyrir holdsveika.
5. Fundargjörðir frá Kaldárbakka hreppaskilaþingi um breyting á Miklaholtsprestakalli.
6. Bænarskrá frá yfirsetukonu Ólöfu Hjálmarsdóttur í Stykkishólmi um 600 króna þóknun einu sinni fyrir allt í viðurkenningarskyni.
7. Bænarskrá frá Skúla Skúlasyni frá Akureyri um styrk til að læra myndasmíði.
8. Bænarskrá frá sjera Jónasi Jónassyni á Hrafnagili um 1200 króna styrk til að gefa út dansk-íslenzka orðabók.
9. Bænarskrá frá sóknarnefnd Munkaþverársóknar um 500 króna styrk til að kaupa orgel handa Munkaþverárkirkju.
10. Beiðni frá Steíáni kennara Stefánssyni um skipti á timburhúsi því, er hann hefir byggt á Möðruvöllum, og bæ þeim, sem jörðinni fylgir.
11. 3 skýrslur um kvennaskólann á Laugalandi.
12. Fundargjörðir frá Akureyri, út af fyrirhuguðum gufubátsferðum norðanlands.

Frumv. til laga um brúargjörð á Þjórsá (C. 101); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg álít óþarft að orðlengja um þörfina á fyrirtæki því, sem farið er fram á í þessu frumv., sem er brúargjörð á Þjórsá. Hjeruð þau, sem sjer í lagi eiga hjer hlut að máli, hafa sína fulltrúa hjer í þingd. og þeir eru færari um það en jeg, að lýsa því, hvílíkt nauðsynjamál þetta fyrirtæki er fyrir þessi hjeruð, og hvern áhuga menn hafa á því, að fá brú yfir þessa á.

Jeg álít því síður þörf á að orðlengja um málið nú, sem jeg gjöri ráð fyrir, að þingd. setji nefnd til að íhuga það. En jeg vil taka það fram, að jeg mun leggja fram fyrir þá nefnd, sem þingd. kann að kjósa, allar upplýsingar viðvíkjandi kostnaðinum við brúargjörðina, sem getið er um í ástæðunum fyrir

stjórnarfrumv., og alla uppdrætti af hinni fyrirhuguðu brú.

Það sem sumum hefur ef til vill komið óvart í þessu frumv., er það, að hjer er ekki ætlazt til að kostnaðurinn við þessa brúargjörð verði greiddur á sama hátt og kostnaðurinn við Ölfusárbrúna, sem að nokkru leyti var greiddur af sýslufjelögum og amti því, sem brúnni kom sjer í lagi að notum. Hjer er stungið upp á, að landssjóður greiði allan kostnað við Þjórsárbrúna. Þegar stjórnin hafði afráðið að leggja fyrir þetta þing frumv. um brúargjörð á Þjórsá, var leitað til sýslunefndanna í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaptafellssýslu, með fyrirspurn um, hvort þær mundu vilja leggja fram fje úr sýslusjóðunum til brúargjörðarinnar í líkingu við það, sem þessi sýslufjelög hefðu gjört við Ölvesárbrúna. Báðar sýslunefndirnar hafa nú skorazt undan að leggja nokkurt fje fram. Sjerstaklega hefur sýslunefnd Vestur-Skaptafellssýslu lýst því yfir, að þeirri sýslu væri alveg ómögulegt að taka neinn þátt í þessum kostnaði, og sýslunefndin í Rangárvallasýslu kveðst heldur ekki geta lagt neitt fje fram, sem nokkuð muni um. Það sje svo margt, sem hvíli á sýslusjóðnum og honum sje um megn, að bera fleiri gjöld. Þau skjöl, sem landsstjórninni hafa borizt frá þessum sýslum, er líka hjer fyrir hendi, og geta menn fengið að kynna sjer þau.

Af því jeg býst við nefndarkosningu, skal jeg ekki fara lengra út í málið að þessu sinni, en að eins geta þess, að jeg hefi fengið »ingeniör« Sigurð Thoroddsen til að fara nú austur og skoða brúarstæðið enn á ný, og geta h. þing. deildarm. fengið hjá honum þær upplýsingar, sem þeir óska eptir.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er þakklátur hinni hæstv. yfirstjórn landsins fyrir það, að hún hefir komið fram með þetta nauðsynjamál. Það er samkvæmt vegalögunum, að brúa stórár landsins. Jeg get ekki leitt hjá mjer að minnast þess nú, að þegar ræða var um að brúa Ölvesá, þá bárum við báðir þm. Gullbr.- og Kjósarsýslu fram þá tillögu, að báðar árnar, Ölvesá og Þjórsá, ættu að brúast undir eins, en ekki hvor í sínu lagi, og líka lögðum við það til, að tekinn yrði brúartollur af þeim, sem yfir brýrnar færu. Ef þetta ráð hefði verið tekið, þá hefði sparazt mikið fje. Jeg get ekki sagt, hversu mikið, en ekki mun of djúpt tekið í árinni, þó jeg nefni 20 til 30 þúsundir króna. En það er ekki hægt að taka það aptur, sem búið er að gjöra, eða breyta orðnum hlut, og hvað sem þessu líður, þá mæli jeg eindregið með því fyrirtæki, sem hjer ræðir um, og það því fremur, sem jeg álít brú á Þjórsá engu síður nauðsynlega en á Ölvesá. Jeg vil samt bæta því við, að jeg vil að brúartollur komist á fyrir báðar brýrnar. Jeg skal samt ekki fara lengra út í það mál, með því það liggur ekki hjer fyrir. Jeg vona að mjer gefist síðar tækifæri til að koma með ástæður mínar fyrir því máli, með því jeg treysti því, að einhver eða einhverjir verði til að koma með frumv. um brúartoll fyrir báðar árnar. Jeg samgleðst hinni hæstvirtu landsstjórn, að hún hefir ekki lagt það til, að lagður yrði á hlutaðeigandi hjeruð sams konar tollur og sá, sem á þau var lagður með lögunum um brúargjörð á Ölvesá. Eptir þeim lögum greiða sýslubúar tvöfaldan toll. Jeg kalla það tvöfaldan brúartoll, þar sem nokkuð af brúarkostnaðinum er sumpart lagt á menn eptir lausafjár- og fasteignarhundruðum, og sumpart greitt af jafnaðarsjóði Suðuramtsins, sem sýslubúar líka hafa goldið til. Jeg vona að sýslufjelögin losist við þannig lagaðan toll til Þjórsárbrúarinnar. Jeg skal svo ekki

fara lengra út í þetta mál að sinni, en leyfa mjer að mæla með því, að það fái sem beztan og greiðastan framgang hjer í deildinni. Af því jeg álít, að hjer sje ekki um annað að gjöra en að segja annaðhvort »já« eða »nei«, hvort gjöra skuli þessa brú eða ekki, þá sje jeg ekki, að þörf sje að setja nefnd í málið.

Sighvatur Árnason: Það gladdi mig sannarlega, þegar jeg sá þetta frumv. um brúargjörð á Þjórsá, og jeg er eins og h. varaforseti (Þ. B.) þakklátur hæstv. yfirstjórn landsins fyrir, að hún hefir komið fram með málið. Sjer í lagi er jeg þakklátur hæstv. landsh., sem átt hefir mestan og beztan þátt í málinu. Það er öllum kunnugt, hvílíkt áhugamál samgöngumálið er orðið bæði þingi og þjóð, og nú sjáum vjer svart á hvítu, að stjórnin vill vera samtaka þjóð og þingi í þessu máli, og lítur eins á nauðsyn þessa máls eins og við, sem bezt þekkjum til, og er þetta mjög æskilegt í alla staði. Eptir því, sem hæstvirtum landsh. fórust orð, þá held jeg ekki sje nauðsynlegt að lýsa hjer nú þörfinni á því fyrirtæki, sem hjer ræðir um; þess mun ekki þurfa, því hún hlýtur að vera öllum ljós. Jeg skal að eins víkja fáum orðum að h. varafors. (Þ. B.), sem minntist á, að betra hefði verið að brúa báðar árnar, Ölvesá og Þjórsá, undir eins. Það neitar því víst enginn, að þetta hefði verið mjög svo æskilegt, en hann ætti líka að muna eptir því, að það var ekki við börn að berjast á þingi hjer, þegar brúarmálið var fyrir þinginu 1889. Þá voru mótstöðumennirnir margir og rammir, þó þeir sjeu fáir eða engir nú orðið. Þá máttum vjer þakka fyrir að fá hið minna, þ. e. að eins aðra brúna, og vjer tókum, eins og kunnugt er, Ölvesárbrúna, hið minna, og álitum ráðlegast að sleppa því meira, Þjórsárbrúnni, til þess að reyna að fá einhverju framgengt í þessu máli. Það gekk fullerfitt að fá það fram, að Ölvesá yrði brúuð, enda fjekkst það ekki nema með því að lagður væri skattur á 2 sýslufjelög, Árness- og Rangárvallasýslu, og að nokkru leyti einnig á suðuramtið. Jeg skildi ekki, hvernig h. varaforseti (Þ. B.) gat fengið það út, að ósanngjörn byrði hefði verið lögð á herðar Gullbringu- og Kjósar-sýslufjelögunum með brúargjörðinni á Ölvesá. (Þór. B.: »Það hefi jeg heldur aldrei talað«). Mjer þykir það líka trúlegt, að h. varaforseti hafi ekki meint það. Þó tók jeg svo eptir, að hann áliti, að brýrnar kæmu ekki í þeirra þarfir, sem byggju hjer við sjóinn. (Þór. B.: »Það voru heldur aldrei mín orð«). Kann að vera, en hefði svo verið, þá hefði jeg viljað minna á, að greiðari samgöngur hljóta að greiða fyrir samskiptum milli sjávarsveitanna og landbúnaðarsveitanna. Jeg skal svo ekki fara lengra út í málið að sinni, en lýsa því yfir, að jeg álít ekki þörf á nefnd; en hef alls ekki á móti því, að nefnd sje sett í málið, því jeg treysti því, að það fái samt sem áður góðan byr á þessu þingi.

Þorlákur Guðmundsson: Mjer datt í hug, þegar jeg sá þetta frumv., að »tvennir verða tímarnir«. Einu sinni þegar jeg bar fram hjer á þingi frumv. um brúargjörð á Ölvesá, þá skoraði fulltrúi stjórnarinnar, sem þá var, á mig, að taka það frumv. aptur. Það gleður mig stórlega, að nú er skipt svo um, að stjórnin sjálf leggur fyrir þingið frv. um brúargjörð. Það gleður mig, að stjórn og þing virðist ætla að verða samtaka í þessu nauðsynjamáli þjóðarinnar, samgöngumálinu. H. varaforseti (Þ. B.) tók það fram, að hyggilegra hefði verið að brúa báðar árnar undir eins, eins og þeir þingm. Gullbr.- og Kjósarsýslu hefðu báðir stungið upp á, þegar ræða var um brúna á Ölvesá. Jeg kannast við það, að þessir þingm.

hafi borið upp frumvarp í þessa átt, en það var ekki fyr en búið var að samþykkja málið um Ölvesárbrúna. Hefði þetta frumv. þá verið samþ. og það nýlega orðið að lögum, þá hefði það ekki orðið til annars en spilla fyrir málinu og draga brúargjörðina, máske um lengri tíma. Hitt er heldur engan veginn víst, að sparnaðurinn hefði orðið nálægt því eins mikill eins og hann ætlaði, þ. e. um 20—30 þús. krónur. Vegur sá, sem brúarefninu var ekið eptir upp að brúarstæðinu á Ölvesá, hefði t. d. ekki orðið notaður til að flytja eptir efnið í Þjórsárbrúna. Jeg ber ætíð mikla virðingu fyrir hagsýni og dugnaði h. varaforseta og umhyggju fyrir framtíðinni, en jeg hygg að hann hefði getað sparað sjer, á þessu stigi þessa máls, að minnast á brúartoll. Það mál kemur kannske fyrir síðar og þá má ræða það. Það er kannske ekki nauðsynlegt að setja nefnd í málið, en þó gæti jeg hugsað, að það að ýmsu leyti gæti orðið til bóta.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer finnst ekki tími til kominn að fara að ræða um brúartolla; það er bezt að láta það bíða, þangað til frv. kemur í þá átt. Hjer er að eins um það að ræða, hvort þingið vilji veita 75,000 kr. til brúargjörðar á Þjórsá eða eigi. Jeg játa það, að jeg var áður ekki mjög áfram um fjárveitingar til þessara brúargjörða; en fyrst brú er komin á Ölvesá, þá tel jeg jafnvel enn þá nauðsynlegra að Þjórsá sje brúuð, svo að hin brúin komi að fullum notum, og því vil jeg styðja þetta mál. En eigi get jeg sjeð þörf á, að nefnd sje skipuð í málið; h. þm. munu geta fengið þær skýringar, sem þörf er á, úr skjölum þeim, sem fram verða lögð í málinu, en þess er eigi að vænta, að þingnefnd geti gefið nokkrar verulegar nýjar skýringar í þessu máli. Hjer er heldur ekki um annað að ræða en hvort þingið vilji veita í mesta lagi 75,000 kr. til brúargjörðarinnar. Málið mun ganga fljótara, ef nefnd er ekki skipuð í því. Þingið getur ekki farið að gjöra breytingu á kostnaðaráætluninni; slíkt væri tilgangslaust, því að það er auðsætt, að fái stjórnin lægra tilboð, mun hún ganga að því.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að eins að afbiðja mjer þau ummæli h. 1. þm. Rangv. (S. Á.), að jeg hafi borið fyrir brjóstinu og minnzt á Gullbringu- og Kjósarsýslu; hana ætlaði jeg ekki að nefna; en jeg nefndi hans elskulegu óskabörn Rangárvallasýslu og Árnessýslu og gat þess, að á þeim hvíldi allmikið gjald bæði í sýslusjóð og jafnaðarsjóð, gjald, sem þeim mundi koma vel að heldur lækkaði en hækkaði. H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) taldi það óvíst, að mikið hefði sparazt við það, að báðar brýrnar hefðu verið byggðar í senn. Jeg áætlaði að eins lauslega, að sparnaðurinn mundi hafa orðið 20,000 kr.; getur verið, að það sje ofmikið í lagt, en það getur líka eins vel verið of lítið. Jeg minntist að eins lauslega á brúartoll í sambandi við frv. þetta. En eigi jeg ekki von á að hann komist á, þá mun mun jeg í nokkrum vafa um, hvort jeg á að gefa því atkvæði; að minnsta kosti mundi þá ekki úr vegi, að það yrði gjört nokkru lengra en það er nú. En jeg sagðist vona, að einhver mundi bera fram frv. um að tollur yrði lagður á báðar brýrnar, og nái það fram að ganga, óska jeg, að þetta mál fái sem greiðastan framgang.

Jón Jónsson, þm. A-Skaptf.: Í ástæðunum fyrir frv. þessu stendur; að allir aðrir landshlutar en þeir, sem Þjórsárbrúin er sjerstaklega gjörð fyrir, hafi notið góðs af strandferðunum; þessu verð jeg eindregið að mótmæla; Austur-Skaptafellssýsla hefur eigi heldur notið góðs hvorki af þeim nje af Ölvesár-

brúnni, og að litlu haldi mun Þjórsárbrúin koma henni. Hún hefur því hingað til orðið útundan með samgöngurnar, og eigi eru líkindi til að mikið verði gjört fyrir hana um sinn til að greiða henni samgöngur á annan hátt, en ef hún kann að njóta einhvers góðs af strandferðunum, ef þær færast í lag. Eitt ranglæti sýnist hafa komið fram við það sýslufjelag í brúarmálinu, og það er, að það verður að borga eins og önnur sýslufjelög í Suðuramtinu sinn hluta af kostnaðinum við Ölvesárbrúna, þrátt fyrir það, þótt hún komi eigi sýslubúum að neinu gagni, en það kemur af því óheppilega atviki, að Austur-Skaptafellssýsla hefir ekki verið skilin frá Suðuramtinu, eins og um hefur verið beðið. Að sjálfsögðu hafa Rangvellingar, Vestur-Skaptfellingar og jafnvel Árnessýslubúar mest gagn af brúnni á Þjórsá, og mælir því margt með því, að þeir leggi talsverðan skerf til brúargjörðarinnar, en syðri sveitirnar hafa og allmikið gagn af henni sökum viðskipta sinna við austanmenn, og ættu þær því einnig að taka nokkurn þátt í kostnaðinum. Þó mun jeg styðja frv. stjórnarinnar, í von um að brúartollur muni komast á.

Sigurður Gunnarsson: Jeg tel það gleðilegt, að frv. þetta er komið fram, og af því að það er skoðun mín að stórt framfaraspor sje stigið, verði stórár landsins brúaðar, mun jeg veita því eindregið fylgi mitt. Nokkrir h. þm. hafa látið í ljósi, að eigi mundi þörf á að skipa nefnd í máli þessu, en jeg verð þó að telja það viðfeldnara, að nefnd sje sett, og máli mínu til stuðnings skal jeg leyfa mjer að benda á hið sama og hæstv. landshöfðingi vjek að áður, að hjer er vikið frá viðtekinni reglu, þar sem amts- og sýslufjelög þau, er Ölvesárbrúin einkum kemur að notum, greiddu talsverðan hluta af kostnaðinum við brúargjörðina á Ölvesá, en hjer er farið fram á að landssjóður leggi allt fjeð fram til brúargjörðarinnar á Þjórsá. Þetta atriði er íhugunarvert, og þótt koma megi með þá mótbáru, að slíkt megi taka til greina við umræðurnar, hygg jeg rjettara og eðlilegra, að nefnd verði sett í málinu.

ATKVÆÐAGR.: Þriggja manna nefnd samþ. með 12:2 atkv. og í hana kosnir:
Guðlaugur Guðmundsson með 12 atkv.
Þórður Guðmundsson — 9 ——
Þorlákur Guðmundsson — 8 ——

Fyrstu umræðu frestað.

Frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. 76); 1. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg tel víst, ef að vanda lætur, að fleiri jarðir muni síðar bætast við en nefndar eru á frv. þessu, og vil jeg því stínga upp á að 5 manna nefnd sje skipuð í málið.

Landshöfðingi: Jeg skal bæta því við, að síðan frv. þetta var samið, hafa víst einar 16 beiðnir um þjóðjarðakaup komið til mín, og hef jeg gengið að því sem vísu, að þeim mundi verða vísað til nefndar þeirrar sem jeg gjöri ráð fyrir að kosin verði í máli þessu, og mun jeg því afhenda þær nefndinni þegar hún er kosin.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkt 5 manna nefnd og kosnir í hana:
Benedikt Kristjánsson með 14 atkv.
Ólafur Briem — 14 ——
Sighvatur Árnason — 14 ——
Björn Bjarnarson — 11 ——
Björn Sigfússon — 10 ——

Fyrstu umræðu frestað.

Frumvarp til laga um sjerstök eptirlaun handa Páli sögukennara Melsteð (C. 98); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg álít óþarft að mæla margt fram með frv. þessu. Jeg

veit að Páll sögukennari Melsteð er svo kunnur og svo vel metinn um land allt, að það mun ekki mæta mótspyrnu, að stjórnin gerir tilraun til að gera æfikvöld hans sem áhyggjuminnst. Hann hefur unnið yfir 40 ár í þarfir landsins, þótt eigi hafi hann verið í þeirri stöðu, er veiti honum rjett til eptirlauna. En auk þess hefur hann unnið svo mikið að fræðslu og menntun almennings, að það verður eigi talin of mikil viðurkenning, þótt honum hlotnist þessi eptirlaun; en lítil líkindi eru til, að þau hvíli lengi á landinu, þar sem hann er orðin svo háaldraður maður. Jeg skal ekki orðlengja þetta, en leyfi mjer að eins að mæla sem bezt með frv.

Halldór Kr. Friðriksson: Í frv. stendur, að eptirlaunin skuli greidd frá 1. október 1893, og jeg tel í sjálfu sjer nauðsynlegt, að þau sjeu greidd frá þeim tíma. En er þá ekki nauðsynlegt, að þau sjeu tekin upp á fjáraukalög til ársloka 1893? Af því mjer sýnist svo vera, þá mundi rjettara að orða svo í frv., að þau veittust frá 1. janúar 1894, en að taka launin fyrir október—des. þ. á. upp í fjáraukalögin fyrir 1892—93. Því að öðru vísi geta þau ekki orðið formlega borguð út fyr en 1. janúar 1894. Jeg gjöri þessa athugasemd að eins formsins vegna, en eigi af því, að jeg mæli gegn frv.

Landshöfðingi: Það gat ekki vel átt við, að taka þessa fjárveitingu upp á fjáraukalögin fyrir 1892 og 1893 fyr en búið væri að samþykkja þessi lög af þinginu. En undir eins og þau eru samþykkt af þingi og staðfest af konungi, þá verð jeg að telja, að heimild sje fengin til að borga út fjeð. En þyki það formlegra, þá má vel síðar, er frv. hefur náð samþykki, bæta með breytingaratkvæði inn á fjáraukalögin þeirri upphæð, er þarf til að greiða eptirlaunin með til ársloka 1893; fyrri getur það ekki komið til tals.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer fannst það að eins formlegra, að eptirlaunaupphæðin til ársloka 1893 væri tekin upp á fjáraukalög, en jeg mun eigi gjöra mikið þrátt út úr þessu atriði.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 22 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um líkskoðun (*C.* 82); *1. umr.*

Landshöfðingi: H. þm., að minnsta kosti þeim, er á síðasta þingi sátu, mun kunnugt, að fyrir síðasta þing var lagt frv. því nær samhljóða þessu frv. Það hlaut góðan byr í e. d., en hjer í deild var það lengi í nefnd, og orsakaðist það af því, að einn af nefndarmönnum var sjúkur um langan tíma. Það kom loks úr nefnd 19. ágúst, og þótti nefndinni þá eigi ástæða til að bera upp tillögur um breytingar á því, af því að svo mjög væri liðið á þingtímann, en lagði til, að það væri fellt; þó var sú tillaga eigi samþykkt, heldur ljet deildin frv. ganga til 2. umr., en eigi vannst tími til að koma því lengra áleiðis. Því þótti stjórninni ástæða til að láta málið aptur koma fyrir þingið og þessa deild, og af því að svo má skoða, að nefndarstarfið hjer í deild á síðasta þingi hafi borið lítinn árangur, álít jeg nauðsynlegt, að nefnd sje skipuð í málið, með því að málið er þýðingarmikið, eins og ýmsir h. þm. ljetu í ljósi á síðasta þingi.

ATKVÆÐAGR.: Felld 5 manna nefnd, en 3 manna nefnd samþ. og í hana kosnir:

Jens Pálsson með 15 atkv.
Jón Þórarinsson — 11 ——
KlemensJónsson — 8 ——

Fyrstu umr. frestað.

Frumvarp til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju (C. 77); 1. umr.

Klemens Jónsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd sje kosin í mál þetta; jeg segi 5 manna nefnd, bæði af því, að málið er töluvert umfangsmikið og af því, að það hefur allmikla fjárhags lega þýðingu.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkt 5 manna nefnd með 19 samhlj. atkv. og kosnir í hana:

Klemens Jónsson	með	18	atkv.
Skúli Thoroddsen	—	13	—
Guðl. Guðmundsson	—	10	—
Benedikt Kristjánsson	—	9	—
Þorlákur Guðmundsson	—	8	—

Fyrstu umr. frestað.

Fimmti fundur, 6. júlí kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um breyting á 2. gr. í tilsk. um lausamann og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 (C. 105); 1. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Eptir því að dæma, að þetta mál hefur verið eitt af aðalmálum á dagskrá blaðanna, sem eiga að leiðbeina þjóðinni í öllu sem til þrifa horfir, og optlega gjöra það líka, eptir því að dæma, segi jeg, hlýtur það að vera fjarska-áríðandi. Fleiri en einn góður maður hefur þreytt huga sinn á því og úthellt hjarta sínu um það í blöðunum. Jeg hefi lesið ritgjörðir þessar, þótt jeg hafi ekki tekið þátt í blaðaumræðunum. Það hygg, jeg að sannast muni, að lengi megi skrifa um það þangað til allir verða sammála. Það er líklegt, að þeir sem skrifað hafa um mál þetta og er það áhugamál, sjeu landstjórninni þakklátir fyrir að hafa tekið það upp. Það er vani minn í hverju máli, að spyrja: cui bono? hverjum má þetta að gagni verða? Og hjer vil jeg ennfremur spyrja: Hverjir óska eptir þessu? Jeg þekki ekki, að húsbændur óski eptir því, og jeg veit ekki heldur til, að hjúin óski eptir því. Það væri harla kynlegt, ef húsbændurnir óskuðu eptir því, þeir sem margir hverjir eru í stórvandræðum, sökum vinnuhjúaeklu, og verða jafnvel að bregða búi sumir hverjir fyrir þær sakir. Mjer hefir nýlega verið skrifað úr Múlasýslu, að þar verði 4 prestar að hætta við búskap sökum vinnufólksskorts, og þá má nærri geta, að ýmsir bændur muni ekki stórum betur farnir. Eins og jeg gat um, hafa hjúin ekki heldur óskað þessarar breytingar, enda mundi og sú raun á verða, að þótt hún kæmist á pappírnum, mundi hún ekki verða mikil í verkinu og frelsi hjúa eigi mikið rýmka við þetta. En þótt jeg þyki máske ekki mikill frelsismaður á þingi í sumu, þá hefi jeg viljað og vil jeg halda fram mannfrelsi, og að því leyti, sem þetta frv. kynni, að stuðla að því, að efla það, vildi jeg veita því fylgi. Verði mál þetta tekið til meðferðar gegnum þingið, sem jeg hefi ekki á móti, þá hefi jeg nokkuð við það að athuga. Jeg hygg t. d., að það mundi hagkvæmara, að sett væri í ein lög allt það, sem við kemur lausamönnum og þurrabúðarmönnum. Ef þetta frv. verður að lögum, þá höfum vjer 2 lausamannalög og 2 þurrabúðarlög, og getur það orðið býsna vafningasamt. Jeg sje t. d. ekki í þessum lögum, hver á að taka á móti 10 krónunum og 5 krónunum; til að sjá það, verð jeg að gá að í þurrabúðarlögunum hinum eldri. Til að forðast þessa vafninga, kýs jeg, að ein lög sjeu um þetta efni, og þá mun ekki veita af, að nefnd sje skipuð í málinu til að íhuga það. Yrðu nú þessi 4 lög í gildi, þá væri gaman að hugsa til og minnast á það atvik, að tvítugur maður kæmi til hreppsnefndar og segði við hana: Jeg hefi nú í huga að fara að búa með tvítugri stúlku í þurrabúð,

Hreppsnefndin spyr hann, hvort hann eigi 400 kr. Hann kveður nei við því, segist að eins eiga 100 kr. virði, en bæði sjeu þau reglusöm og dugleg. Leyfið getur hann þó ekki fengið hjá hreppsnefndinni. En svo kemur annar maður með 10 kr., sem hann ef til vill hefur fengið til láns, borgar sýslumanni þær, og fær lausamennskuleyfi. Á sama hátt kemur stúlka til hans með 5 kr. og borgar með þeim lausamennskuleyfi sitt. Hver getur nú bannað þeim að leigja sjer herbergi saman og búa saman? Það vantar inn í lög þessi ákvæði um það, hver skuli teljast lausamaður og hver þurrabúðarmaður. Kjörstjórnir eru opt í vafa um, hverja skuli telja þurrabúðarmenn, og gott væri, að þeim vafa væri eytt. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um málið nú, en sting upp á, að 5 manna nefnd sje skipuð í það.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld að svo stöddu og umræðum haldið áfram.

Halldór Kr. Friðriksson: Frv. þetta er ekki langt, og virðist því svo í fljótu bragði, sem umræður um það þyrftu ekki að verða langar. En mjer kemur eigi að síður mál þetta svo fyrir sjónir, að það þurfi allrar íhugunar við. Jeg játa það, að í sjálfu sjer sje það eðlilegast, að hver fullorðinn maður, sem hefir ofan af fyrir sjer sjálfur, fái og að ráða sjer sjálfur. En ekki má halda þessu frelsi beint og blátt áfram án þess að íhuga, hvernig á stendur eða hversu til hagar í landinu. Vjer vitum, að hjer hefur frá alda öðli verið töluvert vistarband, og því sýnist mjer varúðarvert, að sleppa því allt í einu og alveg. Jeg játa, að gjaldið fyrir lausamennskuleyfi er nú of hátt, en mikill munur er á að lina það nokkuð, og að sleppa því alveg. Það gjald sem frv. fer fram á sýnist mjer of lítið, og nálega sama sem ekki neitt, því að hverjum karlmanni, sem í lausamennsku vill komast, mun veita hægt að komast á einhvern hátt yfir 10 kr., ef ekki öðru vísi, þá að lána, og konum sömuleiðis yfir 5 kr. H. varaforseti (Þ. B.) hjelt, að þessi lög mundu fyrst um sinn ekki valda mikilli breytingu. En jeg er einmitt hræddur um hið gagnstæða. Jeg er sannfærður, um að menn mundu þyrpast hópum saman að sjónum, svo að þar yrði húsfyllir og meir en það. Slíkt væri reyndar sök sjer, ef það hefði ekki annað verra í för með sjer. Vjer vitum, að nú er almenn kvörtun yfir vinnufólksleysi til sveita, og þó mundi sú ekla aukast, er fólkið streymdi að sjónum. Það er því merkilegt, að einmitt bændurnir, en ekki hjúin, skuli verða til þess að biðja um leysing vistarbandsins. Húsbændurnir eru þó ekki neyddir til að ráða til sín hjú fremur en þeir vilja. En munu menn geta notað eins vinnukraptana til að stunda landbúnaðinn, þegar fjöldi manna hefur streymt að sjónum? Jeg segi nei, því að margir lausamenn við sjóinn mundu eigi vilja fara í kaupavinnu í sveitirnar á sumrin, og því meir sem þilskipaútvegur vex — og honum óska jeg viðgangs —, því færri munu fara í sveitina, til að leita sjer atvinnu þar. Nú má að vísu ekki fara út í einstök atriði málsins, en þó skal jeg leyfa mjer að nefna eitt. Eptir frv. má sveitarstjórn gefa mönnum meðmæli til lausamennsku, þegar henni finnst ástæða til þess, og þá er sjálfsagt að veita hana. En eptir þeirri reynslu, sem jeg hefi aflað mjer þau 20 ár, er jeg hefi fengizt við sveitarstjórn, er jeg viss um, að mörg sveitarstjórnin muni verða fús á að gefa slóðum og slæpingum beztu meðmæli sín til lausamennsku, til þess að losast með hægu móti við þá, og jeg er líka sannfærður um, að margir slíkir menn mundu hvorki verða sjálfum sjer nje öðrum til gagns; það

er alllíklegt, að þeir mundu draga áfram lífið í vesöld fyrstu 10 árin, og segja sig síðan til sveitar, er þeir hefðu áunnið sjer sveitfesti í þeirri sveit, er þeir dveldu í. Mjer sýnast því ákvæðin um meðmæli sveitarstjórnanna alveg óhafandi. Yfir höfuð sýnist mjer nefnd ómissandi í máli þessu. Hjer er ekki að eins að skoða frelsis-veitinguna og leysingu á hapti á verkmannalýðnum, heldur allt ástandið eins og það er hjer í landi, og til þess að lög þessi geti orðið sanngjörn, þá mun að rjettu lagi nauðsyn til bera, að endurskoða bæði lögin um lausamenn og húsmenn, hjúalögin og fátækralöggjöfina og lagfæra þau, ef eigi á að hljótast vandræði af lögum þessum. Því vil jeg, eins og jeg sagði, að nefnd sje skipuð í málið; en mjer sýnist þó rjett að ljúka 1. umr. þess áður; það er að eins til trafala, að vera að hefja hana að nýju. Í stuttu máli álít jeg frv. þetta svo athugavert, að nefnd sje nauðsynleg til að íhuga það, og það ekki einungis í sambandi við 2. gr. í tilskipun um húsmenn og lausamenn á Íslandi 26. maí 1863, heldur einnig í sambandi við vinnuhjúalögin og fátækrareglugjörðina, og mjer sýnist ekki veita af, að nefnd þessi sje skipuð 5 mönnum.

Sighvatur Árnason: Jeg er með því, að nefnd verði skipuð í þetta mál, og þótt hún væri felld við atkvæðagreiðsluna áðan, þá mun það hafa komið til af því, að nefndarkosning hafi þótt of snemma borin upp, en ekki af því, að deildin hafi ekki viljað aðhyllast hana á sínum tíma. Jeg get að miklu leyti fellt mig við þetta stutta frumv., en jeg álít þó, að talsvert þurfi við það að prjóna, ef vel á að fara; bæði vantar í það ákvæði um heimilisfang lausamanna, og um ábyrgð á gjöldum þeim, sem á þá eru lögð, því að ráð má gjöra fyrir, að þeir ferðist landshornanna á milli til að leita sjer atvinnu, og þá getur orðið erfitt að ná gjöldum af þeim, ef gjaldheimtendur eiga að eins aðganginn að þeim með þau.

Jeg er á því, að losa eigi um vistarbandið, en þess þarf vandlega að gæta, að um leið og bandið er losað, þá sje þó svo um hnútana búið, að frelsið verði ekki að ófrelsi í sumu, bæði að því er við kemur sveitfesti, gjaldskyldu o. fl. Mjer hefur að vísu dottið fleira í hug, sem eigi mundi vanþörf á að bæta við frumv. þetta, en jeg sleppi að hreyfa því á þessu stigi málsins, einkum þar sem jeg gjöri ráð fyrir, að nefnd verði skipuð í því.

Björn Bjarnarson: Mjer virðist með frumv. þessu gjörð tilraun til að bæta að eins einn hlekk úr keðju þeirri, sem menn geta nefnt löggjöfina um almenn mannrjettindi, en sú keðja er víða núin og slitin af tönn tímans, og fleiri hlekkir hennar bilaðir og þurfa bóta við. Það hefir verið minnzt á samband frv. þessa við önnur lög, bæði þurrabúðarlögin, lausamannalögin og vinnuhjúalögin; það er verkefni nefndar þeirrar, sem um málið mun fjalla, að íhuga þetta; en það eru fleiri atriði, sem hún þarf að taka til greina. Eins og nú er, er mönnum ekki leyfilegt að fara í lausamennsku fyr en þeir eru 25 ára, en þetta frumv. fer fram á, að hverjum manni tvítugum sje heimilt fyrir lítið gjald, að ganga í lausamennsku, fara um allt land, og leita atvinnu þar sem honum þykir bezt við horfa. Þetta er 5 árum fyr en sami maðurinn getur gjört bindandi og sjálfstæða samninga. Það mundi því fara betur á því, jafnframt og þetta frv. verður að lögum, að færa til myndugleikatakmarkið og binda það við sama aldursskeið, sem lausamennskuleyfið er bundið við, eða koma á annan hátt samræmi við löggjöfina í þessu tilliti. Enn er annað

atriði, sem eigi hefir verið minnzt á. Eptir gildandi lögum þarf kvennmaður ekki að vera eldri en 16 ára og karlmaður eigi nema 20 ára eða jafnvel eigi nema 18 ára, til þess að mega ganga í hjónaband; en með þessu frv. er mönnum leyft fyrir gjald, að vera lausum, og ráða sjer sjálfum, en það þó ekki fyr en seinna en þeim sem í hjónaband ganga. Öllum mönnum ætti að vera gerður jafngreiður aðgangur að því, að vinna sjer gagn á þann hátt, er þeir telja happasælast fyrir sig og fyrir þjóðina í heild sinni, því að sá sem vinnur sjálfum sjer gagn, vinnur um leið þjóðinni gagn. Sambandið milli þessarar löggjafar og frumv. þessa hygg jeg því að þyrfti að athuga og koma samræmi á það.

Eigi getur að vísu sú verið tilætlunin, að færa saman í ein lög hjónalög, lausamannalög og önnur skyld lög, en þessi eina breyting mun þó hafa það í för með sjer, að breyting mun þurfa að gjöra á fleiru, ef samkvæmni á að verða í löggjöfinni bæði um heimilisfang, sveitfesti, framfærslurjett, flakk og fleira. Yfir höfuð er hjer margt að athuga, og mikið verkefni fyrir hendi handa nefnd; mun því ekki veita af, að hún sje skipuð 5 mönnum.

Þorlákur Guðmundsson: Það mundi mega ætla, að jeg hlýddi með athygli á ræður manna í þessu máli, þar sem jeg var einn hinn fyrsti, er flutti það inn á þing. En þótt sumar þær skoðanir, sem fram hafa komið í því, falli ekki saman við mínar skoðanir, þá er jeg eigi sá ákafamaður, að jeg vilji ekki taka þær til íhugunar, og taka tillit til þeirra. En þó er jeg þeirrar skoðunar, og það er mjer ljóst, að hjer sje hapt, sem þurfi að rýmka, band sem þurfi að losa. Það er kunnugt, hvernig lausamannalögin eru haldin; það mun óhætt að segja, að þau sjeu fremur á pappírnum, en að eptir þeim sje lifað, að minnsta kosti þar sem jeg þekki bezt til, hjer við Faxaflóa. Þetta bendir á, að hjer þurfi breytingar við, að lög þessi sjeu óhagkvæm og horfin mjög úr meðvitund manna. Hjer liggur að eins eitt atriði fyrir til breytinga; hitt gæti orðið ofverk fyrir þingið, að taka fyrir að þessu sinni alla mannrjettindakeðjuna til lagfæringar, eins og mjer heyrðist h. þm. Borgf. (B. B.) víkja orðum að.

H. þingm. Rvík (H. Kr. Fr.) bjóst við, að leysing vistarbandsins mundi hafa það í för með sjer, að fólkið mundi þyrpast að sjónum og þar verða húsfyllir. Þetta getur reyndar rætzt, en hvernig er nú? Þyrpist ekki fólkið að sjónum og er þar ekki húsfyllir, þótt vistarband hvíli á þjóðinni? Jeg efast um, að meira mundi verða af slæpingum eptir en áður; þeir mundu þó verða að vinna eigi síður en nú, nema fremur vœri, til þess að draga fram lífið. Hjer er auðvitað um mjög þýðingarmikið mál að ræða, bæði fyrir húsbændur og hjú, og því hið mesta óráð að flana að því að nauðsynjalitlu eða íhugunarlaust. Það kom að vísu fram í ræðu h. 1. þm. K.-G. (Þ. B.), að hvorki húsbændur nje hjú hefðu beðið um breyting þá, sem hjer er um að ræða; þetta er að vísu satt; en vjer verðum að gæta þess, hve erfitt hjúin eiga með að fylgja fram máli sínu; þau geta að vísu í eitt og eitt skipti skrifað í blöðin, en hafa erfitt er fyrir þau, að halda fjölmenna fundi og semja bænarskrár til þingsins; þau eru öðrum háð og eiga lítt ráð á tíma til slíkra hluta. Það er alls eigi von, að hjú sæki fundi, þegar vjer gætum þess, hvernig sjálfir bændurnir sækja þá almennt. Mál þetta er komið á dagskrá frá húsráðendunum; það eru einkum þeir, sem ritað hafa í blöðin um það; þeir hafa fundið þörf á að

kippa því í lag; og hjer er ekki að eins um ímyndaða þörf eða skyldu að ræða, heldur um skyldu gagnvart fjölmennum, en lítt settum flokki þjóðar vorrar; því að jeg vil spyrja sjálfan mig: Af hvaða flokki eru hjúin? Eru það börn embættismannanna? Nei, ekki eru það þau; þeir láta þau flest ganga menntaveginn. Jeg spyr enn fremur: Eru það þá börn efnamannanna? Ekki eru það heldur þau; foreldrar þeirra láta þau ýmist ganga menntaveg, eða þau dvelja í foreldra húsum, þangað til þau fara að eiga með sig sjálf. Jeg spyr þá sjálfan mig: Af hvaða flokki eru þá hjúin? Þau eru af flokki fátæklinganna, af flokki þeirra manna, sem hvorki hafa ráð á, að mennta börn sín nje halda þeim heima, heldur verða að senda þau frá sjer undir eins og þau eru orðin dvalarfær, já meira að segja stundum fyr, út á sjálfa sveitina. Af þessum flokki eru hjúin almennt; þau eru af flokki hins fátækasta og umkomuminnsta hluta þjóðarinnar, og því er full þörf á, að bæta kjör þeirra og greiða götu þeirra svo sem auðið er. Það er satt, að vistarbandið er gamalt, og því þarf gætni við að hafa, er það er leyst; en svo gamalt er það ekki, að eigi megi leysa það fyrir elli sakir.

Jeg hef nýlega lesið fróðlega og hóglega ritaða ritgjörð um þetta mál, eptir h. þm. Snæf. (J. Þork.); þar virðist hann fremur hallast að því, að afnema ekki vistarbandið, en játar þó, að ástandið sje orðið breytt frá því, sem áður var, og einmitt af þessari breytingu leiðir, að þörf er á að breyta vistráðningunni. Ef svo færi, að leysing vistarbandsins virtist ætla að hafa flakk í för með sjer, þá er ekki annað en semja ný lög, til að fyrirbyggja það, enda er það á valdi húsbændanna, að fyrirbyggja flakk, því tækju þeir það fyrir, að selja umferðarmönnum greiða, mundi ekki þurfa að kvíða fyrir miklu flakki. Auk þess er sveitarstjórnum skipað fyrir í sveitarstjórnarlögunum, að fyrirbyggja flakk á allan hátt, og þótt mjer þyki þar nokkuð djúpt tekið í árinni, þá þarf ekki að kvarta yfir, að sveitarstjórnir vanti heimild til að afstýra flakki.

Aðalatriðið í þessu máli er að mínu áliti, að búa sem tryggilegast um aldurstakmarkið og heimilisfangið, svo að það verði eigi að vandræðum. Jeg var einn í nefnd þeirri, sem hafði mál þetta til meðferðar á þingi 1891, og þá reyndist þetta einna erfiðast viðfangs. Vjer vitum, að nú eru margir í óleyfilegri lausamennsku; þegar þeir eru fyrir norðan, þykjast þeir eiga heima fyrir sunnan, en þegar suður kemur, segjast þeir eiga heimili fyrir norðan. Þetta má eigi svo ganga, heldur þarf að finna ráð til að fyrirbyggja það, að slíkt geti viðgengizt.

Einar Jónsson: Hugir manna eru mjög skiptir í máli þessu; sumir vilja halda í gamla horfinu, en aðrir vilja gagngjörða breytingu; þeir vilja, að vistarráðin sjeu engum eða sem minnstum takmörkum bundin. En aðrir vilja fara meðalveginn, og þann veg hefir frumv. þetta kosið og þann veginn aðhyllist jeg. Þegar slíkir flokkar myndast sem hjer, þá er rjett að taka tillit til beggja málsaðila, og af því að sá flokkur er fjölmennur, er vill leysing vistarbandsins, þá vil jeg taka tillit til hans og slaka til við hann. En mjer sýnist frv. þetta ganga helzt til langt og of nærri öðrum flokknum. Hjer þykir mjer mönnum of ljett gjört fyrir með að komast í lausamennsku, en þó er jeg með því, að það sje gjört auðveldara en hingað til hefur verið. Þegar um algjört afnám vistarbandsins

er að ræða, er margt að athuga, og skal jeg nefna höfuðatriðin.

Þegar um lög er að rœða, sem hafa jafn mikil áhrif á þjóðmegunina og búast má við, að þessi lög hafi, þá þarf vel að íhuga, hvort velmegun og andlegur þroski þjóðarinnar muni vaxa við breytinguna. Slíkt verður eigi með vissu sagt, en þó má koma með spádóma byggða á töluverðum rökum. Hvað það snertir, að velmegun landsins muni vaxa, sje jeg eigi líkindi til, að svo verði. Eptir því sem jeg hef veitt eptirtekt og sjálfur reynt, hef jeg ekki getað sjeð, að lausamenn hafi innt meiri vinnu af hendi en vistföst hjú. Ef vinnan nú eigi vex við breytinguna, þá eykst ekki heldur velmegun í landinu við hana. Aptur á móti hef jeg sjeð, að vinna lausamanna hefir orðið dýrari en vinna hjúa; ekki er það gróði og eigi vex auðmagn landsins við það; jeg vil ekki heldur beinlínis segja, að það minnki yfir höfuð, en það færist til; það færist frá þeim, sem vinnuna þiggja til þeirra, sem hana veita; vinnuveit endurnir tapa, vinnendurnir græða, og auðurinn flyzt úr höndum bænda í höndur hjúanna. En af því að jeg álít auðinn ver kominn í höndum hjúanna en bænda, þá fer fjarri, að auðmagnið muni vaxa við breytinguna í sjálfu sjer. Jeg álít að yngri menn og óráðnari muni yfir höfuð fara ógætilegar með efni sín, en rosknari menn, sem fengið hafa ákveðnar skyldur, til að sjá fyrir sjer og fjölskyldu. Það er vafalaust álit mitt, að bændur megi ekki græða minna en þeir gjöra, og því er óráðlegt að hnekkja gróða þeirra með lögum. Það er sjálfsagt, að hjúin græða ekki heldur um of, en jeg hygg þó að gróði þeirra sje tiltölulega ekki minni en gróði bænda. Afleiðingin af breytingunni mundi því eigi verða sú, að auðmagn þjóðarinnar yxi.

Jeg fæ ekki heldur sjeð, að andlegur þroski þjóðarinnar vaxi við afnám vistarskyldunnar; að minnsta kosti hef jeg ekki sjeð, að lausamannalýðurinn hafi öðlazt meiri andlegan þroska en aðrir, og lítil líkindi eru til, að svo mundi verða, því að víst er það, að verði vistarbandið leyst, þá mun koma meira los á sambandið milli húsbænda og hjúa. Lausamenn eða daglaunamenn standa ekki í eins nánu sambandi við húsbændurna eins og hjúin. Nú er það almennt viðurkennt, að öll góð samvinna sje til heilla, en allt sem tjarlægir eina stjett frá annari eða setur eins konar djúp á milli þeirra, sje til óheilla fyrir þjóðfjelagið. Og þar eð jeg hygg, að afnám vistarskyldunnar muni einmitt fjarlægja hjúin frá húsbændunum, að því er snertir happasæla samvinnu, hygg jeg það eigi til bóta. Jeg get því eigi sjeð, að það muni hafa í för með sjer andlegan eða peningalegan þjóðþroska, en sjálfsagt verð jeg að játa, að mín sjón á þessu máli muni ekki skarpari en svo margra annara.

Þess skal jeg að endingu geta, að reynslan hefir sýnt það, að margir beztu bændurnir hafa komið úr flokki þeirra, sem hafa lengi hjú verið, og að tiltölulega miklu færri þeirra eru úr flokki lausamanna. Jeg tel sjálfsagt, að nefnd verði skipuð í málinu, og geymi jeg mjer að tala meira um það, þangað til jeg sje, hvernig henni tekst að synda fyrir sker þau, sem hjer þarf að forðast.

Þórður Guðmundsson: Þótt frv. það, sem hjer liggur fyrir, sje ekki langt á pappírnum, þá er það samt sem áður eitthvert hið umfangsmesta mál, sem nú er á dagskrá þjóðarinnar. Það eru nokkur ár síðan það komst inn í meðvitund manna, að leysa bæri þetta band, sem hjer ræðir um. Í fyrstunni var mikill þorri manna fylgjandi algjörðri

vistarbandsleysingu; en eptir því sem lengra hefir liðið og menn hafa skoðað þetta mál betur frá ýmsum hliðum, þá hefir þeim fremur fækkað, sem hafa viljað afnema algjörlega vistarbandið. Þar á móti hafa fáir verið á móti því, að gjöra mönnum aðgengilegra að komast í lausamannastöðu en nú á sjer stað. Jeg er nú einn í þeirra tölu, sem ekki vilja leysa vistarbandið alveg, en rýmka rjett vinnuhjúa til að ráða sjer sjálf.

Þeir, sem halda fram algjörðri vistarbandsleysingu, telja það víst, að afleiðingin verði sú, að vinnuframleiðslan verði við það meiri í landinu. Jeg get ekki sjeð, að svo muni verða, heldur óttast jeg hið gagnstæða. Jeg er sannarlega hræddur um, að margur bóndi muni einmitt þá ekki geta framkvæmt það verk í dag, sem hann þarf að láta vinna. Þeir bændur, sem næstir búa, munu ná í þá vinnandi menn, sem frá sjónum koma, en hinir, sem fjær búa, fá, ef til vill, engan mann til vinnu. H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) tók að öðru leyti margt af því fram, sem jeg vildi sagt hafa viðvíkjandi stöðu lausamanna og vinnuhjúa og hag þeirra, hvorra um sig. Jeg skal ekki taka það upp aptur, en að eins benda á, að það hefir lengi verið álitinn hinn bezti lærdómsskóli, að vera lengi vinnumaður á sama heimili, þegar það er gott og reglusamt heimili. En þó jeg sjái agnúa á því, að leysa vistarbandið, þá vil jeg þó fara meðalveg og gefa mönnum greiðari aðgang að lausamennsku en nú á sjer stað. Ef hið minna frelsið í þessu efni reynist vel, þá er æfinlega tími síðar til að veita mönnum hið meira. Af því jeg býst við nefndarkosningu í málinu, skal jeg ekki orðlengja um það frekar á þessu stigi.

Björn Sigfússon: Að því leyti sem ræður manna snúast í þá átt, að upplýsa málið og gefa hinni tilvonandi nefnd bendingar, þá eru þær mjög þarflegar. Það eru þegar komnar fram ýmsar góðar bendingar fyrir nefndina, en það er þó sjer í lagi eitt atriði, sem enn eigi hefir verið tekið fram, og sem jeg því vildi benda á. Jeg ímynda mjer, að þegar svo langt er komið, að fjöldi manna er orðinn laus, þá muni efnahagur vinnandi manna yfir höfuð standa ver en nú, að minnsta kosti fyrst í stað. Undantekningar frá því eru og verða sjálfsagt allt af til. Þar sem jeg þekki bezt til, virðist reynslan hafa sýnt það og sannað, að lausamenn safni ekki meiru fje en vinnumenn, heldur þvert á móti. Lausamenn eyða og munu að líkindum eyða meiru fje en vinnumenn. Það er svo ógnarlega eðlilegt. Þeir hafa optar fje undir höndum, þannig, að þeir hafa kaup sitt í vasanum og verður því miklu fremur á að grípa til þess og eyða því, þó ekki beri brýna nauðsyn til. Vinnumenn setja miklu fremur kaup sitt í fastan höfuðstól, t. d. í skepnur, sem þeir eiga á fóðrum hjá húsbændum sínum, eða setja á leigu, sem ekki verður eins handhægt að grípa til, hvenær sem einhver freisting gjörir vart við sig. Mín reynsla er, sem sagt, sú, að lausamenn eru að jafnaði snauðari en vinnufólk. Ef nú svo skyldi fara, að allur þorri vinnandi manna yrðu lausamenn, þá er mjög hætt við því, að sveitarsjóðunum yrði meiri hætta búin af þeim, þegar sjúkdóma eða önnur óhöpp ber að höndum, kaup þeirra orðið eyðslueyrir, en enginn fastur höfuðstóll að grípa til. Þá er fokið í það skjólið, sem hinir vistföstu menn hafa, að húsbændur þeirra annist þá um tiltekinn tíma, sem ekki eru lítilsverð hlunnindi. Þess vegna er það mitt ráð, að um leið og menn leysa eða losa um vistarbandið, þá reyni menn að finna ráð til að tryggja fram-

færslu lausamanna, er snauðir og hjálparþurfar verða, og vil jeg í því tilliti benda nefndinni, sem kosin verður, á að athuga, hvort ekki mundi ráðlegt, að lausamennskugjaldið yrði látið renna í sjerstakan framfærslusjóð fyrir lausamenn eða þá í »styrktarsjóðina handa alþýðufólki«, sem þegar eru stofnaðir með lögum.

Björn Bjarnarson: Jeg hef ekki mikið að athuga við ræður manna í þessu máli, en leyfi mjer þó að gjöra litla athugasemd við þær. Í sumum þeirra hefir mjer virzt koma fram eins konar álas til hins fjöimennasta flokks þjóðar vorrar, vinnufólksins. Ef þjóðinni stendur voði af því að rýmka um frelsi þessa fólks, af því það fari ráðlauslega með efni og tapi eða verði snauðara við sjálfræðið, þá ættu bændur, sem auðvitað eru sjálfum sjer ráðandi, einnig almennt að tapa. Í öðru lagi svara jeg því, að ef hjúin í raun og veru sjá sjer betra að vera hjú en lausamenn, þá er enginn efi á því, að þau kjósa heldur hjúastöðuna en að ganga í lausamennsku. Því jeg verð að ganga út frá því, að hjúin sjeu skynsemi gæddar verur, eins og aðrir menn, og hafi því vit á að sjá, hvað þeim sjálfum er fyrir beztu, og velji það sem betra er. Auk þessa er á það að líta, að í raun og veru á hið sama sjer stað nú, sem menn vilja fá lögleitt með þessu frumv. Nú getur hjer um bil hver maður orðið lausamaður eða lausakona án þess að greiða nokkuð fyrir leyfi til þess; það er enginn, sem skiptir sjer af því eða ræður við það; en það er alls ekki siðbætandi fyrir þjóðina, að hafa þau lög, sem ekki er fylgt.

Einn h. þm. ljet falla orð í þessu máli, sem mjer þótti óþægileg, af því mig tekur sárt til vinnufólksins, enda er ekki langt síðan jeg var sjálfur í hjúastöðu. Vil jeg því ekki láta þeim orðum ómótmælt. Jeg álít það nógu þungbært fyrir hjúin, að vera með löggjöfinni útilokuð frá að njóta þess frjálsræðis, sem almenn mannrjettindi krefja, þó þau sjeu eigi þar á ofan móðguð með því að viðhafa um þau hjer í þingsalnum þau orð, að nefna þau »slóða« og »slæpinga«, og álít ósæmandi fyrir þingmenn, að viðhafa slík orð um hina fjölmennustu stjett þjóðarinnar. Jeg mótmæli því fyrir hönd þessarar stjettar, að hún eigi slík nöfn skilið yfir höfuð að tala.

Jeg ætla mjer ekki að fara út í einstök atriði þessa máls. Hin fyrirhugaða nefnd á hægra með að greiða úr hinum einstöku atriðum en hver einstakur þingmaður, en þau atriði þessu máli viðvíkjandi, sem jeg hefi áður stuttlega tekið fram, álít jeg að þurfi nákvæmlega að athuga, og jeg get ekki sjeð neina ástæðu til að halda dauðahaldi í það band, sem þegar er slitið í rjettarmeðvitund þjóðarinnar.

H. Kr. Friðriksson: Það hefir verið talað um að reisa mætti skorður við því, að leysing vistarbandsins leiddi til flakks og iðjuleysis. Jeg skil ekki, hvernig menn hugsa sjer, að fyrir það verði girt. Þeir, sem hafa verið eins lengi við sveitarstjórn riðnir eins og jeg, og þó skemur hafi verið, hljóta að geta gjört sjer í hugarlund, hvílíkum erfiðleikum það er bundið, að ráða við slíkt. Því þó menn segi á þessum stað: »hjer á jeg heima«, þá koma þeir þangað ekki, ef til vill, ár eptir ár.

H. þm. Borgf. (B. B.) hneykslaðist svo mjög á því, að jeg sagði, að sum hjú væru »slóðar« og »slæpingar«. Getur hann sagt, að engir slóðar og slæpingar sjeu til í hjúastöðu? Nei, jeg held, því miður, að slóðar og slæpingar sjeu til í þeirri stöðu eins og öðrum, og meira að segja sumir bændurnir eru

sannnefndir slóðar og slæpingar. (*B. Sigf.*: En embættismennirnir?).

Jeg skal játa, að það er ekki auðið að segja með neinni vissu, hverjar afleiðingarnar muni verða, ef þetta mikla frelsi yrði veitt, en ef vistarbandið verður leyst algjörlega og menn svo sjá eptir á, að það getur ekki staðizt, þá mun miklu óhægra að kippa því í lag aptur. Jeg vildi því helzt leggja það til, að farið yrði varlega í þetta mál nú, því að það er hægt að losa síðar meir um, ef allt reyndist vel, en óhægra að binda það aptur. Og ef sú yrði niðurstaðan, að menn sæju, að vistarbandið yrði að taka upp aptur, þá held jeg hjúin fengju ástæðu til að segja, að hjer væri ekki verandi. Ef afleiðingin svo yrði sú, að menn stykkju hópum saman af landi burt, þá sæju menn, að betra hefði verið að fara varlega í fyrstu. — Það er aðgætandi, að margur er gott hjú, en getur ekki ráðið sjer sjálfur, svo vel fari; það sjá menn svo opt.

Bogi Melsteð: H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) talaði um, hvort mundi verða hagur fyrir þjóðina í heild sinni, að vistarbandið yrði leyst, og hann komst að þeirri niðurstöðu, að hjúin mundu græða á því, en bændurnir tapa, að auðmagnið mundi ekki vaxa í landinu og andlegur þroski manna ekki verða meiri en nú. En þess ber að gæta, að vjer þekkjum ekki nema aðra hlið þessa máls. Frá byggingu landsins hefir þjóðin að eins reynt aðra hliðina, vistarbandið. Til þess því að reyna að fá rjetta hugmynd um, hvaða áhrif leysing vistarbandsis mundi hafa á velmegun eða hag þjóðarinnar, verðum vjer að líta á reynslu annara þjóða, sem hafa reynt hvorttveggja, bæði vistarband og leysing þess. Reynsla þessara þjóða hefir nú sýnt, að bæði þjóðirnar og einstakir menn hafa haft mikinn hag af frelsi vinnulýðsins bæði í líkamlegu og andlegu tilliti.

Það er enginn efi á því, að menn geta unnið meira en þeir gjöra. Það fer mörg stund til ónýtis. Auðvitað hlýtur nokkur tími að fara forgörðum vegna strjálbyggðar landsins og erfiðleika á að afla sjer atvinnu, en jeg held samt að reynslan mundi sýna, að menn mundu vinna betur. Hinir duglegu og tápmiklu mundu græða við leysingu vistarbandsins, en hinir óduglegu og lötu aptur auðvitað tapa, en einmitt fyrir það sama fremur herða sig og reyna að ná hinum. Auk þessa er margt annað að athuga í þessu máli. Menn eru hjer svo óvanir að fara með peninga og stjórna þeim. Menn halda ekki reikninga yfir tekjur sínar og gjöld, kunna því ekki fullkomlega að fara með fje sitt. Þetta mundi lagast við leysing vistarbandsins, þegar menn almennt færu að eiga með sig sjálfir. Í þessu tilliti yrðu andlegar framfarir hjá þjóðinni. Kaup og sölur milli vinnumanna og bænda mundu fara í vöxt, en með því fengju menn reynslu í því að sjá hag sinn og óhag, fara með peninga o. s. frv. Jeg hygg, að þessi breyting frá því, sem nú er, mundi þó fremur verða til góðs fyrir bændur en hjú. Nú eru bændur skyldir að ala önn fyrir hjúum þeim, sem eru í vist hjá þeim, en sú skylda fellur burtu, þegar bændur taka lausamenn til að vinna hjá sjer. Þess vegna mundi miklu fremur kreppa að hjúum, einkum þeim, sem ráðlítil eru; svo hefir það gengið erlendis, og þá hafa menn tekið að mynda fjelög (verkmannafjelög). Hin höfuðástæðan, sem mælir með þessu máli, er sú, að hjer er um að ræða, að efla hið persónulega frelsi margra manna, en leysa óeðlilegt hapt, sem á þeim hvílir. Jeg er því »principielt« með því, að leysa vistarbandið algjörlega, en jeg tek svo

mikið tillit til skoðana þeirra manna, sem eru á annari skoðun, að jeg get verið með því að leysa þetta band eigi að öllu leyti í ár. Jeg held þó að menn sjeu óþarflega hræddir við þetta frelsi. Jeg held menn þurfi ekki að óttast, að allt komist á ringulreið, þó mál þetta verði leitt í lög. Sjálfsagt orsakar það sumstaðar töluverða breytingu, en sumstaðar verður hún eflaust lítil og flestir ganga í vist eptir sem áður. Í minu kjördæmi og eins í Rangárvallasýslu eru enda bændur með því, að vistarbandið verði rýmkað, og þeir duglegustu, meira að segja, með því, að það verði leyst algjörlega. Þetta er, eins og margt annað, óreynt hjá oss, en jeg hygg að það muni verða oss til hagnaðar, því daglaunamenn vinna venjulega meira á dag en vinnuhjú, þótt það sje meiri hvöt fyrir menn að vinna vel, er þeir fá víst kaup fyrir hvert verk, er þeir inna af hendi. Í öðrum löndum sýnir reynslan það, að menn vinna ekki eins vel fyrir fastákveðið dagkaup eins og fyrir »accord«, það er umsamið kaup fyrir víst verk, því að þá græðir vinnumaðurinn á hverri mínútu, er hann getur sparað. Sama mundi að líkindum verða hjer næsta stigið og mundi þá verða að fara að láta vinna ákveðin verk fyrir ákveðna borgun, en það er hið rjettasta.

Klemens Jónsson: Flestir af hinum háttv. þingdm., sem tekið hafa til máls um þetta frumv., hafa minnzt á, að það væri ofur stutt eða fáort, en þeir hafa viljað bæta úr því með að koma ýmsum köflum sveitastjórnarlöggjafarinnar inn í frumv. Það eru líka ýmisleg atriði í þessari löggjöf, sem að mínu áliti þyrfti að skoða sjerstaklega, svo sem eru fátækrareglugjörðin, húsmannalögin, þurrabúðarlögin, vinnuhjúalögin, ákvæðin um giptingaraldur, ákvæðin um myndugleikaaldur og ýmislegt annað fleira. En jeg held að það geti ekki komið til greina að taka allar þær breytingar, sem gjöra þarf á þessum lögum, inn í frumv. það, sem hjer ræðir um. Miklu hyggilegra mundi, að setja milliþinganefnd til að rannsaka og gjöra uppástungur til breytinga á löggjöf þessari.

Jeg skal leyfa mjer að lýsa stuttlega skoðun minni á máli því, sem hjer liggur fyrir fyrir. Það er mitt álit, að leysa beri vistarbandið algjörlega. Jeg sje enga ástæðu til, að láta svo óeðlilegt band sem vistarskyldan er, hvíla á einstökum flokki þjóðarinnar. Jeg vil að erfiðismenn megi leita sjer atvinnu hvar sem þeir vilja og á þann hátt sem á bezt við hvern einn. Samt sem áður get jeg að nokkru leyti fellt mig við stjórnarfrumv., því eins og h. þm. Rvík (H. Kr. F.) tók fram er það sama sem að leysa það alveg, þó gjalda eigi þetta litla gjald fyrir lausamennskuleyfið. Þó vil jeg helzt leysa vistarbandið ofan að vissu takmarki. t. d. 22 ára, sem þá um leið væri myndugleikatakmark. Jeg skal svo ekki fara frekar út í aðra lagabálka; en leyfi mjer að stinga upp á 5 manna nefnd þegar þessi umr. er hætt.

Jón Jónsson (2. þm. N-Múl.): Frv. það, sem hjer liggur fyrir til umræðu, er að vísu ekki nýmæli hjer á þingi, en það hefur komið fram nýmæli, eða rjettara sagt nýnæmi, í umræðunum um það hjer í dag. Það hafa opt heyrzt raddir um það hjer í salnum, að stjórnin færi ekki nógu langt í frelsisáttina, en nú, þegar stjórnin leggur þetta frv. fyrir þingið, þá hefjast upp ekki svo fáar raddir hjer í salnum, sem segja, að stjórnin gangi of langt í frelsisáttina. Þetta er mjög eptirtektavert.

Í þessu máli hafa myndazt 2 flokkar, sem standa allfjarri hvor öðrum, en eitt er þó, sem flestum úr báðum flokkum

hefur komið saman um, og það er, að það sje eðlilegur rjettur hvers manns, að leita atvinnu sinnar á hvern hátt, sem hana álítur sjer bezt og hagfeldast. H. 1. þm. G.-K. (Þ. B.) spurði, hver græddi á því, að vistarbandið sje leyst; en ef það er nú rjett skoðun, að hver maður hafi eðlilegan rjett til að leita atvinnu sinnar, á hvern hátt, sem hann álítur sjer hentast, þá finnst mjer frá mínu sjónarmiði eins rjett að snúa spurningunni við og spyrja: Hver tapar, þó vistarbandið sje leyst? Því ef enginn tapar, þó enginn græddi, væri þá rjett að neita verkmannalýðnum um þennan eðlilega rjett? H. þm. Árn. (Þorl. G.) tók það mjög rjettilega fram, að það væri mestmegnis börn fátækra manna, sem væru í vinnumennsku, börn þeirra manna, sem ekki gætu gjört þau svo úr garði, að þau hefðu efni til að reisa bú þegar þau færu úr föðurhúsunum; og jeg vil bæta því við og biðja h. þingdm. að athuga það vel, að fjöldi vor bændanna verður að ganga í gegnum vinnufólksstöðuna til að safna sjer efnum til að geta reist bú. Jeg tek þetta fram gagnvart því, sem sagt hefur verið, að það sje skaði bændanna, ef vinnufólkið græði meir en nú er. En það verður að líta á það, að því fleiri af verkamannalýðnum sem byrja búskap með svo miklum efnum, að þeir þurfi ekki að kasta sjer og sínum fyrsta eða annað búskaparárið í arma sveitarstjórnarinnar, því hollara er það fyrir landið, fyrir bændurna, svo í þeim skilningi er það gróði bændanna, að vinnufólkið græði. H. 2. þm Rangv. (Þórður G.) tók það fram, að ef fjöldi vinnulýðsins yrði laus, þá mundi margur bóndinn ekki koma af því verki, sem hann vildi gjöra þann og þann daginn, því hann mundi eigi geta náð sjer í verkamenn, þegar þeir væru allir lausir og allt af á ferð og flugi. En hjer við er það að athuga, að það er margur bóndi, sem þarf að hafa fleiri menn en hann hefur efni á að halda yfir árið til þess að koma af verki, sem hann vill ljúka á fáum dögum. Margur er sá bóndinn, er vill hafa fleiri menn, máske eina viku, máske einn eða tvo mánuði, máske hálft árið, heldur en hann vill hafa allt árið, af því þeir eru honum ómagar hinn hluta ársins. Jeg vil leyfa mjer að minna á það, að það er margur sá bóndi, sem býr á gæðaheyskaparjörð, sem bæði vill og getur, sjer til stórmikils hagnaðar, haft allt að því helmingi fleiri menn yfir sumarið, heldur en hann þarf á vetrum, því það er ekki mesti kostnaðurinn við verkmannahaldið, að gjalda þeim kaupið. Fæði þeirra yfir árið nemur meira verði, og því er það auðsær skaði fyrir bóndann, að fæða mann yfir allt árið, sem hann hefur ekki gagn af nema lítinn hluta þess.

H. 1. þm. K.-G. (Þ. B.) spurði: «Hver óskar þessa frelsis?« Jeg get frá mínu sjónarmiði svarað þessu. Þess óska allir, sem unna sannarlegu frelsi, allir, sem unna ekki einungis þjóðfrelsi, heldur líka frelsi einstakra stjetta, frelsi einstaklinganna; því hver sannur frelsismaður hlýtur að hafa þá trú, að frelsið hafi sömu blessunarríku áhrifin á einstakar stjettir og einstaka menn eins og þjóðina í heild sinni. H. samþingismaður minn (E. J.) tók það fram, að það væri þó ljóst, að dýrara yrði fyrir bóndann að borga sama verkið máske helmingi hærra en hann annars kynni að hafa getað fengið það. Jeg vil gagnvart þessu biðja h. þm. að renna augunum dálítið aptur í tímann, svo sem 30 ár, þó ekki sje lengra, og gæta þess, hve mikið vinnufólkskaupið hefur hækkað þessi 30 ár, og þessi 30 ár höfum við haft vistarskyldulögin. Hvað hafa þau bjargað oss bændunum frá því, að

kaup vinnufólksins hækkaði? Nei, það er annar og harðari straumur, sem því veldur, að vinnufólkið hefur stórum fækkað þessi árin, og því færra sem það verður, því meiri er eptirsóknin, því meira getur það boðið oss bændunum byrginn. H. 2. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) sagði, að lausamenn mundu fremur eyða kaupi sínu en vinnumenn, af því þeir hefðu það allt af í vasanum. Þetta er alveg í beinni mótsögn við það, sem aðrir mótmælendur vistarskylduafnámsins hafa borið fram, að ef margt yrði kaupafólk, þá gætu bændur ekki fengið vinnu, af því þeir yrðu að borga í peningum, en peningar fengjust hvergi. En þessi ástæða h. þm. Húnv. er líka í beinni mótsögn við mína reynslu og jeg vona margra annara. Hjúin á Íslandi geyma ekki öll — því er nú miður — kaupið sitt óeytt til ársloka. Er það ekki altítt, að þau koma, máske í hverri viku, á hálfsmánaðar- og mánaðarfresti, og segja: »Viltu ekki lofa mjer að taka ofurlítið út í reikninginn þinn? Það má koma upp í kaupið mitt«. Svonagengur það opt, svo kaupið er opt og tíðum gengið upp fyrir árslok. Það var tekið fram af einum heiðruðum þingmanni hjer í dag, að eptir sinni reynslu hefðu kaupamenn minna upp úr vinnu sinni en vinnumenn. Mín reynsla, og jeg vona, margra annara, er gagnstæð þessu. Jeg hefi þekkt menn, sem hafa unnið fyrir 200 kr. um árið í lausamennsku, sem ekki hefðu unnið meir en fyrir 100 kr. í vist, og hafa þannig unnið bæði sjálfum sjer og öðrum jafnt eða meira gagn í lausamennskunni en í vistinni. Jeg hef þekkt menn, sem hafa orðið að hætta búskap og vinna fyrir börnum sínum undir umsjón sveitarstjórnar, sem hafa unnið sjer inn 200 til 250 kr. í lausamennsku, en sem hefðu ekki fengið nema 100 — í hæsta lagi 120 kr. — í vinnumennsku. Er það rjett, að banna þessum mönnum lausamennsku? Mjer væri mjög mikil þægð í, ef h. mótmælendur þessa máls vildu svara þessari spurningu. Þegar ekkja, sem hefur misst mann, stendur uppi fjelaus, t. d. með 2 börn, er þá rjett að banna henni að vera laus? Hún fær í vist 40 kr. — þegar bezt lætur 60 kr. í kaup, en með því að vera laus getur hún á margan hátt komið ár sinni svo fyrir borð, að hún vinni alveg fyrir börnunum. Að mínu áliti er alveg rangt að banna henni að vera laus. Það er rangt frá fjárhagslegu sjónarmiði, rangt frá sjónarmiði mannúðarinnar. Það er líka rangt að freista ekki einungis einstaklingsins til að brjóta lögin með því að leggja óeðlilegt band á atvinnu hans, heldur einnig að freista hreppsnefndanna til að brjóta lögin, sem virðist þó ættu, öðrum fremur, að vaka yfir því, að þeim væri hlýtt. En það er þó giört þegar önnur lögin skipa þeim að sjá um að þeir, sem segja sig til sveitar, vinni sjer sem mest inn til þess þeir þurfi sem minnst að þiggja af sveitinni, en önnur lögin banna þeim að láta þessa menn vera í lausamennsku, þó sveitarstjórnin sjái það ljóslega, að með því geta þeir aflað sjer miklu meira fjár.

Það mætti margt fleira telja þessu máli til stuðnings, en umræðurnar eru nú orðnar nokkuð langar, og jeg vil því eigi tefja lengur tímann fyrir deildinni í þetta sinn með mínum orðum, en vil að endingu geta þess, að þó jeg hafi reynt eptir því viti, sem jeg hefi, að skoða hlutdrægnislaust frá báðum hliðum, þá hefi jeg ekki getað sannfærzt af þeim mörgu og miklu mótmælum, sem hafa komið gegn afnámi vistarbandsins bæði hjer í salnum í dag og svo víða annarsstaðar, um annað en það, að rjett væri og hollast fyrir þjóðina að vistar-

bandið væri leyst, þannig að lausamannagjaldið væri alveg afnumið.

Sighvatur Árnason: Í þessu máli sem öðrum á það við, að það sje skoðað frá báðum hliðum. Jeg ætla mjer að eins að gjöra nokkrar athugasemdir út af ræðu h. 1. þingm. N.-Múl. (E. J.). Hann minntist á, að hann gengi út frá því, að daglaun yrðu lík og nú, en jeg vil gjöra þá athugasemd, að jeg hygg, að daglaunin muni lækka, eptir því sem lausafólki fjölgar. Á hinn bóginn vil jeg gjöra athugasemd við ræðu h. 2. þm. Árn. (B. M.). Að bera ástand lausafólks okkar saman við aðrar þjóðir, kann jeg ekki vel við, vegna ástandsins hjá okkur. Atvinnuvegir vorir eru talsvert aðskildir, þ. e. liggja nokkuð langt hver frá öðrum. Af þessu leiðir, að tími gengur í það fyrir lausafólki, að fara í ferðalög, er það þarf að leita sjer atvinnu; svo það græðir ekki á lausamennskunni þá dagana, og ekki heldur aðrir á vinnu þess. Viðvíkjandi því, sem sumir hafa tekið fram, að það færi óráðlega með efni sín, þá þekki jeg það ekki, því það er óreynt og ekki gott að spá í eyður um það.

H. 2. þm. N.-Múl. (Jón Jónss.) tók fram, að vinnukrapturinn mundi verða meiri í landinu, ef vistarbandið yrði losað. (*J. J.:* Jeg sagði vinnukrapturinn yrði hinn sami). Jeg er ekki samdóma honum, af sömu ástæðu, að það fer nokkuð mikill tími í ferðalögin, þegar lausafólk vill leita sjer atvinnu. Það getur þó ekki unnið meðan það er á ferðinni. Jeg vil t. d. taka til, að fara frá Seyðisfirði landveg til Faxaflóa, eins og skeð hefir, eða hjeðan frá Faxaflóa til Skaptafellssýslu í kaupavinnu og hingað til Reykjavíkur aptur. Það kemst eigi í samjöfnuð við það, hvernig er ástatt hjá öðrum þjóðum, og því má eigi bera það saman, þar sem hver er við hliðina á öðrum erlendis.

Jeg er yfir höfuð með því, að athuga málið vel, og fara varlega í sakirnar. Jeg er samdóma h. þm. Rvík. (H. Kr. Friðrikss.) í því, að hægra sje að losa þau bönd, sem eptir verða skilin í þetta sinn, en leggja haptið á aptur, ef reynslan sýnir, að þess sje þörf.

Jens Pálsson: Það eru orðnar langar umræður um málið, og vil jeg ekki þreyta menn á langri ræðu. Mjer finnst aðal-spurningin í þessu máli vera sú: Hver græðir? hver tapar?

Sumir sem talað hafa, hafa gengið út frá því, að aðrir hvorir, húsbændur eða hjú, tapi á hinu nýja fyrirkomulagi, sem af frumv. mundi leiða. Þeir eru til, sem óttast það, að bændur muni tapa og búnaðinum sje stofnað í háska, ef frv. verði að lögum. Jeg er þeirrar trúar, að hvorugir þurfi að skaðast, hvorki búandi nje sá, sem hefir vinnu á boðstólum. Það er mín skoðun, að báðir geti grætt, ef vel og skynsamlega er að farið.

Vinnufólk hefir eina vöru á boðstólum á markaði þjóðarinnar, og það er vinna. Til þess að það geti hatt sem mest upp úr henni, og kaupin verði sem bezt og hagfelldust þeim, er vinnuna kaupa, þarf markaðurinn að vera sem beztur og frjálsastur. Vistarbandið — þetta haft, er hefir legið á vinnufólkinu, — það hefir þröngvað skaðlega að vinnumarkaðinum; t. d. má nefna þá lagakröfu, er veldur því, að varan, — vinnan —, er seld í of stórum slumpum, þar sem skylt er að semja um heils árs vinnu.

Afleiðingarnar af þessu eru, að báðir hlutar-aðilar, sem eru um þessa vörutegund, eru óánægðir. Það hafa heyrzt kvartanir um, að árskaup hjúa væri of hátt. Aptur heyrist svo óánægja hjá hjúunum yfir því, að þau þykjast hafa of lítið upp úr því og liggi undir vistarfargi, og sæti þeim ófrelsiskjörum, að

þeim þykir eigi við mega hlíta. Það, að hjúin eru óánægð með vinnumarkaðinn, á ekki svo lítinn þátt í því, að þau ekki allfá ráðast í, að leita upp betri markað fyrir vinnu sína.

Jeg hygg, að rýmka megi svo um á vinnumarkaðinum, að báðum verði til hagnaðar.

Það er mín skoðun, að það eigi að rýmka sem mest vistarbandið, og gladdist jeg því yfir, að sjá þetta framv. frá stjórninni. Jeg vil ekki halda því fast fram, að afnema vistarbandið með öllu, þótt það sje æskilegast, líkt og h. 1. þm. Eyf. (Kl. Jónsson) tók fram.

Það er að eins eitt, sem um þarf að spyrja, þegar hugsað er um, að leysa eða rýmka mjög þetta band, sem er svo óeðlilegt, — og það er, hvort þjóðfjelaginu standi nokkur háski af, að leysa það eður rýmka. Það hefir komið fram sú skoðun, að svo muni vera, en jeg hef lýst því yfir áður, að það er fjarri minni skoðun, að svo sje. Ef svo væri, þá væri land vort og þjóð illa komin, — því þar sem frelsisgjöf í þessu efni, lausn frá vistarskyldunni, hefir verið veitt vinnulýðnum og fyrverandi hjúalýð í öllum menntuðum nálægum löndum, hver getur þá ímyndað sjer, að krafa um þetta frelsi komi ekki hingað til okkar? Hver efast um, að vinnuhjú okkar krefjist svo þessa rjettar, að þau hljóta að öðlast hann?

Jeg held að hjer sje að eins um tímaspursmál að gjöra, og þótt misjafnar sjeu skoðanir manna um það, hvort tíminn sje kominn eða ekki, til að gjöra eitthvað í þessu máli, þá dylst mjer það eigi og það er mín skoðun, að tíminn sje kominn til þess.

Það hefir verið tekið fram, að góð vist væri góður undirbúningsskóli undir lífið. Á þessu þarf engin breyting að verða, þó að frv. þetta verði að lögum. Það stendur opið fyrir mönnum, eptir sem áður, að kjósa sjer ársvist á góðu heimili í landinu, eins fyrir það. Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Myndi hafa stungið upp á nefndarkosning nú þegar, ef þm. væru ekki búnir að biðja um orðið.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg álít að ársvist vinnuhjúa sje svo gamalt fyrirkomulag, er standi í svo nánu sambandi við búnaðarlag vort og landsháttu alla, að mjög sje varhugavert að afnema hana með öllu. Öll vor reynsla í þessu efni byggist á þessu vistarfyrirkomulagi og fyrir því eru í raun rjettri allir spádómar út í bláinn um það, hvernig fara muni, þá er þessu er breytt, byggðir í lausu lopti. Jeg fyrir mitt leyti efast stórum um, að þeir menn hafi rjett að mæla, er sjá voða í því, að halda óbreyttu ársvistar-fyrirkomulaginu, og þótt á því sje klifað, að vistarbandið sje ófrelsi, þá ber þess að gæta, að orðið »frelsi« má teygja á ýmsa vegu, og að sumt frelsi er í raun rjettri opt og tíðum mesta ófrelsi. Jeg hygg og, að langt verði eptir því að bíða, að það verði viðurkennt fullt út, að öllum skuli bera takmarkalaus rjettur til að leita sjer atvinnu á þann hátt, sem hann sjálfur ætlar arðsamastan fyrir sig.

Jeg skal ekkert hleypa mjer út í neina spádóma um, hvernig fara muni, ef vistarbandið verður afnumið; framtíðin mun sýna það. Jeg hygg, að sjerstaklega sje athugavert við frumv. aldurstakmark það, sem sett er, hvenær mönnum sje heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni. Eptir tillögum hæstv. landshöfðingja mun það hafa átt að vera bundið við fullveðja aldur, en nú er samkvæmt gildandi lögum myndugsaldurinn bundinn við 25 ára aldur og í mínum augum yrði frumv. aðgengi-

legra, ef sú breyting yrði gjörð á því, að aldurstakmarkið yrði sett 25 ára í stað 20 ára.

Jeg hef gefið þessa bendingu til athugunar fyrir nefnd þá, sem væntanlega verður sett í málið, því að meðal annars, sem af því gæti leitt, að menn gætu losast við vistarskyldu strax og menn eru 20 ára, er það, að hætt er við að menn læri ekki ýms almenn verk eins rækilega og nauðsyn krefur, þegar menn á svo ungum aldri geta farið í lausamennsku.

Það hefir verið tekið fram, að vinnuafl mundi verða það sama í landinu, eptir sem áður, þótt vistarskyldan verði afnumin. Þetta getur verið, að svo reynist, en af því leiðir þó að líkindum það, að kunnátta manna til ýmsra almennra verka, einkum þeirra er snerta landbúnaðinn, verður minni. (*J. J.* N.-M.: Spádómur!). Jú, að sönnu er það spádómur, en jeg vil þó benda á eitt verk, sem einkum eru líkindi til, að kunnátta manna á minnki, og það er vetrarhirðing á sauðfje.

Það hefir verið vikið á það hjer af h. þingm., að nauðsynlegt sje að bæta inn í frumv. ákvæði um heimilisfang og ábyrgð fyrir ýmsum, helzt opinberum gjöldum (lausamennskugjaldinu), en þess konar viðbót hygg jeg að sje mjög varhugaverð, og fyrir mjer er spurningin eiginlega ekki um þess konar atriði, heldur um hitt, hvort að rýmka eigi eða ekki frjálsan aðgang að lausamennsku. Ef það verður niðurstaðan, að rýmka eigi slíkan aðgang til lausamennsku, er það meiningarlaust að taka það með annari hendinni, sem maður gefur með hinni, á þann hátt nefnilega, að gjöra skyldurnar, sem því fylgja, svo erfiðar og þungar, að þær verða verri en vistarbandið sjálft.

Þórarinn Böðvarsson: Mál þetta er nú orðið svo ýtarlega rætt, að óþarfi er að fara um það mörgum orðum nú, en verði sú niðurstaðan, að nefnd verði sett í þetta mál, þá tek jeg það fastlega fram, að með öllu er nauðsynlegt, að sett sje inn ákvæði um fast heimilisfang, að það sje gjört að beinu skilyrði fyrir leysing vistarbandsins, að hver og einn, bæði karl og kona, hafi víst heimilisfang. Jeg skal ekki fara út í neina spádóma; því jeg hef heyrt meira af þeim í dag en jeg hef viljað heyra, en svo mikið er víst, að ef engin ákvæði verða innsett í frumv. um fast heimilisfang, þá munu verða slæmar afleiðingar af þessu frumv.

Hitt væri og að mínu áliti nauðsynlegt, að þeim, sem veita lausamanni og lausakonu húsnæði, verði gjört að skyldu, að ábyrgjast frá þeim öll gjöld til almennra þarfa.

Bogi Melsted: H. 1. þingm. Rangv. (Sighv. Á.), gat þess í ræðu sinni, að eigi væri hægt að bera saman lausamennsku hjer á landi og í öðrum löndum, með því að tíminn gengi til ferðalaga hjá oss, sakir vegalengdar. En þetta er hreinasti misskilningur; ef hjer væri að öllu eins ástatt og annarstaðar, þyrfti engan samanburð, því að þá er allt sagt með einu orði, orðinu eins; en um þau mál, sem hafa ýmislegar hliðar líkar og skyldar, þó að aðrar sjeu að einhverju leyti ólíkar, þá á einmitt samanburðurinn við. Við höfum fyllsta rjett til að skoða reynslu annara þjóða og verðum að gera það, ef vjer viljum athuga þetta mál rækilega. Jeg vil og benda á, að t. a. m. í Noregi og á Jótlandi, þar sem strjálbyggðin er mest, getur opt verið um löng ferðalög að ræða. En einmitt þar er það altítt, að lausamenn eru sem húsmenn til og frá innan um bændurna, og ganga milli manna til að bjóða vinnu sína. Jeg ætla að það sje óþarfa grýla, sem menn skapa sjer, er þeir ætla að verk-

mannalýðurinn muni streyma allur til kaupstaðanna og hlaupa burt úr sveitunum á þeim tíma, þegar hægt er að fá atvinnu þar.

Vjer getum í þessu efni bent á reynslu annara þjóða, og það er eðlilegt um alla, er þurfa að leita sjer atvinnu, að þeir taki hana þeir, sem hana er að fá.

ATKVÆÐAGR.: Samþ. með 22 atkv.

5 manna nefnd og í hana kosnir:

Einar Jónsson	með 9 atkv.
Klemens Jónsson	— 9 —
Guðl. Guðmundsson	— 9 —
Skúli Thoroddsen	— 9 —

Þá fengu þeir Björn Sigfússon, Jón Þorkelsson og Þorlákur Guðmundsson 8 atkv. hver. Af þeim var Björn Sigfússon valinn í nefndina með hlutkesti.

Forseti áminnti þingmenn um að afhenda sem fyrst fundargjörðir, skýrslur o. fl., sem þeir hefðu til meðferðar og þyrftu að leggja fram á lestrarsalinn. Enn fremur áminnti hann þingdm. um, að koma sem fyrst fram með frv. þau, er þeir ætluðu sjer að flytja, til þess að forðast þau víti undanfarandi þinga, að of lítið væri að gjöra fyrri part þingtímans, en allt of mikið seinni hlutann.

Sjötti fundur, föstudag 7. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að bætt hefði verið við sem skrifurum í Nd. þeim stud. mag. Bjarna Jónssyni og Gunnari Havstein, og enn fremur gat hann þess, að í nefndinni um frv. til laga um breyting á 2. gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 væri Klemens Jónsson kosinn formaður og Einar Jónsson skrifari. Enn fremur gat hann þess, að til sín væri komið:

1. Þingmálafundargjörðir úr Norður-Múlasýslu,
2. Ályktun synodusar í tilefni af frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.
3. Erindi frá hinu íslenzka kennarafjelagi um slöjdskóla o. fl.
4. Bænarskrá um brúargjörð á Soginu.

Frumv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (C. 79); 1. umr.

Bogi Melsteð lagði til, að þegar væri kosin 5 manna nefnd í málið. Sú tillaga var felld með 12 atkv. móti 11, að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkv.greiðslu. Sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Björn Sigfússon,
Klemens Jónsson,	Halldór Friðrikss.,
Bened. Kristjánsson,	Jens Pálsson,
Björn Bjarnarson,	Jón Jakobsson,
Bogi Melsteð,	J. J. þm. Eyf.,
Guðl. Guðmundsson,	J. J. þm. N.-Múl.,
J. J. þm. A.-Skapt.,	Jón Þórarinsson,
Sigfús Árnason,	Jón Þorkelsson,
Sighv. Árnason,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Sigurður Gunnarss.,
Þórður Guðmundss.,	Þórarinn Böðvarss.,
	Þorl. Guðmundss.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg tek það fram, að jeg er því ekki mótfallinn, að nefnd verði sett í málið á sínum tíma, en jeg er að eins móti því, að setja nefnd í það nú þegar. Því að málið er svo mikilvægt, svo verulegt, að það snertir allt kirkjufjelagið í heild sinni og hvern einstakling.

Þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, er ekki með öllu ókunnur gestur hjer í deildinni; það kom við í hitt eð fyrra. En jeg skal láta ósagt, hversu vandlega það var íhugað; jeg var þá í forsetasæti og gat því eigi tekið til máls, en svo mikið get jeg sagt, að það var líflátið í deildinni með litlum atkvæðamun. Mjer virðist það eigi um skör fram, að málið sje tekið til íhugunar nú, bæði vegna þess, að jeg hygg það eigi hafa

verið nægilega gagnskoðað þá, og af ýmsum öðrum ástæðum. Það má skoða þetta frumv. frá tvenns konar sjónarmiði, veraldlegu og kirkjulegu. Í fyrsta lagi skal jeg frá kirkjulegu sjónarmiði lýsa yfir því, að þetta eru lög um eitt af hinum 10 lagaboðorðum Mósesar, eitt af þeim, er hann setti á hina fyrri steintöflu, um skyldur vorar við guð, jeg á við 3. boðorðið: Minnstu að halda hvíldardaginn heilagan. Móses segir á öðrum stað: Sex daga skaltu verk þitt vinna, en sjöunda daginn skaltu halda heilagan, svo að þinn uxi og asni geti fengið hvíld og þinnar ambáttar sonur og sá framandi geti endurnært sig.

Þegar jeg lít á frumvarpið, finn jeg ekki í því þá upphaflegu hugmynd um hvíldina, sem felst í þessum orðum Mósesar, hugmyndina um, að sunnudagurinn sje hvíldardagur. Jeg sakna þessa sem prestur. Frá veraldlegu sjónarmiði skal jeg ekki fara mörgum orðum um, hve nauðsynlegt það sje, enda geta verið margar skoðanir um það. Þó skal jeg láta þess getið, að margar starfsamar þjóðir halda strangt upp á þá reglu, að hvíla sig hinn 7. dag, sunnudaginn, og er það góð regla. En hins vegar ber það opt við, að þeir sem vinna á sunnudögum, nota ekki hina sex sem bezt og kemur þá fram það, sem drengurinn sagði við Samúel Smiles: »Þú slugsar á virku dögunum, en hnaukar og vinnur á sunnudögunum«. Jeg skoða þessa reglu sem guðlega reglu og samkvæm er hún þeim orðum hins mikla löggjafa, er jeg vitnaði til áðan.

En jeg er þó ekki mjög strangur, því að það er opt æði-erfitt að fara hæfilega langt í þessu. Það eru ýms störf, sem verða fram að fara, þrátt fyrir helgina, sjerstaklega á sumrum. Til dæmis verður húsmóðir að gegna bússtörfum, og sama má segja um mýmörg önnur störf. En jeg segi, að jeg get ekki fallizt á, að hvíldin, sem er hin upphaflega hugmynd, sje útilokuð; en jeg get ekki betur sjeð en að svo sje gert í frumv. þessu. Jeg skil ekki að það geti raskað friði helgidagsins, þótt húsbóndi gangi á engjar með vinnumanni sínum á helgum degi, og samkvæmt frv. þessu get jeg ekki bannað að róa á páskadagsmorguninn, og sjest af þessu, að frumv. leggur ekki næga áherzlu á hvíldarhugmyndina. Jeg get þessa að eins lauslega frá veraldlegu sjónarmiði, en frá kirkjulegu sjónarmiði heimta jeg stranglega, að miðhluti helgidagsins sje fullkominn hvíldartími, svo hver og einn geti notað hann sjer til uppbyggingar. En það þykir mjer óhæf og ótæk löggjöf, sem gefur ekki hverjum manni kost á að sækja guðsþjónustu. En hvað viðvíkur þeim friði, sem frumv. talar um, þá ætla jeg að með honum sje mest meint það, að guðsþjónustan geti farið fram í friði, eða truflist ekki af neinu, en jeg óttast að engin guðsþjónusta geti átt sjer stað, þegar allir húsbændur geta krafizt þess af hjúum sínum, að þau sjeu við verk þann dag sem aðra daga, og er þetta það, sem jeg hefi mest á móti frumv. þessu; en vera má að þetta sje eigi rjettur skilningur á frumv. og ekki vil jeg hártoga það. Jeg hef ekki fengið orð fyrir að vera mjög strangur í þessum efnum, en jeg get með engu móti verið því samþykkur, að sleppa hvíld á helgidögum; jeg álít það ekki hentugt, ekki kristilegt, og álít það áríðandi, að friður sje frá veraldlegum störfum, sem ekki eru óumflýjanleg á meðan.

Að öðru leyti skal jeg ekki vera strangur. En hvíldin, að minnsta kosti á þeim tíma, sem guðsþjónustan á að fara fram, er mjer mikið áhugamál, og

jeg bið nefnd þá, er sett verður í málið, að leggja sjerlega mikla áherzlu á það atriði.

Landshöfðingi: Það gladdi mig að heyra, að h. varaforseti (Þ. B.) játaði, að nauðsyn bæri til að endurskoða tilsk. 28. marz 1855 og opið brjef 26. sept. 1860, og þótt hann gæti eigi fallizt á frv. í heild sinni, skildist mjer hann þó vera ýmsu samþykkur. En hins tel jeg enga þörf, að bera þau saman við Mósesarlögin. Því að þau voru gefin Gyðingum, þó að þau sjálfsagt hafi einnig þýðingu fyrir kristna menn. En það er með þau eins og hver önnur lög, að þeim má breyta. Þau eru engin stjórnarskrá, að minnsta kosti ekki fyrir oss. Það er heldur engin vissa fyrir því, að Móses hafi heimtað lengri helgi en hjer er farið fram á, enda gæti það engin áhrif haft á þetta mál, þótt hann hefði skipað að halda allan daginn heilagan. En þar sem h. varaforseti fann það að frv., að það afnæmi hvíldardaginn og ljet það á finnast að honum þætti það í því efni verra en þau lög, sem nú eru í gildi, skal jeg láta þess getið, að ekki er neitt djúp staðfest milli þessa frv. og tilsk. 28. marz 1855, því að eptir þeirri tilskipun var bönnuð öll ónauðsynleg vinna að eins til miðaptans, og má af þessu sjá, að ekki hefir þá þótt ástæða til að halda helgina lengri en svo. En eptir hlutarins eðli hlýtur opt að verða ágreiningur um það, hvað sje ónauðsynleg vinna, og rís af því margur misskilningur. Af því leiðir þá, að það verður mjög erfitt að fylgja lögunum fram. Þess vegna hefir stjórninni þótt nauðsyn bera til, að útrýma þessari óvissu og að kveða skýrt á um það, hvað bannað væri að vinna á helgidögum og hvað leyft væri. Frv. þetta bannar því alla þá vinnu, sem raskað getur friði helgidagsins. Þetta er skýrt ákvæði og fullnægjandi. Því lög eiga ekki að sjá um að menn sæki kirkju og á slíkt að vera komið af innri hvöt einstaklingsins. En hins eiga lögin að gæta, að hver sá, er vill hafa guðrækilegar iðkanir um hönd eða sækja kirkju, geti gert það án hindrana og hafi til þess þann frið, er hann á heimting á. Varaforseti fann frv. það til foráttu, að húsbændur mættu skipa vinnufólki alla þá vinnu, sem ekki er bönnuð í frv., svo að hjúin fengju enga hvíld. En þetta er fullkominn misskilningur, því að frv. breytir alls eigi sambandinu milli húsbænda og hjúa. Hafi hjúið ekki skuldbundið sig til neins slíks, er það vistaðist, verður því ekki boðið að vinna aðra vinnu en þá, sem hingað til hefur tíðkazt að vinna á helgidögum, og húsbændur geta ekki byggt neina frekari skyldu af hendi hjúanna á þessu frv. Það er satt, að frv. þetta talar ekki um hvíldardag fyrir uxa eða asna, enda mun það lítt hent eptir því sem almennt gjörist um útreiðir hjer á landi á helgidögum, að tala um hvíldardag vinnudýra í þessu sambandi. En eins og jeg tók fram áðan er það nauðsynlegt bæði fyrir þá, sem eiga að hlýða lögunum, og þá, sem eiga að framfylgja þeim, að skýrt sje kveðið á um það, hvað vinna megi. Því að það er næsta erfitt að dæma um, hvenær hin og þessi verk eru bráðnauðsynleg. Það er t. a. m. eigi auðvelt að segja eða sjá, hvenær það er bráðnauðsynlegt að taka saman heyflekk, og veðurskyggn yrði sá að vera, er gæti jafnan sagt fyrir, hvort rigna mundi; og mörg fleiri dæmi mætti telja. Mjer skildist á varaforseta (Þ. B.), að hann áliti að frv. hvetti til þess, að nota ekki helgidagana til að fara í kirkju. Það er alls ekki meiningin. Þar er einungis nákvæmlega ákveðið, hvað leyfilegt sje að vinna, en enginn er hvattur til að láta slíka vinnu ganga

fyrir því að sækja kirkju. Það sýnist svo sem tíðarandinn sje sá, að nota helgidaga til leyfilegrar vinnu, t. a. m. róa eptir messu á sunnudögum, koma að á sunnudagsmorgun, hirða hey o. s. frv. Fáir munu láta sjer skiljast, að slíkt brjóti bág við rjett helgihald, og mun sú skoðun almennari, að menn geti ekki síður dýrkað guð sinn við saklausa og þarflega vinnu, en þótt þeir sitji í kirkju, og mun flestum sýnast sönn guðrækni meir komin undir hugarfari en ytri athöfnum.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er sannarlega samdóma því, að menn geti dýrkað guð eins vel við verk sem fyrir utan verk, og betur en með tómu iðjuleysi. Það ber nauðsyn til að breyta hinu opna brjefi frá 1860, því að annars verða eilífar yfirtroðslur. Jeg verð þó að ætla, að þetta frv. þurfi athugunar við, því þótt Móseslög sje ekki fyrir oss, þá þurfa þó verkamenn hvíld eptir 6 daga vinnu. Það þarf að taka það fram, hvort hjúin sje skyldug til að vinna það, sem húsbóndinn skipar, frá morgni til kl. 9 og eptir kl. 6 á helgidegi, eða hafi að eins leyfi til þess. Þótt hæstv. ldsh. áliti, að það væri hjúunum í sjálfs vald sett, hvort þau gangi að vinnu eða ekki á þessum tíma, þar sem það verði undir samningi komið, þá held jeg samt ekki, að það sje ljóst eptir frv. Hjer á landi vista menn sig munnlega og mun varla nokkru sinni til tekið, hvað þeir eigi að vinna. Samningurinn mun varla verða öðruvísi en svo, að húsbóndinn segir við hjúið: »Viltu ráðast til mín sem hjú næsta ár?« og hjúið segir jú, og svo er samningurinn búinn. Eins og h. 1. þm. G-K (Þ. B.) vil jeg, að hjúin eigi frjálst að fara í kirkju. En ef hjúin eru skyldug að vinna til dagmála, þá geta þau opt eigi komizt til kirkju. Því að það er víða svo örðug kirkjusókn hjer á landi, að eigi verður komizt til kirkjunnar frá dagmálum til hádegis. Þess vegna er nauðsynleg, að taka ýmislegt skýrara fram í þessum lagaboðum, svo að eigi sje það öldungis komið undir húsbændunum, hvort fólkið þarf að vinna á helgidögum, einkum á morgnana. Jeg er hræddur um, að þessi ákvæði sjeu fremur óákveðin og getur því komið til spurningar, hvort hjú hafi gegnt skyldu sinni eða ekki. Jeg fyrir mitt leyti vil ekki, að nein skuldbinding sje lögð á hjúið í þá átt, en á hinn bóginn heldur ekki útiloka nauðsynlega vinnu. Það er nauðsynlegt, að taka þess konar fram. Hin núgildandi lög þurfa sannarlega breytinga við, einmitt í þá átt, sem frv. fer, og munu flestir samdóma um það. Jeg verð að álíta, að ráðlegt sje, að nefnd verði sett í málið, til þess að kveða nákvæmar á um hin einstöku atriði. Þörfina til að þjóna drottni sínum og halda hvíldardaginn heilagan verður maður að finna sjálfur; lögin geta að eins bannað það, sem er hneyxlanlegt, enda er margt leyft í núgildandi lögum, sem ekki spillir eða er hneyxli, en ekki er talið vinna. Jeg get sannarlega ekki sjeð, að það, að vinna til kl. 11 sje meira hneyxli en t. a. m. að ríða út í stórhópum sjer til skemmtunar, en allir vita að það er leyft, sje ekki riðið fram hjá kirkju um messutímann. Mjer finnst hugsunarháttur þjóðarinnar benda til, að rjett sje að rýmka bandið, og jeg er því málinu meðmæltur og legg það til, að nefnd sje sett í málið, til að bæta inn í frv. ýmsum nánari ákvæðum.

Þórarinn Böðvarsson: Það gleður mig málefnisins vegna, ef jeg hefi misskilið frv. stjórnarinnar, en æskilegt þætti mjer þó að vita, í hverju sá misskilningur minn væri fólginn. Hæstv. landsh. sagði, að Mósesarlög væru eins og hver önnur lög, og að þau væru engin stjórn-

arskrá. Jeg vildi að jeg hefði haft svo slæma heyrn, að jeg hefði ekki heyrt þessi orð. En hvað sem öðru líður veit jeg þó að hæstv. landsh. hefir ekki meint þetta til 3. boðorðsins. Jeg vona það og jeg veit það, að það eru ekki vjer klerkar einir, sem virðum lögmálið og teljum boðorðin guðs lög, sem oss ber að hlýða fremur öllu öðru. Jeg þykist líka vita, að orð hæstv. landsh. hafa eigi átt við þau, heldur við ýmsar aðrar setningar. En það held jeg að menn verði að játa að lög Mósesar hafi verið harla skynsamleg og íhugunarvert sje að hafna þeim. Hæstv. landsh. sagði, að ekki væri mikið djúp milli þessa frv. og nú gildandi laga um þetta efni. Getur verið að sumir álíti svo, en í hinum eldri lögum er þó haldið fram hvíld á helgum dögum. Í 1. gr. helgidagatilskipunarinnar er sagt, að ekki megi vinna, nema með vissum takmörkunum; aðalboðið er þar, að ekki sje unnið á helgum dögum, og sje sama meining fólgin í þessu frv., þá er jeg ánægður. Jeg játa, að núgildandi helgidagalög sjeu ónákvæm, og að því kunni að þurfa að breyta þeim; en jafnframt því sem þeim er breytt, vil jeg koma í veg fyrir það, að kaupmaður í sókn minni geti hringt mönnum saman til vinnu rjett um það bil, að gengið er í kirkju. Hæstv. landsh. sagði, að það yrði að koma innan að hjá mönnum, að sækja kirkju. Þetta er rjett, og langt er frá því að jeg vilji taka upp hin fornu ákvæði, og þvinga menn til að fara til kirkju þriðja eða fjórða hvern helgidag. En hitt vil jeg ekki, að kristnum sje vegna vinnu gjört ómögulegt að sækja kirkju sína. Frá kirkjulegu sjónarmiði held jeg ekki fast fram öðru en þessu.

Hæstv. landsh. sagði, að þessi lög segðu hvorki af eða á um hvíldina. En hvaða lög gjöra það þá? því að ekki hafa Móseslög verið fyrir þinginu og staðfest af hans hátign konunginum, og ekki boðorðin heldur. En í 12. gr. þessa frv. les jeg, að bæði tilskipun um helgihald 28. marz 1855 og opið brjef 26. september 1860 skuli falla úr gildi, og þá man jeg ekki í bráð eptir öðrum lögum um hvíld á helgidögum en þeim, sem eru í gamla testamentinu, þeim lögum, sem Móses ritaði að guðlegri tilhlutun. Mjer þótti það slæmt, að hæstv. landsh. vændi mig þess, að jeg hefði látið í ljósi, að með frv. þessu gæfi sjórnin mönnum hvatir til þess, að fara ekki í kirkju. Slíkt kom mjer alls eigi til hugar; það var harla langt frá því, að jeg ætlaði stjórninni þann tilgang. Þar sem hæstv. landsh. sagði, að það gæti verið hjer um bil sama helgihald að slá og raka og að tilbiðja drottinn í hans heilaga húsi og hlýða þar á það orð, sem á að vera ljós á vorum vegum og lampi vorra fóta, þá get jeg sem prestur ekki verið honum samdóma um það. En máske jeg hafi ekki heyrt orð hans rjett eða skilið. Það sem jeg tek að síðustu fram, er, að að minnsta kosti ætti sá litli kafli helgidagsins, sem guðsþjónustan fer fram á, eða frá kl. hjer um bil 10—3, að vera undanskilinn allri vinnu, svo mikið sem mögulegt er, og það er mögulegt að gjöra öll eða því nær öll nauðsynjaverk fyrir og eptir þann tíma. Mjer sýnist að menn vilji ekki nota guðsþjónustuna, ef þeir vilja ekki hafa þennan tíma frían. Jeg veit, að margt má segja um guðsþjónustuna, en jeg hygg höglega talað, þótt jeg segi, að ekki mundi betur farið eptir en áður, væri hún gerð ómöguleg. Þessu vil jeg fylgja fast fram, sem jeg hefi nefnt, en hefi ekkert sjerlegt að athuga við annað. Þó skal jeg geta þess, að það er sannfæring mín, að ekki muni stórt vinnast við það, þótt menn vinni jafnt helga daga sem rúmhelga. En það segi jeg, að betra er að hafa hrein lög

en óákveðin, og svo að jeg að lokum ljúki lofsorði á frv., þá segi jeg, að það sje í mörgu betra en gildandi lög. Enda jeg svo ræðu mína með því, að minna enn á hið eina kappsmál mitt hjer, það kappsmál, að um guðsþjónustuna fái allir að njóta fullkomins næðis, hvíldar og friðar, svo að enginn geti með sanni sagt, að sjer hafi verið fyrirmunað að koma í guðshús.

Björn Bjarnarson: Eptir því sem jeg hefi tekið eptir efni í þessum löngu ræðum, sem nú hafa verið haldnar, þá innibinda þær í sjer þessi fáu orð: Húsbændum leyfist ekki á helgum dögum að kveðja hjú sín eða verkamenn til annarar vinnu en þeirrar, er eigi má fresta. Þessum orðum hafði jeg hugsað að bæta ætti inn í frv. og finnst mjer það mundi verða því til bóta; jeg greiddi áðan atkvæði með því, að nefnd væri þegar skipuð í málið umræðulaust, enda hefi jeg ekkert grætt á umræðunum síðan. Þær innibinda í sjer einungis þetta eina atriði.

Þorlákur Guðmundsson: Mjer er ekki ljóst, að þjóðinni sjeu breytingar þær, sem hjer er farið fram á neitt áhugamál; jeg hefi ekki orðið var við neinar raddir í þá átt. Þetta mál var hjer á síðasta þingi, og fjekk þá ekki framgang; væri það áhugamál þjóðarinnar, þá er líklegt að einhverjar raddir hefðu heyrzt, sem á það bentu, að minnsta kosti á þingmálafundum. Að þessu leyti álít jeg málið ekki nauðsynjamál, en hins vegar játa jeg, að helgidagalöggjöfin getur verið misskilningi undirorpin, og því væri þörf á að gjöra hana ótvíræðari. Hvað viðvíkur skyldu hjúanna að vinna og vinna ekki, þá játa jeg, að um það eru engin bein ákvæði hjer, en hins vegar er jeg samdóma h. þm. Rvík (H. Kr. F.), að það mundi hafa litla þýðingu í framkvæmdinni, þótt hjúin gerðu að skilmála við vistráðningu, að þurfa ekki að vinna á helgidögum. Það er kunnugt að húsbændur fara optast bónarveg að hjúum sínum með þá vinnu, en skylda þau ekki til hennar. Sjálfur hindra jeg ekki hjú mín frá kirkjugöngu, segi þeim að fara ef þau vilji, og vera kyr kjósi þau það heldur; en mín lífsreynsla er sú, að menn þjóni ekki jafnan guði betur, þótt þeir fari í kirkju — að jeg ekki tali um, þegar þau verja sunnudeginum til útreiða og slarks — en þótt þeir sjeu við vinnu. Menn getur lengi greint á um, hvað sje nauðsynjavinna; einn telar þetta, annar hitt, einn telur sjer nauðsyn að róa, annar að slá, og mun opt ekki auðvelt að fella óyggjandi dóm um, hvort þeir hafi rjett fyrir sjer eða ekki. Jeg segi eins og h. þm. Borgf. (B. B.), að jeg hefi ekki grætt mikið á umræðunum, og jeg tel það nokkuð fjarri þessu máli, að fara mikið út í lög Mósesar, og þótt jeg heiðri þau í flestum greinum, þá ætla jeg að hjer verði ekki byggt á þeim að því leyti, að Móses hafi tekið til nokkurt visst tímatakmark, er helgin skyldi hefjast og enda á; og enda þótt svo væri, hvað ekki er, þá vitum vjer, að í mörgu öðru er vikið frá lögum Mósesar á hinum síðari tímum.

Benedikt Kristjánsson: Jeg ætla að nú muni deildin hafa rætt þetta mál svo að nægi til leiðbeiningar fyrir nefnd þá, sem jeg vænti að í það verði skipuð, og leyfi jeg mjer að stinga upp á 5 manna nefnd í því.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning samþ. í e. hlj. og kosnir:

Klemens Jónsson með 11 atkv.
Sigfús Árnason — 11 —
Jón Jónss 2. þm. Eyf. — 10 —
Skúli Thoroddsen — 10 —
Þorlákur Guðmundsson með 10 atkv.

Fyrstu umræðu frestað.

Frumv. til laga um stofnun fasts endurskoðanda-embættis (C. 92); 1. umr.

Jón Jakobsson: Jeg verð að játa, að jeg get ekki verið hæstv. stjórn eins þakklátur fyrir þetta frumv. eins og það, sem síðast var rætt, frumv. um almannafrið á helgidögum. Þegar jeg heyrði, að frá stjórninni væri von á frumv. um stofnun fasts endurskoðandaembættis, þá spurði jeg, hver ástæðan mundi vera til þessa, en enginn gat upplýst mig um hana. Jeg beið þá eptir því, að mjer gæfist færi á, að lesa ástæður stjórnarinnar í frumv., en þar fann jeg því miður engar sannfærandi ástæður fyrir nauðsyn þessa frumvarps; því þótt starf þetta sje þýðingarmikið, þá er ekki þar fyrir ástæða til, að gjöra það að föstu konunglegu embætti fyrir þá sök. Sá, sem gegnir því, getur talizt og verið eins heiðarlegur og duglegur endurskoðandi, þótt hann sje ekki fastur embættismaður. En ef ástæðan er einkum sú, að fá hækkuð laun hins núverandi endurskoðanda, þá er það eins framkvæmanlegt með ákvæði í fjárlögunum eins og í sjerstöku frumv.

Jeg veit annars ekki, hvað hefur komið stjórninni til að koma fram með þetta frumv., því jeg vil ekki gjöra henni þær getsakir, að hún með þessu frumvarpi hafi að eins þann tilgang, að kasta enn einum steini í eptirlaunadyngju þá, sem hvílir svo þungt á landssjóði. Ef svo væri, þá held jeg þingd. breytti fullkomlega í samræmi við vilja yfirgnæfandi hluta þjóðarinnar, ef hún felldi frumv. nú þegar.

Jeg skal svo eigi orðlengja meir um þetta mál, en vona einungis að h. deild, láti mál þetta eigi ganga til 2. umræðu.

Landshöfðingi: Ástæða stjórnarinnar til að koma fram með þetta frumv. er einmitt sú, sem h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) benti á, sú, að endurskoðunarstarfið er svo þýðingarmikið starf, að það virðist eiga bezt við, að endurskoðunin sje fast embætti, sem hlutaðeigandi hefði á hendi meðan hann stæði vel í stöðu sinni. Eins og nú stendur, er fje veitt árlega á fjárlögunum fyrir starf þetta, og sá, sem fær það, hefur enga vissu fyrir, að halda því lengur en um fjárhagstímabilið. Þingið getur kippt þessu fje burtu af fjárlögunum eða lækkað það. Það er því hætt við, að vel hæfur maður fáist ekki til að gegna því, er hann má búast við, að þóknuninni verði kippt burtu eða hún verði lækkuð, þegar minnst varir.

Jón Jakobsson: Jeg get ekki sjeð, að það, sem hæstv. landsh. tók fram, sje næg ástæða til að samþykkja þetta frumv. Jeg get eins vel sagt, að einmitt þetta sje ástæða til, að gjöra hið gagnstæða. Jeg get eins vel sagt, að úr því þetta sje svo þýðingarmikið starf, þá sje enn meiri ástæða til að gjöra endurskoðanda-starfið ekki að föstu embætti. Því á meðan fje er að eins veitt á fjárlögunum í hvert skipti, þá á þingið hægra með að »controllera«, að starfið sje vel og samvizkulega af hendi leyst, og ef þingið er óánægt með verkið, getur það hagað þóknuninni eptir því.

Landshöfðingi: Jeg skil ekki, hvernig þingið á að hafa eptirlit með eða »controllera«, að endurskoðandinn leysi starf sitt vel af hendi. Jeg sje ekki, að þingið, með öllum þeim störfum, sem það hefir að gegna á hverju þingári, geti komizt yfir að rannsaka jafn-umfangsmikið verk, eins og hin umboðslega endurskoðun er; það getur enginn nema landsstjórnin rannsakað það eða vitað neitt um, hvernig þetta starf er af hendi leyst.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg sje ekki að hægt sje, að græða neitt á umræðunum um þetta mál, og leyfi mjer því, að stinga upp á 3 manna nefnd, til að íhuga það.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Jeg vil að eins leyfa mjer að gjöra litla athugasemd. Jeg held að hæstv. landsh. hafi ekki skilið orð h. 2. þingm. Skagf. (J. Jak.), þar sem hann sagði, að þingið gæti haft eptirlit með því, hvernig hinn umboðslegi endurskoðandi leysti starf sitt af hendi, og hagað launununm eptir því. Það er einmitt hægt fyrir þingið, að sjá um, að þetta verk verði unnið, því meðan það hefur fjárveitingarvaldið, þá getur það tekið í strenginn og kippt þóknuninni burtu, ef það er óánægt með þennan starfsmann sinn. Jeg vildi óska, að þingið hefði eins töglin og haldirnar að því er snertir aðrar sýslanir, sem launaðar eru af landsins fje.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er alveg samdóma þeim h. þingd.m., sem ekki álíta nauðsynlegt, að gjöra þetta starf að föstu embætti. Það verður þá fyrst nauðsynlegt, þegar ekki verður mögulegt fyrir landsstjórnina að fá hæfan og áreiðanlegan mann til að gegna þessari sýslan, nema það sje gjört að föstu embætti. Jeg játa, að starf þetta er áríðandi, en jeg get þar fyrir ómögulega sannfærzt um, að þörf sje á að gjöra það að föstu embætti, og jeg er alveg samdóma h. 2. þingm. Skagf. (J. Jak.) um, að það væri mjög illa til fallið, að fara einmitt nú á þessu þingi að búa til embætti með eptirlaunum, þar sem þjóðin öll kvartar undan eptirlaunabyrðinni, og það mál sjálfsagt verður tekið fyrir einmitt á þessu þingi. Það mun satt, sem hæstv. landshöfðingi tók fram, að þingið geti ekki rannsakað til hlítar, hvernig hinn umboðslegi endurskoðandi leysi starf sitt af hendi, en nokkuð mun það geta farið nærri um, hvort það er vel eða illa gjört. Ef hann er óduglegur eða óhæfur, þá liggur það varla í þagnargildi. En það mun óhætt mega treysta, að sú þóknun, sem veitt hefur verið á fjárlögunum fyrir starf þetta, muni ekki verða numin burtu, meðan nýtur maður á í hlut.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg stakk upp á nefnd í þessu máli, ekki af því, að mjer væri það neitt kappsmál, heldur til þess að stytta umræðurnar, sem maður græðir svo lítið á. Það er alls ein ástæða, sem fram hefur verið borin móti þessu máli, sem ekki virðist ljettvæg. Það er eptirlauna-ástæðan. En það er á þingsins valdi, að setja inn í frumv. ákvæði um, að embætti þetta veiti ekki rjett til eptirlauna. Þá hverfur einnig þessi ástæða. Það er viðurkennt, að starf þetta er bæði þýðingarmikið og umfangsmikið. Starfsmaður þessi er sem stendur, eptir því, hvernig launum hans er háttað, háður geðþótta þingsins; en hann er líka og það öllu fremur eins og nú stendur háður landsstjórninni. Hann er bundinn í báða skó, ef jeg mætti svo segja, og verður að þóknast báðum. Hvort sá, sem í framtíðinni kann að gegna þessu starfi, metur meira að þóknast þinginu eða landsstjórninni, er ekki gott að spá; en jeg er ekki viss um, að afstaða hans gagnvart þinginu verði happasælli en gagnvart landsstjórninni.

Björn Sigfússon: Af sömu ástæðum eins og h. 2. þingm. Skagf. (J. Jak.), h. 2. þm. Eyf. (J. Jónss.) og h. þingm. Árn. (Þorl. G.) er jeg á móti því, að hinn umboðslegi endurskoðandi komist á föst laun, eða að starf hans verði gjört að föstu embætti. Jeg skal ekki endurtaka ástæður þessar, en leyfa

mjer að benda á, að jeg tel það mjög vafasamt, að bætt verði inn í frumv., að embætti þetta veiti ekki rjett til eptirlauna, eins og h. þingm. V.-Skapt. (Guðl. G.) sagði að mætti, því eptir hinni núgildandi stjórnarskrá munu allir konunglegir embættismenn hafa rjett til eptirlauna samkvæmt eptirlaunalögunum. Ef svo er, þá verður þessu ákvæði ekki hnýtt aptan við frumv. En það mun engin hætta á því, að starfsmaður þessi verði fyrir ranglæti af hendi stjórnarinnar eða þingsins. Hvorugt valdið mun vilja hrinda honum frá eða svipta hann sýslan sinni, meðan hann reynist nýtur í sinni stöðu. Jeg get heldur ekki sjeð, að ekki megi hafa eptirlit með störfum hans eða »controllera« hann. Það mætti gjöra meðal annars með því, að setja annan mann honum til aðstoðar.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 19:4 atkv.

Frumvarp til laga um afnám helgidaga (C. 153); 1. umr.

Flutningsmaður (Björn Bjarnarson): Frumv. þetta er í sjálfu sjer mjög einfalt og óbrotið, þarf því eigi mikils formælis, og kemur það sjer vel fyrir mig, sem er slíku lítt vanur. Í seinni tíð hefir talsverður áhugi komið fram á því að fækka helgidögum, sem ekki eru sunnudagar, og hefir málinu verið hreyft á nokkuð mörgum þingmálafundum. Jeg finn enga ástæðu til að halda í þessa daga. Hjá fyrirmyndarþjóðum eru þessir dagar ekki haldnir helgir, og mun þó veraldlegum og kirkjulegum málefnum fullt eins vel fyrir komið hjá þeim og hjá oss. Þessa daga ber upp á þann tíma árs, er sízt má missa frá nytsamri vinnu, hvort sem er á landi eða sjó, nefnil. frá miðri vetrarvertíð fram á vor, eða frá páskum til hvítasunnu. Haustið að nokkru leyti og mikinn hluta vetrarins eru menn af náttúrunnar völdum tafðir frá ýmsum aðalbjargræðisstörfum. Því tilfinnanlegra er það, er nokkrir dagar eru teknir frá nauðsynlegri vinnu á þeim tíma árs, sem bezt er fallinn til bjargafla. Þótt þjóðin sje eigi margmenn. er tapið þó eigi lítið. Ef 5 af helgidögunum eru numdir úr lögum og gert er ráð fyrir, að 1/3 af landsbúum sje vinnandi menn, er vinni sjer inn að jafnaði eina krónu á dag, gætu þeir á þessum 5 dögum unnið sjer inn 116,670 krónur. Taki maður tillit til, að ekki er leyft að róa til fiskjar á þessu dögum, verður um miklu meira fjárhagslegt tjón að ræða, þegar vel fiskast, og mun þá óhætt að fullyrða, að sú viðbót geti skipt tugum þúsunda kr. Sumar þjóðir halda að eins sjöunda hvern dag helgan, eins og t. d. Skotar, og mætti vel sæma, að vjer tækjum oss þá til fyrirmyndar. Jeg er sannfærður um, að þessi helgidagafækkun verður ekki til að rýra, heldur öllu fremur til að lífga og bæta trúarlíf manna, og því færri sem helgidagarnir eru, því betur verður guðsþjónustan stunduð. Þegar margir eru helgidagar með stuttu millibili, leiðast menn til ýmsra þeirra athafna, sem ekki eru sem sæmilegastar. Því að þegar þeir hafa fengið meira en nóga hvíld, fer þeim að leiðast helgidagalífið, og ganga þá á veitingahús og annað þess konar, sem ekki er til bóta í siðferðislegu og efnalegu tilliti. Á hverja hlið sem jeg skoða þetta mál, er jeg sannfærður um, að þessi breyting mundi fremur hafa góðar afleiðingar fyrir þjóðina. Jeg álít eigi nauðsynlegt að nefnd sje sett í málið, þar eð það er svo einfalt, og óska einungis, að það fái sem greiðastan framgang.

Sighvatur Árnason: Jeg fyrir mitt leyti er ekki fús á að greiða atkvæði með frumv. þessu, og er það af þrem

ástæðum. Í fyrsta lagi veit jeg eigi til, að neinn áhugi sje á afnámi þessara helgidaga í þeim sveitum, sem jeg þekki nokkuð til; öllu heldur þvert á móti. Það á ekki við að koma upp úr kafinu með mál, sem enginn áhugi er á í hjeruðunum. Og það er rangt, sem h. flutningsmaður (B. B.) segir, að það hafi verið talað um þetta á mörgum þingmálafundum, því það er á sárfáum. Í öðru lagi eru þessir dagar almennt notaðir til þarflegra iðkana, til að kynna sjer bókmenntir og leita sjer annarar upplýsingar. Til þess háttar starfa er ekki ávallt hægt að nota virka daga. Í þriðja lagi er búið mjög mikið að steypa saman brauðum, svo prestar hafa æði-margir þrem kirkjum að þjóna og sumir fleiri, enda veit jeg, að sumstaðar er svo ástatt, að fólk eigi heyrir messu nema máske 5—6 sinnum á ári. Þetta gefur mjer fulla ástæðu til að vera á móti frumv. Þó gæti jeg aðhyllzt, að einn af þessum dögum verði af numinn, en það er kóngsbænadagurinn.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg játa það, að mjer varð bilt við, þegar forseti nefndi »frumv. til laga um afnám helgidaga«, því að það lá beinast við að skilja það svo, að það ætti að afnema alla helgidaga. En jeg sá þó brátt, að svo langt var ekki farið, en ekki hefði mjer orðið eins bilt, hefði staðið: »um afnám nokkurra helgidaga«.

Jeg veit eigi, hvort jeg á fyr að víkja að ástæðum flutningsmannsins, eða helgidögunum sjálfum. En mjer verður þó fyrst fyrir, að fara nokkrum orðum um helgidagana sjálfa. Hinn fyrsti dagur, sem offrað er, er 2. dagur hinnar hátíðlegustu, fagnaðarríkustu og alvarlegustu hátíðar kristinna manna, páskanna, upprisuhátíðar Krists. Hinn merki postuli sagði: Ef Kristur væri ekki upprisinn, þá væri trú yðar ónýt, þá væri kenning vor einskis virði. Þetta er hátíðlegur sannleikur og páskahátíðin er til minningar um þennan gleðilega atburð. Einmitt guðspjallið á 2. í páskum er hin bezta sönnun þessa, því að það er almenn skoðun góðra guðfræðinga, að það sje ritað af manni, er sjálfur sá Krist og talaði við hann að kveldi upprisudagsins, Lúkasi. Sje þessi helgidagur af numinn, verður þetta guðspjall að víkja. Menn kynnu að svara því, að flytja mætti þetta guðspjall til 1. páskadags. En jeg segi nei. Guðspjallið á fyrsta í páskum skýrir frá því er skeði þann morgun, og á það hátíðlega heima á páskahátíðinni, en hitt á einmitt við annan í páskum.

Þá er uppstigningardagur. Sá dagur er í óslítandi sambandi við upprisuna. Það hefir verið ritað um þetta í hinu eina kirkjublaði, sem við eigum, og þykist jeg vita, að flutningsm. muni það fullkunnugt, og segi jeg það því að eins til að rifja upp fyrir mjer, en ekki til upplýsingar. (*J. J.* þm. Eyf.: Og til þess að það verði lesið). Það er ekki hætt við, að það verði lesið í Kirkjublaðinu. (J. J.: Nei, í alþt.). Jeg tala ekkert til þess að það verði lesið í tíðindunum, heldur af því, að það er sannfæring mín. Og að tala um Krist og hans orð og hans lífssögu til þess, að það mælti með manni alstaðar, væri misheppnað. Það er óvíst, hversu góðar viðtökur það muni fá; að minnsta kosti hefi jeg heyrt, að til sjeu þeir þar nyrðra, er sem minnst vilja minnast á Krist. — En sje uppstigningardagur afnuminn, þá er bezt að afnema páskana líka. (*H. Kr. F.*: Fyrsti í páskum er sunnudagur). H. þm. er gamall guðfræðingur og jeg met mikils, það sem hann segir í þessu máli, þar eð jeg geng út frá, að hann tali í kirkjunnar anda.

Annan hvítasunnudag vil jeg ekki missa. Jeg vil geta þessa, að þá var kristin trú boðuð heiðingjum og jeg og all-

ir landar mínir eru afkomendur heiðingja; sje jeg því ekki miklu minna eptir honum en páskadeginum.

En einn helgidagurinn get jeg ekki sagt að standi í óslítandi sambandi við Krist og lífssögu hans. Það er kóngsbænadagurinn. Og þótt hann yrði afnuminn, þá fjelli mjer það ekki mjög sárt. Jeg vildi fúslega flytja hann og það er jafnvel hagkvæmt. Því að það leiðir marga í freistni, að brjóta helgi bænadaga, ef þeir eru á svo óhentugum tíma.

Hvað viðvíkur ástæðum þeim, sem flutningsm. (B. B.) kom með, þá skal jeg geta þess, að jeg er samþykkur 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) um það, að flutningsm. hafi sagt áhugann á þessu máli meiri en hann er, því að því var alls eigi hreift á svo mörgum þingmálafundum, sem hann ljet í veðri vaka. En hvað sem um það er, þá álít jeg ekki rödd þingmálafunda vera guðs rödd, en helgidagarnir eru skipaðir í anda drottins. Þá fyrst þótti mjer málið fara að vandast, er útreikningurinn kom. 116,670 kr. eru peningar, sem jeg ekki get fyrirlitið. En jeg man eptir gömlum útreikningi, sem kom fram, þegar var verið að fækka helgidögum hjer áður, en þá peninga hefir enginn sjeð. Enda ekki við því að búast, ef þeir menn eiga að afla þessa fjár, sem einn h. þm. í gær kallaði slóða og slæpinga.

Það er ekki algengt, að messur falli hver ofan í aðra, að minnsta kosti ekki þar, sem eru 4—5 kirkjur, og þetta á sjer víða stað.

Ekki er heldur helgidagafjöldi til skaða þar, sem kirkjur eru of litlar, eins og t. d. á einum stað fyrir austan þinghúsið, þar sem kirkjan tekur eigi meira en $^1/_4$—$^1/_5$ af söfnuðinum. Og sízt ætti að afnema hátíðisdaga, því að þá eru kirkjur einmitt bezt sóttar. Jeg held það sje meira á móti þessu frv. en með því, og jeg verð að ætla, að þingið felli það.

Jón Jónsson (þm. N.-Múl.): Þetta mál er svo skylt máli því, er var fyrst á dagskrá í dag, að jeg leyfi mjer að leggja það til, að því verði vísað til nefndar þeirrar, sem sett var í það mál.

Halldór Kr. Friðriksson: H. 1. þm. K.-G. (Þór. B.) bar mjer nú á brýn þau orð, sem h. þm. Borgf. (B. B.) bar mjer á brýn í gær. Fyrir því leyfi jeg mjer enn á ný að leiðrjetta skilning þeirra á orðum mínum í gær. Jeg sagði alls eigi, að öll hjú væru slóðar, en jeg sagði, að hreppsnefndir mundu fúslega gefa slóðunum meðmæli sín, til þess að að losna við þá; og jeg sagði, að þeir bændur væru til, sem væru slóðar. En það varði mig sízt, að h. 1. þm. G.-K. (Þór. B.) færi að afbaka orð mín.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan um, að vísa frumv. til nefndarinnar í málinu um al mannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar var samþykkt með 12 atkv. móti 6.

Fyrstu umr. síðan frestað.

Uppástunga til þingsályktunar, að setja 5 manna nefnd til að taka verzlunarmál landsins til íhugunar (C. 153); hvernig ræða skuli.

Forseti lagði til að höfð væri ein umr. og var það samþ. í einu hljóði.

Forseti gat þess, að í nefndinni um frumv. til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju væri kosinn formaður Benedikt Kristjánsson og skrifari Guðl. Guðmundsson.

Sjöundi fundur, laugardag 8. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið

tilkynning um, að í nefndinni um frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar væri Skúli Thoroddsen kosinn formaður og Jón Jónsson, þm. Eyf., skrifari.

Ennfremur gat forseti þess, að til sín væri komið:

1. Bænarskrá frá adjunkt G. T. Zoëga um styrk til að gefa út ensk-íslenzka orðabók (3 fylgiskjöl).

2. Bænarskrá frá stjórnarnefnd búnaðarskólans á Eiðum um 4000 króna styrk til tjeðs skóla fyrir næsta fjárhagstímabil.

3. Tilboð um ókeypis handrit til kennslubóka við prestaskólann.

4. Ágrip af þingmálafundargjörðum Dalamanna.

Frumv. til laga um sjerstök eptirlaun handa sögukennara Páli Melsteð (C. 98, 158); 2. umr.

Björn Bjarnarson: Af því að jeg hefi komið fram með breyt.-till. (C. 158) við þetta frumv., vil jeg leyfa mjer að fara um hana nokkrum orðum. Hvorki mjer njeð öðrum h. þingdm. mun koma í hug að vilja draga úr verðleikaviðurkenningu þeirri, sem heiðursmanni þeim, sem hjer ræðir um, er veitt í ástæðum fyrir frumv. þessu —, í orði, og hinir h. þingdm. munu vera mjer samdóma um, að einnig beri að veita honum slíka viðurkenningu á borði. Breyt.-till. mín er líka í fullu samræmi við þetta. Hún er fyrst og fremst sjerstaklega orðabreyting. Orðið »eptirlaun« er orðið svo illa ræmt og óþokkasælt hjá almenningi, að það hefir nú fengið viðlíka niðrandi merkingu eins og orðið »sveitarstyrkur«, og mjer þykir því mjög óheppilegt að viðhafa þetta orð um viðurkenningarlaun þau, sem þingið vill veita þessum manni, sem er sannarlega alls góðs maklegur af þjóðinni. Jeg sting þess vegna upp á því, að orðið »heiðurslaun« komi í staðinn fyrir »eptirlaun«.

Þá hefi jeg ennfremur leyft mjer að stinga upp á lítils háttar breytingu á upphæð þeirri, sem frumv. stjórnarinnar fer fram á að veita þessum manni. Þetta gjöri jeg ekki sjerstaklega í sparnaðarskyni, heldur tek jeg þessa tölu, 1600 krónur, af því, að mjer finnst hún eiga betur við, og það frá tvennu sjónarmiði. Hjer um bil 1600 kr. eru árslaun hins fjölmennasta embættismannaflokks á landinu, er laun sín fær úr landssjóði: læknanna, og mun einnig fullkomlega vera meðalupphæð árslauna allra embætismanna landsins, ef prestar eru reiknaðir með. Í öðru lagi finnst mjer þessi heiðursmaður vera fullsæmdur af helmingi hærri heiðurslaunum, en veitt voru öðrum manni, sem mjög líkt stóð á fyrir og einnig var sæmdar maklegur af þjóðinni. Þessi maður var Jón sálugi Árnason bókavörður. Hann fjekk að eins 800 kr. sem styrktarfje í.elli sinni. Jeg vil ekki taka neitt tillit til þeirra launa, sem hr. Melsteð hafa verið veitt áður sem starfandi manni í þarfir þjóðarinnar. Hjer er að eins um heiðurslaun að ræða, eptir að hann eigi lengur er fær um að gegna opinberum störfum í þarfir þjóðarinnar; en þegar hann er hættur að gegna þeim, mun hann geta komizt af með þá upphæð, sem jeg hefi stungið upp á. Það er alls ekki af því, að jeg vilji spara við þennan mann, heldur af því, að jeg álít honum nægileg og þinginu sæmandi þessi upphæð, eins og jeg hefi tekið fram. Jeg vona því, að h. þingdm. fallist á þessa breyt.-till. og gefi henni atkvæði sitt.

Landshöfðingi: Mjer kom það mjög óvart, þegar jeg sá breyttill. gjörða við þetta frv., sjer í lagi er jeg sá, að hún gekk í þessa átt. Mig rekur nú minni til þess, sem skeði á ríkisþinginu danska

fyrir hjer um bil 30 árum síðan, þegar ræða var um að veita einum Íslendingi, Birni sál. Gunnlögssyni, sjerstök eptirlaun úr ríkissjóði. Það mál var samþ. í e. hlj. af báðum deildum ríkisþingsins, fólksþinginu og landsþinginu, og umræðulaust að öðru leyti en því, að einn þingmanna, Rimestad, sem var mikill vinur Íslendinga, sagðist ekki vilja að þetta mál færi svo frá ríkisþinginu, að ekki væri minnzt á þann heiðursmann, sem hlut ætti að máli. Lýsti hann síðan með fögrum orðum æfi og störfum Gunnlögsens, og stóðu allir þingmenn upp til að sýna, að þeir væru ræðumanni sammála. Jeg bjóst nú við, að h. þingd. mundi fara líkt að þegar um þennan heiðursmann væri að ræða. Það mun vera þeim h. þingdm. kunnugt, sem voru á þingi, þegar ákveðið var að veita Melsteð 1800 kr. laun sem sögukennara við latínuskólann, að það þá var meining þingsins, að hann ætti að halda þessari upphæð árlega meðan hann lifði. Að vísu var þetta ekki tekið fram í áliti fjárlaganefndarinnar og ef til vill ekki heldur beinlínis í umræðunum um fjárlögin, en jeg má samt fullyrða, að sú hafi verið meining og tilætlun þingmanna, sem þá voru, að svo skyldi vera. Mjer finnst því, ef þingd. fer að setja þessa upphæð niður nú, þá gangi hún fram hjá því, sem þingið hefur ætlazt til og samþ. að Melsteð yrði veitt. Jeg er viss um, að þeir hinir mörgu, sem hafa haft skemmtun af ritum sögukennara Páls Melsteðs, sem hafa haft yndi af viðræðum við hann og notið góðs af hinum mikla fróðleik hans, sem þekkja hina fölskvalausu föðurlandsást hans og miklu mannúð, sem vill öllum allt hið bezta, vill tæra allt á bezta veg fyrir öllum, sem hann hefur einhver kynni af — jeg er viss um, að enginn þeirra mun verða þinginu þakklátur fyrir, að klípa 200 kr. af þeirri upphæð, sem stjórnin hefir stungið upp á að veita honum, til þess að gjöra æfikvöld hans áhyggjulaust og rólegt. Jeg vil því leyfa mjer að mæla mikið með því, að frv. verði samþ. óbreytt að því er upphæðina snertir. Orðinu «eptirlaun» má mín vegna breyta í »heiðurslaun», en ekki af þeirri ástæðu, sem h. þm. Borgf. (B. Bj.) tók fram, að eptirlaunin væru skoðuð sem sveitarstyrkur, því jeg mótmæli því, að eptirlaun eigi í nokkru skylt við sveitarstyrk. Að því er snertir samanburð h. flutningsm. breyt.till. (Bj. Bj.) á eptirlaunum Jóns sál. Árnasonar og þeim eptirlaunum, sem hjer ræðir um, þá ber þess að gæta, að Jón Árnason hafði ekki eins mikil laun úr landssjóði eins og Páli Melsteð hafa verið veitt. Jón Árnason hafði að eins nokkra þóknun úr landssjóði sem bókavörður, og sá ársstyrkur, sem honum var veittur, var töluvert hærri en sú þóknun; en hjer er um það að ræða, að Melsteð fái að halda þeirri upphæð, sem þingið einu sinni var búið að ánafna honum.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg get ekki fellt mig við niðurfærslu á þeim eptirlaunum, sem stjórnin hefir stungið upp á að veita sögukennara Páli Melsteð. Niðurfærsla sú, sem h. þm. Borg. (Bj. Bj.) hefir stungið upp á, er hvort sem er ekki eptir neinu «principi», heldur alveg út í bláinn. Hún á við ekkert að styðjast, enda smásmugleg mjög. Þessi heiðursmaður er orðinn gamall; hann er nú 81 árs, svo landið getur aldrei munað neitt um það, hvort hann fær 200 kr. meir eða minna um árið; hann getur varla notið þessara eptirlauna mörg ár. Hann hefir gjört mikið til að uppfræða almenning og unnið öll sín verk með áhuga, eptir því, sem hann hefur haft krapta til. Til slíks verður þingið að hafa tillit í þessu máli. Hvort menn vilja kalla þessa

viðurkenningu heiðurslaun eða eptirlaun, stendur mjer að miku leyti á sama; úr því hann hefur verið í þjónustu landsins yfir 40 ár, þá virðist mjer eiga betur við að nefna hana eptirlaun en heiðurslaun. Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta mál, en jeg vona að h. þingd. fari ekki að samþ. þessa vesallegu 200 kr. niðurfærslu á ári.

Klemens Jónsson: Jeg get verið stuttorður um þetta mál, einkum þar sem jeg er alveg samdóma hæstv. landsh. og h. þm. Rvík (H. Kr. F.) í því, sem þeir hafa tekið fram gegn breyttill. h. þm. Borgf. (Bj.Bj.). Jeg hafði einmitt búizt við og álitið það mest sæmandi, að h. þingd. hefði látið mál þetta ganga hjer orðalaust fram, nema ef til vildi bæta við nokkrum viðurkenningarorðum við 3. umr. um þann heiðursmann, sem hjer ræðir um. Niðurfærsla sú, sem hjer er stungið upp á, er svo nánasarleg, að jeg treysti því, að h. þingd. fallist ekki á hana. Hvort laun þessi verða nefnd heiðurslaun eða eptirlaun, skiptir minnstu, en jeg mótmæli því kröptuglega, að eptirlaun embættismanna eigi nokkuð skylt við sveitarstyrk. Loks leyfi jeg mjer að krefjast þess, að h. forseti beri breyttill. upp í tvennu lagi, hvora málsgreinina fyrir sig, þann liðinn, sem er um niðurfærslu launanna fyrir sig, og liðinn um breytingu á fyrirsögn frumv. fyrir sig.

Björn Bjarnarson: Jeg þarf ekki að vera margorður um mótbárur þær, sem fram hafa komið gegn breyt.till. minni. Jeg lýsti því ekki yfir sem minni skoðun, að eptirlaun embættismanna væri álitin lítið sæmilegri en sveitarstyrkur; en jeg gat þess, að eptirlaunin væru orðin svo illa þokkuð meðal landsmanna, að þjóðin bæri þetta tvennt saman.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. landsh. sagði, að ekki væri rjett að bera saman laun þau, sem hjer ræðir um, við eptirlaun Jóns sál. Árnasonar, þar sem hann hefði engin laun haft, heldur að eins nokkra þóknun sem bókavörður, þá vildi jeg spyrja, hvort minni ástæða væri til, að umbuna þeim manni, sem unnið hefði launalaust fyrir þjóðina, en hinum, sem haft hefði talsverð laun meðan hann vann og gat unnið, þegar báðir unnu þjóðinni hjer um bil jafnmikið gagn? Jeg man ekki, að jeg þurfi fleira að athuga við ræðu hæstv. landsh. En að því er snertir ræðu h. þingm. Rvík (H. Kr. Fr.), þá vil jeg benda honum á, að hjer er ekki um það að ræða, að færa niður eptirlaun neins manns, heldur um það, að veita þeim manni viðurkenningu, sem ekki hefur neinn rjett að lögum til neinna eptirlauna. Hingað til hefur þessi maður fengið laun fyrir störf sín, en nú er um það að ræða, að veita honum viðurkenningu, eptir að hann hættir að vinna. H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) sagði, að þessi maður væri svo mikils heiðurs maklegur, að ekki ætti að setja þessi laun niður; en jeg vil spyrja, er það ekki fullkomin heiðursviðurkenning, að veita honum með sjerstökum lögum þau laun, sem jeg sting upp á, 1600 krónur, sem heiðurslaun? Jeg get að öðru leyti svarað h. þm. hinu sama, sem jeg svaraði hæstv. landsh., að einmitt af því, að þessi maður hefur ekki haft föst laun, þá getur hjer ekki verið spurning um, að færa nein eptirlaun niður.

H. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.) þarf jeg ekki að svara. Það var ekkert nýtt í ræðu hans. Hann virtist að eins vera að sýna skarpleika sinn í því, hve fljótur hann hefði verið að læra utan að ræður hæstv. landsh. og h. þingm. Rvík, og við það hef jeg ekkert að athuga.

Halldór Kr. Friðriksson: Þar sem

h. þingm. Borgf. (Bj. Bj.) er að skýrskota til eptirlauna Jóns sál. Árnasonar, þá verð jeg að játa, að hann hafði ekki meira en þingmaðurinn sagði, og það var sannarlega lítið. Jeg skal ekkert tala um það hjer; en játi alþingi, að það hafi verið naumt við hann, þá sje jeg ekki, hvers vegna það eigi að halda áfram að vera svo naumt í útlátunum. Þvert á móti finnst mjer ástæða til, að þingið viðurkenni, að það hafi gjört öðrum of lágt undir höfði, með því að vera ríflegra, þegar önnur beiðni kemur fram um viðurkenningu handa öðrum heiðursmanni þjóðarinnar. Það er satt, að sá maður, sem hjer ræðir um, hefir ekki verið konunglegur embættismaður, en hann hefir fullnægt þeim kröfum um mjög langan tíma, sem vant er að veita full eptirlaun fyrir. En þegar um eptirlaun er að ræða, þá ber að fylgja í veitingu þeirra einhverju »principi«, en ekki veita þau alveg út í bláinn. Það er þó »princip«, að þegar einhver embættismaður hefur haft lág laun, en verið lengi í þjónustu landsins, að hann þá fái full eptirlaun. Jeg verð þess vegna að vera með frumv. stjórnarinnar, því þar er fylgt þessu »principi«.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er að eins lítil fyrirspurn, sem jeg vildi leyfa mjer að gjöra, viðvíkjandi frumv. Á frumv. er sögukennara Páli Melsteð veitt eptirlaun frá 1. okt. þ. á. og í fjárlögunum, sem nú eru í gildi, eru honum sömuleiðis ætluð laun sem kennara frá 1. okt. þ. á. til ársloka. Eru það þá ekki eiginlega tvenn laun, sem honum eru ætluð frá 1. október til ársloka? Jeg veit vel, að það mun ekki vera meiningin, að borga honum tvenn laun þennan tíma, en jeg vildi þó benda á þessa ónákvæmni. Að öðru leyti er jeg þessu máli meðmæltur, og vildi helzt, að umræður um það yrðu sem stytztar.

Landshöfðingi: Út af fyrirspurn h. þm. V.-Skapt. (Guðl. G.) um laun þau, sem sögukennari Páll Melsteð ætti tilkall til eptir fjárlögunum frá 1. okt. til 31. des., þá kom lík spurning fram við 1. umr. þessa máls, og tók jeg það þá fram, að jeg vonaði, að þetta frv. gengi svo fljótt í gegn um þingið, að það yrði búið áður en fjáraukalögin fyrir 1892—1893 yrðu samþykkt, og mætti þá koma inn breyt.till. við fjáraukalögin um, að Melsteð fengi laun frá 1. okt. til ársloka, en auðvitað yrði þá að setja þar um leið þá athugasemd, að laun hans á fjárlögunum fjelli burt fyrir þessa 3 mánuði. Stjórninni mundi auðvitað undir engum kringumstæðum koma til hugar, að láta tvíborga honum laun fyrir 3 mánuði.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (C. 158) felld með 15:2 atkv. Frumv. óbreyttu vísað til 2. umræðu með samhljóða 20 atkv.

Uppástunga til þingsályktunar, að setja 5 manna nefnd til að taka verzlunarmál landsins til íhugunar (C. 153); ein umr.

Flutningsmaður (*Þorlákur Guðmundsson*): Jeg skal ekki vera langorður um þetta mál. Öllum mun það kunnugt, að verzlunarlög vor eru frjálsleg að mörgu leyti, svo að það atriði út af fyrir sig er ekki því til fyrirstöðu, að verzlunin hjer á landi geti verið í viðunanlegu horfi; en engum mun samt blandast hugur um, að æskilegt væri, að verzluninni sje komið í betra horf en nú er. Málið er raunar mjög erfitt og umfangsmikið, því hjer er við svo marga örðugleika að berjast, þar sem vjer erum svo fjarlægir heimsmarkaðinum, og enginn frjettaþráður tengir oss við önnur lönd. Þess vegna er mjer

eigi full-ljóst, hvað til bragðs skuli taka; en eitthvað verður að reyna. Það verður að reyna að greiða fyrir sölu afurða landsins og gera vörukaup sem hagfeldust.

Eldur og ís er ekki nú sem stendur mesta landplágan hjer á landi, heldur er það skuldaverzlunin. Jeg vona því, að þingdeildin muni fallast á, að verja nokkrum hluta af sínum dýra og dýrmæta tíma til þess, að reyna að ljetta af þeirri plágu. Þetta mál er afarmerkilegt og þýðingarmikið fyrir land og lýð, og vona jeg h. þingd. verði mjer samdóma um, að nauðsynlegt sje að setja nefnd í það, og þó að þessi nefnd ekki geti að þessu sinni afrekað mikið, mætti þó vera, að henni tækist að stíga eitt spor í áttina til umbóta í þessu máli.

Jón Þórarinsson: Jeg álít það nauð synlegt, að sá, sem komið hefur með mál þetta inn á þing, gefi hinni væntanlegu nefnd bendingar um, hvað hann hafi hugsað sjer að væri tiltækilegast í þessu máli, því einmitt eptir þeim bendingum mætti kjósa í nefndina. En ef hann sjálfur eigi hefir ljósa hugmynd um, hvað sje ætlunarverk hennar, þá væri náttúrlegt að rynnu á mann tvær grímur, hvort vert sje að setja nefnd í málið.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg skal svara h. 2. þingm. G.-K. (J. Þ.) því, að uppástunga sú um verzlunar-erindreka, sem kom fram á þingmálafundinum í Hafnarfirði og h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) þá ekki mótmælti, ætti að vera honum næg ástæða til að mæla með, að kosin sje nefnd í málið. Þá er og annað atriði, er ekki er óþarfi að tekið sje til íhugunar, en það er skuldaverzlunin; enn fremur spursmálið um búsetu fastra kaupmanna hjer á landi, o. fl. En þessi atriði vona jeg að nægi til þess, að h. deild komist að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt sje að setja nefnd í málið, ef ske mætti að það yrði að einhverju liði.

Jón Jakobsson: Jeg er samdóma h. 1. þingm. Árn. (Þorl. G.) um, að verzlunar-ástandið hjer á landi sje aumt og að því sje í mörgu ábótavant. En jeg get líka tekið undir með h. 2. þingm. G.-K. (J. Þ.), að það er álitamál, hvort kjósa eigi nefnd í þetta mál, áður en hinir h. þingm. hjer í deildinni hafa látið í ljósi álit sitt á því.

Ef nokkur vegur væri til að ljetta af þjóðinni fargi því, sem skuldasúpan leggur á hana, þá vil jeg jafnvel taka svo djúpt í árinni að segja, að það væri stærra spor til framfara en þótt oss auðnaðist að stíga einu feti nær því takmarki, að verða sjálfstæðir í stjórnmálum. Því það er fátæktin og fjárskorturinn, sem bagar oss. Það er þetta, sem opt verður þröskuldur á vegi þeirra fyrirtækja, er til framfara horfa. En þó er hitt miklu verra, að fátæktin og skuldaverzlun sú, er af henni leiðir, skemmir siðferði þjóðarinnar, og elur upp í mönnum þann ölmusu-hugsunarhátt, að skeyta ekki um sóma sinn í skuldamálum, og hafa enga hugsun á að hafa hreina reikninga. Það er sorglegt ástand.

Ef menn bera saman gamlar og nýar verzlunarbækur, þá kemur það í ljós, að þessi hugsunarháttur hefir farið í vöxt á seinni árum, og það er hörmulegt að sjá þann mismun, sem orðinn er í þessum efnum, við það sem áður var.

Jeg átti tal við gamlan mann í Skagafirði í vetur; hann benti mjer á verzlunarbækur Hofsósverzlunar fyrrum og nú, sem sýndu, að fyrir 30—40 árum voru skuldir hjá ríkustu efnabændum ekki meir en hjer um bil 6 dalir; sumir áttu náttúrlega inni. En skuldir fátæklinga fóru þá sjaldan fram úr 1—2

dölum. Sje nú þetta borið saman við ástandið, sem nú er, mun öllum ljóst, að hjer er um apturför en eigi framfarir að ræða. Það er því full ástæða til, að reyna að koma fram umbótum, þótt mjer eigi hugkvæmist nein aðferð til þess, sem jeg sjerstaklega get bent á nú.

Jeg fyrir mitt leyti er hræddur um, að hugsunarháttur sá, er liggur til grundvallar fyrir þessu ástandi, verði eigi bættur með lögum; því að löggjöfin getur með engu móti bannað kaupmanninum að lána, eða bóndanum að fá lán. En mig langar til að heyra, hvað h. flutningsmaður hefur hugsað sjer með tillögu þessari.

Jeg hef sjeð í blöðunum, að drepið hefir verið á verzlunar-erindreka til þess að gæta verzlunarhags Íslendinga í öðrum löndum, og þessi uppástunga er mikil nýlunda. En jeg verð að játa, að því meira sem jeg hugsa um þetta mál, því meir fjarlægist jeg hana.

Jeg ímynda mjer, að þeir, sem styðja þetta mál, gangi út frá því, að þeir sjeu innlendir, þessir erindrekar, því annars mundi verða hætt við tortryggni frá hálfu landsmanna; enda væri eigi ólíklegt, að erlendir menn bæru landið minna fyrir brjósti en innlendir. Væru þeir nú innlendir, þá yrðu þeir ekki að fullum notum, því að þeir gætu ekki haft þá þekkingu og æfingu, er til þess útheimtist, að gegna svo vandasömum starfa. Að minnsta kosti man jeg ekki til neins manns hjer á landi, er væri þeim starfa vaxinn. En þeir þurfa að hafa meira en þekkinguna; þeir þurfa að hafa krapta í kögglum, sem maður segir. Þeir þurfa að vera búsettir erlendis, hafa frían aðgang að verzlunarfjelögum og auðmönnum. En jeg er nú þeirrar skoðunar, að þar sje þröngur aðgangur, og allar líkur til, að þeir mundu neyðast til að leita upplýsingar og aðstoðar hjá einmitt þeim sömu mönnum, sem þeir væru kallaðir til að hafa eptirlit með.

Jeg vil ekki, að þingið leggi fram stórfje til að stofna þessa sýslan, og það því síður, sem Norðmenn, er áður hafa haft slíka erindreka í Englandi, hafa nú lagt þá sýslan niður, og munu, að því er jeg hef heyrt, einnig hafa í hyggju að taka verzlunar-erindreka sinn í Danmörku heim aptur.

Jón Jónsson (þm. Eyf.): Af því að enginn bað um orðið, og umræðurnar þannig sýndust vera að hætta, tek jeg til máls, til þess að gjöra mitt til að halda umræðum áfram, því að mjer finnst málið vera þess vert, að það sje rætt nákvæmlega. Þegar ræða er um verzlunarmál, munu flestir finna til hins sama, að hjer beri brýna nauðsyn til, að eitthvað sje gert til bóta, og verður deildin því að leggja mikla rækt við þetta mál og horfa eigi í, þótt hún verði að verja töluverðum kröptum og tíma til þess.

En það er ekki nóg að hafa góðan vilja; það þarf þekkingu líka. En því er miður, að jeg þykist eigi lasta neinn þótt jeg segi, að enginn sje sá hjer í deildinni, er hafi meiri þekkingu á verzlunarmálum en fólk flest. En eigi þetta að verða að verulegu gagni, þá verður nefndin að rannsaka málið rækilega og nákvæmlega. Hvötin er ærin.

Ekkert hefir haft eins mikil og skaðvænleg áhrif á hugsunarhátt þjóðarinnar, eins og hið illa verzlunarástand, sem vjer áttum lengi við að búa, og eldir eptir af því enn, eins og h. þm. Skagf. (J. Jak.) tók fram, og get jeg skrifað undir það, sem hann sagði um spillinguna á hugsunarhættinum.

Það hefir opt verið tekið fram, að bændur báru áður kollinn lágt fyrir

kaupmönnum; það getur verið, að þeir beri hann nokkru hærra nú, en þó veit jeg ekki, hversu þátt þeir bera hann. En víst er um það, að hið móralska, eða rjettara sagt ómóralska brennimark, er ill og óeðlileg verzlun hefir fyrir löngu á oss sett, það er enn langt frá að vera til fulls afmáð. Vjer berþað enn á voru hugarlífi.

En hvað getur þingið gert? Oss vantar þekkingu. Til þess að verulegt gagn yrði að þessari nefnd, þyrfti hún að kynna sjer nákvæmlega verzlunarlöggjöf vora yfir höfuð og eigi síður statistik og hefð í þeim efnum. Þetta er ákaflega mikið verk, og jeg hefi litla trú á, að það takist að leysa það svo af af hendi, að verulegt gagn verði að. Þó gæti nefndin komið með ýmsar till. um sjerstök atriði. Hún gæti t. d. sagt álit sitt um búsetu fastakaupmanna hjer á landi. Því máli hefir áður verið hreift á þingi, og má vel hlýða að taka það til íhugunar enn á ný, þótt mjer raunar þyki margir annmarkar á því, að skylda kaupmenn til að hafa aðsetur hjer á landi. Því að, eins og öll bönd á frjálsum viðskiptum manna eru að mínu áliti skaðleg, þannig mundi þetta band að minnsta kosti gera þann skaða, að það hepti samkeppnina, sem margir hafa svo mikla trú á. Nefndin gæti íhugað, hvort tiltækilegt væri að gefa innlendum verzlunarfjelögum og innlendum kaupmönnum sjerstök hlunnindi og ef til vill komið með tillögur í þá átt; en það mál er enn þá lítt hugsað og væri því sjerstök ástæða til fyrir nefndina að íhuga það nákvæmlega. Fyrning á verzlunarskuldum, sem jeg veit til, að sumir telja gott ráð til að minnka þær, gæti sú nefnd og tekið til yfirvegunar; og svo eru verzlunarerindrekarnir. En um þá er jeg alveg samdóma h. sessunaut mínum, 2. þm. Skagf. (J. Jak.).

Þótt jeg hafi litla von um, að þetta verði að nokkru veruleg gagni, álít jeg samt sæmilegra, að gerð sje þessi tilraun. Mjer finnst málið svo mikilsvert, og mun jeg gefa atkv. með því, að nefnd sje sett.

Flutningsm. (Þorlákur Guðmundsson): Jeg vildi að eins svara h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) nokkrum orðum. Það er ofætlun af honum, að ætlast til, að jeg geti talið upp allt það, sem nefnd kynni að geta gjört í þessu máli, því jeg hefi enga sjerstaka þekkingu í þeim efnum; en jeg finn þó þörfina og þykist vita, að hann muni vera mjer samdóma um hana, og ekki mun hún vera hvað minnst í hans kjördæmi.

Það er mikið satt í því, sem h. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagði, og víst er um það, að málið er mjög umfangsmikið og gæti vel enzt nefndinni þinga á milli; en hún þarf ekki að þessu sinni að takast meira á hendur en hún getur afkastað, og er það henni í sjálfs vald sett, að skapa sjer verksvið.

Jeg ætla mjer ekki að tala meira í þessu máli, og læt það á valdi h. deildar, hvort hún vill setja nefndina eða eigi, hvort hún finnur þörf eða finnur hana ekki.

Jens Pálsson: Jeg ætla að segja nokkur orð til að styðja þessa uppástungu, þessa fögru tilraun til að hafa gagnleg áhrif á verzlunarhag vorn. — Ávallt, þegar jeg íhuga framleiðslu landsins, þegar jeg hugleiði, hversu álitlegt vörumagn vjer Íslendingar framleiðum, þá furða jeg mig á því, hve fátækir og efnalitlir vjer erum, og svo mun fleirum fara. Jeg er sannfærður um, að aðalástæðan til þess er verzlunin; því hún er fjarri því að vera í góðu lagi. Eins og allir vita, er verzlun vor yfir höfuð vöruskiptaverzlun. Það er mjög lítið af íslenzkri vöru selt fyrir peninga. Auk þess er verzlunin

að mestu leyti lánsverzlun, og veldur þetta skuldunum, sem eru svo miklar í flestum verzlunarstöðum, að víða horfir til vandræða. Það er því sannfæring mín, að verzlunin sje landsmönnum allt of dýr. Þar af hefir risið sú hreifing, að reka verzlun í fjelagsskap, og er það mjög farið að tíðkast á seinni árum, svo að með sanni má segja, að hún hafi gagntekið hugi manna. Þessi hreifing væri ekki orðin svo umfangsmikil á fám árum, ef þörfin væri eigi rík í hugum manna.

Verzlunin er oss allt of dýr í peningalegu tilliti; — en ekki að eins í peningalegu tilliti er hún oss of dýr, heldur einnig í siðferðislegu tilliti; verzlunarástandið er siðspillandi.

Þetta er nóg fyrir mig til þess að álíta sjálfsagt að sinna þessari uppástungu, og gera tilraun til að fram geti komið einhverjar uppástungur til umbóta.

Jeg get eigi krafizt þess af neinum þingmanni, að hann segi nú þegar, hvað nefndin eigi að gjöra eða geti gjört; verkefni hennar er svo stórt, að hún mundi ekki geta tekið það allt fyrir í einu, og væri gott, ef hún gæti komið fram með einhverja tillögu, þótt ekki væri nema um eitt einstakt atriði; — hversu mikið væri t. d. unnið við það, ef hún gæti fundið ráð til þess að minnka verzlunarskuldir með lögum, og gjört þannig auðveldara að hrinda verzluninni í aktíva stefnu, úr því passíva ástandi, sem hún er í. Jeg leyfi mjer að mæla með till., og er jeg h. flutningsm. (Þorl. G.) þakklátur fyrir hana.

Jón Þórarinsson: Mjer skildist á h. flutningsm. (Þorl. G.), að hann hjeldi að það væri mjer móti skapi, að nefnd væri kosin, en það er misskilningur og verð jeg að leiðrjetta það. Mín meining var að eins, að það væri nauðsynlegt, að bendingar kæmu fram um, hvað nefndinni væri ætlað að gera, og jeg skil ekki annað en það sje hægt. Hins vegar má flutningsm. ómögulega gera þá játningu, að hann þekki ekki til máls þess, er hann flytur.

Eptir umræðunum að dæma finnst mjer það hafa orðið ofan á, að eitthvað þurfi að gjöra; en allir stranda á sama skerinu, því, hvað á að gjöra. Menn tala allir svo óákveðið og komast svo að orði, að það kynni að vera mögulegt að minnka skuldir með lögum og það mætti kannske reyna þetta og þetta. En jeg sje enga mögulegleika til að greiða hjer úr með lögum, svo að gagni verði. En mjer hefir eigi dottið í hug að greiða atkvæði móti nefndarkosningunni, þótt það sje ætlun mín, að hún muni þýðingarlítil. En geta skal þess, að ef nokkuð er, þá hafa umræðurnar dregið úr mjer hug, en ekki hvatt mig til að greiða atkv. með uppástungunni.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er sannfæring mín, að þessi nefnd verði bæði meinlaus og gagnslaus; en jeg hefi ekkert á móti því, að hún verði kosin. En það er nauðsynlegt, að benda á, í hvaða átt nefndin á að fara, en það hefir ekki verið gjört hjer. Uppástungumaður sagði, að skuldaverzlunin væri óþolandi fjötur á þjóðinni. Mikið rjett. En hvað getur þingið gjört við skuldirnar? Ekki getur það boðið bóndanum að borga þegar kaupstaðarskuld sína, eða bannað honum að taka nokkuð að láni hjá kaupmönnum; eða kaupmanni að lána, bændum nokkuð. Nei, það verður að vera komið undir hlutaðeigendum sjálfum.

Eins og h. 2. þm. Skagf. (Jón Jak.) tók fram, líta verzlunarbækur allt öðruvísi út nú en fyrir 30—40 árum.

Það má fullyrða, að menn með sama efnahag og þeir, er þá skulduðu 6—8 dali, skuldi nú 600—800 kr. Jeg man sjálfur vel eptir, hvernig ástandið var.

En hvernig á að laga þetta með lögum? Á að skipa kaupmanni að lána ekki, eða banna bændum að taka til láns meira en þeir geti borgað? Þetta hlýtur að vera komið undir hugsunarhætti landsmanna sjálfra. Þeir verða sjálfir að sjá það, að þeim ber nauðsyn til, að drepa sig úr þessum skuldadróma, og gjöra sjer því allt far um það. Jeg ímynda mjer, að þingið fari hvort sem er ekki að taka löggjöf Sólons sjer til fyrirmyndar. Það er kunnugt, að hann færði niður og dró út skuldir, til þess að ljetta hinni óþolandi byrði af herðum almúgans í Attíku.

Annar h. þm. kom fram með það, að skuldirnar stöfuðu af vöruskiptaverzluninni. Á þá að segja við bóndann: Seldu fyrir peninga, og við kaupmanninn: kauptu fyrir peninga? Þetta geta ekki lögin sagt. Bóndinn verður sjálfur að segja við kaupmanninn: Láttu mig fá peninga. Það þarf alls eigi að vera neinn skaði fyrir bóndann, þótt hann fái minna fyrir vöru sína, er hann tekur það í peningum, en ef hann tæki ur það í vörum. Því að, þegar hann hefir peningana, þá getur hann fengið betra verð á útlendu vörunni, og er það skoðun mín, að þess konar verzlun sje bezt. En hún verður aldrei lögboðin.

Jeg get sannarlega skrifað undir það, sem h. 2. þm. Skagf. (Jón Jak.) sagði um verzlunarerindreka. Hugmyndir þær, sem komið hafa fram í blöðunum um þetta efni, sýna berlega, að menn hafa enga hugmynd um, hvað verzlunarerindreki er.

Kaupfjelögin hafa menn, sem semja fyrir þau við erlenda kaupmenn. Það eru þeirra erindrekar. En skuldirnar minnka ekki fyrir það. Verzlunarfjelögin komast líka í skuldir og það stórskuldir.

Jeg sje ekki, að nefnd í þessu máli geti á nokkurn hátt ráðið úr þessum vandræðum. Hún eyðir tíma og kröptum; að öðru leyti er hún meinlaus. Gagnið get jeg ekki sjeð.

Skúli Thoroddsen: Mjer þykir mjög vænt um, að tillaga þessi er komin inn á þingið, ef vera mætti, að eitthvað gott gæti af henni leitt, því jeg veit sannlega ekki, hvaða mál ætti að vera oss meira áhugamál en verzlunarmál vort; ýmsir af h. deildarmönnum, sem talað hafa í máli þessu, hafa lýst ýmsum agnúum, sem á verzlunarfyrirkomulaginu eru, og jeg held, að fæstir þeirra hafi tekið of djúpt í árinni, því að mjer liggur við að segja, að sá segi sannast, er verst segir, þegar um verzlunarástand vort er að ræða. Og um það er jeg viss, að þjóðin muni þakklát h. deild, ef hún fyndi einhver ráð til að koma verzluninni í vænlegra horf en hún nú er, og jeg örvænti alls eigi, að einhver slík ráð megi takast að finna, og að deildin muni sjá einhvern veg til að losa um þótt ekki sje nema einhvern af þeim fjötrum, sem hepta hagkvæm verzlunarviðskipti. Jeg kunni því illa við spár h. þm. Rvíkinga (H. Kr. Fr.) og h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) um það, að væntanleg nefnd mundi ekkert gagn geta unnið, og jeg vona, að þær spár rætist ekki. Ef nefndin verður skipuð beztu kröptum þingsins, þá er jeg viss um, að henni tekst að vinna eitthvað til gagns. Jeg gjöri að vísu ekki ráð fyrir, að frv. þau, sem búast má við, að nefndin komi fram með, verði útrædd á þessu þingi; en eigi að síður er það þó mikils vert, að málinu sje hreift og að það verði rætt sem ýtarlegast, því að mönnum gefst þá betri kostur á að íhuga það og ræða milli þinga, og þá er þess að vænta, að það komi betur undirbúið inn á næsta þing. H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) ljet sjer um munn fara, að h. flutningsm. (Þorl. G.)

hefði átt að gera grein fyrir hinum einstöku atriðum, er nefndin skyldi einkum íhuga. (*J. Þ.:* Jeg óskaði að hann kæmi með bendingar í þá átt). En slíkt er einmitt hlutverk nefndar þeirrar, er fær málið til meðferðar. En eigi að síður skal jeg þó nefna nokkur atriði, er jeg álít, að nefndin þurfi að taka til íhugunar.

Það mun flestum koma ásamt um það, að skuldaverzlunin sje einn af þeim alagnúum, er verzlun vorri standi fyrir þrifum, og verður það því eitt af hlutverkum væntanlegrar nefndar, að reyna að finna bót við þessu böli. Svo var að heyra, sem h. þm. Rvíkinga (H. Kr. Fr.) þætti nokkuð viðsjárvert að grípa til þeirra ráða, að eyða skuldum á sama hátt og Sólon gjörði forðum; hitt fannst honum eðlilegra, að kaupmenn ættu að ríða þar á vaðið; en jeg held að reynsla undanfarandi tíða hafi sýnt, að ekki sje bóta von úr þeirri átt. Vjer vitum það allir, að það er sumra kaupmanna siður, að binda menn við borð með því að koma á þá skuldafjötrum. Að minni ætlun hafa skuldir einkum aukizt af því á seinni árum, að meira fjör og keppni hefir komið fram í verzluninni, og eiga kaupfjelögin eigi alllítinn þátt í því. Vjer, sem við þau erum riðnir, vitum það, hve örðugt mörgum hefir orðið að skipta við þau einmitt af því, að kaupmenn hafa reynzt svo ótrauðir að binda menn við borð með lánum. En nú er spurningin, hver ráð muni til þess að sporna við verzlunarskuldunum. Vandfengin munu þau að vísu, en þó hefir í blöðum vorum verið bent á eitt ráð, sem hrífa mundi, og það er, að lögleiða sjerstaka skuldafyrningu að því er verzlunarskuldir snertir. Jeg hef hreift því máli fyrir nokkrum árum; en jeg býst við að sumum kunni að þykja það nokkuð hart aðgöngu, eða eins konar hrossalækning; en með illu skal illt út drífa. Slíka skuldafyrningu mætti auðvitað hugsa sjer á ýmsan hátt; það mætti t. d. hugsa sjer þau skuldfyrningarákvæði, að þær skuldir, sem stofnaðar væru áður en lögin öðluðust gildi, skyldu vera fyrndar, ef þær væru eigi fullgreiddar innan 10 ára; en skuldir þær, sem síðar væru stofnaðar, ættu t. d. að vera fyrndar eptir 2 ár. Jeg drep að eins á þetta sem bendingaratriði fyrir væntanlega nefnd. En jeg sje, að ýmsir h. þm. hrista höfuðin, og þar á meðal h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr); hann hyggur líklega, að bændum muni veita erfitt að lúka skuldum sínum á þeim tíma. Getur verið, að svo reyndist; en gæti menn þess, að hjer er um böl að ræða, sem sterk ráð þarf til að lækna, og mikið væri sannarlega leggjandi í sölurnar til að fá lækningu á því. Annað atriði, sem ekki hefir heldur verið hreift, eru fjötrar þeir, sem hvíla á verkalýðnum í kaupstöðum og kauptúnum landsins; það er algengast, að fólk þetta verður eingöngu að taka borgun fyrir vinnu sína í vörum út úr verzluninni; en margur er sá verkamaðurinn, sem ekki getur eignazt svo mikið sem krónu virði í peningum fyrir vinnu sína; að minnsta kosti fæst það ekki eptirtölulaust. Jeg hef fyrir nokkrum árum leitað mjer upplýsinga um það, hvernig daglaunaborgun til verkmanna er hagað í öðrum löndum, og get jeg frætt menn um það, að hjá menntaþjóðum heimsins þekkist ekki önnur eins aðferð; menn viðurkenna það, að verður sje verkamaðurinn launanna; í Englandi eru það t. d. lög, að verkamaðurinn á heimtingu á að fá vinnu sína borgaða í peningum, annaðhvort daglega eða í lok hverrar viku.

Jeg drep á þetta, af því að það er all þýðingarmikið atriði, og verður þýðingarmeira, ef losað verður um vistarbandið, eins og til mun standa, og fleiri

fara að leita sjer atvinnu með daglaunavinnu, einkum í kaupstöðum og í kauptúnum landsins. Kaupstaðarfólkið verður svo statt, á meðan sá gjaldháttur á kaupi helzt, sem nú tíðkast, að það getur t. d. ekki fengið landvöru hjá landbændunum; allt verður fyrst að ganga í gegn um greipar kaupmannsins, og menn þessir eru í fyllsta skilningi fjötraðir við búðarborðið; að jeg ekki nefni allt það andlega ósjálfstæði, sem af þessu leiðir.

Þetta var þá annað bendingaratriði, er jeg vildi gefa hinni væntanlegu nefnd. Enn fremur er h. deild kunnugt um, að áður hefur komið fram frumv. um sjerstakt varnarþing í skuldamálum. Þetta frumv. ætti nefndin einnig að taka til íhugunar, og yrði það að lögum, er von til, að slíkt yrði til þess, að takmarka ögn skuldaverzlunina, því að menn í fjarska mundu þá fremur hika við, að taka lán, að minnsta kosti mundu þeir betur gæta þess, að greiða þau í rjettan gjalddaga, er auðveldara væri, að sækja þá að lögum en nú gjörist.

Enn er það þýðingarmikið atriði í þessu máli, að mikið af verzlunar-arði landsins flyzt út úr því, en slíkt er bein afleiðing af því, að fjöldi kaupmanna vorra er búsettur erlendis.

Jeg skal ekki að þessu sinni tala um það, hvort lög um búsetu fastra kaupmanna, svo sem áður hefir verið fram fylgt á þingi, myndu reynast bót við þessu böli, en þetta atriði er þó fullkomlega þess vert, að nefndin taki það til íhugunar. Þetta eru þá þær helztu bendingar, sem jeg vildi gefa nefnd þeirri, sem jeg vona að kosin verði að umræðulokum.

Einar Jónsson: Jeg er með því að nefnd skuli kosin í þessu máli, því að jeg er samdóma þeim mönnum, sem talað hafa um verzlunarólag hjá oss og skuldakreppu, og að full þörf sje á, að löggjafarvaldið reyni að ráða einhverjar bætur á því, ef unnt er. Það hafa þegar komið fram nokkrar bendingar um það, hvernig verzlunarhagnum mundi komið í betra horf. Eitt atriði hefur þó ekki verið nefnt, sem taka þarf til greina, þegar um viðreisn verzlunarinnar er að ræða, og það er peningaskorturinn í landinu. Hann hefur verið full-tilfinnanlegur að undanförnu, og þó er líklegt, að hann fari fremur í vöxt, ef tekur fyrir fjárverzlunina við Englendinga, og peningastraumur sá stöðvast, sem hún hefir haft í för með sjer undanfarandi ár. Hætti þessi fjárverzlun, þá virðist það liggja í augum uppi, að sje ekki gripið til neinna nýrra ráða, þá muni peningar þverra svo í landinu, að til vandræða horfi. Það er ekki útlit fyrir annað, ef eigi breytist til batnaðar, en að mönnum muni verða ókleyft að greiða skyldugjöld sín í peningum. Nú hefir mjer dottið í hug, hvort ekki mætti finna ráð til að sporna gegn þessum vandræðum, og ljetta þeim af. Það mundi þegar nokkuð bæta úr skák, ef kaupmönnum yrði gjört að skyldu, að greiða verkamönnum laun sín í peningum, þegar þeir æskja þess. En jeg sje ekki heldur neitt sjerlegt á móti því, að gjöra þeim að skyldu, að hafa svo mikla peninga fyrir hendi, að þeir gætu lánað hverjum viðskiptamanni sínum, er stendur í skilum með borgun á vörum þeim, er hann hefir tekið út, vissa upphæð í peningum, upphæð, sem yrði að vera ákveðin í hlutfalli við viðskipta upphæðina.

Jeg tek það að endingu fram, að það er ósk mín, að nefndin taki til vandlegrar íhugunar peningaskort landsins, og leiti ráða til að fá bætt úr honum.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg sagðist ekki ætla að tala meir að þessu sinni, enda stend jeg

að eins upp, til að leiðrjetta misskilning eða misheyrn hjá h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.). Jeg sagði aldrei, að hann hefði mælt á móti nefnd í máli þessu.

Sighvatur Árnason: Jeg er einn af þeim, sem vilja að nefnd sje skipuð í þetta mál, í þeirri von, að hún muni þó að minnsta kosti geta hrundið því eitthvað áleiðis, og að störf hennar muni verða góður undirbúningur undir málið, ef það kemur inn á næsta þing. Jeg er líka viss um, að það mundi verða óvinsælt hjá þjóðinni, ef þessi tillaga yrði felld hjer í deildinni. Það var sjerstaklega eitt atriði, sem jeg vildi minnast á og biðja nefndina að taka til íhugunar, og það er það, sem jeg kalla hina blönduðu verzlun, það er að segja, að sami kaupmaðurinn hafi alls konar vörutegundir á boðstólum og tekur alls konar vöru á móti. Slík verzlunaraðferð hlýtur að gjöra verzlunina í mörgum greinum óhagfeldari. Jeg er á þeirri skoðun, að peningaverzlun sje hagkvæmari en vöruskiptaverzlun, en jeg játa, að töluverð óhægð er á henni hjer; þó mundi efalaust mega reka hana meira en gjört er, einkum ef verzlunin væri ekki eins blönduð og hún er, og þá gætu menn vænt þess, að kaupmenn komi með meira af peningum en þeir gjöra, ef þeir hefðu ekki allar vörur að bjóða.

Skal jeg svo ekki orðlengja þetta, en álít málið mjög athugavert.

Bogi Melsteð: Verzlunin er svo þungbær þjóð vorri, að jeg álít sjálfsagt að skipa nefnd í mál þetta, ef hún gæti gjört eitthvað til bóta, þótt vjer af annari hálfu verðum að játa, að máli þessu er svo háttað, að þingið mun lítt geta kippt því í lag.

Það hefir verið bent á mörg af verzlunarmeinum vorum, en enginn hefur bent á það, sem að minni hyggju er aðalmeinið; skuldaverzlunin er það í sjálfu sjer ekki, þ. e. að segja, að lán geta verið og eru nauðsynleg, enda tíðkast þau um allan heim, en það verður að nota þau viturlega, betur en vjer gerum. Aðalmeinið er, að vöruverðið er svo ranglátt, að peningaverzlun er ómöguleg eins og nú stendur; verðið á innlendu vörunni er of hátt. Það er svo hátt, að kaupmenn bíða að jafnaði tjón á henni, og það tjón verða þeir að vinna upp með því, að leggja meira á útlendu vöruna en eðlilegt er. Verzlunin kemst þá fyrst í lag, er jeg get komið til kaupmannsins með vöru mína og selt honum hana fyrir peninga, og keypt síðan útlendu vöruna fyrir peninga, hvar sem jeg vil. Jeg sje ekki, að þingið geti ráðið bót á þessu; ekki getur það ráðið verðlaginu; þjóðin öll og kaupmennirnir verða að leggjast á eitt með að kippa þessu í lag.

H. 2. þm. Rangv. (S. Á.) taldi það, sem hann kallaði blandaða verzlun, eitt af aðalverzlunar-meinunum. Það er satt, að hjá stærri þjóðunum er verzlunin meira aðskilin en hjá oss. En jeg get ekki skilið, hvernig það ætti að geta gengið hjá oss, þar sem umsetning er svo lítil og fólksfæð svo mikil, að einn maður verzlaði með klæði, annar með ljerept, þriðji með járn o. s. frv. Jeg játa það, að þessi verzlunaraðferð er betri, þar sem hún getur gengið, bæði má búast við, að kaupmenn hafi þá betri vörur, og tiltölulega leggst minni kostnaður á þá verzlun, en það gefur hverjum manni að skilja, að hún getur lítt þrifizt hjer, þar sem ekki er meira en svo sem 50 kr. umsetning á ári á sumum vörutegundum í ýmsum kauptúnum landsins.

Jeg get fyllilega skrifað undir það, sem h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) og h. 2. þm. Eyf. (J. J.) sögðu um verzlunar-

erindrekana. En enginn hefir minnzt á kostnaðinn við þá, og hann yrði ekki lítill, því að ekki hlýðir annað en launa þeim vel, álíka og konsúlum erlendis. Þeir geta ekki búið á kvistherbergjum eins og handiðnamenn, eða gengið töturlega til fara; þeir verða að búa svipað og ganga líkt til fara og menn þeir, er þeir þurfa að eiga mest samskipti við, en meginþorri þeirra yrðu efnaðir kaupmenn. Í Danmörku gæti verið, að þeir kæmust af með 6000 kr. laun á ári, en í Englandi og Frakklandi veitti ekki af að veita þeim hálfu hærri laun; annars mundu þeir tæplega verða að liði.

Það hefir verið minnzt á, að skylda kaupmenn til að hafa fasta búsetu í landinu, svo að arðurinn af vinnu þeirra flyttist ekki úr landi. Jeg er á móti því, að leggja bönd á persónulegt frelsi manna, nema þar sem nauðsyn krefur. En þótt eigi væri tekið tillit til þess, þá hagar hjer svo til, að það er næsta örðugt fyrir kaupmenn að búa hjer. Vjer verðum fyrst að koma Íslandi í nánara samband við önnur lönd, áður en vjer förum fram á það. En eins og nú stendur, er það miklu meira áríðandi fyrir kaupmanninn, að geta verið erlendis og selt þar og keypt sjálfur vörur sínar, en að hafa heldur umboðsmann hjer. En ef vjer gjörðum eitthvað í þessa átt, þá er jeg helzt á því, að vjer ættum að stíga stórt skref. Jeg hef talað við marga menn erlendis um verzlun vora, menn sem ekki eru við íslenzka verzlun riðnir og hafa því engan hag af henni, og hafa þeir varpað því fram, hvort ekki mundi ráðlegt að landið sjálft tæki að sjer verzlunina; þetta gæti verið íhugunarvert, þótt jeg að öðru leyti sje fráhverfur allri »monopol-«verzlun.

Þórarinn Böðvarsson: Mál þetta er sannarlega eitt af hinum alvarlegustu og þýðingarmestu málum vorum. En mjer dettur hjer í hug gamla sagan, að bjölluna þurfi að hengja á köttinn, en spurningin er hin sama og forðum: Hver á að gjöra það? Það þarf að bæta verzlun vora, en hvernig á að gjöra það? Verzlunin er nú sumstaðar svo þungbær, að jeg fæ varla sjeð, hvernig þjóðin muni fá risið undir henni; hjer virðist það því eiga við, að ræða málið í tíma og ótíma; einhvern árangur kunna umræður þó að bera, og því er jeg samdóma því, að nefnd sje kosin í það. Það hefur verið bent á margt, sem gjöra ætti, til að kippa verzluninni í lag, og þar á meðal á það, að vörusalan væri aðgreind; kæmist það á, teldi jeg töluvert spor stigið í umbótaáttina. Einnig mundi mega gjöra nokkuð til að hlynna að verzlunarfjelögum. En af því svo margt hefur þegar verið talað, skal jeg ekki fara lengra út í málið að sinni, enda getur nefndin borið sig saman við oss þingmenn og fengið þannig að heyra tillögur vorar, ef henni þóknast.

Jón Jónsson (þm. Eyf.): H. þm. N.-Múl. (E. J.) kvað það hlutverk nefndar í máli þessu, að finna ráð til þess, að meiri peningar yrðu í landinu en verið hefur. Það er ofur-einfalt ráð til þess, ekki þarf annað en að framleiða meira en eytt er.

Hitt ráðið, að skylda kaupmenn til að hafa peninga í hlutfalli við umsetningu þeirra, lízt mjer miður á. Það er band, en mjer er illa við öll viðskiptahöpt, enda vill sú raun á verða, að þau verka í gagnstæða átt við það sem til var ætlað, þau spilla en bæta ekki; og hví mun ástandið vera nú eins og það er? Mun það ekki vera eptirstöðvar af því, að bönd hafa hvílt á verzlun vorri.

Í ræðum h. 1. þingm. Rangv. (S. Á.) og h. varaforseta (Þ. B.), kom það

fram, að þeir vildu láta banna framvegis hverjum kaupmanni að verzla nema með eina eða fáar tegundir af vörum hver, og skyldu verzlunarleyfi bundin því skilyrði framvegis. Samkvæmt grundvallarskoðunum þeim, sem jeg lýsti áðan yfir, að öll viðskiptahöpt væri ill og skaðvænleg, er svo fjarri að jeg telji slíkt til gagns, að jeg hygg, að það mundi verða til stórskaða.

ATKVÆÐAGR.: Þegar hjer var komið umræðunum, höfðu 8 þingd.m. beðið um skriflega, að umræðunum væri hætt, og var það samþykkt. Því næst var stungið upp á að 5 manna nefnd væri kosin í málið, og var það samþ. með 20 samhlj. atkvæðum og þessir kosnir:

Skúli Thoroddsen	með	19	atkv.
Þorl. Guðmundsson	—	18	—
Jón Jónsson þm. Eyf.	—	17	—
Bogi Melsteð	—	11	—
Jens Pálsson	—	10	—

Fyrstu umræðu síðan frestað.

Frumv. til laga um kirkjur (C. 153); 1. umr.

Forseti gat þess, að þótt framorðið væri, mundi hann taka þetta mál til umr., í von um, að umræður yrðu eigi langar.

Flutningsmaður (*Þórarinn Böðvarsson*): Jeg sje enga sjerlega ástæðu til að umræður sjeu stuttar um þetta mál, og án þess jeg vilji hvetja menn til að vera langorðir, vildi jeg þó gjarnan heyra greinilegt álit manna á þessu máli. Jeg skal að eins í fáum orðum segja sögu þessa máls. Árið 1889 bar jeg fram á þingi líkt frumv., sem var rætt hjer í deildinni; en sá varð endirinn, að það var hlutað í sundur og breytt svo, að mjer lá við að greiða atkv. móti þessum helmingi, sem nú eru gildandi lög. Jeg hætti samt við það, því jeg hugsaði mjer, að jeg mundi brátt bera fram annað frumv. í sömu átt.

1891 hafði jeg frumvarp, sem var næst samhljóða því, sem nú liggur fyrir, með mjer til þings, en gat þá ekki flutt það sjálfur, af því jeg var í forsetasæti, en fjekk engan þingmann til að flytja það. Bar jeg því næst frv. þetta þá næst undir prestastefnu í fyrra og þar var skipuð nefnd í málið og í þeirri nefnd sátu stiptsyfirvöldin, E. Briem prestaskólakennari, og nú konungkjörinn þingmaður í efri deild þessa þings: Þorkell Bjarnason frá Reynivöllum. Nefnd þessi samþykkti frv. eins og það nú er, með öllum atkv. Nú um daginn var það aptur borið undir prestastefnu, en sökum tímaleysis gat hún ekki rætt það ítarlega, en var samþykk aðalstefnunni og hvatti þess, að frumv. yrði borið fram hjer á þinginu og fól mjer það.

Sje jeg nú spurður, hvers vegna jeg komi fram með þetta frumv., þá vil jeg svara: Af því að þörfin er svo mikil. Meðferðin á fje kirkna hefur lengi verið óþolandi, og kirkjurnar eru víða svo illa byggðar og illa hirtar, að það er til vansæmdar fyrir landið. Sjálfsagt eru heiðarlegar undantekningar. Þykir mönnum það ekki vansómi fyrir landið, er útlendur maður spyr sjálfan prófastinn, þegar hann sjer kirkjuna á heimili hans: Er þetta fjósið þitt? En menn kynnu nú að spyrja: Hvað viltu hafa fram með þessu frumv.? Þá svara jeg: Jeg vil hafa óbrotnari gjaldmáta en nú er, og nýja meðferð á fje kirkna og nýtt og skynsamlegt eptirlit með byggingu þeirra.

Það yrði allt of langt mál, ef jeg nú vildi fara í gegn um alla þá ósanngirni og allan þann rugling, er nú á sjer stað. En víst er um það, að lítið vit er í því núverandi fyrirkomulagi, og ber brýna nauðsyn til bóta.

Setjum nú svo, að hjer væri engin kirkja, og ræða ætti, hvernig ætti að jafna kostnaðinum við byggingu nýrrar kirkju niður á safnaðarmenn. Jeg set svo, að einn legði það til, að farið væri eptir jarðeignum, og lagt visst gjald á hvert hundrað, hversu vitlaust sem hundraðatalið væri. Aðrir vildu setja gjaldið eptir því, hve margar ær, kýr, sauði, naut, skip o. s. frv. hver einstakur ætti og það hversu óáreiðanlegt, sem þetta framtal væri. Þriðja gjaldið, ljóstollurinn, hvílir mjög ójafnt á mönnum, því sá, sem tíundar eitt hundrað, verður að borga 8 merkur, og sá, sem tíundar 30 hundruð, borgar jafnmikið.

Gjöld til kirkna eru byggð á óeðlilegum grundvelli og auk þess sum mjög miklum vafa undir orpin, og held jeg að allir verði að játa, að þörf sje á að breyta. Vjer verðum að hafa einhvern einn mælikvarða. Kirkjan er byggð fyrir alla safnaðarmenn, og þess vegna er rjettast, að goldið sje eptir höfðatölu. Þetta tók jeg fram 1889, en það var eigi viðurkennt, af því að menn vissu þá eigi, hve mikil upphæðin mundi verða. En nú hefir nefndin, sem prestastefnan setti í málið, rannsakað þetta, og mun h. deild geta fengið skýrslur þær til afnota, er safnað hefir verið í þeim tilgangi.

Að öðru leyti fer frumv. fram á, að skynsamlegra og betur sje varið fje kirkna en hingað til hefir verið gjört. Það fer fram á, að kirkjur verði betur byggðar, og yfir höfuð, að koma byggingu þeirra í betra horf. Það fer fram á, að gjaldendur hafi meira atkv. um það, hversu því fje er varið, er þeir leggja fram.

Það hefir sannarlega reynt á heilsu og þolinmæði manna, að sitja undir messu í grindahjalli, sem hvorki heldur vindi nje vatni.

Jeg skal eigi vera langorður; en jeg skal taka það fram, að sje jeg spurður, fyrir hvern þetta sje gjört, hvort það sje gjört fyrir prestana eða fyrir alþýðuna, þá svara jeg: fyrir hvorutveggju, en þó meira fyrir alþýðuna. Því að kirkjan er alþýðueign, og allir alþýðumenn, sem kristnir eru og kirkju sækja, mundu verða mjög þakklátir, ef þeir fengju góða kirkju, þar sem þeir gætu tilbeðið drottinn sinn.

Að þessu leyti er þetta kristilegt mál, og það er ætlun mín, að það miði mjög til velferðar og framfara kristindómsins. Það er því langt frá því, að jeg vilji taka fyrir munn nokkurs þm. í þessu máli, og er jeg þvert á móti hverjum þeim þakklátur, er vildi láta í ljósi skoðun sína um frv. þetta, og kæmi ef til vill með góða breytingu í einhverja átt. Jeg leyfi mjer að mæla fastlega fram með málinu og vona, að h. deild verji nokkru af tíma og kröptum sínum til að íhuga það.

Landshöfðingi: Jeg geri ráð fyrir að nefnd verði sett í málið, því jeg er fullkomlega samdóma h. flutningsm. um, að mikið stig væri stigið til framfara, ef þetta frv. gæti leitt til þess, að allar kirkjur yrðu sæmilega úr garði gerðar. En það er eitt atriði í þessu máli, sem jeg sjerstaklega vil benda á, en það eru kirkjusjóðirnir. Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til hinnar væntanlegu nefndar, hvort ekki mundi vera tiltækilegt að hafa einn allsherjar-kirkjusjóð, eins og tíðkast í sumum öðrum löndum. Því það er kunnugt, að sumar kirkjur eru ríkar, og sumar fátækar og skuldugar, og liggur í augum uppi, að heppilegra væri, að þær hefðu allar sameiginlegan sjóð, svo að hver hjálpaði annari.

Klemens Jónsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að þegar sje kosin 5 manna nefnd í þetta mál.

Flutningsmaður (Þór. Böðvarss.): Jeg er hæstv. landshöfðingja mjög þakklátur fyrir undirtektir hans í þessu máli, og skal jeg leyfa mjer að geta þess, að einmitt þetta ákvæði um allsherjarkirkjusjóð var í hinu fyrra frv. mínu, en jeg þorði satt að segja ekki að setja það í þetta. En ummæli h. landshöfðingja gjöra mig öruggari um afdrif þessa máls.

Forseti: Jeg vil benda h. varaforseta á, að þegar hefir verið komið með uppástungu um að kjósa þegar 5 manna nefnd í málið, og umræðum má eigi halda áfram, fyr en sú atkvæðagreiðsla er um garð gengin.

ATKVÆÐAGR.: Uppást. Kl. Jónssonar samþykkt. Kosningu í nefndina hlutu þessir:

Þórarinn Böðvarsson	með	19	atkv.
H. Kr. Friðriksson	—	18	—
Sigurður Gunnarsson	—	15	—
Björn Bjarnarson	—	11	—
Jón Jakobsson	—	11	—

Umr. frestað.

Frumv. til laga um skipulag og stjórn andlegra mála hinnar ísl. þjóðkirkju, (C. 156); 1. umr.

Jón Þórarinsson: Af því að þetta mál er svo svipað því, er næst fór á undan á dagskránni, leyfi jeg mjer að stinga upp á því, að því sje vísað til þeirrar nefndar, er kosin var í því máli, einkum þar sem mjer virðist, að sú nefnd sje mjög heppilega samsett.

ATKVÆÐAGR.: Uppást. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga búnaðarmálefni landsins (C. 158); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr.

ATKVÆÐAGR.: Tillaga forseta samþykkt með öllum þorra atkv.

Áttundi fundur mánudag 10. júlí kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Forseti gat þess að til sín væri komin:

1. Bænarskrá frá cand. theol. Sæm. Eyjólfssyni um styrk til að leggja stund á búnaðarvísindi.

2. Áskorun frá þingmálafundi í Hraungerði um breytingu á Árnessýslu læknishjeraði.

3. Beiðni ekkjunnar Ingveldar um að fá keypta ábúðarjörð sína Norður-Hvamm í Vestur-Skaptafellssýslu.

Enn fremur gat forseti þess, að hann hefði fengið tilkynningu um, að í nefndinni um verzlunarmálefni landsins væri Þorlákur Guðmundsson kosinn formaður og Bogi Melsteð skrifari.

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Islands (C. 159); 1. umr.

Flutningsm. (Sighvatur Árnason): Um leið og jeg stend upp til að tala fáein orð fyrir frv. þessu, vil jeg taka mjer til heilræða orð hæstv. landshöfðingja í þessu máli á síðasta þingi, er hann sagði, »að formælendum slíks máls ætti að vera innrætt stilling og staðfesta«. En svo jeg víki að frv. sjálfu, þá skal jeg geta þess, að jeg hefi fundið eina stafvillu í 16. gr. 4. línu, þar stendur: »reglulega«, en á að vera «reglulegu«. Frv. er h. deildarmönnum kunnugt, því að það er alveg samhljóða stjórnarskrárfrv. því, sem samþ. var hjer í deild við 3. umr. 1891, með 18 atkv. gegn 3, en síðan fellt í E. d. gegn atkv. 4 þjóðkjörinna þingmanna, svo málið er nú komið inn á þingið margrætt í báðum deildum þingsins, af þeirri sömu tröppu, sem það stóð á seinast á síðasta þingi. Jeg finn því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um það á þessu stigi málsins og álít það heldur ekki heppilegt fyrir málið. Af

sömu ástæðu sje jeg ekki heldur þörf á að nefnd sje skipuð í málið. Jeg vil enda þessi fáu orð með þeirri ósk, að málið fái að ganga nú þegar til 2. umr. og að það fái að ganga sem greiðast gegn um þingið, svo að það eyði sem minnstu af hinum dýrmæta tíma þess.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 22 samhl. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um nefnd til að íhuga búnaðarmálefni Íslands (C. 158); 1. umr.

Flutningsm. (*Björn Bjarnarson*): Jeg vona, að jeg þurfi ekki mikið að mæla með tillögu þessari. Það segir sig sjálft, hve áríðandi það er, að hvert mál sje sem bezt skoðað, og því meir áríðandi er það, því mikilvægara sem málið er, og hjer mun mönnum vart blandast hugur um, að um mikilvægt mál sje að ræða, þar sem liggur fyrir að íhuga heilan og þýðingarmikinn málabálk, búnaðarmál vor. Jeg álít það æskilegt, að þessi flokkur mála gengi í gegn um eina nefnd nú á þingi, svo að betri von sje til, að þeim verði komið í samræmilegt horf. Jeg gjöri ráð fyrir, að til þessarar nefndar verði vísað öllum þeim málum, er sjerstaklega við koma búnaðinum, sem inn á þingið koma, og að því er kemur til umtals um fjárveitingar til búnaðarskóla, þá óska jeg, að nefnd þessi fái að íhuga þær og koma með tillögur sínar um, hvernig því fje skuli varið, er veitt yrði í þessu tilliti. Jeg ímynda mjer, að h. þingdeild sje fullljóst, hvert verkefni nefndar í máli þessu er, svo ekki þurfi að útlista það nákvæmar. En af því að verkefni nefndar þeirrar, sem samkvæmt þingsályktunartill. er farið fram á að skipuð verði, getur orðið talsvert umfangsmikið, legg jeg til, að nefnd í því verði skipuð 5 mönnum.

Landshöfðingi: Á seinasta alþingi var samþykkt þingsályktun, þar sem skorað var á stjórnina að útvega álit og umsögn allra sýslunefnda og amtsráðanna um sameiningu búnaðarskólanna, og leggja síðan þessar umsagnir fyrir þingið. Mjer er ekki ljóst, hvort þessi nefnd á líka að íhuga búnaðarskólamálið. (*B. B.:* Jú). Fyrst svo er, þá eru skýrslur þessar á reiðum höndum, og mun jeg með leyfi h. forseta afhenda þær nefnd þeirri, sem í málið verður kosin.

Þórarinn Böðvarsson: Sem formaður fjárlaganefndarinnar skal jeg leyfa mjer að tala fáein orð í þessu máli. Jeg skil ekki fyllilega, hvað nefnd þessi á að vinna; mjer sýnist verksvið hennar muni að nokkru grípa inn í verksvið fjárlaganefndarinnar. Þó skal jeg sem einn af fjárlaganefndarmönnum ekki hafa á móti því, að skipaðar sjeu nefndir henni til styrktar. En ef þessi nefnd kemur fram með einhverjar tillögur um fjárveitingar, þá er æskilegt, að hún komi sem fyrst með þær tillögur, því að fjárlaganefndin mun að sínu leyti innan skamms fara að taka það atriði til íhugunar. Um sambandið milli þessarar nefndar og fjárlaganefndarinnar skal jeg ekki vera margorður. Ef tillögur hennar eiga að heyra undir þingið sjálft, þá sparar það fjárlaganefndinni erfiði; en eigi mun hún þó treysta sjer til að ganga fram hjá greininni um búnaðinn í fjárlögunum. Jeg er þakklátur þeim, sem vilja ljetta undir með fjárlaganefndinni, en ítreka aptur þá ósk mína, að nefndin í þessu máli komi sem fyrst með tillögur sínar.

Þorlákur Guðmundsson: Það er einkum eitt atriði í tillögu þessari, sem jeg vildi athuga, það atriði, að það skuli eitt af aðalætlunarverkum nefndarinnar, að íhuga og koma fram með tillögur um fjárveitingar úr landssjóði til búnaðarskóla og búnaðarfjelaga. En

eins og h. varaforseti (Þ. B.) benti á, þá heyrir það undir fjárlaganefndina. En ef fjárlaganefndin sjálf hefir ekki á móti því, að slík nefnd sje skipuð við hliðina á henni, þá mun jeg ekki verða henni mótfallinn. Jeg hefði heldur óskað, að tillagan hefði verið orðuð svo, að nefndin ætti að íhuga búnaðarskólamálið og koma fram með mælikvarða fyrir styrkveitingum til búnaðarfjelaga úr landssjóði. Hjer ber að sama brunni og með nefndina í verzlunarmálinu, að hún fær svo víðtækt starf, að hún getur ekki lokið því öllu á einu þingi, en af því leiðir, að hún verður að takmarka sig, og taka nú að eins fyrir nokkurn hluta þess, sem hún í raun rjettri hefði þurft að taka til íhugunar.

Flutningsm. (*Björn Bjarnarson*): Jeg skal taka það fram gagnvart ummælum h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.), að jeg býst við, að nefndinni verði það í sjálfsvald sett, hve mikið verkefni hún tæki sjer; jeg ætla henni að hafa lag á því að sníða sjer þar stakk eptir vexti og starfa eptir kröptum. En við ræðu h. varaforseta (Þ. B.) hef jeg ekki annað að athuga, en að jeg tel sjálfsagt, að nefndin muni koma fram með tillögur sínar svo fljótt sem hún getur, og leggi nefndin til, að breytingar verði gjörðar á fjárveitingum úr landssjóði til búnaðarmála frá því er fjárlaganefndin hefir stungið upp á, þá vona jeg, að hún taki þær til greina, að svo miklu leyti sem henni finnast þær skynsamlegar.

Jeg vona, að nefndin flýti svo störfum sínum, að tillögur þær, er hún kann að gjöra og fjárlögin snerta, komi fram svo tímanlega, að þær geti komið til álita og atkvæða um leið og fjárlagafrumvarpið á efri stigum þess hjer í deildinni.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. með 22 samhlj. atkv.

5 manna nefnd samþykkt, kosnir í hana:

Björn Bjarnarson	með 20	atkv.
Ólafur Briem	— 16	—
Björn Sigfússon	— 14	—
Þorl. Guðmundsson	— 13	—
Einar Jónsson	— 12	—

Umræðu frestað.

Frumvarp til laga um sjerstök eptirlaun handa Páli sögukennara Melsteð (C. 158, 180); 3. umr.

Jens Pálsson: Breyt.till., sem jeg ásamt fleirum h. þingd.mönnum hef leyft mjer að koma fram með, fer að eins fram á, að breytt sje nafninu á launum þessum, þannig, að orðinu »eptirlaun« sje breytt í heiðurslaun. Oss gekk það til breytingarinnar, að vjer vildum, að nafnið sýndi greinilega, að þingið vildi veita heiðursmanni þeim, sem hjer er um að ræða, þessi laun vegna sjerstakra verðleika, vildi sýna það í verki, að það metti það, að hann hefði unnið þjóð sinni gott, þarflegt og mikið verk, sjerstaklega með mannkynssöguritan sinni.

Jón Þórarinsson: Mjer þótti vænt um, þegar jeg sá, að h. stjórn hefði hugkvæmzt að sjá fyrir því, að æfikvöld þess heiðursmanns, sem hjer ræðir um, þyrfti ekki að verða dapurt, eins og hæstv. landshöfðingi komst að orði. Jeg hefði helzt óskað, að mál þetta hefði gengið umræðulaust gegn um þingið, og allra sízt datt mjer í hug, að jeg mundi taka til máls í því; en ýms ummæli h. deildarmanna og breytingar þær, sem fram hafa komið, hafa orðið tilefni þess, að jeg leiðist til að tala fáein orð áður en jeg greiði atkvæði mitt. Mjer finnst nokkur munur, hvernig viðurkenningin er veitt, hvort hún

er veitt sem eptirlaun, eins og stjórnin ætlast til, fyrir langa vinnu í landsins þarfir, eða hún er veitt sem heiðurslaun í viðurkenningarskyni fyrir framúrskarandi verðleika. Jeg játa, að jeg kann að því leyti ekki vel við að nefna þessa fjárveitingu »eptirlaun«, að sá, sem hennar á að njóta, hefir ekki áunnið sjer rjett til eptirlauna sem embættismaður; en það kann jeg betur við, að hún sje nefnd eptirlaun en heiðurslaun. Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. landsh. hafi með orðum sínum við 2. umræðu málsins gefið tilefni til breyt.till. þessarar, þar sem hann fór fögrum orðum um þann þrenns konar starfa, sem Páll Melsteð hefir haft á hendi. Hæstv. landshöfðingi gat þess, að hann hefði setið í dómarasæti, og þótt hann kunni að hafa gegnt þeirri stöðu full-sómasamlega, þá mun það varla hafa verið svo framúrskarandi, að hann eigi heiðurslaun skilið fyrir það. Annað starf hans er söguritunin; það er vitanlega ekki að mínu færi að fella óyggjandi dóm um hana; en þó mun það álitið, að hún sje þegar að verða á eptir tímanum, og hefir þegar fengið allharðan dóm sumra, og eru þó líkindi til, að eptirtíðin verði harðari en ekki vægari í dómum sínum um hana en nútíðin. Með söguritueinni hefir hann því naumast heldur unnið sjer rjett til heiðurslauna.

Þá kemur þriðja starfið, sögukennarastarf hans við latínuskólann, og játa jeg, að fyrir það starf sýnist mjer sterkari hvöt að veita honum heiðurslaun, því ljúfmennska hans og áhugi við það er hvorttveggja alkunnugt. Hæstv. landhöfðingi fór mörgum orðum um þessa miklu ljúfmennsku, er kæmi í hvívetna fram, og ástundun hans að færa alla hluti til betri vegar. Það er fjarri því, að hjer sje ofsögum sagt, en óneitanlega eiga þessir kostir fullt svo vel við hjá sáttasemjara, sem hjá manni í valdsmanns sessi, og fyrir þá út af fyrir sig mundi varla hægt að veita eptirlaunin; það er hætt við, að það mundi draga þann dilk eptir sjer, að æði-mörgum fleiri yrði að veita slík laun. Þrátt fyrir þetta, sem jeg hef tekið fram, hefir mjer ekki dottið í hug að vera á móti, að fjeð sje veitt; jeg hef að eins viljað sýna, í hverri mynd mjer sýndist rjettast að veita það, og það er fjarri því, að jeg fallist á, að klipið sje af upphæð þeirri, sem til er tekin í stjórnarfrumv. Þar sem hæstv. landshöfðingi við síðustu umræðu líkti Páli Melsteð við Björn Gunnlaugsson, þá finnst mjer slíkur samanburður alls eigi eiga hjer við, því að með allri virðingu fyrir Páli Melsteð get jeg ekki jafnað honum við slíkt andlegt mikilmenni sem Björn Gunnlaugsson.

Björn Bjarnarson: Breyt.till. þessari gef jeg því fúslegar atkvæði mitt, sem með henni er náð aðaltilganginum með breyt.till. þeirri, er jeg bar fram við 2. umr. þessa máls.

Jens Pálsson: Jeg ætla eigi að halda ræðu til að rekja lið fyrir lið atriðin í ræðu h. 2. þingm. G.-K. (J. Þ.), er hann hjelt til að gjöra grein fyrir atkvæði sínu, en að eins tala fá orð um hana. Jeg veit ekki betur en að það lifi í meðvitund vorri og allrar hinnar íslenzku þjóðar, að þessi maður láti eptir sig og hafi gefið þjóð vorri mjög góðan og mikilsverðan fræðslusjóð, og fyrir það eigi hann þökk og heiður skilið, og breyt.till. bendir einmitt á það, að hjer sje ekki verið að fylgja því fram, að veita laun hverjum þeim, sem lengi starfar fyrir þjóðina, heldur þeim einum, er starfa eigi að eins lengi, heldur og vel, — vinna þjóð sinni mikilsvert verk.

Björn Sigfússon: Þegar við 2. umr. málsins datt mjer í hug, að sínum aug-

um lítur hver á silfrið, og hið sama kemur enn fram. Sumir vilja halda fyrirsögn stjórnarfrumv. óbreyttri, aðrir vilja breyta henni og láta heiðurslaun koma í stað eptirlauna, þeir vilja, að það sje tekið fram í hverju skyni fjeð sje veitt, og jeg er einmitt einn af þeim, sem vilja að það sjáist strax á fyrirsögninni. Jeg skal ekki fara út í samanburð h. 2. þingm. G.-K. (J. Þ.) á Gunnlaugsen og Melsteð, því þótt hinn fyrrtaldi hafi verið meira framúrskarandi, þá sannar það ekki, að hinn síðartaldi sje ekki viðurkenningarverður. Væri hann það ekki að mínu áliti, gæfi jeg alls ekki atkvæði mitt fyrir þessari fjárveitingu. Af því Melsteð hefir verið hinn þarfasti maður í hverri stöðu, sem hann hefir verið í, þá blandast mjer ekki hugur um, að rjettara sje að kalla fje það, sem honum er ætlað, heiðurslaun en eptirlaun; að öðrum kosti mætti skoða sem fjeð væri veitt í gustukaskyni.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. samþ. með 15 : 6 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. með 20 samhlj. atkv. og síðan sent Ed.

Frumv. til laga um líkskoðun (C. 82, 171); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Klemens Jónsson): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, því jeg vona að h. deild, hafi kynnt sjer álit nefndarinnar. Nefndinni þykir mjög æskilegt að frumv. þetta verði samþykkt, því að tilgangurinn er góður. Það er mikilsvert að koma í veg fyrir kviksetningar og væri strax mikið unnið, ef bjargað væri, þótt eigi sje nema einum af miljón, frá því að vera kviksettur.

Það er að eins ein aðalbreyting, sem nefndin hefur gert á frumv., nefnil. sú, að það skuli vera aðalregla, að alstaðar sjeu tveir líkskoðunarmenn, eins þar sem læknar eptir stjórnarfrumv. áttu að skoða lík. En samt sem áður hefir nefndin eigi viljað breyta 2. gr. um skyldu hjeraðslækna og aukalækna að skoða lík, því að hún gekk út frá því, að þeirra mundi opt verða leitað til líkskoðunar. Aðalbreytingin er þá sú, að við viljum hafa líkskoðunarmenn alstaðar. Flestar aðrar breytingar leiðir af þessari aðalbreytingu, eða eru orðabreytingar einar. Breytinguna á enda 6. gr. gerði nefndin af því, að nefndinni þótti orð frumv. allt of óákveðin og óheppileg í lagaboði. Orðin, sem felld eru burt í 8. gr., eru óþörf við aðalbreytinguna. Jeg leyfi mjer að mæla með frumv., og vona, að h. deild samþykki það.

Þórður Guðmundsson: Jeg játa, að tilgangur þessa frumv. er góður, en það er spursmál um, hvort það getur orðið að fullum notum á öllu landinu. Jeg sje að það getur orðið það í kaupstöðum og þar sem þjettbýlt er, en þar sem strjálbyggt er og samgöngur litlar, er jeg hræddur um, að það verði lítt framkvæmanlegt. Það er og jafnan ísjárvert, að íþyngja fátæku fólki með útgjöldum, sem ekki eru bráðnauðsynleg, en þetta hefir einmitt talsverðan kostnað í för með sjer, einkum þar sem strjálbyggt er. Því að það er ákveðin tveggja króna borgun fyrir álitið um, hvort maðurinn sje dauður, og þar á ofan kemur ferðakostnaður, sem vel getur orðið frá 6—10 kr., og jafnvel meira, þegar um strjálbyggðar útkjálkasveitir er að ræða, og munar fátæklinga ekki svo lítið um þetta. Jeg fyrir mitt leyti sje ekki, að neina nauðsyn beri til slíkra laga, þar eð menn almennt eru mjög varkárir í þeim efnum, og í flestum hjeruðum mun það venja, að loka eigi kistunni algjört fyr en á

greptrunardeginum. Þar á móti þætti mjer æskilegt, að hæstv. landsh. hlutaðist til um, að útbýtt sje á hvert heimili um land allt prentaðri lýsingu á helztu dánarmerkjum.

Jeg hefi ótrú á að samþykkja lög, sem ekki verða að fullum notum, af því þau eru óframkvæmanleg og þeim verður ekki hlýtt. Af þessum ástæðum sem hjer eru teknar fram, mun jeg greiða atkv. móti frumv.

Framsögumaður (Klemens Jónsson): H. 1. þm. Rangvellinga (Þ. G.) álítur ákvæði frumv. lítt framkvæmanleg þar sem strjálbyggt er. En jeg er ekki hræddur um það, því að það er ekki bundið við, að það sjeu 2 líkskoðunarmenn í hverjum hrepp. Ef hreppurinn er stór, má setja aðra tvo, og auk þess gerir frumv. ráð fyrir varalíkskoðunarmönnum. Auðvitað er þetta kostnaðarauki fyrir menn, en ekki get jeg trúað því, að vinir og vandamenn hins látna mundu telja eptir sjer að borga nokkrar krónur, til að fá vissu um, hvort hann er í raun og veru látinn eða ekki; að minnsta kosti telja menn ekki eptir sjer, að senda eptir lækni, til að reyna í fremstu lög að bjarga frændum og vinum. Og jeg veit, að mörgum mundi verða hugarljettir að því, að fá nokkra tryggingu fyrir því, að menn sjeu eigi grafnir lifandi, því að sje það nokkuð, sem menn hryllir við, þá er það kviksetning. En það má telja víst, að það hafi komið fyrir hjer á landi. Að minnsta kosti segir dr. Jón Hjaltalín í gamla »Íslending«, að í kirkjugörðum hjer á landi muni hvíla mörg kviksett lík.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er tvenns konar tilgangur, sem frumv. þetta hefir, í fyrsta lagi að girða fyrir að kviksett sje, og í öðru lagi að lík þeirra manna, sem eigi deyja á sóttarsæng, en farast af slysum eða öðrum óþekktum orsökum, svo grunur geti leikið á um það, að þar dyljist glæpur á bak við, sje eigi jörðuð, fyr en þau hafa verið skoðuð af einhverjum, sem vit hefir á; og þetta er gott og lofsvert. En jeg get ekki sjeð, að frumv. veiti meiri tryggingu í þessum efnum en er. Hvað fyrra atriðinu viðvíkur, vil jeg geta þess, að þar sem jeg þekki til, eru menn mjög varkárir í þessu. En verði frumv. þetta að lögum, er jeg hræddur um, að vel geti farið svo, að þessi varkárni minnki, af því að menn kasti allri sinni áhyggju í því efni upp á líkskoðunarmennina. Þeir eru ekki betur að sjer í því en aðrir, og mætti eins vel leita til nágrannanna, sjerstaklega ef leiðbeiningum í þessu efni yrði útbýtt meðal almennings.

Eins og h. 1. þingm. Rangv. (Þ. G.) benti á, eru þessi lög ekki borin fram af neinum almennum vilja þjóðarinnar, og er jeg hræddur um, að þau, eins og önnur þess konar lög, verði meir á pappírnum en í framkvæmdinni. Jeg vil benda á, að það er með þessi lög eins og t. d. fyrstu greinina í skiptalögunum, að það verður erfitt að framfylgja þeim. En því fleira sem er af pappírslögum, því hættulegra er það fyrir þjóðina, og því hættara er við, að rjettarmeðvitund hennar spillist. Það er álit mitt, að þessi lög mundu í þessu efni fremur spilla en bæta.

Að því er snertir hitt atriðið í tilgangi frumv., nefnilega að tryggja það, að myrtir menn sjeu eigi grafnir áður en »legal Obduktion« hefir farið fram, er jeg hræddur um að það nái ekki tilgangi sínum. Því að þetta ákvæði, að slíkt lík megi ekki grafa fyr en eptir 6 daga, en þá megi grafa það, án þess að læknir sjái það, sje jeg eigi að gefi meiri tryggingu en nú er. Enda eru þess mjög fá dæmi, að lík sjeu grafin fyrr en eptir 6 daga. Sje um vofeif-

legan dauða að ræða, mun vera vant, að tilkynna hreppstjóra það þá þegar. Ákvæði frumv. eru góð í fjölmenni, en ónýt hjer; en væri jeg sannfærður um, að 1 af miljón væri tryggður gegn kviksetning fyrir ákvæði þessi, mundi jeg greiða atkvæði með frumv. Slík lög mundu og verða óvinsæl í framkvæmdinni vegna kostnaðarins, sem ekki er lítill, því að jeg býst við, að margir mundu álíta, að hann væri lagður á að nauðsynjalitlu, til þess að jeg ekki segi að óþörfu. Líkskoðunin sjálf kostar 2 kr., en þar við bætist ferðakostnaður og dagpeningar, 5 kr. fyrir hvern um sig, og verða það 12 kr. En á vetrum og í illviðrum og ófærð getur það orðið miklu dýrara.

Framsögumaður (Klemens Jónsson): Jeg þarf ekki að vera langorður út af ummælum h. þingm. V.-Skapt. (Guðl. G.), því að ræða hans voru tómir spádómar. Þeir geta verið góðir, en þeir eru ekki sjerlega sannfærandi. Þar sem hann heldur að vandamenn mundu verða miður varkárir, ef frumv. þetta yrði að lögum, þá er jeg ekki hræddur um það. Þvert á móti. Því að auk líkskoðunarmannanna mundu menn, alveg eins og nú viðgengst, láta nágranna og vini skoða líkið, og mundi þar með fást enn meiri trygging.

Viðvíkjandi því, sem hann sagði, að þetta væri ekki almennur vilji þjóðarinnar, þá get jeg eigi sjeð, að það sje nein ástæða til að fella frv., þótt þjóðin hafi eigi látið í ljósi vilja sinn um það; ætti að leita vilja þjóðarinnar í öllu, þá mundi vera óhætt að fella þegar ýms frumvörp, sem fram eru komin, að minnsta kosti hef jeg ekki heyrt að almenningur hafi óskað þeirra. Þar sem hann hjelt, að gagnið af lögunum mundi einungis verða á pappírnum, líkt og 1. gr. skiptalaganna, skal jeg geta þess, að þessari grein er fyllilega framfylgt í mínu umdæmi, og er hún því meir pappírsgagn. Þar sem h. þm. hjelt því fram, að annar tilgangur laganna, um að myrta menn mætti eigi grafa fyr en líkið væri skoðað af lækni, mundi fara út um þúfur, þar sem eptir ákvæðum laganna mætti grafa lík eptir 6 daga án skoðunar, þá nægir að benda honum á það, að þetta er hreinasta undantekning.

Kostnaðinn vill hann gera 12 kr. Nefndin hefir íhugað það atriði nákvæmlega og komizt að þeirri niðurstöðu, að hann geti varla farið fram úr 6 kr.

Einar Jónsson: Jeg er einn af þeim, sem álíta, að þótt frumv. þetta yrði gert að lögum, þá yrði það eigi mikil rjettarbót. Jeg er hræddur um, að það yrði ein pappírslögin. Á síðasta þingi var þessu máli hreift, og hefði þjóðin síðan getað látið í ljósi álit sitt á því, ef hún hefði viljað. Í mínu kjördæmi hefi jeg heyrt þessu máli tekið heldur illa og var það almennt álitið óframkvæmanlegt. Vera kann, að til sje dæmi upp á kviksetningu; en mun verða farið gætilegar með lík, þó að frv. þetta verði að lögum? Jeg hefði betur kunnað við, að þingið skoraði á stjórnina að láta gefa út lýsingu á dánarmerkjum og útbýta meðal almennings, og mundi eins mikið gagn að því. Auðvitað er öllum heimilt að kalla til lækni eða aðra, sem hann treystir betur en sjálfum sjer, þó að þetta frumv. verði eigi að lögum.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg man ekki, hvort jeg talaði nokkuð í þessu máli á síðasta þingi, en það man jeg, að jeg var ekki spenntur fyrir því. Jeg játa að tilganginum væri náð, ef þau, lögin, björguðu einum af miljón. En jeg held það sje meira á móti en með þessu frv., ekki einungis vegna kostn-

aðarins, á hann ber ekki eingöngu að líta, heldur vegna þess, að það er almenningsálit, að þau væru tilgangslítil. Því að líkskoðendurnir mundu helzt verða bændur, greindir eða ógreindir eptir því sem kosningar falla í það og það skiptið, en þeir mundu verða lítið betri en hlutaðeigendur. Þau tilfelli, þar sem mest er hætta á kviksetningu, eru sængurkonur, drukknaðir, helfrosnir og bráðkvaddir. En nú er hættan orðin minni en áður, síðan yfirsetukonum og læknum fjölgaði.

Kostnaðurinn getur orðið talsverður, en þegar um það er að ræða má bæði líta á borgun þá, sem líkskoðunarmenn fá, og líka á vinnumissi og fyrirhöfn þá, sem hlýzt af því að sækja þá, og getur hann með því móti orðið miklu meiri en 12 kr., máske helmingi meiri, undir hinum ýmsu kringumstæðum, sem hjer geta átt sjer stað, sjerstaklega á vetrardag.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg var genginn í bindindi með að tala í þessu máli. En þar sem komið hefir fram meira af mótmælum en jeg átti von á, þá neyðist jeg til að brjóta það. Þetta er alvarlegt mál og jeg mundi vera þakklátur, ef einum af þúsundi yrði bjargað; þótt það sje satt, sem sagt hefir verið, að menn sje alment varkárir, þá er þó eigi að síður þörf á að fá meiri tryggingu, ef hægt er. Jeg get sjálfur talað með um kviksetningar. Jeg var einu sinni í æsku minni haldinn dauður, og það var ekki foreldrum mínum að þakka, að jeg var ekki kviksettur, en mjer þóknaðist sjálfum að gefa bendingar áður en svo langt kom. Jeg átti beztu foreldra, sem voru eins athugasamir og hverjir aðrir, en þó gat svo borið undir. Það er eitt í þessu máli, sem þarf sannarlega að ákveða nánar og umbæta, og það er, hvað langt skuli líða frá því maðurinn deyr og þangað til hann er byrgður moldu. Jeg þekki engin önnur ákvæði um þetta en þau, sem Þorlákur biskup setti: Eigi skal lík grafa fyr en kalt er orðið. Það hefir opt komið fyrir, að jeg hefi verið beðinn að jarða, en hefi neitað, af því mjer þótti of skammt liðið. Það ætti að koma í veg fyrir, að leitazt sje við að jarða fyr en í fyrsta lagi eptir 3 sólarhringa. Jeg set ekki fyrir mig kostnaðinn, og fáir munu láta sig muna um 2 kr., eða rúmlega það, við þess konar tækifæri. Jeg gef því frv. eindregið atkv. mitt.

Sighvatur Árnason: Jeg hefi hlustað á ræður manna um stund, en hefi ekki fundið út úr þeim neitt verulegt til umbóta, frá þeirri venju sem er, og það mundi lítið bæta úr skák, þótt frv. þetta yrði að lögum (Þ.B.: jú, mikið), en þó á hinn bóginn baka mönnum fyrirhöfn og talsverðan kostnað. Það er ekki margbrotið, að finna ráð móti kviksetningu. Það er nl. í raun og veru að eins sú einfalda regla, að setja nógu langt tímatakmark milli dánardægurs og greptrunardags, og ekki loka kistu fyr en á greftrunardegi, og þá er kostnaðarlaust og hægt í hendi að leiða líkmennina að, til að skoða líkið, og í millitíð er auðvelt fyrir heimamenn að athuga líkið við og við. Þannig löguð ákvæði eru hvorki í frv. nje nefndarálitinu, en mitt álit er, að slíkar reglur mundu nægja.

ATKVÆÐAGR.: Málið fellt frá 2. umr. með 13 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei*:
Klemens Jónsson	Einar Jónsson
Bened. Kristjánsson	Björn Bjarnarson
Bogi Melsteð	Björn Sigfússon
Jens Pálsson	Guðl. Guðmundss.
Jón Jónss. þm. ASk.	H. Kr. Friðriksson
Jón Jónss. þm. Eyf.	Jón Jakobsson
Jón Jónss. þm. N-Múl.	Ólafur Briem

Jón Þórarinsson
Jón Þorkelsson
Þórarinn Böðvarss.
Sigfús Árnason
Sighvatur Árnason
Sigurður Gunnarss.
Skúli Thoroddsen
Þórður Guðmundss.
Þorl. Guðmundsson

Frumvarp til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 157); 1. umr.

Flutningsmaður (Einar Jónsson): Þess var óskað á öllum þingmálafundum í Norðurmúlasýslu, að mál þetta yrði borið upp nú á þessu þingi, og að þinginu mætti þóknast að samþykkja lög um, að allir, sem sækja um laust prestakall, mættu vera í kjöri. Það mun ekki vera ósk þessa eina kjördæmis, að fá slík lög, heldur munu öll eða flest kjördæmi landsins óska hins sama. Lög þau, sem nú eru í gildi um hluttöku safnaða í veitingu brauða, fara í þá átt, að leggja veitingarvaldið í hendur safnaðanna, en þar er þó veitingarvaldinu skipt milli yfirvalda kirkjunnar og safnaðanna sjálfra og er þannig farinn meðalvegurinn. Sumum þykir prestakosningarlögin ekki hafa náð tilgangi sínum, að þau hafi ekki heppnazt vel, en vakið stundum óánægju hjá þeim, sem hafa þurft að nota þau; en það var líka óánægja með hið gamla veitingarvald, og jeg veit ekki hvort óánægjan yfir veitingu brauða er meiri nú en áður, þó að máske beri meira á henni. Jeg hygg líka, að þótt sú breyting komist á, sem hjer ræðir um, þá muni óánægjan og ólagið ekki verða meira en nú er, og mun vonandi fara af með vaxandi menning og þroska þjóðarinnar. Auk þessa er sú stefna að verða meir og meir ríkjandi, að þjóðin eigi að fá sem mest ráð í kirkjumálum sínum. Það sjest meðal annars ljóslega af frv. því, er nýlega er komið inn á þingið, um hið innra skipulag kirkjunnar. Það hefir verið svo, að prófastarnir hafa verið kosnir af prestunum og nú hafa söfnuðirnir að miklu leyti vald til að kjósa sjálfir presta sína, og með frumv., sem jeg benti til, er farið fram á, að biskupinn verði kosinn af prófröstum landsins og nokkrum leikmönnum. Þannig lítur allt að því, að draga kirkjuna undan afskiptum ríkisins eða stjórnarvalds þess. Úr því nú biskup landsins, amtmaðurinn yfir suður- umdæminu og þrír mikilsvirtir menn aðrir hafa lagt það til, að biskup yrði framvegis kosinn af prófröstum, þá virðist það vera í fullri samkvæmni við þetta, að prófastar verði kosnir af prestum og safnaðarfulltrúum, og prestarnir eingöngu af söfnuðunum. Það virðist vera hin rjetta samkvæmni í málinu.

Þórarinn Böðvarsson: Menn mættu sjálfsagt ætla, að jeg legði ekki fastlega á móti þessu frv., þar sem jeg hefi leyft mjer að bera hjer fram í deildinni frv., sem fer í líka stefnu, um kosning biskups. En jeg hefi þó dálítið að athuga við þetta mál. Mjer finnst of snemmt að fara nú að breyta þessum lögum. H. flutnm. (E.J.) sagði, að það væri almenn óánægja með þau kosningarlög, sem nú væru í gildi, og því væri það líka almennur vilji manna, að fá á þeim þá breytingu, sem hjer ræðir um. En jeg verð að álíta, að slík óbundin prestskosning, sem hjer ræðir um, eigi ekki við nema þar sem er fríkirkja. H. flm. (E. J.) sagði, að mönnum þætti það óeðlilegt, að veitingarvaldinu væri skipt eins og nú á sjer stað; en mjer finnst þessi skipting veitingarvaldsins óumflýjanlega nauðsynleg, meðan kirkjan ekki er frjáls, ekki skilin frá ríkinu. Það er satt, að prestarnir eru í þjónustu safnaðanna, en þeir hljóta þó að vera yfirvaldinu

undirgefnir og hafa, eins og nú er, ýms störf á hendi í þjónustu þjóðfjelagsins. Þótt jeg þess vegna sje ekki mótfallinn þeirri hugmynd, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frumv., þá finnst mjer það samt of snemma upp borið, að því viðbættu, að jeg óttast að almenningur sje sumstaðar eigi nægilega þroskaður til að vera þannig einráður um veitinguna. Það, sem þótti mæla með hinum núgildandi kosningarlögum, var það, að eptir þeim gæti veitingarvaldið síður neytt upp á söfnunina presti, sem þeir alls ekki vildu hafa. Hin núgildandi kosningarlög eru því stig til frelsis; en frelsið má ekki verða of mikið, sjer í lagi ef þekkinguna vantar til að nota frelsið. En á meðan kirkjan er sameinuð ríkinu svo innilega og fast sem nú, þá verður hún í þessu efni ekki losuð meir við ríkið en nú á sjer stað. Veitingarvaldið hefir eptir núgildandi lögum rjett til að velja að eins 3 af umsækjendum, sem það álítur hæfasta og verðugasta til að fá embættið, og kjósendunum er gefinn sá mikli rjettur, að mega kjósa sjer fyrir prest þann af þessum þremur, sem þeir álíta beztan og ákjósanlegast að fá fyrir sálusorgara. Þetta er svo mikill rjettur, að vel virðist mega við una, að minnsta kosti um sinn. Jeg skal ekkert fara út í það, hvort þessi rjettur hafi verið vanbrúkaður, hvort söfnuðirnir hafi æfinlega kosið prestana eptir hæfilegleikum þeirra, eða af því, að umsækjendur hafi átt einhverja góða og ötula kunningja í söfnuðunum; en eins vildi jeg óska, og það er, að þessi lög leiddu ekki til þess að prestar hættu að vanda verk sín og vera samvizkusamir og skylduræknir í stöðu sinni. Jeg vildi óska, að þorri þeirra kæmist ekki að þeirri niðurstöðu, að þeim væri ekki til neins að leggja framar stund á þessar dyggðir, með því að lítið tillit væri til þeirra tekið við kosningar. Jeg tala ekki um þetta fyrir sjálfan mig, heldur tala jeg um það frá sjónarmiði kirkjunnar og almennings. H. flutningsmaður (E. J.) minntist á frv., sem jeg hefi til meðferðar um kirkjuleg málefni og sem fer í frjálslega stefnu. Þegar það frumv. er orðið að lögum, þá skal enginn verða fyrri til en jeg að leggja gott orð með þessu frv. hans, eða frumvarpi í líka stefnu. Jeg skal ekki tala margt um rjettindi þau og sælu, sem fylgja þessu frv. Rjettindin má sjá af þessu dæmi. Ef í einu prestakalli eru 100 kjósendur og á kosningarfundi mæta 51, þá er fundur lögmætur og prestur löglega kosinn, ef hann fær 26 atkv. Þá eru kannske allir þessir 26 kjósendur ánægðir; en ekki er það sjálfsagt, að allir verði ánægðir. Líklega verða þeir það samt sem kosið hafa (H. Kr. Fr.: «Nei«). En ef $^3/_4$ hlutar safnaðar verða óánægðir með þann prest, er þeir fá, þá mundu þeir því fremur verða það, ef umsækjendur hefðu ekki verið, ef jeg mætti svo segja, »sorteraðir» áður, sem biskupi er bezt trúandi til, því jeg verð að gjöra honum að skyldu að þekkja umsækjendur betur en söfnuðurinn getur gjört, sem ef til vill er í öðrum landsfjórðungi en umsækjendur. Samt sem áður, þótt mjer sje ekki mikið um þetta frumv., þá mun jeg þó gefa því atkv. mitt í þetta skipti.

Benedikt Kristjánsson: Jeg verð að játa að jeg varð mjög glaður þegar jeg sá þetta frumv., þó jeg ætti ekki þátt í því. Jeg skal líka gjöra þá játningu, að þegar prestakosningarlög þau, sem nú gilda, voru samþykkt á þinginu, þá gaf jeg þeim atkvæði mitt með hangandi hendi, eptir þeirri reglu, að af tvennu illu skal taka hið skárra.

Mjer kom það óvart, að h. varaforseti (Þ. Böðvs.) skyldi tala á móti þessu

máli, hann, sem er frumkvöðull og stuðningsmaður að því, að það mál er borið hjer upp á þingi, að prestar skuli kjósa prófasta og biskup skuli kosinn af prófföstum, því jeg sje ekki ósamræmi, heldur fyllsta samræmi við þetta í því, að söfnuðirnir fái vald til að kjósa úr öllum umsækjendum. H. varaforseti bar það ennfremur fyrir, að prestarnir væru ekki einungis fyrir söfnuðina, heldur hefðu þeir líka umboðsleg störf; en jeg hygg að þau sjeu eigi þess eðlis, að þau eigi að takmarka þann eðlilega rjett, sem söfnuðurinn hefir til að velja prest sinn. Að því er snertir nægilegan þroska almennings til að kjósa prestana, þá er hæpið að byggja á skoðun hans í því tilliti. Ef söfnuður hefir nægilegan þroska til að kjósa einn af 3 umsækjendum, þá hefir hann eðlilega líka nægilegan þroska til að kjósa um þá alla. Það getur líka verið, að hann fái einmitt ekki að kjósa þann af umsækjendum, sem hann helzt vill. Hver verður afleiðingin af því? Hún verður: mikil óánægja og opt vandræði í söfnuðinum, ef söfnuðurinn hefir ekki þann þroska, sem meira er verður en sá, er þarf til þess að nota kosningarrjett sinn —, eða með öðrum orðum: ef söfnuðurinn hefir ekki sjálfsafneitun. Hvernig sem jeg lít á þetta mál, þá get jeg af sannfæringu ekki annað en fylgt þessu frv.

Jón Jónsson, þm. Aust.-Skapt.: Jeg verð að vera h. varaforseta (Þ. B.) samdóma um, að það sje of snemmt að fara nú að breyta prestakosningarlögunum frá 8. jan. 1886, og þau mætti gjarnan reynast lengur.

Eins og nú er ástatt, finnst mjer ekki full ástæða til að veita söfnuðunum meiri rjett en þeir hafa þegar fengið til að kjósa presta sína. Því þess ber að gæta, að prestar eru launaðir, ekki einungis af söfnuðunum, heldur líka af landsfje, og þeir eru ekki einungis embættismenn safnaðanna, heldur líka alls landsins. Þess vegna verður veitingarvaldið líka eðlilega að hafa hönd í bagga með, hverjir verða prestar. Það gæti líka komið fyrir, að einhver söfnuður kysi prest, sem ekki væri trúandi fyrir að standa skil á þeim peningum, sem greiðast ættu í landssjóð af prestakallinu, og jafnvel ekki trúandi fyrir stað og kirkju, og er ekki að furða, þótt stjórnarvaldið vildi fyrirbyggja slíka kosning. Fleira mælir á móti þessu máli, svo sem það, að söfnuðirnir geta sjaldnast verið eins kunnugir umsækjendunum eins og veitingarvaldið. Sjerstaklega hlýtur því að vera kunnugra um óvígð prestaefni heldur en söfnuðunum, sem mjer virðast um of hneigðir til að taka slíka unga og óreynda menn fram yfir gamla og góða presta, sem hjegómlegar vonir eru hættar að gylla. Jeg verð þess vegna að vera á móti þessu máli sem stendur, þótt jeg að öðru leyti sje hlynntur frelsi safnaða yfir höfuð að tala, og þegar um það er að ræða, að aðgreina ríki og kirkju.

Jón Jónsson, þm. N.-Múl.: Það var eitt atriði í ræðu h. varaforseta (Þ. B.), sem jeg vil ekki láta ómótmælt. Hann sagði, að prestar kæmust að þeirri niðurstöðu, að ekki væri ástæða fyrir þá að vanda verk sín, þar sem það væri hending ein, ef þeir næðu kosningu. (*Þór. B.*: Þetta er ekki rjett hermt). Þannig skildi jeg orð hans, og það hafa víst fleiri skilið þau svo; en jeg held, að það sje ekki hægt að mótmæla því, að þó ekki hefði leitt neitt annað gott af prestakosningarlögunum, þá hefir þó leitt það gott af þeim, að slarkarar og óreglumenn, sem því miður allt of margir eru enn í prestsstöðu hjer á landi, hafa miklu síður komizt að prestsembættum síðan þessi lög komust á. Þar

sem hann sagði, að almenningur hefði enn eigi nægilegan þroska til að nota rjett þetta vald, þá held jeg megi lengi deila um, hvort svo sje eða ekki. Jeg verð að segja fyrir mig, að jeg hef gagnstæða skoðun á þessu við það, sem h. varaforseti (Þ. B.) hefir. Jeg held, að h. varaforseti, sem vill gjöra svo margt til að efla hið andlega líf safnaðanna, hljóti að skilja það, að helzta skilyrði fyrir góðri samvinnu milli prests og safnaðar og heillaríkum áhrifum prestanna á söfnuðina sje gott samkomulag, og því ljúfara sem söfnuðinum er að fá þann prest, sem veitt er prestsembættið, því meiri líkur eru til, að hann geti lifað í sátt og samlyndi við söfnuðinn og komið þar mörgu góðu til leiðar.

H. þm. A.-Skapt. (J. J.) sagði, að ef söfnuðirnir fengju að velja úr öllum umsækjendum, þá gæti svo farið, að þeir kysi þann prest, sem ekki væri trúandi til að standa í skilum eða taka við stað og kirkju; en það er þó auðsætt, að þó veitingarvaldið taki þessa menn úr flokki þeirra, sem sækja um eitthvert prestsembætti, þá ætlast það þó til, að þeir sjeu einhversstaðar, því annars mundi það víkja þeim frá embætti, og ef þeim er trúandi fyrir stað og kirkju á öðrum stöðum, því skyldi það þá ekki eins vera á þeim stöðum, þar sem þeir, að líkindum af góðum og gildum ástæðum, hyggja, að sjer muni líða betur.

Það gladdi mig mjög, að h. varaforseti (Þ. B.) áleit, að kirkjan ætti að vera frjáls. Það sem hjer er farið fram á, er nú einmitt eitt af undirstöðuatriðunum fyrir því, að kirkjan geti orðið frjáls, eitt af því marga, sem hægt er að gjöra, til að losa þau bönd, er saman binda ríki og kirkju hjer hjá oss, að mínu áliti báðum til óheilla. Jeg vona þess vegna, að h. varaforseti (Þ. B.) vilji eins byrja á þessu stigi til að gjöra kirkjuna frjálsa, eins og á öðru hærra stigi.

Eins og h. flutningsmaður (E. J.) tók fram, er það einlæg ósk kjósenda minna, og fjölda annara, sem vilja losa um þau bönd, sem binda saman ríkið og kirkjuna, að þetta mál fái fram að ganga, og því vil jeg leyfa mjer að mæla sem bezt með frumv.

Flutningsmaður (Einar Jónsson): Það hefir ekki fram komið margt í ræðum manna, sem jeg þarf að svara. H. varaforseti (Þ. Böðv.) ljet í ljósi, að hann væri í raun og veru hlynntur þessu máli, og það hefir hann líka sýnt óbeinlínis, þar sem hann hefir borið fram frumv. um, að biskup skuli kosinn af prófföstum; en honum finnst þetta mál of snemma upp borið. Jeg vil þó vona, að h. varaforseti hafi ekki borið fram frumv. sitt um kosning biskupsins með örvæntingu í hjartanu. Ef hann hefur ekki gjört það, þá finnst mjer hann geti því öruggari verið með þessu máli.

Jeg sje ekki, að veitingarvaldið þurfi að vera skipt, þó að prestar hafi ýms veraldleg störf á hendi eða þurfi að greiða fje í landssjóð, enda kemur það fyrir eptir gildandi lögum, að veitingarvaldið er í rauninni ekki nema eitt og óskipt. Það er t. d. þegar ekki sækja fleiri en tveir um prestsembætti, því þá verður stjórnarvaldið að láta þá báða vera í kjöri og gefa söfnuðinum vald til að kjósa annanhvorn, þótt það, ef til vill, ekki trúi öðrum sem bezt.

Hann sagði, að prestakosningarlögin leiddu til þess, að prestar vönduðu ekki verk sín, af því þeir álitu sjer það gagnslaust til að komast að embættum við kosningarnar. Nú á það þá að vera ástæða á móti lögunum, sem áður var talið hin sterkasta ástæða með þeim.

Ef 100 kjósendur eru í prestakalli og ekki mæta á kjörfundi nema 51 og prestur verður kosinn með einum 26 atkvæðum, þá er það söfnuðinum sjálfum að kenna, eða áhugaleysi hans, ef hann verður óánægður með þann, sem kosinn var, og þótt veitingarvaldið tíndi suma úr af umsækjendunum, þá er ekki víst, að kosningin yrði heppilegri fyrir það.

H. þingm. A.-Skapt. (J. J.) sagði, að veitingarvaldið hlyti að vera kunnugra umsækjendunum en söfnuðirnir. Það kann satt að vera í mörgum tilfellum. Jeg kannast líka við, að söfnuðir hafa kosið unga kandídata, en gengið fram hjá góðum og reyndum prestum, og jeg játa jafnvel, að of mikið hafi verið að þessu gjört. En þetta er víst nokkuð sprottið af því, að áður, meðan stjórnin ein hafði öll völdin, þá fengu optast embættin þeir, sem elztir voru. Ungir kandídatar fengu þá varla embætti, nema því að eins að engir eldri sæktu. Jeg vil því skoða þetta sem einskonar apturkast hjá þjóðinni gagnvart hinni gömlu venju, og ímynda mjer, að það muni jafna sig með tímanum, þegar menn fara betur að gæta sín í því, að meta rjett umsækjendurna.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg skal ekki orðlengja að þessu sinni, en jeg vildi að eins leiðrjetta, eða rjettara sagt gera athugasemd við það, sem hinn háttv. þingm. Mýr. (B. Kr.) sagði. Jeg held reyndar, að jeg hafi ekki skilið hann í þetta sinn. En það gerir ekkert til, því að jeg hefi opt skilið hann áður. Það liggur í augum uppi, að það þarf meiri þroska til að velja milli 10 manna en þriggja. Það fyrirkomulag, sem nú er, útheimtir því minni þroska frá safnaðarins hálfu, þar sem veitingarvaldið fyrst velur 3 af öllum umsækjendahópnum.

Þar sem h. 1. þingm. N.-Múl. (J. J.) sagði, að jeg hefði sagt, að lögin yrðu til þess, að prestar hættu að vanda verk sitt, þá hefir hann misskilið mig. Að því leyti sem jeg man, var það hugsun mín, að þau freistuðu presta til að segja, að það væri ekki til neins að vanda sig, og jeg hefi heyrt það á einstöku prestum. Jeg segi ekki, að það sje rjett hugsun eða slíkt eigi að eiga sjer stað, því að þeir eiga að hafa aðra æðri hvöt til að rækja embætti sitt en það, að fá gott brauð; en skiljanlegt er það, hvernig þeir leiðast til að hugsa svo. Jeg er ekki að stæla á móti þessu frumv., en geri að eins athugasemdir til að gera grein fyrir, hvers vegna jeg get ekki verið með í þetta sinn. Tveir flutningsmenn hafa borið það fram, að það sje eindregin ósk í þeirra kjördæmum, að slík breyting komist á. Þeir hafa máske ástæður til þess þar; getur verið, að einhver hafi verið úr felldur, sem þeir vildu að væri í kjöri. Jeg segi ekki að gjörðir veitingavaldsins hafi ætíð verið svo heppilegar sem verða má, enda má að öllu finna, og eigi sízt í þeim efnum. Það er opt hreint álitamál, hver af 2 prestum sje verðugri. En geti biskup, sem þekkir flesta presta allt frá þeirra námsárum og síðan embættisfærslu þeirra, eigi dæmt milli þeirra, er þess þá vonandi af söfnuði, sem opt hefir hvorki heyrt þá nje sjeð?

Þar sem jeg sting upp á, að prestar og helztu menn úr hverri sveit, safnaðafulltrúarnir, kjósi biskup, þá er ólíku saman að jafna, því að hjer er gert ráð fyrir, að hver búsettur maður kjósi. En það mun öllum ljóst, að þeir fyrnefndu hafa meiri þroska en vonazt má eptir hjá hverjum búsettum manni. Það er því engin ósamkvæmni, að bera upp það frumv. og vera móti þessu.

Jeg fyrir mitt leyti þekki ekki, að þetta sje almennings ósk og álit frv. í

heild sinni ótímabært, og get því ekki greitt atkvæði með því.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg get vel skilið, að flutningsmenn haldi fram þessu frumv., en jeg er hræddur um, að það verði til engra bóta, eins og það nú liggur fyrir. Mjer finnst, að landsbúar megi vel una við það, sem nú er. Þessi lög, sem nú gilda, eru eigi eldri en frá 1886, og þessi 6 ár eru allt of stuttur reynslutími. Menn mega eigi vera allt of bráðlátir með breytingar, en reyna fyrst til fullnustu.

H. 2. þingm. N.-Múl. (J. J.) sagði, að h. 1. þingm. G.-K. (Þ. B.) hefði sagt, að prestar mundu miður vanda verk sitt, ef þetta frumvarp fengi framgang, og mótmælti því, og kvað það einmitt vera hvöt fyrir þá að vanda sig. En það er ekki nein hvöt. (*J. J.*, 2. þm. N.-Múl.: Hvers vegna?). Það skal jeg segja hinum háttvirta þingm. Það er af því, að kjósendur vita ekkert um það, hvernig presturinn hefir staðið í stöðu sinni. Setjum svo, að tveir prestar af Vesturlandi sæki um brauð austur í Múlasýslum; hvernig á söfnuðurinn þar að vita, hvernig þeir hafa rækt embætti sitt? Þeir koma ef til vill austur rjett fyrir kosningardaginn og tala við kjósendur, og svo kjósa hinir þann, sem er blíðmálli við þá og tölugri, án alls tillits til, hversu skyldurækinn hann er. Um það vita þeir ekkert, og hverja hvöt hafa þá prestar til að rækja vel embætti sitt þessa vegna?

Hann talaði og um, að það hefði sýnt sig, að þessi lög hefðu komið því til leiðar, að það væri innan handar að útiloka drykkjumenn. En jeg get bent á dæmi, þar sem alkunnur drykkjumaður var tekinn fram yfir reglusaman dánumann. (*J. J.*, 2. þm. N.-Múl.: Dæmi?) Nomina sunt odiosa.

Það er mest undir því komið fyrir þá, sem sækja um brauð, að koma lið-lega fram við sóknarmenn prestakalls þess, sem þeir sækja um. En það er ekki samboðið þeim, að fara að »agitera« fyrir sjer við greptrun fyrirrennara síns. Það er sannarlega ekki til að bæta siðferði þeirra. Það er nóg að þrír geti beitt alls konar fortölum fyrir sig; það er óþarfi að bæta fleirum við. Jeg er sannfærður um, að söfnuður getur optast ekki valið prest af þekkingu, það verður ætíð meira og minna komið undir kunningsskap, fortölum og fleiru þess konar. Sæki nú tveir góðir prestar um brauð, annar svo sem tveggja ára kandídat, en hinn 40 ára prestur, þá finnst mjer eðlilegt, að sá, sem hefir þjónað lengur, fái fyr bót á kjörum sínum og gangi fyrir. Yfir höfuð ætla jeg að frumv. sje eigi til bóta; söfnuðurnir verða að renna æði-blint í sjóinn, og kemur mest undir því, hver flesta vini á í brauðinu.

Jeg vil benda á eitt, sem er athugavert, og það er, að uppástungan fer í þá átt, að gera söfnuðina alveg sjálfráða og engum háða. Það verður nokkurs konar fríkirkja. Þá hlýtur tillagið úr landssjóði að falla burt, ef stjórnin hefir enga hönd í bagga með. Þessi prestamál okkar eru komin á ringulreið, því neita jeg sannarlega ekki. En það er rjettast, að láta þetta mál bíða og reyna til fullnustu, að minnsta kosti að láta það bíða svo lengi, að það sjáist, hvort lýðurinn er fær um að kjósa. Jeg get nefnt mörg dæmi þess, að lýðurinn hefir alls ekki verið heppinn í kosningu. Komi fullur helmingur kjósenda á fund, er kosningin lögmæt, þótt ekki sje það meira en einum betur en helmingur helmingsins, það er að segja einum betur en $^1/_4$ af söfnuðinum, þá er kosningin gild. Það er mjög títt, að menn geta eigi sótt fundi af ýmsum ástæðum, og verður því sá hluti, sem ekki hefir kosið þann,

sem kosning hlaut, óánægður. En það er ekki nóg með það, jeg þori að fullyrða, að margir, sem kosið hafa, verða stundum líka sáróánægðir eptir á. Þetta er »agitationunum« að kenna. Margur hver er í efa um, hvern hann skuli velja, og lætur því leiðast af fortölum annara. Það er þá einnig opt viðkvæðið hjá sumum: Mjer stendur svo sem á sama, hver það er.

Það er mín innileg ósk, að h. þingd. láti þetta mál bíða. Því að það er bezt að vera ekki að tvískipta prestamálinu, og taka heldur öll prestamálin fyrir í einu. Það þarf svo hvort sem er að gagnskoða þau frá upphafi til enda. Það er leiðinlegt að vera að breyta þessu næstum því á hverju ári, og það er heldur ekki til að auka álit þingsins.

Sighvatur Árnason: Það er öllum ljóst, að þetta mál kemur ekki upp úr kafinu hjer á þingi, því að það hefur verið minnzt á það í sömu átt nær því á öllum þingmálafundum. Jeg vil benda á eitt atriði, sem ætti að styðja framgang málsins. Það er kunnugt, að löggjöf og stjórn stefna nú á seinni árum að því, að koma kirkjunum á söfnuðina. Þetta eru skyldur, sem færast smátt og smátt á söfnuðina, og á hinn bóginn er það hart, að þeir fái ekki þau rjettindi, sem þeir eiga heimting á. Það er engin samkvæmni í því, að leggja byrðar á, en vilja eigi veita samsvarandi rjettindi, og það eru eðlileg rjettindi safnaða, að fá að velja um alla umsækjendur.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) sagði, að kosningar hefðu opt misheppnazt; en hvað sannar það? Veitingavaldinu hefir máske líka misheppnazt. Að þetta frv. gefi tilefni til þess, að prestar vandi ekki störf sín, er ekki rjett, að mínu áliti. Það er þvert á móti; það hvetur presta beinlínis til að vanda sig, að minnsta kosti svo framarlega sem þeir hafa í huga að sækja um annað brauð. Annað mál er um þá, sem ekki eru komnir inn í prestsstöðuna og eru óreyndir. Þeir hafa ekki annað en vitnisburð sinn frá skólanum, og þekkir kirkjustjórnin það auðvitað betur en söfnuðirnir. En jeg geri lítið úr þessu.

Sigurður Gunnarsson: Mjer finnst hafa legið í loptinu á síðari tímum almennningsósk um, að ríki og kirkja yrðu aðskilin. Að minnsta kosti munu allir þeir óska slíks aðskilnaðar, sem alvarlega hugsa um sannarlegt gagn hvorstveggja, kirkjunnar og ríkisins. Jeg verð að ballast að þeirri skoðun, að það sje það eina rjetta, bæði með tilliti til andlegra og veraldlegra mála. Mönnum hefir þó risið hugur við að rjúfa sambandið allt í einu; menn hafa kosið heldur aðra aðferð, sem sje þá, að fara fet fyrir fet. Nú fer kirkjuleg löggjöf seinni ára einmitt í þessa stefnu, að losa sambandið milli ríkis og kirkju, og svo er og um þetta frv., sem hjer er til umræðu. Af því að jeg »principielt« er því meðmæltur, að losa þetta samband, eins og jeg sagði áður, þá greiði jeg atkvæði með þessu frumvarpi.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) færði ýmislegt fram frumvarpinu til foráttu, þar á meðal sagði hann, að menn gætu unað við það frelsi, sem fengið er í þessu efni; en jeg álít, að það sje rjett áframhald í rjetta stefnu, að söfnuðunum gefist kostur á að velja um alla umsækjendur, og get jeg ekki sjeð neinar sennilegar mótbárur móti því. Sami h. þm. (H. Kr. Fr.) tók fram, að ef þetta frv. yrði að lögum og öllum kosningarbærum safnaðarmönnum væri gefinn kostur á að kjósa um alla umsækjendur, þá gæfist prestum engin hvöt til að vanda verk sín. En jeg er á annari skoðun. Jeg álít þvert á móti hvötina meiri, því að þá kemur hún frá hinni

eðlilegu hlið, frá hlið safnaðarins. Presturinn vinnur daglega á meðal sóknarmanna sinna ár eptir ár, og gefst því enginn rjettlátari dómstóll í þeim efnum en söfnuðurinn sjálfur.

Sami h. þm. (H. Kr. Fr.) talaði um »agitatíónir«. En jeg vil benda á, að »agitatíónir« geta verið bæði góðar og vondar. Það er sízt að lasta, að berjast fyrir því, að söfnuður fái sem beztan prest. Og það er rangt að leggja of mikla áherzlu á einstöku ill dæmi upp á vondar »agitatíónir«, eins og með það, ef einhver prestur byrjar að »agitera« fyrir sjer á greptrunardag fyrirrennara síns, svo sem þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) færði til.

Enn tók h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) það fram, að löggjöfin miðaði í fríkirkjuáttina; það yrði seinast fríkirkja úr öllu saman. Já, það er einmitt það, sem jeg vil. Jeg vil að þingið haldi áfram í sömu stefnu, þangað til það verður óhjákvæmilegt, að skilja ríki og kirkju.

Enn sagði h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), að ef frumv. þetta yrði að lögum, ætti tillag landssjóðs að falla niður. Hví þá það? Nú er veitingunni skipt milli safnaðanna og veitingavaldsins, og þá ætti helmingur tillagsins að vera fallinn burt, en að þeirri niðurstöðu hefir þingið ekki komizt enn.

Loks benti h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) á, að svo hefði einatt farið, að sötnuðurinn hefði verið óánægður með kosninguna eptir á. Það er satt, að þetta hefir átt sjer stað, en þá er eptir að athuga, af hverju sú óánægja hefir verið sprottin. Það er mín skoðun, að hún hafi einatt stafað af því, að mönnum gafst ekki kostur á að kjósa um alla umsækjendur. Jeg skal eigi lengja umræðurnar frekar, en enda orð mín með að lýsa yfir því, að jeg álít frumvarpið fara í rjetta stefnu og gef því eindregið atkv. mitt.

Jón Jakobsson: Jeg skal ekki vera langorður. Þau orð, sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. B.) sagði, að almenningur hefði enn þá eigi nægan þroska til að kjósa frjálst um alla umsækjendur, og að frv. væri ótímabært, er þessi allsherjar-mótbára móti öllum frelsismálum, sem ætíð er gripið til af íhaldsmönnum, þegar aðrar ástæður eigi finnast. Mjer er spurn, hvenær er tíminn kominn? Það getur verið, að söfnuðurinn hafi ekki nægan þroska. En þetta er einmitt sterkasta hvötin til að losa um böndin. Menn læra aldrei að kjósa rjett, ef þeir fá aldrei að kjósa eptir eigin geðþótta. Til að læra að ganga rjett í lífinu er það, að reka sig á, eini vegurinn; þá læra menn fyrst að sneiða hjá steininum, þegar þeir hafa rekið sig á hann áður.

Þessa mótbáru kom h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) einnig með, og þótti ekki fengin full reynsla í þessu efni síðan lögin komu út. En sú 8 ára reynsla, sem menn hafa á lögum þessum, sýnir einmitt, að hnúturinn liggur í því, að menn fá ekki að kjósa frítt um alla umsækjendur.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) talaði um, að þetta frumvarp gæfi prestum minni hvöt til að vanda embættisfærslu sína en áður, því að þegar þeir eltust, mundu þeir verða útilokaðir frá að ná kosningu. En mjer er spurn: var það meiri siðferðisleg hvöt fyrir þá, þegar »anciennitet« (embættisaldur) rjeð að mestu leyti úrslitum við veitingu brauða? Þá var ekki annað ráð heillavænlegra en að fara nógu vel með sig, leggja nógu lítið á sig, til þess að ná háum aldri og geta komizt í beztu brauð landsins. Mjer finnst þetta geta prestunum sterka siðferðislega hvöt til að standa heiðarlega í stöðu sinni, svo sótzt verði eptir þeim, því að góður prestur verður kunnur víða.

Jeg vil enn þá taka fram eitt mjög þýðingarmikið atriði. Þegar kosningin er algjörlega frjáls, verður söfnuðurinn enn þá meir siðferðislega bundinn til að vanda kosninguna, því að þá er öllum vanda kastað á hann.

Það gladdi mig mjög að heyra, að h. þm. S.-Múl. (S. G.), einn af próföstum landsins, er svo frjálslyndur, að hann vill aðskilnað ríkis og kirkju. Kirkjan er því miður hrörlegur »organismus« hjá oss. Hana vantar frískt blóð í æðarnar, og það getur að eins frelsið gefið henni, en ófrelsið er henni dauði.

Björn Bjarnarson: Það hafa margir tekið til máls síðan jeg bað um orðið, hafa þeir tekið fram margt af því, sem jeg hafði ætlað að minnast á; þó skal jeg leyfa mjer að mæla fáein orð. Jeg hjelt, að varla gætu verið skiptar skoðanir um hin bætandi áhrif, er frumv. þetta mundi hafa í för með sjer, yrði það að lögum. Jeg hygg það liggi öllum í augum uppi, að hin núgildandi prestakosningalög hafi þegar haft töluverð bætandi áhrif, og mundu þau áhrif þó vaxa, ef þetta frumv. fengi framgang. Jeg ætla að byrja dálítið neðar athuganir mínar en gjört hefir verið af h. ræðumönnum, er talað hafa; jeg ætla að byrja á nemendunum. Þeir sem menntaveginu ganga, leggja flestir út á hann þegar á unga aldri. En nú geng jeg út frá því sem sjálfsögðu, að hinn ungi maður hugsi þegar í byrjun námstíma síns, eða snemma á honum, sem svo: Það er mjög undir atvikum komið, hvaða veg jeg get síðar gengið, að afloknu námi við lærða skólann. Mörgum hamlar fátækt frá því að ganga á aðra framhaldsskóla en prestaskólann, auk þess sem prestsembættin eru flest hjer á landi, og því líklegasti vegurinn fyrir marga til að ná embætti sá, að búa sig undir prestsstöðuna. Það er því eðlilegt, þegar svo er komið, að söfnuðirnir eru orðnir einráðir með að kjósa presta sína, að margur ungur nemandi hugsi þegar í námsbyrjun, að nú ríði á að herða sig og vanda nám, siðferði og allt ráð sitt, svo að hann fái getið sjer góðan orðstír, því opt rætist hið fornkveðna: »Fer orð er um munn líður« og: »Eitt veit jeg er aldrei deyr: orðstír þess sjer góðan getur«, og að þessi hugsun haldi honum föstum á vegi dugnaðar og manndáða; því að eigi getum vjer efast um það, að sá sem frá ungum aldri kappkostar að vinna sjer góðan orðstír, muni standa ofarlega eða efstur á blaði hjá kjósendunum. Jeg álít því, að þessi lög mundu hafa góð áhrif þegar á nemendurna, og að þessi góðu áhrif muni halda áfram; því að með hverju mun prestur fremur geta komið sjer í mjúkinn hjá söfnuði en með því að vanda öll störf sín? og það væri ósæmilega niðrandi vitnisburður um þjóð vora, ef sagt væri um hana, eins og skilja hefir mátt á ræðum sumra h. þm., að hún mundi meta það lítils við prestana, þó þeir vandi verk sín, er til kosninga kæmi.

Jeg vil enn benda á eina hlið í máli þessu. Vjer vitum, að prestar eru flestir jafnframt bændur, og margir þeirra búa á betri jörðum landsins. Þegar nú prestar eru kosnir af söfnuðum, geta þeir búizt við að búa alla æfi á sama staðnum; þessi lög mundu því verða til að festa huga prestanna við þennan stað. Í sambandi við það mundu þeir fara að athuga hag sinn í fjárhagslegu tilliti, og leiðast við það til að fara að leggja meiri rækt við jörðina, sem þeir búa á, og reyna að láta hana gefa sjer þá launabót, sem þeir mega búast við að fara á mis við af því, að þeir verða ólíklegri til að ná kosningu annarsstaðar, jafnframt og þeir eldast og fella af. Það eitt væri ekki lítils vert, ef þessi lög styddu að því, að um hálft annað

hundrað hinna beztu jarða í landinu tækju stórum bótum. Það hefir þegar sýnt sig á hinum núgildandi lögum, að það, sem jeg segi hjer, er ekki gripið úr lausu lopti.

Svo jeg víki mjer að söfnuðunum, þá mundu lög þessi einnig hafa betrandi áhrif á þá, og þar af leiðandi á þjóðina í heild sinni. Hjá svo fámennum þjóðum, sem vor er, er saga viðburðanna að mestu leyti saga einstakra manna; vjer erum svo fámennir, að hver þekkir annan, og ef nokkuð kveður að einhverjum manni, þá flýgur fregnin um það út um allt land; og söfnuðirnir mundu veita meira athygli öllu því, er leitt gæti til betri þekkingar á prestaefnum og prestum en nú gjörist, er þeir gætu búizt við þegar minnst varði að eiga að velja einhvern úr þeirra flokki sjer til prests. Þetta mundi verða til að færa lítið eitt út sjóndeildarhring manna og glæða andlegan áhuga hjá þjóðinni, en vjer eigum ekki að fyrirlíta neitt það, þó í smáu sje, sem lypt getur þjóðinni á hærra andlegt þroskastig. Frá hverri hlið sem jeg þannig skoða mál þetta, fæ jeg ekki betur sjeð en að lög í þessa átt muni verða til verulegra bóta.

H. Kr. Friðriksson: H. þm. S-Múl. (Sig. G.) blandaði tveimur hlutum ólíkum saman í ræðu sinni. Hann blandaði saman söfnuðinum, sem presturinn er í þjónustu hjá, og þeim söfnuði, sem hann á að vinna hjá síðar. Að söfnuðir þekki umsækjendur, getur varla komið fyrir, nema þegar umsækjendur eru nágrannaprestar. Hvað ætli t. d. söfnuður austur í Múlasýslum þekki til presta vestur á Vestfjörðum, sem sæktu um að verða prestar hans? H. sami þm. (S. G.) talaði um »agitation» í góðri merkingu. Það kann vel að vera að hún sje til. Jeg skal ekki segja neitt um það. En þegar umsækjendur ekki eru kunnugir söfnuðunum, þá munu einstakir menn optast ráða kosningunni. Hann sagði, að óánægja hefði verið í söfnuði út af prestakosningu, af því að söfnuðurinn hefði ekki fengið að kjósa um alla umsækjendur; en jeg hafði allt annað dæmi fyrir augum en hann. Jeg tók dæmi af óánægðum söfnuði, þar sem nálega hver kerling tók þátt í kosningunni. Sami h. þm. talaði um, að eins og nú stæði, ætti veitingarvaldið að neita um hálft framlag úr landsjóði til þeirra prestakalla, sem fá fje úr landssjóði, úr því það hefði eigi nema hálft vald. Jeg get með engu móti sjeð, að stjórnin geti það, meðan hún hefir nokkurt vald til að skipa í embættin; en þá er hún hefir misst öll völdin, þá þarf hún ekkert fje að veita til prestanna. Mjer skildist h. þm. Skagf. (J. Jak.) koma með þá kenningu, að söfnuðirnir þyrftu að reka sig á, til þess að geta lært að kjósa rjett; en jeg verð að segja, að ef þeir eru ekki enn búnir að læra þetta, meðan þeir hafa átt að eins úr fáum að velja, þá munu þeir eigi betur læra það, þegar þeir eiga að kjósa um fleiri. Þegar þeir eru búnir að sýna, að þeir hafa lært að kjósa rjett með því að reka sig á, meðan þeir áttu úr fáum að velja, þá fyrst er ástæða til að leyfa þeim að velja úr fleirum. Það kann vel að vera, að hið gamla veitingarvald hafi ekki æfinlega farið rjett að. Jeg skal ekkert um það dæma. Er þá betra, þótt svo hafi verið, að láta þetta nýja vald fara illa að ráði sínu? Það get jeg ekki sjeð. Af því jeg er sannfærður um, að þessi breyting á prestakosningunum mundi ekki hafa neitt gott í för með sjer fyrir söfnuðina, get jeg ekki gefið frumv. atkv. mitt.

ATKVÆÐAGR.: Eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þm. var samþ. að hætta umræðum.

Frv. síðan vísað til 2. umr. með 18 atkv. gegn 1.

Níundi fundur, þriðjudag 11. júlí, kl. 12. á hádegi. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að í nefndinni um frv. til laga um kirkjur væri Þórarinn Böðvarsson kosinn formaður og Sigurður Gunnarsson skrifari, og í nefndinni um búnaðarmálefni landsins Þorlákur Guðmundsson formaður og Björn Bjarnarson skrifari.

Þá gat forseti þess, að til sín væri komið:

1. Bænarskrá frá búfræðing Stefáni Jónassyni um styrk til að fullgjöra þúfnasljettunarvjel (11 flgsk.)

2. Bænarskrá frá hreppsbúum í Skriðdalshreppi um, að tjeður hreppur verði liðaður frá hinu núverandi Vallanesprestakalli og gjörður að prestakalli sjer, er nefnist Þingmúlaprestakall (1 fgskj.)

3. Bænarskrá frá íbúum Auðkúluhrepps í Ísafjarðarsýslu um að höfnin »Hlaðsbót» verði löggilt til verzlunar.

4. Bænarskrá frá Birni gullsmið Árnasyni á Isafirði um allt að 2000 kr. styrk til að nema Xylografi og Lithografi erlendis.

5. Tilboð frá Sigurði Pálssyni á Laug um að selja landsstjórninni hverina Geysi og Strokk.

6. Bænarskrá frá varaformanni Fornleifafjelagsins um styrk til tjeðs fjelags.

7. Bænarskrá frá cand. med. Jóni Jónssyni um styrk til að ljúka námi í munn- og tannsjúkdómum og tannteknik.

Frv. til laga um viðauka við lög 15. apríl 1776, «um fríheit fyrir þá, er vilja upptaka eyðijarðir eða óbyggð pláz á Íslandi» (C. 166); 1. umr.

Flutningsm. (*Björn Bjarnarson*): Jeg leyfi mjer að geta þess, að sú prentvilla hefir slæðzt inn í frv., að þar sem í fyrirsögninni stendur »lög», á að vera »tilskipun». Að öðru leyti vil jeg með fám orðum skýra frá ástæðunum fyrir frv. Tilskipun þessi, sem um er að ræða, mun aldrei hafa verið íslenzk í anda, og á því síður við nútímann; enda er hún nú orðin æði-gömul. Ákvæði hennar eru svo víðtæk og gefa svo rúman rjett til að taka upp nýbýli, að það mun í flestum tilfellum verða að veita hann, þegar þess er farið á leit. Þeir 4 menn, sem samkvæmt tilsk. eiga að segja álit sitt um, hvort nýbýli skuli upptaka, eru eptir ákvæðum tilskipunarinnar næstum því skyldir til að leggja það til, hvernig sem á stendur, að nýbýlið verði tekið upp, svo framarlega sem þeim virðist þar vera nokkurn veginn nóg landrými fyrir »viðværilegt ábýli», hvort heldur það er á afrjett eða í landi einstakra jarða. Jeg þekki ekki til, að nýbýli, er tekin hafa verið upp samkvæmt tilsk. þessari, hafi orðið til verulegra bóta, hvorki fyrir ábúendurna sjálfa, eða fyrir sveitirnar. Á síðari árum hafa nýbýli optast verið tekin upp á afrjetti, en jeg held, að það væri betra að rækta vel hinar byggðu jarðir í sveitunum, en lofa afrjettunum að halda sjer óþrengdum; því að ef jarðræktin eykst, svo fjenaði fjölgar, þá getur svo farið, að afrjettarlöndin verði of lítil. Jeg þekki fleiri en eitt dæmi til þess, að afrjettareigendur hafa orðið að kaupa nýbýlisrjettarmenn frá því að búsetja sig í afrjettarlöndum, svo að þeir eigi þrengdu að og ónáðuðu geldfjenaðinn.

Í sjálfu sjer er þetta hjeraðsmál, og væri því eðlilegast að hjeraðsmenn rjeðu mestu um þetta. Jeg hefi ekki farið fram á að afnema tilsk. algjörlega, því ske mætti, að gagn gæti orðið að því í

einstökum tilfellum, að stofna nýbýli, og þá helzt í sveitum, þar sem landrými væri nóg, og hjeraðsmenn álitu það til bóta. Hygg jeg rjettast, eins og frv. fer fram á, að það heyrði undir sýslunefndina að kveða á um þetta, og láta það vera komið undir hennar meðmælum, hvort nýbýlið verði sett á stofn eða eigi, af þessum ástæðum; fer frv. því fram á breytingu í þessa átt, en eigi afnám tilsk.

Af því mjer virðist málið svo einfalt, og jeg vona, að þingmenn hafi fengið ljósa hugmynd um, hvernig því er varið, þykir mjer engin þörf á nefnd, og vona jeg að frv. fái að ganga hindrunarlaust sinn gang.

Landshöfðingi: Af því jeg er samþykkur ýmsu af því, sem h. flutnm. (B. B.) sagði, og þykir þörf á að bæta úr löggjöfinni að því er snertir þetta atriði, þá vil jeg geta þess, að mjer finnst að það ætti að gjöra meira en flutnm. fer fram á, vegna þess, að það er að eins að setja nýja bót á gamalt fat.

Tilskipun þessi á alls ekki við lengur, og er margt í henni æði-óljóst, bæði fyrir þá, er ábúðarrjettindi vilja fá samkvæmt henni, og þá, sem eiga að veita þau.

Það er því nauðsynlegt, ef hreyfa á við þessu máli, annaðhvort að semja algjörlega ný lög um nýbýlisrjettindi, sem ættu við ástand vorra tíma, eða þá, eins og mjer væri næst skapi, að nema tilskipunina frá 15. apríl 1776 að öllu leyti úr lögum, án þess að setja neitt í staðinn.

Þorlákur Guðmundsson: Það er eitt orð af því, sem hæstv. landsh. sagði, sem vakti fyrir mjer. Það var það, að þessi endurbót á tilsk. væri að setja nýja bót á gamalt fat. Það er einnig mitt álit, að það sje til einskis að vera að káka við hana, og að bezt sje að nema hana beinlínis úr lögum, því hún er gamalt fat, sem ekki heldur bót. Eins og nú er háttað, er hún ekki einungis óþörf, heldur skaðleg. Það er æði-hart, að hægt skuli vera að þröngva mönnum til að láta af hendi land sitt; það er hart að þröngva sveitarstjórnum til að láta af hendi afrjetti. Það hefði því að mínu áliti verið rjettara af flutnm., að fara fram á að afnema tilsk. og koma með frv. til nýrra laga um þetta. Jeg hefi hugsað mjer, að þegar hreppsnefnd og sýslunefnd mæltu með, gæti amtsráðið veitt leyfið, sem þá fengist eptir samráði æðri og lægri hjeraðsstjórna. Þá væri sjeð við því, að slík nýbýli væru stofnuð hjeraðsbúum í mein. En eins og nú er, er það ekki, því að byggja má í annars manns landi, ef landrými er; en þótt það sje ekki þeim ábúanda í mein, sem þá býr á jörðunni, getur það orðið seinni ábúöndum meinlegt. Það er miklu nær að rækta þær jarðir, sem til eru, en að reisa nýbýli. Þá getur hálf jörð verið á við heila nú, og tveir eins vel búið á henni sem einn nú. Af framantöldum ástæðum ræð jeg flutnm. að taka þetta frv. aptur og leggja heldur annað nýtt fyrir deildina, er fari í þá átt, sem jeg benti á áðan.

Flutningsm. (*Björn Bjarnarson*): Það getur verið, að jeg hafi ekki verið sem heppnastur að velja veginn í þessu máli. En jeg skal ekki dyljast þess, að meining mín er sú, að ef þessi ákvæði kæmust á, þá mundi það í framkvæmdinni optast verða sama sem afnám tilskipunarinnar. Það mundi sjaldan koma fyrir, að nýbýli yrðu stofnuð, ef sýslunefnd ætti að hafa þannig hönd í bagga. Það mundi sjaldan verða álitið miða til bóta, að slík nýbýli sjeu tekin upp.

Af því að enginn hefir haft neitt verulegt að segja móti frv. þessu, þá vona jeg, að h. deild samþykki það, eins og

það nú liggur fyrir. Jeg get ekki fellt mig við, að taka það aptur. Jeg óska ekki nefndar, en felli mig þó betur við, að sett verði nefnd til að íhuga málið, en að frv. verði nú þegar fellt.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg verð að taka undir með hæstv. landshöfðingja, að þetta frumvarp er sannarlega ekki til annars en að setja nýja bót á gamalt fat. En ekki vil jeg þó afnema öll ákvæði tilskipunar 15. apríl 1776 um þetta efni. Það er nauðsynlegt að endurskoða tilskipunina frá upphafi til enda. H. flutn.m. (B. B.) ætti helzt að taka frv. aptur. Hið einfaldasta og rjettasta væri, að skora á stjórnina að leggja fyrir næsta þing ný lög um þetta efni, og mundi hæstv. landsh. hlutast til um það. Þessi tilsk. mundi ekki gjöra neinn stórskaða í þessi 2 ár, sem eru á milli þinga. Mjer er illa við allt kák; jeg vil ekki, að menn sjeu að breyta til á hverju þingi; það er sannarlega leiðinlegt, og eigi til mikils sóma fyrir þingið.

Jeg er einnig mótfallinn því, að tilsk. sje úr lögum numin, og vjer sjeum lagalausir í þessu efni milli þinga. Jeg ímynda mjer, að h. flutn.m. (B. B.) sje mjer samdóma um, að það er varla hægt að koma fram nýjum lögum á þessu þingi um þetta efni. Af þessum ástæðum get jeg ekki gefið frv. atkv. mitt.

Flutningsmaður (Björn Bjarnarson): H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) vill fresta þessu máli til næsta þings. En þótt ekki hlytist meira óhagræði af þessari tilsk. á því tímabili en nokkur hundruð króna útlát fyrir einstök sveitarfjelög, þá er þó betra að vera laus við það. Og það má verða, ef málið fær framgang á þessu þingi, og það held jeg vel geti orðið. En það er ábyrgðarhluti, að draga það svo árum skiptir, að afstýra því óhagræði, sem af óhagkvæmum lögum getur hlotizt, að eins af þeirri ástæðu, að málið þykir ekki sem heppilegast upp borið. Jeg legg það á vald deildarinnar, hvort hún vill taka upp á sig slíka ábyrgð með því að fella málið.

Nú er hjer sunnanlands allvíða töluverð hreifing í þá átt, að taka upp nýbýli, og það helzt í afrjettarlöndum, en það rýrir þau og þrengir um leið að kosti hlutaðeigandi sveitarfjelaga. Sumir kunna að gjöra það í gróðaskyni, til þess að láta kaupa sig frá að byggja þar, að dæmi þeirra, er þá list hafa leikið.

Jeg tek því ekki frumv. aptur, en leyfi mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefnd samþ. með 15 samhljóða atkv., og í hana kosnir:

Björn Bjarnarson með 19 atkv.
Þorlákur Guðmundsson — 14 —
Halldór Kr. Friðriksson — 11 —

Umr. frestað.

Frumv. til laga um afnám Mariu- og Pjeturslamba (C. 166); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Jónsson, 2. N.-M.): Jeg skal ekki þreyta menn mikið með umræðum um þetta mál að þessu sinni; frumv. er svo stutt og óbrotið og þar að auki svo alkunnugt, að það mundi algjörður óþarfi að tala mikið um það.

Þessi óeðlilega kvöð hvílir að eins á 5 sóknum á öllu landinu. Það er nfl. Sauðaness- og Svalbarðssókn í Norður-Þingeyjarsýslu, og Hjaltastaðar-, Desjamýrar- og Klippstaðasókn í Norður-Múlasýslu.

Þessi kvöð hefir áður verið í 6 prestaköllum; Hálsprestakall var 6. prestakallið. En fyrir nokkrum árum hætti presturinn að taka á móti þessu gjaldi, og sýnir það, að það eru fleiri en bændur, sem álíta kvöð þessa óeðlilega; enda prestunum virðist hún einnig óeðlileg

vera. Jeg vona, að allir játi, að það sje ekki rjett, að 108 búendur af þeim, sem eru undir vernd þjóðkirkjunnar hjer á landi, þurfi að gjalda sjerstakt gjald, sem engir aðrir eiga að borga; þetta er bersýnilegur ójöfnuður, og laðar víst engan að þjóðkirkjunni.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Þótt jeg gæti verið með að afnema öll sóknargjöld, og láta söfnuðina sjálfa ráða, hvernig þeir launuðu prestum sínum, þá get jeg ekki gefið atkv. mitt til að afnema þessa ískyld, því að hún er ekkert sóknargjald, heldur liggur hún á vissum jörðum, og þær eru seldar, keyptar og leigðar með kvöð þessari, og lægi næst, að bera hana saman við engja-ítök, skógar-ítök eða þess háttar. Það sýnist því liggja í augum uppi, að ef þingið færi að afnema ískyld þessa, þá væri það hið sama sem að gefa einstökum mönnum fje.

Ef þessir einstöku jarðeigendur vilja losast við þessa kvöð, sem þeim þykir svo óþægileg, þá ættu þeir að leggja fram fje, svo mikið, að ársvextir af því samsvari því gjaldi, sem hjer er um að ræða.

Benidikt Kristjánsson: Að vísu eru þessi gjöld ekki nein sóknargjöld; en ef menn hugsa sjer, að þessi kvöð hafi verið lögð á einstakar jarðir, án þess að nokkur rjettindi kæmu á móti, þá er það skerðing eignarrjettarins frá alda öðli, sem engin ástæða er til að breyta. En ýmislegt bendir á, að nokkur rjettindi hafi komið í móti kvöðinni. Það er talað um Maríuvelli og Pjetursvelli. Með töðunni af þessum völlum átti eptir munnmælum, að fóðra kýr, sem mjólkin úr átti að vera höfð til hressingar kirkjufólki, og áttu þá bændur heimting á, að fá mjólk á kirkjustað, er þeir sóttu kirkju.

Vitaskuld er það, að menn fá nú vanalega hressingu á kirkjustöðum, en það er hvergi álitið skylda, og er því ekki rjettindi sem komi á móti lambafóðrunum. En hafi þeir nú haft þessi rjettindi, þá get jeg betur skilið í þessum kvöðum. En nú er sá rjettur fallinn burt, og þá finnst mjer óeðlilegt, að kvöðin skuli liggja á leiguliðum. Finnst mjer rjettara, að kvöðin hvíli á jörðunum eða jarðeigendum.

Að öðru leyti vil jeg gjöra þá athugasemd, að það er mjög óviðfeldið, að öll gjöld til prests sjeu ekki goldin eptir sömu reglum um land allt. Það hallar jafnrjetti safnaðanna gagnvart kirkjunni. Jeg held því, að það ætti að losa leiguliðana við þessa kvöð og láta hana heldur falla á jarðeigendur. Auðvitað gætu þeir þá með samningi látið leiguliða borga fyrir sína hönd. Jeg er meðmæltur frumv., en jeg vil benda á, að í Hálsprestakalli er kvöðin óupphafin, þótt nokkrir prestar hafi gefið hana eptir fyrir sína hönd.

Jón Þorkelsson: Jeg álít reyndar mál þetta í heild sinni fremur smámunalegt og hjegómlegt til þess að koma með það inn á þing, en fyrst það er hingað komið, ætla jeg þó að tala fáein orð í því. Jeg er alveg á sama máli og h. þingm. A.-Skaptf. (J. J.), að hjer sje um samskonar kvöð að ræða og ítök í jörðum, og því get jeg ekki betur sjeð, en fásinna sje að fara fram á afnám hennar, nema fullt verð komi fyrir. Jeg hef heyrt suma vera á móti kvöð þessari, af því að hún sje frá kaþólskri tíð; en þá mundi mega semja mörg lög, ef afnema ætti sjerstaklega allar þær kvaðir og gjöld, sem hvíla á frá þeim tímum. Jeg skal taka til dæmis, að eitt brauðið, sem hjer ræðir um, Desjarmýri, á hvalreka í Maríubás og Maríufjöru, og þá ætti það ítak líka að hverfa undan henni. Það er undarlegt, að málaleitendur þessir skuli ekki hafa boðið fram peninga til innlausnar

kvaðarinnar; eins og málið kemur hjer fram, eru þeir blátt áfram að biðja að gefa sjer. Jeg get ekki sagt neitt með vissu um uppruna Maríulamba þessara; en tilgáta h. þm. Mýr. (B. Kr.) finnst mjer ekki mjög sennileg; jeg hef ekki getað fundið neitt um hann í máldögum þessara kirkna. En það er all líklegt, að þau stafi frá þeirri gömlu venju, að gera samþykktir um, að heita á helga menn og dýrðlinga sjer til árnaðar og fulltingis, og er all-líklegt, að kvöð þessi sje sprottin af því, að menn hafi í vetrarharðindum heitið á vora frú Maríam og Sankte Petrum, að fóðra lömb þessi, ef harðindum ljetti. Annars er mál þetta svo ómerkilegt, þótt það hafi áður komið fyrir þing, og að þessu sinni enn gjörzt apturganga, að jeg vona að deildin felli það þegar og kveði það svo ramlega niður, að eigi sje framar geigsvon að því.

Flutningsmaður (Jón Jónsson, N.-Múl.): Jeg skal leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd við ræðu h. þingm. Snæf. (J. Þork.). Jeg sá ekki betur en að hann í ræðu sinni kæmi með sterka ástæðu fyrir afnámi Maríu- og Pjeturslambanna, þar sem hann frá sínu sjónarmiði leiddi allgild rök að því, hvernig þau væru til komin, að þeim mundi hafa verið smeygt inn á þeim tímum, þegar átrúnaður á dýrðlinga var sem mestur og hjátrú hvað römust. Nú vil jeg spyrja h. þm. Snæf. (J. Þork.), og alla hina h. deild, hvort rjett sje að halda föstum á mönnum óeðlilegum kvöðum, sem komizt hafa inn í þjóðlíf vort á hinum myrkustu tímum þess og þegar þjóðin var blinduð af hjátrú. Er slíkt samkvæmt anda þessa tíma eða honum samboðið? H. þingm. (J. Þork.) sagði enn fremur, að ekki væri hægt að finna neitt um uppruna kvaðarinnar í máldögum, og styður það með öðru að því, að hún sje afnumin.

Jón Þorkelsson: Jeg skal svara ræðu h. flutnm. (J. J. N.Múl.), að ef ætti að nema af allar kvaðir og ítök frá kaþólskri tíð, sem ekki finnast skjöl fyrir, þá mundi svo fara, að undan kyrkjunum hyrfi meir en helmingur af jörðum þeirra og ítökum. En hvort vjer höfum skjöl fyrir því eða ekki, gjörir ekki svo mikið til; ef kirkjan hefir haldið hlunnindunum frá ómunatíð, og ekki verður sannað, að hún hafi öðlazt þau á ólögmætan hátt, þá fær hún að halda þeim, og þau verða ekki af henni tekin.

ATKVÆÐAGR.: Frv. fellt með 13 gegn 9 atkv.

Frv. til laga um kjörgengi kvenna (C. 166); 1. umr.

Flutningsm. (Skúli Thoroddsen): Mál þetta hefir áður verið rætt á þingi; það var samþ. í Nd. í hitt eð fyrra; jeg álít því óþarft að fara mörgum orðum um það, eður að stinga upp á nefnd, en óska að eins, að það fái þegar að ganga til 2. umr.

Landshöfðingi: Þegar hjer var fyrir þingi 1881 frv. um, að ekkjum og öðrum ógiptum konum, er standa fyrir búi eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar væri veittur, kosningarrjettur í sveitarmálum og safnaðarmálum, þá var jeg því í alla staði samþykkur, að þeim væri veittur þessi rjettur. Þeim var þar að eins í sjálfs vald sett, að nota þessi rjettindi, ef þær vildu, en hins vegar fylgdu þeim engar skyldur, er þeim væru lagðar á herðar. En hjer er nokkuð öðru máli að gegna, því ef konur öðlast kjörgengisrjett, þá leiðir það af sjálfu sjer, að þær eru skyldar að taka á móti kosningu, þegar þær verða fyrir henni, en hitt er harla óvíst, að þær muni þakklátar fyrir að hafa fengið þessi rjettindi með dilk þeim, sem þeim þannig fylgir, því að eptir

því sem mjer er kunnugt, er svo langt frá, að sótt sje eptir hreppsnefndarstörfum og öðrum sýslunum, er frumv. þetta vill veita konum kjörgengi til, að þær þykja miklu fremur óþægileg byrði, og þorri manna vill vera laus við þær. Mjer er ekki heldur kunnugt um, að óskað hafi verið eptir þessari lagabreytingu, eða að það sje nokkur almennur vilji, að fá hana fram, sízt hjá konunum sjálfum; þær munu lítt hirða um að fá kjörgengisrjettinn í sambandi við skyldur þær, sem honum fylgja.

Flutningsm. (*Skúli Thoroddsen*): Hæstv. landsh. tók það fram, að sjer væri ekki kunnugt um, að óskir hefðu komið fram hjá þjóðinni í þá átt, sem frv. þetta fer fram á. En jeg skal leyfa mjer að benda h. deild á, að mál þetta kom til umræðu á Þingvallafundinum 1888; en á þeim fundi mættu, sem kunnugt er, kjörnir fulltrúar úr flestum kjördæmum landsins, og var það ein af ályktunum þess fundar, að skora á alþingi að hlynna að jafnrjettismáli kvenna og karla. Frv. þetta stefnir nú einmitt í þá átt, að stíga ofur-lítið spor í þessa átt, og það er því ekki fullkomlega rjett hjá hæstv. landsh., að ekki hafi heyrzt óskir frá þjóðinni í þessa átt, sem frv. fer fram á, enda hafa og ályktanir um þetta efni verið samþykktar á þingmálafundum bæði í Þingeyjar- og Ísafjarðarsýslum. Það getur satt verið, að hreppsnefndar- og safnaðarfulltrúastaðan sje ekki ávallt eptirsótt staða, og að lög þessi yrðu lítið notuð í byrjuninni; en þó er mjer það kunnugt, að hreppsbúar í Mýrahreppi í Ísafjarðarsýslu hafa til skamms tíma haft allmikinn hug á að koma ekkju einni, sem þar býr, í hreppsnefnd. Það getur líka að ýmsu verið æskilegt, að konur eigi sæti í hreppsnefndum, því að það er eitt af ætlunarverkum hreppsnefnda, að hafa stjórn fátækramála á hendi, og jeg hygg að flestir verði að játa, að það mundi óefað til bóta, ef konur tækju þátt í stjórn þeirra mála, og hefðu meiri afskipti af uppeldi fátækra barna, en nú gjörist. Hjer er líka að eins um lítinn flokk kvenna að ræða; hjer er ekkert stórstig verið að stíga, og því ekki hætt við neinum miklum breytingum eða byltingum, þótt frv. þetta verði að lögum; og þar sem konum hefir verið veittur kosningarrjettur, þá er það ekki nema eðlileg afleiðing af því, að þeim sje einnig veitt kjörgengi, svo að rjettur og skylda fylgist að, enda ætla jeg, að engin kona teljist undan að bera sömu skyldur sem karlmenn í þessu efni, er þær njóta sömu rjettinda.

Jón Þórarinsson: Jeg ætla að eins að gjöra þá fyrirspurn til h. flutningsm. (Sk. Th.), hvort hann hefði ekki gleymt að setja í frv., að konur skyldu einnig hafa kjörgengi til alþingis. H. flutnm. (Sk. Th.) gat þess, að menn fyrir vestan vildu fá konu í hreppsnefnd, en jeg hefi heyrt að hjer í Reykjavík sje kona, sem bæjarbúar mundu vilja kjósa á þing, ef kostur væri á.

Flutningsm. (*Skúli Thoroddsen*): Það var eigi af gleymsku, heldur af ásettu ráði, að í frv. þessu er ekki farið fram á að veita konum kjörgengi til alþingis. En hafi hinn h. þm. (J. Þ.) talað í alvöru, en ekki í spaugi, eður til að gjöra lítið úr frv. þessu, þá býst jeg við, að hann muni sjálfur flytja slíkt frv. inn á þingið, og skal hann þá ekki bresta fylgi mitt, þegar hann fer að sýna frjálslyndi sitt í kvennfrelsismálunum.

ATKVÆÐAGR.: Frv. vísað til 2 umr. með 18 gegn 1 atkv.

Frv. til laga um fjárráð giptra kvenna (C. 166); 1. umr.

Flutningsm. (*Jón Jónsson*, þm. Eyf.): Því er svo varið með frv. þetta, að jeg

hygg að eigi þurfi mikils við að gjörast formælandi þess, því að bæði er það samkvæmt stefnu þeirri, sem virðist vera að ryðja sjer til rúms hjá þjóðinni og í löggjöfinni, og svo fjekk það svo góðan byr á síðasta þingi, að jeg býst ekki við mótmælum gegn því nú.

Mál þetta er í eðli sínu mannrjettindamál, og það merkilegt. Eins og ástandið er nú, þá er því svo háttað, að hversu auðug sem konan er, hve þróttmikil sem sem hún er, og hve sýnt sem henni er um að hafa á hendi geymslu fjár síns, þá verður hún ómyndug um leið og hún giptist. Aðalkjarninn í frv. þessu er sá, að gjöra konum ljettara fyrir en nú er að ráða fje sínu og bera ábyrgð á meðferð þess. Það virðist liggja í augum uppi, að með því að gjöra svo mikinn hluta þjóðarinnar ómyndugan, þá er um leið eyðilagður, eða að minnsta kosti stórum lamaður, hinn siðferðislegi þróttur hans, sá þróttur, sem þó ætti á sem flestan hátt að styrkja, af því að hann má telja einn af máttarstólpum góðrar mannfjelagsskipunar. Það þarf ekki að koma með mörg dæmi þessu til sönnunar, það þarf ekki annað en að minna á, hvernig eyðslusamir menn sóa og sólunda stórfje; konan stendur ráðalaus og sjer myrkva framtíð fyrir höndum, en hefir engin meðul í hendi sjer til að sporna við því, að hún og hennar komist út á kaldan klaka.

Jeg gat þess áðan, hve vel máli þessu hefði verið tekið á síðasta þingi, og skal jeg leyfa mjer að rifja stuttlega upp sögu þess þá. Þetta mál, ásamt fleiri kvennrjettindamálum, var falið nefnd á síðasta þingi til íhugunar. Sú nefnd íhugaði sjerstaklega þetta mál mjög rækilega, og breytti hinu upprunalega frv. og fullkomnaði það. Þegar málið kom aptur inn í deildina, fann enginn h. þingdm. ástæðu til að tala eitt orð á móti því, eða bera upp breytingartillögur, og þannig var það samþ. við 2. umr. með 21 atkv., og við 3. umr. með 18 samhlj. atkv. En af því að áliðið var þingtímans, þá komst málið að eins í nefnd í Ed., en ekki úr henni aptur. Þó ætla jeg, að það hafi ekki komið af því, að h. Ed. hafi ekki verið málinu sinnandi, heldur af hinu, að hún hafi ekki haft tíma til að ljúka því af.

Frv. er að mestu sniðið eptir norskum lögum um þetta efni, sem að eins eru fárra ára gömul, en einn aðalmunur er þó á því og þeim; það er dálítið rýmra, það gefur hvoru hjónanna fyrir sig rjett til að heimta, að kaupmáli og fjárskipti sje gjört einnig eptir giptinguna. Hingað til hefir það að vísu ekki verið ómögulegt, að fá kaupmála gjörðan, en það hefir verið þeim erfiðleikum og vafningum bundið, að fáir hafa notað sjer það leyfi laganna.

Rjettarbót sú, sem í frv. er fólgin, er sú, að hjónaefnum er gjörður greiðari aðgangur til kaupmálagerðar en verið hefir, en þó einkum í því, að fjárskipti má einnig heimta eptir giptinguna. Nefnd sú, sem fjallaði um málið í fyrra, reyndi að gjöra frv. svo úr garði, að skuldheimtumenn, sem skipti hefðu átt við fjelagsbú, biðu ekki halla við fjárhagsskilnaðinn; og af því að enginn hafði nokkuð við þetta að athuga, þá höfum við flutningsmennirnir ekki fundið ástæðu til að koma fram með breytingu á því, heldur berum við frv. fram óbreytt, eins og það var samþ. á síðasta þingi.

Jeg er sannfærður um, að þótt kaupmálafrelsið verði ekki mjög opt notað, þá muni það þó í þeim fáu tilfellum, sem það verður notað, sýna, að lög þessi eru góð og nauðsynleg; jeg er líka sannfærður um, að vel muni mælast

fyrir svo felldri lagasetning hjá þjóðinni.

Landshöfðingi: Mjer skildist á h. 2. þm. Eyf. (J. J.), að aðaltilgangur frv. þessa væri sá, að gjöra hægra fyrir en nú er að gjöra hjúskaparmála, og í öðru lagi að koma því til leiðar, að fjárskipti gætu farið fram milli hjóna eptir að þau eru gipt; taldi hann mikla nauðsyn á því, að hægt væri að kaupmáli væri gjörður, til þess að kona, sem giptist eyðslumanni, gæti bjargað eigum sínum frá því að verða eyðslueyrir hans. En eins og h. þm. (J. J.) tók fram, þá má fá þessu framgengt eptir núgildandi lögum. Jeg játa það að vísu, að nokkrir vafningar eru við kaupmálagjörðina; það þarf nefnilega að fá staðfesting ráðgjafa á slíkum kaupmála; og kostar sú staðfesting talsvert fje. En úr þessu má bæta án þess að semja sjerstök lög um það; það má gjöra hjónaefnum kostnaðarlaust að fá staðfesting á kaupmála með því, að setja þá athugasemd í fjárlögin, að gjald fyrir staðfesting á kaupmála skuli falla niður. Auk þess veit jeg, að hægt muni að fá því til vegar komið, að kaupmálar sjeu staðfestir hjer á landi. Ef þetta hvorttveggja er gjört, þá má telja, að mjög greiður aðgangur sje orðinn að því að gjöra hjúskaparmála, þar sem þá mætti fá ókeypis staðfestingu landshöfðingja á honum. Sama er að segja um fjárskipti milli hjóna; það er ekkert í vegi fyrir, að þau geti farið fram, enda hefir það komið fyrir, að þau hafi verið gjörð, og mundi á sama hátt mega fá staðfestingu landshöfðingja á þeim. Það, sem mjer gengur til að mæla fremur fram með þessu en frv., er, að mjer finnst það ekki sem bezt úr garði gjört; mjer finnst ekki fullt samræmi vera í því. Það er gjört ráð fyrir því, að ef enginn kaupmáli er gjörður, þá skuli vera fjelagsbú, en hvar kemur það þá fram, að konan sje fullráði fjár síns? Það liggur við, að það þyrfti að bæta því inn í frumv., að kaupmálagjörð væri gjörð að skyldu. Þar að auki er allt samband og samlíf milli hjóna svo viðkvæmt, að ekki er gott að setja lög um, hvað maðurinn megi gjöra að konunni fornspurðri, eða konan að manninum fornspurðum. Jeg er á því, að lög um þetta efni í þá stefnu, sem frumv. fer í, mundu fremur spilla en bæta.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg gæti að öllu leyti fallið frá orðinu nú eptir ræðu hæstv. landsh. Þó skal jeg geta þess, að jeg get ekki alveg verið á móti frv. þessu. Eins og hæstv. landsh. tók fram, þá eru ýmsir erfiðleikar á að gjöra kaupmála, en hjer er líka farið fram á meira. Það er einnig farið fram á fjárskipti milli hjóna eptir hjónabandið, og eins og á stendur hjer, þá er jeg á því, að það muni til bóta, að setja lög um þetta efni. Þó vil jeg biðja h. flutningsm. (J. J., þm. Eyf.) að íhuga frumv. betur og vita, hvort þeim finnist ekki ástæða til að koma með breytingar til 2. umr.

Einar Jónsson: Það er sjálfsagt gengið út frá því af flutningsmönnum þessa frumv., að konan og bóndinn skuli hafa jafnrjetti í fjárráðum; en mjer finnst að nokkuð vanti í frumv. þetta til þess að svo sje. Frumv. gjörir ráð fyrir því, að annaðhvort hafi bóndinn yfirráð fjelagsbúsins eða konan. Nú stendur í frumv., að bóndi megi ekki selja, veðbinda nje leigja þær fasteignir, sem konan flutti í búið, nema samþykki hennar komi til, en engin slík höpt eru lögð á konuna að því er eignir bóndans snertir; hún má selja eign hans, hvort sem samþykki hans kemur til eða ekki, ef hún hefir yfirráð fjelagsbúsins. Jeg sje ekki betur en að hjer sje jafnrjetti hallað, og vona jeg að h. flutningsm. kippi þessu í lag.

Flutningsm. (*Jón Jónsson*, þm. Eyf.): Jeg er þakklátur h. varaforseta (Þ. B.) og h. þm. N.-Múl. (E. J.) fyrir ummæli þeirra um frumv., og munu bæði bendingar h. varafors. (Þ. B.) og h. þm. N.-Múl. (E. J.) verða teknar til íhugunar, og hverjar aðrar bendingar, sem koma fram til þess að bæta frumv. Sömuleiðis kann jeg hæstv. landsh. þökk fyrir tillögur hans og ráð til að gjöra greiðara og vafningsminna en nú er að gjöra kaupmála. Jeg skal játa það, að jeg var ekki svo fróður að jeg vissi, að heimilt væri að gjöra fjárskipti hjóna, þótt annað þeirra væri því mótfallið. (*Landsh.*: Jeg sagði það ekki). Þá er frumv. þetta ekki þýðingarlaust, og ráð hæstv. landsh. ekki fullnægjandi, því að með þeim er fjárskiptarjettur hvors hjónanna um sig ekki tryggður, en þann rjett tryggir frumv. Hæstv. landshöfðingi fann það að frumv., að gipt kona væri ómyndug eptir því, þar sem fjelagsbú er. En mjer sýnist, að svo verði að vera. Gagnvart hinu opinbera og gagnvart viðskiptamönnum verður einn að koma fram, þar sem eignin er ein, og sá sem ber ábyrgðina, verður og að hafa ráðin. Jeg skrifa undir það sem hæstv. landsh. sagði, að samband milli hjóna sje viðkvæmt. En jeg sje ekki, að frumv. þetta grípi inn í hjónasambandið, sízt á annan hátt en til að tryggja það, með því að veita hvoru um sig sinn eðlilega rjett. Eitt þótti mjer sjerstaklega vænt um, sem hæstv. landsh. sagði; hann talaði um, að veita eigi að eins heimild til kaupmálagjörðar, heldur jafnvel gjöra hana að skyldu. Sumir hafa fylgt þessu fram, að sjereign væri aðalreglan, en hitt undantekningin, og yrði því að gjöra samning í hvert skipti, sem hjón hefðu sameign. Við förum að vísu eigi svo langt, en komi einhver h. þm. með þá tillögu, mun jeg greiða atkvæði með henni.

Þorlákur Guðmundsson: H. 2. þm. Eyf. (J. J.) gat þess, að þetta mál hefði haft mjög góðan byr á síðasta þingi, og jeg man það, að jeg greiddi atkv. með því þá. Því jeg er meðmæltur aðalstefnu þess. En síðan hef jeg hugsað málið nánar, og er kominn að þeirri niðurstöðu, að mjer þykir viðsjárvert, að annað hjónanna geti heimtað fjárskipti með fleiru.

Setjum nú svo, að kona vilji verða laus við veikan mann, af því að hann er ekki lengur búinu þarfur, þá getur hún það eptir þessum lögum, ef hún er nógu samvizkulaus til þess, með því að heimta fjárskilnað, og þá liggur auðvitað ekki annað fyrir honum en sveitin. Þess konar skilnað leyfir frumvarpið, án þess að aðrar vanalegar og formlegar skilnaðarástæður sjeu fyrir hendi. Það sama getur maðurinn, því auðvitað gildir sama um bæði hjónin. 10. gr., þar sem getið er um sjálfstæða atvinnu konunnar, á ekki við, að mjer finnst, því þess konar getur naumast átt sjer stað eins og til hagar hjer á landi, nema ef til vill í kaupstöðum. Einasta sjálfstæða atvinna kvenna hjer á landi er ljósmóðurstarfinn, og fyrir það fær hún í föst laun 40 kr. Ef hún segir nú: þennan ágóða af minni atvinnu vil jeg ekki brúka í þarfir búsins, en þó missir búið vitanlega umsjón hennar og vinnu meðan hún er frá heimili sínu, og sem getur undir ýmsum kringumstæðum orðið meira virði en launin, þó að þau væru látin ganga til brýnustu búsþarfa, þá yrði það skaði, sem lítið bú vart mundi þola, af því starfi hennar tefur svo mikið frá heimilisverkum, og ekkert kemur í staðinn. Að því leyti álít jeg þessa grein óhentuga. En yfir höfuð

að tala er jeg frumv. meðmæltur og gef því atkvæði mitt, fyrir það fyrsta til 2. umr.

Flutningsm. (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Það er misskilningur hjá h. 1. þm. Árn. (Þ. G.), sem hann segir um 10. gr., og verð jeg að svara því, þótt um einstaka grein sje að ræða; en á þessu stigi málsins er eigi leyft að fara út í einstök atriði. Honum þótti viðsjárvert, að konur fengju að ráða sjer fje sínu, af því að það gæti hugsazt, að þær drægju það út úr búinu og settu það á vöxtu t. d.

En það er engin hætta á því, því að í frumv. stendur: »og hefir hún þá ein rjett til að ráða yfir, hvernig afrakstri atvinnu þeirrar skuli varið í þarfir fjelagsbúsins«. Af þessum orðum sjest, að hún ræður, til hvaða þarfa fjelagsbúsins peningunum er varið, en til annars en þarfa fjelagsbúsins má ekki verja þeim. Ef hún vill kaupa hest fyrir þessa peninga, sem hún hefir unnið sjer inn, en hann kú, þá ræður hún. Hann sagði og, að þetta mundi verða notað sem átylla til að losna við sjúklinga eða aðra gallagripi. Ja, jeg þori ekki að segja það, sem mjer datt í hug; það var svo ljótt; en svo mikið vil jeg segja, að ef þeim er svo mikið í mun að skilja, að þau vilji hafa þetta fyrir skálkaskjól, þá er ekki stór skaði skeður, þótt þau skilji. Látum þau þá skilja í herrans nafni og fjörutíu.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vil eigi neita því, sem h. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagði, að jeg hefði misskilið 10. gr. En það getur samt sem áður orðið ágreiningsefni milli hjóna, þar sem konan vill annað, en maðurinn annað. Maðurinn vill og þarf að fá það, sem konan inn vinnur, til nauðsynlegrar brúkunar í fjelagsbúið, en konan segir: nei; jeg kaupi mjer fyrir það eitthvað til munaðar eða prýði.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, að hafa mætti ákvæði frumv. fyrir meðal til að losast við sjúklinga, þá vil jeg enn þá taka það fram, að það mundi hafa ill áhrif í fjelagslífinu, sem birzt gætu í mörgum myndum, ef slíkt kæmi fyrir. En af því jeg held, að þetta mál verði aldrei of vandlega hugað, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Uppástungan samþ. með 13 : 7 atkv.

Kosningu hlutu:

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.	með	17 atkv.
Skúli Thoroddsen	—	12 —
Þorlákur Guðmundsson	—	12 —
Guðlaugur Guðmundsson	—	10 —
Sigurður Gunnarsson	—	8 —

Umr. frestað.

Frumv. til laga um friðun á skógi og mel (C. 168); 1. umr.

Flutningsm. (*Sighvatur Árnason*): Jeg vona, að h. deild taki máli þessu vel. Frumv. miðar til að friða land frá eyðileggingu, bæði af náttúrunnar völdum og mannanna.

Í frumv. er um tvennt að ræða: að friða mel og friða skóga.

Það eru æði-mörg dæmi til um, að hvorttveggja hefir skemmzt af sandi og óráðslegri meðferð. Jeg ætla nú að víkja máli mínu fyrst að skógunum.

Það er víða svo háttað um skógarlöndin, að jarðvegurinn er sandur og mold, og komi einhvers staðar flag, þá stækkar það meir og meir, og auk þess liggja víða sandar umhverfis og fjúka á, og verða af þessu skemmdir miklar. Ofan á allt þetta kemur ill og óráðsleg yrking og umhirðing, og það versta er, að það er lítt mögulegt að lagfæra þetta með reglum í hjeraði, því að þar vantar lagakrapt. Það ríður á, að skógurinn sje skynsamlega yrktur, bæði að yrkingin sje ekki um of, þar sem um lítil skóglönd er að ræða, og í öðru

lagi að vanda yrkinguna vel í framkvæmdinni, t. d. að hreyfa ekki við skógajöðrum, þar sem sandar eða blástur liggja umhverfis. Því að jaðarinn er eins konar garður og virki, sem ver skóginn fyrir blástri og sandfoki. En þessa er víða ekki gætt, og reglur, sem gefnar hafa verið um þetta, virtar að vettugi. En þessi illa hirðing og of mikil yrking hefir meðfram einmitt eyðilagt skógana.

Um melinn og melgrasið (blöðkuna) má að miklu leyti segja hið sama; en hjer má þó bæta nokkru við viðvíkjandi Landmannahreppi í Rangárvallasýslu. Mörgum mun kunnugt um, að hann liggur undir stórkostlegum skemmdum af sandfoki, sem hefir mjög mikið eyðilagt hann; en þar hefir nú myndazt talsverður melur og melhólar á sandflákanum, og sje melurinn ekki sleginn um of og melbuskan ekki tekin, þá eykst og útbreiðist melurinn; melhólarnir fjölga og sumstaðar myndast melhólakerfi, og er þetta sandfokinu talsvert til fyrirstöðu. Nú hafa og verið gjörðar tilraunir til að sá til mels, og hefir það sýnt sig, að það muni geta tekizt með einhverri friðun og umsjá. Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefir við íhugun málsins komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki yrði næg trygging fengin með hjeraðssamþykktum. Fyrir því vildi hún nú leita hjálpar til alþingis og fá af því samþykktarvald í þessu efni, það er að segja, að samþykktir hennar skuli hafa lagagildi. Þetta eru ástæðurnar að því, að mál þetta hefir verið borið upp hjer á þingi.

Þar sem þetta frumv. miðar til að koma í veg fyrir stórkostlega eyðileggingu, þá treysti jeg því, að h. deild taki málinu vel og láti það ganga tafarlaust til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn (C. 168); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg skal ekki vera margorður í þetta skipti. Frumv. fer ekki fram á annað en að öllum á Íslandi skuli heimilt að ganga í borgaralegt hjónaband. Eins og kunnugt er, leyfist það nú ekki öðrum en þeim, sem eru fyrir utan þjóðkirkjuna. Það var rætt rækilega í Ed. 1881. En þrátt fyrir öruggt fylgi góðra manna varð niðurstaðan sú, að eigi mætti aðrir en utanþjóðkirkjumenn ganga í borgaralegt hjónaband. Það er óviðkunnanlegt að verða af jafnrjetti við aðra menn, einungis af þeirri ástæðu, að maður er í þjóðkirkjunni. Einhver kynni að segja, að ekki sje nú vandinn mikill; það þurfi ekki annað en segja sig úr þjóðkirkjunni meðan á vígslunni stendur, og segja sig svo í hana aptur þegar á eptir. En það þykir mjer óþarfa krókur.

Þórarinn Böðvarsson: Það er að eins lítil athugasemd, sem jeg ætlaði mjer að gjöra. Og það er þessi gamla spurning: Cui bono? Quis optat? Svo illa sem jeg kann þingmálafundina, held jeg að hvergi hafi verið talað um, hverjum þetta væri til gagns. H. 2. þingm. Eyf. (J. J.) sagði, að frv. færi að eins fram á, að þetta væri heimilað. En hver biður um þá heimild? Annars er það heppilegt, að það var bara heimild, því væri það skylda, þá mundu lögin verða mjög óvinsæl. Því það mundi eflaust vera þvert á móti meðvitund þjóðarinnar.

Jeg er ekki á móti þessu frumv. af því, að jeg haldi, að það mundi gjöra stóra breytingu. Nei, það er af annari ástæðu. Gamall löggjafi var eitt sinn spurður að, hvers vegna hann hefði ekki lagt neina refsingu við föðurmorði; hann sagði, að hann hefði ekki viljað, að

lögin yrðu til þess, að vekja hugmyndina um slíkan glæp í hugskoti nokkurs manns; en af sjálfu sjer kvað hann hana ekki vakna mundu. Það er eins með mig. Jeg vildi helzt, að lög þessi væru ekki til, svo að þau gætu ekki minnt menn á slíka óhæfu.

En það stendur skrifað í heilagri ritningu, að guð hafi sjálfur gefið saman hin fyrstu hjón, og þaðan er komin sú venja meðal kristinna manna, að þjónar guðs hjer á jörðunni gefi saman hjón, og jeg sje enga ástæðu til að breyta því, og veit ekki til, að almenningur hafi óskað þess. Mjer hefur aldrei þótt það heppilegt, að setja lög, sem fáir fara eptir, sem enginn biður um og alls eigi verður framfylgt. Jeg hefi áður lýst yfir þessu og mælt á móti lögum af þeirri ástæðu. Menn segja um sumt, að það sje meinlaust og gagnslaust, og get jeg heimfært síðari hlutann upp á þetta frumv. En fyrri hlutann get jeg ekki heimfært upp á það. Því, að minna menn á, að hlaupa frá siðum kirkjunnar, getur ekki verið meinlaust. Þetta verður aldrei að lögum hjer á landi án megnrar mótspyrnu af alþýðunnar hendi, og jeg er sannfærður um, að yrði það að lögum, þá mundi fjölga hinum svonefndu »pólsku« hjónaböndum, en það var nóg af svo góðu undir.

Ef alvarlegur prestur færi að tala við persónur, sem búa saman ógiptar, og spyrði þær: »Hví eigið þið börn saman í lausaleik og giptið ykkur ekki?«, þá mundu þau svara: »Það varðar þig ekki um, prestur góður; jeg á það við sýslumann minn«. En spyrji einhver mig á þessa leið: Hvort á jeg heldur að búa svona framvegis með stúlkunni, eða láta sýslumanninn vígja okkur? Þá held jeg að jeg nú mundi svara: Það gildir mig einu, góðurinn minn. Því sýslumanns-vígslan bætir að mínu áliti ekkert, ef þú lætur þinglýsa börnum þínum.

Sumir halda því fram, að hjónabandið sje sakramenti, en það kenni jeg ekki; þá gæti maður búizt við, að næst kæmi fram hjer á þinginu frv., sem hljóðaði svo: Rjett er að sýslumenn skiri börn. Þetta er þá fyrsta stigið til þess að afnema öll lög, sem hafa haft gildi í því ríki, er nefnist heilög kirkja. Einfaldast væri að segja: Prestastjett öll skal afnumin, og störf hennar skulu fengin sýslumönnum og hreppstjórum.

Jeg hefi nú látið í ljósi mína meiningu, og er jeg sannfærður um, að margir fleiri eru á mínu máli. Jeg held að það sje bezt að stytta þessu frumv. eymdarstundirnar, og láta það ekki fara til 2. umr., því að jeg er viss um, að ef það á að ganga gegn um deildina í 3. umr., þá lifir það margar þungar eymdarstundir.

Einar Jónsson: Frv. þetta er ekki langt, en mjer er þó illa við það. Það fer í þá átt, að gjöra lítið úr hjónabandinu, eða minna en nú á sjer stað, gjöra það eingöngu að veraldlegum samningi; en samninga má tíðum rjúfa fyr eða síðar, og það get jeg hugsað mjer takmarkið, sem þetta frv. stefnir að, að gjöra mönnum auðveldara en nú er að losna við hjónabandið, þegar þeir óska. Þetta er fyrsta stigið. Næsta stigið get jeg hugsað mjer að verði það, að kalla hjónabandið óeðlilegt hapt og fara að tala um að afnema það með öllu. Jeg er á móti þessu frumv., af því jeg álít, að það sje til að styðja þá stefnu, sem gjört hefur vart við sig á þessum síðustu tímum, að afnema ýms holl og heillarik fjelagsbönd, og sjer í lagi eyða því, að kirkjan hafi nokkur áhrif á þau; en það er skoðun mín, að kirkjan hafi gjört mannkyninu gott, og gjöri enn, og eigi því alls eigi að

minnka með lögum áhrif hennar á fjelagsbönd mannanna.

Jeg vil þess vegna fella þetta frumv. með talsverðri áherzlu, og vildi óska, að h. deild væri mjer samdóma um þetta.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, þingm. Eyf.): Það var sjer í lagi út af ræðu h. varaforseta (Þ. B.), að jeg bað um orðið. Hann bar upp ýmsar spurningar snertandi þetta mál, sem hann óskaði að jeg svaraði, og það vill svo vel til, að jeg held, að jeg geti svarað þeim. Hverjum eru þannig löguð lög til góðs? spurði h. varaforseti. Jeg svara: hverjum þeim, sem óskar að nota þau. Þá spurði hann: Hverjir óska þessara laga? Hann gat þess, að hann hefði ekki fundið neinar óskir um þau í fundargjörðunum frá þingmálafundunum í vor. Jeg hefi þó að minnsta kosti lesið eina fundargjörð, þar sem þessa er óskað, og jeg ímynda mjer, að þessa hafi verið víðar óskað. Í öðru lagi get jeg upplýst h. varaforseta um það, að jeg hefi, ekki alls fyrir löngu, heyrt góðan íslenzkan klerk flytja ræðu í kirkju um hjónabandið, og talaði hann um það frá ýmsum hliðum, en komst að þeirri niðurstöðu, að það væri fyrst og fremst borgaraleg »institution«. Þá hjelt h. varaforseti langan kapítula um það, að það væri þó gott að frumv. færi ekki fram á að skipa mönnum að ganga í borgaralegt hjónaband. Það datt okkur flutningsmönnum ekki í hug. Við viljum ekki leggja nein slík höpt á menn; þvert á móti. Þá tók hann fram, að frumv. þetta mundi svo sem enga breytingu gjöra á því ástandi, sem væri. Það mun þó gjöra dálitla breytingu, ef það verður að lögum. Það er ekki lengra en síðan í fyrra, að 2 menn vildu láta gefa sig í borgaralegt hjónaband, en þótti ekki tilvinnandi að segja sig úr þjóðkirkjunni fyrir siða sakir, meðan á athöfninni stæði, svo þeir urðu að taka kirkjulega vígslu þvert á móti vilja sínum.

H. varaforseti vildi ekki láta minna menn á þetta »ljóta«. Jeg held þó að það sje einmitt rjett, að tala um það, sem er ljótt; menn kunna þá fremur að varast það, þegar menn þekkja það. Þá minnti hann oss á, að guð hefði gefið saman hin fyrstu hjón og að þjónar hans hefðu það á hendi nú, að gefa menn í hjónabönd. Þetta getur rjett verið frá hans sjónarmiði; en jeg er sannfærður um, að hjónabandið hefur engu meira gildi eða helgi fyrir það, þó það sje stofnað í kirkjunni, en þótt sýslumaður bindi það. Hann sagði enn fremur, að lög um þetta efni mundu mæta ákafri mótspyrnu í hinni innri meðvitund þjóðarinnar. Jeg er alveg á gagnstæðri skoðun. Þá kom h. varaforseti með ákaflega undarlegt dæmi. Hann sagði, að ef ógipt hjú, sem hefðu búið saman, kæmu til sín og spyrðu sig, hvort þau ættu heldur að láta sýslumann gefa sig saman eða halda áfram að lifa saman ógipt, þá vissi hann ekki, hvort heldur hann ætti að ráðleggja. Jeg vona, að allir hafi heyrt, að h. varaforseti sagði þetta. En hann hefir sjálfsagt ekki sagt það í alvöru, því hann er þó víst ekki í vafa um, hvort hann á að ráða mönnum til að hlýða lögunum eða ekki, eða styðja að því, að lögin sjeu haldin eða ekki. Hann kvaðst aldrei hafa prjedikað það, að hjónabandið væri sakramenti. Hjer til hefi jeg ekki önnur orð, en þessa gömlu stuttu setningu: »það var mikið«! Mjer hefir aldrei dottið í hug, að hann kenndi kaþólsku.

H. varaforseti benti loks á, að næsta stig, sem menn mundu stíga í þessa áttina, mundi verða það, að fá lög um, að sýslumenn skyldu skíra börnin. Það væri nú í sjálfu sjer ekkert á móti því,

að mínu áliti, en það er dálítið ópraktiskt, umsvifamikið og kostnaðarsamt. Jeg mundi þá heldur leggja það til, að jeg mætti skíra börnin mín sjálfur. Yfir höfuð fannst mjer öll ræða h. varaforseta vera utan við og á eptir kröfum þessa tíma. Jeg skil ekkert í, hvernig hann gat farið að tala eins og hann talaði.

H. þm. N.-Múlas. (E. J.) leiddi málið líka inn á það svæði, sem þetta frumv. ekki snertir hið minnsta. Hann sagði, að hjer væri byrjun til að rýra gildi hjónabandsins. Þessu neita jeg alveg. Hjónabandið yrði eins eptir sem áður lagaleg »institution«, allt eins gilt þótt sýslumaður staðfesti það, eins og þótt þjónn kirkjunnar gjörði það.

Benidikt Kristjánsson: Jeg gæti nú fallið frá orðinu, af því h. flutningsm. (Jón Jónss.) hefur tekið flest það fram, sem jeg hefði viljað segja. Það er víst ekki gott að sanna með því að vitna í biflíuna, að hjónabandið sje alveg kirkjuleg stofnun, en ekki borgaraleg. Mjer þætti gaman að sjá, hvernig þessir hálærðu menn færu að sýna með tilvitnunum í Nýja-Testamentið, að hjúskapurinn væri eingöngu kirkjuleg stofnun, en ekki borgaraleg. Jeg hefi áður átt deilu um þetta efni við mikið lærðan mann og varð jeg ekki var við, að hann kæmi með nokkurn þann stað úr ritningunni, sem sýndi, að skoðun mín væri óhæfileg eða ókristileg. Þvert á móti. Hjónabandið er samningur milli karls og konu. En það er auðvitað að kirkjan á að taka þennan fjelagsskap, að sjer, eins og hvern annan fjelagsskap manna, að hún á að helga þennan samning og kristna þennan fjelagsskap eins og hvern annan fjelagsskap í mannlegu lífi. Að ekki hafi komið nein almenn ósk um þetta mál, hefir háttv. flutningsm. frumvarpsins sýnt, að ekki er rjett hermt. Jeg hefi að minnsta kosti aldrei heyrt getið neins óvilja hjá þjóðinni móti því, þótt mönnum leyfðist að ganga í borgaralegt hjónaband. Því hjer er ekki að ræða um að neyða nokkurn mann til að ganga í slíkt hjónaband, heldur er mönnum gefinn kostur á því, ef menn óska þess heldur en að ganga undir kirkjulega hjónavígslu. Þegar löggjafarvaldið gat leyft utanþjóðkirkjumönnum, sem hafa hina sömu trú, evangelisk-lúterska trú, eins og þjóðkirkjumenn hafa, að ganga í borgaralegt hjónaband, hví getur það þá ekki eins veitt þjóðkirkjumönnum sama leyfi? Utanþjóðkirkjupresturinn má missa tekjur af hjónavígslum; en þjóðkirkjupresturinn á kannske að hafa einkarjett til að taka þennan toll, sem menn kalla »pússunartoll«? Ef þjóðkirkjuprestar álíta borgaralegt hjónaband óhelgara en hið kirkjulega, þá ættu þeir því fremur að leggja mikla rækt við að kristna þau hjón, sem gengi í borgaralegt hjónaband, og uppræta heiðindóminn í þessu hjónabandi, og yrði þá þessi stofnun til þess að hvetja prestana til árvekni og starfsemi.

Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg man ekki eptir Krists orðum, sem hvetji til hjúskapar, en hann er brýn nauðsyn frá borgaralegu sjónarmiði.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg vildi gjöra. Það er, að mjer finnst, viðurkennt, að hjónabandið sje borgaraleg stofnun, sem í eðli sínu hafi borgaralegar afleiðingar; en líka hefur því verið haldið fram af prestunum, að hjónabandið sje kirkjuleg stofnun, sem ekki nái fullgildi, nema hún fái kirkjulega blessun. Jeg hallast að þeirri skoðun, að hjónabandið sje aðallega borgaraleg stofnun. Eigi að síður getur það fyrir þá, sem eru »orthodox«, gefið

hjónabandinu helgi, að kirkjulegri blessun sje lýst yfir því; en vafasamt er, hvort hin kirkjulega blessun bætir úr mikið hjá þeim, er álíta þetta málefni ekki koma kirkjunni við. Spurningin er því um, hvort þeir, sem skoða þetta óviðkomandi kirkjunni, skuli vera skyldir að þola afskipti hennar af málinu eða eigi að vera neyddir til að segja sig úr þjóðkirkjunni, til þess að geta gengið í borgaralegt hjónaband. Jeg hefði sízt haldið, að rísa mundi mótspyrna gegn þessu frumvarpi af hálfu presta þjóðkirkjunnar.

Jeg hjelt, að þeir mundu að minnsta kosti láta frumv. afskiptalítið, lofa því að ganga sinn gang umræðulaust og mótspyrnulaust, því hafi þau lög, sem gilda um hjónabandið, nokkur áhrif í kirkjulegu efni, þá eru þau fremur til að ota mönnum út úr þjóðkirkjunni, eins og nú hagar tímum. Jeg er hræddur um, að hin kirkjulega blessun sje ekki mikils virði fyrir þá menn, sem ekki hafa neina sjerlega trú á þýðingu hennar, og því gagnslítið fyrir kirkjuna að þvinga þá til að þiggja hana. Hjer er að eins að ræða um heimild, en ekki um skipun til að ganga í borgaralegt hjónaband. Þar sem það hefur verið tekið fram, að eins mætti fara fram á, að láta sýslumenn skíra börnin, þá er þess að gæta, að skírnin hefur enga borgaralega þýðingu. Hún er alls annars eðlis en hjónabandið. Það hefur enn fremur verið tekið fram, að ef þetta frumv. yrði að lögum, þá mundi hinum svo kölluðu »pólsku« hjónaböndum fjölga. Jeg held þvert á móti, en ætla ekki að færa ástæðu fyrir þeirri skoðun minni að svo stöddu.

Jeg er ekki ákafur fylgismaður þessa frumv., þess vegna ætlaði jeg að láta það lönd og leið, en þó heldur styðja það, því jeg álít að lög eins og þessi geti aldrei gjört skaða, heldur miklu fremur orðið þjóðkirkjunni til stuðnings, eins og öll lög, sem fara í frjálslega stefnu í kirkjulegum málum.

Bogi Melsteð: Mjer finnst h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) og h. varaforseti (Þ. B.) hafa misskilið þetta frumv. H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) áleit, að þetta frv. væri fyrsta stig til að afnema hjónabandið. Það er von, að þeim, sem hafa þessa trú, sje illa við frumv. Það er eðlilegt, þótt þeir vilji ekki afnema hjónabandið. Jeg ber líka mikla virðingu fyrir hjónabandinu og vil ekki afnema það. En þetta frumv. fer heldur ekki í þá átt. Það, sem frumv. vill hafa fram, er sanngjarnt og rjettlátt; það er rjettarbót, sem þegar er lögleidd annarstaðar. Á Þýzkalandi t. d. hefir Bismarck komið því á, að allir, sem vilja giptast, skuli skyldir að ganga í borgaralegt hjónaband, en svo geta þeir, sem vilja, tekið kirkjulega vígslu á eptir. Þetta frumv. fer nú ekki svona langt. Það heimilar að eins þeim, sem óska þess, að ganga í borgaralegt hjónaband, án þess að þeir þurfi að segja sig úr þjóðkirkjunni. Það er skrítið að heyra evangelisk-lúterskan prest (Þ. B.) blanda saman skírninni og hjónabandinu. (*Jón Þorkelsson:* Það var búið að segja þetta áður!). Jeg hefði betur kunnað við, að heyra það af vörum kaþólskra presta, þar sem hjónabandið er sakramenti hjá þeirri kirkju eins og skírnin. Jeg get ekki sjeð, að afleiðingin af því að samþykkja þetta frumv. yrði sú, að farið yrði fram á að afnema skírnina og enn síður prestastjettina, eins og h. varaforseti talaði um. Það mundi víst engum þingdm. detta slíkt í hug.

H. varaforseti (Þ. B.) gekk of langt, þegar hann tók dæmi af fornaldarmanni þeim, sem sagði, að hann vildi ekki ákveða neina hegningu við föðurmorði, af því hann vildi ekki minna á þann glæp. Þetta dæmi er svo fjar-

stætt, að það getur alls ekki átt við að líkja saman föðurmorði og borgarlegu hjónabandi, og jeg mótmæli slíkri skoðun á borgaralegu hjónahandi. Af því umræðurnar eru orðnar nokkuð langar, skal jeg ekki tefja menn lengur, en að eins geta þess, að jeg get alls ekki lagt mikla áherzlu á það, þótt það sjáist ekki á þingmálafundargjörðum, að óskað hafi verið eptir þessum lögum, því bæði standa þingmálafundir stutt yfir, svo ekki er hægt að ræða þar allt, sem breyta þarf í löggjöf vorri, enda kemur margt fram hjer á þingi, sem alls ekki kemur frá þingmálafundunum, en frá hinum og þessum.

Einar Jónsson: Hjónabandið er ein af þeim stofnunum, sem prestum er ætlað að hafa mikil afskipti af, og löggjafarvaldið ætlast beinlínis til, að þeir hlutist sjerstaklega til um það, þegar hjónabandið fer í ólagi, og hjónin vilja slíta því, og eiga þá að lögum að tala á milli hjóna. En af því svo er, þá finnst mjer eiga vel við, að hjónabandið sje innleitt með kirkjulegri athöfn. Þeir sem ekki vilja, að þessi stofnun sje innleidd á þennan hátt, verð jeg að álíta, að sjeu á móti því að láta kirkjuna hafa áhrif á hin ýmsu fjelagssambönd, og því er jeg svo mikið á móti þessu frumv. H. flutningsm. (J. J.) vitnaði í kröfur tímans. Það er svo opt vitnað í þær; en kröfur tímans eru ekki allar góðar. Aldarhátturinn er opt svo spilltur, að það er ekki allt af gott að láta berast með straum tímans. Það er opt miklu fremur ástæða til að stríða á móti honum, og þess eru mörg dæmi í sögunni, að góðir menn hafa barizt á móti spilling aldarháttarins og getað breytt honum til batnaðar. Af því jeg álít, að þetta frumv. miði í þá áttina, að draga fjelagið undan áhrifum kirkjunnar, þá verð jeg að vera á móti því. Jeg álít, að kirkjan hafi hingað til heldur bætt, en ekki skemmt fjelagið. Ef mönnum er mjög illa við þær guðlegu áminningar og uppörfanir, sem þeim eru gefnar við hjónavígslu, þá ættu þeir sannarlega hreint og beint að segja sig úr kirkjunni. Jeg ætla ekki að fara mikið út í biflíuna, því jeg kann ekki við að blanda henni inn í umræðurnar hjer í salnum. Samt ætla jeg, að finna megi orð í Nýja-Testamentinu, sem sanna það, að hjónabandið eigi að standa undir áhrifum kirkjunnar.

ATKVÆÐAGR.: Þegar hjer var komið, beiddust 8 nafngreindir þingmenn þess skriflega, að umr. yrði hætt, og var það samþykkt með 12 : 10 atkv. Því næst var frumv. vísað til 2. umr. með 20 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir skrifl. ósk 6 nafngreindra þingm., og sögðu

Já:	*Nei:*
Kl. Jónsson,	Einar Jónsson,
Ben. Kristjánsson,	H. Kr. Friðriksson,
Björn Bjarnarson,	Þór. Böðvarsson.
Björn Sigfússon,	
Bogi Melsteð,	
Guðl. Guðmundsson,	
Jens Pálsson,	
Jón Jakobsson,	
Jón Jónss., þm. A.-Sk.,	
Jón Jónss., 2. þm. Eyf.,	
Jón Jónss., 2. þm. N.-M.,	
Jón Þórarinsson,	
Jón Þorkelsson,	
Ólafur Briem,	
Sigfús Árnason,	
Sighv. Árnason,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þórður Guðmundsson,	
Þorl. Guðmundsson.	

Frumv. til laga öm verndun Safamýrar í Rangárvallasýslu (C. 169); 1. umr.

Flutningsmaður (Þórður Guðmundsson): Mál það, sem hjer liggur nú fyrir, er skylt máli því, sem rætt var áður hjer í deildinni, um friðun á skógi og mel. Það mun vera í fyrsta sinni, sem lagafrumv. um Safamýri kemur hjer inn í þingsalinn; en öllum h. þingdm. mun vera kunnugt um nafn þetta, þar sem talsvert hefir verið um mýrina ritað í blöðunum nú í síðustu 12 ár. Jeg skal vera sem stuttorðastur jeg get um þetta mál, en leyfi mjer þó að skýra nokkuð frá, hvernig máli þessu víkur við.

Safamýri hefir alla þessa öld verið álitið eitt hið bezta engjastykki á voru landi; þó var því ekki veitt sjerleg eptirtekt fyr en eptir 1870. Þá kom það fyrst í ljós, að þetta mikla slægjuland var undirorpið eyðileggingu af vatnagangi og sandi. Þó var þessu ekki verulega gaumur gefinn fyr en eptir 1881. Þá var hið mesta grasleysisár og afleiðingin var sá voðalegi fellir, sem varð 1882. Þá sannfærðust menn um, hvílíkur kjörgripur Safamýri væri, því þá björguðu hey úr Safamýri yfir 100 kúm frá dauða í Rangárvallasýslu. Fóru menn þá að gefa sig að því að láta rannsaka, hvernig engi þetta yrði verndað og bætt. Búnaðarfjelag Suðuramtsins fjekk búfræðing til að athuga þetta, og áleit hann, að nauðsyn bæri til að hlaða flóðgarð með suðurjaðri mýrarinnar. Á þessu verki var svo að eins byrjað árið 1882. Þeir, sem kostuðu fyrirtækið, voru fyrst og fremst eigendur mýrarinnar og ábúendur á jörðum þeirra, og allir búendur í Holtamannahreppi, svo og sýslusjóðurinn, amtssjóðurinn og búnaðarsjóður Suðuramtsins. Verkinu var síðan haldið áfram að meiru og minnu leyti til 1886. Þá var fullgjör flóðgarðurinn þar sem nauðsynlegast þótti, og þegar árið eptir sýndi það sig ljóslega, hvílíkt gagn hann gjörði. Kostnaðurinn við fyrirtækið var rúmar 4000 kr.

Þá kemur til þess að minnast á viðhald þessa mikla verks. Þegar það kom til umræðu, kom þegar upp ágreiningur milli ábúendanna og jarðeigendanna, svo verndanin varð engin, af því það vantaði lög til að fá menn til að beygja sig undir vilja þeirra, er vildu koma verndduninni fram. Verndunin komst aldrei á og verkið fór forgörðum að miklu leyti. Þó hafa sumir viljað vernda mýrina og gert það að nokkru, en sumir hafa enga framkvæmd haft í þá átt. Nú hefir það sýnt sig enn betur síðustu árin, að engjastykki þetta er svo miklum voða undirorpið af sandi og vatni, að gjöreyðilegging vofir yfir, ef ekkert verður að gjört. Þess vegna fjekk sýslunefndin í Rangárvallasýslu búnaðarfjelag Suðuramtsins til að senda búfræðinga austur að skoða mýrina og gjöra áætlun yfir kostnaðinn við verndun hennar og umbót. Búnaðarfjelagið varð vel við þessari beiðni og sendi 3 búfræðinga til að skoða Safamýri. Þessir búfræðingar voru: Ásgeir Torfason, Ólafur Ólafsson og Sæmundur Eyjólfsson. Þeir skoðuðu mýrina í fyrra og í hitt eð fyrra, og voru allir á einu máli um það, að hún væri í sýnilegum voða, en að vernda mætti hana með flóðgörðum. Áætlun um kostnaðinn hefir sjer í lagi gjört Ólafur búfræðingur og komizt að þeirri niðurstöðu, að verkið mundi kosta rúmar 11000 kr. Þetta kann að sýnast nokkuð há tala, en þess ber að gæta, að hjer er til mikils að vinna. Safamýri hefir einstöku sinnum verið slegin upp, t. d. sumarið 1877, og gaf hún þá af sjer 40—50 þús. heybands hesta. En þessi tala, 11000 kr., ægir í augum einstakra manna, enda sjá þeir sjer eigi fært að leggja hana fram. Nú hafa menn góðar vonir um, að búnað-

arfjelag Suðuramtsins muni enn vilja leggja fram nokkurt fje, ef skynsamlegar reglur verða settar fyrir því, að verkið verði að notum. Við þingmenn Rangvellinga höfum nú leyft oss að koma með þetta frumv. inn á þingið, til þess að geta fengið lög, er komi í veg fyrir, að einstakir menn geti hindrað framkvæmd þeirrar verndunar, sem er bráðnauðsynleg til þess að Safamýri eyðileggist ekki gjörsamlega. Jeg vona, að h. þingd. sjái, að oss er bráðnauðsynlegt að geta fengið samþykktir, sem gjöri það, að minni hluti í þessu máli verði að beygja sig undir vilja meiri hlutans, og því treysti jeg því, að frv. þetta mæti engri mótspyrnu hjer í deildinni og fái að ganga sinn veg óhindrað. Jeg álít ekki, að nefnd þurfi að skipa í þessu máli, og óska, að því verði vísað til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tíundi fundur, miðvikudaginn 12. júlí kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Forseti gat þess að til sín væri komið:

1. Útdráttur úr hjeraðsfundargjörðum Vesturskaptafellssýsluprófastsdæmis um, að Kálfafellssókn verði gerð að sjerstöku prestakalli með 400 kr. uppbót úr landssjóði.

2. Bænarskrá frá alþingismönnum Einari Jónssyni, Sigurði Gunnarssyni og Jóni Jónssyni (þm. N-Múl.) um allt að 5000 kr. styrk til gufubátsferða um Lagarfljótsós.

3. Skýrslur (5 að tölu) um Safamýri í Rangárvallasýslu.

4. Bænarskrá frá Jóni presti Jónssyni til alþingis um að afnema 400 kr. árgjald af Staðarprestakalli á Reykjanesi.

Forseti skýrði frá að sjer hefði borist tilkynning um, að Þorlákur Guðmundsson væri kosinn formaður í nefndinni í málinu um viðanka við lög 15. apríl 1776, og Björn Bjarnarson skrifari.

Frumv. til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 157); 2. umr.

Flutningsm. (*Einar Jónsson*): Jeg sje enga ástæðu til að tala mikið um þetta frv. að svo stöddu, og leyfi mjer að eins að óska þess, að h. deild láti það ganga til 3. umr.

Klemens Jónsson: Jeg ætlaði ekki að tala í þessu máli og ætlaði mjer einungis að greiða atkvæði á móti því. En af því að jeg við nánari íhugun hefi komizt að þeirri niðurstöðu, að jeg get greitt atkvæði með því, að málinu sje hleypt til 3. umr., vil jeg þó gera grein fyrir því atkvæði mínu. Það er ósk mín, að aðskilnaður ríkis og kirkju komist á; en meðan sá aðskilnaður er ekki kominn á, álít jeg að nógu langt sje farið í lögum 1886. Á meðan landið borgar embættismönnum kirkjunnar að einhverju leyti, verður landsstjórnin að hafa hönd í bagga með veitingu brauða. Við 1. umr. þessa máls var það tekið fram af h. þm. Reykvíkinga, að kosningar hefðu opt mistekizt. En slíkt hefir átt sjer stað, á sjer stað og mun ætið eiga sjer stað. Jeg vil leyfa mjer að lesa upp kafla úr gamalli tilsk., nefnilega þeim svo kölluðu Ríparartíkulum frá 4. maí 1542:

»Först at som Superintendenterne have givet os tilkiende, hvorledis at hvor nogen Sogneprest dör eller afgaar her i Riget, da pleie menige Sognemend at trette om en Sogneprest at udvelie igien, hvoraf tit og ofte skeer at hvilken Persone som haver mest Slegt og Venner i en Sogen, eller haver den störste Part paa sin Side, den

bliver Sogneprest hvad heller han er en duelig eller lærd dertil eller ei«.

Þetta var um það bil sem verið var að sameina ríki og kirkju, og þótti mönnum það þá nauðsynlegt að takmarka vald safnaðanna í því efni og draga veitingarvaldið meira til stjórnarinnar, en samt vildi konungur ekki aftaka kosningarrjett safnaða með öllu og mælti svo fyrir, að 7 hinir vitrustu og beztu menn í sókninni skyldu velja presta. Þessi sama nauðsyn á því, að stjórn hafi hönd í bagga með, kemur fram enn þann dag í dag, og þykir mjer alls eigi við eiga að veitingarvald sje tekið frá henni, meðan svo stendur sem nú er. En allt um það vil jeg hleypa málinu til 3. umr., af því að jeg held að slíkt ákvæði, ef þetta verður að lögum, og eins ýtarleg íhugun, þótt það verði ekki að lögum, muni verða hvöt til að aðskilja ríki og kirkju. Ástæðan að jeg vil hleypa því til 3. umr., er, að jeg held að það mundi hrinda því máli áfram.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 16 gegn 5 atkv.
2. gr. samþykkt með 16 — 4 —
Málinu vísað til 3. umr. með 17 gegn 3 atkv.

Frv. til laga um að Austurskaptafellssýsla skuli, að því er sveitarstjórn snertir, skilin frá Suðuramtinu og lögð til Austuramtsins (C. 185); 1. umr.

Jón Jónsson þm. A-Sk.: Jeg vil að eins láta í ljósi ánægju mína yfir því, að frv. þetta hefir komið frá stjórninni. Jeg hefi ekki meira um málið að segja en gjört er í ástæðum frv.; en þess vil jeg þó geta, að þar sem sagt er að sýslunefndin hafi eigi látið álit sitt í ljósi 1889, þá er það ekki með öllu rjett, því að hún ljet einmitt álit sitt í ljósi það vor og voru allir með málinu. En verið getur, að það álit hafi eigi verið komið til amtsins, þá er málið lá fyrir þinginu, að minnsta kosti risu amtmennirnir þá á móti því; en annars hafa allir, sem nokkuð þekkja til, verið hlynntir þeirri breytingu, er hjer liggur fyrir. Jeg er málinu meðmæltur og vona að það hljóti eins góðan byr í þessari deild eins og það hefir fengið í hinni.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um sölu þjóðjarða (C. 170); 1. umr.

Flutningsm. (*Jón Jakobsson*): Frumv. þetta er gamall kunningi hjer í deildinni, og finn jeg því eigi ástæðu til að fara mörgum orðum um það að svo stöddu. Ástæðurnar fyrir þessu frumv. eru margræddar hjer á þinginu áður. Jeg vil að eins láta í ljósi þá ósk mína, að h. deild sýni þessu frv. þann sama velvilja nú, sem það hefir áður átt að fagna, og láti það hindrunarlaust ganga til 2. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg efast ekki um, að h. flutningsm. (J. Jak.) gengur gott eitt til að koma með frv. þetta inn á þing. Tilgangur frv. er eflaust sá, að leiguliðum sje gjört hægra fyrir, ef þeir vilja kaupa ábýlisjörð sína eða geti fengið það fljótar afgreitt en ella. Þetta er gott og lofsvert. En jeg vil gjöra þá athugasemd, að jeg er ekki alveg viss um, hvort ákvæði frv. geta samrýmzt við 23. gr. stjórnarskrárinnar, því þar stendur, að ekki megi »selja eða með öðru móti láta af hendi neina af jarðeignum landsins, nema slíkt sje með lagaboði ákveðið». En jeg fyrir mitt leyti skal ekki leggja neinn dóm á þetta atriði, og skýt jeg því til lögfræðinganna. Þetta var fyrsta athugasemdin, sem jeg vildi gjöra. En jeg hefi og aðra. Mjer þykir það eigi við eiga, að þingið kasti frá sjer sam-

þykktarvaldinu um sölu á jarðeignum landssjóðs. Þetta er eitt af því þingræði, sem þingið á að minni meiningu að halda föstu og sleppa því ekki úr greipum sjer, því það getur í sumum tilfellum verið hæpið og jafnvel skaðlegt.

Það er álit mitt, að sá dráttur, sem af því leiðir, að málið skal borið undir þingið til fullnaðarályktunar, geri eigi hlutaðeigendum mikið til, því að þótt þetta kæmist á, mundi eigi að síður þurfa þann undirbúningstíma með slík málefni, sem nærfellt svaraði tímabilinu á milli þinga. Og jeg vil biðja h. flutningsm. að íhuga báðar þessar athugasemdir vandlega.

Jón Jónsson, 2. þm. N-M.: Sem annar flutningsmaður þessa máls hefi jeg lítið að segja um aðalstefnu þess. Því það er búið að taka hana fram af meðflutningsmanni mínum. Jeg vil að eins leyfa mjer, að víkja fáum orðum að mótbárum h. 2. þm. Rangv. Mjer finnst það eigi mikilsvert, að þingið hafi þenna rjett, til fullnaðarúrslita um sölu hverrar einstakrar þjóðjarðar. Mjer sýnist full trygging í því, að sýslunefndin og amtsráðið meti jörðina til verðs, því í henni sitja menn sem að minnsta kosti í flestum tilfellum þekkja nokkurn veginn vel til þjóðjarðanna í sýslunni. Það er og eigi hætt við, að rjetti landsins verði hallað við slíka sölu, því að umboðsmennirnir eiga líka að vera í ráði með, og þeir skoða jafnaðarlega málið frá nokkuð öðru sjónarmiði en sýslunefndin. Það koma því optast fram tvær skoðanir, þótt ekki sje þingið sjálft öðru megin, og tryggir það, að álitið verði rjett og sanngjarnt. Það er og álit mitt, að það sje mjög lítil trygging að því þó, þingið eigi að fjalla um sölu hverrar einstakrar jarðar, en mikil tímatöf fyrir þingið, því óhætt mun að fullyrða, að þingið verði að byggja á sögusögn eins eða tveggja af þingmönnum, því að vart mun það verða fleiri en svo af þingmönnum, sem þekkja til, þegar verið er að ræða um sölu hverrar einstakrar jarðar, og jeg vil fyrir mitt leyti stuðla til þess, að þingið sje ekki að vafasast í þeim málum, sem eyðir miklu af hinum dýra þingtíma, og af því jeg hygg að áhrif þingsins svari ekki nærri kostnaði þeim, er leiðir af öllu því erfiði sem það hefir af þjóðjarðasölumálum, er jeg á móti því, að þingið sje að þreyta sig á þessu erfiði. Jeg vil í engu draga vald frá þinginu, þar sem jeg hygg að vald þess geti haft einhverja þýðingu fyrir þjóðina; en jeg sje eigi að það geti haft nokkra þýðingu, að þingið fjalli um þjóðjarðasölumálin, en mjer sýnist það að miklum mun ljetta vanda og fyrirhöfn á þinginu, ef það væri leyst frá því starfi. Hvort frv. er samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vil jeg ekki dæma um, en vona þeir af þingdm. sem eru löglærðir og þá einkum hæstv. landsh. gefi bendingar um það.

Landshöfðingi: Af því að samhljóða frv. kom fram hjer í deildinni 1891 og jeg þá gerði ítarlega grein fyrir skoðun minni á þessu atriði, álít jeg óþarft að endurtaka það nú. En það er eitt atriði, sem jeg vildi benda á. Ef þingið hefði í hyggju að gera einhverja ráðstöfun á þjóðjörð, t. a. m. ætlaði að setja þar á stofn búnaðarskóla eða fyrirmyndarbú, þá væri óheppilegt, ef jörðin væri þegar seld án vitundar þingsins.

Sighvatur Árnason: Jeg skal með ánægju gefa atkvæði mitt til, að málið gangi til 2. umr. Því að jeg vil að það sje nákvæmlega íhugað. En jeg vil ekki fleygja þessu samþykktarvaldi frá þinginu og minnka þingræðið. Jeg tortryggi ekki að vísu sýslunefndir og umboðsmenn, enda veit jeg að þingið

verður að byggja ályktun sína á mati sýslunefndar og umboðsmanna að miklu leyti. Það er ekki eingöngu það, sem bægir mjer frá að greiða atkvæði með frv., heldur hitt, sem jeg hafði bent á.

H. Kr. Friðriksson: Jeg álít að þetta mál þurfi nákvæmrar íhugunar við og sting upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Uppástungan felld með 17 gegn 3 atkv. Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á 2. gr. í lögum 12. jan. 1884 um breytingu á nokkrum brauðum í Eyjafjarðar- og Vesturskaptafellsprófastsdæmum (C. 170); 1. umr.

Flutningsm. (*Klemens Jónsson*): Jeg hefi leyfi mjer að koma með mál þetta inn á þing í þeirri von, að h. deild taki því vel. Það fer fram á að bæta úr kjörum eins af prestum vorum, sem hefir beðið halla við brauðabreytinguna. Sem stendur hefir presturinn í Grundarþingum enga bújörð og varð því hinn núverandi prestur fyrst að hrekjast úr einum stað í annan sem húsmaður. Brauðið er sjálft mjög rýrt. Þegar hann tók við því, voru tekjurnar 1009,89 kr., en nú er það 913,31 kr., og hafa þær einlægt farið smáminnkandi frá 1885 til 1892. Hann hefir engi jarðarafgjöld og prestsmata er svo að segja engin: af Grund 80 kr. 80 au. og af Kaupangi 26 kr. Prestur sá, sem nú er þar, hefir sótt um brauð hvað eptir annað, en ekki fengið neitt. Til þess að bæta kjör hans, sem full nauðsyn sýnist bera til, er hjer farið farið fram á, að hann fái Hrafnagil með hjáleigunni Botni, eins og lagt var til á þingi 1883 og þá gekk í gegn í efri deild, en fjell í neðri deild. Jörðin Hrafnagil með Botni er metið 48,8 hndr. að dýrleika. Afgjaldið af Hrafnagili er

14 sauðir	=	140 kr.
60 álnir	=	30 kr.
20 pd. smjör	=	10 —
	Alls	180 kr.

Nú er það goldið með 6000 pd. af töðu, sem flutt 2 mílur niður á Akureyri má reikna 3 aura pd. = 180 kr.
Auk þess 40 meðalálnir = 20 —
En af Botni 6 sauðir = 60 —
40 pd. af smjöri = 20 —
Alls 280 kr.

Þessar 280 kr. þarf auðvitað að bæta prestinum á Akureyri upp, og þar við bætist einnig 1/3 af prestsmötunni af Grund, sem tekin hefir verið upp í landssjóðsgjald það, 50 kr., sem eptir lögunum 1884 á að greiða frá Grundarbrauði. Þenna þriðjung af prestsmötunni má reikna um 50 kr., og er því farið fram á, að 340 kr. verði borgaðar úr landssjóði.

Jeg hefi nú sýnt fram á, að tekjur Grundarþingaprestsins hafa farið minnkandi á síðustu árum og tekið það fram, hversu óþolandi það er honum að vera án bújarðar. Jeg hefi sýnt með reikningi rjettum, að afgjald þeirra jarða, sem hann býr á nú, og prestsmatan er 320—340 kr. Þessar jarðir heyra til Akureyrarbrauðinu.

Tillaga mín í frv. þessu er í stuttu máli sú, að þessar jarðir, Hrafnagil og Botn, verði gerðar að ábýlisjörð prestsins í Grundarþingum, en halli sá, sem Akureyrarbrauðið biði við það, jafnaður með 340 kr. úr landssjóði.

Prestur sá, sem nú situr í brauðinu, er gáfna- og menntamaður, og einn af þeim fáu prestum vorum, sem fást við ritstörf. Þótt þetta sje ekki bein meðmæli, þá læt jeg þess þó getið, og vona að h. deild taki máli þessu vel. Jeg leyfi mjer að geta þess, að yfirlit yfir tekjur brauðsins mun verða lagt fram á lestrarsalinn.

Björn Bjarnarson: Jeg vildi að eins benda á, að mjer finnst vera ósamkvæmni í því, sem h. þm. Eyf. (Kl. J.) mælti, viðvíkjandi breytingunni á lögum um hluttöku safnaða í veitingu brauða, sem hann vildi láta bíða þangað til ríki og kirkja yrðu aðskilin, við það, er hann sagði þessu frv. til formælis. Ef sá aðskilnaður, sem sjálfsagt væri æskilegur, stæði bráðlega fyrir dyrum, ætti þetta að geta alveg eins vel beðið. Þetta er ein af þessum mjög svo óvinsælu breytingum á nýjum prestakallalögum, eins og fyrirsögn frumv. ber með sjer, auk þess sem hjer er farið fram á, að auka útgjöld landssjóðs um 340 kr. Jeg sje eigi brýna ástæðu til að styðja frumv. þetta, enda mun jeg greiða atkv. móti því nú þegar.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Það er líklega af því, að jeg er ekki eins mikill skarpleikamaður og h. þm. Borgf. (Bj. B.), að jeg get ekki sjeð neina ósamkvæmni í því, þótt jeg sje móti breytingu á lögum um hluttöku safnaða í veitingu brauða, en haldi því fram, að ljelegu brauði sje veitt bújörð, og það því fremur, sem áður hefur verið farið fram á þetta sama sem fulla nauðsyn; því eins og jeg hef áður tekið fram, hefir það áður verið samþykkt í efri deild þessa þings, og hjeraðsfundir hafa hvað eptir annað kvartað yfir því fyrirkomulagi, sem nú er, og sýnir þetta ljóslega, að það hefir þótt óhentugt. Jeg álít nauðsynlegt að gera eitthvað til að bæta úr þessu sem fyrst.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 : 4 atkv.

Frumv. til laga um fuglveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum (C. 175); 1. umr.

Flutningsmaður (*Sigfús Árnason*): Jeg vona jeg þurfi eigi að fara mörgum orðum um frumvarp það, sem liggur hjer fyrir, því mjer finnst það mæla bezt með sjer sjálft, og jeg hefi því fremur ástæðu til að hugsa þetta, þar sem tvö mál, sem voru svo náskyld þessu, sem voru til umræðu hjer í deildinni í gær, fengu svo góðar undirtektir. Jeg skal því að eins í stuttu máli skýra frá ástæðum þeim, sem knúið hefir eyjarskeggja til að leita til þingsins í þessu efni, af því engin lög eru til um það, er snertir fuglveiðasamþykktir. Ástæðurnar eru þær, að á síðustu árum hefur fugli fækkað svo mjög á eyjunum, sjerstaklega lunda og langvíu, að allt útlit er fyrir, að þessar fuglategundir muni leggjast algjörlega frá eyjunum, ef ekki er undinn bráður bugur að því, t. d. með fuglveiðasamþykkt, að takmarka sem mest veiði á honum eða þá að öðru leyti algjörlega að friða hann um nokkur ár. Eins og háttv. þingd.mönnum mun kunnugt, er lunda- og svartfuglaveiðin í Vestmannaeyjum eitt af aðal-hlynnindum jarðanna þar, og með því jarðirnar eru eign landssjóðs, þá má búast við, að hann megi taka skaðann í iðgjöld fyrir þá miklu rýrnun, sem yrði á jörðunum, ef þessi veiði eyðilegðist, eða því sem næst, eins og hann að hinu leytinu nyti ávaxtarins, ef fuglinn aptur yrði bændur að.

Mjer finnst það því vera helg skylda þingsins, að hlynna að því, að forða þessum öðrum aðal-bjargræðisvegi okkar eyjabúa frá algjörðri eyðileggingu.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið, því jeg vona, að allir h. þingdeildarmenn hljóti að sjá, hver nauðsyn það er fyrir oss eyjabúa, að þetta mál fái heppileg úrslit, enda vona jeg svo góðs til háttv. deildar og þingsins í heild sinni, að málið fái greiðan veg gegn um þingið. Jeg skal svo ekki mæla frekara, en að eins leyfa

mjer að óska þess, að málið fái að ganga hindrunarlaust til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 22 samhljóða atkv.

Frumv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (C. 178); 1. umr.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Sem annar af flutningsmönnum þessa máls, skal jeg leyfa mjer að fara fáum orðum um það.

Þegar vjer lítum á það, hvernig kjörfundir við alþingiskosningarnar voru sóttir síðastliðið haust, sjáum vjer, að tæpur þriðjungur kjósenda hefur neytt kosningarrjettar síns. Eptir því sem mjer hefur talizt til, hafa ekki fleiri en hjer um bil 2080 kjósenda mætt á kjörfundum og greitt þar atkvæði. Jeg veit að vísu ekki nákvæmlega tölu kjósenda á öllu landinu, en eptir því, sem jeg hef getað komizt næst, munu þeir vera 6—7000; það er því að eins tæpur þriðjungur kjósenda, sem mætt hefur á kjörfundum. En þegar vjer svo lítum til einstakra kjördæma, sjáum vjer, að það er mjög misjafnt, hvernig kjörfundirnir hafa verið sóttir, og dylst oss eigi, að það fer að miklu leyti eptir því, hvernig samgöngum innan hjeraðs er háttað; í sumum kjördæmum hafa þeir verið mjög illa sóttir t. d. í Barðastrandarsýslu, þar sem einir 28 kjósendur greiddu atkvæði við síðustu kosningu, og í Norður-Þingeyjarsýslu mæta að eins 41, segi og skrifa fjörutíu og einn kjósandi. Jeg bið menn að taka vel eptir þessu, að í Norður-Þingeyjarsýslu, kjördæmi h. forseta (B. Sv.), sem kunnur er fyrir sinn eldlega áhuga í landsmálum, og eigi síður fyrir hitt, hve lagið honum er að laða, eða, ef jeg svo mætti segja, að »electrisera« menn með orðum sínum og áhuga, að í þessu kjördæmi mæta svo fáir. Er þetta ekki, eitt með fleiru, óbrigðult tímanna tákn, og vottur þess, að kosningarlögin munu á einhvern hátt óhagkvæm? Í Snæfellsnessýslu mættu 46 kjósendur og í Vestur-Skaptafellssýslu 60, og milli 60 og 70 í ýmsum kjördæmum. Í sumum kjördæmum, þar sem greiðari eru samgöngurnar, voru kjörfundirnir aptur á móti betur sóttir, sjerstaklega í Rangárvallasýslu, Eyjafjarðarsýslu, Borgartjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu. En yfir höfuð hlýtur öllum að koma ásamt um það, að kjörfundir hafi ekki verið eins vel sóttir og æskilegt hefði verið; og þó að áhugaleysi almennings sje eigi mælandi bót, hygg jeg þó, að kjörfundaskýrslurnar hljóti að færa mönnum heim sannanir um það, að því sje ekki einu um að kenna, heldur sje aðalundirrótin sú, hve örðugt kjósendum er, með núgildandi lögum, gjört að neyta kosningarrjettar síns.

H. 5. kgk. þingm. (J. A. H.) hefur heiðurinn af því, að hafa fyrstur hreift breytingu á kosningarlögunum. Hann bar fram frumv. um það efni á alþingi 1889, og aptur 1891. En frumv. hans, sem fer fram á, að hafa kjörstað í hverjum hreppi, var fellt í Nd. þingsins 1891, því að enda þótt menn játuðu, að »principið«, að gjöra kjósendum greiðara að nota kosningarrjett sinn, væri rjett, þá óttuðust menn, að ef svo langt væri gengið, að kjörstjórn yrði sett í hverjum hrepp, þá mundi það skapa hreppa-pólitík; jeg hygg og, að flestir verði að játa, að það sje gagnlegt, að menn einangrist ekki um of, heldur komi saman af stærri svæðum, til að ræða landsmál, því að það víkkar sjóndeildarhringinn, og losar menn við þann smásálarlega hugsunarhátt, sem því miður opt bryddir á um of á sveitafundunum.

Frv. hr. J. Hjaltalíns hefir og þann

agnúa, að þingmanna-efnunum er eigi auðið að mæta á kjörfundum, sem haldast eiga í öllum hreppum á einum og sama degi; eins og líka varhugavert virðist, að láta þann vera rjett kjörinn, sem flest fær atkvæðin, enda þótt hann hvergi nærri hafi fengið helming atkvæða úr öllu kjördæminu, og »repræsenteri« því má ske í raun rjettri að eins vilja lítils minni hluta.

Við flutningsmennirnir höfum nú viljað fara meðalveg, og stungið upp á að amtsráð fái heimild til, með ráði sýslunefnda, að fjölga kjörstöðum, en þó eigi meira en svo, að eigi verði þeir fleiri en 3 í kjördæmi hverju.

Jeg skal ekki að þessu sinni fara út í einstök atriði frumv.; en jeg vona, að h. deild sje oss flutningsmönnum samdóma um, að frumv. þetta stefni rjetta leið.

Af því að mál þetta er mikilsvert, þá gjöri jeg ráð fyrir, að nefnd verði sett í það; en jeg vil þó ekki stinga upp á nefnd að svo stöddu, með því að jeg tel betur við eiga, að mönnum gefist kostur á að ræða málið, og láta skoðanir sínar í ljósi.

Sighvatur Árnason: Jeg er samdóma h. flutningsm. (Sk. Th.) um, að frumv. þetta sje góðra gjalda vert, og að þörf sje á að fjölga kjörstöðum í hinum víðlendustu kjördæmum landsins. Jeg er aptur einn af þeim, sem ekki vilja fara mjög langt í því, því að það hefur þá annmarka í för með sjer, sem mjer sýnast næsta fráfælandi, en þeir annmarkar hafa verið teknir fram bæði í ræðum og ritgjörðum, og finn jeg því ekki ástæðu til, að tala um þá nú.

Jeg er að vísu með að fjölga kjörstöðunum, en mjer hefur dottið önnur aðferð í hug en frumv. fer fram á; henni munar að vísu lítið frá frumv., mjer finnst hún eðlilegri, eiga betur við, og vera nokkurn veginn fullnægjandi. Mín breyting er í því fólgin, að hafa tvo kjörstaði í þeim kjördæmum einum, sem tvo þingmenn eiga að kjósa. Það er brotaminnst að það gangi yfir land allt, að að eins einn þingmaður sje kosinn á hverjum kjörstað. Jeg játa að vísu, að þetta kunni að vera hin minnsta fjölgun á kjörstöðum í víðlendustu kjördæmunum, en þó hygg jeg, að við hana sje unandi, og að hún bæti talsvert úr því sem er.

Jón Jónsson, 2. þm. N.-Múl.: H. meðflutningsm. minn að þessu frumv. (Sk. Th.) hefir gjört rækilega grein fyrir stefnu þessa frumv., en af því að jeg álít mál þetta mjög mikilsvert og því sjálfsagt að setja nefnd í því, þá vil jeg lýsa því yfir, að jeg hefi heimild til þess frá nefnd, sem kosin hefir verið í h. efri deild í líku máli, að geta þess hjer til leiðbeiningar fyrir nefnd þá, sem væntanlega verður kosin hjer, að nefndin í efri deild hugsar sjer að slengja saman fleiri málum, er snerta þetta mál, svo sem frumv. um fast þingfararkaup o. fl., sem þessi nefnd hefir til meðferðar.

Jeg get ekki verið samdóma h. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.), ef það er meining haus, að alstaðar þar, sem kjósa á einn þingmann, skuli að eins vera einn kjörstaður. Jeg vil taka til dæmis Norður-Þingeyjarsýslu. Þar á að eins að kjósa einn þingmann; en jeg skil ekki annað en að miklir örðugleikar sjeu á því, að bændur af Langanesi geti sótt kjörfund t. d. á Skinnastöðum. Hann vildi líka, að þar sem kosnir væru 2 þingmenn, skyldu að eins vera 2 kjörstaðir; en það er líka of lítið sumstaðar, t. d. í Norður-Múlasýslu og sömuleiðis í Suður-Múlasýsla. Í Norður-Múlasýslu eru miklir örðugleikar á því, að menn geti sótt kjörfund, ef kjör-

staðir eru að eins tveir. Þar eru fyrir norðan Smjörvatnsheiði Vopnafjarðarhreppur og Strandahreppur, og svo eru í þessari sýslu, auk hreppanna í Fljótsdalshjeraði: Seyðisfjarðarhreppur, Loðmundarfjarðarhreppur og Borgarfjarðarhreppur, sem mundu eiga jafnerfitt með að sækja kjörfund, sem haldinn væri á »Hjeraðinu«, eins og Vopnfirðingar, því milli Hjeraðsins og fjarðanna liggja heiðar, sem eru litlu eða engu betri en Smjörvatnsheiði. Sama er að segja um örðugleikana í Suður-Múlasýslu. Þar þarf einn kjörstaður að vera á Hjeraðinu, annar í Fjörðunum og þriðji fyrir sunnan Breiðdalsheiði, ef nokkur veruleg bót ætti að vera að því. Jeg tek þessi dæmi þar, sem jeg er kunnugastur, og væri æskilegt að heyra skoðanir annara h. þingdm. á þessu máli viðvíkjandi þeim stöðum, þar sem þeir eru kunnugastir.

Þórður Guðmundsson: Jeg er einn af þeim, sem eru meðmæltir þessu frv., sem hjer liggur fyrir, um fjölgun kjörstaða. Jeg felli mig við það að mörgu leyti, þó það sje ýmislegt í því, sem mjer finnst athugavert. Jeg held ekki að það sje heppilegt að gjöra það að fastri reglu, að kjörstaðir skuli vera fleiri en tveir í hverju kjördæmi á öllu landinu. Jeg sje ekki, að það sje þörf að fjölga kjörstöðum, þar sem hægast er að sækja kjörfundi, en á hinn bóginn vil jeg, að þar sem örðugast er nú með að sækja kjörfund, sje skipt í tvö kjördæmi, ef sýslubúar óska þess, og er því með frumv., ef það fer í þessa átt.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd í þessu máli og jafnframt benda á, að fleiri frumv. eru uppi um breytingar á kosningarlögunum, sem öll ættu að koma í sömu nefndina.

ATKVÆÐAGR.: 5 manna nefnd samþykkt og í hana kosnir:

Jón Jónsson, 2. þm. N.-M.	með	17 atkv.
Sigurður Gunnarsson	—	12 —
Skúli Thoroddsen	—	12 —
Klemens Jónsson	—	10 —
Jón Þorkelsson	—	9 —

Till. til þingsályktunar um afnám grísku og latínu sem skyldunámsgreina í Reykjavíkur lærða skóla (C. 170); hvernig ræða skuli.

Eptir uppástungu 2. þm. Skagf. (J. Jak.) var samþ. með 21 atkv., að hafa 2 umr. um þetta mál.

Forseti gat þess, að í nefndinni um fjárráð giptra kvenna væri kosinn formaður Jón Jónsson, 2. þm. Eyf., og Guðl. Guðmundsson, þm. Vestur-Skaptf., skrifari.

Ellefti fundur, fimmtudag 13. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að til sín væri komið:

1. Þingmálafundargjörðir úr Austur-Skaptafellssýslu á Papós.
2. Bænarskrá frá sjera Árna Þórarinssyni um að 200 kr. af árgjaldi Miklaholtsprestakalls verði ljett á prestakallinu, og lagðar á Helgafellsprestakall, við næstu prestaskipti þar.
3. Skjöl, 3 að tölu, snertandi frumv. til laga um að leggja jarðirnar Laugarnes, Klepp, Skildinganes og Bústaði undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
4. Bænarskrá frá Austur-Skaptfellingum um fjárstyrk til strandferða milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar, með því skilyrði, að strandferðaskipið komi við á Hornafjarðarós og Papós báðar leiðir.
5. Skjöl, tvö að tölu, snertandi frv. til laga um breytingu á 2. gr. laga 12. jan. 1884, um breytingu á nokkrum

brauðum í Eyjafjarðar- og Vestur-Skaptafellsprófastsdæmum.

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 159); 2. umr.

Flutningsm. (Sighv. Árnason): Jeg skal ekki vera fjölorður á þessu stigi málsins, enda hafa engar breyt.till. við frumv. komið fram. Þar að auki álít jeg það óþarfa, af þeirri ástæðu, að málið mun öllum þingmönnum nægilega kunnugt, þar sem málið er svo margrætt, grein fyrir grein, á undanförnum þingum, og leyfi jeg mjer að óska þess og vona, að málið fái að ganga fram sinn rjetta gang á þessu þingi.

ATKVÆÐAGR.: Allar greinar frv. voru samþykktar hver um sig með samhljóða atkvæðum, svo mörgum, sem hjer segir:

1. gr. með 17, 2. gr. með 19, 3. gr. með 17, 4. og 5. gr. með 19, 6. og 7. gr. með 15, 8. gr. með 16, 9.—15. gr. með 17 hver, 16. gr. með 16, 17. gr. með 14, 18. gr. með 17, 19.—20. gr. með 18, 21. gr. með 17, 22. og 23. gr. m. 18, 24. gr. með 19, 25. gr. með 18, 26.—27. gr. með 19, 28. gr. með 17, 29.—34. gr. með 19 hver, 35.—36. gr. með 18 hver, 37. gr. með 17, 38.—40. gr. m. 19 hver, 41.—44. gr. með 18 hver, 45. gr. m. 17, 46.—49. gr. með 18, 50. gr. með 19, 51. gr. m. 17, 52. gr. m. 19, 53. gr. m. 17, 54. gr. með 15, 55. gr. m. 19, 56. gr. m. 16, 57. gr. m. 19, 58.—60. gr. með 19, 61. gr. m. 18, 62. gr. m. 16, 63.—66. gr. með 19 atkv., 67. gr. með 17, 68.—70. gr. m. 19, 71. gr. m. 18, 72. gr. m. 19, og ákvæði um stundarsakir samþ. með 19 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með samhlj. 22 atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (C. 81); 1. umr.

Þórarinn Böðvarson: Þótt jeg segði hjer um daginn um eitt lagafrumv., að það yrði ekki kallað meinlaust og gagnslaust, þá get jeg sagt um þetta, að það sje meinlaust og gagnslaust, því hjer liggur það nær.

Tilefnið til þessa frumv. er, að því leyti sem jeg þekki til, óregla eða öllu heldur lagabrot, sem einn hjeraðsfundur hefir gjört, með því að ákveða annan fundartíma en þann, sem lögboðinn er, og gjöra það að verkum, að messufall varð á öllum kirkjum í prófastsdæminu, til þess að prestar gætu heyrt til eins þeirra.

Annars hefi jeg alls ekki heyrt þess getið, að nokkur óánægja væri með, að hjeraðsfundur sje haldinn í september, enda mun og heppilegra, að fundurinn sje eptir synodus en fyrir.

Það er og önnur ástæða til þess, að frumv. þetta hefir komið fram, er jeg vildi geta um. Sumir hafa gjört sjer þetta að kappsmáli, til þess að geta gripið til þeirra úrræða, að dæma hjeraðsfund ólögmætan, ef þeir koma ekki sínu fram. Er það ekki eins dæmi með hjeraðsfundi hjer á landi, að ákvæðið sje um, hvenær fundurinn sje lögmætur; hið sama er með kjörfundi, og rekur mig minni til, að fyrir nokkrum árum kom þingmaður einn á alþingi á sexmannafari, sem menn kölluðu; það er: kosinn að eins af 6 kjósendum.

Þegar litið er til annara landa, má sjá, að menn eru frjálslyndir í þessu efni. Í neðri málstofu Englendinga er fundur lögmætur, ef 40 sækja, og eru þingmenn þó um 600. Í lávarðadeildinni þarf ekki nema 3 til þess, að fundurinn sje lögmætur. En hjer á Íslandi vilja menn láta helming sækja fund, svo lögmætur sje, og það þótt enginn fái

nokkra borgun fyrir ómakið. Þetta finnst mjer mjög ósanngjarnt.

Hin nýmælin í frv. þessu, um fjölgun sóknarnefndarmanna o. fl., eru meinlaus og gagnslaus; en ekki finnst mjer rjett að leggja svona lagaða bót á fatið, sem ekki er hægt að kalla gamalt, enda var brotinn ís, þegar þessi lög voru samin.

Ef samin væru ný lög, þá gæti jeg fremur fellt mig við það, en með þessu get jeg ekki verið, og álít jeg það illa varið tíma, að vera að fjalla um þetta frumv. eins og það nú er. Lögin, sem það fer fram á að breyta, voru frumsmíði, og þótt jeg þá ætti þátt í samningu þeirra, þá vildi jeg nú breyta þeim í ýmsu. Við, sem sömdum þau, fundum ljóst, að þörf var á, að þeir, sem þá fundi sækja, fengju þóknun fyrir hvern dag, sem þeir væru á ferðinni, í líkingu við þá þóknun, sem sýslunefndarmenn fá, en gátum eigi sjeð, hvar hana skyldi taka. Meðan það getur ekki orðið, að hjeraðsfundarmenn, sjerstaklega safnaðarfulltrúar, fái þóknun fyrir að sækja fundinn, get jeg ekki álitið að það eigi við, að setja ákvæði um það, hve margir skuli vera á fundi til þess að fundur sje lögmætur. Að sækja slíka fundi skoða jeg sem rjettindi, en ekki skyldu, og leyfi mjer að álíta, að þeir safnaðarfulltrúar og prestar, sem ekki eru á fundi, sjeu ekki til sem fundarmenn.

Björn Bjarnarson: Mjer virðist svo sem á seinni árum sje farið að færast dálítið líf í hjeraðsfundi hjer á landi, og kann jeg því ekki við, að nú sje farið að afnema þá; en jeg get ekki betur sjeð, en að frumvarp þetta fari einmitt í þá átt. Því þótt eigi vanti meir en einn upp á helming þeirra, er fund eiga að sækja, þá er fundurinn ólögmætur samkvæmt ákvæðum frumv. þessa. En af því hjeraðsfundarmenn fá enga borgun fyrir að sækja fundina, er opt hætt við, að þeir kunni að verða þunnskipaðir; en sjeu þeir til nokkurs liðs, vil jeg heldur að þeir verði haldnir fámennir en alls ekki eða ólögmætir.

Með því mjer nú virðist, að þetta litla líf, sem er að færast í fundina, sje dálítill framfaravottur, þá finnst mjer, að það eitt, að frumvarpið mundi eyðileggja þá alveg, ætti að vera nóg til þess að aptra mönnum frá að greiða atkvæði með því.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að jeg álít ákvæðin í 1. gr. þessa frumv. verulega rjettarbót. Það mun öllum kunnugt, að það er mjög erfitt fyrir bændur að fara frá heimili sínu í septembermánuði, því þá standa heyannir víðast hvar sem hæst. Það er mín skoðun, að júnímánuður sje miklu hentugri til fundarhalds, enda er það einna bezti tími ársins til ferðalags. Í mínu hjeraði er það almenn ósk, að fundartíminn sje færður til júnímánaðar.

Jeg vona því, að h. deild láti frumv. ganga til 2. umr., svo fara megi út í hin einstöku atriði frumv., og laga, ef eitthvað þykir miður fara.

En jeg vil að eins geta þess, að mjer finnst nauðsynlegt, að ákveðið sje, hvenær fundur er lögmætur, því mjer þykir óviðkunnanlegt, að að eins einn eða tveir af öllum þeim, sem fund eiga að sækja, geti gjört ákvæði fyrir allt prófastsdæmið.

Björn Sigfússon: H. varafors. (Þ. B.) ljet sjer um munn fara þau orð, að engin ósk hefði komið frá landsmanna hálfu um, að hjeraðsfundi mætti halda á öðrum tíma en nú er ákveðið með lögum.

Út af þeim ummælum vil jeg geta þess, að í mínu kjördæmi hefir einmitt komið fram eindregin ósk í þá átt, bæði

frá prestum og safnaðarfulltrúum. Jeg er samdóma h. þm. A.-Sk. (J. J.) um, að heyannatíminn er einna óhentugasti tími ársins til slíkra funda, og væri mjög æskilegt, ef fundurinn væri ákveðinn í júní, í staðinn fyrir í september. Þar sem varið er 2—3 dögum til hjeraðsfundar, eins og tíðkast í mínu kjördæmi, þá er það skiljanlegt, að hjeraðsfundir verði ver sóttir, þegar þeir eru settir ofan í mesta annatímann.

Jeg get ekki skilið í því, að þeir, sem vilja hlynna að kirkjunni, eins og hinn h. varaforseti (Þ. B.), vilji draga úr störfum og áliti hjeraðsfunda. Starf það, er fyrir þá er lagt, er svo margbreytt og umfangsmikið, að það segir sig sjálft, að ef ekki er varið til þeirra nema einum eða öllu heldur hálfum degi, verður íhugun og afgreiðsla málanna bara þýðingarlaust og hlægilegt kák. Jeg skal að eins nefna endurskoðun allra kirkjureikninga í prófastsdæminu og kirkjubyggingarreikninga. Það vita þó flestir að verður ekki gjört á svipstundu, svo nokkurt gagn sje að, og svo er með fleira. Það er því að mínu áliti góður og þýðingarmikill siður, að verja til fundarins fleiri en 1 degi, og álít jeg það einni ástæðunni meir til þess, að fundurinn sje settur meðan annir eru minni. Jeg leyfi mjer því að mæla sterklega með því, að frv. þetta nái fram að ganga.

H. þm. Borgf. (B. B.) tók það fram, að sjer virtist 3. gr. frv. mjög óheppileg, vegna þess, að hjeraðsfundur mundi sjaldan lögmætur, ef frumv. þetta yrði að lögum. En jeg vil á hinn bóginn taka það fram, að jeg get engan veginn fellt mig við, að 2—3 menn gjöri fullnaðarákvæði í því máli, sem 20—30 manns á að dæma um.

Þórarinn Böðvarsson: H. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.) talaði um, að það væri allmenn ósk í Húnavatnssýslu, að fundartíminn væri færður til. Jeg þekki einfalt ráð við því, og Húnvetningum mun það einnig kunnugt. Það er ekkert annað en halda fundina þegar þeim lízt. Jeg er viss um, að Húnvetningar fengju lof fyrir, ef þeir gjörðu það framvegis, ef ekki þakkarávarp, og sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að Austur-Skaptfellingar gætu fetað í fótspor þeirra.

Hjer á suðurlandi og víða annars staðar, sem jeg þekki til, er septembermánuður alls ekki mesti annatími. Nei, það er einmitt júnímánuður, og ef ætti að halda hjeraðsfundi í júní, þá er jeg sannfærður um, að það mundi hreinasta undantekning, ef nokkurn tíma yrði fundarfært. Ef þetta yrði að lögum, þá er mjer næst að halda, að jeg fylgdi hinu góða dæmi Húnvetninga, og hjeldi hjeraðsfund þegar mjer lízt.

Jeg ætla ekki að fara fleirum orðum um þetta mál að sinni, en leyfi mjer að eins að láta í ljósi þá von mína, að h. deild hleypi því ekki til 2. umr.

Sigurður Gunnarsson: Það er mín skoðun, að mál þetta sje ekki svo stórvaxið, að deildin ætti að verja miklum tíma til 1. umr., enda er eigi hægt að tala um þetta frumv. að nokkru ráði, nema farið sje út í hinar einstöku greinar þess, en það mun ekki eiga við við þessa umræðu. Annars skal jeg gjöra þá almennu athugasemd, að mjer virðist frumv. miða heldur til bóta, og legg jeg því til, að málinu sje vísað til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 : 3 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um afnám grísku og latínu sem skyldunámsgreina í Reykjavíkur lærða skóla (C. 170); fyrri umr.

Flutningsm. (*Jón Jakobsson*): Jeg býst við að sumum h. þingdm. þyki tillaga þessi, sem jeg og 2 aðrir þingdm.

(Bogi Melsteð og Ól. Briem) höfum leyft okkur að koma fram með, nokkuð »radicöl« og talsvert nýmæli, og skal jeg því leyfa mjer að fara nokkrum orðum um hana. Jeg hefi hjer fyrir mjer skólaskýrslu fyrir skólaárið 1891—1892, og skýrsla þessi sýnir mjer það, sem jeg reyndar vissi áður, að allt er við það gamla í lærða skólanum að því er snertir latínu- og grískukennsluna. *οὐκ ἀγαθόν πολυκοιρανίη, εἷς κοίρανος ἔστω*: fjölræði er eigi gott, einn skal herra vera. Þessi fornu orð detta mjer ósjálfrátt í hug, þegar jeg minnist þess, að latínan enn skuli sitja í hásæti yfir öllum öðrum námsgreinum í Reykjavíkur lærða skóla, eptir að hún er búin að missa allan rjett til slíkra yfirráða.

Það er leiðinlegt að í enda 19. aldarinnar skuli vera varið til latínunáms 43 stundum af 210, sem kenndar eru á viku, eða 1/5 af öllum námstímanum. Jeg get ekki sjeð annað en að hjer sje offrað dauðanum á kostnað lífsins. Til latínu og grísku til samans ganga 68 stundir. Þessi stundafjöldi er helmingi lengri tími en varið er til allra nýju málanna til samans. Jeg efast um, að hjer sje nokkur í h. þingd., sem ekki finni að hjer sje um stórkostlegan ójöfnuð að ræða. Vjer getum líka skoðað hlutfallið frá annari hlið. Latínan og gríska svelgja jafn-langan tíma eins og öll önnur vísindi, sem kennd eru í latínuskólanum, til samans, að trúarbrögðunum undanskildum. Sagan, sem hefir að geyma fjársjóðu hins liðna tíma, sagan, sem ein getur veitt mönnum rjettan skilning á nútíðinni og hjálpað til að ráða gátur framtíðarinnar, þessi mikla vísindagrein fær að eins 18 stundir á viku, og stærðfræðin, eðlisfræðin og náttúrusagan, sem kalla má vísindi þessarar aldar, fá 35 stundir; þær eru hálfdrættingar á við latínuna og gríska.

Jeg veit að færðar hafa verið ýmsar ástæður fyrir þessum ójöfnuði til þess að gjöra hann að rjetti, og skal jeg nú nefna nokkrar af þessum ástæðum.

Það hefir opt verið sagt, að latínan væri svo »logiskt« mál, að hún mætti ekki missa sig; hún kenndi mönnum að hugsa rjett og »logiskt«. Það er satt, að hún er mjög nákvæm og gætir þess, að hugsunin komi rjett fram; en það eru fleiri mál, sem eru engu síður nákvæm. Íslenzkan t. d., móðurmálið okkar, hefir sömu hæfilegleika. Það eru líka fleiri ráð til að læra að hugsa rjett, en að nema latínu; það mætti t. d. kenna mönnum dálítið í hugsunarfræði; en jeg skal ekki fara hjer út í þá sálma, heldur einungis benda á það sem hugsanlegt úrræði, ef á þyrfti að halda; en jeg ber fyrir mitt leyti engan kvíðboga fyrir, að taka þyrfti til slíkra ráða, því að það eru til mörg önnur atgætilegri ráð, svo sem t. d. ef tekið væri nokkuð af þeim tíma, sem nú gengur til að kenna mönnum latínu og grísku, og honum varið til að æfa þá betur í íslenzkum ritgjörðum, og kenna þeim að framsetja hugsanir sínar rjett og skipulega á íslenzku, þá mundi það affarasælla en allt latínu- og griskunámið.

Önnur ástæða, sem menn hafa tekið fram latínunni til málsbóta, er sú, að latínan væri svo »praktiskt« mál, þar sem hún er grundvöllur hinnar rómönsku tungumála. Það yrði svo miklu auðveldara að læra t. d. frakknesku og einnig ensku, að svo miklu leyti sem hún er rómanskt mál, ef menn kynnu latínu áður. Þetta er sjálfsagt satt; en á hinn bóginn sýnist það nokkuð óþörf lykkja á leiðinni, að fara að læra latínu fyrst, áður en menn byrja að læra frakknesku og ensku. Það væri líkt eins og ef útlendingur, sem vildi læra íslenzku, færi fyrst að læra gotnesku. Það væri ekki eptir skynsömum, held-

ur eptir vitlausum manni. Og yfir höfuð verð jeg að geta þess, að mjer þykir það heldur dýrkeyptur styrkur, sem námið í nýju málunum fær með latínu og grísku, ef hann á að kosta 68 stundir á viku.

Þriðja ástæðan með latínu- og grískunáminu er sú, að bókmenntir Rómverja og Grikkja sjeu svo göfugar, að það sje skaði fyrir menntamennina að komast ekki niður í þeim. En þess ber að gæta að, latínskir og grískir höfundar hafa verið svo lengi kenndir og marglesnir, að útleggingar eru nú til af öllum hinum helztu ritum þeirra t. d. hjá Þjóðverjum, sem nefndir eru hin mikla þýðara-þjóð. Ef innihald þessara fornrita er svo dýrmætt sem menn segja, þá er greiður vegur til þess að fá þessa lærdóma með því, að les þá í þýzkum þýðingum. Það er satt að vísu, að þýðingar eru aldrei eins góðar eins og frummálið til að fá rjettan skilning á ritunum og hugsunarhætti höfundanna, en af þýðingum má þó mikið læra. En jeg verð að taka það sterklega og skýrt fram, að jeg get ekki sjeð annað en að latínskir og grískir höfundar standi langt að baki hinna frægu rithöfunda »kultur»-þjóðanna. Hver vill bera saman Plautus og Terentius við Holberg, Moliére og Shakespeare, Seneca við Shakespeare og Oehlenschlæger, Catull, Tibull, Propertius og Ovid við Heine, Goethe og Victor Hugo, Livius og Nepos við Th. Mommsen og Macauley. Ætli það væri t. d. ekki greiðari vegur til að fá góða þekkingu á sögu Rómverja sjálfra með því að lesa sögu Mommsens en að lesa Livius, sem vitanlega misskilur sögu sinnar eigin þjóðar, og gefur rammfalska lýsingu á henni. Jeg skal játa að það er talsvert öðru máli að gegna með Grikki. Þeir eru brautryðjendur eða »Banebrydere«, svo jeg viðhafi útlent orð, í andlegu lífi þjóðanna, með því að í ritum þeirra felast fjársjóðir, sem hafa eilíft gildi. En gallinn er sá, að stúdentar, sem koma frá latínuskólanum, eru ekki betur að sjer í grísku en svo, að hið dýrmætasta í grískum ritum liggur fyrir þeim sem hulinn fjársjóður. Jeg man heldur ekki betur en að jeg hafi sjeð í dönsku blöðunum fyrir 1 eða 2 árum grein eptir professor Gerts, umsjónarmann lærðu skólanna í Danmörku og kennara í latínu og grísku við háskólann, þar sem hann skýrir frá því, að arðurinn af grískukennslunni í latínuskólunum sje orðinn svo lítill, að spursmál sje, hvort kostandi sje lengur miklu fje til hennar. Þeir, sem útskrifast úr Reykjavíkur lærða skóla, láta það líka flestir vera sitt fyrsta verk, þegar þeir eru sloppnir, að selja sínar grísku og latínsku bækur eða leggja þær á hylluna fyrir fullt og allt. Þetta er í sjálfu sjer eðlilegt, þar sem þeir hafa lítið sem ekkert við það að gjöra í lífinu, sem þeir hafa numið í þessum dauðu fornu tungum.

Fjórða ástæðan móti afnámi latínu og grísku í lærða skólanum er að mínu áliti aðalástæðan, enda er hún sjerstaklega íslenzk. Hún er: samband Reykjavíkur lærða skóla við háskólann í Kaupmannahöfn og það ætlunarverk hans, að vera undirbúningsstofnun fyrir íslenzka guðfræðinga. En ef jeg á að vera hreinskilinn, þá get jeg ekki sjeð, að grísku-þekking prestaskólakandídatanna hafi svo mikla þýðingu fyrir hina lútersku þjóðkirkjupresta, eða að nauðsynlegt sje að þeir lesi Nýjatestamentið á frummálinu; þeir munu fæstir svo vel að sjer í grísku, að þeir gjöri þar margar eða miklar málfræðislegar uppgötvanir; en þótt svo væri, að þeim væri nauðsynlegt að kunna grísku, þá væru ráð til þess, þó það kæmist á, sem hjer er farið fram á, því tillagan fer ekki

fram á meira en að gríska og latína verði afnumdar sem skyldunámsgreinar við lærða skólann. Þeir sem vildu, gætu eins eptir sem áður lært þessi mál aukreitis. Þá hefir sú mótbára komið frá lögfræðingunum, að þeir þurfi að kunna latínu til þess að geta lesið «Corpus juris«, sem hafi svo fjölbreytta »juridiska« þýðingu. Jeg skal þá í sambandi við þetta geta þess, að í dag hefir verið útbýtt hjer í þingd. frv. um stofnun lagaskóla hjer á landi, en þegar hann er kominn á, munu kennararnir við hann heldur halla sjer að því, að kenna fornislenzk lög, svo sem Grágás o. fl. lög, heldur en latínsk lög; en ef einhver vildi fá einhverja þekkingu í þá stefnu, þá þykir mjer líklegt, að til sjeu þýðingar af því í rómverskum lögum, sem lögfræðingunum væri nauðsynlegt að þekkja.

Jeg hefi nú talað um hinar helztu ástæður, sem fram er vant að bera móti afnámi grísku og latínu í lærðum skólum, og sýnt á hve veikum rökum þær eru byggðar. Eins og jeg þegar hefi tekið fram er það margt, sem mælir með því að gríska og latína verði afnumdar sem skyldunámsgreinar, og er þó enn hvergi nærri allt til tínt, sem sýnir og sannar, hve óþarft og skaðlegt það er, að halda lengur dauðahaldi í hin fornu mál.

Meðan latína og gríska skipuðu öndvegi á miðöldunum, þá var það eðlilegt og lögmætt, að þær hefðu hið fyrsta sæti í skólunum. Þá var allt, sem nýtilegt var skrifað, skrifað á latínu; en nú er lífsskilyrðum hennar breytt. Nú ritar hver þjóð á sínu eigin móðurmáli. Latínan er heldur ekki lengur »diplomatiskt« mál, svo ekki þarf heldur þess vegna að halda í hana. Eptir því sem tíminn og lífið heldur áfram sinni óstöðvandi rás, eptir því fjarlægist það allt af meir og meir líf fornþjóðanna, og því verða líka rit þeirra æ torskildari og torskildari. Á þessari öld hafa aptur á móti hin »fysisk-mathematisku« vísindi tekið svo stórkostlegum framförum, að brýna nauðsyn ber til að sýna þeim meiri heiður í skólum vorum en hingað til hefir gjört verið. Að síðustu skal jeg taka fram eina ástæðu, sem er þung á metunum til stuðnings mínu máli, og hún er sú, að vjer höfum 1 eða 2 málum fleiri að læra en «kultur»-þjóðirnar. Vjer verðum að læra dönsku, af því vjer erum í sambandi við Dani og höfum svo mikil viðskipti við þá og auk þess eitt »kultur«-mál fram yfir aðrar þjóðir. Vjer þurfum að læra þýzku, af því auðvitað, að vjer erum ekki þýzkir. Fornmálin verða að víkja, því ekki tjáir að bæta við vísindagreinir þær, sem kenndar eru í lærða skólanum, en halda fornmálunum eptir sem áður, því með því yrði unglingunum ofboðið. Á síðustu árum hafa einmitt heyrzt kvartanir yfir því, að unglingunum á skólunum væri ofþyngt með námsgreinafjöldanum. Raddir í þessa átt hafa heyrzt á Þýzkalandi enda fyrir löngu.

Jeg skal svo ekki orðlengja meir um þetta mál að sinni, heldur einungis geta þess, að hverjar undirtektir sem það svo fær nú hjer í þessari h. þingd., þá mun það þó síðar sigur hljóta, því á bak við það liggur lífsins járnharða nauðsyn.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal leyfa mjer að tara fám orðum um þetta mál, þótt jeg muni hvorki verða eins mælskur nje langorður og h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.). Jeg skal þá byrja með því, að jeg álít það ekki heyra undir löggjafarþing að ákveða, hverjar vísindagreinir skuli kenna í menntastofnunum landsins eða hvernig hver grein skuli kennd. Slíkt er lagt undir þá, sem gengið hafa skólaveginn og bezt þekkja til slíkra hluta, og á flestum stöðum er stjórninni trúað fyrir að á-

kveða slíkt í samráði við hlutaðeigandi kennendur og skólastjórnarmenn. Jeg bið bændur hjer á þingi að taka það ekki illa upp fyrir mjer, þótt jeg biðji þá að stinga hendinni í sinn eiginn barm og segja mjer, hvort þeir telji sig færa um að segja um og ákveða, hvað kenna skuli í latínuskólanum og hver vísindagreinin sje mest menntandi og hver minnst. Geti þeir ekki treyst sjer til þess, sem jeg verð að telja víst, að þeir finni sjálfir, að þeir geti eigi, þá sje jeg ekki heldur, hvernig þetta mál geti heyrt undir löggjafarþingið, eða að því geti verið vel borgið í höndum þess. H. flutningsmenn munu hafa haft fyrir augum hið forna spakmæli: »Vitæ, non scholæ discimus«, eða: vjer lærum fyrir lífið, en eigi fyrir skólann. En jeg held þeir hafi misskilið þessi orð og hugsað þau helzt til lauslega. Sá lærdómur, sem vjer nemum í skólum, á að miða að því, að undirbúa oss betur undir lífsstarf vort; hann á og hlýtur að koma oss til gagns í lífinu, og því meiri og betri menntun sem maðurinn hefir fengið, því betur á hann að geta skoðað hlutina og því ljósari grein gjört sjer fyrir agnúum þeirra og kostum. Menntunin í latínuskólanum á sjerstaklega að miða að því, að efla skilninginn og skerpa dómgreindina, en eigi að því, að kenna oss það, sem vjer eigum að vinna að í lífinu. Fæst af því, sem þar er lært, er beinlínis til að framkvæma það í lífinu. Vjer lærum þar söguna, en vjer lærum hana ekki til þess að geta lifað upp sögu liðinna tíma, heldur eiga söguviðburðirnir að sýna oss, hvernig vjer eigum að fara að, þegar líkt ber að höndum. Latína og gríska eru að minni skoðun allsendis nauðsynlegar til að þess skilningur og dómgreind geti náð þeim þroska og þeim styrkleik, sem nauðsyn er að þau nái, til þess að hinn skólagengni maður geti gegnt sæmilega mannfjelagsskyldum sínum og virt fyrir sjer nógu rækilega hvað eina, sem fyrir kemur. Og sje söguþekking nauðsynleg, eins og h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) hjelt fram, þá skil jeg eigi í öðru, en að jafnnauðsynlegt sje að setja sig inn í hugsunarhátt fornaldarinnar og annara liðinna alda; það er þó einn hluti sögunnar. Mjer skildist á h. þm. (J. Jak.), að útleggingar mundu nægja; en vjer vitum, að þær eru sjaldnast nákvæmar, og jeg vil segja, að það sje engu minni vandi að þýða svo vel, að hugsun frumritsins haggist ekki, eins og að rita frá eigin brjósti. Það er opt og tíðum alls eigi auðið að færa hugsun höfundar með öllu óbreytta frá einu máli til annars; það vita þeir, sem reynt hafa. Þess vegna tel jeg það eins nauðsynlegt að þekkja rit hinna fornu höfunda einmitt á því máli, sem þeir rituðu þau á, eins og að þekkja mannkynssöguna. Fyrst hjer er farið fram á að sleppa svo miklu, mætti ekki minna vera en komið væri fram með, hvað í þess stað skuli koma; en það vantar hjer í þessari tillögu. Flutningsmennirnir hafa ef til vill ætlað, að hinar vísindagreinirnar mundu nægja, og engu nýju þyrfti við að bæta. En ef þeir vilja eingöngu hafa hið »praktiska» fyrir lífið fyrir augum, þá skil jeg ekki, hví þeir hafa ekki farið enn lengra, og lagt til, að allar þær greinar væru numdar burt úr latínuskólanum, sem ekki hefðu beina »praktiska« þýðingu fyrir lífið. Jeg veit ekki til, að latína og gríska sjeu numdar úr lærðum skólum í nokkru landi álfu vorrar, og jeg bið menn að taka vel eptir því, að á Englandi er lögð meiri stund á þessar vísindagreinir en annarstaðar, og eru þó Englendingar sannarlega viðurkenndir af öllum, að vera »praktiskir«. Á Englandi er ekki lesið margt í skólum. Í aðalskólum

þeirra — jeg veit að þar eru til skólar, sem námsgreinum er öðruvísi skipað í— í aðalskólunum, segi jeg, er öll áherzlan lögð á nám þessa 4 aðalgreina: latínu, grísku, sögu og stærðfræði; þeir eru svona fastheldnir við fornar venjur, fylgja svo lítt tímanum, að þeir vilja ekki sleppa hinum fornu vísindum, og þó munu fæstir bregða þeim um, að þeir sjeu ópraktiskir. En þess er að gæta, að þeir með því að lesa fátt, en lesa það vel, fá skilning á lífinu til framkvæmdanna. Jeg skal ekki segja um, hvort of miklum tíma sje varið til latínu og grísku í latínuskólanum hjer, í samanburði við árangurinn; jeg er hvorki rektor skólans nje kennari í þessum námsgreinum, og því hef jeg ekki grennslazt eptir því; en sje svo, þá má laga það,

Jeg skil ekki í því, hvernig menn geta sagt, að útlegging nægi að öllu. Það er þó sannarlega skringilegt, að ætlast til þess, að prestar, sem eiga að kenna hina kristilegu trúarlærdóma samkvæmt Nýja-testamentinu, skuli ekki þurfa að skilja eitt einasta orð í því á frummálinu. Er þetta ekki að fara of langt? Það er yfir höfuð nauðsynlegt fyrir hvern þann, sem leggur stund á einhverja sjerstaka vísindagrein, að þekkja frumrit þau, er vísindi hans styðjast við, svo að þeir geti gengið úr skugga um, að allt sje óbjagað og ekkert úr skorðum fært af því, sem í þeim stendur. Nú vitum vjer, að Nýja-testamentið er skrifað á grísku, og af því leiðir, að nauðsynlegt er fyrir guðfræðingana að kunna það mál, til þess að geta lesið Nýja-testamentið á því, og borið það á frummálinu saman við þýðingarnar. Hætti guðfræðingar að læra latínu og grísku, þá geta þeir ekki heldur lesið rit kirkjufeðranna, meira að segja, þeir geta ekki lesið trúarjátning sinnar eigin kirkju, »Confessio Augustana«, á frummáli hennar. Presturinn verður þá að reiða sig á útleggingar, hann verður að lifa á orðum og skoðunum annara manna, sjálfur er hann sviptur færi á að rannsaka.

Litlu betur eru lögfræðingarnir farnir; það þykir nauðsyn fyrir þá að þekkja grundvallarlög hinnar miklu lagaþjóðar, Rómverjanna, »Corpus juris«, og á latínu er hann ritaður.

Um læknana má máske einna helzt segja, að eigi sje nauðsyn fyrir þá að læra latínu og grísku, ef þeir hirða eigi um að lesa neitt af þeim læknisfræðisritum, sem á þeim tungum — sjerstaklega latínu — hafa verið rituð að fornu og nýju, en eigi að síður er þó mesti fjöldi orða í fræðigrein þeirra, sem þeir geta ekki skilið, ef þeir kunna ekki latínu og grísku.

H. 2. þingm. Skagf. (J. Jak.) talaði um, að þeir legðu krók á leið sína, sem fyrst lærðu latínu, til að læra síðan ensku, frakknesku og yfir höfuð rómönsku málin, en sá krókur er sannarlega ekki mikill, þar sem latínan er móðir þeirra mála og undirstaða þeirra, bæði ítölsku, spönsku, Portugalstungu, frakknesku og að nokkru leyti ensku.

Hvernig sem jeg lít á þetta mál, fæ jeg ekki betur sjeð, en að það sje nauða-ópraktiskt fyrir menn að sleppa latínu og grísku úr lærðum skólum.

Mjer sýnist það harla undarlegt, að einmitt nú, þegar óvenjulegur fjöldi íslenzkra stúdenta streymir til háskólans, að rísa upp og vilja kippa latínu og grísku burt úr skólanum og svipta stúdenta með því skilyrðunum fyrir að fá að njóta hlunninda þeirra, sem háskólavistinni eru samfara. Það er ekki lítill fjárstyrkur, sem Íslendingar njóta við háskólann, og hans vegna mun það eflaust, að svo margir leita þangað, sem nú gjöra það. Undanfarin ár munu það hafa verið allt að $^2/_3$ þeirra, er út-

skrifuðust hjeðan úr skólanum, og í ár liggur við borð að minnsta kosti $^3/_4$ þeirra sigli. Einmitt nú, þegar menn sækja svo mjög eptir háskólavistinni, þá á þingið að gjöra sitt til þess, að þeir verði sviptir þar öllum rjettindum og hlunnindum. Það er í sannleika ótímabær burður, að koma fram með tillögu í þá átt.

Það stendur í tillögunni, að latínu og grísku skuli afnema sem skyldunámsgreinar. Höfundar uppástungunnar munu ef til vill ætlast til, að þeim gefist þó kostur á að nema þessar tungur; en jeg get sagt hinum heiðruðu þingmönnum það, að eptir þeim hugsunarhætti, sem nú er ríkjandi hjá skólapiltum, og mörgum öðrum hjer á landi, mundu þeir næsta fáir, sem mundu nota það, að þeir ættu kost á því að nema þessar tungur í skólanum, og mjer er næst að halda, að það yrði enginn, sem gjörði það.

Jeg hygg að það eitt ætti sem mest að styðja að því, að þær greinar væru vel lærðar, sem í skólanum eru kenndar, og að það mundi verða honum til meiri þrifa en þessi tillaga, þótt hún kæmist á. H. 2. þingm. Skagf. (J. Jak.) kvað fáa mundu lesa latínu og grísku eptir að þeir fara úr skóla; en hve margir munu lesa sögu? Jeg held að það sje óhætt að svara því, að þeir sjeu næsta fáir, og yfir höfuð þær greinir, sem þeir nema í skólanum.

En aðalatriðið í þessu máli er ekki það, hvort menn lesi gömlu málin eða sögu, eptir að þeir eru farnir úr skóla, heldur hitt, hvað það sje, sem mest og bezt æfi skilning og dómgreind nemenda, á meðan þeir eru í skóla. Það er hið »praktiska« í þessu máli. Jeg skal svo ekki tala meir að þessu sinni, en tek það að lokum upp aptur, að jeg álít mál þetta ekki heyra undir löggjafarþingið, heldur álít jeg að stjórnin eigi að skipa því, með ráði kennara þeirra, er við kennsluna fást. Við, sem kennarar höfum verið í 30—40 ár, ættum betur að þekkja, hvert gagn er að latínu og grísku, en þeir, sem ekki hafa við kennslu fengizt, og sem alls eigi þekkja latínu og grísku. Vil jeg svo ljúka máli mínu með því, að óska að h. flutningsm. þóknaðist að taka tillögu sína aptur.

Þórarinn Böðvarsson: H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) hefir sagt svo margt og mikið í þessu máli einmitt í þá átt, sem jeg mundi hafa talað, og skal jeg því vera fáorður. Jeg vil taka það fram, að jeg álít ekki, að þetta mál sje í eiginlegum skilningi löggjafarmál. Sá, sem vill gjöra slíka breytingu, verður ásamt skólastjórninni að endurskoða reglugjörðina ítarlega, og jeg verð að segja, að mjer þykir það sannarlega djarft, að koma fram með slíka uppástungu, án þess svo mikið sem að minnast á það við kennslumálastjórnina.

Ef þetta næði fram að ganga, geta menn búizt við, að á næsta þingi kæmi fram ný uppástunga um að afnema sögu og »mathematik« í Reykjavíkur lærða skóla; jeg veit ekki, hvar það ætti að lenda.

Þessi uppástunga kemur fram í skökku formi. Ef hún færi fram á, að reglugjörð hins lærða skóla sje endurskoðuð, þá gæti jeg skilið í henni; en þetta er mjer óskiljanlegt.

Það er alvarlegt umhugsunarefni, hvað það er, sem er bezt menntandi í öllu tilliti. Það er erfitt að taka undan einstakar greinar. Jeg sat í þeirri nefnd, sem athuga skyldi þetta mál, þegar hin núgildandi reglugjörð skólans var samin. Það var álit nefndarinnar, að latína og gríska tækju meiri tíma en nauðsynlegt væri, og var það tillaga hennar, að lítið eitt væri ljett á nemendum hvað það snertir, í þá átt, að eigi væri farið eins ítarlega og nákvæmlega í þetta mál,

eins og hingað til hefir verið venja, heldur voru nemendur gjörðir sem bezt fullnuma í því, að skilja þessi merkilegu mál og kynnast hinum miklu og merkilegu bókmenntum þeirra þjóða, sem töluðu þau.

Jeg játa það fúslega, að nemendum er of þyngt í með námsgreinum sem stendur, og er það ætlan mín, að þeir læri ekki nóg í hverri grein, til þess að sál þeirra geti menntast að sama skapi. Jeg játa það, að það er þörf á að endurskoða skólareglugjörðina; það þarf að ljetta ýmsu því af nemendum, er stendur þeim fyrir þrifum; en þetta, sem farið er fram á í uppástungunni, er ekki vegurinn til þess.

Jeg skal ekki fara mörgum orðum um, hve mikill fjársjóður væri grafinn fyrir nemendum, ef latínu- og griskunám væri afnumið. En svo mikið vil jeg þó segja, að fyrir mann, sem menntaður vill heita, er ómögulegt að vera án þess. Það getur enginn verið prestur, sem ekki getur lesið Nýja-Testamentið á frummálinu, og verður að nota annara manna þýðingar á sinni eigin trúarjátningu. Grískan er það fagrasta mál, sem jeg hefi þekkt, og til að sanna fullkomnun hennar og andríki þarf ekki annað en benda á, að naumast eða ekki er sú ný uppfundning, að eigi beri grískt nafn. Það er gripið til hennar fremur öllum öðrum málum til að gefa til kynna það, sem ekki er áður kunnugt.

H. flutningsm (J. Jak.) var að bera Holberg og Moliére saman við Plautus, og kvað þá standa honum framar að miklum mun. Þetta hefi jeg aldrei heyrt; Danir sjálfir, sem hafa mikið álit á Holberg, játa, að margar hverjar af hans beztu hugmyndum sje einmitt teknar frá Plautusi. Sama má segja um Moliére.

Ein af ástæðum þeim, sem h. þm. Rvk. (H. K. Fr.) færði á móti þessari till., var, að íslenzkir stúdentar með þessu móti fengju ekki aðgang að háskólanum. Jeg held að þessi eina ástæða sje meir en nóg til þess að fella þessa tillögu. Svo mikið er ekki vinnandi fyrir að sleppa við latínuna og griskuna, að íslenzkir stúdentar hafi ekki aðgang að neinum háskóla. Ef h. flutningsm. vilja ekki taka þessa till. aptur, þá óska jeg helzt, að ekki verði fleiri umr. um hana.

Jón Þorkelsson: Af því að h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) og h. 1. þm. G.-K. (Þ. B.) tóku fram margt af því, sem jeg ætlaði að segja, get jeg verið fáorður í svari mínu til flutningsmanna þessa máls. En nokkur atriði vil jeg taka fram, sem þeir minntust ekki á.

Mig undraði mjög á að sjá nafn 2. þm. Skagf. (J. Jak.) undir þessari uppástungu, einkum af því, að hann er vel að sjer í gömlu málunum og hefir lagt mikla stund á þau; mig kynjar, og að sjá þar nafn hins velvísa og virðulega síðra þm. Árn. (B. M.), sem er kallaður sagnafræðingur.

Það sannast hjer hið fornkveðna, að örskammt er öfganna milli. Það er mikill munur á því að afnema alveg latínu og grísku úr skólanum, og hinu, að minnka dálítið við þær. Jeg er ekki frá því, að nú sje varið heldur miklum tíma til þeirra. En afnema vil jeg þær ekki með öllu. Því að meðan þessar tungur eru kenndar og lærðar í öðrum menntuðum löndum, munu Íslendingar hvergi verða haldnir »lærðir» menn erlendis, ef þeir bera engi kensl á þær. Mundum vjer þá verða einskonar hjervillingar og einræningar meðal lærðra manna. Mjer þykir það undarlegt, að koma fram með þessa tillögu þvert ofan í álit kennaranna við latínuskólann, er þeir rjeðu eindregið frá því, er leitað var álits þeirra um það. H. 2. þm.

Skagf. (J. Jak.) gat þess, að til væru þýðingar á öllu hinu helzta úr bókmenntum Rómverja og Grikkja, og að menn gætu kynnt sjer hugsunarháttu þeirra þjóða án þess að læra málin. En hann gleymdi að geta þess, að nálega allar bókmenntir miðaldanna eru á latínu og slíkt hið sama mörg sögurit vor og skjöl, og eru engar þýðingar til af þessu. Og er mjer þá spurn: Vilja menn þá láta þýða þetta til þess þar með að komast hjá því að læra latínu?

Flutningsmenn þessarar till. sýnast gera ráð fyrir því, að segja megi til í latínu eins og áður. En það yrði, að minni hyggju, skrítið fyrirkomulag, ef kenna ætti nokkrum piltum í sama bekknum latínu, en öðrum t. a. m. reikning eða náttúrufræði í sama kennslutímanum. Það sjá víst allir, hve fjarstætt það væri. Kennslan yrði auðvitað annaðhvort að vera «privat« eða það yrði að stofna nýja bekki í viðbót, og yrði það kostnaðarauki mikill annaðhvort fyrir piltana eða landið.

Jeg vil fara meðalveg í þessu máli og minnka kennsluna í latínu og grísku, og mundi jeg hafa greitt atkvæði með þessari tillögu, hefði staðið: «Tillaga til þingsályktunar um að takmarka kennsluna í grísku og latínu í Reykjavíkur lærða skóla«, og jeg vil biðja h. uppástungumenn að breyta tillögunni í þá átt.

Bogi Melsteð: Jeg ætla að tala nokkur orð í þessu máli, þótt jeg sje ekki aðaluppástungumaðurinn. Þegar jeg ritaði nafn mitt undir þingsályktunartillöguna eptir ósk h. meðflutningsmanna, gat jeg þess, að jeg vildi ekki fara eins langt og þeir, en jeg væri fús á að styðja þetta, af því þeir gengju í átt, sem jeg vildi halda. Jeg vildi afnema grískuna en ekki latínuna, og það var meðfram af þeirri ástæðu, að h. 2. þm. Skagf. (J. Jak) fór fram á, að hafðar væru 2 umr. um málið.

Þegar hugsað er um svo þýðingarmikla stofnun sem latínuskólann, verður fyrst að hugsa um, hvaða mark og mið slíkar stofnanir hafa.

Flestar þjóðir hugsa um að sníða sjer stakk eptir vexti í því efni og laga skólana sem mest eptir landi, þjóðerni og háttum. Það er satt, að margar þeirra halda fast við latínu og grísku, en þær leggja aðaláherzluna á hið þjóðlega, móðurmálið og sögu þjóðarinnar. Eins og þær höldum vjer fast við latínu og grísku, en hitt vantar; vjer leggjum enga áherzlu á móðurmálið nje það, er stendur oss næst; þvert á móti. Það er heldur ekki svo auðvelt fyrir oss nú sem stendur, af því að vjer lærum fleiri mál en aðrar þjóðir. Frakkar og Englendingar læra eingöngu sitt eigið mál og svo gömlu málin. Þeir hafa því aðeins 3 mál, en vjer höfum 7. Nú er hin mesta nauðsyn á að leggja rækt við móðurmálið, en til þessa að fá tíma til þess verður að rýma burt einhverju af hinum málunum, og held jeg þá minnsta eptirsjón í gömlu málunum. Það er misskilningur, ef menn halda að till. fari fram á að afnema þessi mál algerlega; hún fer fram á að þau sje afnumin sem skyldunámsgreinir. Þeir, sem ætla sjer til háskólans, geta lært þær sjerstaklega.

Þá ætla jeg sjerstaklega að snúa mjer að h. þm. Rvík. (H. K. Fr.). Ræða hans sýnir, að hann hefir ekki hugsað þetta mál verulega síðan 1850. En það stóð öðruvísi á þá en nú. Á Bessastöðum lærðu menn að tala og skrifa latínu og mikið í grísku, en þá voru svo fáar námsgreinir. Þá var það nauðsynlegt að kunna latínu svo vel, því að með henni gat maður bjargað sjer erlendis. Sú tíð er nú liðin; það eru önnur mál komin í öndvegi, einkum

enska. En í öndvegismálum nútímans stöndum vjer að baki annara þjóða. H. þm. sagði enn fremur, að þetta mál heyrði ekki undir löggjafarvaldið. Fyrir því leyfi jeg mjer að minna á, að ríkisþingið í Danmörku samdi lög um kennslugreinir í skólum 1871. Undir ráðgjafann heyrir aðeins ákvæðið um, hvernig þær skuli kenna. Að minni skoðun gerði þingið glappaskot í því, að semja ekki sjálft lög um skólann. Hefir það að líkindum komið af því, að þá sátu engir menn á þingi, er höfðu áhuga á þessu máli. H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) var raunar á þingi þá, en um áhuga hans veit jeg ekki; áhugi hans kom ekki í ljós.

H. þm. tók það og fram, að menn lærðu fyrir lífið, »menn ættu að læra eflingu skilningsins«. En mjer er þá spurn, er latína og gríska betur fallin til að æfa skilninginn en aðrar námsgreinir? (*H. Kr. Fr.*: Já). Þá get jeg borið fyrir mig rannsóknir þeirra manna, sem betur þekkja mannlega sál en h. þm. Rvk. eða jeg, og þeir segja að latínan sje bezt löguð til þess að æfa minnið eða utanaðnám manna. (*J. Þ. og H. Kr. Fr.*: Hverjir segja það?). Kennarar í heimspeki við háskólann í Höfn.

Þar sem h. þm. Rvík. talaði um, að vandi væri að semja góðar þýðingar, þá er jeg honum samdóma um það. En heldur hann þá að lærisveinarnir sje færari um það en góðir vísindamenn? Þá sagði hann það nauðsynlegt fyrir prestaefni, að læra grísku til að lesa Testamentið á grísku. Sú var tíðin, að læra varð hebresku í skólunum til þess að geta lesið bibliuna á hebresku. Nú er henni rýmt burt úr skólunum og vísað til háskólans. Eins ætti að fara með grískuna, og vísa henni til prestaskólans; auðvitað gæti það lengt námstímann þar um eitt ár. En það væri vel til vinnandi, og það hefir verið í ráði að gera það um eitt ár.

H. þm. sagði enn, að menn yrðu að læra latínu og grísku til að geta orðið læknar og lögfræðingar. (*H. K. Fr.*: Nei, nei; til að fá almenna menntun). Það er engin almenn menntun í að kunna að hnegja »mensa,» eða mundi maður fá meiri menntun við að læra það en ýms merkisatriði í náttúrufræði, sem piltar hafa ekki hugmynd um, eða t. a. m. líffærafræði? Þótt einstök orð hjá læknum sje leidd af grísku, þá getur þó grískulærdómur þeirra ekki sparað þeim 5 kr. orðabók, og væri óhagsýnt að lesa grísku í mörg ár til að komast hjá því. Þá talaði hann um að íslenzkir stúdentar mundu verða útilokaðir frá háskólanum í Höfn, ef þessi breyting væri gerð. En jeg skal geta þess, að sumir þeir danskir stúdentar, sem valið hafa náttúrufræðis- og stærðfræðisdeildina í skólanum, hafa ekki lesið neitt í grísku, og eiga þó fullan rjett til að ganga á háskólann. Þótt jeg skrifaði undir tillöguna, vil jeg ekki ryðja báðum málum þessum burt, en væri ánægður ef það gæti fengizt, að gríska yrði afnumin, og hætt að heimta latínu undir 1. bekk. Jeg þekki merkan skóla í Danmörku, þar sem byrjað er á latínu í 2. bekk, en á grískunni ekki fyr en í 3. bekk. Það þykir mjer og nauðsynlegt, að samband komi milli latínuskólans á aðra hliðina og Möðruvalla- og Flensborgarskólans, svo að piltar þaðan geti gengið inn í skólans án undirbúning. En jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um það hjer.

H. þm. Snæfellinga (J. Þ.) er mjer að miklu leyti samþykkur, en hann leggur of mikla áherzlu á það, að menn mundu ekki lesa latínu eða skilja söguritt vor þau, sem eru á latínu, og mið-

aldabókmenntir. Fyrst og fremst mundu einstakir vísindamenn læra hana og skilja, og í öðru lagi vil jeg benda á, að nú er til fjelag eitt, sem hefir fyrir mark og mið að geta út góðar þýðingar af latneskum ritum frá miðöldunum. (*J. Þork.*: Mörg af þeim hafa aldrei verið gefin út, og því síður þýdd). Þótt sumum visindamönnum sje það nauðsyn að læra latínu, þó er það í raun rjettri engin mótbára móti till., því þeir geta lært hana á háskólanum. En þá sleppur maður við að troða henni í aðra, sem aldrei þurfa á henni að halda, og þeir munu margfalt fleiri.

Flutningsm. (*Jón Jakobsson*): Það er mjög eðlilegt, að háaldraðir menn verji háaldraðar skoðanir. En hitt er óeðlilegra, að háaldraðir menn verji skoðanir sínar svo barnalega sem h. þm. Rvk. (H. K. Fr.) Hann gengur út frá því að afnema eigi latínu og grísku. En það er ekki farið fram á það í till. Það stendur með skýrum orðum, að »afnema þær sem skyldunámsgreinir«. Það er því að berjast við skuggann sinn, að vera að færa ástæður á móti því, sem enginn fer fram á.

Jeg get aldrei álitið, að Reykjavíkur lærði skóli sje sjerstök gróðrarstía fyrir embættismannaefni. Nei, jeg álít að hann eigi að vera æðsta almenna menntastofnan landsins, þar sem fá megi meiri og fjölbreyttari þekking og fyllri andlegan þroska en við aðrar lægri menntastofnanir á landinu. Af þessari skoðun minni á skólanum leiðir eðlilega og alveg hugsunarrjett það, að jeg heimta, að hann fullnægi kröfum tímans, og að þar hljómi ekki «eintóm hljóð úr forfeðranna gröfum«.

En það er sorglegur árangur, sem maður núna fær af 6 ára veru í skólanum. Þrátt fyrir allan þann tíma, sem maður hefir varið til málanáms, er maður þó mállaus, til hvaða þjóðar sem maður kemur. Jeg fyrir mitt leyti hefði verið betur á vegi staddur í lífinu, ef h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) hefði kennt mjer dálítið meira í þýzku, þegar jeg var í skóla, eða ef jeg hefði lært dálítið meira í ensku. En það held jeg mörgum sje kunnugt, að kennslan í þeim málum var kák. (*B. Th. M.*: Heyr!).

Þótt h. þingm. Rvík (H. Kr. Fr.) sje orðinn gamall maður, vona jeg að hann hafi ekki lifað sig út úr lífinu, og jeg vona hann við nánari íhugun komist á mína skoðun og verði góður fylgismaður þessa máls, ef svo færi, að það yrði lagt undir álit kennaranna.

H. þingm. Rvík. sagði, að latínu- og grísku-nám væri svo skerpandi fyrir skilning manns, að nauðsyn bæri til að geyma þetta fjöregg skilningsins. En hvað er það þá í latínu og grísku, sem er svo heilaskerpandi, að enginn önnur námsgrein geti jafnast við þær? Jeg get aldrei skilið það. En æði-margir námsmenn hafa sagt mjer, að þessar dauðu tungur hafi orðið til þess, að gjöra þeim lærdóminn leiðan yfir höfuð.

Það er sorglegur árangur af fimmta hluta kennslutímans, að nemendur verði leiðir á öllu námi, og þær afleiðingar munu þó vera tíðari en þau heilafjörgandi áhrif, sem h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) þykist hafa orðið var við, að latínu- og grísku-námið hafi á námsveina.

Hann minntist og á, að það þyrfti mikla snilld til að þýða vel. Það veit jeg og tók það fram áðan. En þegar jeg sagði, að hafa mætti þýðingar, þá vakti fyrir mjer málsháttur, sem segir: Við lítið má bjargast, en eigi við ekkert. En jeg stend enn við það, sem jeg sagði áðan, að Þjóðverjar hefðu þýtt allt hið bezta úr ritum fornþjóðanna. Jeg hefi ekki sagt, að útlegging á Testamentinu væri nóg, en hitt hefi jeg sagt, að evangelisk-lúterska kirkjan mundi lítið græða á því, að þeir læsi það á

grísku, prestaefnin, því að jeg hygg, að þeir leiðrjetti ekki mikið þá útleggingu, sem til er á Nýjatestamentinu, með allri virðingu fyrir grísku-kunnáttu þeirra. Um aðrar mótbárur h. þingm. Rvík. (H. Kr. Fr.) vil jeg ekki tala, því að h. 2. þingm. Árn. (B. M.) hefur hrakið þær gersamlega. Þó vil jeg minnast á eitt enn, til svars upp á þá athugasemd h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), að margir legði söguna á hylluna eigi síður en latínuna. Jeg veit til að fjöldi manna heldur við sögunni eptir að þeir eru farnir úr skóla. (*H. Kr. Fr.:* Ekki fleiri en latínunni). Jú, einmitt fleiri.

H. varaforseti (Þ. Böðvarss.) setti upp spekingssvip mikinn og kvað það furðu djarft að koma fram með þessa tillögu. Skárri er það nú dirfskan, að skora á stjórnina að afnema latínu og grísku sem skyldugrein í skólanum. Veit h. varaforseti (Þ. B.) ekki, að alþingi Íslendinga hefir skýlausan rjett til að koma fram með þingsályktunartillögur? En þar sem hann benti á, að betra hefði verið að setja í till., hvað ætti að koma í staðinn, þá hefi jeg ekkert á móti því, að taka slíkt til íhugunar; enda er nógur tími til þess til 2. umr. og þarf það ekki að standa till. fyrir þrifum.

H. þingm. Snæf. (J. Þork.) þótti undarlegt að sjá nafn mitt og annars h. flutningsmanns undir tillögunni. En jeg finn ekkert undarlegt við það, að tveir menn, sem eru útskrifaðir frá skólanum, vilji leggja rækt við hann og bæta hann, ef þess væri kostur, eða að menn, sem fengizt hafa við gömlu málin, geti komizt að raun um, að lífið hafi aðrar sterkari kröfur, er liggja oss nær en mál fornþjóðanna.

Af því að jeg held að Reykjavíkurskóli sje almenn menntastofnun, en ekki embættismannaskóli, þá leiðir þar af, að jeg verð að telja það mjög ósanngjarnt, að útiloka þá menn frá honum, sem eigi ætla sjer að ganga embættisveginn. En að því, er kennsluna í grísku snertir, þá fæ jeg ómögulega sjeð neina torveldleika á því, að menn, sem ætluðu sjer að lesa guðfræði, gætu fengið tilsögn í grísku á latínuskólanum ókeypis hjá kennurum skólans, á sama hátt og menn áður hafa fengið slíka kennslu í hebresku hjer við skólann, og sama máli er að gegna um latínuna, að kennsla í henni ætti að vera fáanleg í skólanum handa öllum, sem þess mundu æskja, enda gerir tillaga vor flutningsmanna beinlínis ráð fyrir slíku.

Jeg skal svo eigi fara fleiri orðum um þetta mál, heldur einungis geta þess, að jeg vona, að h. deild sýni þeirri hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir þessari tillögu, þann sóma, að láta málið ganga til 2. umr.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg get ekki að því gjört, að mjer finnst það nokkuð kynlegur sleggjudómur hjá h. 2. þingm. Árn. (B. M.), að jeg hafi ekki hugsað hót um þetta mál síðan um 1850; það er nokkuð hart og helzt til dirfskulegt, að segja, að mjer hafi aldrei dottið það í hug öll þessi ár, sem jeg hef verið kennari við latínuskólann. Það er meira að segja ekki langt síðan, að vjer kennarar skólans áttum að kveða upp álit vort, og kváðum það upp, um málið; jeg hefði þá átt að gjöra það með öllu hugsunarlaust. En jeg er sannfærður um, að h. þingm. (B. M.) hafi sjálfur aldrei nokkuru sinni hugsað málið til nokkurs gagns, og jafnvel er hann skrifaði undir uppástungu sína; en þó er auðsjeð, að hann þykist hafa betra vit á því en mestu menntaþjóðir álfu vorrar; jeg skal biðja hann að taka skólaprogram t. d. frá Þjóðverja-

landi, og mun hann þar sjá, að miklu meira er lesið í latínu og grísku í þýzkum skólum en hjá oss. Sama er að segja um Englendinga og Frakka, því það get jeg sagt h. þingm. (B. M.), að svo mikið hef jeg hugsað málið, að jeg hef kynnt mjer þetta allt. Þessar 3 stórþjóðir álíta nauðsynlegan grundvöll almennrar menntunar meira latínu- og grískunám en hjá oss tíðkast, en þær hafa sjálfsagt ekki eins mikinn skarpleik til að meta menntagildi námsgreinanna og h. þingm. Árn. (B. M.). Þar sem h. þingm. Árn. (B. M.) skírskotaði til þess, að í dönskum skólum væri ekki byrjað að lesa latínu fyr en í 2. bekk og grísku ekki fyr en í 3. bekk, þá veit hann þó svo mikið, þótt hann gleymdi að geta þess, að gríska er hjer ekki byrjuð fyr en í 2. bekk, og að nemendur hafa þar fengið allt annan undirbúning en hjer og að þar stendur allt öðru vísi á; þar koma börnin í skóla 6 ára og byrja opt á latínu 8—9 ára, en hjer byrja piltar að meðaltali ekki fyr en 16 ára. Fyrst h. þingm. Árn. (B. M.) hefir hugsað málið svo vel, þá mun hann og þekkja og hafa tekið til íhugunar þau ummæli nafnkenndra rithöfunda á Englandi og Frakklandi, að fyrir latínunámið og latínuþekkingu hafi þeir lært að hugsa rjett og orðið góðir rithöfundar. Á einskis að meta vitnisburð þessara manna? Vjer megum með engu móti hugsa, að vjer einir vitum allt rjett. Vjer verðum og að taka tillit til annara þjóða, og ef vjer gjörum það, þá munu flestir verða að játa, að það sjeu ekki kröfur tímans, að afnema grísku og latínunám; þvert á móti.

H. þingm. Árn. (B. M.) má hrista höfuðið svo mikið sem hann vill. Hjer stendur og í tillögunni, sem h. þingm. (B. M.) hefur ritað nafn sitt við, að latína og gríska skuli afnumdar sem skyldunámsgreinar; það yrði því enginn lengur skyldaður til að nema þær. Ef það aptur á móti á að vera skylda, að menn þó geti fengið kennslu í latínu og grísku, þá verða að vera kennarar við skólann, sem þetta geta kennt. En hvaðan eiga þeir að koma? Eiga þeir að koma úr skýjunum eða úr undirdjúpunum? Þetta eitt sýnir, hve vanhugsuð tillagan er frá upphafi til enda. Það mundi taka upp of langan tíma, að sýna fram á, hvílíkt menntunargildi latína og gríska hafa, og skal jeg ekki þrátta um það nú.

Það er ekki rjett, að lög Dana taki það beint fram, hvað kenna skuli í lærðum skólum, enda er það verk skólastjórnar og skólakennara, að ákveða slíkt.

ATKV.GR.: Eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þingm. var samþykkt að hætta umræðunum.

Því næst var tillögunni vísað til síðari umræðu, með 16 : 2 atkv.

Frumv. til laga um þinglýsing afsalsbrjefa og annara heimildarskjala fyrir fasteignum, svo og um afnám gjalds af fasteignarsölu (C. 179); 1. umr.

Flutningsmaður (*Ólafur Briem*): Eins og menn vita er til tilskipun frá 24. apríl 1833 um þinglýsing afsalsbrjefa og veðskuldabrjefa, og var það þá meiningin, að innleiða þinglýsing sem almenna reglu; en nú eru liðin 60 ár síðan, og þessum tilgangi hefir enn eigi orðið náð. Það er víst óhætt að fullyrða, að mikið vanti á, að kaupbrjefum jarða og öðrum eignaheimildum sje almennt þinglýst, að minnsta kosti í flestum lögsagnarumdæmum landsins. Þessi óregla hefir viðgengizt og viðgengst enn til sveita, þótt hinar slæmu afleiðingar hennar hafi lítið komið í ljós, vegna þess, hvað fjelagslífið hefir verið óbrotið. En eptir því sem við-

skiptin aukast og verða margbrotnari, eptir því verður hættara við að afleiðingarnar verði verri. Í hvert skipti, sem veðsetja þarf fasteign fyrir peningaláni, verður að útvega vottorð sýslumanns um, að jörðin sje ekki veðsett, og einnig vottorð um skýlausa eignarheimild. Sýslumaður getur þá opt ekki gefið eignarvottorðið eptir kaup- og veðbókum sýslunnar, en eigandinn, sem hefir eignarskjalið í höndum, fer þá og sýnir sýslumanni það, og fær þannig vottorðið; en stundum er ekki haft svo mikið við, heldur gefur sýslumaður vottorðið eptir orðum eigandans eða annara, sem sýslumaður þá tekur trúverðuga. Þetta er, eins og allir sjá, engin trygging.

Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, fer nú fram á, að gjöra mönnum að skyldu að þinglýsa afsalsbrjefum og öðrum heimildarskjölum fyrir fasteignum þeirra, og jafnframt að afnema gjöld þau af fasteignarsölu, sem ákveðin eru í tilskipun 8. febr. 1810, því þessi gjöld, sem eru $^1/_2$ % af kaupverðinu, hafa dregið úr mönnum að láta þinglýsa eignarskjölum sínum. Þó þetta gjald verði afnumið, þá fær landssjóður aptur fulla uppbót fyrir þann tekjuhalla, þar sem þinglýsingargjaldið er. Þinglestrargjaldið er að vísu lægra en afsalsgjaldið, en það kemur niður á fleiri og verður jafnara og drýgra.

Finn jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að sinni.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er líklega nauðsynlegt að gjöra eitthvað til að koma betra skipulagi á ýmislegt, sem snertir veðmál, en hingað til hefir verið; en af því að jeg veit ekki betur en að stjórnarfrumv. um líkt efni sje fyrir h. Ed., og fleiri mál líks efnis munu vera á ferðinni, og af því þetta eru umfangsmikil mál og vandasöm, sem því er vert að íhuga vel og rækilega, þá skal jeg leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd í þessu máli, sem jeg að öðru leyti ekki skal láta neitt uppi um, hvort muni vera veruleg rjettarbót út af fyrir sig.

ATKV.GR.: Samþ. 5 manna nefnd með 13 : 5 atkv. og í hana kosnir:

Guðlaugur Guðmundsson	með	18 atkv.
Olafur Briem	—	15 —
Jón Jakobsson	—	13 —
Klemens Jónsson	—	11 —
Jón Þórarinsson	—	11 —

Tólfti fundur, föstudag 14. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að til sín væri komin bænarskrá frá formanni í stjórn bókasafns Austuramtsins, Einari Jónssyni, um 400 kr. styrk til tjeðs bókasafns.

Frumv. til laga um breytingu á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (C. 187); 3. umr.

Flutningsm. (*Einar Jónsson*): Það er óþarfi að fara fleiri orðum um þetta mál en jeg hefi gjört við hinar fyrri umr. þess, og leyfi jeg mjer að eins að óska þess, að h. deild taki eins vel undir það og áður, og samþykki það nú við hina 3. umr. þess.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 16 : 3 atkv. og afgreitt síðan til efri deildar.

Frumv. til laga um, að Austur-Skaptafellssýsla skuli, að því er sveitarstjórn snertir, skilin frá Suðuramtinu og lögð til Austuramtsins (C. 185); 2. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál; það er að eins lítil fyrirspurn, sem jeg vildi gjöra, nefnilega, hvort nokkurn sjerstakan kostnað fyrir landssjóð mundi

leiða af þessum væntanlega aðskilnaði sýslnanna og sameining austur-sýslunnar við Austuramtið. Sem núverandi sýslumanni í þessu umdæmi er mjer það kunnugt, að úr þeirri átt mun eigi koma fram nein krafa, er valdi nýjum útgjöldum, svo að fyrirspurn mín snertir eiginlega að eins sameining sýslunnar við Austuramtið. En jeg vil taka það fram, að það hefir engin áhrif á mitt atkv. í þessu máli.

Landshöfðingi: H. þingmönnum mun kunnugt, að amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu tók það fram hjer á þingi 1891, að hann áliti sjer eigi skylt að taka við Austur-Skaptafellssýslu án þess að bætt yrði við laun hans, og má því búast við, að hann krefjist viðbótar, sjerstaklega til skrifstofugjalds. En engin krafa hefir enn þá komið frá honum, og er því eigi hægt að segja, hve mikill kostnaðaraukinn verður; en menn geta gengið að því vísu, að stjórnin muni ekki gjöra nein ákvæði um það efni, án þess að bera það fyrst undir þingið. En líklegt er, að einhver kostnaðarauki verði, og má þá búast við tillögu um það á næsta þingi.

ATKVÆÐAGR.: Báðar greinar frv. samþ. í e. hlj., og málinu sömul. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um brúargjörð á Þjórsá (C. 101, 197); framh. 1. umr.

Framsögumaður (*Guðl. Guðmundsson*): Jeg hefi engu við að bæta við það, sem stendur í nefndarálitinu (C. 197). Nefndin hefir kynnt sjer málið svo vel sem unnt er, og er það álit hennar, að málið sje mjög rækilega undir búið af stjórnarinnar hálfu, og leggur það til, að frv. sje samþ. óbreytt.

Þórður Guðmundsson: Jeg vil að eins benda á eitt atriði, viðvíkjandi flutningi brúarinnar, þegar hún er komin hjer til landsins. Það er ráðgjört, að brúin sje flutt á Eyarbakka og landsett þar. En það er skoðun mín, að það mundi hafa sparnað í för með sjer, ef brúin væri flutt austur að Loptsstöðum og landsett þar, annaðhvort með sama skipi og hún er flutt á hingað, eða gufubátur sá, sem til er á Eyrarbakka, gjörði það, og brúin væri tekin úr skipinu úti fyrir, án þess að skipið legði inn á höfnina, eða að minnsta kosti að brúarefnið væri aldrei flutt á land á Eyrarbakka. Með því móti mundi sparaður þriðjungur vegalengdar, og er sá kaflinn örðugastur viðureignar, ef nota skal æki á vetrardag.

Jeg vildi að eins benda stjórninni á þetta atriði, og þar sem þetta hlýtur að gjöra kostnaðinn minni, þá vona jeg að hún taki tillit til þess.

Sighvatur Árnason: Jeg vil að eins bæta því við athugasemd h. meðþingmanns míns (Þ. G.), að þetta er að eins með því móti hagkvæmt, að ekki þurfi að skipa brúnni upp á Eyrarbakka; því jeg er viss um, að uppskipun og útskipun á Erarbakka mundi alls ekki kosta minna en sem mundi svara gróða þeim, sem maður annars hefði, með því að flytja brúna sjóveg austur að Stokkseyri.

Það gleður mig stórlega, að engar raddir hafa komið á móti frumv. þessu; því þetta er eitt það mesta framfaraspursmál fyrir Sunnlendinga. Og þar sem Ölvesárbrúin loks er komin á, eptir 20 ára baráttu, og allir eru samdóma um, að hún hafi reynzt vel í alla staði, þá ætti það nú að vera hvöt til áhuga og framkvæmda í þessu máli. Þegar Þjórsárbrúin er komin á, þá vona jeg að sú spá mín rætist, að þá fari óðum að sækja í betra horf en verið

hefir hjer á landi, hvað samgöngur snertir.

Brúarbyggingin yfir stórárnar er stórkostlegt og þýðingarmikið fyrirtæki, og er með því stórt framfarastig stigið, sem leiðir af sjer og gefur hvöt til annara nauðsynlegra fyrirtækja í samgöngmálinu, og það eru brýrnar, sem frelsa marga skepnuna frá hrakningi og kvalafullum dauða.

Landshöfðingi: Jeg er þakklátur h. 1. þingmanni Rangvellinga (Þ. G.) fyrir bendingu þá, er hann gaf um að spara mætti talsvert fje með því að landsetja brúna hjá Loptsstöðum, og mun stjórnin sjálfsagt taka tillit til þess, eins og allra annara haganlegra bendinga.

Það, sem byggt er á í frumv., eru að eins bráðabirgðaráætlanir, og má því búast við, að þær kunni að verða nokkrum breytingum undirorpnar, t. a. m. vegna verðhækkunar á efni eða því um líku. En stjórnin mun láta sjer hugarhaldið um, að kostnaðurinn verði sem minnstur, en þó svo, að traustleika brúarinnar sje að fullu borgið.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um kjörgengi kvenna (C. 166); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Enginn tók til máls og var frumv. samþ. með 16 : 3.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breytingu á lögum 19. febrúar 1886 um utanþjóðkirkjumenn (C. 168, 193); 2. umr.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Máli þessu reiddi svo vel af við 1. umr., að jeg álít það óþarft, að orðlengja um það að svo stöddu. Við flutningsmenn höfum komið fram með breyt.till. (C. 173), sem jeg ekki get skilið, að nokkur muni hafa á móti. Okkur sýndist rjettara, að orða fyrirsögn frumv. eins og í breyt.till. stendur, því þetta frumv. er í eiginlegum skilningi ekki nein breyting á lögum, heldur viðauki við þau; það færir út það svið, er þau ná yfir.

Jeg vona, að h. deild sýni frumv. hinn sama velvilja og áður, og láti það ganga hindrunarlaust til 3. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Þegar 1. mál á dagskrá kom til umr., fann jeg ekki ástæðu til að taka til máls, af þeirri einföldu ástæðu, að jeg hjelt, að ómögulegt væri, að slíkt mál gæti náð samþykki h. deildar. Um þetta frumv. er kannske annað mál. En jeg spyr: Hverjum verður þetta til gagns? Mjer er svarað: »Þeim sem óska«; en jeg veit ekki, hve margir þeir eru, sem það þannig verður til gagns. Það getur verið og jeg efast ekki um, að það sje satt, að minnzt sje á það í einhverri fundarskýrslu, eins og einn h. þingm tók fram við 1. umr. þessa máls. En svo mikið þori jeg að staðhæfa, að sú ósk er engan veginn almenn.

H. flutningsmaður kvaðst hafa komið fram með þetta frv. til þess, að menn þyrftu ekki að vera að segja sig út úr þjóðkirkjunni, ef þeir vildu láta sýslumann gipta sig. Það er mikið rjett; en jeg fyrir mitt leyti skil ekki, hvað þeir eiga að vera að hlaupa úr þjóðkirkjunni og láta sýslumann vígja sig í staðinn fyrir að láta prestinn gera það. Hitt er víst, að ef til þess kæmi, að nokkur segði sig úr þjóðkirkjunni til að láta sýslumann vígja sig, þá mundi þjóðkirkjunni ekki eptirsjón í þeim manni og honum ekki eptirsjón í kirkjunni. En jeg held mig mega fullyrða, að þetta mundi samt aldrei koma fyrir, og álít jeg svo fara bezt.

Það, sem sjerstaklega gaf mjer ástæðu til að standa upp, voru ummæli h. þm. Mýr. (B. K.). Hann dróttaði því að prestum, að þeir sæju eptir pússunartollinum, og væru því á móti frv. þessu. Þetta eru að mínu áliti óviðurkvæmileg orð og hæfa honum ekki vel sem presti. Jeg gæti eins vel sagt um hann, að honum væri ósárt um pússunartollana, af því hann getur ekki lengur gefið saman hjón. En það er fjarri mjer að vilja segja það.

Með því vjer nú erum komnir inn á pússunartolla, þá vil jeg gjöra þá fyrirspurn, hvort þeir gætu ekki kostað landssjóð neitt, þessir pússunartollar. Er það víst, að enginn prestur gjöri kröfu til landssjóðs fyrir þá pússunartolla, sem hann yrði af, ef frumv. þetta næði fram að ganga? Hjer með er ekki sagt, að þetta sje álit mitt; jeg set þetta að eins fram sem spurningu.

Jeg er hræddur um, að þessi löggjöf, sem sníður það burt, er staðið hefir frá sköpun heims, yrði til þess að særa siðferðis- og guðræknistilfinningar almennings.

Hjúskapurinn er grundvöllur heimilislífsins. Hvort er eðlilegra, að presturinn, sem er samverkamaður hjónanna í uppfræðslu barna þeirra, stofni hjúskap þeirra, eða sýslumaðurinn, sem upp frá því ekkert skiptir sjer af þeim, fyr en hann, ef svo ber undir, kallar annaðhvort þeirra fram fyrir sinn háa dómstól.

Jeg hefi tekið fram, að það væri skoðun mín, að þetta mundi aldrei koma til framkvæmda. En ef nú h. flutningsmanni er alvara með að halda þessu frumv. fram, og ef svo kynni að koma fyrir, að það kæmi til framkvæmda, þá vildi jeg ráða h. flutningsmanni til að bæta því ákvæði við frv., að sýslumönnum sje heimilt að fela hreppstjórum starf þetta. Jeg efast ekki um, að hreppstjórar mundu geta lært að lesa yfir brúðhjónunum upp úr handbókinni, sem hinn æðsti biskup lands vors, ráðgjafinn, hefir samið.

Jeg vil að síðustu geta þess, að jeg vonast til svo góðs af h. deild, að hún láti ekki mál þetta ganga lengra.

Skúli Thoroddsen: Af því að jeg er annar af flutningmönnum þessa máls, ætla jeg að leyfa mjer að fara nokkrum orðum um það. — Mig furðar á, að h. sessunautur minn (Þ. B.) skuli taka jafn-óstinnt í þetta mál. Fyrir nokkrum dögum bar hann sjálfur upp frumv. um skipulag og stjórn andlegra mála hinnar íslenzku þjóðkirkju, sem að nokkru leyti einmitt fer í sömu átt og þetta frumv., að greiða fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju.

H. sessunaut mínum (Þ. B.) þótti það eðlilegra, að prestar gæfu hjón saman, en að sýslumenn fengjust við það; og það er vitaskuld gömul venja, að prestarnir »pússi«; en líti maður á eðli hjónabandsins, þá er það ekki annað en samningur, er skapar ýmsar borgaralegar skyldur og rjettindi, þótt sá samningur raunar sje sjerstaks eðlis; og frá þessu sjónarmiði er því í raun rjettri eðlilegast, að hjúskaparsamningurinn sje stofnaður, eins og aðrir borgaralegir samningar, á veraldlegan, en eigi kirkjulegan hátt.

H. varaforseti (Þ. B.) spurði, hverjum þetta frumv. væri til gagns. En þeirri spurningu hans er auðsvarað. Frumv. er þeim til gagns, er óska að nota rjettindi þau, er það veitir; það er borið fram í þeim tilgangi, að þeir, sem vilja láta veraldlegt yfirvald gefa sig saman, þurfi ekki að segja sig úr þjóðkirkjunni, til þess að geta stofnað borg-

aralegt hjónaband, svo að lögum sje samkvæmt.

Það vill nú svo vel til, að jeg er líklega sá eini hjer í deildinni, fyrir utan hina geistlegu herra, sem hefi gefið saman hjón, og álít jeg mig því geta talað um þetta efni ekki síður en hver annar. Hjónaefnin voru bæði í þjóðkirkjunni, en annað þeirra sagði sig úr henni til þess að þau gætu látið gefa sig saman í borgaralegt hjónaband.

Það geta verið ýmsar ástæður til þess, að menn vilji ekki láta presta gefa sig saman, og þarf ekki annað en minna t. d. á ritningargreinarnar, sem lesnar eru yfir hjónaefnunum; þær eru mjög óvinsælar; og þótt í orði sje, að þeim muni verða breytt við hina fyrirhuguðu endurskoðun handbókarinnar, þá er ekki að vita, hvenær þeirri vandasömu endurskoðun verður lokið; hún þykir að minnsta kosti ganga heldur seint.

Ein mótbára h. varaforseta (Þ. B.) var sú, að ef frv. þetta yrði að lögum, þá myndu prestar heimta skaðabætur fyrir »pússunartollinn« úr landssjóði; jeg skal nú ekki þrátta við h. varaforseta um það, hvort prestar myndu fara þess á leit; en að sinna þeirri beiðni þeirra, það getur ekki komið til nokkurra mála, því að slíkum skaðabótum eiga prestar enga heimting á; það er sem sje allt öðru máli að gegna, þegar ræða er um aukatekjur presta, en um fastatekjur þeirra, og má h. varaforseti (Þ B.) eigi blanda því saman.

H. sessunautur minn (Þ. B.) sagði við 1. umr. þessa máls, að ef frumv. þetta yrði að lögum, þá mundi það verða til þess, að prestar hefðu minna eptirlit með siðsemi ógiptra persóna í söknum sínum; en þetta á jeg bágt með að skilja. Jeg veit ekki betur en það sje skylda prestsins að líta eptir góðu siðferði í söfnuðunum, hvort sem um persónur er að ræða, sem hann sjálfur, eða aðrir, hafa gefið saman, og frumv. þetta gerir í engu tilliti breytingu á eptirlitsskyldu prestsins.

Það hefur verið vakið máls á því, að mál þetta mundi eigi hafa mikið fylgi meðal þjóðarinnar, og að engar almennar óskir væru komnar fram. Það getur verið. En þótt vjer ætíð verðum að meta mikils óskir almennings, þá má því ekki gleyma, að það eru þó aðal-lega þingmennirnir, sem eiga að þekkja þjóðarinnar vitjunartíma, og bera fram þau nýmæli, er horfa til bóta, án þess að einblína á það, hvort málinu hafi verið hreift á þingmálafundum, eður eigi.

H. 1. þingm. N.-Múl. (J. J.) sagði við 1. umr. þessa máls, að frv. þetta væri fyrsta sporið til þess að afnema hjónabandið og koma því til vegar, að kirkjan hefði engin áhrif á veraldleg mál; en þessu neita jeg. Það er alls ekki tilgangur frumv. þessa að afnema hjónabandið, eða draga úr þýðingu þess, heldur að eins sá, að stíga eitt spor í þá átt, að greiða fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju, því að það er auðsætt, að ef sá tími kemur — og hann hlýtur að koma fyr eða síðar —, er prestarnir eigi eru lengur embættismenn ríkisins, heldur að eins verkamenn safnaðanna, þá getur ríkið ekki með sanngirni lagt þeim þá skyldu á herðar, að stofna þenna borgaralega samning, hjúskapinn. Hjer á landi er frumv. þetta nýmæli, en öðru máli er að gegna í öðrum löndum. Sumstaðar er að eins veraldlegt hjónaband álitið gilt; sumstaðar er mönnum aptur á móti í sjálfs vald sett, hvort þeir láta veraldlegt eða kirkjulegt yfirvald gefa sig saman; hvorttveggja hjónabandið er af ríkinu metið jafn gilt.

Jeg skal svo ekki orðlengja meir að sinni, en jeg vona að mál þetta fái gott fylgi hjer í deildinni.

Einar Jónsson: Jeg þarf ekki að tala mikið um þetta frv. nú, sízt þar sem jeg lýsti skoðun minni á því við 1. umr., og hún hefur ekki verið hrakin af þeim, sem eru á annari skoðun. Jeg vildi að eins gjöra dálitla athugasemd við formið á frumv. H. flutningsmönnum hefur þótt óviðkunnanlegt formið á frumv., eins og ekki var að undra, og hafa því komið fram með breytingartill. (71) til að lagfæra það; en það er aðgætandi, að þó sú breytingartill. verði samþykkt, þá verður formið óviðkunnanlegt eptir sem áður. Eptir fyrirsögn frumvarpsins er svo að sjá, sem talað sje um þjóðkirkjuna fyrir utan þjóðkirkjuna, en breytingartill. bætir lítið úr, því að ef hún verður samþykkt, þá verður ný ósamkvæmni á milli fyrirsagnarinnar og frumvarpsins sjálfs, sú ósamkvæmni, að fyrirsögnin hljóðar eingöngu um þá menn, sem hafa þjóðkirkjutrú, en frumv. hljóðar bæði um þá, sem hafa þjóðkirkjutrú og þá sem hafa hana ekki, en í svona merku máli(!) ætti ekki að vera slík ósamkvæmni.

Það væri því mjög æskilegt, að þessu yrði breytt til hins betra til 3. umr., og ætti þá greinin að orðast á þessa leið: sjerhver hjónaefni í þjóðkirkjunni hafa rjett til o. s. frv.

Jens Pálsson: Það hefur verið rætt töluvert um það, hverjum þessi lög gætu orðið til gagns, og það hefur jafnvel verið efazt um, að þau gæti orðið nokkrum til gagns. Jeg verð nú að segja, að það sem hjer er farið fram á, sje eðlileg ósk eða jafnvel krafa þeim til handa, sem af einhverri orsök fráfælast hina kirkjulegu vígslu, en vilja þó ná hjúskaparrjettindum. Ef þessir menn fyrir þessa sök afrækja að gjöra hjúskaparsáttmála, en búa við ráðskonu eða unnustu og eignast börn, þá má svo fara, að slíkar mæður og börn fari saklaus á mis við þau mikilvægu rjettindi, sem við hjúskap eru bundin, — einmitt af því, að slík lög sem þessi eru ekki til.

Jeg tala ekkert um það, hvort þær ástæður, sem fæla menn frá hinni kirkjulegu vígslu, sjeu gildar og góðar í sjálfum sjer eða ekki. Þær geta og verið í sjálfum sjer allsendis ógildar og hreint barnalegar; en ef þær eru svo gildar fyrir þann og þann mann, að þær fæli hann frá að taka hina kirkjulegu vígslu, þá hafa þær mikið að segja fyrir þann hinn sama, og ber að mínu áliti að taka tillit til þessa, ef menn ekki með því gjöra öðrum skaða. Jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að lög eins og þessi yrðu ekki notuð nema í einstökum tilfellum og það fáum tilfellum. Et jeg væri sannfærður um, að þessi tilslökun yrði einhverjum til tjóns, þá mundi jeg ekki gefa þessu frumv. atkvæði mitt; en við rækilega yfirvegun málsins hefi jeg ekki getað sannfærzt um, að svo mundi verða. Jeg get ekki sjeð, að þessi lög yrðu kirkjunni eða kristindóminum til skaða. Jeg get ekki látið mjer detta í hug, að þessi hjónasamningsgjörð hjá sýslumanni geti kastað rýrð á hina hátíðlegu kirkjulegu hjónavígsluathöfn eða dregið úr þýðingu hins kristilega hjónabands. Mjer getur ekki dottið annað í hug en að allir þeir, sem heyra til kristilegri kirkju, mundu kjósa sjer á hinni þýðingarmiklu stundu að leita drottins á hátíðlegan hátt og biðja hann fyrir sjer ásamt ástvinum sínum og fela sig hans föðurhandleiðslu á óförnum vegi. Jeg held að þeir, sem eru hræddir um, að þetta frumv. hafi skaðlegar afleiðingar fyrir hið kristilega líf og helgi hjónabandsins, hafi ekki rjett fyrir sjer.

Jeg get ómögulega sjeð, að þessi tilslökun fyrir þá, sem af einhverjum orsökum fráfælast hina kirkjulegu vígslu, geti hneykslað nokkurn mann.

En þótt jeg vilji gjöra þá tilslökun að samþykkja þessi lög, sem að eins veita heimild til að ganga í borgaralegt hjónaband, þá er það fjarri mjer að fallast á, að það sje eðlilegra að sýslumaður gefi saman hjón en að prestur gjöri það Þvert á móti. Mjer finnst allt mæla með því, að það sje eðlilegra að prestur gjöri það. En þessi skoðun á að mínu áliti ekki að knýja oss til þess einstrengingsskapar, að neita þeim um að ganga í borgaralegt hjónaband, sem kjósa það heldur en hina kirkjulegu vígslu. Það getur nú hugsazt, að annað hjónaefnanna vilji hina kirkjulegu vígslu, en hitt hina borgaralegu. Þegar svo stendur á, er ekki annað við það að gjöra en láta hjónaefnin sjálf gjöra út um það mál.

Jeg get ímyndað mjer, að ef annað heldur því fast fram, að hjónabandið eigi eptir eðli sínu að vera borgaralegt, þá verði einmitt það ofan á, að þau gangi í borgaralegt hjónaband, en taki svo á eptir kirkjulega vígslu. Þegar jeg íhuga allt þetta, get jeg ekki annað en verið meðmæltur frumv. Það getur orðið einstöku mönnum til gagns, en engum til skaða, hvorki neinum einstökum, nje kirkju og kristindómi yfir höfuð.

Að prestarnir fái enga borgun fyrir þau hjón, sem gangi í borgaralegt hjónaband, er svo lítilsvert atriði, þegar um þetta mál er að ræða, að jeg vil ekkert um það tala. En jeg endurtek það, að þótt jeg af þessum ástæðum sje þessu frumv. hlynntur, þá fellst jeg engu síður algjörlega á þá skoðun h. varaforseta (Þ. B.) og annara, að hjónafjelagsskapurinn sje þess eðlis, að hann taki heldur til kirkjunnar en hins borgaralega yfirvalds.

Benidikt Kristjánsson: Jeg stend upp til þess að votta h. varaforseta (Þ. B.) þakklæti mitt fyrir þá áminningu, sem hann gaf mjer í ræðu sinni; en jeg hefði þakkað honum betur, ef hann hefði ekki spillt áhrifum áminningarinnar með því að láta sína eigin skoðun í ljósi á pússunartollinum. Hann talaði um, að prestar ættu kröfu til að fá þá pússunartolla endurgoldna úr landssjóði, sem þeir misstu við hin borgaralegu hjónabönd. Þannig svipti hann áminninguna krapti sínum og því er hún minna þakkarverð.

Úr því jeg stóð upp á annað borð, skal jeg fara fáeinum orðum um frumvarpið.

Rjettur sá, sem hjer er veittur þjóðkirkjumönnum, hefur áður verið veittur þjóðtrúarmönnum utan þjóðkirkjunnar, og skil jeg því ekki, hvernig mönnum getur þótt það óhæfa, sem hjer er farið fram á, þegar þess er gætt, að utanþjóðkirkjuprestinum mátti fela hjónavígslur, sem tilvitnuð lög leyfa að veraldlegt yfirvald framkvæmi.

Jeg skal taka það fram, sem aðrir hafa líka bent á, að í öðrum löndum er borgaralegt hjónaband lögboðið, og það kveður svo rammt að, að á Frakklandi hefir það hjónaband, sem prestur hefir stofnað, enga borgaralega þýðingu ef það hefir ekki verið staðfest af borgaralegu yfirvaldi. Börn slíkra hjóna hafa ekki rjett skilgetinna barna. Við 1. umr. var vitnað til Gamla-Testam. og tekið fram, að guð hefði vígt hina fyrstu menn. Þetta getur verið skáldleg og fögur hugmynd, en þegar jeg lít á hjúskapinn eins og honum er lýst í Gamla-Testam., þá sje jeg ekki að hann geti verið til fyrirmyndar kristnum mönnum, heldur miklu fremur til viðvörunar. Kristindómurinn gjör-

ir allt sitt til að gjöra samband hjónanna sem kristilegast, að hinu leytinu fær það ekki dulizt, að kristindómurinn hvetur ekki til hjúskapar, heldur gerir að eins ráð fyrir því, að hann eigi sjer stað, um leið og hann hvetur til hreinlífis og skírlífis, og af því leiði jeg þá ályktun, að kristindómurinn segi, að hjónabandið sje ekki kristilegur fjelagsskapur, sem sje æðri en vinátta. Enda getur manni ekki dulizt, að í hjúskapnum er eitthvað eigingjarnt, einhver samtök gegn umheiminum; og þegar vjer lítum á, af hvaða hvötum menn upphaflega ganga í hjónabönd, þá eru þær ekki kristilegar, heldur náttúrlegar og borgaralegar. Ástin er náttúrleg hvöt, sem leiðir persónurnar saman; það er hin skynsamlega hyggindahvöt, en hún er sprottin af eigin hagsmunum. Þessar hvatir eru ekki kristilegar. Hið 3. tilfellið, sem liggur til stofnunar hjúskaparins, er vilji eða valdboð ættingja. Hvað er kristilegt í því, ef menn ganga í hjónaband af nauðung eða af hlýðni við foreldra eða ættingja? Jeg held mjer við þá gömlu heiðnu setningu, að hjúskapurinn sje gróðrarstía þjóðfjelagsins. Vjer skulum því láta þjóðfjelagið stofna hjúskapinn, en láta kirkjuna síðan taka hann að sjer og sjá um, að hjónin lifi kristilegu lífi, því þá getur hjúskapurinn borið ávöxt fyrir guðs ríki.

Þórarinn Böðvarson: Það hefir ýmislegu verið beint að mjer síðan jeg talaði síðast, sem jeg nenni ekki að ganga þegjandi fram hjá. H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) hermdi á mig, að jeg hefði sagt að eptirlitið með hjónunum mundi verða veikara, ef sýslumennirnir gæfu saman hjónin, en et prestarnir gjörðu það. Jeg stend við það, að jeg hefi sagt þetta, og er sömu meiningar enn. Jeg ímynda mjer, að ef jeg kæmi til persóna, sem lifðu í «pólsku« hjónabandi og áminnti þær um að lifa ekki saman á þann hátt, þá mundu þær segja við mig: Það kemur þjer ekki við, góðurinn minn, við eigum það við sýslumanninn okkar eða hreppstjórann.

H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði, að það væru upplesnar svo margar ritningargreinar við hjónavígsluna, sem mönnum þætti óþægilegar; en ætli þeim hinum sömu þyki þá ekki eitthvað að mörgum öðrum greinum ritningarinnar og boðorðum hennar? Ætli þeim þyki ekki sumum óþægileg boðorðin: »Þú skalt ekki mann vega«, «þú skalt ekki stela«, «þú skalt ekki bera falskan vitnisburð á móti þínum náunga« o. s. frv? Jeg held að ritningarorðin, sem lesin eru upp við hjónavígslur, sjeu ekki eins voðaleg eins og sumir hafa orð á gjört. Það er fall hinna fyrstu manna, sem brúðhjónin eru minnt á, til þess að vara þau sjálf við falli, til að minna þau á, að þau eru syndug og ófullkomin, og þurfa guðs náðar og hjálpar í hjúskapnum. H. þm. gaf mjer von um að hann mundi verða með mínum kirkjulegu frv. og það er gleðilegt fyri mig að fá svo góðan liðsmann; en jeg verð að taka það fram, að jeg hefi aldrei skrifað eitt orð um algjörðan aðskilnað ríkis og kirkju, og aldrei farið fram á þennan aðskilnað, og mun aldrei fara fram á hann.

Við 1. umr. þessa máls vitnaði einhver hjer í salnum til Bismarcks. Jú, það er vitanlegt, að hann vildi ekki að klerkarnir gæfu hjón saman á þeim tímum, þegar «kultur»-baráttan var og hann vildi gjöra kaþólskum mönnum og klerkum allt til skapraunar. Það er vitanlega veraldlega valdið, sem staðfestir hjónabandið á Frakklandi og ef til vill í fleiri löndum, en þar er það líka venja að hjónin taki kirkjulega vígslu á eptir; en það er hætt við því, að það þyki kostnaðarauki hjá oss að fara til prests-

ins eptir að sýslumaðurinn eða hrepp stjórinn er búinn að gefa saman. Það ljetu líklega flestir hjer þar við sitja.

Jeg bið fyrirgefningar á því, að jeg vissi ekki að h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) hefði gefið saman hjón, fyr en hann upplýsti oss um það; en það held jeg sje ekki sönnun fyrir því, að borgaralegt hjónaband muni verða almennt eða að menn almennt muni ganga fram hjá prestum sínum. Hann hefir sjálfsagt hlotið þessa æru vegna þess mikla álits og afhalds, sem hann er í hjá sýslungum sínum, og sem gengur næst því afhaldi, sem jeg var í, þegar jeg myndaðist við að vera «páfi» þar vestra.

Jeg held að h. þm. Mýr. (B. Kr.) hafi verið of harður við mig, þar sem hann sagði, að jeg hefði «áminnt sig».

Mjer gat ekki komið til hugar að taka mjer þann rjett. Jeg hefi hann ekki; en sá, sem þarna situr (forseti), hefir einn rjett til að áminna í þessum sal. En þar sem hann sagði, að jeg hefði sjálfur þá skoðun, sem jeg hefði áminnt hann fyrir að hafa, þá held jeg það sje ekki rjett. Jeg sagði, að það gæti skeð, að einhver prestur hefði þá skoðun, að það mundi skerða tekjur hans, ef borgaralegt hjónaband yrði lögleitt. Jeg fullyrti þetta ekki, enda held jeg að það kæmi ekki opt fyrir að menn æsktu fremur borgaralegs hjónabands en kirkjulegrar hjónavígslu. Þar sem sami h. þm. talaði um helgi hjónabandsins, þá kom einhver hjer til mín og hvíslaði að mjer þessum orðum: »Jeg held það slái »rundt» fyrir honum». Jeg vil nú taka mjer þessi orð í munn. Jeg held það hafi slegið »rundt» fyrir h. þm., þegar hann var að tala um það efni.

H. þm. Dal. (Jens P.) vildi mæla þessu frv. ýmislegt til bóta; en mjer fannst hann eiga erfitt með að mæla þessu máli bót, enda held jeg því sje varla bót mælandi. Jeg get líklega ekki hindrað framgöngu þess; en ef það verður að lögum, þá dæmir þjóðin það.

Flutningsm. (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): H. 1. þm. N-Múl. (E. J.) hefir verið svo vingjarnlegur að benda okkur flutnm. á það, sem betur mátti fara, og munum vjer taka bendingu hans til greina, að því er formið snertir, til 3. umr., og vonum við þá að hann verði ánægður með frumv. Reyndar hefir athugasemd hans ekki mikla þýðingu, en úr því vjer höfum svo hárfína menn á meðal vor, sem taka eptir öllu, þá er sjálfsagt að taka þá til greina.

Öðru máli er að gegna með bendingar h. varaforseta; þær voru ekki þannig lagaðar, að mjer geti fundizt ástæða til að taka þær til greina, enda hefi jeg ekki átt kost á að bera mig saman við meðflutningsmann minn um þær. H. varaforseti (Þ. B.) getur sjálfur komið með þá breytingartill., að hreppstjórar megi gefa saman hjón; hann um það. Hann sagði meðal annars, að ef þyrfti að sanna, að erfitt væri að mæla þessu frv. bót, þá þyrfti ekki annað en benda á ræðu h. þm. Dal. (Jens P.), sem hefði viljað mæla því bót, en tekizt það illa. Vel á minnzt. Vjer meðmælendur frv. getum snúið þessu við, því jeg held að öllum h. þingdm. geti komið saman um, að h. varaforseti (Þ. B.) hafi aldrei átt eins erfitt með að verka á móti neinu máli eins og einmitt þessu.

Við 1. umr. þessa máls reyndi h. varaforseti (Þ. B.) að vefengja, að hjer væri um almennan þjóðvilja að ræða. Jeg benti þá á eina fundargjörð, sem bæri það með sjer, að þessa hefði verið óskað, en þær munu vera fleiri, og jeg hefi síðan heyrt á mörgum þingm., að þetta væri almennings vilji. En jeg vil spyrja, hvar er sá yfirlýsti þjóðvilji, sem stendur á bak við þau frumv., sem hann hefir borið fram á þessu þingi og

mörgum undanförnum þingum (Heyr!)? Svari hann mjer þessari spurningu!

Sigurður Gunnarsson: Jeg tók það fram um daginn við umræðurnar um frumv. til breytingar á lögum um hlutföku safnaða í veitingu brauða, að það væri sannfæring mín, að ríki og kirkja hefðu bezt af því að skilja. Jeg stend við það enn, og það var meðfram með hliðsjón af því, að jeg studdi það mál með atkvæði mínu. Það mun jeg og gera um önnur mál, er styðja að því, að losa það samband smátt og smátt. En það vil jeg þó taka fram, að þau mál öll læt jeg undanskilin, sem stefna að því að rýra virðingu manna fyrir trú og veikja áhrif hennar á breytni manna. Jeg get ekkt betur sjeð, en að þetta frv. hallist fremur í þá átt og get jeg því ekki stutt það með atkvæði mínu. Þegar jeg nú hugleiði þetta frumv., verður mjer að spyrja: hver þörf er á því, sem það fer fram á? Því hefir ekki verið svarað enn, svo mjer fullnægi, nje hinu, hverjir óski þessa. Í frumv. er að eins miðað við þjóðkirkjutrúarmenn. Hjer er verið að bera það fyrir brjóstinu, að þjóðkirkjutrúarmenn fái að innganga borgaralegt hjónaband. En jeg get ekki skilið annað en að þeim mönnum, sem eru þjóðkirkjutrúar í raun og sannleika, muni það geðfelt, að nota kirkjulega vígslu og að blessun guðs orðs sje lögð yfir þá af presti, um leið og þeir stíga eitt hið þýðingarmesta spor lífsins. Hitt get jeg skilið, að þeir, sem ekki hafa þjóðkirkjutrú eða hafa hana að eins að nafninu til, vilji það ekki. En það er skoðun mín, að þeir gerðu rjettara í að skilja við þjóðkirkjuna, og þá er hægurinn hjá fyrir þá, að innganga borgaralegt hjónaband.

H. þm. Mýr. (B. Kr.) tók það fram, að utanþjóðkirkjumenn, sem hefðu þó þjóðkirkjutrú, mættu láta sýslumenn gipta sig. Það er satt, þetta eru lög; en jeg tók engan þátt í tilbúningi þeirra. Jeg verð að álíta, eins og jeg tók fram áður, að þeir menn allir, sem hafa þjóðkirkjutrú, óski einmitt þeirrar vígslu, sem þjóðkirkjan býður þeim, og þess vegna sjeu lög slík sem þessi þýðingarlaus og óþörf.

Guðlaugur Guðmundsson: H. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) spurði viðvíkjandi þessu frumv., hvaða þörf væri á því, en gaf jafnframt í skyn, að margir væru í þjóðkirkjunni að eins að nafninu. Þetta er fullkomlega rjett. Það munu margir vera þeir, er slíkt mætti um segja, og margir, sem greinir á við þjóðkirkjuna í ýmsum smáatriðum, en þykir þó eigi ástæða til að segja sig úr henni þess vegna. Þeir eru sjálfsagt ekki svo fáir, sem greinir á við þjóðkirkjuna einmitt um hjónabandið og álíta það veraldlega stofnun, en ekki kirkjulega. Þessir menn eru margir hverir skynsamir og menntaðir menn, og vel hugsandi. Það er óhætt að gera ráð fyrir, að þeir sjeu góðir menn og samvizkusamir og vilji eigi lifa í »pólsku« hjónabandi, en kunni sjer þó eigi skap til að ganga undir vígslu kirkjunnar eins og hún er nú. Þar er þörfin. Það er hart, að þessir menn eða afkvæmi þeirra sjeu annaðhvort settir á lægra stig í þjóðfjelaginu, eða þeir verði að öðrum kosti að beygja sig undir venjur, sem þeir hafa óbeit á. Þessu á frumv. að ráða bót á, ef það verður að lögum.

Sami h. þm. (S. G.) sagði og, að slíkt mundi rýra áhrif trúarbragða á einstakar athafnir manna. Jeg skal fúslega skrifa undir, að þjóðkirkjumönnum, sem eru sannfærðir um, að hjónabandið sje skipað af guði, sje það hollt og nauðsynlegt að byrja á því, sem h. þm. nefnir guðsblessun og bænahald. En ætli þeir, sem ekki trúa á nauðsyn þess í þessu efni, verði sjerlega bænheitir, eða mundi kirkjuathöfnin hafa mikla

þýðingu fyrir þá? Jeg geri ráð fyrir, að hjer fari sem opt vill verða, að valdboðin ytri guðsþjónusta dragi úr guðrækni. Og engan mun sú aðferð laða að þjóðkirkjunni, og munu menn heldur hverfa frá henni fyrir einstrengingsháttí þessu efni.

Það er ekki til neins að ætla sjer að beygja trúarsannfæring manna undir valdboð. Það er ekki þjóðarandi nú á dögum, og slíkt hlýtur að hafa ill áhrif. Hjer er engan veginn farið fram á að valdbjóða borgaralegt hjónaband. Jeg er samdóma h. 1. þm. G.-K. (Þ. B.) um það, að þetta mundi lítið verða notað fyrst um sinn, en jeg þykist mega fullyrða, að það verði alstaðar nokkuð notað. Jeg get ekki skilið, hvers vegna prestar síður mundu gegna þeirri skyldu sinni að vaka yfir góðu siðferði sóknarbarna sinna, þótt sýslumaður hafi gefið þau saman. Jeg veit ekki annað en hver prestur hafi eins mikið eptirlit með þeim hjónum, sem aðrir prestar hafa gipt, eins og þeim, sem hann hefir sjálfur gipt.

Sigurður Gunnarsson: Þar sem h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) talaði um það, að eigi væri rjett að þvinga sannfæringu manna, skal jeg taka það fram, að mjer hefir aldrei dottið í hug að vilja beita valdi gagnvart sannfæringu nokkurs manns, hvorki í trúarefnum nje öðrum efnum. Og það er heldur ekki gjört, þótt þeir, sem eru þjóðkirkjutrúarmenn, sjeu bundnir við að láta prest gefa sig í hjónaband. Þeim hlýtur, eins og jeg hefi áður sagt, að vera það viljugt og geðfelt.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg vil að eins gera stutta athugasemd. Eptir þessum orðum verða þeir menn að segja sig úr þjóðkirkjunni, sem ekki eru henni samdóma í þessu atriði. (*S. G.*: Þetta er ekki trúaratriði).

Skúli Thoroddsen: Það er að eins um eitt atriði í ræðu h. 1. þm. G.-K. (Þ. B.), sem jeg ætla að tala nokkur orð. Hann sagði, að það sannaði ekkert í þessu máli, þótt mönnum þætti óviðkunnanlegar ritningargreinar þær, sem prestar lesa yfir hjónum, af því mönnum væri yfir höfuð illa við allar ritningargreinar og við boðorðin, t. d. þú skalt ekki mann vega, þú skalt ekki stela, þú skalt ekki bera ljúgvitni o. s. frv. En jeg skil ekki, hvar þessi samanburður þingmannsins við boðorðin á heima; en hitt er ekki ofmælt, að mörgum þykja biflíuklausur þær, sem lesnar eru við hjónavígslu, ekki að eins óviðkunnanlegar, heldur enda hneykslanlegar.

H. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) þótti það engir afarkostir, að þeir menn færu úr þjóðkirkjunni, sem ekki væru á sömu skoðun í öllum trúaratriðum eða hneyksluðust á biflíuklausunum. En það er hægt fyrir guðsmennina að segja slíkt, þar sem þeir hafa það bak við eyrað, að kirkja og klerkar missa einskis í við það, því að þjóðfjelagið skyldar þá eptir núgildandi lögum til að borga til prests og kirkju engu að síður.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 16 : 5 atkv.; breyt.till. samþykkt með 13 : 6 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um friðun á skógi og mel (C. 168, 210); 2. umr.

Flutningsm. (Sighv. Árnason): Jeg finn ekki ástæðu til að tala meira um þetta mál nú en jeg gerði við 1. umr. Jeg tók þá fram nauðsynina, sem liggur til grundvallar fyrir þessu máli.

En jeg verð að minnast á breyt.till. þá, sem fram er komin frá 2 h. þm. Jeg gæti máske fellt mig við hana hvað skógana áhrærir, en öldungis ekki um melinn.

En jeg er sannfærður um, að breyt.-

till. er komin fram í góðri meiningu, og ókunnleiki hlýtur að valda því, að höfundar hennar halda það betra, er hún fer fram á, en það sem í frumv. er. Það var sjer í lagi út af einum hreppi, nefnilega Landmannahreppi í Rangárvallasýslu, að þetta frumv. er fram komið, til að geta friðað melinn þar. Þar eru margar jarðir eyddar af sandfoki, og það eru eingöngu meljarðirnar; aðrar stórskemmdar; en nokkrar eru þar þó, sem eru lítið eða ekkert skemmdar. Það er gefið, að samþykktin yrði að ná yfir allar jarðirnar í Landmannahreppi, og má ekki útiloka þá, sem búa á þeim jörðum, sem eru óskemmdar, því hættan vofir yfir þeim, ef sandfokin ná að halda áfram. Breyt.till. mundi því að minni hyggju mjög mikið skemma frumv. Þegar litið er á 2. gr. frumv., sjest, að sýslunefndinni er lagt það í skaut, hve mikið svæði samþykktin á að ná yfir. En það sýnist vera ljóst, að allir á því svæði, nefnilega í Landmannahreppi, verði að eiga atkvæði í málinu, en ekki einungis þeir, sem jörð hafa til afnota og melur fylgir. Jeg vildi helzt óska, að höfundar tækju breyt.till. aptur. Jeg veit hún er fram komin í góðu skyni, en hún spillir stórum frumv.

Jeg ætla ekki að fara fleirum orðum um þetta, en vona að allir þeir, sem málinu eru hlynntir, greiði atkvæði móti breyt.till.

Jens Pálsson: Af því að jeg með öðrum h. þm. hef leyft mjer að gjöra breyt.till. við frumv., vil jeg fara um það nokkrum orðum.

Jeg skal vera fyrstur manna til að viðurkenna, að þörf sje á lagaákvæðum um friðun á skógum og mel hjer á landi.

Samt get jeg eigi sjeð, að slíkri lögfriðun sje vel fyrir komið hjer í þessu frumv. Frumv. heitir »frumv. til laga um friðun á skógi og mel«, en ætti að heita: frumv. til samþykktarlaga um friðun á skógi og mel, og er vonandi, að fyrirsögninni verði breytt.

Þessi lög fara í þá stefnu, sem þingið hefir tiðkað á seinni árum, að fá einstökum hjeruðum löggjafarvaldið í sjerstökum málum. En þess ber vel að gæta, að alþingi þrengir löggjafarsvið sitt í hvert skipti sem það gerir þetta, og er því ísjárvert að gjöra mjög mikið að því. Jeg get þó játað, að það ber við, að óhjákvæmileg nauðsyn knýr til þessa, t. d. ef gefa á lög um eitthvað, sem þingið þekkir ekki til og treystist ekki að ákveða um, og getur slíkt komið fyrir í ýmsum málum, er varða einstök byggðarlög, því svo getur staðið á, að sitt eigi við hverja sýsluna eða jafnvel hvern hreppinn. En aldrei ætti þingið að gefa samþykktarlög, nema einhver brýn ástæða sje fyrir hendi, sem geri það óhjákvæmilegt. Þegar nú svo stendur á, að þingið sjer þann kostinn beztan, að gefa heimildarlög til samþykktarlaga um eitt eða annað, þá getur það þó ekki gjört vægari kröfu til sjálfs sín en svo, að í slíkum lögum felist einhver trygging fyrir því, að tilgangi þeirra verði náð, felist einhver vörn gegn þeirri hættu, að löggjafarvald það, sem þingið hefir afsalað sjer, verði mjög misbrúkað, t. d. í þá átt, að þröngva of mjög rjetti einstaklinganna, skerða rjettindi þeirra, hepta rjettmætt frelsi þeirra.

Það fyrirkomulag, sem hjer er farið fram á, er ólíkt því, sem var í hinum fyrstu samþykktarlögum, sem alþingi gaf, sem voru heimildarlög til að gjöra fiskiveiðasamþykktir. Þar er ákveðið, að sýslunefnd semji frumvörpin og sendi hjeraðsfundi, en ef hann breyti einhverju, skuli breytingin send sýslunefnd, að hún samþykki eða felli. En hjer er breytt frá þessari ákvörðun og gert ráð

fyrir, að ef hjeraðsfundur breyti tillögu sýslunefndar, þá skuli senda breytinguna þegar til amtmanns til staðfestingar. Getur það þannig að lögum orðið, sem enginn hefir fjallað um í hjeraði nema fundurinn einn. Það er ekki næg trygging.

Þegar jeg hefi fyrir augum skóga og mel, og hugsa út í, hversu ástatt er hjer á landi, að þessi jurtagróður er að eins á einstökum blettum, þá sje jeg fram á, að þeir menn, sem ekki þekkja til í skógarsveitum, kunna einatt að setja þessi lög, og það í flaustri á örskammri fundarstund, ef aðrir eiga atkvæðisrjett á þessum samþykktafundum en þeir, sem hafa skógarjarðir eða meljarðir til afnota. Jeg tek til dæmis Árnessýslu; þar eru skógarblettir á einstökum stöðum, svo sem í Laugardalnum og í Þingvallasveitinni. Í þeirri sveit er sumum búendum nauðsyn að brúka skóg bæði til beitar og eldneytis. Ef allir sýslu- eða hjeraðsbúar ættu að semja friðunarlög um skóg í þessari sveit, þá yrði sjálfsagt mikill meiri hluti löggjafanna menn, sem lítið vit hefðu á skógaryrkingu, lítið þekktu til staðhátta eða ekkert, ljetu sig litlu eða engu skipta um, hvernig til tækist, og þá sjá allir, hve hætt er við að óhentug og vond lög yrðu samin. Í einum hrepp í Árnessýslu er melblaðka eini heyskapurinn utan túns; það er Selvogshreppur. Ef nú ókunnir menn gerði ákvæði um melnotkun í þeim hreppi, er jeg hræddur um, að þau kynnu að verða óheppileg.

Breyt.till. kemur í veg fyrir þetta. Þar er farið fram á, að þeir fái samþykktarvaldið, sem hlut eiga að máli. Þeir þekkja bezt til og þeim má vera annast um að skemma ekki. Jeg get ekki betur sjeð, en þetta hafi verið grundvallarregla hingað til í slíkum málum.

Þegar um fiskiveiðasamþykktir er að ræða, eiga allir sýslubúar beinlínis eða óbeinlínis hlut að máli. Sama má segja um hestaræktarsamþykktarlögin frá síðasta þingi, því að hver búandi hlýtur að eiga þar hlut að máli.

Sama er að segja um fuglaveiðasamþykktarlögin, sem nú eru á prjónunum handa Vestmannaeyjamönnum; þar eiga allir eyjarskeggjar hlut að máli.

Eins er ástatt með Safamýrarfrumv.; þar eiga þeir einir að gera samþykkt, sem eiga hlut í mýrinni, en ekki allir sýslubúar.

Breyt.till. á að tryggja það, að lögin verði að notum. Jeg er sannfærður um, að eigendur mundu ganga inn á sjerhvað það, er miðaði til þess að efla vöxt skóga og mels, sem hvorttveggja er arðsamt mjög. Jeg ætla nú ekki að fara fleiri orðum um þetta að sinni, en vona að hin h. deild samþykki breyt.till. okkar.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal taka það fram viðvíkjandi því að bera skuli samþykktarmál að nýju undir sýslunefnd, ef hjeraðsfundur hefir breytt hinu upprunalega frv. sýslunefndar, þá sýnist mjer slíkt til lítilla bóta, og eigi hafa önnur veruleg áhrif en að gjöra málið vafningameira. Ræða h. þm. Dal. (Jens P.) mun að eigi litlu leyti hafa verið byggð á misskilningi. Í 2. grein frv. stendur, að þegar sýslunefnd þykir þörf á eða vera hagfelt að gera samþykkt fyrir alla sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skuli hún kveðja til almenns fundar í hjeraði því, sem ætlazt er til að samþykkt sú nái yfir. Jeg get ekki ímyndað mjer að nokkur sýslunefnd sje svo fávís, að hún fari að semja frv. og vilji koma á samþykktum um skóg eða mel í þeim hlutum sýslunnar, þar sem þetta er ekki til, t. d. í Árnessýslu skóg í Sandvíkurhreppi eða mel í Grímsneshreppi. Það er náttúrleg friðunarsamþykkt á skóg, að hún

nái að eins yfir þá hreppa, sem skógur er í, og á mel, að hún nái sjerstaklega til þeirra hjeraða eða hreppa þar sem það gras vex eða sem verulegan hag eiga undir því, að sú jurt sje ekki eyðilögð; og þá eiga þeir einir atkvæðisrjett, sem í þeim hjeruðum búa. Það stafar því engin sú hætta af frv. þessu, að menn úr öðrum sveitum, sem ekki hafa vit á málinu, geti haft atkvæðisrjett í því eða ráðið úrslitum. Það er eigi tilgangur þessa frv., að efla melrækt, heldur er hann sá, að fyrirbyggja að jarðir leggist í eyði af sandfoki, og að því leyti getur það snert fleiri jarðir en þær einar, er melur vex á. Að öðru leyti hefi jeg ekki mikið að athuga við ræðu h. þm. Dal. (J. P.); en eigi get jeg sjeð, að rjettindum einstakra manna eða einstakra hjeraða sje í voða stofnað, þótt breyt.till. sje felld. Jeg skal að endingu geta þess, að breyt.till. við fyrirsögn frv. mun koma fram til 3. umr.

Einar Jónsson: Það er bæði mitt álit og mun vera almennt álitið svo, að rjett sje og æskilegt að stuðla að því, að skógar geti þroskast, og að þeir því sjeu friðaðir; og sje það rjett álitið, þá er það einnig rjett, að fleiri eigi atkv. um það mál en þeir einir, er á skógarjörðum búa; ættu þeir einir atkvæði í þessu máli, er á jörðunum búa, væri þetta ákvæði of þröngt; því að það getur vel verið, að sá, sem á skógarjörð býr, annaðhvort sjái sjer hag í að eyða skógi jarðar sinnar, eða hafi ekki mannrænu í sjer til að friða hann. En nú getur friðunin verið til gagns fyrir fleiri en ábúendurna eina, og er þá eigi rjett, að ábúendur hafi einir atkvæði um friðunina. Breyt.till. mundi því að miklu leyti verða til að eyðileggja frv., ef hún yrði samþykkt, þar sem einum eða fáum mönnum væri svo mikið vald gefið eins og breyt.till. fer fram á. Jeg þekki t. d. einn skóg nærlendis við mig, Hallormsstaðaskóg; það eru margir, sem mundu vilja að hann væri friðaður; en Hallormsstaður er sú eina jörð í því nágrenni, sem skóg hefir. Eptir breyt. til. yrði það ábúandi þeirrar jarðar einn saman, sem ætti að gjöra út um, hvort skógurinn yrði friðaður eða ekki. Þetta þykir mjer nokkuð ísjárvert og hallast því fremur að frv. sjálfu en brt.till.

H. þm. Dal. (J. P.) talaði um ganginn í samþykktarlögum þessum; fyrst skal sýslunefnd leggja frv. fyrir hjeraðsfund, og fallist hann á það með $^2/_3$ atkvæða breytingalaust, þá liggur að sjálfsögðu fyrir að senda það amtmanni til staðfestingar, en gjöri hjeraðsfundur breyting á frv. sýslunefndar, þá vill hann að málið sje að nýju borið undir sýslunefnd og henni gefinn kostur á að segja um, hvort hún vilji fallast á þessa breytingu eða eigi. Þessi aðferð yrði auðsjáanlega til að tefja fyrir málinu og gjöra það erfiðara að koma á samþykktum, og þó að öðru leyti ekki svo mikið unnið við það, því að mjer sýnist ekkert hættulegt við það, að atkvæði viðkomandi hjeraðs sje hinn síðasti búningur samþykktarinnar undir atkvæði amtmanns.

Sighvatur Árnason: H. þm. V-Sk. (G. G.) og h. þm. N-Múl. (E. J.) hafa tekið flest til greina, sem þurfti að svara í ræðu h. þm. Dal. (J. P.). Mig furðar ekki, þótt h. þm. (J. P.) sje nokkuð hræddur við samþykktarlög og samþykktir, því að nokkuð skrykkjótt mun hafa gengið með þær við sjávarsíðuna, eigi sízt á því svæði, sem h. þm. (J.P.) er kunnugastur; en þess er að gæta, að nokkuð örðugra er að fást við samþyktir við sjó um fiskiveiðar en til sveita, þar sem allt liggur opið fyrir auganu. Jeg skal sjerstaklega taka það fram, sem jeg nefndi áðan, en mjer virðist h. þm. Dal. (J. P.) eigi hafa gefið gaum eða skilið rjett, að í Rangárvallasýslu

er því nær eingöngu með þessu frumv. hugsað um hinn eina hrepp þar, Landmannasveitina, sem undirorpin er eyðileggingu af sandfoki, og ef eingöngu ætti að fara eptir atkv. þeirra, sem búa á þeim jörðum, sem eiga tiltölu til melsins, þá er hætt við að lítið yrði gjört, að hepta eyðilegging af sandfoki, því það eru einungis þeir einir, sem friðunarreglurnar eiga að gilda fyrir, og það eru þeir, sem yrkja melinn um of og skemma hann frá því að geta varnað sandfoki. Ef þessi breyt.till. kemst að, þá er frv. því nær eyðilagt fyrir oss.

Jón Jónsson, þm. Eyf.: Jeg get ekki neitað því, að mjer fundust ástæður h. þm. Dal. (J. P.) víðvíkjandi síðari hluta 3. gr. á allmiklum rökum byggðar. Jeg sje ekki ástæðu til að breyta frá því, sem áður hefir verið regla, að sýslunefndir ættu kost á að kveða upp álit sitt um breytingar hjeraðsfunda á frv. þeirra. En jeg vildi mega biðja um skýringu á breyt.till.; jeg býst við að jeg misskilji hana; hún fer nefnil. fram á, að þeir einir skuli eiga atkvæði um skógarfriðun eða mels, er jörð hafi til ábúðar, er skógur fylgir eða melur. Nú skyldi einhverri sýslunefnd sýnast vel við eiga að gera samþykkt fyrir eitthvert hjerað um friðun á skógi, þá hafa eptir breyt.till. ekki allir atkvæðisrjett í málinu, en þó fleiri en þeir einir, sem á skógarjörðum búa; þeir, sem á meljörðum búa, hafa hann einnig. Þetta þyrfti að laga, svo framarlega sem skilningur minn á breyt.till. er rjettur. Annað er og athugavert við breyt.till. Hvaða jarðir eru skógarjarðir og hvaða jarðir meljarðir? Hvað þarf margar hríslur og hve mörg melstrá til þess að jörðin geti borið þessi nöfn, og hver á að ákveða það? (*Jens P.*: Sýslunefndin). H. flutningsm. segir, að sýslunefndin eigi að gjöra það. En þá mundi varla veita af, að sýslunefndin gengi um allar jarðir hjeraðsins og rannsakaði þetta vandlega, ef hún á að geta flokkað jarðirnar rjett niður. Bæði þessi atriði sýnast mjer gjöra breyt.till. harla óaðgengilega.

Þórður Guðmundsson: Jeg þarf ekki að vera margorður, því að málið hefir þegar verið allvandlega rætt; það er ei nú í fyrsta sinn, að samþykktarlög hafa mætt mótspyrnu hjer á þingi. Jeg álít að samþykktir, er snerta landið og landbúnaðinn, sjeu ekki eins hættulegar og samþykktir, sem snerta sjávarútveginn. Frumv. þetta verður fremur þýðingarlítið fyrir það byggðarlag í mínu kjördæmi, sem mestum skemdum er undir orpið af sandfoki, ef breyt.till. verður samþykkt. Það byggðarlag, sem mestri hættu er undir orpið af sandágangi, er Landmannahreppur; eins og marga mun minni til reka, eyddist sú sveit mjög af sandfoki eymdarárið 1882, og lítið vantaði þá til að hreppurinn yrði óbyggilegur, en nú hefir að vísu nokkuð gróið upp þar síðan, en þó vofir eyðilegging yfir þegar minnst varir, á vorin. Það nauðsynlega er, að melurinn fái að þróast í næði, að hann sje friðaður og að honum hlynnt; en nú hefir sú raun á orðið, að þeir, sem á meljörðunum búa, hafa ekki lagt rækt við að friða hann, heldur hugsað um stundarhaginn við að uppræta hann, en með því stofnað landi sínu og annara í háska. Mjer sýnist það því ekki heillaráð, að þessum mönnum sje í sjálfsvald lagt, hvort þeir vilji friða melinn eða ekki, og engir aðrir eigi atkvæðisrjett þar að, nema þeir, sem á meljörðunum búa.

Jeg skal leyfa mjer að minna hina háttvirtu þm. á, að með því að samþykkja þessa breyt.till., sem komið hefir fram við frv., ónýta þeir gildi þess fyrþann hrepp, sem brýna þörf hefir fyrir að allt sje gjört, sem hægt er, til að

stemma stigu fyrir yfirvofandi hættu. Jeg vonast því til að h. deild láti frv. ganga óbreytt til 3. umr.

Sighvatur Árnason: Það er þegar búið að taka fram öll höfuðatriði í þessu máli. En jeg vil minnast á það, sem 2 h. þm. hafa tekið fram, að rjettast væri að breyting sú, sem gjörð væri á samþykktarfrv., væri aptur borin undir sýslunefnd. Jeg sje í sjálfu sjer ekki neitt sjerlegt á móti þessu, en jeg skal þó geta þess, að við íhuguðum einmitt þetta atriði við samning frv., og komumst að þeirri niðurstöðu, að sú leið, sem við höfðum valið, væri hættulaus, en vafningaminni. Þó hefi jeg ekki svo mikið á móti að breyta í þessa átt, og jeg mundi glaður gjöra það, ef jeg væri hræddur um, að þessi breyt.till. h. þm. mundi verða frv. til fordáttu. En jeg tek það fram, að komist breyt.till. sú, sem hjer liggur fyrir, á, viðvíkjandi melnum, þá verður frv. ónýtt að því er Landmannasveit snertir.

Jens Pálsson: Jeg mun ekki halda breyt.till. til streitu, en verð þó að rjettlæta hana gegn framkomnum mótmælum; jeg skal byrja á því að svara spurningum þeim, sem beint hefir verið að okkur flutningsm. H. 2. þm. Eyf. (J.J.) spurði, hvort svo væri til ætlast í breyt.till., að þá er fram kæmi frv. um friðun annaðhvort á skógi eða mel, að þá skyldu greiða atkvæði um það bæði þeir, sem á skógarjörðum byggju og á meljörðum. Jeg svara honum því, að mjer virðist breyt.till. ekki gefa tilefni til slíkrar spurningar, þótt hún sje þannig orðuð sem hún er. Jeg sje ekki, að hún geti orðið skilin öðru vísi en svo, að þegar um friðun á skógi er að ræða, þá skuli þeir einir greiða atkvæði um hana, sem á skógarjörðum búa, og þegar friða á mel, þá sje það einungis borið undir atkv. þeirra, er á meljörðum búa. Breyt.till. er eingöngu komin fram af ótta fyrir því, að samþykktir þær, sem gjörðar kynnu að verða eptir lögum þessum, gætu gengið of nærri eignar- og afnotarjetti einstakra manna, og það átti hún að girða fyrir.

Þar sem h. 2. þm. Eyf. (J. J.) óskaði að fá að vita, hver ætti að ákveða, hvaða jarðir væru skógarjarðir, og hverjar meljarðir, þá mun það, eins og hann virtist sjálfur gefa í skyn, verða að leggja undir úrskurð sýslunefndar, eins og fleiri mál þess konar eðlis, og jeg sje ekkert athugavert við það; því að það mun óhætt að ætla, að hver sýslunefnd sje svo kunnug í sýslu sinni, að henni sje ekki ofvaxið og fyrir því trúandi, að gjöra út um, hverjar jarðir sjeu skógar- eða meljarðir og hverjar ekki; það mundi ekki stórum erfiðara fyrir hana en að segja um, hvaða hjeruð eða hreppar hafi hagnað af því, að skógur og melur sje friðaður, og það ætlast þó frv. til að hún gjöri.

H. 1. þm. Rangv. (S. Á.) kvað frv. þetta mundu verða ónýtt fyrir Landmannahrepp, ef breyt.till. væri samþ.; þetta get jeg ekki skilið; því að sje Landmannahreppur undirorpinn eyðingu af sandfoki, og menn hafi trú á því, að sporna megi við þeirri eyðileggingu með melfriðun, þá trúi jeg ekki öðru en að Landmenn mundu verða manna fúsastir til að styðja að því, að þær samþykktir kæmust á, er melinn friðuðu.

Jeg vil nefna eitt enn. Vjer skulum hugsa oss, að skógur væri að eins á einum bletti í einhverri sveit og að margir sæki skógarhögg þangað. Nú skyldu eigendur skógarins fá samþykktarlög um, hvernig hann skyldi höggva til þess að vernda hann gegn eyðileggingu, en þeir sem skóginn nota vildu aptur á móti engum reglum vera bundnir með skógarhöggið, þá get jeg hugsað

mjer, að ef þeim gæfist kostur á að greiða atkvæði um málið, mundu þeir eyða friðunartilrauninni, og skógurinn verða upprættur þrátt fyrir bezta vilja eigenda að vernda hann. En sem sagt, þótt þessi breyt.till. verði ekki til annars en að gefa tilefni til þess, að ákvæði hjeraðafunda verði aptur borin undir sýslunefnd til samþykktar, þá hefir hún komið fram til góðs og jeg verð ánægðari með frv. eptir en áður, því að mjer þykir það meiri trygging og vænlegra til að sporna gegn misfellum og hlutdrægni, að sýslunefnd hafi seinasta atkvæðisrjett í slíkum málum, en eigi hjeraðsfundur, þar sem leikið getur á einu atkvæði alls þess þorra, sem um málið á að gjöra, hvað ofan á verður.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg er í sjálfu sjer ekki á móti því, að það sje tekið upp í samþykktarlögin, að sýslunefnd skuli hafa fullnaðaratkvæði um samþykktir þessar, og að henni sje gefinn kostur á að segja já eða nei til breytinga þeirra, er hjeraðsfundur kann að gjöra á frumv. hennar, en álít þó, að fulltryggilega sje búið um hnútana í frumv. voru. Það álít jeg að sje mjög óeðlilegt að leggja undir úrskurð og álit sýslunefndar, hverjar jarðir sjeu skógar- eða meljarðir og hverjar eigi, og er um það allt öðru máli að gegna en um takmörk samþykktarhjeraðsins. Það hlýtur eptir eðli sínu að vera álitamál, en þar sem hið fyrra mundi snerta atkvæðisrjett manna, þá gæti það ef til vill orðið dómstólamál.

Jeg hef aldrei gjört ráð fyrir, að tilgangur frumv. væri sá, að efla melrækt, heldur hitt, að fá samtökum komið á, er vernduðu fyrir sandfoki bæði meljarðir og mellausar, og því er athugavert að svipta atkvæðisrjetti um melfriðun alla aðra en þá, sem einmitt búa á meljörðunum.

Einar Jónsson: Hjer er um almennt mál að ræða, sem ekki snertir neitt einstakt hjerað, heldur landið allt; þess vegna verður að taka tillit til fleiri en eins eða tveggja hjeraða. Ef nú t. d. Suður-Múlasýsla vildi gjöra samþykkt um friðun á skógi, mundi hún helzt líta til Vallahrepps; þar er ekki skógur svo teljandi sje nema á tveim stöðum, í Hallormsstaðar- og Egilsstaðarlandi. Ef sýslunefndin vildi gjöra friðunarlög fyrir þetta svæði, þá mundi samkvæmt breyt.till. enginn af hjeraðsbúum eiga atkvæði um málið, nema ábúendurnir á þessum tveimur skógarjörðum, og það væri þó sannarlega eigi rjett. Svo framarlega sem skógur er friðaður í þeim tilgangi, að hann skuli eigi að eins þroskast þar sem hann hefur þegar fest rætur, heldur einnig breiðast út, þá ættu vissulega fleiri að eiga atkvæði um friðunina en ábúendur skógarjarðanna einir.

Það væri næsta ósanngjarnt, ef bóndinn á Hafursá, næstu jörðinni við Hallormsstað, mætti ekkert atkvæði eiga um það, þegar um skógarfriðun væri að ræða á næstu jörð við sig, og það ekki, þótt hann sæi, að með skynsamlegri meðferð skógarins gæti hann og einnig breiðzt út um sitt land. Þetta sýnir nægilega, hversu varúðarverð breytingartillagan er.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. í einu hlj.; breyt.till. við 2. gr. felld með 21 : 2 atkv.; 2. gr. óbreytt samþ. með 19 atkv.; 3.—7. gr. samþ. hver um sig í einu hlj. Frumv. í heild sinni samþ. í einu hlj. Málinu vísað til 3. umræðu í einu hlj.

Frumv. til laga um verndun Safamýrar í Rangárvallasýslu (C. 170, 196); 2. umr.

Flutningsm. (*Þórður Guðmundsson*): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, því að engin breyt.till.

hefur komið fram nema að eins orðabreyting frá okkur flutningsmönnum. Jeg lýsti við 1. umr., hvílík nauðsyn hjer lægi fyrir, og engin andmæli hafa komið fram gegn því; óska jeg því að eins að málið fái að ganga til 3. umræðu.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. í e. hlj.; breyt.till. við 2. gr. samþ. með 22 atkv.; 2. gr. þannig breytt samþ. með 22 atkv.; 3.—7. gr. samþ. hver um sig í e. hlj.

Breyt.till. við fyrirsögn frv. samþ. í e. hljóði.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þrettándi fundur, laugardag 15. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið tilkynning um, að í nefndinni um frv. til laga um þinglýsing afsalsbrjefa o. fl. væri kosinn formaður Ólafur Briem, og skrifari Jón Þórarinsson.

Þá gat hann þess, að til sín væri komið:

1. Bænarskrá frá cand. med. Scheving á Seyðisfirði um, að sjer verði veittur 1000—1200 kr. styrkur til utanfarar í því skyni að rifja upp og æfa ýmsar greinir læknisfræðinnar og læra nýjar aðferðir.
2. Bænarskrá frá síra Jóni Halldórssyni á Skeggjastöðum um, að sjer verði bættur tekjumissir sá, er orsakazt hefur við ákvörðun í landshöfðingjabrjefi 9. júlí 1887 (3 fylgiskjöl).
3. Bænarskrá frá hreppsnefnd Seyðisfjarðar um, að stofnaður verði kaupstaður með fullkomnum kaupstaðarrjettindum og bæjarstjórn á Seyðisfirði, og hinum núverandi Seyðisfjarðarhreppi skipt í 2 sveitarfjelög.

Frumv. til laga um breytingu á lögum 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (C. 193); 2. umr.

Björn Bjarnarson: Jeg mun hafa tekið það fram við 1. umr. þessa máls, að jeg gæti ekki greitt atkvæði með því, eins og það nú liggur fyrir. Síðan hefi jeg heyrt á ýmsum h. þingm., að þeim væri mjög umhugað um að málið næði fram að ganga, og hefi jeg því hugsað málið og komizt að þeirri niðurstöðu, að með dálitlum breytingum mundi mega laga frumv. svo, að það væri frá mínu sjónarmiði aðgengilegra.

Í 1. gr. frv. er það boðið, að hjeraðsfundi skuli halda í júní. Jeg get ekki fellt mig við þessa breytingu, því í þeim hjeruðum, sem jeg er kunnugastur, er júnímánuður meiri annatími en septembermánuður. En það er eigi víst, að svo sje í öllum hjeruðum landsins. Jeg hefði því fellt mig betur við, að frumv. færi fram á, að hjeruðin sjálf mættu ráða, hvenær fundurinn skuli haldinn, og prófastur gæti þá ákveðið fund ár hvert á þeim tíma, sem síðasti hjeraðsfundur hefði komið sjer saman um, að hentugastur væri til fundarhalds.

2. gr. frumv. álít jeg þýðingarlitla.

Eins og jeg tók fram við 1. umr. málsins, er það skoðun mín, að ákvæðin í 3. gr. mundu verða til þess að gjöra hjeraðsfundina alveg að engu, einkum ef þeir væru færðir til júní, samkvæmt 1. gr.

Til þess nú að bjarga frumv. við, hefur mjer hugkvæmzt, að gjöra mætti þá breytingu við 3. gr., auk þeirrar, er jeg hefi bent á við 1. gr., að hún komi til að hljóða þannig: »Þá er

hjeraðsfundur lögmætur, er fullur 1/3 hjeraðsnefndarmanna eru á fundi«.

Yrði frumv. breytt í þessa stefnu við 3. umr., mundi jeg gefa því atkvæði mitt; annars ekki.

Sighvatur Árnason: Jeg skal að eins tala fáein orð í tilefni af því, er h. þm. Borgf. (B. B.) sagði um 3. gr. frumv. Hann fór fram á að henni yrði breytt svo, að fundur skuli lögmætur, ef 1/3 presta og safnaðarfulltrúa eru á fundi. Það get jeg engan veginn fallizt á. Jeg vildi heldur að fundurinn yrði þýðingarlaus, ef hann er svo illa sóttur. Jeg tek til dæmis, að 15 menn ættu að sækja fund. Þá ættu einir 5 menn að geta gjört fullnaðar-ákvæði um mál, sem snerta allt hjeraðið. Það get jeg engan veginn fellt mig við.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er ekki í tölu þeirra þingm., sem h. þm. Borgf. (B. B.) talaði um að væri annt um framgang þessa máls.

Við 1. umr. þessa máls tók jeg fram, hvað jeg hefði á móti málinu í heild sinni, en nú mun leyfilegt að fara út í hinar einstöku gr.

Í 1. gr. er fundartíminn færður til svo, að safnaðarfundi skuli halda í maí og hjeraðsfundi í júní. Hvorttveggja finnst mjer óheppilegt. Allstaðar, sem jeg þekki til, mun vera erfiðara að halda safnaðarfundi í maí en á þeim tíma, sem nú er ákveðið. Sjóbóndinn er sjerstaklega bundinn við sjóinn í maímánuði, og allur þorri sveitabænda er bundinn við ýmisleg störf, sem illt er að slíta sig frá. Jeg sje enga ástæðu til þessarar breytingar. Hví á að vera að breyta, þegar engin ástæða er til þess, og enginn hefur haft á móti því, að fundurinn sje haldinn á haustin? Hjer við sjóinn er jeg hræddur um að sjaldan yrði lögmætur fundur, ef halda skyldi í maí og júní.

Það er og eitt, sem allir vita, að það er eitt verkefni hjeraðsfunda að endurskoða kirkjureikningana. Eiga þeir að vera komnir til prófasts í lok maímánaðar, en koma vanalega miklu seinna. Eptir ákvæðum frumv. má eins vel halda hjeraðsfundi 1. júní, sem síðasta, og er ekki ólíklegt að þetta yrði til þess, að eptir þetta yrði enginn kirkjureikningur endurskoðaður, að minnsta kosti yrði það ekki í mínu prófastsdæmi.

Viðvíkjandi 3. gr. vil jeg taka það fram, sem h. þingm. Borgf. (B. B.) minntist á, að sjaldan mundi lögmætur fundur, ef helmingur skal sækja. Menn verða að taka tillit til, að enginn fær neina borgun fyrir þann tíma, er gengur til fundarins, og er því eigi að kynja, þótt slælega sje sótt; þeir, sem koma ekki á fund, mega sjálfum sjer kenna um, og verða og að sætta sig við það, sem þar verður gjört.

H. 2. þingm. Rangv. (S. Á.) áleit það hneyksli, að halda hjeraðsfund með 5 mönnum. Ekki er það álitið hneyksli í efri málstofu Englaþings, þar sem fundur er lögmætur, þótt eigi sækji fleiri en 3 af um 300.

Það er varla von, að bændur fari að gjöra sjer talsvert ómak, ef þeir eiga ekki brýnt erindi á fund.

Jeg er ófús á, að vera að káka svona við þessi lög. Væri komið fram með gagngjörðar og alvarlegar breytingar, þá væri mjer það minna á móti skapi.

2. gr. er að mínu áliti sannarlega meinlaus. Jeg sje enga ástæðu til að fjölga safnaðarfulltrúum þar sem eru 1000 manns, en láta sjer nægja með 3, þar sem eru 999. Ef það væri almennt, að sóknarmenn væru prestum til stuðnings, þá væri öðru máli að gegna; en jeg hefi ekki sjeð mikið af því enn.

Landshöfðingi: Eins og h. þingdeildarmönnum mun kunnugt, kom fram á þinginu 1891 frumv., samhljóða þessu,

og var það samþykkt hjer í deildinni. Frá stjórnarinnar hendi voru að eins 2 fyrstu greinarnar í frumv., en deildin bætti hinni 3. við.

Jeg skil ekki í þeim mótmælum, sem frumv. mætir hjer í deildinni nú, hinni sömu deild, sem í hitt eð fyrra samþykkti það með öllum þorra atkvæða. Orsökin til, að frv. þetta kemur fram, er sú, að til stjórnarinnar hafa komið óskir frá hjeraðsfundum, t. d. úr Húnavatnssýslu, um, að fundartíma hjeraðsnefndanna væri breytt. Þar að auki er stjórninni kunnugt um, að opt hefir veitt erfitt að fá lögmætan hjeraðsfund í september, því það er mikið að gjöra í sveitum í septembermánuði; fyrri hluta mánaðarins eru heyannir vanalega miklar og síðara hluta hans eru fjallskil og rjettir, o. s. frv., og er því sá mánuður illa fallinn til fundarhalds. Jeg man sjerstaklega eptir, að stirt gekk það í Rangárvallasýslu hjer um árið að fá saman lögmætan hjeraðsfund, til þess að útkljá um kirknasamsteypu í Eyvindarhóla-prestakalli, sem þá var þar fyrirhuguð. Þá gengu þar rigningar miklar í septembermánuði og þar af leiðandi vatnavextir. Menn voru að vísu samhuga um það, að mjög æskilegt væri að steypa tjeðum kirkjum saman, en af hendi þeirra, sem ekki sóttu hjeraðsfundinn, var því barið við, að ómögulegt væri að ferðast vegna vatnavaxta.

Þar eð menn nú hafa álitið heppilegra að hjeraðsfundir sjeu haldnir í júní, þá leiðir þar af, að safnaðarfundi verður að halda í maí, með því að þeir eiga að ganga á undan hjeraðsfundum. Og jeg get ekki sjeð, að það sje svo erfitt hjer við sjóinn að fá fundina sótta, þar sem vetrarvertíð er á enda fyrir 14. maí, og vorvertíð um Jónsmessu.

Hvað viðvíkur 3. gr. frumv., þá get jeg ekki sjeð, að það sje svo mikil breyting frá því, sem nú er ákveðið. Því þegar um ýms þýðingarmikil mál er að ræða, svo sem samsteypu brauða og niðurlagning kirkna, þá eru einmitt sömu ákvæði um lögmæti fundarins og farið er fram á í þessu frumvarpi, svo að breytingin liggur að eins í því, að hjer er farið fram á, að sama gildi um öll mál, sem ræða ber á hjeraðsfundum, enda mun það og eðlilegast. Menn geta heldur ekki vitað fyrirfram, hvaða mál kunna að koma fyrir.

Þar eð nú áhugi manna á hjeraðsfundum er að aukast, þá get jeg ekki skilið, að það sje svo erfitt að ná helmingi hjeraðsfulltrúa.

Jeg álít það ekki heppilegt að bera hjeraðsfundi saman við »House of Lords«, og væri rjettara að bera þá saman við vort eigið þing. Hjer þurfa $^2/_3$ þingmanna að vera á fundi, svo lögmætur sje.

Eins og jeg tók fram áðan, er þetta frumv. komið fram af þeirri ástæðu, að þess hefur verið óskað, og ef sú deild, sem í hitt eð fyrra samþykkti samhljóða frumv. með öllum þorra atkvæða, fellir það nú, þá mundi mjer þykja það undarlegt.

Þórður Guðmundsson: Það var ein af mótbárum h. varaforseta (Þ. B.) við 1. umr. þessa máls, að eigi væri gjörandi að halda hjeraðsfund í júní, af því að þá væri eigi búið að halda synodus. Þetta er ónýt mótbára. Jeg fyrir mitt leyti hefi verið á flestum hjeraðsfundum í minni sýslu, síðan þeir voru stofnaðir, og jeg man ekki til, að það mál hafi nokkurn tíma komið fram frá synodus, sem ekki mætti bíða til næsta fundar eða til júní. Hvað tímann snertir, þá liggur það í augum uppi, að sama má vinna á einum degi í júní, sem tvo daga þarf til í september, og að mínu áliti er alls eigi erfiðara að sækja fundi í júní en í september, því í september

eru annir víðast hvar sem mestar, heyskapur o. s. frv.

Hvað snertir 3. gr. þessa frumv., get jeg ekki verið á sama máli og h. þingm. Borgf. (B. B.) um, að betra væri að lögmæti fundarins sje bundið við, að 1/3 af fundarmönnum geti gjört fundinn lögmætan. Jeg get ekki fellt mig við, að minni hluti ráði úrslitum í málum, sem varða kirkjuleg málefni og allt hjeraðið. Get jeg því með góðu geði gefið frv. þessu atkv. mitt.

Björn Sigfússon: Hæstv. landshöfðingi og h. 1. þm. Rangv. (Þ. G.) hafa tekið af mjer ómakið og svarað h. varaforseta (Þ. B.), og get jeg því verið stuttorður. Mig furðar á, hve mikið kapp h. varaforseti (Þ. B.) leggur á að brjóta þetta litla og meinlausa frumv. á bak aptur. Við 1. umr. virtist mjer koma fram, að hann bæri kala til þess. Það lá að nokkru leyti í orðum hans, og einnig fannst mjer að mætti lesa það á milli línanna, sem menn segja. Hann talaði um, að Húnvetningar hefðu drýgt lagabrot með því að halda hjeraðsfundi á öðrum tíma en tiltekið er. Hefði þetta verið aðalfundur, þá kynni h. varaforseti að hafa rjett að mæla. En þessir júnífundir munu að eins hafa verið boðaðir sem aukafundir, þótt svo færi, að öll aðalmál væru rædd þar, af því þau voru þá þegar orðin nægilega undirbúin. Jeg man ekki betur en að aðalfandur væri haldinn á tilteknum tíma.

Hann sagði í skopi, að Húnvetningar hefðu fengið þakkarávarp fyrir að drýgja lagabrot. Þessi hnúta getur nú raunar ekki hitt þá, því þeir færðu sjer ekkert þakkarávarp sjálfir. Mjer finnst hún þess vegna lenda á biskupinum, þó það hafi fráleitt verið meiningin. Þykir h. varaforseta (Þ. B.) það líklegt, að biskup landsins fari að senda þakkarávarp fyrir drýgt lagabrot? Það er fráleitt; en hitt er víst, að hann sendi þeim nokkurs konar viðurkenningu fyrir áhuga þeirra á safnaðarmálum, sjálfsagt af því, að honum hefir þótt það við eiga. — Jeg vil ekki geta mjer þess til, að hann sje ergilegur út af því, að það voru Húnvetningar og ekki hann sjálfur eða hans hjeraðsfundur, sem fengu þakkarávarp frá biskupinum.

Því næst vil jeg víkja mjer að öðru, er h. varaforseti tók fram við 1. umr. þessa máls og nú aptur í dag. Hann spáði því, að ef ákvæðin í 1. og 3. gr. frumv. kæmust á, þá mundu hjeraðsfundir verða að engu, mundu aldrei verða sóttir svo, að lögmætir yrðu. Hann hlýtur að vera lítill, sá áhugi á hjeraðsmálum, sem hann þekkir bezt hjer syðra, og þykir mjer það illa farið, því hann mun þó gjöra sitt til að útbreiða hann sem mest og bezt. Ef áhuginn er ekki meiri en svo hjer um slóðir, þá held jeg að einu gildi, hvort fundurinn er haldinn í júní eða í september.

H. þm. Borgf. (B. B.) fór fram á, að 3. gr. væri breytt svo, að bundið væri lögmæti fundarins við, að 1/3 sækti. Mjer finnst rjettast fyrir hann eða þá, sem halda því fram, að koma fram með breyt.till. í þá átt. (*B. B.:* Þetta er mjer ekkert kappsmál).

Jeg man ekki eptir fleiru í svipinn, sem aðrir h. þm. hafa ekki tekið fram, og skal jeg því eigi lengja umræðurnar meira að sinni, en vona, að málinu verði vísað til 3. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg játa fúslega, að mjer þykir leitt að þurfa að lengja umræðurnar um þetta ómerkilega mál. Hæstv. landshöfðingi tók fram, að vorvertíð væri á enda á Jónsmessu, og færði það sem sönnun fyrir því, að heppilegra væri að halda fundinn í júní. Hæstv. landshöfðingja mun eins kunnugt og mjer, að einmitt um

það leyti eru mörg þau störf fyrir hendi, er beinlínis banna bændum að fara frá heimili sínu.

Hæstv. landsh. sagði, að lög þessi hefðu verið samþykkt hjer í deildinni á síðasta þingi. Jeg skal ekki segja um, hve eindregið og alvarlegt það samþykki deildarinnar hefir verið; en svo mikið er víst, að jeg greiddi ekki atkv. með frumv. þessu. Hæstv. landshöfðingi áleit það rangt að nefna »House of Lords«. En jeg sje enga vanvirðu í því, hvorki fyrir oss nje neina aðra þjóð, að taka þing Englendinga sjer til fyrirmyndar.

H. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.) sagði, að jeg hefði sýnt þá rækt að vilja brjóta frumv. þetta niður. Ónei, mjer er það ekki svo mikið áhugamál; en víst er um það, að ef þetta kemst á, þá verða kirkjureikningarnir ekki framar enduskoðaðir í mínu prófastsdæmi, eða þá að prófastur fær engan tíma til að líta á þá.

H. sami þm. (B. S.) talaði um, að jeg bæri kala til frv. þessa. Það er á engu byggt. Jeg ber sannarlega engan kala til þess, nema þann, er orsakast af því, að jeg álít þetta ekki umbót, heldur óbót.

H. sami þm. (B. Sigf.) talaði um, að jeg væri ergilegur út af sæmd þeirri, er þeim hefir hlotnazt. Nei, jeg öfunda þá ekki af þeirri eða nokkurri annari sæmd, og ekki heldur af því, er prófastur þeirra lætur prenta um trú þeirra. Jeg kæri mig allra sízt um þakkarávarp fyrir að gera messufall á öllum kirkjum í prófastsdæminu, nema einni. Jeg hefi aldrei sagt, að hjeraðsfundur yrði aldrei lögmætur, ef ákvæði þessi kæmust á; jeg sagði að eins, að jeg óttaðist fyrir, að svo færi.

H. 1. þm. Rvell. (Þ. G.) talaði um, að heyannir væru miklar í september; það er alveg satt, og þess vegna set jeg fund milli heyannanna og rjetta.

Til þess jeg nú ekki leiði fleiri í freistni til að halda, að jeg beri kala til þessa frumv., þá ætla jeg nú að setjast niður og steinþegja í þessu máli.

Jens Pálsson: Jeg stend að eins upp til að taka fram nokkur atriði, sem mjer þykja mæla með þessu frumv., en sem enn hafa eigi verið nefnd. Eitt er það, að í september er miklu hættara við illviðrum en í júní, og er júnímánuður fyrir þá sök miklu hentugri til hjeraðsfundahaldanna. Í öðru lagi sýnist mjer færslan á hjeraðsfundunum muni verða til þess að flýta fyrir þeim málum, sem áhugi er á að fá fljótt fram. Ef eitthvert mál er borið upp á safnaðarfundi í maímánuði, þá getur það komið fyrir hjeraðsfund í júnímánuði og fyrir synodus öndverðlega í júlímánuði. Þannig getur málið gengið fram á einum 3 mánuðum, í stað þess sem nú þarf meir en ár til þess að koma máli þessa leið. Frumv. er þannig til verulegra bóta. Hvað 3. gr. snertir, hefði jeg kunnað betur við, að hún væri orðuð líkt og 34. gr. í sveitarstjórnarlögunum, þar sem svo er til tekið, að þegar sýslunefnd skuli gjöra einhverja ályktun, þá skuli atkvæðafjöldi ráða, þó útheimtist til þessa, að við sje staddur meiri hluti allra nefndarmanna. Mun jeg vita, hvort 6 þingmenn vilja ekki sameina sig um að koma með breyt.till. í þá átt til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 2. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 3. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv. Frumv. vísað til 3. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um sölu þjóðjarða (C. 170); 2. umr.

Björn Bjarnarson: Eins og menn munu geta nærri, vil jeg gjarna teljast í flokki framfaramanna og fylgja þeim að málum, er þann flokk skipa. Mjer ætti því að vera ljúft að fylgja h. flutningsmönnum frumv. þessa, og styðja

þá stefnu, sem frv. hefir, þá stefnu, að auka sjálfseign í landinu, því að hún má yfir höfuð teljast heillavænleg fyrir landbúnaðinn. En þrátt fyrir þetta finnast mjer svo miklir agnúar á frumv., að jeg get ekki aðhyllzt það eins og það er.

Í 1. gr. stendur, að hver ábúandi á þjóðjörð skuli hafa rjett til að fá hana keypta, sje hún eigi ætluð til embættisbústaðar. skólaseturs eða annara almenningsnota. En hver á að hafa atkvæði um þessa »ætlun«? Það er líklegt, að þegar óskað er eptir jörðinni til kaups, að þá liggi engin »ætlun« fyrir um það, að hún muni verða notuð til nokkurs slíks, sem 1. gr. nefnir, en það getur komið skömmu seinna fyrir, að jörðina þurfi að nota á einhvern þann hátt. Jeg felli mig því betur við þá reglu, sem nú er fylgt, að leiguliðar geti undantekningarlítið fengið ábýlisjarðir sínar, sjeu þær þjóðjarðir, keyptar, en þó verði heimildin að vera veitt með sjerstöku lagaboði frá alþingi í hvert skipti. 2. gr. setur það sem fasta og undantekningarlausa reglu, að kaupverðið skuli samsvara 25-földu eptirgjaldi jarðarinnar eptir sanngjörnum leigumála, er amtsráð meti eptir tillögum sýslunefndar. Jeg hef nú verið svo heppinn að öðlast þann frama, að komast í nefnd þá, sem sett var hjer í deildinni til þess að íhuga þjóðjarðasölu, en það hefir með öðru orðið til þess að fæla mig frá þessu ákvæði frumv., því að jeg hef orðið þess var, að sumstaðar hefir mat sýslunefnda verið svo fjarri sannvirði jarðanna, er miðað er við afgjaldið, að jeg verð að vantreysta því, að sýslunefndir leysi þennan starfa ætíð vel af hendi. Kæmi það opt fyrir, að mat sýslunefndar og umboðsmanns væri fullum þriðjungi lægra en 25-falt afgjaldið, eins og jarðirnar leigjast og hafa leigzt að undanförnu, þá er auðsætt, hvílíkan halla landssjóður mundi bíða við slíka þjóðjarðasölu, og þótt gjört sje ráð fyrir, að hafa skuli til hliðsjónar skýrslur umboðsmanns um afgjald og ásigkomulag jarðarinnar, þá er amtsráðið ekki skyldugt að taka tillit til þeirra.

3. gr. líkar mjer allvel, og jeg skyldi ekki hafa á móti því, að grein um svo lagaða borgunarskilmála, sem þar eru ákveðnir, væri tekin upp í frumv. það um þjóðjarðasölu, sem kemur frá hverju þingi; það mundi gjöra ábúendum þjóðjarða hægra fyrir að eignast þær og borga.

Þegar til 4. gr. kemur, þá sje jeg ekki betur en að erfitt sje að meta kaupverð þeirra jarða, sem þar ræðir um, þar sem engar skýrslur eru til að fara eptir, og hef jeg yfir höfuð að tala hið sama að athuga við hana og 2. gr.

5. gr. felur mjer vel í geð, og vildi jeg að ákvæði hennar yrðu tekin til greina í hvert sinn, sem þingið gefur út lög um þjóðjarðasölu, því að það er sannarlega til bóta, að jarðir sjeu ekki eins margskiptar og nú tíðkast.

Við 6. og 7. gr. hef jeg ekkert að athuga, en um 8. gr. hef jeg hið sama að segja sem 3. gr., að jeg felli mig vel við ákvæði hennar, og vildi jeg að þau fyrirmæli væru tekin upp í þjóðjarðasölufrumv. hvers þings, að af andvirði hinna seldu jarða væri myndaður sjerstakur sjóður, er eigi mætti skerða.

Jeg hef nú með fáum orðum sýnt afstöðu mína í þessu máli, og af henni leiðir, að jeg get ekki verið frv. þessu meðmæltur í heild sinni, þótt jeg játi, að það hafi ýmsa kosti.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. N.-Múl.): H. þingm. Borgf. (B. B.) hneykslaðist á þeim fyrirmælum 1. gr. frv., að ábúandi skuli eiga rjett á að

áðan, og hafi jeg ekki getað komið

þessu valdi úr höndum sjer. Mjer

fá þjóðjörð keypta, sje hún ekki ætluð til embættisbústaðar, skólaseturs eða annara almenningsnota. Hann spurði að, hver ætti að ákveða um þá »ætlun«. Jeg vil benda h. þingm. Borgf. (B. B.) á, að í frumv. er ætlazt til að sýslunefnd og amtsráðið meti sanngjarnan leigumála á jörðum þeim, er selja á, og landshöfðingi ákveði svo verð jarðanna, en af því sýnist mjer leiða, að það muni líka eiga að koma til sýslunefndar, amtsráðs og landshöfðingja, að kveða á, hvort jörðin sje ætluð til embættisbústaðar, skólaseturs eða annara þeirra nota, er frv. nefnir.

H. þm. Borgf. (B. B.) minntist á, að í nefnd þeirri, er hann nú sæti í, og þjóðjarðasölu ætti að íhuga, hefði hann orðið þess var, að svo mikill mismunur kæmi fram milli landskuldar þjóðjarðanna og verðs þess, sem talið væri hæfilegt fyrir þær, að hann treysti ekki sýslunefndum til að meta jarðirnar rjettilega; en þess er að gæta við þetta, að það er ekki ætlunarverk sýslunefnda, eins og nú hagar til, að ákveða, hver sje hæfilegur leigumáli á þessum þjóðjörðum, heldur að eins að meta þær til verðs. Mismunurinn á hlutfallinu milli rentunnar af söluverði og eptirgjalds jarðanna, eins og það er nú, getur komið af ýmsum ástæðum. Margar landsskuldarupphæðir eru ákveðnar fyrir mörgum árum, og ýmislegt hefir breyzt síðan og ýmislegt getur hafa valdið því, að þessi og þessi landsskuldarupphæð er nú á jörðum.

Það hefur að undanförnu verið aðalregla við þjóðjarðasöluna hjer á þingi, að landssjóður hefði fremur hag af kaupunum. *(H. Kr. Fr.:* Nei, hann tapar). Jeg mun geta sannað h. þm. hið gagnstæða af þingtíðindunum, ef hann vill hafa fyrir að líta í þau með mjer.

Mjer virtist þetta tvennt, sem jeg hef nefnt, vera það sem h. þm. Borgf. (B. B.) hefði mest á móti frumv., en hann að öðru leyti vera hlynntur stefnu þess. En eigi finnast mjer þessar ástæður h. þingm. Borgf. (B. B.) vera á svo gildum rökum byggðar, að ástæða sje til fyrir þá sök að breyta frv. eins og hann benti á, og óska jeg því, að það fái að ganga til 3. umræðu.

Björn Bjarnarson: H. 2. þingm. N.-Múl. (J. J.) svaraði mjer því viðvíkjandi 1. gr. frv., að hann ætlaði sýslunefnd að ákveða, hvaða jarðir ætla skyldi til embættisseturs, skóla eða annara almenningsnota, en um það virðast vanta ákvæði í frumv.; og því gat jeg ekki spáð, hvaða óskráð hugsun standa ætti bak við það, sem flutningsmaður hefir skrifað. En hins vegar get jeg ekki fallizt á, að sýslunefnd eða amtsráð geti ákveðið, hverjar jarðir ætla skuli skólum eða fyrir embættisbústað o. s. frv.; því að þótt eigi þurfi að brúka þær til þess í bráð, held jeg að hvorki sýslunefnd eða amtsráð geti borið um, hvort eigi kunni að þurfa á þeim að halda til slíkra hluta eptir 1—2 ár eða í næstu framtíð.

H. þingm. N.-Múl. (J. J.) kvað það eigi ætlunarverk sýslunefnda nú, að ákveða leigumála á þjóðjörðum; um þetta hafði jeg hugmynd áður og þurfti því ekki upplýsingar hans við. En þó er eptir frumv. þessu ætlazt til, að amtsráðið meti söluverðið eptir tillögum sýslunefnda, og þetta söluverð á að vera miðað við jarðarafgjald, er sýslunefnd álítur hæfilegt. Nú finnst mjer það liggja beint við, að amtsráðið hljóti að fara alveg eptir tillögum sýslunefndar, og máske að nokkuru eptir tillögum þess amtsráðsmanns, sem heima á í þeirri sýslu, þar sem þjóðjörð sú er; það hefur ekki annað áreiðanlegra að halda sjer til; en af þessu leiðir, að það verður sýslunefndin, sem að minnsta

kosti óbeinlínis ákveður söluverð jarð anna, um leið og hún kveður upp hæfilegan leigumála þeirra.

Jeg hef nú þegar sjeð, að sýslunefndir hafa leytt sjer að kveða upp, hvað þær áliti sanngjarnan leigumála, og eptir því áliti þykir mjer hafa sýnt sig, að landssjóður mundi ekki bíða lítinn halla, sje þeirri aðferð fylgt, sem mjer sýnist frumv. gjöra ráð fyrir, og því sje varúðarvert að samþykkja það. En sje svo, að jeg misskilji 2. gr. frumv., þótt jeg gæti ekki sannfærzt um það af ræðu h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.), þá vænti jeg að hann enn reyni að sýna mjer fram á, í hverju sá misskilningur sje fólginn.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. N.-Múl.): Jeg get ekki hugsað mjer, að hægt sje að skilja þessi orð í 1. gr. frv.: »enda sje hún eigi ætluð til embættisábúðar, skólaseturs eða annara almenningsnota« öðru vísi en svo, að hún sje ekki ætluð til neins af þessu á þeim tíma, þá er ábúandi falar hana, því að það mundi flestum of vaxið að segja fyrir fram, hvort þessi eða þessi jörð kynni ekki einhvern tíma síðar meir að þykja vel fallin til einhvers af þessu. En viti hvorki sýslunefnd, amtsráð eða landshöfðingi til þess, að jörðina eigi að nota til embættisábúðar, skóla eða annara almenningsnota, þá er það ljóst, að leyfilegt er að selja hana, enda mundi þingið heldur ekki, eins og nú stendur, geta sagt það fyrir, hvort ekki kynni einhvern tíma að þykja æskilegt að fá jörð þá, er nú er föluð til kaups, til einhverra afnota í almenningsþarfir.

Viðvíkjandi skilningi h. þm. Borgf. (B. B.) á 2. gr. og sambandinu milli aðferðarinnar við sölu þjóðjarða nú og þeirrar aðferðar, sem frumv. nefnir, hef jeg engu við það að bæta, sem jeg sagði áðan, og hafi jeg ekki getað komið honum í skilning um það þá, þá veit jeg ekki, hvort jeg get það betur nú, og læt jeg vera að reyna það, þótt ekki væri af öðru, þá af því, að það mundi lengja bæði umræður og þingtíðindi meira en góðu hófi gegndi, ef þingmenn færu að gjöra sjer það að reglu, að taka sömu orðin upp aptur í hverri ræðunni eptir aðra.

Landshöfðingi: Frumv. þetta hefur verið borið upp hjer á þingi hvað eptir annað og jafnan verið fellt. Jeg sje ekki hvaða ástæða getur verið til að koma með slíkt frumv. þing eptir þing. Jeg gæti skilið það, ef það væri sjerlegum erfiðleikum bundið fyrir landseta á þjóðjörðum, að fá ábýlisjarðir sínar keyptar, en jeg skýt því undir alla h. þingd.menn, hvort svo sje. Inn á hvert þing kemur fjöldi af bænum um að fá þjóðjarðir keyptar, og það er næsta sjaldan að þingið hafi synjað slíkum bænum, og ráðgjafinn hefir aldrei neitað að gefa út afsalsbrjef fyrir þeim jörðum, sem þingið hefur með lögum heimilað að selja, þegar lögin hafa fengið staðfesting konungs. Því er eigi ástæða til að berjast með slíku kappi fyrir að fá þessi þjóðjarðasölulög, þar sem eigi mundi að mun verða greiðari vegur til að fá jarðir keyptar, þótt þau kæmust á, en nú er.

Það hefur verið borið fram sem ástæða fyrir nauðsyn þess, að frv. þetta yrði að lögum, að það tæki upp svo mikinn tíma fyrir hverju þingi, að þurfa að fást við að semja lög um þjóðjarðasölu. Jeg skil ekki í, að þessi ástæða geti verið svo þung á metunum, allra sízt þar sem það er tekið fram í stjórnarskránni, að umboðsvaldið megi ekki selja neina þjóðeign, nema fjárveitingarvaldið hafi gefið samþykki sitt til þess; jeg skil ekki í því, segi jeg, að þingið fyrir þær sakir vilji kasta þessu valdi úr höndum sjer. Mjer sýnist það hvorki mega gjöra það eptir

stjórnarskránni, nje geta gjört það gagnvart sjálfu sjer. Þótt dálítið ólíku sje saman að jafna, skal jeg nefna fjárlögin; þau taka mikinn tíma frá hverju þingi, og býst jeg þó við, að þingið vilji ekki kasta þeim frá sjer og fá umboðsvaldinu í hendur að semja þau.

H. þingm. Borgf. (B. B.) hefur tekið fram ýmislegt athugavert við frv. sjálft. Þó skal jeg bæta því við, viðvíkjandi 1. gr., að á þinginu 1891 lá fyrir beiðni um að fá jörðina Ólafsvík keypta; hún var hvorki ætluð til embættisbústaðar, skóla eða annara almenningsnota, en þó varð sú beiðni frumv. að fótakefli í það sinn, því að einn h. þingm. færði svo gild rök að því, hve óheppilegt væri að selja þá jörð, að þingdeildin varð að fallast á það, og viðurkenndi með því, að varúðarvert gæti verið að afsala sjer öllum afskiptum af sölu þjóðjarða.

Ef þetta frumv. yrði að lögum, þá getur hver ábúandi þjóðjarðar heimtað að fá jörð sína keypta, ef hún er ekki ætluð til einhvers af því þrennu, sem til er fært í 1. gr.; og það er rjett hjá h. þm. Borgf. (B. B.), að það eru engin ákvæði í frumv. um það, hver skuli segja um það, hvort jörð skuli ætluð til embættisbústaðar, skólaseturs eða annara almennings þarfa. Sýslunefndinni kemur það ekki við; hún á ekki annað að gjöra en að meta jörðina. Jeg tek það fastlega fram, að jeg álít að þingið geti ekki kastað frá sjer rjetti þeim og skyldum, sem það hefur gagnvart sjálfu sjer og stjórnarskránni með að hafa hönd í bagga með sölu þjóðjarða landsins.

Flutningsm. (*Jón Jónsson*, þm. N-Múl.): Viðvíkjandi því, sem hæstv. landsh. sagði, get jeg látið gleði mína í ljósi yfir því, að hann hefir látið þingdeildina heyra álit sitt um þetta mál. Það er mjög gott fyrir flutningsm. að heyra álit hans og fá bendingar um ýms atriði. Og jeg skal fyrir mitt leyti fúslega taka það fram til íhugunar, og slíkt hið sama þykist jeg fullviss að meðflutningsmaður minn vill gjöra, hvort ekki mætti orða 1. gr. betur. En viðvíkjandi samanburði hæstv. landsh. á fjárlögunum og sölu þjóðjarða, þá vil jeg taka það fram, að ólíku er hjer saman að jafna. Því að fjárlögin snerta allt landið í heild sinni, og þingmenn ættu því allir að hafa þekkingu á þeim, hver eptir sínum hæfilegleikum. En hjer er um að ræða mál, sem þarf sjerstaka þekkingu í sjerstökum hlutum landsins, og það getur víst enginn neitað því, að það eru miklu meiri líkur til að sýslunefndarmenn og amtsráðsmenn þekki kosti og galla hverrar jarðar í sínu hjeraði, heldur en þingmenn almennt. Jeg get ekki sjeð, að þetta rýri vald alþingis í neinu. Það er satt, að það getur vel komið fyrir að þingi þyki í einstökum tilfellum ekki rjett að selja jörð, en þess ber vel að gæta, að þingið verður í þessum málum að fara eptir sögusögn eins eða tveggja þingm., af þeirri einföldu ástæðu, að aðrir þingm. þekkja ekki persónulega til, og þessir þingmenn hafa kannske einhverjar persónulegar hvatir til að mæla með eða móti. (*Landsh.*: Svo? Gjörir þingið það?)

H. þm. Borgf. (B.B.) tók það fram, að tilgangurinn væri að auka sjálfseign. Já, það er einmitt tilgangur frv., og er það ekki þýðingarlítið í því efni, að gera mönnum ljettara fyrir að kaupa jarðir þær, sem þeir sitja á. En það gerir maður bezt með því, að setja betri skilmála. Jeg skal játa, að góða skilmála megi líka fá hjá þinginu; en jeg hefi alls ekkert traust á því, að það verði rjettara mat á verði jarða, þótt þingið fjalli um söluna, og vona jeg að

h. deild greiði atkvæði með málinu til 3. umr., með þeirri sannfæring að frv. fari fram á verulega rjettarbót.

Þorl. Guðmundsson: Eins og hinn hæstv. landsh. gat um, hefir mál þetta komið fram á þingi aptur og aptur, og mun jeg einhvern tíma áður hafa gefið því atkvæði mitt. En þá var allt öðru máli að gegna en nú er, því að þá var miklu ógreiðari aðgangur að því að fá keyptar þjóðeignir. Nú er það orðið miklu auðveldara. Á síðasta þingi var t. d. leyft að selja 60 jarðir, og það sumar án þess að undirbúningurinn væri nákvæmur. Það er auðveldur aðgangur að kaupum á þeim jörðum, sem ekki eru undanskildar í 1. gr. frv., en út í formið á frumv. álít jeg ekki þörf að fara. En hvort sem haldið er þeim lagaákvæðum, sem nú gilda, eða breytt er í þá stefnu, sem frv. fer í, getur vel komið fyrir, að seldar sjeu jarðir, sem seinna sjest að gott hefði verið að óseldar hefðu verið, til að geta brúkað þær til alþjóðlegra þarfa. Þetta atriði er því hvorki til falls eða stuðnings málinu.

En hitt er aðalatriðið, að frv. er óþarft, því nú er greiður aðgangur orðinn að kaupum á þjóðjörðum og skilmálar góðir, og miklu betri en einstakir menn bjóða eða geta veitt. Auðvitað er frv. ekki skaðlegt, þótt það sje óþarft, en jeg sje enga ástæðu til að styðja það, af því jeg álít það óþarft eins og þessu máli nú er komið; það var allt annað mál þegar þjóðjarðasalan mætti megnri mótstöðu á þinginu.

Einar Jónsson: Jeg ætla að eins að benda á ósamkvæmni, sem mjer finnst vera í þessu frv. Í 2. gr. stendur: Kaupverð jarðarinnar skal ákveða eptir sanngjörnum leigumála, er amtsráð metur eptir tillögum sýslunefndar o.s. frv. En í 7. gr. stendur: landshöfðingi..... ákveður kaupverð þeirra o. s. frv. Jeg get ekki betur sjeð en þetta sje ósamkvæmni. Það á sjálfsagt að vera eitthvað annað, annaðhvort að hann samþykki að eins það, sem amtsráðið hefir gert, eða hafi síðasta ákvæðisvald um verðið. En hvort af þessu er meint, verður að taka skýrt fram, svo það sjáist, hvort hann er bundinn við ákvæði amtsráðs eða getur breytt því. Jeg vona að h. flutningsm. taki þessa athugasemd til greina, ef málið fer til 3. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla að eins að gera stutta athugasemd við síðari málsgrein 5. gr.: Nú er þjóðjörð o. s. frv. Venjulega hafa þeir skriflega lífstíðarbyggingu, sem á þjóðjörðum búa, en eptir núgildandi lögum eiga menn forrjett til kaupa á jörð, sem þeir hafa skriflega lífsábúð fyrir. Þessum rjetti getur sýslunefndin svipt búendur á fleirbýlisjörðum. En jeg sje enga ástæðu til þess. Yfir höfuð að tala er frv. að mínu áliti ekki til bóta, og held jeg að mat þingsins á jörðunum geti verið allt eins rjett og mat sýslunefnda. Enda er það spursmál, hvort frumv. þetta getur samrýmzt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

En eitt atriði í frumv. þessu þykir mjer gott; það er í 7. gr., þar sem segir, að landshöfðingi gefi út afsalsbrjef fyrir jörðunum.

Því að eins og nú er veldur það töluverðu ómaki og dregur tímann, að sækja þarf leyfi til ráðgjafans í Kaupmannahöfn til að gefa út afsalsbrjef fyrir þjóðjörð. Það væri því breyting til batnaðar, að landsh. væri falið þetta á hendur og leyft að geta út afsalsbrjef fyrir þjóðjörðunum, en það mætti að öllum líkindum fá fram, ef sett væri í hin sjerstöku jarðasölulög: «Landsh. veitist heimild til» o.s. frv. í stað «stjórninni veitist« o. s. frv. Eins og fyrir-

komulagið nú er, verður að sækja leyfið til ráðgjafans.

Jeg get ekki annað sjeð en samanburður á fjárlögum og lögum um sölu þjóðjarða sje rjettur. Því að jarðeignir landsins er einn tekjuliður landsjóðs og það er því eðlilegast, að þingið ráðstafi honum sem öðrum tekjugreinum.

Jón Jakobsson: Það hafa komið fram fleiri mótbárur á móti frv. þessu en jeg bjóst við. Það finnst mjer vera undarlegt og óeðlilegt, að þeir menn, sem vilja draga sem mest af valdi þingsins undir sýslunefndir og amtsráðsnefndir, álíti þær ónógar og óáreiðanlegar til að meta jarðirnar rjett og sanngjarnlega. Jeg skil ekki þá mótsögn. Viðvíkjandi orðum hæstv. landsh., að vel gæti fyrir komið, að með þessu fyrirkomulagi yrði jarðir seldar, er menn síðar vildu óseldar og beðið yrði um til embættisseturs, skólajarðar eða til almenningsnota, skal jeg geta þess, að slíkt getur eins vel komið fyrir, þótt þingið fjalli um málið.

Um 3. gr. vil jeg geta þess, að við gerðum ráð fyrir að kaupandi borgaði $^1/_{10}$ af verði jarðar um leið og kaup væri fullgert, en ekki $^1/_5$, eins og stóð í frv. 1891. Þetta gerðum vjer til þess að gera honum hægra fyrir að ná kaupinu.

H. þm. V-Sk. fann það 5. gr. til foráttu, að með því ákvæði, sem þar er, væru ábúendur sviptir kauprjetti, nema einn. En þeir eru ekki sviptir ábúðarrjetti, og úr því sýslunefndin trúir þeim ekki eins vel til að borga og sitja jörðina sem þeim, er hún velur, þá geta þeir vel unað því að hann fái kaupið og ekki þeir. Og ekki get jeg sjeð, að þeim sje neinn órjettur ger í þessu. Það hefir verið gert ráð fyrir því í frv., sem áður hafa komið um þetta, að selja megi einstaka hluta af þjóðjörðum, þó svo, að verð væri eigi minna en 50 kr. En því þótti okkur nauðsyn á að breyta, því að slíkt miðar til að hluta jarðir sundur og gera úr þeim smákot.

Þingið ætti einmitt að stuðla til að jarðir væru stórar og byggilegar, því smákot spilla búnaði.

Um 8. gr. frv. vil jeg taka fram, að jeg legg svo mikla áherzlu á hana, að mjer þætti frv. ekki samþykkjandi án hennar, því með henni eru reistar skorður við því, að andvirði hinna seldu þjóðjarða verði eyðslueyrir.

Jeg hjelt að allir þeir, sem unna framförum í landbúnaði og hafa áhuga á þeim, mundu styðja þetta frv. og mjer virðist mótspyrna þessi því vera óeðlileg. Þótt þingið afsali sjer rjetti til fullnaðarákvæða í þessu efni, þá kastar það að eins rjetti til að ráða úrslitum *mála*, sem þm. *fæstum* er kunnugt um og verða þeir að hlíta áliti annara. En þetta er magnlítil mótbára, að vald þingsins skerðist, og það er ekki sjeð, að hag landsins sje betur borgið með því fyrirkomulagi, sem nú er.

Sighvatur Árnason: Út af orðum h. þm. Skagf. ætla jeg að gera stutta athugasemd. Jeg þykist geta tekið til mín það, sem hann talaði um ósamkvæmni í því að vera móti þessu frv., en vilja þó auka vald sýslunefnda og hjeraðsfunda og veita þeim samþykktarvald. En jeg vildi leyfa mjer að benda á, að það er sitt hvað að veita þeim samþykktarvald um friðun á skógi og mel og verndun á Safamýri og fl., eða láta sölu þjóðjarða á þeirra valdi. Það, sem um var að ræða í frv. þeim, sem jeg flutti, kemur eingöngu við sjerstökum hjeruðum, en þjóðjarðir eru eign landssjóðs, og meðferð þeirra hlýtur því að snerta allt landið beinlínis. Þessu má ekki blanda saman. En jeg skil ekki í, hvers vegna menn vilja gera þetta að kappsmáli, því að þetta er

næsta þýðingarlítið og frv. mundi ekki bæta í neinu.

Flutningsm. (*Jón Jónsson*, þm. N.-M.): Jeg skal ekki orðlengja um málið að sinni, en leyfi mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Sú uppástunga var felld með 17 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkv.gr., og sögðu

Já:	*Nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson.
Jens Pálsson,	Bened. Kristjánsson,
Jón Jakobsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Jónss., þm. Eyf.	Björn Sigfússon,
Jón Jónss., þm. N.-M.	Bogi Melsteð,
Ólafur Briem,	Guðl. Guðmundsson,
	H. Kr. Friðriksson,
	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
	Jón Þórarinsson,
	Jón Þorkelsson,
	Sigfús Árnason,
	Sighv. Árnason,
	Sigurður Gunnarss.,
	Skúli Thoroddsen,
	Þór. Böðvarsson,
	Þórður Guðmundss.,
	Þorl. Guðmunddss.,

Þá var umræðum haldið áfram.

Jens Pálsson: Það hefir verið sýnt fram á ýmsa annmarka á frumv., bæði formlega og efnislega. Jeg vil ekki lengja umr. með því að endurtaka það, sem fram hefir verið tekið. Það er þó eitt atriði, sem jeg vil minnast á.

Það hefir verið sagt, að sala þjóðjarða mundi efla sjálfseign og búnaðarframfarir í landinu. En jeg efast um, að sú ástæða verði þung á metunum, er hún er vegin. Því verður auðvitað ekki neitað, að sjeu þjóðjarðir seldar unnvörpum á skömmum tíma, þá hljóti sjálfseignarbændum að fjölga í svip eða fyrst í stað, en engin vissa er fyrir því, að sú sjálfseign verði varanleg. — Þess eru mörg dæmi, að leiguliðar festa kaup á ábúðarjörðum, en komast ekki fram úr að borga þær; ganga svo aðrir í kaupin og verða eigendur jarðanna; þótt því ábúendur verði eigendur jarðanna í svip að nafninu til, geta þær fljótt af ýmsum orsökum gengið þeim úr greipum. — Þýðing þessarar skjótu og takmarkalausu þjóðjarðasölu, sem frumv. fer fram á, mundi því æði hæpin til stórra búnaðarframfara. Til þess að víst yrði, að þjóðjarðasalan yki varanlega sjálfseign í landinu, og yrði á þann hátt áreiðanlegt til eflingar búnaðarframfara, þyrfti að vera svo um hnútana búið í frumv., að hinar seldu þjóðjarðir yrðu um aldur og æfi sjálfseign ábúendanna, hverjir sem þeir yrðu. — En svofelld ákvæði mun því miður eigi unnt að fá í lög tekin; — en þar af leiðir þá, að engin vissa er fyrir því, að þjóðjarðasala fjölgi sjálfseignarbændum nemarjett um stundar sakir.

Jeg held ekki, að landssjóður sje svo harður við leiguliða sína eða kærulaus um jarðir sínar, að ábúð á hans jörðum sje meira óánægjuefni en á jörðum privatmanna. Jeg verð því að álíta, að það aptri ekki tilfinnanlega framförum í búnaði, þótt landssjóður eigi nokkrar jarðir. En hitt held jeg sje skaðlegra, að privatmenn »spekúlera« einatt í að kaupa sem flestar jarðir, þótt í fjarlægð sjeu, og það einungis til þess að leigja þær út sjer til hagsmuna; þeir líta einatt ekkert eptir ábúðinni, láta sjer ekki í minnsta máta annt um, að jarðabætur sjeu á þeim unnar, en hugsa að eins um að fá sem allra mest eptirgjald eptir þær.

Það er mjög stórt og vandasamt, þetta spursmál um rjett einstaklingsins til

þeirrar jarðar, sem hann yrkir. Ef það gæti samrýmzt lögheiguðum grundvallarsetningum (principum), t. d. um friðhelgi eignarrjettar, að setja í lög, að saman skuli fara eign og ábúð, þá ætti að sjálfsögðu að framkvæma það, og mundi slíkt ákvæði verða búnaði til ómetanlegra framfara. En þótt fáeinir menn kaupi ábúðarjarðir sínar, og verði sumir hverjir að sleppa þeim eptir nokkurn tíma, þá er slík fjölgun sjálfseignarbænda að eins um stundar sakir og næsta þýðingarlítil í þessu tilliti.

Þegar nú þessi ástæða h. flutningsm., sem jeg verð að álíta höfuðástæðuna, er svo ljett á metunum, get jeg ekki verið með þessu frumv.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. felld með 12 : 5 atkv. Frumvarpið þannig fallið.

Frv. til laga um breytingu á nokkrum brauðum í Ejafjarðar- og Vestur-Skaptafells prófastsdæmum (C. 170); 2. umr.

Flutningsm. (*Klemens Jónsson*): Jeg þarf ekki að vera langorður um málið að þessu sinni, en læt mjer nægja að vísa til þess, sem jeg sagði við fyrstu umræðu. Og það því fremur, sem jeg vona að menn hafi kynnt sjer skjöl þau, er legið hafa á lestrarsalnum um þetta mál. Skjöl þessi sýna ljóslega, hversu tekjur Grundarbrauðs hafa farið minnkandi ár frá ári, og vona jeg því, að menn hafi sannfærzt um, að nauðsyn ber til að bæta þetta brauð upp á einhvern hátt, og það vona jeg að menn verði mjer samdóma um, að það verði gjört á heppilegasta hátt með því, að útvega prestinum bújörð, og þar sem ekki er farið fram á annað en þetta, sem virðist vera svo eðlileg og sanngjörn krafa, þá vona jeg, að menn sýni málinu þá alúð, að láta það ganga til 3. umr.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Jeg greiddi atkvæði með því að málið gengi til 2. umr., af því að jeg bjóst við, að fram mundu koma breyt.till. við það til batnaðar. Mín stefna er sú, að jeg vil ekki leggja meira á landssjóð til brauða en er. Þó hefði jeg ekki verið því algerlega mótmæltur að útvega presti bújörð, ef það hefði ekki kostað landssjóð mjög mikið. En hjer er farið fram á allt of mikið, og það eru svo miklir gallar á frumv., að því er ekki við bjargandi.

Jeg viðurkenni það fúslega, að prestur sá, er nú situr í brauðinu, er góðs maklegur, en hans vegna má ekki fara að veita prestakallinu uppbót, því að hún fylgir brauðinu, hvort sem hann fer eða er. Vildi þingið sýna honum einhverja viðurkenning, yrði það að heiðra hann á einhvern annan hátt.

Að því er snertir tekjurýrnun Grundarbrauðsins á síðustu árum, er það aðgætandi, að sum þessi ár hafa verið hörð ár og vörur jafnan í lágu verði, og mun rýrnunin stafa af því. En þegar batnar í ári aptur, þá aukast líka tekjurnar og brauðið batnar.

Jeg verð líka að vera á móti frumv. sjerstaklega af þeirri ástæðu, að það fer fram á breyting á lögum frá 1884, sem aptur voru breyting á lögum frá 1880. En breytingin 1884 var gerð eptir tillögu þm. Eyf., sem þá var, og hann var kunnugur þessu, en þótti breytingin þó tiltækileg.

H. flutningsmaður (Kl. J.) talaði við 1. umr. um það, að presturinn yrði fyrir sjerstökum ókjörum að því leyti, að hann yrði að láta mikinn hlut töðunnar í afgjald af jörðinni. Þetta ættu þeir menn að banna, sem eru til umsjónar yfir gózi kirkjunnar, og gæta þess, að

eigi sje spillt góðum jörðum með því að láta slík ólög ganga yfir þær.

Jeg fyrir mitt leyti greiði atkv. móti því, að málið fái að ganga til 3. umr.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Jeg get ekki neitað því, að mjer kemur undarlega fyrir sjónir ræða h. þm. A.-Skaptf. (J. J.). Hann sagðist hafa verið með málinu við 1. umr., af því að hann hefði vonazt eptir að fram mundi koma breyt.till. við það til 2. umr. En mjer fyrir mitt leyti gat ekki komið til hugar að koma með neina breyt.tillögu, þar sem enginn gaf ástæðu til þess við 1. umræðu, og mjer fannst það sanngjarnt, sem frumv. fór fram á. Hvers vegna kom h. þm. (J. J.) sjálfur ekki með breyt.till., úr því hann gat ekki fellt sig við frv. óbreytt? Ef hann hefði komið með breyt.till. í þá átt, að útvega skyldi prestinum í Grundarþingum á annan hátt bújörð, þá hefði jeg sjálfsagt getað aðhyllzt hana. Kannske hann eða einhver annar vilji koma með breyt.till. í þessa átt til 3. umr.

Þá sagðist hann ekki geta verið með frumv. af því það færi fram á breytingu á lögum 12. jan. 1884, sem aptur væri breyting á prestakallalögunum 27. febr. 1880; en þessi breyting hefði verið gjörð að vilja hins þáverandi þingmanns Eyfirðinga. Þetta er ekki fullkomlega rjett, því hinn þáverandi þingmaður Eyfirðinga fór einmitt á þingi 1883 fram á, að presturinn í Grundarþingum fengi bújörðina Hrafnagil, og það var samþykkt í efri deild. Þetta getur hann sjeð, ef hann vill ómaka sig að lesa alþingistíðindin 1883. En málið fjell í neðri deild þá.

Jón Jónsson, 2. þm. N.-Múl.: Út af orðum h. flutningsm. (Kl. J.) skal jeg geta þess, að þingmaður Eyfirðinga sagði 1883, að Grundarþingabrauðið væri hægt, og að auðvelt væri að útvega prestinum eina af jörðum Munkaþverárklausturs fyrir bújörð. Það hefir opt verið sagt, að prestakallalögin 27. febr. 1880 væru vandræðagripur, enda hefir það þráfaldlega sýnt sig hjer á þingi, að svo er. Með prestakallalögunum 1880 var ákveðið, að ekkert skyldi greiða í landssjóð af Grundarþingabrauðinu; svo var aptur með lögum 12. jan. 1884 sú breyting gjörð, að 50 kr. skyldu renna í landssjóð af brauðinu, en nú er enn aptur farið fram á þá breytingu, að landssjóður borgi á fjórða hundrað krónur til þessa brauðs. Hvað á þetta lengi að ganga? Jeg verð að taka undir með h. þm. Borgf. (B. B.) við 1. umr. þessa máls, að mjer finnst það einkennilegt, að h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) skyldi verða til að bera þetta mál fram hjer á þingi, hann, sem sagði í einu máli fyrir skömmu, að hann vildi beina öllu í þá átt, að aðgreina ríki og kirkju. En því meira sem borgað er úr landssjóði til prestakallanna, því fastar binda menn það band, sem tengir saman ríkið og kirkjuna. Af því jeg er einn af þeim, sem vilja leysa þetta band, þá verð jeg að vera á móti þessu frumv., eins og öllum samkynja frumv., sem koma hjer fram á þingi, því það er enn sannfæring mín, sem jeg hef lýst yfir áður hjer í salnum, að það er sannarlega ekki fjeleysi, sem gengur að kirkjunni á Íslandi, heldur eitthvað annað.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Jeg vildi að eins gjöra eina stutta athugasemd. Þótt alþingismaður Eyfirðinga 1883 hafi tekið það fram, að presturinn í Grundarþingum gæti fengið eina af jörðum Munkaþverárklausturs til ábúðar, þá getur verið, að það hefði mátt takast þá, en nú er allt öðru máli að gegna. Prestur sá, sem hjer ræðir

um, var að hrekjast 3—4 ár í húsmennsku, þangað til hann loks gat fengið jörðina Hrafnagil; því það segir sig sjálft, að það er ekki hægt að taka jarðir fyr en þær losna úr ábúð, og þær losna ekki á hverjum degi í Eyjafjarðarsýslu.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumv. felld með 17 : 6 atkv., að við höfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Bened. Kristjánsson,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Bjarnarson,
J. Jónss., 2. þm. Eyf.	Björn Sigfússon,
Jón Þórarinsson,	Bogi Melsteð,
Klemens Jónsson,	H. Kr. Friðriksson,
Þór. Böðvarsson,	Jens Pálsson,
	Jón Jakobsson,
	J. Jónss., þm. A.-Sk..
	J. Jónss., 2. þm. N.-M.,
	Jón Þorkelsson,
	Ólafur Briem,
	Sigfús Árnason,
	Sighv. Árnason,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þórður Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundsson.

Var frumv. þar með allt fallið.

Frv. til laga um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum (C. 175); 2. umr.

Flutningsmaður (*Sigfús Árnason*): Jeg þarf ekki að vera langorður. Jeg tók fram við 1. umr. nauðsyn þá, sem lægi til grundvallar fyrir þessu máli. og með því enginn h. þingdm. hefir talað á móti málinu, vona jeg að þeir sýni því sama velvilja og áður og lofi því að ganga til 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: 1.—6. gr. samþykkt hver um sig í e. hlj.; 7. gr. samþ. með 22 atkv. Fyrirsögnin samþ. án atkv.-gr. Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um iðnaðarnám (C. 199); 1. umr.

Jón Þórarinsson: Þetta mál er svo umfangsmikið og um leið svo ókunnugt málefni hjer á landi, að ekki hefði veitt af lengri tíma til að átta sig á því; svo að jeg leyfi mjer að stinga upp á 3 manna nefnd til að íhuga það.

Landshöfðingi: Út af orðum h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.), að þetta málefni væri ókunnugt bæði honum og öðrum, þá skal jeg taka það fram, að frumv. um þetta málefni var rætt hjer í deildinni á síðasta þingi, og þar sem það þá var samþykkt hjer alveg samhljóða því frv., sem nú er til umræðu, get jeg ekki skilið, að það geti verið ókunnugt h. þingdm. Hjer virðist ekki geta verið um annað að tala, en hvort þessi h. þingdeild sje á sama máli um þetta frumv. nú, sem hún var á þinginu 1891. Það skaðar auðvitað ekki að setja nefnd í málinu, en jeg verð að álíta það óþarft, enda er þegar búið að setja svo margar nefndir hjer í deildinni, að ekki virðist ráðlegt að setja fleiri að nauðsynjalausu.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd felld með 12 : 4 atkv. Málinu vísað til 2. umr. með 22 atkv.

Frumv. til laga um stofnun lagaskóla (C. 199); 1. umr.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Af því að jeg er annar af flutningsmönnum þessa máls, vil jeg leyfa mjer að fara um það nokkrum orðum. Mál þetta er ekkert nýmæli hjer á þinginu; þvert á móti; það má segja, að það sje vöggubarn þingsins, því síðan það var borið upp á hinu fyrsta ráðgefandi alþingi 1845, hefur það all-optast verið á dagskrá þingsins. Á flestum ráðgjafarþingunum voru, sem kunnugt er, samdar bænarskrár til konungs, þar sem farið var fram á, að fá hjer á fót inn-

lenda lagakennslu; en eins og menn vita, fjekkst engin áheyrn. Árið 1863 komst málið þó lengst; þá var svo að sjá sem óskum hinnar íslenzku þjóðar ætti að verða framgengt, því að hinn hásæli konungur Friðrik 7. lýsti því þá yfir, að það væri vilji sinn, að Íslendingar fengju þessa ósk sína uppfyllta; og Monrad biskup, sem þá var ráðgjafi í Danmörku, var og málinu hlynntur. Þannig var málið þá komið á bezta veg; en örlögin hafa hagað því svo, að þetta heitorð konungsins hefir aldrei verið efnt.

Á ráðgjafarþingunum var aðal-mótbáran einatt sú sama; fjárhagur lands vors var þá enn eigi aðskilinn frá fjárhag ríkisins, og stjórnin ljet sjer heldur eigi gleymast að minnast á hina fjárhagslegu hlið málsins, eða inna í þá áttina, hvaðan fjeð ætti að taka, þegar um innlendan lagaskóla var að ræða. Síðan þingið fjekk löggjafarvald og fjárforráð hefur mál þetta einnig opt verið á dagskrá; en þó að þingið hafi sýnt allmikla einlægni við skólann, hefir þó svarið frá stjórnarinnar hálfu einatt verið eins; hún hefir neytt synjunarvaldsins eptir sem áður; en síðan hefir auðvitað ekki verið hægt fyrir stjórnina að bera fram sömu synjunar-ástæðuna, vöntun fjárins, úr því að fulltrúar þjóðarinnar buðu fram fjeð, og fjárhagur landsins var orðinn aðskilinn frá fjárhag ríkisins. En þegar eitt ráðið brestur, er annað til taks, og hefir stjórn vorri eigi orðið skotaskuld úr því að finna lagaskólastofnuninni flest til foráttu. Seinast var frumv. um lagaskóla samþykkt hjer á þinginu 1887, og þá enn synjað að vanda; taldist þá svo til, að það væri 16. synjunin, sextánda stjórnar-nei-ið, gegn innlendri lögfræðisfræðslu á Íslandi.

Á alþingi 1889 var málinu ekki hreyft, ekki af því, að menn væru þá ekki sama sinnis sem fyr, heldur af sjerstökum ástæðum, sem jeg skal þó ekki fara út í.

Á alþingi 1891 var ekki borið fram frumv. um lagaskóla, heldur breytt til, og borið fram frumv. um háskólastofnun í þessari deild. En jeg verð að líta svo á, og umræðurnar bera það líka með sjer, að tilbreyting þessi var ekki sprottin af því, að deildin væri horfin frá lagaskólamálinu, heldur af því, að menn vildu vita, hvort stjórnin mundi gefa sama svarið, ef vjer færum fram á háskóla, eins og þegar um lagaskóla var að ræða. Þetta frumv. um háskóla var samþykkt hjer í deildinni, en við 3. umræðu málsins lýsti landshöfðingi því yfir, að háskóli mundi ekki fá betri byr hjá stjórninni en lagaskólamálið hefði átt að venjast; en á hinn bóginn lýsti hann því og eindregið yfir, að hann mundi ekki mæla á móti frumv. um stofnun lagaskóla, ef það kæmi frá þinginu í frambærilegu formi. Þegar þetta háskólamál kom til h. Ed., virtist hún í sjálfu sjer ekki vera því fráhverf; en endalokin urðu þó þau, að frv. var fellt, og deildin samþykkti í þess stað þingsályktunartillögu, þar sem skorað var á landsstjórnina að leggja fyrir næsta þing frumv. um lagaskóla, með því að deildin áleit með rjettu, að lagakennslan væri aðal-atriði málsins, og í því efni hafði og deildin yfirlýsingu hins hæstv. landshöfðingja við að styðjast. En að h. efri deild valdi þenna veg, að skora á stjórnina, það hefur hún sjálfsagt gjört af því, að hún treysti stjórninni bezt til að koma með frv. í frambærilegu formi, eins og hæstv. landsh. hafði bent á. Málið var þannig komið í betra horf en nokkru sinni fyr, svo að þegar vjer fórum frá þingi 1891, voru allir vongóðir um, að mál þetta mundi loks leitt til heppilegra lykta á næsta þingi; og á þingmála-

fundum í vor lýsti sjer sami áhugi á málinu eins og að undanförnu. En því miður hafa allar þessar góðu vonir brugðizt, með því að h. stjórn hefur ekki fundið ástæðu til að taka tillögu Ed. til greina.

Það mætti nú máske segja, að við flutningsmennirnir sýndum ósamkvæmni í því að koma nú með frv. um lagaskóla, þar sem á síðasta þingi var borið upp frumv. um háskóla í þessari deild, en við vógum það nákvæmlega í huga okkar, hvað heppilegast væri að gjöra, eins og sakirnar stóðu; og vjer komumst þá að þeirri niðurstöðu, að hyggilegast væri að bera fram frumv. um lagaskóla; ekki af því að vjer værum mótfallnir háskóla; nei, þvert á móti myndum vjer einskis óska framar en að háskóli kæmist hjer á fót; en vjer bárum fram frumv. um lagaskóla af þeirri ástæðu, að vjer þykjumst vissir um, að það mál fái betri byr í h. efri deild, og einkum í trausti yfirlýsingar hæstv. landshöfðingja á síðasta alþingi, sbr. Alþ.tíð. 1891 B. bls. 1312, að hann ekki skuli mæla á móti frumv. um stofnun lagaskóla, ef það komi fram í frambærilegu formi. Að vísu er mjer ekki ókunnugt um, að birzt hafði í Stjórnartíðindunum brjef landshöfðingja til ráðgjafans, þar sem hann ræður frá að taka tillögu Ed. frá 1891 til greina En ástæðurnar móti lagaskólamálinu eru í brjefi þessu að miklu leyti hinar sömu, sem stjórnin hefir áður haft gegn málinu, og verð jeg því að álíta að landshöfðinginn hafi í brjefi sínu að eins viljað »referera« hinar gömlu á stæður stjórnarinnar, en verð að telja það sjálfsagt, að þingið engu að síður hljóti að geta gengið út frá því sem gefnu, að landshöfðinginn, samkvæmt loforði sínu, muni verða málinu meðmæltur, ef oss tækist að bera það fram í frambærilegu formi; tel jeg því heppilegt, að nefnd sú, sem væntanlega verður kosin í þessu máli, beri sig saman við hæstv. landshöfðingja í þessu efni.

Viðvíkjandi ástæðum þeim, sem teknar eru fram í ofannefndu landshöfðingjabrjefi, skal jeg eigi fara langt út í það að kryfja þær til mergjar, með því að þær hafa flestar áður margsinnis verið sundur tættar hjer á þingmannabekkjunum. En eitt verð jeg þó að taka fram og leggja sjerstaka áherzlu á, því að það er í mínum augum aðalatriði þessa máls, að ef þjóðin og fulltrúar hennar álíta rjett að halda fram lagaskólamálinu, þá er það sannarlega hún, en enginn annar, sem mestu á að ráða um það, því að það er hún, sem leggur fram fjeð til stofnunarinnar, og hví skyldi hún ekki mega eiga ráð á sínu eigin fje?

Hæstv. landshöfðingi tekur það fram í áðurnefndu brjefi sínu, að ekki sje mikil þörf á lagakennslu hjer á landi, og byggir hann þetta á því tvennu, að nú sjeu svo margir íslenzkir lögfræðingar til frá háskólanum, að innlendur lagaskóli myndi alls ekki verða sóttur af neinum nemendum fyrst um sinn, og að íslenzk löggjöf sje byggð á sama grundvelli sem löggjöf Danmerkur, svo að einnig frá þessu sjónarmiði sje innlend lagakennsla óþörf. En að því er fyrri mótbáruna snertir, skal jeg taka það fram aptur, að það er þjóðin sjálf, sem á hjer mest á hættu; vilji hún engu að síður leggja fram fje til lagakennslu, skilst mjer eigi, að stjórnin eigi að taka af henni fjárhaldið. Hitt er satt, að það er ýmislegt í íslenzku löggjöfinni svipað löggjöf Dana; en þó er margt all-ólíkt, og þarf í því efni eigi lengra að vitna en til vorrar fornu lögbókar, Jónsbókarlaga, sem enn eru að nokkru í gildi; og svo eru stað-

hættir hjer allt aðrir en í Danmörku; það gefur því að skilja, þar sem löggjafarvaldið eigi er hið sama, að löggjöf vor hljóti æ meir og meir að fjarlægjast löggjöf Dana; og það er óviðkunnanlegt fyrir lögfræðinga, sem koma frá háskólanum, að vera hjer sem »tyro juris«, börn í lögum, t. d. að því er snertir hjeraðs- og sveitarstjórnarlög, tolllög o. fl. Það er að vísu satt, að það er ekki ætlunarverk háskólans, að gjöra menn að praktiskum lögfræðingum, heldur að veita nemendunum almenna lögfræðismenntun; en því má þó ekki gleyma, að lögfræðingaefni fá þó við háskólann eigi all-litla nasasjón af sveitarstjórnar- og toll-löggjöf Dana, en lög þau, sem þeir eigi beita á ættjörðu sinni, heyra þeir fæst nefnd á nafn. Jeg get því eigi betur sjeð, en að frá þessu sjónarmiði sje einmitt brýn þörf á lagaskóla hjer á landi.

Enn fremur er í landshöfðingjabrjefinu minnzt á hin menntandi áhrif, sem dvölin í höfuðstað Danmerkur hafi á hina ungu menn, er sæki háskólann; en án þess að jeg vilji gjöra lítið úr þessum menntandi áhrifum, þá álít jeg þó efamál, að þessi menntandi áhrif vegi mikið móti allri þeirri sorg, sem öll hin mörgu ungmenni, er farið hafa út fyrir pollinn, og sem — ef svo mætti segja — hafa farið í hundana þar í höfuðstaðnum, hafa bakað vandamönnum sínum; og þó er ótalið allt það peningatjón, sem leitt hefur af menntun þessara ungmenna. Þó að því kostnaðurinn við lagaskólastofnunina yrði 10,000 krónur, þá getur engum dulizt, að leiða mundi svo mikinn óbeinlínis hag af stofnun lagaskóla, að þessar 10 þús. krónur mundu margfaldlega borga sig.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál að sinni, og heldur ekki stinga upp á nefnd nú þegar, ef fleiri skyldu vilja taka til máls, en jeg vona, að uppástunga um nefnd komi fram áður en umræðunni er lokið. Sú nefnd, sem væntanlega verður kosin, getur svo borið sig saman við hæstv. landshöfðingja, því vjer verðum að treysta því, samkvæmt framkomu hans í málinu á þinginu 1891, að hann vilji styrkja þingið til að leiða mál þetta til heppilegra lykta, svo að lokið verði þessari baráttu, sem staðið hefir yfir í 40—50 ár.

Jón Þorkelsson: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd í málinu.

ATKVÆÐAGR.: Fimm manna nefnd samþykkt með 17 atkv.; í hana kosnir:

Skúli Thoroddsen	með	22 atkv.
Klemens Jónsson	—	19 —
Guðlaugur Guðmundsson	—	16 —
Jens Pálsson	—	10 —
Jón Þorkelsson	—	9 —

Tillaga til þingsályktunar um frímerki (C. 80); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu, og var hún samþ. með 21 atkv.

Fjórtándi fundur. Mánudaginn 17. júlí kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að hann hefði bætt við 2 skrifurum, cand. med. Jóni Jónssyni og cand. theol. Filippusi Magnússyni.

Frv. til laga um breyting á lögum 27. febr. 1880 um stjórn safnaðamála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (C. 193, 221); 3. umr.

Forseti bar það undir deildina, hvort taka skyldi til umr. breyt.till. 114 (C. 221), er eigi hefði verið útbýtt fyr en sama dags morgun. Þá stóð upp

Björn Bjarnarson og gat þess, að sjer virtist það formgalli á breyttill., þar sem þar stæði: »I stað orðanna í enda greinarinnar»; en með því frv. væri í 3 gr., mundi þar hafa átt að standa: Í stað orðanna í enda 1. greinar.

Forseti gat þess, að hjer væri að eins að ræða um, hvort taka skyldi breyt.-till. til umr., og ef h. þm. (B. B.) hefði eitthvað út á hana að setja, þá gæti hann komið fram með, það ef það yrði samþykkt.

Var þá gengið til atkv. og var samþykkt með öllum þorra atkv. að breyt.-till. skyldi tekin til umr.

Jór Þórarinsson: Það er satt, sem h. þm. Borgf. (B. B.) tók fram, að sá galli er á breyttill., að »citatið» hefir fallið burt. Að mínu áliti getur það að vísu eigi gjört neitt til, þar sem þetta getur eigi átt við neina aðra grein en 1., en ráðstafanir hafa þó verið gjörðar til þess, að þetta sje lagfært, og er líklegt, að það verði komið áður en umræðum um þetta mál lýkur.

Jeg held eigi að þörf sje á að mæla margt með breyttill. þessari; það, sem hún fer fram á, er að eins miðlun. Hún fer fram á, að hjeraðsfundi megi halda hvort sem menn vilja í júní eða í september, eptir því sem bezt þykir henta í hjeraði hverju. Jeg vona, að h. deild fallist á þessa miðlunartilraun vora, og samþykki þessa breyt.till.

Þórarinn Böðvarson: Jeg vil að eins taka það fram, að jeg álít þessa breyttill. nauðsynlega, til þess að reyna að gjöra það víst, að hjeraðsfundir verði mögulegir. Einn tími getur verið hentugur til fundarhalds í þessu prófastsdæminu og annar í hinu. Að minnsta kosti getur prófastur, ef fundur verður ekki lögmætur í júní, reynt aptur að kalla saman fund í september. Hæstv. landsh. tók það fram, að stjórnin hefði farið rjett að, þar sem hún lagði þetta frv. fyrir þingið. Því hefi jeg aldrei mótmælt. Aðalástæða mín á móti frv. var sú, að eigi væri rjett að eiga það á hættu, að hjeraðsfundur yrði kannske aldrei lögmætur. Jeg skoða það sem rjettindi, að sækja fundi, eigi skyldu, og að þeir, sem eigi vilja sækja fund, hafi um leið afsalað sjer þeim rjettindum, sem þar með fylgja, og að eigi sjeu fleiri fulltrúar til á fundartímanum en þeir, sem sækja fund.

Björn Bjarnarson: Það er skoðun mín, að breyttill. sú, sem komið hefir fram við frv. þetta, sje í engu til bóta. H. varaforseti tók það fram, að með þessari breyttill. sje það gjört mögulegt að kalla saman fund að hausti, ef hann ekki yrði lögmætur að vori. Jeg er hræddur um, að ef fulltrúar hlypu apríl í júní, þá mundu þeir tregir til að hlaupa apríl í september. Þessi breyt.-till. bætir þannig, að mínu áliti, ekkert úr því, sem jeg við 2. umr. þessa máls tók fram að væri athugavert við þetta frv.; hún gerir það ekki mögulegt, að hjeraðsfundir haldi þýðingu sinni.

Frá mínu sjónarmiði yrði, ef hún næði fram að ganga, einni ástæðunni meir til þess, að engir »lögmætir« hjeraðsfundir væru haldnir, nema máske á einstaka stað einstöku sinnum.

Eins og jeg hefi tekið fram áður, álít jeg það mjög óheppilegt, að lögmæti fundarins sje bundið við, að helmingur fulltrúa sæki, og get jeg tekið undir með h. varaforseta (Þ. B.), þar sem hann sagði, að þeir, sem eigi sæktu fund, hefðu fyrirgjört atkvæðisrjetti sínum eða lagt hann í hendur hinna, sem mæta, og yrðu því að sætta sig við það, sem þeir ályktа og ákveða.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er einn af þeim, sem komið hafa fram með þessa breyttill. og álít jeg hana til töluverðra bóta. Það mun heppilegra í flestum sýslum, að fundurinn sje færð-

ur til júní; jeg get ekki skilið, að tíminn sje dýrmætari þá en í september.

H. varaforseti kvaðst ákveða hjeraðsfund milli heyanna og rjetta. Það er ómögulegt að ákveða hann milli heyanna og rjetta, því að heyannir standa opt fram á og yfir rjettir. Jeg fyrir mitt leyti álít júní vera hentugastan til fundarhalds, en þeir prófastar og hjeraðsfundarmenn, er álíta heppilegra að fundurinn sje haldinn í september, geta eptir ákvæðum breytingaruppástungunnar hagað sjer eptir kringumstæðum, þegar þeir slíta fundi. Þessu er líkt varið með sýslunefndir, sem geta sjálfar ákveðið, hvenær skuli halda næsta fund. Jeg álít það heppilegra, að menn geti valið um fleiri en einn tíma, og skil jeg eigi, hvernig það á að verða til þess, að fundurinn verði ver sóttur, heldur en ef einn tími væri ákveðinn. Það er ómögulegt, að betra sje fastbundið en frjálst. Það getur ekki verið meining h. þm. Borgf., sem, að dæma af því, sem hann skrifar í blöðin og framkomu hans í pólitískum málum, er frjálslyndur maður; annars er engin meining í því.

Það er að mínu áliti mjög þýðingarmikið, að þessi smáþing vor sje vel sótt. Hreppsnefndir og sýslunefndir geta engar ákvarðanir gjört, nema meiri hluti sje á fundi, og eru ákvarðanir þessa frv. einmitt í samræmi við það; annars er gjörræði í kirkjumálefnum mögulegt, ef einstakir menn eiga að gjöra út um allsherjarmál.

Það hefir verið talað um, að áhugi manna á hjeraðsfundum væri að vakna, en jeg get ekki sagt, að hann sje mikill, ef þetta drepur hann. En ef menn ekki vilja sækja fund, þá get jeg ekki betur sjeð en þeir megi sjálfum sjer um kenna, ef eitthvað verður ákveðið, sem þeir ekki beinlínis hafa óskað.

Landshöfðingi: Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð neitt á móti því, að breyt.-till. þessi sje samþykkt, og álít jeg hana fremur til bóta en hitt. Ef hún verður samþykkt, má halda hjeraðsfund á þeim tíma, sem hentugastur er fyrir hvert hjerað.

Hins vegar hefi jeg ekki skilið þessa breyt.till. svo, að hún heimili að halda hjeraðsfund tvisvar á ári.

Það getur ekki komið til þess, að bætt verði úr ólögmætum hjeraðsfundi í júní, með því að halda annan í september sama ár. Kostur þessa frv. er sá, að gefinn er kostur á að halda einn lögmætan fund á þeim tíma, sem er hentugastur.

Þórarinn Böðvarsson: Það var ekki meining mín, að gjört sje að skyldu að kalla saman fund að nýju í september, ef ólögmætur verður í júní; en jeg taldi það kost, að það væri mögulegt. Jeg gjöri ráð fyrir, að prófastur fari eptir áliti fundarmanna, hvort þeir vilji halda fund í júní eða september. Setjum svo, að hjer væri ákveðið að halda hjeraðsfund í júní; ef hann nú yrði ólögmætur, þá mundi jeg, sem prófastur, gjöra aðra tilraun, og vita hvort eigi væri hægt að fá lögmætan fund í september. Það er ekki af því, að jeg sje sólginn í það; þvert á móti. Ef hæstv. landsh. vildi gefa mjer frí frá því, þá mundi jeg ekki vera honum vanþakklátur fyrir það. Það á að endurskoða kirkjureikninga á hjeraðsfundum og getur það orðið meinlegt, ef þeir ekki eru lögmætir. Jeg fyrir mitt leyti læt ekki úrskurða þá á ólögmætum fundi. Úr þessu virðist mjer breyt.till. geta bætt, með því að gjöra það mögulegt, að halda fundinn aptur í september.

Landshöfðingi: Jeg vildi að eins taka það fram, að ef fundur er kallaður saman í júní, en verður ólögmætur, og prófastur kallar saman annan fund í septber, þá er það aukafundur. Það var

að eins þessi athugasemd, sem jeg vildi gjöra.

Björn Bjarnarson: Jeg vildi gjöra þá athugasemd, að samanburður h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) á hjeraðsfundum annars vegar og sýslunefndum og hreppsnefndum hins vegar á ekki við hjer. Það er allt öðru máli að gegna með sýslunefndir. Sýslunefndarmenn fá borgun, en hjeraðsfulltrúar enga. Auk þess eru þeir miklu fleiri, er hjeraðsfund eiga að sækja (opt 3—4 úr hverjum hreppi); og er því þeim mun meiri útlaga á tíma (ɔ: tími=peningar) krafizt, því fleiri menn sem tafðir eru frá bússtörfum. Samanburður hans á hreppsnefndum var ekki heldur heppilegur. Einn hreppur er ólíkt minni en heil sýsla, svo að það er miklu minni fyrirhöfn að sækja hreppsfundi en hjeraðsfundi, og er því allt annað, þó þar sje heimtað að 2—4 sæki, til þess að hreppsnefndarfundur sje lögmætur.

Jeg hefi tekið fram við fyrri umr. þessa máls, að farinn væri að vakna áhugi manna á hjeraðsfundum. En hann er því miður ekki svo mikill, að vert sje að setja þennan þránd í götu fyrir hann. Á meðan það er að eins lítilsháttar áhugaglœðing, sem um er að ræða, þá er ekki vert að koma á móti henni með ákvæði, sem drepa hana í fæðingunni. Þegar áhuginn er vaknaður til fulls, þá þolir hann meira.

Jeg vil heldur að hjeraðsfundur geti gert ályktun um eitthvert atriði kirkjulegu og trúarlegu lífi til eflingar, en að ekkert ákvæði verði tekið um neitt á hjeraðsfundi, af því að að eins einn vantar upp á helming fulltrúa, svo fundurinn sje lögmætur.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætla ekki að svara því með langri tölu, er h. þm. Borgf. (B.B.) sagði, því það svarar sjer sjálft. Hann er allt af að staga st á, að hjeraðsfulltrúar sjeu ólaunaðir. Því hefir hann þá ekki komið fram með neina tillögu um, að þeim sje veitt laun? Hinir, þessir fáu, sem sækja fund, eru jafnt ólaunaðir, eins og þó allir mættu. En það hefir komið fyrir, að sýslunefndarfundir hafa orðið ólögmætir, enda þótt sýslunefndarmenn fái borgun fyrir að sækja fundi. En einmitt það, að ákveðin er viss tala til þess, að fundurinn sje lögmætur, álít jeg hvöt til að sækja fund. H. þm. Borgf. (B.B.) talaði um, að áhugi manna á safnaðarmálum væri að glæðast; það er ekki gott að vita, hvort þessi neisti er að glæðast, eða hann stendur í stað. En svo mikið er víst, að afnám helgidaga glæðir hann ekki; það er ekki til að efla trú og virðingu fyrir kirkjunni. (B.B.: Allt annað mál).

Kirkjumálefni eru álitin miklu háleitari mál en hin veraldlegu, og er ætlazt til, að menn sæki fundi í þessum málum án endurgjalds, af þeim hvötum að efla trú, heiður og hag kirkjunnar.

H. sami þm. sagði, að hjeraðsfundum væri ei líkjandi saman við hreppsnefndarfundi, því hreppsnefndarmenn ættu svo miklu hægra með að sækja fundi en hjeraðsfulltrúar. Hann gáir ekki að því, hve opt á ári hreppsnefnd verður að halda fund, og hve mikill tími þannig gengur til þess að öllu samanlögðu.

En það er ekki til neins að vera að þrátta um þetta við 3. umr. málsins, þar sem engin breyt.till. hefir komið fram í þá átt, hvorki frá þm. Borgf. nje öðrum.

Guðl. Guðmundsson: Jeg fyrir mitt leyti get ekki fellt mig við þessa breyt.till., sem fram hefir komið við frv. þetta. Eins og hæstv. landsh. tók fram, álít jeg, að það eigi að skilja þess breyt.till. svo, að einn hjeraðsfund skuli halda á ári, annaðhvort í júní, eða í september. En það stendur hvergi, hver skul

ákveða, í hverjum þessara tveggja mánaða hann skuli haldinn, og það þykir mjer galli á frv.

Jeg vildi einnig benda á, að mjer hefði þótt rjettara að lítil breyting væri gjörð á 3. gr. Jeg kann ekki við, að fundurinn sje kallaður ólögmætur, þótt hann sje ekki ályktunarfær.

Einar Jónsson: Jeg ætla að eins að mæla fáein orð út af þessari breyt.till. sem fram hefir komið. Sú skoðun hefir komið fram hjer í salnum, að það kynni að mega fá það út úr henni, að halda mætti 2 hjeraðsfundi á ári. Í lögunum frá 27. febr. 1880 er að eins gjört ráð fyrir einum fundi, og getur þessi till. eigi breytt því, þar sem að eins er um einn fund að ræða.

Yfir höfuð álít jeg þessa breyt.till. fremur til bóta, en hefði samt kunnað betur við, að hún væri orðuð dálítið öðruvísi, og það gjört að aðalreglu, að halda hjeraðsfund í júní; en ef fulltrúar álitu, að hentugra væri að halda hann í september, þá væri það leyfilegt. En það er ekki til neins að tala um það nú við 3. umr. málsins.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. samþykkt með 17 gegn 3 atkv. Frv. með áorðinni breyting samþykkt með 17 samhljóða atkv.

Frv. til laga um kjörgengi kvenna (C. 166); 3. umr.

Klemens Jónsson: Í flestum þeim málum, sem enn þá hafa komið fram hjer á þessu þingi, hefir verið spurt að tvennu: cui bono? quis optat? Það er enginn efi á að því er hið fyrra snertir, fyrir hvern þetta er gjört; það er gjört fyrir kvennfólkið. En svo kemur hin spurningin: Hver óskar þess? Mjer er það ekki kunnugt, að almennur áhugi á þessu máli hafi komið fram á þingmálafundum víðsvegar um land allt.

Og það, sem meira er, hafa engar óskir í þessa átt komið úr þeirri átt, sem helzt mætti búast við þeim, frá kvennþjóðinni sjálfri. Eins og h. þm. mun kunnugt, er í útlöndum, og ekki hvað sízt í Danmörku og Noregi, barátta mikil hjá kvennþjóðinni fyrir því, að fá þátt í hinu pólitiska frelsi, enda er hjá Dönum eigi eins langt komið í því efni og hjá oss, og er það jafnan tekið fram af dönsku kvennfólki. Sem sagt er í Damörku hreyfing mikil í þessa átt og þar eru mörg kvennfjelög, er að eins hafa það fyrir mark og mið, að berjast fyrir því að útvega kvennfólki jafnrjetti við karlmenn og sýna í því mjög mikinn dugnað. Eitt fjelagið gefur út blað það, er heitir «Hvad vi vil», og er það hið helzta málgagn kvennfólksins.

En hjer er engin þess konar hreyfing. Hjer heyrast engar raddir í þá átt að fá aukin rjettindi kvenna, frá þeirri hlið, sem það ætti að koma, nefnilega frá kvennfólkinu sjálfu. Þess vegna er það skoðun mín, að mál þetta sje of snemma borið upp. Látum oss fyrst efla menntun kvennþjóðarinnar áður en vjer förum að dyngja á þær politiskum störfum. Vjer munum allir samdóma um, að alþýðumenntunin, hvað karlmenn snertir, geti varla verið minni en hún er; en enn þá minni er hún hjá kvennfólkinu.

Jeg er hræddur um að lög þessi yrðu ekki að miklum notum, og er hætt við, að þau yrðu að eins á pappírnum. Það hefir sýnt sig, að lögin frá 12. maí 1882, sem veita kvennfólki kosningarrjett í ýmsum sveitastjórnarmálefnum, eru lítið sem ekkert notuð, að minnsta kosti þar, sem jeg þekki til.

Látum oss því nægja með þetta frelsi, sem vjer höfum þegar veitt kvennfólkinu, og búum það smátt og smátt undir að taka meiri þátt í politiskum málum. Þá fyrst, þegar komið er svo

langt, að kvennfólkið er fært um að takast á hendur þær skyldur, er rjettindin hafa í för með sjer, og þegar raddir eru farnar að heyrast frá þeim sjálfum í þá átt, þá fyrst er tíminn kominn, að veita þessi meiri politisku rjettindi.

Jeg hefi álitið mjer skylt að gjöra grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli, og það því fremur sem jeg hefi sjeð hjá h. forseta, að nokkrir menn hafa óskað nafnakalls um málið, en jeg ætla mjer að greiða atkvæði á móti því að þessu sinni.

Skúli Thoroddsen: Mjer þótti slæmt að heyra mótmæli h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), en vona samt að þau verði ekki til þess, að þetta mál falli. Hann setti fram spurninguna: »quis optat«, hver æskir þessa; og jeg get ekki neitað því, að mig furðaði stórum, að heyra þingm. bera upp þvílíka spurningu; mig furðar á því, að hann skuli vera svo ókunnugur því, sem fram fer á hans eigin landi, að hann lætzt ekki hafa heyrt neina rödd, engar óskir, hvorki í ræðu nje riti, um jafnrjettiskröfur kvenna við karla; mig furðar það líka, að hann skuli eigi hafa veitt eptirtekt því, sem talað var við fyrri umræðu þessa máls. En jeg skal þó ekki undir höfuð leggja, að seðja forvitni h. þm. (Kl. J.), og verð að biðja deildina að virða á betri veg, þó að jeg neyðist til að taka upp aptur.

Spurningunni: »quis optat« er auðsvarað. Á Þingvallafundinum 1888 komu fram fjölmennar áskoranir úr Þingeyjarsýslu og Ísafjarðarsýslu, og ef til vill víðar að, um það, að fundurinn tæki þetta mál til íhugunar og beindi því áleiðis. Þingvallafundurinn skoraði á alþingi að taka málið til meðferðar, og samkvæmt þessum yfirlýsta og almenna þjóðarvilja bar jeg svo þetta litla frv. fram á alþingi 1891, og var þá samhljóða frumv. þessu samþykkt hjer í þessari h. þingd. Spurningunni: »quis optat« svara jeg því þannig: Þingvallafundurinn 1888 samþykkti að koma þessu máli inn á þingið, og neðri deild alþingis samþykkti frumv. 1891. Sje jeg því ekki betur en að þetta mál sje borið fram eptir almennri ósk þjóðarinnar, og að það hafi við eins miklar og almennar óskir frá þjóðinni að styðjast eins og ýms önnur mál, sem samþykkt eru á þingi, en sem ekki hafa komið þær móttbárur á móti, að þau væru ekki samkvæmt ósk og vilja þjóðarinnar.

H. sami þm. (Kl. J.) tók það líka fram, að hann væri hræddur um, að þessi lög kæmu að litlum notum, með því fáar konur mundu neyta þess rjettar, sem þau eiga að veita, og skírskotaði hann í því tilliti til laga 12. maí 1882, sem veita konum kosningarrjett í ýmsum sveita- og safnaðarmálum. En jeg leyfi mjer að mótmæla því, að þessi mótbára eigi við rök að styðjast, því að það er aðgætandi, að það eru mjög fáar konur, sem hafa kosningarrjett eptir lögunum frá 12. maí 1882, og þegar þess er gætt, hve lítið karlmenn nota kosningarrjett sinn, þá verður alls ekki sagt, að hinar fáu konur, sem lögin frá 12. maí 1882 ná til, noti kosningarrjett sinn illa. Að minnsta kosti er mjer kunnugt um það, að í Ísafjarðarkaupstað hafa konur notað kosningarrjett sinn eptir þessum lögum. Sama er að segja um konur í Reykjavík, og sjálfsagt víðar; en þingm. verður að játa, að ekki er sanngjarnt að nota annan mælikvarða að því er konur snertir, eða gjöra tiltölulega stærri kröfur til þeirra en til karlmannanna í þessu efni. Ef h. þm. (Kl. J.) samt sem áður heldur, að þessi lög verði lítið notuð, þá er og lítil ástæða fyrir hann til að mæla á móti þeim. Þau verða þá aldrei til

mikils skaða, nje valda neinum stórbyltingum í þjóðlífinu, eins og hann virðist halda. Það var vel mælt, er h. sami þm. (Kl. J.) sagðist vilja efla menntun kvennfólksins. Jeg er honum þakklátur fyrir það; en vilji þm. bíða þar til hann er viss um, að allar konur sjeu orðnar svo menntaðar, að hann geti sagt, að nú sje hver ein og einasta þeirra fær um að nota meira frelsi, þá getur hann sjálfsagt lengi legið á sínum kvennfrelsishugmyndum. Jeg held að hitt sje heppilegri vegurinn, að gjöra konur sem fyrst aðnjótandi sömu rjettinda sem karlmenn, og þá munu þær smám saman læra að nota þau betur.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er eitt atriði í þessu máli, sem jeg vildi minnast á. Hæstv. landsh. mun hafa minnzt á það við 1. umr. þessa máls, að undir eins og kvennmönnum yrði veittur sá rjettur, sem hjer ræðir um, þá hefðu þær líka þá skyldu, að takast á hendur þau störf, sem karlmenn verða að takast á hendur með þessum rjetti. Þetta er alveg rjett, en jeg held að þetta atriði sje ekki svo mjög varhugavert. Það var líka tekið fram, að konum mundi ekki þykja mikil hagsbót, þótt þær fengju kjörgengi í þessar nefndir, ef þær um leið hlytu að takast þessar skyldur á herðar. En þegar sveitarstjórnarlögin komu út, þá held jeg karlmönnum hafi heldur ekki þótt nein hagsbót í því að vera skyldir til að taka á móti kosningu í hreppsnefnd o. s. frv. Sjálfsagt yrðu konur ekki fúsari á að fara í hreppsnefnd, en jeg held að ekkert sje varúðarvert við það, því varla mundu konur leysa þau störf ver af hendi, þó þær tækju við þeim nauðugar, en karlmenn, sem taka við þeim nauðugir. Málið yrði fyrst varúðarvert, ef afleiðingarnar af þessum lögum yrðu þær, að störfin í þessum nefndum yrðu ver af hendi leyst en þau eru nú. En konur munu yfir höfuð að tala ekki reynast verri til framkvæmda í nefndum en karlmenn almennt reynast. Flestir í hreppsnefndum hafa hvort sem er lítið annað að gjöra en að vera með í einhverjum lítilfjörlegum störfum. Framkvæmdirnar lenda mest á 1—2 mönnum. Virðast því konur eins vel hæfar til þessara starfa eins og karlmenn. Jeg mun þess vegna verða með þessu máli, enda var það borið upp á einum kjörfundi í mínu kjördæmi, en alveg án minnar tilhlutunar, og var þar samþykkt yfirlýsing, er fór í mjög líka stefnu og frumv.

Einar Jónsson: Jeg álít yfir höfuð að tala að konur eigi að fá jafnrjetti við karlmenn, að svo miklu leyti, sem þjóðfjelagsskipunin ekki líður við það, og jeg er samdóma h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) um það, að konur sjeu eins hæfar til að gegna ýmsum sveitarstjórnarstörfum eins og karlmenn. Þótt þess vegna konum sje með þessu frv. lagðar ýmsar skyldur á herðar, sem karlmenn einir hafa haft hingað til, sje jeg ekkert varúðarvert við það. Jeg ímynda mjer, að ekki mundu verða kosnar aðrar konur eptir þeim lögum, sem hjer er farið fram á að koma á, en þær, sem væru hæfar til að gegna störfunum, eða sem menn treysta eins vel eða betur en karlmönnum þeim, er völ væri á til að leysa störfin vel af hendi. Jeg vil ekki láta þær vera lausar við þá skyldu að taka þátt í þeim opinberu störfum, sem þær hafa eins góða eða betri hæfilegleika til að leysa vel af hendi en karlmenn. Jeg sje þess vegna ekki, að sú skylda, sem konum er á herðar lögð með þessu frumv., eigi að fæla menn frá að samþykkja það.

Klemens Jónsson: Jeg vildi að eins gjöra stutta athugasemd út af ræðu h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.). Mjer var það

vel kunnugt, að þetta mál var borið upp á Þingvallafundinum 1888 og samþykkt þar með öllum atkvæðum, en á hinn bóginn er mjer ekki kunnugt um, að það hafi verið borið upp á alþingi 1889, sem þó hefði átt að vera. Jeg neita því heldur ekki, að bænarskrá um þetta efni kunni að hafa komið úr Ísafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu; en þótt svo hafi verið, að einhverjir í einni eða tveimur sýslum hafi óskað að málinu yrði hreyft, þá er varla unnt að kalla það almennan þjóðvilja. Jeg verð líka að standa við það enn, að lögin 12. maí 1882 hafi ekki verið almennt notuð af kvennfólkinu, þótt 1 eða 2 konur í Reykjavík eða annarstaðar hafi einhvern tíma neytt þess kosningarrjettar. — Þar sem því mótmæli mín gegn frumv. standa enn óhrakin, held jeg enn fast við skoðun mína á málinu.

Björn Bjarnarson: Mótbárur þær, sem fram hafa komið gegn þessu frv., virðast mjer vera í tveimur aðalliðum. Í fyrsta lagi hefir verið sagt, að enginn almennur þjóðarvilji lægi til grundvallar fyrir þessu máli, og í öðru lagi hafi það ekki sýnt sig, að almennur áhugi væri á því, og því væri það of snemma upp borið og yrði lítið notað.

Að því er snertir fyrri liðinn, að almennur þjóðarvilji liggi hjer ekki til grundvallar, þá ber þess að gæta, að hjer er um kvennfólkið að ræða; en það er öllum kunnugt, hvernig kjörum þess hefir verið varið hjá oss, og hve seint það er til að láta í ljósi nokkurn vilja. Kjör þau, sem kvennfólk vort hefir átt við að búa, hafa verið þannig, að það er ekki að búast við að þær hafi látið neinn vilja í ljósi. Það hefir verið svo andlega bælt, að það er svo að segja orðið vanið af því að hafa nokkurn vilja.

Sama er að segja um það atriðið, að enginn almennur áhugi sje hjá kvennfólkinu á að fá þennan rjett. Það má ekki búast við neinum áhuga hjá því, ef hann er ekki vakinn af neinum. Þegar svona stendur á, á löggjafarvaldið að koma á móti kröfum tímans, vera á undan tímanum, ekki að eins hvað því viðvíkur að mennta kvennfólkið, heldur líka til að gefa því hvöt til að taka þátt í hinu pólitíska lífi þjóðarinnar. Það er eins með kvennfólkið eins og vinnuhjúin; þegar það á ekki öðru að venjast en að vera brotið á bak aptur, þá getur það ekki haft neinn vilja eða að minnsta kosti ekki látið hann í ljósi. Þó lítil not kunni að verða af lögum eins og þessum, þá kýs jeg þau heldur en engin not, því »lítið er betra en ekki neitt«.

Jeg verð að taka það fram, að þar sem jeg er kunnugur, eru lögin frá 12. maí 1882 töluvert notuð af kvennmönnum, í samanburði við það, sem karlmenn nota þau. Að óttast það, að það muni verða sveitarstjórn eða annari hjeraðaskipun til óheilla, þó kvennfólkið tæki þátt í henni, held jeg ekki sje nein minnsta ástæða til, því jeg ímynda mjer, að kvennfólk muni ekki verða kosið til að gegna öðrum störfum en þeim, sem menn fulltreysta að það geti leyst af hendi að minnsta kosti eins vel eins og karlmenn. Það mun því ekki hin minnsta ástæða til að óttast óþægilegar eða skaðlegar afleiðingar af því, þótt þetta frumv. verði samþykkt og nái lagagildi.

Bogi Melsteð: Þegar rætt var um kvennfrelsi á þingmálafundum í Árnessýslu nú í vor, þá lýsti jeg því yfir, að eins og á stæði hjá oss, riði mest á að fá lög um fjárráð giptra kvenna. Þess vegna hefi jeg fylgt því máli fram hjer í deildinni. En á hinn bóginn er það mál, sem hjer liggur fyrir um kjörgengi kvenna, ómerkilegt smámál, eins

og ástatt er hjá oss. Þess vegna hef jeg ekki greitt atkvæði með því við hinar fyrri umræður þess. Mjer hefir fundizt, að það mætti bíða. Í raun rjettri er það þó mín skoðun, að við getum veitt konum öll rjettindi, sem karlmenn hafa, en þær verða þá að takast á hendur allar þær skyldur, sem karlmennirnir hafa ásamt rjettindunum. Hjer koma nú nýjar skyldur með þeim rjettindum, sem frumv. fer fram á að veita konum, og af því að málið tekur vonandi ekki mikinn tíma frá öðrum mikilvægari málum, þá mun rjettast að jeg greiði atkvæði með því í þetta skipti. Að jeg ekki hefi verið með því hingað til, er sjer í lagi af því, að jeg er samdóma ritsjóra »Þjóðviljans unga« um það, að þingmenn eigi ekki að vera að hrúga inn á þingið óþarfamálum, sem gjöra þjóðinni lítið eða ekkert gagn, en eyða miklum tíma á þingi frá stórmálunum. En sem sagt, af því að mál þetta er samkvæmt þeirri grundvallarskoðun, sem jeg hefi á kvennfrelsismálum yfir höfuð, þá greiði jeg nú atkvæði með því, úr því að ekki var hægt að fella það í upphafi og spara þannig þingtímann til annara nauðsynlegri mála.

Sighvatur Árnason: Jeg skal ekki lengja umræðurnar um þetta mál. Þær hafa hvort sem er ekki verið svo þarflegar hingað til.

H. þm. Borgf. (B. B.) sagði, að það væri svo ríkt hjá þjóðinni, að fara ekki vel með kvennfólkið og bæla það niður. Þessu mótmæli jeg algjörlega fyrir mitt kjördæmi. Þar er sú mannúð viðhöfð við ekkjur og ógiptar konur, að þeim er liðsinnt og rjett hjálparhönd eins og hverjum öðrum með bezta vilja.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vil líka mótmæla að minnsta kosti einu atriði í ræðu h. þingm. Borgf. (B. B.). Hann sagði að vilji kvennfólksins okkar ljeti sig aldrei í ljósi. Þetta held jeg að sje ekki rjett fram sett.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 20 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir skriflegri ósk 6 nafngreindra þingm. og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Ben. Kristjánsson,	Jón Þórarinsson,
Björn Bjarnarson,	Jón Þorkelsson,
Björn Sigfússon,	
Bogi Melsteð,	
Guðl. Guðmundsson,	
H. Kr. Friðriksson,	
Jens Pálsson,	
Jón Jakobsson,	
J. J. þm. A.-Skapt.	
J. J., 2. þm. Eyf.	
J. J., 2. þm. N.-Múl.,	
Ólafur Briem,	
Sigfús Árnason,	
Sighvatur Árnason,	
Sigurður Gunnarss.,	
Skúli Thoroddsen,	
Þórarinn Böðvarss.,	
Þórður Guðmundss.,	
Þorl. Guðmundsson.	

Síðan var frumv. afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um rjett þeirra manna, er hafa þjóðkirkjutrú, til að ganga í borgaralegt hjónaband (C. 115, 119); 3. umr.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Vjer höfum leyft oss enn á ný, að koma með breyt.till. við þetta frumv., eptir bendingu h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) við 2. umr. Jeg vona að jeg þurfi ekki að tala neitt um þessa breytingu, því jeg treysti því, að hún verði samþykkt, og svo frumv. sjálft.

Einar Jónsson: Það var sagt nú, að við frumv. þetta væri komin fram breyt.till. eptir bendingu minni við 2.

umr. þessa máls; en það er ekki fullkomlega rjett, því í breyt.till. er vikið frá þeirri bendingu, sem jeg gaf.

Jeg vildi orða frumv. svo: »Rjett er sjerhverjum hjónaefnum í þjóðkirkjunni« o. s. frv., en í breytingartill. stendur: Rjett er sjerhverjum hjónaefnum, »er þjóðkirkjutrú hafa« o. s. frv. Þannig vil jeg ekki láta orða greinina. Jeg geng út frá því, að þetta frumv. sje komið fram vegna þeirra manna í þjóðkirkjunni, sem ekki hafa þjóðkirkjutrú, en eru þó í þjóðkirkjunni, þetta frv. sje fyrir þá, sem ekki fella sig við kenningu þjóðkirkjunnar, án þess þó að vilja segja skilið við hana. Ef þetta frumv. á að gilda fyrir þjóðkirkjutrúarmenn, þá getur það ekki verið handa öðrum en þeim, sem eru óánægðir með »ritual« þjóðkirkjunnar; en þessi óánægja fjelli að líkindum burt, er búið væri að endurskoða og breyta handbókinni, að því er snertir hjónavígsluna, og það mál vitum vjer að er nú á dagskrá í kirkjunni. Frá þessu sjónarmiði ætti málið ekki að fá framgang, því að þeir menn, sem annars hafa í raun og veru trú þjóðkirkjunnar, munu vafalaust ekki hafa neitt á móti því, að kirkjan eigi þann þátt í stofnun hjónabandsins, er hún nú á. En ef það er gjört vegna þeirra manna, sem eru í þjóðkirkjunni, en hafa ekki þjóðkirkjutrú, þá ættu h. flutningsmenn að senda h. Ed. bænarskrá um að leiðrjetta enn frumv. í þá átt, sem jeg hefi bent á.

Flutningsmaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Það var leiðinlegt, að oss skyldi ekki takast betur en þetta að taka bendingar h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) til greina, en það verður ekki við það ráðið hjeðan af, enda vona jeg að breyt.-till. okkar verði samt samþykkt.

Það var eitt, sem mjer þótti undarlegt í ræðu h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.), og eins í ræðu h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) um daginn. Þeir gefa í skyn, að innan þjóðkirkjunnar muni vera menn, margir menn, að því er mjer skilst, sem ekki hafa þjóðkirkjutrú. Það er ekki rjett og ekki hyggilega að farið af þessum mönnum, að gjöra ráð fyrir slíku, og jeg neita því fyrir mína hönd og annara, að þeir hafi rjett til að segja eða gjöra ráð fyrir, að vjer höfum ekki þjóðkirkjutrú, meðan vjer erum í þjóðkirkjunni. Slíkt er að eins grunsemdir. Þeir geta ekkert um það vitað.

ATKV.GR.: Breyt.till. (C. 114) samþ. með 15 atkv. Frumv. þannig breytt samþ. með 18 : 1 atkv. og sent Ed.

Frumv. til laga um friðun á skógi og mel (C. 168, 211, 225); 3. umr.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*): Jeg, sem er flutningsmaður þessa máls, hef ekki á þessu stigi málsins neitt að athuga við frumvarpið, en fel það hinni háttvirtu þingdeild, og vona að það verði samþykkt.

Hvað breyt.till. á þingskj. 97 (C. 211) viðvíkur, þá er það að eins orðabreyting, sem engin áhrif hefir á málið sjálft; við komum með hana, af því okkur þótti það fara betur á því, að orða fyrirsögnina þannig, enda mun það, ef jeg man rjett, vera eins og það stóð í frumritinu.

Hvað viðvíkur breytingartillögunni á þingskjali 121 (C. 225), þá hef jeg nú ekkert á móti henni, af því jeg held að hún muni verða til þess, að frumv. fái heldur framgang.

Fjölyrði jeg svo ekki meir um þetta mál, en fel það hinni h. þingdeild til góðs fylgis.

Jens Pálsson: Jeg hef ásamt fleiri þingmönnum leyft mjer að koma fram með breytingartill. þá, sem er á þingskjali 121, af því að sú von brást mjer, að flutningsmennirnir kæmu með tillögu

í þá átt. En það er mitt álit, að þessi breyting sje mjög nauðsynleg. Eins og frumvarpið lá fyrir áður en breytingartillagan kom fram, var í því vikið frá þeirri meginreglu, sem fylgt hefur verið, og fylgja þarf, í samþykktarlöggjöf vorri. Þessi meginregla er sú, að sýslunefnd hafi bæði frumtaksrjett til samþykkta og samþykktarvald, en samkvæmt því, sem var í frumvarpinu, þá var sýslunefndum að eins heimilað að gjöra ráðstafanir til þess að samþykktir verði gjörðar og rjettur til að semja frumvörp; um þau er svo ekki að eins atkvæðisrjetturinn lagður í hendur hjeraðsfundum, heldur og rjettur til að breyta þeim eptir geðþótta, en sýslunefndinni er synjað um samþykktarvaldið. Gangurinn í málinu gæti orðið eptir því, sem frumvarpið ákveður, sá, að sýslunefnd semdi frumvarp og sendi hjeraðsfundi; við frumvarpið kæmu á fundinum miklar og mikilvægar breytingar, sem færu jafnvel í gagnstæða átt við tillögur sýslunefndarinnar, en næðu þó $^2/_3$ atkvæða á fundinum; samkvæmt frumv. þessu skal strax senda sýslunefndarfrumvarpið með áorðnum breytingum amtmanni til staðfestingar. Það er þó auðsætt, að með þessu móti fæst næsta lítil trygging fyrir því, að þessar samþykktir sjeu vandaðar og vel úr garði gjörðar, og á hinn bóginn eru næsta lítil líkindi til þess, þar sem menn koma úr ýmsum áttum snögglega saman á fund, að tækifæri gefist til rólegrar yfirvegunar og að breytingar þær, sem fram koma á fundinum, verði hagkvæmar.

Trygging sú, að amtmaður hefir vald til þess að synja samþykktinni staðfestingar, er eigi öldungis víst að ávallt sje fullnægjandi. Það er engin vissa fyrir því, að amtmaður sje ávallt svo fróður um skóg og mel, eða þekki svo vel, hvernig á stendur í því byggðarlagi, sem samþykktirnar ná yfir, að hann í því efni viti hvað bezt hentar.

Jeg vona því, að h. þingdeild sje því samþykk, að breytingartillagan ekki að eins sje til bóta, heldur og nauðsynleg.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal að eins stuttlega taka það fram, að jeg er alls eigi mótfallinn breytingartillögunni—þingskjal 121—,en jeg álít hana eigi beinlínis nauðsynlega, því jeg álít að ákvæðin í 4. gr. frumvarpsins sjeu fullnægjandi.

Jens Pálsson: Jeg ætla að eins að gjöra þá fáorðu athugasemd við það, sem h. þingm. V.-Sk. (G. G.) sagði, að ákvæðin í 4. gr. væri næg trygging, að amtmaður stendur í þessu máli eigi vel að vígi, þar sem hann hefir ekkert við að styðjast. Hann hefur ef til vill eigi næga þekkingu á því, hvernig ástatt er í þessari sveit, og svo hefur hann ekkert til þess að fara eptir nema atkvæðagreiðsluna. Hann hefur engar umræður fundarins til þess að styðjast við. Það er mikill munur fyrir stjórninni, er hún staðfestir lög eða synjar þeim staðfestingar, þar sem hún hefur allar umræður bæði í efri og neðri deild til þess að styðjast við, en hjer í þessum málum hefur amtmaður ekkert annað en atkvæðagreiðsluna eina til að fara eptir. Hjer er því eigi um neina tryggingu að ræða, heldur er viðkomandi yfirvaldi komið hjer í allt of mikinn vanda.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er eigi rjett athugað hjá h. þm. Dalam. (J. P.) er síðast talaði, að amtmaður hafi ekkert við að styðjast, því það er venja að leyta í slíkum málum álits og umsagna þeirra, sem þekkja bezt til, og þá t. d. til hreppsnefnda. Frumvörpunum til samþykktanna fylgja og álitsskjöl, og af þeim getur hver skynberandi maður fengið ljósa hugmynd um

málið. En af því að jeg álít að breytingin ekki gjöri neinn stóran skaða, ætla jeg ekki að setja mig á móti henni.

Einar Jónsson: Það er minn skilningur á þessari breyt.till., að samkvæmt henni geti svo farið, að álit og samþykktir hjeraðsfunda komi aldrei fyrir amtmann til staðfestingar, því ef sýslunefnd og hjeraðsfund greinir á, þá á að bera málið aptur undir atkvæði hjeraðsfundar; nái það þá ekki samþykki hans, fellur málið niður og kemur aldrei til amtmanns. Er þá mikið spursmál um, hvort ekki er eins heppilegt ákvæðið í frumvarpinu sjálfu, því eptir því gengur málið, eins og hjeraðsfundurinn hefur skilið við það, til amtmanns, hvort sem sýslufundur er hjeraðsfundinum samþykkur eða ekki, en þar með er auðvitað ekki sagt, að sýslunefndin megi ekki segja sitt álit um málið og senda það amtmanni, og það álít jeg vafalaust, að amtmaður taki til greina. Aðferð sú, sem breyt.till. fer fram á, finnst mjer vafningasöm, og hallast jeg því fremur að frumvarpinu óbreyttu.

Jens Pálsson: Jeg get ekki látið vera að mótmæla því, sem h. 1. þingm. N.-Múl. (E. J.) tók fram á móti breyt.till, einkum að því leyti sem hann áleit þá aðferð, sem hún fer fram á, vafningasama, því það get jeg ekki fundið. Þetta er meginregla, sem fylgt hefur verið og er alveg nauðsynleg í samþykktamálum, sem almenning varða. Það nægir ekki að segja: »sýslunefndin getur, hreppsnefndin getur«, því ef það er ekki skýrt tekið fram, að það eigi að gjörast, þá er ekki sagt, að það verði gjört. Þetta sannar sú reynsla, sem menn hafa frá fiskiveiðasamþykktunum í Kjósar- og Gullbringusýslu; það hefur verið sú skoðun ríkjandi á þessum stöðum, þegar þeir, sem undir hafa orðið, hafa látið óánægju sína í ljósi og sent amtmanni rökstudd mótmæli sín, að slíkt væri ódrengilega að farið og álasvert.

Jeg get hvorki álitið rjett nje heppilegt, að þingið kasti frá sjer löggjafarvaldi sínu og leggi það í hendur að eins einum mannfundi. Því er þá álitið nauðsynlegt að ræða málin hjer í tveimur deildum með þremur umræðum í hvorri? Og hversu mikill munur er ekki á því eða á slíkum fundum, þar sem einu sinni er ekki víst, að allir þeir, sem mæta og greiða atkvæði, sjeu vel á sig komnir og í sínu rjetta ástandi?

Sighvatur Árnason: Jeg vil ekki lengja umræður um þetta mál, en að eins vekja athygli h. deildar á því, að hvort sem þessi breyt.till. kemst fram eða ekki, þá vona jeg að málið sjálft fái framgang, því þetta er svo þýðingarmikið fyrir mitt kjördæmi, að svo má segja, að undir því sje komið, að heill hreppur (Landmannahreppur) sje í veði, ef málið fær eigi framgang.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg vildi að eins leyfa mjer að gjöra þá athugasemd, að jeg er hræddur um, að ef þessi breytingartillaga ekki kemst að, þá verði það frumv. að fótakefli í efri deild. En mjer er annt um að frumv. nái fram að ganga.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. á þgskj. 121 (C. 225) samþ. í e. hlj.

Breyt.till. á þingskj. 97 (C. 211) samþykkt með 22 samhlj. atkv.

Frumvarpið því næst í heild sinni samþykkt í einu hlj. og afgreitt síðan til Ed.

Frumv. til samþykktarlaga um verndun Safamýrar í Rangárvallasýslu (C. 215); 3. umr.

Flutningsm. (*Þórður Guðmundsson*): Jeg hefi engu við að bæta við það, sem jeg hefi sagt við 1. og 2. umr. hjer í deildinni, þar eð engin mótbára hefir komið fram. Jeg leyfi mjer því að fela h. deild málið, og óska að það fái fram að ganga til efri deildar.

Einar Jónsson: Jeg vil að eins vekja athygli deildarmanna á því, að þetta eru sumþykktarlög eins og frv. næst á undan, og að hjer stendur eins á eins og þar stóð á um atriði það, sem breytt var. Í 3. gr. þessa frv. stendur: »Nú »fallast fundarmenn á frv. nefndarinn»ar, breytt eða óbreytt, með $^2/_3$ atkv. »þeirra, er greidd hafa verið, og skal »þá sýslunefnd senda frv. amtmanni »til staðfestingar«. Þetta finnst mjer óheppileg ósamkvæmni við það, sem nýbúið er að samþykkja við hitt frumv. og ef til vill athugaleysi af hinum h. þingdm., sem komu með breytingartill. við fyrra frv., að koma eigi með sams konar till. við þetta.

Jens Pálsson: Jeg vil leyfa mjer að taka það fram út af athugasemdum 1. þm. N-Múl. (E. J.) að hjer stendur alls eigi eins á. Þar er um það að ræða, að veita einhverjum mönnum á einhverju ótilteknu svæði, er sýslunefndin ákveður, heimild til að semja samþykktarákvæði um nokkur hlunnindi frá náttúrunnar hendi, þ. e. skóga og mel, en hjer er skýrt tekið fram, að vissir tilteknir menn, sem allir eiga hlut að máli, þ. e. eigendur og ábúendur þeirra jarða, sem eiga parta í Safamýri, fái leyfi til þess, með vissum atkvæðafjölda, að gjöra ákvæði um yrking hennar og verndun. Hjer stendur því alls eigi eins á. Það, að þessir menn allir eru einmitt notendur engisins, er trygging fyrir því, að þeir samþykki eigi óhentug lög, og það er þess vegna, að í þessu frv., sem er svo einstakt, er hættulaust að víkja frá meginreglu samþykktarlaganna.

Sighvatur Árnason: Það væri mjög slæmt, ef svoskyldi fara að það yrði frv. þessu að fótakefli, sem h. þm. N-Múl. (E. J.) minntist á, því hjer stendur líkt á og við Landmannahreppinn í frumv., sem síðast var til umr., því hjer er um það að ræða, að vernda vissan blett, afarstórt slægjuland, fyrir eyðileggingu. Jeg er samþykkur h. þm. Dal. (J. P.) um það, að hjer þurfi eigi að óttast, að samþykkt verði óheppileg ákvæði, þar sem allir, er atkvæði greiða um það, eiga hjer hlut að máli, en eigi sýslan í heild sinni, og vona jeg því að það nái fram að ganga. Álíti menn það nauðsynlegt, sem h. þm. N-Múl. (E. J.) tók fram, þá er hægt að koma að breyt. till. í þá átt í efri deild, en hitt væri mjög illa farið, ef málið fjelli hjer í þessari h. deild.

Þórður Guðmundsson: Jeg vona að það verði eigi frv. að fótakefli, sem h. 1. þm. N-Múl. (E. J.) sagði. H. þm. Dal. (J.P.) tók það skýrt fram, að þeir einir greiða hjer atkv., er hlut eiga að máli; það er því ekkert að óttast, að hjer verði meiri ójöfnuður, þar sem frv. tekur það skýrt fram, að allir, sem hlut eiga að máli, eigi atkvæðisrjett. Gangi málið hjer fram, vona jeg að h. efri deild taki málinu vel.

Einar Jónsson: Það var alls eigi ætlun mín með orðum mínum áðan að gjöra tilraun til að fella frv. þetta. Því eins og jeg tók fram við umr. um frv. næst á undan, þá álít jeg eigi nauðsynlegt að gjöra neina breytingu. En sýnist mönnum að koma með breyt. till. sem jeg álít samkvæmara við meferð h. deildar á fyrra frv. þá er eins og tekið hefir verið fram, ávallt möguleg tæki til þess, meðan málið er í efri deild.

ATKVÆÐAGR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til Ed.

Frv. til laga um að Austurskaptafellssýsla skuli, að því er sveitarstórn snertir, skilin frá Suðuramtinu og lögð til Austuramtins (C. 185); 3. umr.

Frv. samþ. orðalaust í e. hlj. og afgreitt síðan til landsh. sem lög frá alþingi.

Tillaga til þingsál. um afnám grísku og latínu sem skyldunámsgreina í Reykjavíkur lærða skóla (C. 170, 204, 216); síðari umr.

Flutningsm. (*Jón Jakobsson*): Jeg vil nú þegar leyfa mjer að gjöra þá athugasemd, að jeg fæ eigi annað sjeð en að breyttill. frá 2 þm. á þingskjali 91 (C. 204) sje þess eðlis, að hana verði að skoða sem nýja till. og því eigi rjett að ræða um hana hjer í deildinni á þessu stigi málsins. Þessu leyfi jeg mjer að skjóta til h. forseta og skora á hann, að leita atkvæða deildarinnar um það.

Jón Þorkelsson: Jeg fæ eigi sjeð að það sje svo mikill munur á þeim 2 breyttill., sem hjer liggja fyrir, þar sem báðar fara fram á takmörkun á kennslu í latínu og grísku. Þareð jeg sje, að hæst. landsh. er nú einmitt kominn inn í deildina og jeg hefi heyrt, að breytingar á skólareglugjörðinni í líka stefnu og við fórum fram á liggi fyrir hjá stjórninni, þá væri heppilegt, ef hæstv. landsh. þóknaðist, að gefa upplýsingar um, hvað þessu máli líður. Sje endurskoðanin komin langt á veg, þá er það annað mál, hvort ekki gæti komið til greina að fella niður tillögu mína og h. þm. S-Múl. (S. G.).

ATKV.GR.: Þá var borin undir atkv. krafan um að vísa breyt.till. á þingskjali 91 frá umr. og var það fellt með 12 atkv. gegn 11, að við höfðu nafnakalli: Sögðu

Já:	*Nei*:
Klemens Jónsson	Einar Jónsson
Bened. Kristjánsson	Björn Sigfússon
Björn Bjarnarson	Halldór Friðrikss.
Bogi Melsteð	Jens Pálsson
Guðl.Guðmundsson	J. J. þm. A-Sk.
Jón Jakobsson	Jón Þórarinsson
J. J. 2. þm. Eyf.	Jón Þorkelsson
J. J. 2. þm. N-Múl.	Sighv. Árnason
Ólafur Briem	Sig. Gunnarsson
Sigfús Árnason	Skúli Thoroddsen
Þórður Guðmundsson	Þórarinn Böðvarss.
	Þorl. Guðmundss.

Landshöfðingi: Viðvíkjandi spurningu h. þm. Snæf. (J. Þork.) skal jeg leyfa mjer að skýra frá, að 1891 gerði þingið þá ályktun, að skora á stjórnina að hlutast til um, að gagnfræðakennsla kæmist á í lærða skólanum, að latína yrði ekki heimtuð til inntökuprófs og að reglugjörð skólans yrði endurskoðuð. Jeg leitaði þá þegar álits kennaranna við Rekjavíkurskóla og Möðruvallaskólann, og þessar álitsgerðir fjekk jeg í vetur, því að fyr voru þær eigi búnar. En þær urðu lítt samhljóða, og sendi jeg þær allar til ráðgjafans til íhugunar og úrskurðar. Þar eru þær nú, og mun stjórnin á sínum tíma láta uppi álit sitt og úrskurð í því máli. Þessi uppástunga til þingsályktunar, sem hjer er um að ræða, fer fram á sama sem hin fyrri, og er sá eini munurinn, að þessi fer lengra, og eins breyt.till., sem vill afnema grísku, en takmarka latínu. Af því að mjer þykir sú eldri þingsályktun miklu aðgengilegri, skal jeg taka það fram, að jeg held það sje langtum hollara fyrir framgang málsins, að láta nú bíða, þangað til svar kemur frá stjórninni, og sjá, hvað hún segir.

Flutningsm. (*Jón Jakobsson*): Jeg er hæstv. landsh. þakklátur fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf. Þó vil jeg ekki fella niður uppástunguna, því að hún fer fram á það, sem er mergurinn

málsins fyrir mjer, að minnka kennslu í gömlu málunum, svo unnt sje að auka hana í hinum nýjari. Í hinni upphaflegu tillögu var gert ráð fyrir að afnema latínu og gríska, en til samkomulags höfum við nú komið með breyt.till., sem fer fram á að gríska verði afnumin sem skyldunámsgrein, en latínan takmörkuð að mun. Okkar meining var, að h. landsstjórn og kennurum skólans væri það í sjálfsvald sett, hvernig þetta væri gert með tilliti til latínunnar; en grískuna viljum vjer losna við. Það hefir verið komið með þá mótbáru, að þetta mundi útiloka íslenzka stúdenta frá háskólanum.

En þótt þessi breyting kæmist á, get jeg ekki skilið, að það yrði til að útiloka menn frá háskólanum, því fjöldi danskra stúdenta lesa enga eða mjög litla grísku, en það eru allir þeir, sem velja þá deild dönsku skólanna, sem kennd er við náttúrufræði og stærðfræði. — Hvað latínuna áhrærir, er hún víðtækari en gríska og snertir meir ýmsar námsgreinir, og komumst við flutningsmenn því að þeirri niðurstöðu við nánari íhugun, að rjettast væri að sleppa að eins hinu þýðingarminna, en það er gríska.

Við 1. umr. um daginn heyrði jeg enga knýjandi mótbáru á móti tillögu okkar, og vona því, að deildin samþ. tillöguna. H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), sem var hinn helzti andmælandi hennar, fann engin knýjandi rök, engar ljósar ástæður fyrir máli sínu. Hann sagði, að hlutverk skólanna væri einkum að efla dómgreind og skerpa skilning nemanda. Jeg er honum samdóma í þessu; en hlutverkið verður hið sama, þótt þessi breyting verði gerð, því að þetta gerir allur lærdómur. Jeg get aldrei skilið, hvaða hulinn kraptur það er í latínu og grísku, sem gerir þær meir menntandi en allar aðrar námsgreinir.

Sami h. þm. (H. Kr. Fr.) gat þess og, að það væri miklu betra að lesa bækur á frummáli en í þýðingu. Þetta er alveg satt. En því má h. þm. ekki gleyma, að örfáir eða engir stúdentar eru færir um að lesa latneska og gríska höfunda á frummálinu, svo að gagni sje, þótt sumir þeirra ef til vill geti staulað sig fram úr ljettustu latneskum höfundum með hjálp orðabókarinnar. Þeir skilja málin ekki nógu vel til þess að geta haft nokkurt verulegt gagn af lestri hinna fornu höfunda á frummálinu. Þegar nú um tvennt er að velja, annaðhvort lesa höfundana ekki, eða lesa þá í þýðingu, ímynda jeg mjer, að flestir játi, að þýðingar sjeu þó betri en ekkert.

Viðvíkjandi því, sem h. 1. þm. G.-K. (Þ. B.) fann uppástungunni til áfellis, að við hefðum eigi sagt, hvað koma ætti í staðinn fyrir latínuna og grískuna, skal jeg geta þess, að við höfðum tekið það til íhugunar, en ekki þótt ástæða til að koma fram með breyt.till. í þá átt.

Einstakar greinar í skólareglugjörð á þingið ekki að semja; það á stjórnin að gera; þingið getur ákveðið stefnuna.

Hitt get jeg aldrei fallizt á, sem h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) sagði, að bændur gætu eigi haft atkvæði í þessu máli. Latínuskólinn stendur þó á fjárlögunum, og þar verða þeir þó að greiða atkvæði um hann. Þeir eru skyldir að afla sjer svo mikillar þekkingar á skólamálum, að þeir geti haft sjálfstæðar skoðanir í því efni.

Jeg skal ekki orðlengja meira að sinni, en vona, að h. deild felli ekki málið.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal ekki vera langorður í þetta skipti, og

ekki tala mikið út af því, sem síðast hefir komið fram. En jeg vildi fara nokkrum orðum um það, sem h. flutningsmenn kalla kröfur tímans. Þær heimta nú að sleppt sje latínu og grísku, eptir því sem þeir segja, flutningsmennirnir. En gætum nú að, hvað á sjer stað hjá öðrum þjóðum í þessu efni. Tökum þá fyrst Dani, sem eru oss næstir. Þess er þá fyrst að geta um þá, að þeir skylda alla til að læra grísku, og má af því sjá, að Íslendingar muni missa rjettindi sín við háskólann, ef þeir fullnægja ekki þessu skilyrði. Því næst leyfi jeg mjer að taka merkasta skólann í Höfn, Metrópolitanskólann, og bera saman tímafjöldann í latínu þar og hjer í skólanum. Þar eru það 75 stundir á viku í 11 mánuði, en hjer 43 stundir í 9 mánuði. Þá förum vjer til Þjóðverjalands og sjáum, hvort þeim þykir vert að leggja stund á gömlu málin eða ekki. Í skóla einum í Leipzig, er Nicolaigymnasium heitir, er varið til latínu 76 stundum á viku í 11 mánuði í 9 ár (takið vel eptir því). Sama verður upp á teningnum, þegar litið er til grískunnar. Í Metropolitanskólanum í Höfn er varið til hennar 37 stundum á viku í 11 mánuði; hjer 25 stundum á viku í 9 mánuði í 5 ár; í Leipzig 42 stundum á viku í 11 mánuði í 7 ár. Auk þess eru piltarnir í Þýzkalandi æfðir við ræðuhöld og ritsmíðar. Af þeim, sem útskrifuðust úr Nikolásarskólanum 1892, hjelt einn ræðu um Sókrates á grísku, annar á latínu um Arminius, frelsara Þýzkalands, einn um Lafontaine á frakknesku, einn á þýzku um: Hversu má Vilhjálmur keisari I. verða þýzkum unglingum að fyrirmynd? Af þessum samanburði má sjá, að Danir verja meiri tíma til gömlu málanna en vjer, og Þjóðverjar þó langt um meira. Þessir Þjóðverjar, sem jeg nefndi áðan, urðu þó ekki allir embættismenn. Því að 6 af þeim ákváðu sig þegar, er þeir voru útskrifaðir, til að verða hermenn, 2 húsasmiðir, 1 bókakaupmaður, 1 póstmaður, 1 bankamaður, 1 kaupmaður. En þeim þótti engin skömm að að kunna latínu og grísku fyrir það. Eru það þá kröfur tímans á Þýzkalandi, að sleppa latínu og grísku? Nei, það er sannarlega öðru nær. Þetta eru ekki úrelt vísindi, sem mesta menntaþjóð heimsins leggur svo mikla áherzlu á. Það þykir, ef til vill, óhæfa í þessum sal að minna á það, sem Melanchton sagði, en jeg geri það þó eigi að síður. Hann sagði: Sapere audete, veteres Latinos colite, Græcos amplexamine, sine quibus Latina tractari recte nequeunt (Hafið hug til að vera vitrir, leggið stund á hina fornu rithöfunda Rómverja, leggið alúðarrækt við Grikki, því að án þeirra verður eigi farið með latnesk fræði svo vel sje). Það er sannleikurinn, að bæði þessi mál eru undirstaða allrar menntunar og allra mennta í Norðurálfu heims.

Ef vjer nú snúum oss til Frakka, sjáum vjer hið sama. Einhver helzti vísindamaður þar í landi, Bréal að nafni, háskólakennari og umsjónarmaður kennslunnar í skólum þar, hefir ritað um þetta bók allfróðlega. Hann er ekki ánægður með þá kennslu í gömlu málunum, sem nú á sjer stað á Frakklandi, en vonar að það batni, og telur það skilyrði fyrir því, að Frakkland geti framvegis talizt meðal öndvegis-þjóða í menntun, eins og það hefir verið talið hingað til. Hann spyr, hvers vegna latína sje lærð, og svarar því svo:

Það er af því, að bókmenntir fornaldarinnar eiga betur við skilning æskulýðsins en bókmenntir nútímans; af því

að ekki er auðið að skilja rit beztu höfunda á seinni öldum, eins og t. d. Racine, Goethe o. s. frv., án þess að þekkja höfunda fornaldarinnar. Enn aðra ástæðu til þessa telur hann það, að lögfræðingar megi ekki vera án latínu alla þá stund, sem lagamál er fullt af latneskum orðum og setningum. Enn má telja það, að í hinum gömlu rithöfundum eru ómetanlegir fjársjóðir viðvíkjandi siðferði og siðgæði, og þeir festa í hugum ungmennanna skyldurækni, ættjarðarást og þann hugsunarhátt, að einstaklingarnir eigi að vinna í alþjóðar þarfir. Þetta fæst eigi í skólabókum nútímans. En eins og þekking gömlu málanna er nauðsynleg lögfræðingum, af því að þeir styðja svo margt á Rómarjetti, eins er hún nauðsynleg öðrum vísindamönnum. Jafnvel Napóleon I. kunni latínu, og kvað hann hana öllum nauðsynlega, og það jafnvel þeim, sem legðu stund á stærðfræði. Bréal segir, að án gömlu málanna verði skólarnir að hreinum »elementær«-skólum eða næstum því að barnaskólum. Þess konar uppeldi, þar sem gömlu málin eru ekki höfð til að mennta unglingana, hefir verið kallað, að kennslan væri að hætti Ameríkumanna. En það á ekki lengur við, því að nú eru þeir farnir að sníða háskóla sína og aðra skóla eptir skólum norðurálfabúa. Ekki geta þeir heldur verið án gömlu málanna. Enn getur Bréal þess, að ef skólarnir slepptu latínu og grísku, yrði það til þess, að menn yrðu að byrja á 16. öld, er vísindin risu aptur úr miðaldadvalanum.

Ef vjer snúum oss nú að Englandi, verður hið sama uppi á teningnum þar. Það má bezt sjá þeirra stefnu á því, að háskólinn í Öxnafurðu hefir nýlega lagt það til, að latínan væri aptur gerð að alþjóðamáli (international). Þar er og gefið út tímarit á latínu. Það rit heitir Fönix. Allir þekkja söguna um þann fugl, hversu hann brennir sig á báli, þegar hann er gamall orðinn, en rís síðan aptur ungur og æskufagur upp úr öskunni og beinir flugi til himins. Þannig vilja Englendingar láta latínuna rísa úr ösku og fá nýtt líf.

Vjer höfum nú litið yfir öll helztu lönd hins menntaða heims, þau er næst oss liggja, og sjáum, að þau hafa öll latínu og grísku í hávegum. Vjer vitum, að í þessum löndum hvílir allt líf þjóðarinnar, að því er stjórn lands og lýða snertir, á Rómverjum og Grikkjum.

Ja, hvar eru þá þær kröfur tímans, sem h. flutningsmenn tala um, þær, að sleppa latínu og grísku? Þær eru hvergi nema í þeirra eigin heila. Þeir ætla að gerast endurbætendur tímans, skapa nýja tíma, sem samsvara þeirra kröfum. Jeg vil eigi segja, að eigi sje auðið að ná jafnmikilli menntun, þótt latínu og grísku sje sleppt; en ráðið er enn eigi fundið, og þeir, sem hafa reynt það, þeir hafa horfið til hins gamla aptur. Svo fór Comeniusi og Basedow, og alkunna er það, að þegar Vilhjálmur, sem nú er keisari á Þýzkalandi, vildi afnema latínu og grísku, og leggja þýzkuna til grundvallar, mætti hann svo megnri mótspyrnu, að hann varð frá að hverfa.

Og gangi nú þessi till. fram, munu menn skjótt finna, að eitthvað vantar, og það þýðingarmikið. En þótt jeg meti menn þessa mikils, þá treysti jeg þeim þó ekki að finna það, sem enginn hefir fundið, þótt margir vitsmuna og lærdómsmenn hafi freistað þess. Þeir munu fyrir löngu vera komnir undir græna torfu áður en þeim auðnast að finna það.

Jeg ætla ekki að fara að svara upp á einstök atriði í ræðum h. flutningsmanna, en hins læt jeg getið, að þeir

gera mikið illt með þessu hjali sínu um kröfur tímans. Óþroskaðir skólapiltar, sem ekki kunna grein góðs og ills í þessum efnum, en finna að erfitt er að læra gömlu málin, gleypa við þessum kenningum og verða af því latir og þráir við nám þeirra. H. flutningsmenn og aðrir þeir, sem fylla flokk þeirra, ættu sannarlega heldur að segja við lærisveina skólans: »Lesið vel það, sem þjer lesið«. En það eru því miður of margir á seinni árum, sem láta sjer nægja, ef þeir ná í stúdentsnafnið, en láta sjer á litlu standa, hvort þeir eiga það sannarlega skilið. Menn ættu að berjast fyrir því, að útrýma slíkum hugsunarhætti.

Jeg vona, að allir játi, að þegar menn eru að berjast fyrir frelsi, þá er það viðurkennt, að helzta skilyrði til þess, að geta notið frelsis, er djúp menntun. En hún fæst ekki án þess að lesa vel latínu og grísku. Þetta er viðurkennt af öllum menntuðum þjóðum, en menntunin og mannsandinn hlýðir sömu lögum um heim allan. Það, sem á við hjá þeim, það á einnig við hjá oss. Gætum vjer þessa, mun oss verða vel ágengt, því að vjer erum eigi gáfuminni en aðrar þjóðir.

Þetta mál er stórmerkilegt, og ætti að vera áhugamál þjóðarinnar, og vona jeg, að h. þm. greiði atkvæði eptir sannfæringu, sem við rök eiga að styðjast, og jeg vil biðja hina h. bændur, sem hjer eiga sæti, að stinga hendinni í sinn eiginn barm, og leggja þá spurningu fyrir sjálfa sig, hvort þeir hafi næga þekkingu í þessu máli, til þess að geta greitt atkvæði um það. Jeg ætla þá ekki að orðlengja þetta meira, en vona, að meiri hluti þingm. felli tillöguna.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla ekki að ganga inn á efnið í till. þessari, því að það mun ekki vera oss »bændum« hent að segja um, hvað rjett sje eða rangt í máli þessu, þegar hina »skriptlærðu« greinir svo mjög á um það. En jeg vildi vekja athygli h. deildar á því, sem hæstv. landsh. skýrði frá, að stjórnin hefði nú til íhugunar þingsályktun þá, sem gjörð var á síðasta þingi, og fór í líka stefnu og tillaga þessi. Jeg held það væri heppilegra fyrir þingið nú, 1893, að fara ekki að gera nýjar ályktanir í þessu máli; jeg held að það mundi spilla fyrir framgangi málsins, yfirhöfuð, en ekki bæta, ef nú væri samþykkt ný tillaga, sem annaðhvort væri »principielt« gagnstæð þingsályktuninni 1891 eða færi miklu lengra en hún. Hitt mun ráðlegast, að bíða og sjá, hvernig árangur hún hefir. Fyrir þessar sakir hef jeg leyft mjer að afhenda h. forseta þannig orðaða tillögu til rökstuddrar dagskrár:

»Í því trausti, að stjórnin taki til greina ályktun alþingis 1891 um tilhögun kennslu í latínuskólanum, taki deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Jeg tek það fram viðvíkjandi þessari dagskrá, að hún er ekki vantrausts-yfirlýsing til stjórnarinnar um, að hún muni ekki taka til greina þingsályktunina 1891; og vil jeg leyfa mjer að biðja hæstv. landshöfðingja að láta í ljósi, hvort hann skilji þessa tillögu til rökstuddrar dagskrár á þann veg. Tilgangurinn með að fá hana samþykkta er ekki annar en sá, að minna stjórnina hógværlega á þingsályktunina í skólamálinu 1891, sjerstaklega þriðja lið hennar, og lýsa þeim vilja þessa þings, í samhljóðan við þingið 1891, að reglugjörð latínuskólans verði endurskoðuð, og henni breytt þannig, að gagnfræðakennslu verði komið þar við, og í þá átt, að kennsla í latínu og grísku verði takmörkuð. Það sem mjer gengur til að vera á móti því, að ný ályktun sje

gerð nú, er það, að mjer finnst þingið ganga nokkuð nærri virðingu sinni, ef það fer nú aptur að senda frá sjer ályktun og hana ósamhljóða ályktuninni 1891, og jeg er hræddur um, að stjórnin muni jafnvel meta minna tillögur þingsins, ef hjá því lýsir sjer jafnmikil óþolinmæði og mjer virðist hjer hjer koma fram. Jeg veit að þingið 1891 hefir íhugað vandlega tillögu sína, og jeg vænti þess varla, að mönnum hafi farið svo fram síðan, eða þeim sje málið svo miklum mun ljósara nú en þá, að það komi ekki hálfundarlega fyrir, að óska nú afnáms kennslu í gömlu málunum, en 1891 að eins takmörkunar á kennslu í þeim.

Þessar athugasemdir mínar hafa að eins snert hina formlegu hlið málsins; út í efni tillögunnar ætla jeg ekki að fara.

Landshöfðingi: Út af orðum h. þm. V.-Sk. (G. G.) skal jeg leyfa mjer að láta það í ljósi, að jeg skil þessa rökstuddu dagskrá þannig, að þetta þing, sem nú kemur saman í fyrsta sinn eptir nýjar kosningar, vilji láta það álit sitt uppi, að það sje á sömu skoðun í máli þessu sem þingið 1891, og að það óski, að gagnfræðakennsla komist á við lærða skólann ásamt þeim öðrum breytingum, sem þingsályktunin 1891 fer fram á. En ef sú þingsályktunartillaga, sem hjer liggur fyrir, verður samþykkt, þá get jeg ekki skilið það öðruvísi en svo, að þingið 1893 sje annarar skoðunar í þessu máli en þingið 1891, og þá liggur nærri að ályktа svo, að ekki sje ólíklegt, að þingið 1895 komi fram með enn nýja skoðun. En ef tillagan til hinnar rökstuddu dagskrár verður samþykkt, þá ber það vott um festu í málinu, og að það sje óhvikull vilji þingsins, að fá því framgengt, sem þingsályktunin 1891 fer fram á.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg fellst á skilning hæstv. landshöfðingja á hinni rökstuddu dagskrá, bæði fyrir mína hönd og h. þm., sem með mjer hafa skrifað nöfn sín undir hana.

Bogi Melsteð: Það hefir þegar verið talað svo mikið í máli þessu, að jeg skal reyna að fara sem fæstum orðum um það, og þess vegna leiða hjá mjer að athuga allt það í ræðu h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), sem þó í sjálfu sjer væri athugavert, enda gjörist þess minni þörf af því, að margt af því var hið sama, sem hann sagði við fyrri umræðunu og þá var þegar svarað.

Mál þetta er komið fram af því, að vjer erum sannfærðir um, að latínuskólanum er ábótavant. Vjer verðum að gæta að því, hvert takmark hvers skóla er. Takmarkið er í sínu innsta eðli að gjöra þá, sem á hann ganga, svo úr garði, að þeir geti orðið nýtir menn fyrir ættjörð sína. Til þess að ná þessu takmarki verður skólinn fyrst og fremst að veita nemendunum almenna menntun, sem verður að vera sniðin eptir lögum þess þjóðfjelags, sem þeir eiga að lifa í og vinna fyrir; en jafnframt þessu á skólinn að búa nemendurna undir það, að geta gengið á háskólann. Jeg skal þegar geta þess, að skóla vorum er þannig hagað, að þeim tilgangi er náð, að af honum komast menn á háskólann; en jeg get ekki sjeð, að nemendurnir fái með því fyrirkomulagi, sem nú er á lærða skólanum, þá almennu menntun, sem þeir ættu að fá og sniðin sje eptir landsháttum vorum og ástæðum. Það stendur allt öðruvísi á hjá oss en Frökkum, Englendingum og Þjóðverjum, og er því ekki rjett að sníða skóla vorn algjörlega eptir skólum þeirra. Það var að vísu ekki með öllu ófróðlegur fyrirlestur, sem h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) hjelt um skóla hjá

þessum þjóðum og skoðanir manna á latínu og grísku þar í lærða skólanum. En mál þetta hefir tvær hliðar, og hann sýndi að eins aðra hliðina og það mjög einstrengingslega; lýsing hans var því alls ekki rjett. Það er æði mikið annað og hægra fyrir stórþjóð að verja miklum tíma til að læra latínu og grísku en fyrir oss, sem sjálfir erum svo sáralítil þjóð og bundnir við aðra smáþjóð, og verðum því að læra mál þeirrar þjóðar auk mála höfuðmenntaþjóðanna. Sumir Englendingar vilja ekki læra annað af málum en latínu og grísku, af því að þeir vilja eigi læra nýju málin; þeir vilja breiða enskuna út og gjöra hana að alheimsmáli, og þá er skiljanlegt, að þeir leggi litla rækt við önnur ný mál, og þá fá þeir um leið nægan tíma til að stunda gömlu málin, án þess þó að þurfa að láta gagnvísindin sitja á hakanum; en ef þeir þyrftu að læra 6—7 mál, eins og vjer, þá er jeg viss um, að þeir mundu takmarka grísku og latínukennslu eða jafnvel hætta með öllu að kenna annað eða bæði málin. Óánægja manna kemur meðfram til af því, að ofhlaðið er á í latínuskólanum; þar eru of mörg mál kennd, og því verður árangurinn af latínu og griskunáminu furðu lítill, enda þótt miklum tíma sje varið til þess að læra þau, og byrjað sje á latínunáminu áður en menn koma í skólann. Jeg er viss um, að ýmsir af kennurum latínuskólans mundu skrifa undir það með mjer, að sökum þess að piltar verði að snúa huga sínum að svo mörgum námsgreinum, bæði tungumálum og öðru, þá geti þeir eigi lagt þá alúð á latínu og grísku, sem þörf er á, og fyrir því verði ávöxturinn svo lítill; en því er þá verið að halda dauðahaldi í latínu og grísku? Það var öðru máli að gegna á Bessastöðum; þar var svo fátt kennt og því gátu piltar haft allan hugann við latínunámið og orðið góðir í henni, og haft gagn af henni, enda var latína þá allsherjarmál lærðra manna, er þeir komu saman úr ýmsum löndum.

Nú játa menn, að nauðsynlegt sje að læra vel þýzku, ensku og frönsku eða að minnsta kosti eitt af þessum málum, svo vel, að nemendur hætti ekki fyr við það en þeir geti talað það. En nokkuð mun almennt vanta til þess að svo sje; meira að segja, nemendur fara svo úr latínuskólanum, að þeir hafa ekki einu sinni lært að tala dönsku. Hvaða ráð sjá menn til að ráða bót á þessu önnur en að takmarka einhverjar af námsgreinunum? Og hverjar liggur þá nær að takmarka en gömlu málin, dauðu málin?

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) lagði þingdm. tvisvar á hjarta að greiða atkvæði eptir sannfæringu sinni, ja — og eptir upplestri hans úr útlendum höfundum um gildi latínu og grísku. En jeg ætla að biðja þá — þótt jeg viti raunar að þess muni eigi þörf — að hugsa fyrst og fremst um fósturjörðina, hugsa um það, sem henni má að mestu gagni verða, um það sem henni stendur næst og henni er helgast, um tungu þjóðarinnar og sögu landsins. Við þetta hefir lítil rækt verið lögð, eða svo var það þegar jeg var í skóla, en timanum var mest varið til að kenna latínu og grísku, en allt það, sem oss stóð næst og var oss skyldast, var fyrir borð borið, og líkaði mjer það illa.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) gat þess, að í Frakklandi væri hreyfing í þá átt, að auka nám gömlu málanna; en það er líka hreyfing þar til þess að afnema kennslu þeirra eða minnka hana að minnsta kosti. En þess er líka að gæta, að þótt Frakkar vilji læra latínu, þá stendur öðru vísi á fyrir þeim; latínan er svo lík tungu þeirra og móð-

ir hennar, og því eiga þeir bæði hægra með að læra hana en vjer, og hafa þúsund sinnum meiri ástæðu til að gera það.

Viðvíkjandi menntun þeirri, sem menn fái af lestri latneskra og gríska rithöfunda á frummálinu, þá er þess að gæta, að menn fá svo litla þekking á þeim málum í skólanum, að þeir eiga næsta erfitt með að lesa rit á latínu og grísku, og mun það því verða ofan á fyrir flestum, að þeir leggi latneskar og grískar bækur á hylluna, þegar úr skóla er komið, en grípi til þýðinga, þegar þeir vilja fræðast um eitthvað í ritum forngrískra og latneskra höfunda.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) vitnaði til svo margra útlendra fræðimanna máli sínu til stuðnings, að mjer mun vera leyfilegt að nefna einn mann á nafn; það er prófessor Gertz; hann er aðalumsjónarmaður lærðra skóla í Danmörku og þeim manna kunnugastur, auk þess er hann kennari í latínu og grísku við háskólann, og að dómi skynberandi manna hinn færasti í þeim báðum, af þeim mönnum, sem við háskólann eru, og þá líklega í öllu hinu dansk-íslenzka ríki. Þessi maður hefir lagt það til, að hætt sje við grískunám í lærðum skólum í Danmörku, af því árangurinn er svo lítill af náminu, og um sjálfan sig segir hann, að þegar hann vilji lesa rit fornhöfundanna sjer til gamans, grípi hann einatt til góðra þýðinga og lesi þær með meiri ánægju, af því það sje sjer auðveldara en ef hann lesi ritið á frummálinu. Jeg sje, að brosað er að þessu, en það stendur eigi að síður á prenti í skýrslu frá honum sjálfum. Jeg hef tekið það fram, að hreifing sje í Frakklandi með að minnka kennslu gömlu málanna, en sams konar hreifing er líka í Þýzkalandi, og geta þó Þjóðverjar staðið sig betur en vjer við að leggja stund á gömlu málin, latínu og grísku, þar sem þeir hafa sitt eigið stórþjóðarmál, er þeir þurfa ekki að læra, og sínar miklu bókmenntir, enda verja þeir ekki miklum tíma til að læra önnur mál; þeir læra að eins frönsku, lítið eitt í ensku í efstu bekkjunum og sumir eitthvað í hebresku, og þó er latínuskólatíminn lengri þar en hjá oss. Það er annars ekki rjett, að bera saman latínuskóla í Þýzkalandi og hjer eða í Danmörku; þar er lært svo mikið í latínuskólunum og svo miklum tíma varið til hans, að minnsta kosti 2 árum meira en hjá oss, en háskólanámið er miklu minna en í Danmörku og styttri tíma varið til þess. Allur samanburður h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) á milli latínuskóla vors og latínuskólanna á Þýzkalandi var því algjörlega rangur.

Það er misskilningur hjá h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), að við flutningsmenn tillögu þessarar höfum á móti latneskri og grískri menntun; vjer viljum að í lærða skólanum sje veitt jafnvel meiri þekking á grískum og latneskum fræðum en nú gjörist, en vjer viljum að menn öðlist þá þekkingu af þýðingum, og við það, að kennd sje góð saga um bókmenntir þessara þjóða, listir og þjóðlíf allt.

H. þm. (H. Kr. Fr.) gat þess, að menn lærðu svo mikla ættjarðarást við að lesa latínu og grísku; en líklega lærist þeim þó ekki ættjarðarástin af málum þessum einum saman, heldur af efninu í ritum þeim, sem þeir lesa á þeim, af sögunni. En sú saga, sem þó mun bezt innræta oss ættjarðarást, er vor eigin saga. Mjer heyrist, að sumir efist um það, og jeg heyri Sturlungaöldina nefnda. Jeg játa það, að ættjarðarást Íslendinga var lítil á Sturlungaöldinni og að margt er ljótt í sögu vorri; en ekkert getur verið skarpara dæmi oss til viðvörunar en ljót dæmi úr vorri eigin

sögu eða sú öld á æfiferli forfeðra vorra, er leiddi yfir þá langvinnt böl, svo að niðjar þeirra súpa af því enn. En í annan stað er afarmargt fagurt í sögu vorri, fagurt til fyrirmyndar, og það er heldur eigi rjett að ætla, að allt sje fagurt í sögu Grikkja og Rómverja. Þar finnst og margt ljótt, sem menn verða að varast, og því er svo farið í sögu allra þjóða, er sögu eiga, að þar skiptast á ljót og fögur dæmi, og Grikkir og Rómverjar hafa líka átt sínar Sturlungaaldir.

Jeg skal leyfa mjer að gjöra litla athugasemd við ræðu h. þm. (H. Kr. Fr.) við fyrri umræðu þessa máls, en sem mjer gafst þá ekki kostur á að gjöra. Hann talaði um, að í Danmörku kæmu menn barnungir í skóla. Þetta er satt; það er vanalegt, að börn komi 6 eða 7 ára í skólanám, en þess er að gæta, að þau koma ekki beint inn í latínuskóla, heldur í undirbúningsskóla undir hann, og í þeim skóla eru þau 6 ár, og koma þeir eins vel undirbúnir inn í latínuskólann eins og vjer, þótt vjer sjeum að jafnaði eldri. Þetta færði hann sem ástæðu fyrir því, að lærisveinarnir lærðu latínu um langan tíma; en þeir læra alls ekki latínu í þessum undirbúningsskólum, ekki fyr en þeir koma í lærða skólann. Jeg hef í höndunum skýrslu frá einum merkum lærðum skóla í Kaupmannahöfn, frá hinum sama sem jeg nefndi um daginn. Í henni stendur þetta, að 6 ár sje verið í undirbúningsbekkjunum, og latínuskólinn síðan önnur 6 ár, en ekki er byrjað á latínu fyr en í öðrum bekk hans og á grísku í 3. bekk. Þeir sem í mathematisku deildinni eru, lesa þar enga grísku og komast þeir þó eigi að síður á háskólann.

Annað það, sem h. þm. (H. Kr. Fr.) tók fram, og jeg vildi athuga, var, að það heyrði ekki undir löggjafarvaldið að ákveða, hvaða námsgreinir kenna skyldi í skólum. Við þetta hef jeg það að athuga, að einmitt þetta þing hefir samið lög fyrir Möðruvallaskólann, þar sem ákveðið er í, hvaða námsgreinir þar skuli kenndar. Það var líka alveg rjett, sem jeg tók fram við fyrri umræðu þessa máls, að ríkisþingið danska hefir ákveðið með lögum, hverjar greinir skuli kenna í latínuskólum í Danmörku; h. þm. (H. Kr. Fr.) getur sjeð það svart á hvítu, ef hann vill, og skal jeg honum til hægðarauka geta þess, að lög þessi eru frá 1. apríl 1871.

Jeg tek það enn fram, að það getur heyrt undir löggjafarvaldið, að kveða á, hvað kenna skuli, og þingið hefir kannazt við þetta með því að gjöra ákvæði um það.

Einn h. þm. (J. Þork.) tók það fram við fyrri umræðuna, að menn þyrftu að læra latínu til þess að geta lesið brjef og hin ómerkari rit frá miðöldunum; en það væri til nokkuð mikils ætlazt, ef allir lærðir menn ættu að læra latínu vegna þeirra fáu manna, sem sjerstaklega þurfa að nota þessi rit, enda mundi mega læra latínu svo, að haldi kæmi við það, þótt hún væri takmörkuð að mun, latneski stýllinn t. d. af numinn. Það væri og innanhandar fyrir þá, sem einkum þurfa að rýna í latnesk miðaldarit, að auka latínuþekking sína á háskólanum. Jeg skoða mál þetta svo þýðingarmikið, að rjett sje að hreifa því á hverju þingi, þangað til því hefir verið kippt í betra horf; en jeg mun þó sýna alla tilhliðrunarsemi í því; það sem mjer sýnist mest ríða á í bráð, er, að samband geti komizt á milli latínuskólans og Möðruvallaskóla og Flensborgarskóla, og þessu sambandi mundi auðvelt að koma á með góðum vilja, ef grísku- og latínunám væri takmarkað ofurlítið.

Jón Þorkelsson: H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), sem hefir lesið svo vel yfir kollinum á flutningsmönnum þessa máls, tók það fram, að tillaga mín og h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) væri að sínu áliti meinlaus og gagnslaus; en hún er það einmitt ekki, því að hún fer í sömu stefnu og þingsályktunartillaga sú, er samþykkt var hjer í deildinni á síðasta þingi. H. landsh. hefir gefið þær upplýsingar, að endurskoðun sú, sem stjórnin hefir samkvæmt þeirri þingsályktun látið gjöra á reglugjörð latínuskólans, sje komin langt á veg og gangi hún í sömu átt og tillögur okkar, og má því á sama standa, hvort þær verða samþykktar eða hin rökstudda dagskrá frá h. þm. V.-Skapt. (G. G.), enda get jeg þá eins vel gefið henni mitt atkvæði.

Jeg ætla mjer ekki að þreyta h. þingd.m. með því, að elta allt í langloku hins síðra þm. Árn. (B. Th.), nje að ígrunda allar þær kvalir og píslir, sem hann hefir liðið við latínu- og grískunám sitt í latínuskólanum, sem hann útmálaði svo átakanlega; en jeg skal ekki bera við, eptir því, sem mjer er kunnugt, að rengja hann þar í stað. Hvað viðvíkur lofræðu hans um þessar »versionir« yfir gömlu »authorana«, þá eru þær að mínu áliti veikasta hliðin á kennslunni í skólanum, enda þótt þær hafi ef til vill stundum orðið öflugasta meðalið til þess að lina og deyfa þjáningar þingmannsins. Það er meinið við þessar »versionir«, að piltar, í stað þess að læra málið, hirða eigi um frumtextann, en læra »versionirnar« utan að, og það jafnvel undir árspróf t. d. úr 3. og 4. bekk, en vita svo ekki sitt rjúkandi ráð, þegar farið er að spyrja þá út úr. Þingmaðurinn sagði, að kennsluaðferðin í grísku og latínu í lærða skólanum væri alveg öfug. Jeg skal ekki þrátta um það, eða hvort honum er sjálfum ljóst, hvernig kenna eigi, en líklega ímyndar hann sjer að hann sje betur fær um að kenna þessi mál en kennarar þeir, sem nú eru. Þingmaðurinn sagði út af því, sem jeg mælti við fyrstu umræðu, að það heyrði ekki latínuskólum til og væri sízt hentugt fyrir vora skóla, að kenna mönnum að þekkja fornöldina af latneskum og grískum ritum eða að láta þá fara að lesa þar miðaldaritin latnesku, en það heyrir einmitt latínuskólum til að kenna svo mikið í þessum málum, að menn geti skilið þessi rit, því það er alveg rjett, sem h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.) tók fram, að útiloka þessar námsgreinar er hið sama sem að nema burt úr bókmenntasögunni bókmenntir heimsins fram á 16. öld.

Jeg vil leyfa mjer að skora á h. deild, að fella breytingartill. 2. þingm. Árn. (B. M.) og hans fjelaga, en samþykkja annaðhvort hina rökstuddu dagskrá h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) eða breytingartillögu mína og hins h. þm. Suður-Múlasýslu.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ætlaði að eins að minna h. 2. þingm. Árn. (B. M.) á það, að þegar ættjarðarástin á að vera í fyrirrúmi, þá má eigi spilla því, sem henni tilheyrir. Ef menntun in miðar eigi til þess að auka og efla ættjarðarástina, þá veit jeg eigi, hvað það er, sem geti veitt henni vöxt og viðgang. Það er langt fyrir ofan eða neðan mig að fara að tala um, hve miklar þær þjáningar h. þm. Árn. (B. M.) hafi verið, sem hann leið við nám sitt á latínu og grísku, en jeg vil að eins benda honum á það, að það er engin ástæða fyrir hann að vera á móti menntuninni fyrir það, þó hann hafi þjáðzt. En þar sem nám latínu og grísku fjekk honum svo mikilla þjáninga, því hætti hann þá eigi við skólanámið? Að því er því viðvíkur, sem h. þm. Árn. (B. M.) sagði um pilta í

hinum dönsku skólum, að þeir kæmu 5—6 ára í skóla og væru 6—7 ár í undirbúningsskóla, þá stöndum vjer hjer eigi eins vel að vígi, þar sem vjer komum hjer í skóla nálega undirbúningslausir. Ef hinir dönsku piltar ganga 6—7 ár í skóla til undirbúnings og eru þó eigi meir en svo færir í latínu, hversu skyldi því þá vera varið hjer hjá oss, sem komum í skóla ef til vill eigi eptir meira en tveggja mánaða undirbúningstíma, eins og jeg minntist áður á?

Að því er snertir söguna um prófessor og umsjónarmann »Gertz«, þá er eigi rjett í þessu máli að fara eptir því sem hann sagði, því í þessum tilfærðu orðum lítur hann á kennsluna, en eigi menntunina yfir höfuð. Með þessum orðum lítur hann á fullkomnun piltsins í hinni einstöku námsgrein, en eigi á hina almennu menntun andans, er leiðir af þessum lærdóminum. Það er annað árangurinn, og greinin sjálf. Jeg skal ekki fara neitt út í það, hvort kennsluaðferðin er hjer heppileg eða ekki, en þekkingin hjá oss er of lítil, hverju sem það er að kenna. En það að vjer eigum að læra það á 5 árum, sem aðrar þjóðir hafa 9 ára tíma til að nema á, sýnir ljóslega, að vjer erum skammt á veg komnir. Vjer erum að vísu, eins og h. 2. þingm. Árn. (B. M.) tók fram, smá þjóð, en það skal jeg segja honum, að menntunin er jafnmikils virði, hvort sem þjóðin er stór eða smá. Það verður og að gæta að því, að ný mál eru lærð til »praktiskra« nota, en það nám vantar alla umhugsun um efnið, svo nemandinn fer við það á mis við að menntast af því í raun og veru. Hver neitar því, að íslenzkan sje fagurt og fullkomið mál? En vjer menntumst eigi eins af henni, sem af latínu og grísku, einmitt af því, að hún er okkur svo kunnug. Unglingarnir lesa íslenzku sögurnar hugsunarlítið áfram og leggja ekkert hugann við þær. Hver segir annað en að það sje fagurt hjá Skarphjeðni, sem hann svaraði Helga bróður sínum fyrir Njáls brennu: »Vel má ek gera þat til skaps föður míns, at brenna inni með hánum; því at ek hræðumsk ekki dauða minn«? Eða þá hitt, er Njáll svaraði, er Höskuldur Hvítanessgoði bað hann sætta fyrir hönd Lýtings mágs síns eptir víg Höskuldar Njálssonar, og Höskuldur segir við hann: »vill þú nakkvat, að synir þínir sje við?« Þá svarar Njáll: »ekki mun þá nær sættinni en áðr; en halda munu þeir þá sætt, er ek geri«. Þetta er mjög fagurt, og ber vott um drengskaparanda þeirra tíma, sýnir það, að Skarphjeðinn mat föður sinn meira en allt annað, meira en sitt eigið líf; en hugsum vjer í æskunni um þetta, þegar vjer lesum það, eða mun ekki einmitt það, að þetta er okkur svo kunnugt, leiða til þess, að við festum ekki við það hugann? Aptur á móti getum vjer ekki lesið gömlu rithöfundana án umhugsunar, því annars skiljum vjer þá ekki. Af því leiðir, að þeir kenna manni að festa hugsunina við lesturinn miklu meir en hinar íslenzku fornsögur.

Að endingu vona jeg, að hin langa ræða h. 2. Árn. (B. M.) hafi ekki breytt skoðun nokkurs eins þingmanns í þessu máli og því óþarft að svara henni fleiru.

Flutningsmaður (*Jón Jakobsson*): Það er einkennilegt hjá h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.), að hann hefir orð á því að flutningsmenn þessa máls tali langt, en gleymir þá algjörlega, að einmitt hann sjálfur er allra langorðastur í þessu máli. Jeg skal ekki að þessu sinni, tefja umræðurnar lengi, en vildi að eins leyfa mjer að svara því, sem mjer finnst vera einna óhjákvæmilegast.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) fann það

að hjá mjer, að jeg nefndi kröfur tímans í sambandi við afnám grísku og latínu, en það þykir mjer eiga mjög vel við. Lífið hjá oss á þessu landi er orðið svo að segja allt annað en það var fyrir 20 árum. Samgöngur við útlönd aukast ár frá ári. Útlendir ferðamenn streyma nú með ári hverju meir og meir til landsins. Finnst þá ekki h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) að tíminn nú gjöri meiri kröfur til kunnáttu hinna skólagengnu manna í nýju málunum? H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), efaðist um, að þetta væri áhugamál þjóðarinnar, en jeg verð að taka það fram, að þetta er einmitt áhugamál í mínu kjördæmi. Við þingmennirnir fengum umboð til þess fyrir hönd kjördæmisins að flytja þetta mál hjer á þinginu, og það er einkennilegt, að þeir halda þessu fastast fram, sem efnilegastir námsmenn hafa verið. Mundi það eigi benda til þess, að þeir hafi fundið til þess þegar þeir komu út í lífið, hversu gagnslítið og ófullkomið nám þeirra hefur verið? H. þingm. Rvík. (H. Kr. Fr.) sem veður í gullhrúgum fornaldarmenntunarinnar, virðist of mjög gleyma því, að það er til líf annarsstaðar en í fornöld Grikkja og Rómverja. Hann getur þó ekki neitað því, að t. d. heimspekin hafi tekið miklum framförum síðan á dögum Aristótelesar og Platons. Í henni eins og öðrum vísindagreinum er hinu fagra og sanna, sem fornöldin hefir framleitt, eigi kastað burt, heldur lesum við það nú í vísindum nútímans, þau sannindi, sem þeir komust að með mikilli fyrirhöfn og síðar meir eru eigi ljettvæg fundin, en við losumst við villur og galla, sem hjá þeim hafa fundizt. — H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) dró að eins fram eina hliðina í hinni löngu ræðu sinni, og af henni mætti ráða, að í útlöndum heyrðust engar raddir, sem færu í sömu átt og við, en jeg vil leyfa mjer að vísa h. þingm. á bók um »Latinherraväldet« eptir Adolf Hedin, ritstjóra að einu stærsta blaðinu í Svíþjóð; vilji hann láta svo lítið, að líta á hana, svo að hann geti sannfærzt um, að það eru fleiri en við, þessir 3 flutningsmenn þessarar tillögu, sem halda fram þessari skoðun, þá get jeg einnig frætt hann á því, að á Englandi hefir verið hreifing í þessa átt. Þar var sett nefnd 1861, til að rannsaka fyrirkomulagið á Etonskólanum, en frá þeim skóla hafa margir af Englands merkustu mönnum komið, t. d. Gladstone o. fl. Þessi nefnd komst að þeirri niðurstöðu, að árangurinn af hinu afarmikla latínu- og grískunámi við skóla þenna væri sáralítill í samanburði við þann tíma, sem varið væri til námsins. Þá skal jeg enn fremur taka það fram, að þegar rætt var um þetta mál á ríkisdeginum danska fyrir nokkrum árum, mátti líka heyra ýmsar raddir í þá átt, að afnema gömlu málin, og vil jeg að eins leyfa mjer að minna á ræðu eptir dr. Edvard Brandes, sem hann flutti, við þetta tækifæri.

H. þingm. Rvík. (H. Kr. Fr.) var að tala um að menn ættu að umfaðna hin grísku og latnesku vísindi, og það getur verið, að hann hafi svo stóran faðm, að hann geti umfaðmað það allt og margt fleira. En jeg er eigi fær um, að taka alla menntun liðins og núlegs tíma mjer í faðm, og svo mun vera um flesta. Við verðum að velja úr og láta okkur nægja það sem er gagnlegast og nauðsynlegast er að fá að vita. Við verðum að vera »eklektikar« í þessu efni. Jeg tek það enn fram, að það er betra að lesa góða útleggingu eptir »fag«-mann, en að vera að berjast við að komast fram úr frummálinu, sem menn eigi skilja nema að hálfu

leyti. Mjer er óhætt að segja það, að sumir stúdentar sem koma frá Reykjavíkur lærða skóla sjeu eigi stautfærir á gríska tungu. Þegar þannig gengur hjer og annarsstaðar, þar sem lengri tíma er varið til námsins, getum vjer með rjettu dregið þá ályktun út úr þessu, að mál þessi sjeu svo mjög fallin úr hugsunarlífi þjóðanna, að það sje mjög miklum erfiðleikum bundið að ná í þeim nokkurri verulegri þekkingu, og þá er betra að sleppa þeim að öllu leyti, en að vera að lesa þau að eins til málamynda.

H. þingm. var mjög hrifinn af því, að haldin hefði verið ræða um Sokrates á grísku af þýzkum námssveini. Jeg hefði nú álitið meira vert, ef hinn sami maður hefði haldið ræðu sína á móðurmáli sínu, þýzku, hefði hann þá jafnframt sýnt það með henni, að hann skildi ljóst þá þýðingu, sem annar eins andi og Sokrates hefur haft fyrir hugsjónalíf sinnar þjóðar, og allan hinn menntaða heim, en þó að hann hafi glamrað eitthvað um Sokrates á bjagaðri grísku.

Jeg er h. þingm. Rvík. (H. Kr. Fr.) þakklátur fyrir upplýsingar þær, sem hann gaf viðvíkjandi grískunámi danskra námssveina, en hvað því viðvíkur að þeir stúdentar í Reykjavíkurskóla, sem ekki læsu grísku, mundu eigi fá Regens, þegar þeir kæmu til háskólans, þá sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að þeir menn, sem ætluðu sjer til háskólans, læsu grísku lítið eitt í 2 ár hjá kennurum latínuskólans, til þess að þeir gætu fullnægt kröfum háskólans í því efni; að minnsta kosti leggur þingsályktunartillaga vor flutningsmannanna engan þröskuld í veginn í því atriði, þar sem hún einungis fer fram á, að afnema grískuna sem skyldunámsgrein, en alls eigi að útiloka kennslu í henni frá skólanum fyrir þá, sem þess vilja æskja.

Jeg verð enn fremur að geta þess, að það er mín skoðun og jeg hef heyrt fræga vísindamenn segja, að málin sjeu í sjálfu sjer ekkert takmark, heldur að eins meðal til að ná í þá fjársjóði, sem þau hafa að geyma í ritum þjóðanna; þegar svo einnig þess er gætt, að svo mikið er ritað á málum stórþjóðanna í öllum vísindagreinum, og allt það, er merkilegt er við fornöld og fornaldarrit Grikkja og Rómverja, er þegar tekið upp í bókmenntalíf stórþjóðanna, enda menntun nútímans vaxin upp af þeim rótum, og það merkilegasta þegar komið inn í hugsunarhátt manna, þá sýnist ekki nauðsynlegt, að halda dauðahaldi við gömlu málin.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um málið, en get ekki leitt hjá mjer að mótmæla því, sem h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) sagði, að menn ekki tækju eptir því, sem þeir lesa á íslenzku, af því það væri á þeirra eigin máli. Þetta er einhver hin heimskulegasta fjarstæða, sem töluð hefur verið í þessum sal.

Þetta mál er áhugamál og sannfæringarmál mitt; jeg álít nauðsynlegt að fá meiri þekkingu í sögu, í nýju málunum, náttúrufræði og fleiru, en nú er hægt að fá í latínuskólanum, og eina ráðið til þess er að verja til þeirra námsgreina einhverju af þeim mikla tíma, sem nú er varið til grísku og latínu.

Bogi Th. Melsted: Jeg vil að eins leyfa mjer að taka það fram, að jeg ætla mjer ekki að svara þeim persónulegu ósanninda-hnútum, sem h. þingm. Snæf. (J. Þork.) beindi til mín; það hefur aldrei verið ætlan mín, að koma hjer á þing til að fara í hnútukast við hann, og vil jeg gjöra það sem jeg get til að halda því fyrir utan þingsalinn.

Það gleður mig að heyra að h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) er mjer samdóma, að það eigi að efla og glæða ættjarðarástina, en þá má hann eigi varna mönnum að nema það, sem glæðir hana mest og bezt. Það er hreinn og beinn misskilningur eða hártoganir, sem hann hafði eptir mjer um, hvernig mjer hefði þótt að nema latínu og grísku; en hann hefur að líkindum ruglazt og fengið þetta úr ósannindaræðu h. þm. Snæf. (J. Þork.). — Jeg talaði ekki eitt orð um nám mitt og jeg talaði svo skýrt, að engin ástæða var til þess að misskilja mig. Jeg talaði einungis um þá stefnu, sem rjeði í lærða skólanum, og að mjer líkaði það illa, að sjá svo miklum tíma varið til latínu og grísku, en mjög litlum tíma til þess að kenna oss það, er oss stóð næst, að íslenzk tunga, saga og yfir höfuð allt, er oss stóð næst, var vanrækt, og að því nær ekkert var kennt um það.

Jeg hef alla jafna borið mikla virðingu fyrir kennurum mínum og varazt bæði í ræðu og riti að segja nokkuð, er gæti sært þá, er jeg hef rætt þetta mál. Jeg ber meiri eða minni virðingu fyrir þeim öllum enn, og því þykir mjer það svo leitt, að heyra kennarann í íslenzku við skólann sjálfan segja, að hann taki ekki eptir því nje hugsi um það, sem fagurt er í fornritum vorum, er hann les þau, af því þau sje á voru eigin máli. Á hinu fagra í fornritunum þyrfti þó að vekja athygli unglinganna, og það ekki einungis á efninu, heldur og, hvernig orðum er að því komið, sem sagt er frá. Jeg tel það rjett vera, að leggja móðurmálið til grundvallar við alla málfræðiskennslu, og því er svo varið, að með því má æfa alla hæfileika sálarinnar, er það er kennt; með því má kenna börnunum að hugsa og kenna þeim að koma orðum að hverri fagurri hugsun, er býr í mannlegu brjósti; en nám útlendra mála æfir einkum minnið og næmið.

Björn Bjarnarson: Það er eðlilegt, að vjer bændurnir leiðum hjá oss að ræða um þetta mál, enda hefur það verið tekið fram, að bændur ættu að halda sjer frá að skipta sjer af því; en þar eð þeir eiga að greiða atkvæði í málinu, verða þeir þó að mynda sjer skoðun á því, og leyfi jeg mjer að láta í ljósi skoðun mína, og það, hvernig jeg hefi myndað mjer hana.

Þótt hinir háttv. hálærðu menn þessarar deildar hafi nú rætt mikið um málið og tekið margt fram, er mælir með því og móti, hafa þessar löngu ræður lítil sannfærandi áhrif haft á mig. Til dæmis að taka, þá sannfærir það mig lítið um gildi og nauðsyn fornmálanámsins, þó sagt sje, að frægustu prófessorar við háskóla stórþjóðanna geti ekki lagt svo út hina fornu rithöfunda, að náð verði til fulls anda og hugmyndum þeirra, eins og það birtist í fornmálinu, en ætla þó meðalgreindum námspiltum að geta náð þessu og skilið það sjer til gagns, ef þeir geta stafað sig fram úr frummálinu.

Eins virðist mjer það ekki hafa mikið sannfærandi gildi, þótt hinir háttv. lærðu menn keppist um að færa ástæður með og móti, þegar það er auðsætt, að hver togar í það ýtrasta sinn skikann í hverja áttina. Það sem jeg því helzt hneigist að, af því sem fram er komið undir umræðunum, er hin rökstudda dagskrá frá h. þm. Vestur-Skaptf. (G. G.), samanborin við ummæli og tillögur hæstv. landshöfðingja, og mun jeg því greiða atkv. með henni.

ATKV.GR.: Þá var borin undir atkvæði hin rökstudda dagskrá (324. dálki) og hún samþykkt með 14 atkvæðum gegn 4.

Frumvarp til laga um vegi (C. 186); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Af því að fundur er orðinn svo langur, skal jeg stytta sem mest þessa 1. umr.

Þegar þjóð vor er að grennslast eptir því, hvar skórinn kreppir að, og hvað einkum hamlar framförum hennar, þá er hún einatt í óvissu um margt. En um eitt atriði er hún þegar komin að fullri vissu; það efast ekki lengur nokkurt hugsandi manns barn þjóðarinnar um það, að hinar erfiðu, seinu og tregu samgöngur, eða rjettara sagt: samgönguleysið og flutningavandræðin, sje ein hennar þyngsta þraut. Þjóðinni er nú orðið ljóst, að framtíð hennar er komin undir bættum samgöngum.

Það eru tvö aðalskilyrði fyrir betri samgöngum, sem fyrst og fremst þarf að reyna að fullnægja, eptir því, sem kraptar þjóðarinnar leyfa. Annað er í því fólgið, að bæta vegina á landi og leggja þá þar sem hentast er, hitt er að fjölga skipaferðum með ströndum fram og á flóum og fjörðum.

Frumvarp þetta er tilraun til að greiða fyrir því, að hinu fyrra aðalskilyrðinu verði fullnægt sem bezt að föng eru á. Það er kunnugt hinni h. deild frá 1891; þingmálafundirnir sýna að það er einnig orðið kunnugt þjóðinni, og að ýms, og ekki fá kjördæmi, hafa fengið mætur á því.

Það gengur í fám orðum út á, að koma vegalagning vorri á rjettari rekspöl en hún hlyti að fylgja eptir gildandi lögum. Í því er fylgt sömu grundvallarreglu (principi), sem allar siðmenningarþjóðir umhverfis oss hafa fundið rjettasta: að tilkostnaður til vega skuli fara eptir flutningamagninu um þá. Mergurinn málsins í frumv. er sá, að þar skulum vjer fyrst og fremst dýra vegi gjöra, sem flutningaþörfin er mest, þótt jafnframt beri að halda nauðsynlegum landsvegum vel færum og greiðum yfirreiðar.

Jeg vona, að allir fallizt á, að principið sje rjett, en jeg legg það á vald deildarinnar, hvort henni sýnist að setja nefnd í málið eða ekki; þó vil jeg geta þess, að það var vandlega íhugað í nefnd 1891.

Björn Bjarnarson: Mál þetta er svo verulegt, að sjálfsagt er að skipa nefnd í því. Vil jeg þess vegna að eins minnast á fá atriði nú. Jeg get fellt mig við aðalstefnu frumv.; hana álít jeg rjetta; en það eru ýms ákvæði í því, sem jeg felli mig ekki við. Það er t. d. varúðarvert að fastákveða með lögum um það, sem sífelt breytist með tímanum; það getur eptir nokkur ár þótt óheppilegt, að hafa aðalvegi þar, sem það kann að þykja eiga við nú. Jeg skal benda á dæmi ýmsra af búnaðarfjelögum þeim, sem stofnuð voru um 1874; þá var ákveðið í reglum þeirra og lögum, hver störf og hvernig af hendi leyst skyldu hjóta verðlaun. Eptir fá ár þótti þetta orðið óhentugt, og var þá breytt til, og svo aptur eptir nokkur ár o. s. frv. Eins getur farið með vegafyrirkomulagið, að mönnum, sem eru menntaðir í þeirri grein (fagmenn) sýnist annað betra en oss nú.

Það mundi því praktiskara, að láta þetta vera komið undir ákvæðum stjórnarvalda þeirra, er umsjón vega og annara samgangnafæra heyrir undir, sem í þessu efni gætu stuðzt við álit og tillögur verkfróðra manna.

Mjer sýnist nefnd vera óhjákvæmileg í þessu máli og leyfi mjer því að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. með 16 : 5 atkv. Kosnir voru:

Jens Pálsson	með	20	atkv.
Sigurður Gunnarsson	—	14	—
Jón Jónsson, þm. A.-Sk.	—	13	—
Sighvatur Árnason	—	10	—

Ólafur Briem með 8 atkv.

Fyrstu umr. frestað.

Fimmtándi fundur, þriðjudag 18. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (C. 159); 3. umr.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*): Af því að þetta mikilsverða mál, allsherjarmál Íslands, hefur hingað til fengið svo rólegar og góðar undirtektir og alls engar breyt.tillögur hafa verið við það gjörðar, hygg jeg að þessi h. þingd. ætli sjer ekki að hefja umræður um það heldur á þessu síðasta stigi þess hjer í deildinni.

Jeg er háttv. þingd.mönnum innilega þakklátur fyrir þá ró, stillingu og staðfestu, sem þeir hafa nú sýnt í þessu máli. Saga máls þessa frá upphafi er öllum kunnug og umræðurnar um það fyr og síðar hafa sýnt, á hvaða grundvelli það er byggt. Það er öllum ljóst á hvaða grundvelli hin pólitiska framsókn í þessu allsherjarmáli þjóðarinnar byggist. Þó vil jeg bæta hjer við fáeinum almennum athugasemdum.

Sú frjálsræðishugsjón virðist mjer vera að skýrast meir og meir og ryðja sjer til rúms hjá hverjum einstökum manni, að hver einstakur maður eigi fyllsta rjett á að ráða sjer sjálfur innan síns eigin verkahrings, að svo miklu leyti sem það er eigi öðrum til meins. Hið sama er að segja um sveita- og sýslufjelög, að þau hafa hina sömu frjálsræðishugsjón og styðja að því, að hver sveit eða sýslufjelag megi ráða sem mest sínum eigin málum, að svo miklu leyti, sem þau eigi snerta aðra út í frá, og vor innlenda löggjöf er í sumum greinum talsvert að færast í þessa stefnu. Þegar svo loks kemur til þjóðfjelagsins, þá er það auðsætt, þegar þannig er ástatt, að þjóðin sjálf muni æskja hins sama, þess, að fá að ráða sínum eigin málum, að því leyti, sem þau eigi snerta aðra út í frá. Jeg skal bæta því við, að það er almenn hugsun, að því leyti, sem jeg þekki til, að þjóðin eigi fulla heimting á þessu frelsi, sem jeg nú talaði um. Á þessari frjálsræðishugsjón byggist hin pólitiska framsóknarstefna þings og þjóðar. Áhugi þjóðarinnar er heldur ekki að dofna, þvert á móti er hin pólitiska framsókn sannarlega að ryðja sjer meir og meir til rúms. Þingmálafundirnir nú í ár lýsa því ljóslega, þar sem raddir hafa látið til sín heyra nálega úr hverju kjördæmi landsins um, að máli þessu verði haldið fram á löggjafarþingi þjóðarinnar og því ráðið þar til heppilegra lykta.

Jeg skal svo ekki halda lengri tölu í þetta sinni, en vona, að svo mæltu, að málið fái að ganga þetta síðasta stig sitt hjer í deildinni eins vel og rólega eins og hingað til.

Að endingu óska jeg máli þessu allra heilla og hamingju í framtíðinni.

Landshöfðingi: Eins og h. flutningsmaður (Sighv. Á.) tók fram, virðist það orðið ljóst af 1. og 2. umr. um þetta mál, að h. þingdeild óski ekki að hafa miklar umræður um það. Jeg vil ekki heldur gefa tilefni til þess, að þingdeildin þurfi að víkja frá þessari reglu; en af því til er íslenzkur málsháttur, sem segir: »Þögn er sama og samþykki«, þá vil jeg lýsa því yfir, til þess að framkoma mín verði ekki misskilin, að stjórnin fylgir enn þeirri skoðun á þessu máli óbreyttri, sem tekin er fram í auglýsingunni 2. nóv. 1885. Jeg skal þess vegna láta mjer nægja að skírskota til þessarar auglýsingar og þess, sem jeg talaði um málið á þinginu 1891, þegar alveg samhljóða stjórnarskrár-

frumv. var til umræðu í þessari háttv. deild.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*): Þegar jeg heyrði ræðu hæstv. landshöfðingja, datt mjer í hug gamalt máltæki: »Svo bregðast krosstrje sem önnur trje«, því orð hans voru á annan hátt á þinginu 1891, þegar mál þetta var til umræðu. Hann tók það þá fram, »að hollara væri að fresta málinu til næsta þings, þar sem nýjar kosningar ættu fram að fara og vilji þjóðarinnar gæti þá lýst sjer enn betur«. Honum þótti framkoma þingmanna þá á þinginu ekki bera vott um samheldni í málinu, eins og heldur ekki var. Það var einmitt þessi ráðlegging hæstv. landshöfðingja, að fresta málinu til þessa þings, sem hvatti mig til að gjörast nú formælandi þess.

Samt sem áður vona jeg, að h. ráðgjafastjórn svari ekki Íslendingum allt af með þessu sama »nei«. Jeg vona að hún hafi svo bróðurlegan hug til vor, að hún vilji tala við oss og reyna að mæta löggjafarþingi þjóðarinnar að minnsta kosti á miðri leið í þessu allsherjarmáli hennar. Því þegar litið er til auglýsingarinnar 2. nóv. 1885, þá finnum vjer þar engar bendingar til málamiðlunar eða hvernig vjer eigum að fara að í þessu máli til þess að fá því verulega framgengt. En þó jeg sje ekki spámaður, þá held jeg þó, að það geti ekki lengi gengið, að neita Íslendingum um að tala við þá um málið.

Þrátt fyrir orð hæstv. landshöfðingja vona jeg þó, að allir h. þingd.m. sjeu einráðnir í því, að halda þessu máli staðfastlega áfram.

ATKV.GR.: Eptir skriflegri ósk 6 nafngreindra þingdeildarm. var viðhaft nafnakall um frumv.

Já sögðu:

Einar Jónsson, Klemens Jónsson, Benidikt Kristjánsson, Björn Bjarnarson, Björn Sigfússon, Bogi Melsteð, Guðlaugur Guðmundsson, Jens Pálsson, Jón Jakobsson, Jón Jónsson, þm. A.-Sk., Jón Jónsson, 2. þm. Eyf., Jón Jónsson, 2. þm. N.-Múl., Jón Þórarinsson, Jón Þorkelsson, Ólafur Briem, Sigfús Árnason, Sighvatur Árnason, Sigurður Gunnarsson, Skúli Thoroddsen, Þórarinn Böðvarsson, Þórður Guðmundsson, Þorlákur Guðmundsson.

Halldór Kr. Friðriksson neitaði að greiða atkvæði, með því að frumv. væri gagnstætt skoðun hans á stjórnarskrármálinu, og hann vildi ekki eyða tíma og fje til að halda málinu fram að sinni, þar sem hann þættist sjá fram á það, að ekkert ynnist við það.

Þessa afsökun tók þingd. ekki gilda og var atkvæði þingmannsins því talið með meiri hlutanum.

Var frv. þannig samþ. með 22 samhljóða atkv., auk atkv. H. Kr. Friðrikssonar, og málið síðan afgreitt til efri deildar.

Frumv. til laga um fuglveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum (C. 175, 222); 3. umr.

Flutningsmaður (Sigfús Árnason): Jeg hefi ásamt nokkrum öðrum h. þingdm. leyft mjer að koma fram með dálitla breyt.till. (C. 222) við þetta frv. Það hefir gleymzt að setja inn í frumv. ákvæði um, að amtmaður skuli synja samþykkt um staðfestingu, ef hún þykir ganga of nærri rjetti manna eða koma á einhvern hátt í bága við lög eða grundvallarreglur laganna. Þessar ákvarðanir eru teknar upp í önnur samþykktarlög, og viljum vjer með breyt.till. á þingskjali 222 koma henni inn í frumv., til þess að vöntun hennar spilli ekki fyrir málinu. Jeg hefi áður tekið það fram, hvílíkt nauðsynjamál þetta er fyrir oss eyjabúa, og skal

því ekki taka það upp aptur; en jeg vona, að það fái nú sem fyrri samþykki h. þingdeildar og verði vel með það farið á þeim vegi, sem það á enn ófarið gegn um þingið.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 222 samþykkt í e. hlj. Frumv. þannig breytt þamþykkt í e. hlj. Málið afgreitt til efri deildar.

Frv. til laga um iðnaðarnám (C. 199); 2. umr.

Björn Bjarnarson: Það er því miður svo fyrir mjer eins og máske fleirum hjer í þingdeildinni, að mig brestur svo fullkomna þekkingu á þessu máli, sem æskilegt væri að hafa á hverju því máli, sem maður á að greiða atkvæði um; en til að reyna að vera svo samvizkusamur í þessu efni, sem mjer virtist kostur á, átti jeg tal við formann iðnaðarmannafjelagsins hjer í bænum, sem einmitt átti að hafa fund í fyrradag, og mæltist til, að hann ljeti mig vita, ef mál þetta yrði rætt á fundinum og fjelagsmenn hefðu eitthvað að athuga við frumvarpið. Síðan hefi jeg engin orð fengið frá formanni fjelagsins, og ímynda jeg mjer þess vegna, að iðnaðarmannafjelagið í Reykjavík, sem er líklega hið fjölmennasta fjelag þeirrar stjettar á landinn, hafi ekkert við þetta mál að athuga, og með því jeg sjálfur hefi ekkert verulegt við frumv. að athuga, þó að máske sum ákvæði þess eigi betur við ástand Dana en vort, finn jeg ekki ástæðu til annars en að samþykkja það.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg stend ekki upp til að gjöra athugasemdir við þetta frumv., enda hefir það svo sem engum breytingum tekið síðan á síðasta þingi. Það var að eins stutt athugasemd, sem jeg vildi gjöra út af orðum h. þm. Borgf. (Bj. Bj.). Það var auðvitað ekkert á móti því, að hann leitaði álits iðnaðarmannafjelagsins, en það var alveg óþarft, því hefði fjelagið, sem er hið fjölmennasta fjelag sinnar stjettar á landinu, haft eitthvað að athuga við þetta mál, þá hefði það án efa verið búið að koma með athugasemdir sínar síðan 1891. Frumv. þetta gengur meira út á að tryggja rjett lærlinganna en lærimeistarans, enda virðist það líka rjett og eðlilegt, þar sem lærlingar opt eru lítilmagnar, sem koma víðsvegar að af landinu og eiga fáa eða engan að á þeim stað, sem þeir eiga að dvelja á við námið.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 20 atkv., 2.—6. gr. samþ. í e. hlj., 7. gr. samþ. með 22 atkv., 8. og 9. gr. samþ. í e. hlj., 10. gr. samþ. með 19 atkv., 11. gr. samþ. í e. hlj., 12. gr. samþ. með 21 atkv., 13.—15. gr. samþ. í e. hlj., 16. gr. samþ. með 21 : 1 atkv., 17. gr. samþ. með 22 atkv., 18. og 19. gr. samþ. í e. hlj., 20. og 21. gr. samþ. með 22 atkv. Fyrirsögn frumv. álitin samþykkt án atkvæðagr. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um brúargjörð á Þjórsá (C. 101, 197); 2. umr.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg finn ekki ástæðu til að bæta neinu við nefndarálitið, sem h. þingdm. hafa fyrir sjer, og það sem jeg tók fram um þetta mál við 1. umr. Jeg vona að eins, að frumv. verði samþykkt óbreytt eins og nefndin ræður til. Jeg skal bæta við einni ástæðu til þess, að nefndin ekki hefir ráðið til, að áætlunin um brúarkostnaðinn verði færð niður; það er sú ástæða, að áætlunin um »sementið« er nokkuð lág. Sömuleiðis er áætlunin yfir kostnaðinn við

bygging annars brúarstöpulsins ef til vill líka nokkuð lág. Að vísu hefir komið tilboð um að gjöra hverja kubikalin fyrir 3 kr. og 50 au., en í því tilboði er tekið fram, að það geta verið sjerstakir örðugleikar við að búa um undirstöður annars stöpulsins, sem geta aukið kostnaðinn nokkuð. Annað hefi jeg ekki að athuga.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpsgreinin samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 84, 116); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg ímynda mjer óþarft að fara að eyða orðum um þetta mál að svo stöddu, þar eð engin breyt.till. hefir komið fram, og ekki er leyfilegt við þessa umræðu að fara út í hinar einstöku greinar, en síðar mun gefast kostur á að ræða það. Það var að eins eitt, sem jeg vildi leyfa mjer að vekja athygli á, að við prentun á nefndarálitinu hafa nöfn 2 nefndarmanna fallið burt, og kynni þetta ef vill að valda misskilningi, þannig, að menn hjeldu, að nefndarmenn hefðu ekki orðið á eitt sáttir, en því er ekki þannig varið; nefndin var samdóma um nefndarálitið og allir skrifuðu undir það; en, eins og jeg tók fram, þá hafa þessi 2 nöfn við prentunina fallið burt. Jeg sje nú, að á þeirri örk alþ.tíð., sem síðast var útbýtt hjer í deildinni, hefir þetta verið leiðrjett, og vona jeg því, að það hjeðan af valdi engum misskilningi.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (C. 79, 220); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Klemens Jónsson*): Frumv. það, er hjer liggur fyrir h. deild, er enginn nýr gestur; það kom fram á síðasta þingi og gekk í gegn um efri deild, kom svo hingað til neðri deildar, en var fellt hjer frá 2. umr. með 12 : 11 atkv.

Frumv., eins og það er nú, er í sama formi og það var samþykkt í efri deild 1891, en þá höfðu verið gjörðar á því að eins 2 efnisbreytingar frá því sem það var frá stjórnarinnar hendi. Breytingarnar eru þær, að eptir stjórnarfrv. var friðunartíminn á helgidögum þjóðkirkjunnar frá 9—4, en þessu var breytt þannig, að friðunartíminn nær yfir allan daginn til miðaptans. Hin breytingin er sú, að eptir stjórnarfrv. máttu kaup og sölur fara fram til kl. 9 á morgnana, en eptir þessu frv. eru kaup og sölur bannaðar allan daginn. Það er engin ástæða til að eyða mörgum orðum um frumv. eins og það nú liggur fyrir, meðan engin mótmæli koma, enda eru í nefndarálitinu teknar fram þær ástæður, sem komu meiri hluta hennar til að aðhyllast frumv. óbreytt. Jeg finn einungis ástæðu til að taka eitt atriði fram, og það er, að nefndin gat ekki sjeð, að það væri á rökum byggt, sem kom fram í umræðunum 1891 og nú við 1. umræðu, að þetta frumv. gæfi húsbændunum heimild til að skylda hjú sín til vinnu á helgum dögum. Nefndin íhugaði frv. ítarlega grein fyrir grein og fann ekki, að frumv. færi í þá átt, að húsbændunum veitist vald til að skipa hjúum sínum vinnu á þessum dögum, og áleit það svo ljóst, að engin ástæða væri til að gjöra breytingartillögur til að útskýra það betur. En nefndin vildi þó gjarnan taka þetta beint fram í lögunum, til þess að fyrirbyggja allan misskilning í þessu efni, en hún

gat hvergi komið því við, því með því hefði verið gefið í skyn, að húsbændur hefðu þetta vald yfir hjúum sínum eptir frumv., sem ekki er tilfellið. En ef einhver hinna h. þingdm. sæi ráð til að ráða bót á þessu, þá er nefndin fús til að taka það til greina, þó það sje álit hennar, að frumv. fari ekki í þá stefnu og eigi heldur ekki að gjöra það.

Í neðri deild 1891 var frumv. þetta rætt með miklum hita og þá tekið fram, að það mundi deyfa guðræknistilfinningu þjóðarinnar og leiða til drykkjuskaparóreglu, sem nú er svo mjög verið að berjast á móti, og það með rjettu, en jeg álít, að ef menn yfirvega ákvæði frumvarpsins með gætni og stillingu, þá sjái menn, að svo er ekki. Jeg vildi því óska, að menn við þessar umræður vöruðust allan hita, sem aldrei getur orðið málinu til neins góðs.

Ólafur Briem: Mjer getur eigi dulizt, eins og tekið hefir verið fram, að nauðsynlegt sje að endurskoða helgidagalöggjöfina, því ákvæði hennar eru svo óljós, að ekki er hægt að vita fyrirfram skilyrðislaust, hvaða vinna er leyfileg á helgum dögum og hver ekki. Að minnsta kosti hefir komið fram vafi í þessu efni, þegar mál hafa verið höfðuð gegn mönnum út af helgidagsbrotum, eins og stundum hefir átt sjer stað. Þetta frumvarp hefir þó þann kost fram yfir hina eldri löggjöf, að ákvæði þess eru í flestum greinum nokkurn veginn skýlaus, og þó þau sjeu ekki eins ströng, þá fæ jeg ekki sjeð, að þar af leiði nein skerðing á helgi hvíldardagsins. Jeg geng út frá því, að flestir h. þdm. sjeu mjer samdóma um, að vinna yfir höfuð sje engin vanhelgun á tíma. Við vinnu sína getur maður líka haft guðrækilegar hugleiðingar og það enda engu síður en þó hann sje iðjulaus.

Hinar helztu mótbárur sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tók fram að komið hefðu mót frumv. voru þær, að vinna væri leyfð á sunnudögum eins og aðra daga og að húsbændurnir mundi þá nota sjer það og kúga hjú sín til vinnu, en jeg er ekki neitt sjerlega hræddur við það; því hitt mun eins títt, að hjúin setji húsbændunum kosti, eins og að húsbændur kúgi hjúin, en ef ráða ætti bót á þessu, þá lægi næst að taka það fram í hjúalögunum.

En um hitt get jeg ekki verið samdóma h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að ákvæði frumv. hafi engin áhrif í þessa stefnu, því í hjúalögunum er tiltekið, að húsbændum sje leyfilegt, að skipa hjúum sínum vinnu á hverjum þeim tíma, sem vinna er leyfð, og þá einnig á sunnudögum, kæmist þetta frv. í gegn. En jeg geng út frá því að húsbændurnir gjöri það ekki, nema með því móti að þægjast hjúinu fyrir það sjerstaklega, eða veita því annan tíma til hvíldar í þess stað, en þætti ástæða til að óttast, að húsbændur misbeittu valdi sínu í þessu tilliti, þá væri ávallt hægt að koma í veg fyrir þetta með lögum.

Annar helzti agnúinn á frumv. er sá, að vínveitingar eru leyfðar á helgidögum, en á nefndarálitinu er ekki auðið að sjá, hvort nefndin vildi ganga inn á breyttill. í þá átt, að bann væri lagt gegn vínveitingum á þeim dögum. Mjer virðist engin ástæða til að leyfa vínsölu þegar önnur sala er bönnuð, og það gæti jafnvel verið ástæða til að leyfa almenna sölu í sjerstökum tilfellum, t. d. þegar menn eiga sjóleiðis að sækja langan veg í kaupstað og menn koma þar á helgum degi, eptir að hafa tafizt á leiðinni sökum veðurs o. fl., en af því þessi tilfelli koma svo sjaldan fyrir, sje jeg ekki ástæðu til þess að nein undantekning sje gjörð þeirra vegna. En um aðalagnúann, sem mjer finnst vera á frumv., hið ótakmarkaða

leyfi, sem veitingamenn hafa samkvæmt því til að selja og veita vín á helgum dögum, veit jeg að margir h. þingdeildarmenn eru mjer samdóma og mun jeg því reyna að koma mjer saman við þá um breytingar í þá átt, að sala áfengra drykkja og vínveitingar yfir höfuð á helgidögum verði algjörlega bannaðar.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil reyna að færa mjer í nyt heilræði h. 1. þm. Eyfirð. (Kl. J.), og tala með rósemi og stillingu um þetta frumv., og það er því hægra þar sem ekki er leyfilegt að fara út í hinar einstöku greinar, en vildi að eins geta þess, að jeg vil fá breytingar við frumv. H. framsögum. (Kl. J.) vísaði til nefndarálitsins, en jeg verð að segja, að allan þann tíma sem jeg hef setið á þingi, og eru það þó ekki allfá ár, hef jeg aldrei sjeð því líkt nefndarálit. Það er að sjá sem báðir flokkarnir, bæði meiri og minni hlutinn, hafi verið samdóma um, að það sem til frumv. sjálfs kæmi, þá væri það eins og latneski talsháttarinn segir: »noli me tangere«, snertið mig ekki! Það er eins og þeim hafi fundizt, að þetta frumv. væri svo úr garði gjört, að engin tiltök væru að það gæti orðið betra. Þó jeg með sjálfum mjer vilji helzt með hvorugum hlutanum vera, þar sem jeg vil breytingar, þá hallast jeg þó meir hvað skoðunina snertir að hinum fáliðaða minni hluta, sem hafði þó dug og áræði til að gjöra ágreiningsatkvæði. En með hinum mannsterka meiri hluta ætla jeg þó að kjósa líf —, líf til næstu umræðu, svo tilraun megi gjöra til að umbæta það og hlúa að því.

H. þm. Skagf. (Ól. Br.) sagði, jeg held jeg muni það rjett, eða hafi skilið það rjett, að guðræknislegar hugsanir gætu eins átt sjer stað við vinnuna, eins og á þeim stundum, sem sjerstaklega eru til þess ætlaðar í húsi hans, sem er vor allra skapari og drottinn. Jeg hef heyrt líkt fyrr um dagana, og jeg vildi óska að jeg þyrfti ekki að heyra það optar. Það er ekki leyfilegt að fara út í hinar einstöku greinar og fjölyrði jeg því ekki meir um þetta mál. Jeg stóð upp, til að láta í ljósi hversvegna jeg vildi greiða atkvæði með því, að málið gengi til 2. umr., en það er af því, að h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) o. fl. hafa látið á sjer heyra, að þeir vildu gjöra breytingartill. við það, og væru þær rækilega gjörðar, væri ekki óhugsandi, að samþykkja mætti frumv., þó að það sje ef til vill til nokkurs mikils ætlast, þar sem hinn mannsterki meiri hluti sá sjer það ekki fært, að gjöra neinar breytingar. Jeg er þó einráðinn að reyna að gjöra breyt.-till., ef vera kynni, að frumv. gæti, eptir minni skoðun, orðið svo, að það væri ekki verra, heldur betra en lög þau, sem nú eru í gildi.

Einar Jónsson: Ef þetta frumv. nær fram að ganga, þá verður það hin einu lög sem gilda um helgihald, því öll hin eldri ákvæði um það efni á að nema úr gildi. Ef jeg nú skoða efni frumv.ins, þá eru aðalatriði þess þetta, að banna alla hávaðasama vinnu eða sem hefir skarkala í för með sjer, og sem raskað getur friði helgidagsins allt til miðaptans; ennfremur má ekki halda veizlur eða hávaðasama fundi á sama tíma, þ. e. til miðaptans. En eptir þann tíma má bæði vinna hvað sem vill og halda alls konar fundi, hversu hávaðasamir sem þeir kynnu að verða. Öll kaup og sala er bönnuð allan daginn, nema veitingasala, og, eins og sjálfsagt er, lyfsala; vínsala má þannig fram fara allan daginn inni í húsi veitingamannsins; það er að eins út úr húsinu, sem hann má ekki selja nema tilbúinn mat. Jeg fæ ekki betur sjeð

en þessi ákvæði sjeu ónákvæm og ósamkvæm, og felli mig miklu betur við ákvæðin í hinum eldri lögum. Það virðist mega fá út úr þessu frumvarpi, að þar sem að eins öll hávaðasöm vinna er bönnuð, þá sje að sjálfsögðu öll önnur vinna leyfð, sem fyrir háreystis sakir raskar ekki friði helgidagsins, og eptir því má t. d. kenna í skólum, vinna öll heyverk og stunda sjóróðra og flest önnur verk, sem nú eru bönnuð. Aptur á móti má sveitarnefnd ekki halda fund á helgum degi, ekki einu sinni eptir miðaptan, sem nú er þó leyfilegt þegar eptir messu, ef henta þykir, enda er það mjög heppilegt ákvæði að mínu áliti og flestra þeirra sem til þekkja, hvernig hagar til í sveit. En þar á móti mega almennir málfundir haldast um hvert málefni sem vill, og það jafnvel meðan guðsþjónusta stendur yfir í kirkjunni. Þetta þykir mjer vera undarleg og óviðfelldin ákvæði. Það er álitið raska friði að halda sveitarnefndarfund jafnvel eptir miðaptan, en vínsala og veitingar er ekki álitið að raska friði. Það hefir verið tekið fram, að takmörkin milli þess sem má gjöra og ekki má gjöra í hinni núgildandi löggjöf sje óljós og vafasöm, en jeg fæ ekki betur sjeð en þau sjeu það engu að síður hjer. Að endingu skal jeg geta þess, að þó jeg viti að von sje á breytingum, þá get jeg ekki búizt við, að þær verði svo miklar, að frumv. verði viðunandi, og greiði jeg því atkvæði á móti því að það gangi til 2. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg var með í nefnd þeirri, er sett var í þetta mál, og hef verið svo óheppinn að lenda í minnihluta einn míns liðs, af því mig brast gæfu til að geta fylgt hinum eptir á friðarins helga vegi. Það var mitt álit á þessu frumvarpi, að ákvæðin sjeu svo óákveðin og teygjanleg, að það geti ekki orðið til bóta eða betra en þau lög er nú gilda. Jeg vil að eins benda á ákvæðin um hvað lagt er við brotum gegn lögunum, 10. gr. borin saman við 11. gr., og mundu sektirnar undir mörgum kringumstæðum verða þýðingarlausar. Það er rjett að mínu áliti að í þessu frumv. er ekkert það er gefi húsbændunum rjett til að skipa hjúum sínum vinnu, en í raun inni yrði það svo, að hin sjálfstæðari og tápmeiri hjúin, sem húsbændur opt verða að lúta fyrir, tækju ekki í mál að vinna neitt þessa daga; þar á móti lenti það allt á hinum kjark- og tápminni hjúunum, og það er ekki rjett, því opt eru það einmitt beztu hjúin. Það gæti verið að jeg gæti aðhyllzt einhverjar breytingar, ef þær kæmu fram við frumv. og færu fram á að gjöra það ljósara og ákveðnara, og er þá ekki óhugsandi að frumv. gæti lagast svo, að jeg gæti samþykkt það; jeg ætla því ekki að greiða atkvæði móti því, að það gangi til 2. umr., og sjerstaklega þar sem fleiri hafa látið í ljósi, að þeir ætluðu að gjöra breytingar við það, vildi jeg reyna að leita samkomulags við þá.

Framsögumaður (*Klemens Jónsson*): Jeg hef ekki miklu að bæta við það, sem jeg hef áður tekið fram.

H. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) var í flestum greinum samþykkur nefndinni, og get jeg að svo miklu leyti aðhyllzt það sem hann hefir sagt, en með vínveitingasöluna greinir hann og nefndina á. En jeg get lýst því yfir fyrir hönd nefndarinnar, að hún vill eigi halda dauðahaldi í vínsöluna á helgidögum, eða álíti hana svo þýðingarmikið atriði, að frumv. ætti að standa og falla með henni, þó jeg fyrir mitt leyti ekki geti sjeð neitt á móti því, þó menn gangi inn á veitingahús, t. a. m. eptir kl. 6 á sunnudögum, og fái sjer þar eitt glas,

fremur en önnur kveld, en af því að jeg sje að margir hneyxlast á þessu, og jeg veit að nefndinni er þetta ekkert kappsmál, þá ímynda jeg mjer að hún verði sveigjanleg hvað þetta snertir.

H. varaforseti (Þ. B.) fann það að nefndarálitinu, að það er svo stutt, og tók það fram að allan þann langa tíma, sem hann hefði setið á þingi, hefði hann aldrei sjeð þvílíkt nefndarálit; þó það auðvitað sje eigi auðgert í fljótu bragði að rannsaka öll þau nefndarálit, sem komið hafa fram allan þann tíma sem varaforseti hefir setið á þingi, þá vill það einmitt svo vel til, að jeg datt hjer ofan á nefndarálit, frá síðasta þingi í tíðindunum, sem jeg hef hjer fyrir framan mig, sem er einmitt 1 línu styttra en þetta, og þó það reyndar hafi komið fram í efri deild, þá hlýtur það að vera hinum h. varaforseta (Þ. B.) kunnugt.

Það lýtur ekki út fyrir að h. 2. þm. N.-Múl. (E. J.) hafi lesið hina eldri helgidagalöggjöf niður í kjölinn, þar sem hann álítur hana vera nákvæmari en þetta frv.; því það hefir einmitt verið viðbrugðið, hvað þessi löggjöf væri skilin á ýmsan veg hjá hinum ýmsu lögreglustjórum og þar af leiðandi væri henni framfylgt á mjög mismunandi hátt í hinum ýmsu hjeruðum landsins, eða þó öllu helzt alls ekki fram fylgt. Það mun og vera af misskilningi hjá sama h. þm. (E. J.), þar sem hann álítur að frv. banni sveitarfundi eptir messu og finnur í því ósamkvæmni í frv.; því jeg álít að það sje vafalaust, að tjeðir fundir falli undir ákvæði 7. gr., og falli það ekki undir það ákvæði, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að það verði tekið beint fram með breytingartillögu.

Hvað h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) snertir, þá álít jeg það hreinustu ósamkvænmi hjá honum, að ætla nú að greiða atkvæði á móti því að frv. gangi til 2. umr. og enda helzt fella það strax, þar sem hann á síðasta þingi við nafnakall greiddi atkvæði með því, að það gengi til 2. umr. þá á þinginu.

Jens Pálsson: Þegar jeg sá, að frv. þetta var sent aptur, eptir þau úrslit, sem það fjekk hjer á þinginu í hitt eð fyrra, þá varð jeg hissa; já mig furðar á þessum aldanska, hámóðins Kaupmannahafnarbúningi, sem það er íklætt. Jeg skil ekki, hvað það á að gera hjer í þessum búningi; jeg verð að álíta, að hann eigi ekki við oss Íslendinga, og sje eigi sniðinn að vorri þörf. Eitt er víst, að frv. er óþarfa sending.

Jeg skal ekki fara mörgum orðum um, út á hvað það gengur; jeg get ekki betur sjeð, en að það fari fram á afnám helgidagsins sem hvíldardags.

Þau lög, sem nú gilda í þessu efni, veita vinnufólki frið á helgidögum, nema þegar einhver sjerstök vinna, sem ómögulega má fresta, kallar. En jeg fæ ekki betur sjeð en að þetta frv. taki þennan frið burt, og hafi vinnu-aðkallsófrið í för með sjer.

Jeg ætla að hugsa um frv., eins og það í huga mínum væri lifandi í framkvæmdinni. Jeg sje þá ekki betur en að hver húsbóndi, sem er svo vel látinn, að hjúin vilji gera eitthvað fyrir hann, ekki að tala um ef hann er vinnuharður, ötull og kappsamur til ávinnings, geti fengið hjú sín til að vinna alla þá helgidaga, sem hann vill, enda mundi húsbónda heimilt að skipa hjer um bil hvaða verk sem er fyrir kl. 6, og öll verk eptir 6, eins og 1. h. þm. Skagf. (Ól. Br.) tók fram. Þá helgidaga, sem gott væri veður og nóg að starfa, mundi kirkjan lokast; en hjer er bót í máli, negativ bót — önnur hús mundu opnast í staðinn, veitingahúsin.

Jeg legg fyrir mig þessar 3 spurningar: Er þetta til góðs? Er það siðbætandi? Er það heilsusamlegt hjer, eins og ástatt er? Verður það hollt í

heilsusamlegu tilliti að rýra hvíld hins 7. dags, og vinna hvern dag frá morgni til kvölds? munu menn verða ötulli og hæfari til verka sinna fyrir þetta? Nei, jeg hygg, að menn mundu verða sljórri og afkastaminni, og þetta mundi verða til heilsuspillis fyrir verkafólk, bæði á sálu og líkama. Jeg get tekið undir með h. þm. Árn. (Þorl. G.), þar sem hann sagði, að ef þetta frv. yrði að lögum, þá mundu skerðast mannrjettindi þeirra vinnuhjúa, er meinhægust væru og minnst gengju eptir rjetti sínum.

Það er að mínu áliti ískyggilegt að innleiða svona lög. Þau mundu ekki verða til gagns, heldur beinlínis til skaða.

Jeg fæ í annan stað ekki sjeð, að frv. þetta verði til nokkurra siðbóta. Þvert á móti. Samkvæmt því má halda veitingastöðum opnum á helgidögum. Þegar þau hús eru opin, eru freistingar fleiri, og þegar freistingum fjölgar, má ganga að því vísu, að föllum fjölgi að sama skapi. Jeg sje ekki betur en að þetta leiði til spillingar, einkum fyrir æskulýðinn í kaupstöðum. Svo jeg eigi þreyti menn, skal jeg ekki fara lengra út í þetta atriði; en jeg ætla að eins að minnast á nokkur atriði í ræðu h. framsögum. (Kl. J.).

Hann áleit það eðlilegt frjálsræði og máske nauðsynleg mannrjettindi, að geta gengið inn á veitíhús á helgidögum eptir kl. 6. En frv. leyfir það eigi að eins eptir 6, heldur allan hvíldardaginn.

H. sami þm. tók það fram sem aðalgalla á hinum gildandi lögum, að þau væru svo óákveðin og erfið að framfylgja, vegna þess, að undantekningarnar væru svo margar. Maður skyldi halda, að þetta frv., er h. framsögum. mælir svo mjög með og ræður til að samþykkja, væri sjerlega ákveðið og kvæði skýrt á um, hvað væri leyfilegt og hvað ekki. En það er öðru nær. Jeg fæ ekki betur sjeð en að frv. í heild sinni sje eintómar undantekningar frá aðalreglunni, sem er að leyfa alla vinnu, en í frv. er aðeins það talið, sem eigi má vinna, þ. e. a. s. það er leyfilegt að vinna alla vinnu, nema þá, er hefir skarkala í för með sjer, o. s. frv.

Samt sem áður, þótt frv. þetta, eins og það nú liggur fyrir, sje með öllu óaðgengilegt, þá fylgi jeg þó við það þeirri reglu minni, að greiða atkv. með þeim málum, sem nokkur von er til að verði umbætt við síðari umr., því jeg tel víst, að gjörð verði tilraun til stórra breytinga við 2. umr. þessa máls. Gef jeg því máli þessu atkv. mitt til 2. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal ekki vera langorður. Jeg vildi aðeins svara h. framsögum. (Kl. J.) þessa máls. Jeg held að hann hafi sjálfur misskilið sinn skarpa skilning, er hann skildi ekki í ósamkvæmni minni, þar sem jeg í hitteðfyrra í nafnakalli greiddi atkv. með frv. þessu. Það er misskilningur hjá h. þm. (Kl. J.), ef hann heldur, að jeg sje skyldugur til að fylgja því atkvæði, er jeg hefi greitt einhvern tíma áður. Jeg get haft fulla ástæðu til, að skilja frv. öðruvísi nú en þá, og vona jeg að enginn álíti, að jeg sje þar fyrir utan rjett minn, eða þetta sje ósamboðið mjer sem þingmanni.

Framsögumaður (Klemens Jónsson): Jeg þarf ekki að svara h. þm. Dal. (J. P.) mörgu. Allur fyrri partur ræðu hans átti ekki við hjer, en hefði átt betur við, ef um hjúalög hefði verið að ræða. En hann misskilur algerlega samband þessa frv. við hjúalögin, og það hefir verið tekið fram skýrt og skorinort, að þetta frv. gerir enga röskun á ákvæðum þeirra. En ef hann er svo hræddur við þetta, þá sje jeg ekkert á móti því, að gerður sje viðauki við hjúalögin í þá átt, að húsbændum sje bannað að skipa hjúum vinnu á helgidögum.

Jeg er ekki svo skynsamur, að jeg

geti sjeð, að frv. þetta í heild sinni sje ein undantekning frá aðalreglunni. Þvert á móti. Það er ein aðalregla með fáeinum undantekningum, þar sem eldri lögin eru tómar undantekningar, og þær auk þess mjög vafasamar og óljósar, eins og opt hefir verið tekið fram.

Jeg er að öðru leyti h. þm. (J. P.) þakklátur fyrir, að hann er svo frjálslyndur að hleypa máli þessu til 2. umr., ef vera mætti að menn þá gætu komið sjer saman um það með nokkrum breytingum.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) vil jeg aðeins svara því, að hann hefir sjálfsagt fullkomið leyfi til að halda þeirri æðri og betri upplýsingu, er hann hefir öðlazt síðan í hitt eð fyrra.

Guðlaugur Guðmundsson: Það hafa verið tekin fram ýms atriði með og móti þessu frv.; en þó vil jeg enn gera nokkrar athugasemdir við það.

Jeg er einn af þeim, sem álíta að þetta frv. sje ekki svo mikils vert, að það sje ástæða til fyrir þingið að eyða tíma til þess, og mun það sýna sig, ef það er grannskoðað.

Mjer verður fyrst fyrir að minnast á það ákvæði, sem gerir síðara hlut sunnudagsins að rúmhelgum degi, áhrif þess á hjúalögin og samband við þau. Það hefir verið sagt í því sambandi, að sunnudagur sem helgidagur og sunnudagur sem hvíldardagur standi í engu sambandi. En ef þeir, sem þetta halda, athuga vel 16. gr. í hjúalögunum, munu þeir sjá, að þetta er eigi svo. Jeg er sannfærður um, að sú verklega afleiðing af þessu ákvæði verður sú, að hjú verða skylduð til að vinna hvaða vinnu sem er, á sunnudagskveldum, og að allir húsbændur nota sjer það og láta þau vinna. Undantekningar þar mundu verða örfáar.

Þessu frv. hefir verið talið það til gildis, að það bæti úr eldri lögum, að því er snertir glöggleik. Jeg vil ekki segja að það sje eins rúmt og teygjanlegt sem hin fyrri lögin, en margt er í því, sem má teygja æðimikið. Hjer er haft orðið »skarkali«, er »hljóti að raska frið helgidagsins«. Hver getur sagt hvaða skarkali eða hvað mikill skarkali það er, sem hlýtur að raska friði helgidagsins? Hjer er talað um verk, er »eigi má fresta«, og verk sem »miða til að bjarga og hjálpa«. Hver getur afmarkað þær hugmyndir skýrt og skarpt, sem í þessum orðatiltækjum felast? Er þetta í nokkru ljósara en orð tilsk. 1855, þar sem talað er um »skarkala«, »ónauðsynlega vinnu«, »heyhirðing«, þegar nauðsyn krefur o. s. frv.? Þótt þessi ákvæði sje ef til vill nokkru ljósari en í eldri lögunum, þá er munurinn þó eigi mikill, og mun ekki tilvinnandi að verja fje og tíma til breytingarinnar vegna hans.

Jeg vil líka benda á, að þar sem vafasöm lög eru, þá er varasamt að setja önnur vafasöm í staðinn, því að þá fyrst kemst allt á fullkomna ringulreið.

Það er að minni meiningu vel unandi við helgidagalögin, sem eru, og hafa þau enzt oss vel nú í 40 ár. Jeg get ekki sjeð að þjóðinni sje nokkur voði búinn af þeim. En um þetta frv. get jeg ekki sagt hið sama. Því að þjóðinni stendur voði af þeim ákvæðum, sem hjer eru um verzlun og veitingastaði. *(Kl. Jónsson*: Verzlun er ekki leyfð, sjá 2. gr.). Já, að minnsta kosti eru lyfjabúðir undanþegnar þessu banni, og um veitihúsin gildir það, sem jeg hefi sagt. Og jeg vil benda á, að af því er þjóðinni búinn voði. Veitingahús eru tíðust í kaupstöðum, en þar eru og flestir unglingar. Einmitt á helgidögunum eru þeir á slæpingi um göturnar, ef jeg mætti svo að orði kveða, og leiðast þá til að sitja á gildaskála

og drekka, ef þess konar stöðum er ekki lokað. Þetta hefir farið minnkandi hjer í Rvík hin síðustu ár, og þykir mjer ástæða til að álíta að það sje afleiðing af því, að gildaskálum er læst á sunnudögum. Væru slíkir veitingastaðir opnaðir aptur á helgidögum, mundi skjótt sækja í sama horfið aptur og drykkjuskapur aukast. Hvort h. deild álítur þetta samkvæmt vilja þjóðarinnar eða ekki, það get jeg ekki vitað, en hitt veit jeg, að fæstir munu telja vöxt drykkjuskapar þjóðum til heilla eða sóma. Og víst er það, að allflestir þingmálafundir hafa látið það í ljósi, að þeir vildu minnka drykkjuskap sem mest. Jeg vil alls ekki segja að tilgangur frv. sje að efla drykkjuskap, en faktiskt verður það til þess, að auka hann.

Frv. vill láta menn geta notið helginnar í friði og iðkað guðrækni án ónæðis. En gáum nú að, hversu því tekst að ná þessum tilgangi sínum með þessum og þvílíkum ástæðum. Það er opt að veitingahús eru í sömu götu sem kirkjan. Ef menn sitja þar við drykkju gæti vel svo farið, að þeir yrðu ölvaðir og gleptu fyrir þeim, sem úr kirkju koma, enda er það óvíst, hvort meira aðdráttarafl hefði á helgum dögum, kirkjan eða brennivínsbúðin. Frv. þetta mun því á engan hátt bæta siðferði manna. En auk þess, sem jeg nú hefi talið, eru á því margir aðrir gallar. Jeg vonaði allt af að nefndin mundi gera á því einhverjar þær breytingar, er væri aðgengilegar, því að henni var það innanhandar. En það hefir hún ekki gert. Jeg álít lítt mögulegt að bæta frv. svo að það verði aðgengilegt og mun ekki gefa því atkvæði mitt til annarar umr.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal ekki vera fjölorður um málið að þessu sinni, sjerstaklega af því, að þetta er framhald 1. umr. og því ekki kostur á að fara út í einstakar greinir frv.

Það munu flestir viðurkenna, að nauðsyn sje að breyta hinni eldri helgidagalöggjöf. Það getur vel verið, að óljós orðatiltæki komi fyrir í frumv. þessu, og að þau þurfi skýringar við, en þá er ekki annað fyrir þá, er þykja einhver ákvæði frumvarpsins óskýr, en að koma til 2. umr. með breyt.till., er skýri það. (*Guðl. Guðmundsson:* Það er ekki hægt). Jú, víst er það hægt. Það er merkilegt, að verið er að skírskota til þess, að frumv. þetta heimili vínveitingar á helgum dögum, þar sem þó stendur með skýrum orðum í frumv., að bannað sje að hafa sölubúðir opnar á helgidögum, og öllum sölumönnum; því að þau orð verða einnig að ná til veitingamanna, og sömuleiðis er veitingamönnum ekki leyft að selja út úr húsum sínum annað en tilbúinn mat. (*Sk. Th.:* H. þm. þarf að lesa frumv. betur). Jeg hef lesið það. Niðurlag síðustu greinar nefnir hreina undantekning. Það vita allir, að það getur verið brýn nauðsyn að vinna á sunnudögum bæði á undan og eptir messu. Það er hart, ef menn mega ekki nota sunnudag á vorin eða á sumrin til að koma fiski undan skemmdum, en svo hefir það verið; jeg veit dæmi til, að menn hafa orðið fyrir sektum fyrir að hafa unnið að fiskverkun á sunnudegi, þótt nauðsyn bæri til að nota sunnudaginn til fiskverkunar sökum óþurrka annars. Slíkt sýnist mjer lítt þolandi; jeg verð meira að segja að telja það með öllu óþolandi að verða að gjalda sektir fyrir það að vinna nauðsynjaverk á helgum degi. Jeg vil spyrja h. þm. V.-Skaptf. (G. G.), hvort sje meira siðspillandi að verða að brjóta lögin

sektalaust eða hafa þau svo frjálsleg, að hægt sje að vinna í lagaleyfi, það sem nauðsyn býður? Er það ekki meira siðspillandi að banna að vinna það á helgum dögum, sem þó er unnið, hvað sem lögin segja, og það látið viðgangast sektalaust, en hreint og beint að leyfa það? Þegar svo er komið, að menn fara að brjóta einhver lög, þá fara þau að verða þýðingarlaus, og svo má eflaust segja um opna brjefið frá 1860. Já, meira að segja, þau verða meira en þýðingarlaus; þau verða beinlínis skaðleg, því að við það að brjóta ein lög, missa menn sjónar á helgi laganna yfirhöfuð. Jeg álít það mikla bót, að fá frumv. gjört að lögum. Jeg játa að vísu, að það kunni að hafa einhverja galla, en það eru ekki þeir gallar, að ekki sje hægt að bæta úr þeim til 2. umr. Það er hægt að sneiða hjá óljósum orðatiltækjum og taka í stað þeirra ótvíræð ákvæði. Jeg vil t. d. gjarna fá inn í frumv. ákvæði um, að hve miklu leyti húsbændur geti skipað hjúum vinnu á helgum dögum. Jeg vil láta taka það fram, að þeir megi ekki skipa þeim þá vinnu, er hindri þau frá kirkjugöngu. Jeg er samdóma í þessu þeim, sem vilja, að ákvæði í þessa átt sjeu sett inn í frumv., því að vjer vitum, hve ónákvæmir samningar milli húsbænda og hjúa eru, og þar að auki varla nokkurn tíma skriflegir; hjúin geta nálega fyrir þær sakir gjört það, sem þau vilja, og húsbændurnir sömuleiðis boðið þeim hvaða vinnu sem er. Jeg treysti því, að frumv. fái að ganga til 2. umr., og vona jeg, að þá komi fram við það breyt.till. því til bóta.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg verð fyrst að gera þá afsökun við h. framsögum. (Kl. J.), að jeg hafði ekki tekið eptir því, að eins stutt nefndarálit hafði komið frá h. efri deild, eins og nefndarálitið í þessu máli, en jeg verð þó að taka það fram, að það nefndarálit snerti að eins nokkrar tölur, en ekki eins þýðingarmikið og umfangsmikið mál eins og þetta er.

Jeg þótti kveða allharðan dóm upp yfir frumv., en ekki hefir það fengið vægari dóm hjá h. þm. Dal. (J. P.) og þm. V.-Sk. (G. G.), þótt sá dómur sje ekki ofharður, eptir því sem jeg skil frumv. Manni getur dottið svo margt í hug, og mjer datt í hug þetta forna: »Nihil sancti, nihil veri, nulla religio«; jeg segi ekki að þetta eigi við frumv., en ósjálfrátt datt mjer það í hug í sambandi við það; mjer finnst frumv. bera of lítinn keim af því sem heilagt er, af því sem satt er, og af þeirri trú, sem byggð er á guðsorði. Jeg skal ekki fara lengra út í þetta, en jeg álít, að frumv. kæmi sjer betur í öðrum löndum en á Íslandi, að það kæmi sjer betur þar, sem fjöldi fólks býr í kaupstöðum. Það sem mjer hefir þótt að umræðunum í dag, er, að mjer hefir virzt, að farið hafi verið lengra út í efni frumv. og einstakar greinar en ástæða er til við 1. umr., að minnsta kosti vil jeg ekki leyfa mjer að fara eins langt og sumir h. þm. hafa gjört. Það hefir verið talað um, að þeim ákvæðum mætti bæta við hjúalögin, sem mjer virðast að rjettu lagi eiga að vera í helgidagalögunum; en nú vil jeg spyrja, hvar á að setja ákvæði um það, að husbóndinn sjálfur megi ekki fara til þeirrar vinnu á helgidegi, er t. d. hindri hann frá kirkjugöngu? Ekki er hægt að setja þau ákvæði inn í hjúalögin, og ekki geta þau komizt að í samningum milli húsbænda og hjúa. Þetta tók jeg fram við upphaf 1. umr., en það hefir enn ekki verið tekið til greina. En, eins og jeg tók þá fram, þykir mjer það þó mestu skipta við hvert frumv. um helgidagahald, að í því sje ákveðið, að viss tími af helgideginum sje alhelg-

ur; og jeg segi, að það sje hægt fyrir alla að sleppa öllum verkum, t. d. frá kl. 10—3. Jeg er eigi eins strangur með hinn hluta dagsins, enda dugir eigi að vera þar svo mjög strangur, því að það eru svo mörg verk, sem óhjákvæmilegt er að vinna á helgidögum.

Það hefir verið tekið fram, að helgidagalögin, sem vjer höfum, sjeu ónákvæm, og jeg játa, að svo sje; en jeg veit líka, að hægt er að búa til helgidagalög, sem litlum vafa þurfi að vera undir orpin, og því vil jeg gera mitt til, að vjer fáum önnur greinilegri og betri. Það hefir verið talað um vínveitingar á helgum, og jeg er á þeirra máli, sem vilja takmarka þær sem mest, ekki sízt á helgidögum. En þar sem jeg hef heyrt andmæli gegn því, að málið fengi að ganga til 2. umr., þá vil jeg að mínu leyti mæla mjög með því, að það fái að ganga til hennar. Jeg álít það töluvert illa farið, ef það er nú þegar fellt frá 2. umr. Mál þetta skiptir miklu, og þótt bæði mjer og ýmsum öðrum þyki eitthvað að frumv., þá fæ jeg þó ekki betur sjeð, en það hafi margt gott að geyma, og því vil jeg, að reynt sje að laga það með breyt.till., þótt það sje að vísu erfiðara nú, en ef nefndin hefði rækilega íhugað það og komið með breyt.till. sjálf samfara nefndarálitinu.

Einar Jónsson: Af ræðum þeim, sem haldnar hafa verið í þessu máti, þótti mjer sjerstaklega vænt um að heyra ræðu h. þm. V.-Sk. (G. G.), af því að hann er lögfræðingur, og af því að hann tók frumv. fyrir frá því sjónarmiði, hve hægt hann mundi eiga með að dæma eptir því í samanburði við þau lög, sem nú gilda, og komst hann að þeirri niðurstöðu, að hægra mundi það eigi verða. Jeg met þessa yfirlýsing eins mikils eins og ummæli h. framsögum. (Kl. J.); þeir eru báðir lögfræðingar og hafa þó látið í ljósi gagnstæðar skoðanir á málinu. Þetta virðist mjer bera vott um, að það sje að minnsta kosti vafasamt, eptir hvorum lögunum hægra yrði að dæma. Jeg fyrir mitt leyti held, að það yrði ekki hægra eptir ákvæðum þessa frv. en helgidagalögunum. Hvernig á t. d. að skilja það, að raska friði á helgidögum, og hvað á að telja til þess, er friði raski? Setjum svo, að einhver komi til sýslumanns og kvarti yfir því við hann, að helgidagsfriði sínum hafi verið raskað. Jeg hygg, að það gæti orðið eigi minna vafamál fyrir sýslumann, að skera úr, hvort svo hafi verið, en nú getur t. d. verið að dæma um, hvað sje nauðsynjavinna.

Frumv. virðist ganga út frá því, að það lifi í meðvitund þjóðarinnar, að einhvern frið eigi að hafa á helgidögum, en það leggur alveg í vald þessarar meðvitundar að ákveða það, hvers konar friður þetta eigi að vera og í hverju hann eigi að vera fólginn. Hið eina, sem frumv. tekur fram í þessa átt, er, að enga þá vinnu megi vinna, er hafi þann skarkala í för með sjer eða sje svo háttað, að hún hjóti að raska friði helgidagsins.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) minntist á vínsölu á helgum dögum, og í sambandi við það á bindindismálið, og jeg vil bæta þar nokkru við. Jeg álít, að menn hljóti að skoða bindindishreifingunа bæði rjettmæta og siðbætandi. Mjer þykir það því mjög óheppilegt, að löggjafarvaldið taki þessari þarflegu hreifingu á þann hátt, að rýmka ganginn að veitingahúsum, og lögheimila það eins og saklaust væri, að sitja allan helgidaginn inn á veitingahúsi og drekka þar. Það getur gjarnan verið, að það raski ekki friði fyrir utan veitingahúsin, þó að menn sitji þar inni að drykkju jafnvel margir saman allan daginn frá morgni. En þegar út er komið kl. 6,

þá er jeg hræddur um, að fremur verði ófriðar en friðarblær á straumnum, sem út af veitingahúsinu berst, enda á það ekkert að gjöra til, því að ekki er ætlazt til, að helgi sje haldin eptir klukkan 6.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) vildi skilja frumv. svo, að ekki væri leyfð vínsala í húsum inni á helgum, en þann skilning verður þó að leggja í það; það sjest mjög glöggt á enda 2. gr. Þetta atriði mun og hafa verið h. nefnd ljóst, og framsögumaður hefir lýst því yfir, að það væri einmitt tilætlunin.

H. þm. (H. Kr. Fr.) var svo mikið á móti hinum gildandi helgidagalögum, af því að í þeim væri öll vinna svo takmörkuð; hann tók til dæmis, að eptir þeim væri bannað að þurka fisk á helgum degi; en jeg held h. þm. (H. Kr. Fr.) hafi gleymt að lesa 2. gr. í tilskipun 28. marz 1855, þar sem fiskimönnum er leyft að bjarga veiðiskap sínum og jafnvel að róa á sjó á helgum dögum.

H. þm. (H. Kr. Fr.) tók það fram, að heppilegast væri að nema úr lögum þau ákvæði, sem ekki væri skeytt um, þótt fóttroðin væru, svo að þau hneyksluðu ekki. Eptir því vill h. þm. (H. Kr. Fr.), ef einhver óregla kemur upp einhversstaðar eða einhverjir ósiðir, og lögreglustjóri leiðir hjá sjer að skipta sjer af því, þá vill hann, segi jeg, að löggjafarvaldið komi til og heimili það. En slíkt væri að fara í gjörskakka átt; það er langt frá því, að það sje rjett að láta undan hverri stefnu sem vera skal, hversu röng og ósiðleg, sem hún kann að vera, ef hún að eins er nógu sterk og nógu svæsin.

Að öðru leyti er jeg eigi á móti, að frumv. fái að ganga til 2. umæðu, ef vera kynni, að einhverjar gagngjörðar breytingar kæmu fram við það, sem gerðu það þannig lagað, að jeg gæti gefið því atkvæði mitt.

Framsögumaður (Klemens Jónsson): Jeg skal að eins leyfa mjer að gjöra tvær stuttar athugasemdir við ræður h. 1. þm. G.-K (Þ. B.) og h. þm. V.-Sk. (G. G.). H. 1. þm. G.-K. (Þ. B.) sagðist hafa búizt við að nefndin hefði tekið málið til »alvarlegrar íhugunar«. Þetta eru hreinar og beinar getsakir til hennar um að hún hafi ekki athugað það alvarlega, og verð jeg að mótmæla þeim sem með öllu óheimiluðum. H. þm. V.-Sk. (G. G.) talaði, eins og fleiri h. þm. hafa gjört, mikið um málið á víð og dreif, og var sumt af því byggt á misskilningi, og loks komst hann að þeirri niðurstöðu að ekki gagnaði að lofa því að ganga til 2. umr., af því að hann sæi ekki að hægt væri að koma með þær breyttill., sem gætu gjört frv. aðgengilegt.

Þetta er ekki fullkomlega logiskt hjá h. þm. (G.G.); hann óskaði að nefndin hefði komið með þær breytingar, sem sjer hefði líkað, en þá getur hann og sjálfur í fjelagi með fleirum. h. þingd.m. komið með þessar breytingar til 2. umr., eins vel og nefndin hefði getað gert það, og jeg skora á hann að gjöra það, enda má hann vera viss um, að nefndin mun taka breyt.till. hans til íhugunar, ef þær koma, og veita þeim fylgi sitt, svo sem hún sjer sjer frekast fært, enda þótt hún eigi sæi neina ástæðu til sjálf að koma fram með breytingar á frumv.

Jón Jónsson (2. þm. N.-Múl.): Jeg mun greiða atkvæði með því að frumv. fái að ganga til 2. umr., ekki af því að jeg sje því samþykkur eins og það er nú, heldur af því, að jeg vona að hægt sje að koma með breytingar til bóta við það, og eptir því sem h. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) fórust orð, mundi jeg

fús á að sameina mig honum með að koma með breyt.till.

Jeg skal nefna eitt atriði í ræðu h. framsögum. (Kl. J.); mjer skildist á henni að hann og nefndin í heild sinni væri á því, að þetta frumv. breytti ekki sambandinu milli húsbænda og hjúa frá því sem nú er.. En það var tekið fram í deildinni við byrjun 1. umr. að svo mundi þó vera, og að sú breyting, væri einn af ásteytingarsteinum frumv. Jeg vil alls ekki segja, að h. nefnd hafi ekki íhugað málið vandlega, en þó held jeg að rjett hefði verið af henni að koma með breytingartill. er tækju hjer af allan vafa. Jeg get ekki sjeð að það sje neinum vandkvæðum bundið að taka skírt fram að þessi lög breyti í engu sambandi milli húsbænda og hjúa frá því sem lög ákveða nú; það mundi eigi verða hægra verk, ef fara ætti að breyta vinnuhjúalögunum, og taka þau nú til umræðu, ofan á allan þann frumvarpasæg, sem kominn er inn á þingið, enda gjörist þess ekki þörf, að því er þetta frumvarp snertir, því að full trygging virðist vera fengin, sje þeim ákvæðum bætt inn í frumv., sem jeg benti á.

Jens Pálson: Jeg skal leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd við ræðu h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.). Honum þótti það hart, að eptir núgildandi lögum mætti eigi þurka fisk, þótt nauðsyn krefði, á helgum degi. En jeg get ekki skilið helgidagatilskipunina frá 28. marz 1855 þannig, því að í 1. gr. hennar stendur að eins, að enga ónauðsynlega vinnu megi vinna á helgidögum, einkum um messutímann, og í 2. gr. stendur beinlínis að fiskimönnum skuli heimilt á helgum dögum að vinna að nauðsynlegum störfum, sem ekki mega dragast, *til að bjarga veiðiskap sínum og veiðitólum*; því get jeg ekki sjeð að nokkur maður geti orðið dómfeldur fyrir að hafa breitt fisk til þurks á helgum degi, ef hann sannar að nauðsyn hafi borið til þess. Jeg þarf ekki að svara mörgu í ræðu h. frsm. (Kl. J.); hann kvað mig misskilja frv. þetta, en benti ekki á í hverju sá misskilningur kæmi fram, og á meðan verð jeg að ætla að jeg skilji það en misskilji ekki, en mjer virtust orð h. framsögum. (Kl. J.) benda á að hann misskildi frv. að því er snerti veitingar á veitingastöðum. En hjer er þó um annan þýðingarmeiri misskilning að ræða; mjer sýnist það ljóst af umræðunum, að frumv. allt sje einn misskilningur. Fyrirsögn frv. hljóðar um almannafrið og lofar almannafriði, en líkindi eru til, að það leiði til ófriðar, og því er það misskilningur. Að minnsta kosti sje jeg engin líkindi til, að það færi sannan frið, helgidagafrið, guðsfrið yfir þjóðina og inn í hjörtu manna, en það getur í sumum tilfellum haft í för með sjer vinnuaðkalls-ófrið og drykkjuskapar-ófrið; og því verð jeg að álíta það frá upphafi til enda *eina stóran misskilning*.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla að eins að tala fáein orð. Jeg vildi að eins mótmæla stuttlega því sem h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) sagði. Það er alls eigi góð regla að löghelga ósið eða óreglu að eins af þeirri ástæðu, að maður eigi getur þegar í stað brotið hana á bak aptur.

Ef tilskipun um sunnu- og helgidagahald á Íslandi 1855 er eins fótum troðin eins og h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) virðist ætla, þá geta menn gengið að því vísu, að slík lög, sem þetta frumv. er nú er til umræðu, verði jafn fótum troðið að fárra ára fresti og tilskipunin nú. En jeg fyrir mitt leyti er eigi svo mjög viss um, að tilskipunin um sunnu- og helgidaga-hald sje mjög fótum troðin eða brotin. Það leiðir af eðli þvílíkra laga, að þau hljóta að vera þannig úr garði gjörð, að ákvæði þeirra

sjeu víðtæk. Það er líka nauðsynlegt, en af því leiðir aptur að þau verða víða óljós. Þar við bætist að menn í hinum ýmsu lögsagnarumdæmum geta lagt í þau mismunandi skilning, sökum þess, að þau eru óljóst orðuð og hafa víðtæk ákvæði. En þetta frumvarp, sem á að skýra og koma í stað tilskipunarinnar, er, eins og jeg hefi áður tekið fram, víða með mjög víðtækum ákvæðum og óljósum orðum, svo það virðist eigi vera til verulegra bóta að því er það snertir. Það var sagt, að það væri skylda mín að koma með breytingartill. Jeg ætla eigi að saka h. nefnd um að hún hafi eigi tekið málið til alvarlegrar íhugunar, því það að hún klofnaði, sýnir ljóslega að hún hefir tekið það rækilega til meðferðar, en þar sem hvorki meiri nje minni hluti h. nefndar sá sjer fært að koma með neina breyt.till., þá verð jeg að álíta, að það komi af því, að hún sje samþykk mjer í því, að það sje alls eigi unnt að koma með neina breyt.till. við þetta frv., sem gjöri það viðunanlegt eða aðgengilegt.

Það er enn eitt atriði, sem jeg vil taka fram, og það er, að mjer kemur undarlega fyrir, ef alþing nú fer að lögleiða ákvæði, sem miða til þess að íþyngja verkamönnum, með því að lengja vinnutímann, þar sem allar þjóðir umhverfis oss eru að berjast fyrir því, að fá vinnutímann styttan. Vjer höfum nú í 30 ár haft allan hvíldardaginn fyrir hvíldardag. Þjóðirnar umhverfis oss hafa eigi haft hann allan, en nú eru þær að berjast fyrir því að fá það, en vjer förum með þessu frumvarpi í gagnstæða átt við þeirra kröfur, og viljum eigi hafa hann nema að nokkrum parti til hvíldar.

ATKV.GR. Málinu vísað til 2. umr. með 18 atkv. gegn 3.

Frumvarp til laga um afnám helgidaga (C. 153, 219); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Klemens Jónsson*): Jeg vona að h. þingd. hafi kynnt sjer nefndarálitið í þessu máli, sem vísað var til nefndarinnar í því máli, sem nú var næst hjer á undan, og hefi jeg ekki miklu að bæta við það, sem stendur í álitinu.

Eins og h. þingd. er kunnugt, fór frv. fram á að numdir væru 5 helgidagar úr gildi: Skírdagur, annar páskadagur, kóngsbænadagur, uppstigningardagur og annar hvítasunnudagur. Nefndin bar nú eigi gæfu til að verða á eitt sátt í þessu máli fremur en í málinu á undan, heldur klofnaði hún í tvennt. Hún var að vísu öll samþykk í því að uppstigningardag og skírdag ætti eigi að nema burt, sökum þess hún áleit að þeir dagar hefðu svo mikla þýðingu og gildi, að það mundi særa guðræknistilfinning meginhluta þjóðarinnar. En aptur á móti áleit hún, að hinir aðrir helgidagar, sem farið er fram á að afnema, hefði eigi eins mikla þýðingu. Öll nefndin var sammála um það, að kóngsbænadaginn mætti fella burtu, því hann hefði aldrei komizt inn í meðvitund þjóðarinnar sem neinn sjerlegur helgidagur, og hefði auk þess enga kirkjulega þýðingu, og meiri hlutinn áleit enn fremur, að annar í páskum og hvítasunnu hefði aldrei verið álitnir neinir sjerlegir hátíðisdagar þótt þeir hefðu verið haldnir helgir, og því mætti þeir missa sig. Minni hlutinn gat eigi sætt sig við, að þessir 2 dagar væru felldir úr. Reyndar duldist það eigi fyrir nefndinni, eða sjerstaklega meiri hluta hennar, að með breytingunni á prestaköllum eptir lögunum frá 1880 hefðu prestar víða fengið fleiri kirkjur til þess að embætta á, svo að, ef helgidögum fækkaði, þá fækkaði messugerðum, sem menn mundu eiga illt með að

sætta sig við. En meiri hlutanum virtist þó, að helgidagar þessir mættu missa sig, með því að það mundi víða vera svo, að presturinn gæti haldið guðsþjónustu á 2 kirkjum sama daginn við og við, og enda presturinn eptir samkomulagi við söfnuðinn gæti haldið messugjörð eptir sem áður á þessum dögum, og þyrfti því eigi að verða til þess að fækka messum.

Að endingu óska jeg svo að h. þingd. láti málið komast greiðlega til 2. umr.

Sighvatur Árnason: Mjer finnst að komi hvert höggið af öðru í helgidagalöggjöfina. Jeg fyrir mitt leyti verð að álíta, að þetta særi mjög tilfinningar þjóðarinnar. Og því til sönnunar er það að hjer um bil hvergi hefir komið nokkurt orð í þá átt að það sje vilji þjóðarinnar að helgidögum sje fækkað. Jeg skil eigi hvernig það verður vel forsvarað, að koma fram á þingið með það mál, sem þjóðin hefir engan áhuga á, því það er eigi til annars en að eyða hinum dýrmæta tíma þingsins. Jeg skal eigi vera langorður, en jeg vil þó benda h. þingdeild á það að þessir dagar eru orðnir svo samgrónir tilfinningunni fyrir því, sem heilagt og háleitt er, að það, að fella þá úr, hlýtur að særa hana mjög.

Jeg tók það fram við 1. umr. að þessir dagar eru þeir, sem menn einkum nota til þess að líta í bók sjer til gagns eða skemmtunar. En ef þeir verða að rúmhelgum dögum, þá verður verkfærið tekið í höndina og látið sitja í fyrirrúmi. Jeg verð víst að lokum með minni hlutanum, en hinsvegar væri það skapi mínu næst, að það væri skorið niður, þó það sje varla svo að það geri í blóð sitt.

Þórður Guðmundsson: Það kemur öðru vísi fram hjá oss en öðrum þjóðum. Þær vilja fá vinnutímann styttan en vjer erum að fá hann lengdan. Í dag hafa komið fram 2 frumvörp gegn helgidögunum. Annað gekk út á að gera sunnudaginn ófriðhelgan, og þetta nú sem fer fram á það, að gera 5 helga daga alveg óhelga. Jeg vil taka það fram, að það er skylda þingsins að hafa það hugfast áður en það breytir því, sem um langan tíma hafa verið lög eða landsvenja, að gera sjer glöggva hugmynd um, hvort breytinginn verði landinu til verulegra bóta. Jeg kann mjög illa við, að með vaxandi menntun skuli koma vaxandi áhugi með að rýra helgihaldið. Í þessu tilfelli get jeg eigi sjeð hvaða heppilegar afleiðingar breyting sú hefir í för með sjer, sem þetta frv. fer fram á. Hinn háttv. þm. Borgfirðinga sýndi að vísu fram á margar og glæsilegar tölur, sem ynnust við það, að afnema þessa helgidaga, en jeg geri mjer eigi glæsilegar vonir um arðinn af vinnu þessara daga. Jeg álít það sje nógu langur tími af árinu sem vinna má á, ef hann er vel notaður. Það er ekki allt undir því komið að vinna lengi, heldur að vel sje unnið meðan unnið er. Jeg álít eigi gjörlegt að halda þessu frumv. fram, og jeg fyrir mitt leyti finn enga hvöt hjá mjer, nje hefi umboð frá kjördæmi mínu, til þess að samþykkja frumvarp þetta. Meiri hluti nefndarinnar hefir aðhyllzt það, að afnema 3 helgidaga, en jeg get eigi einu sinni verið henni sammála um það; jeg gæti að eins verið með að afnema einn þessara daga, nefnilega kóngsbænadaginn. Jeg mun því greiða atkvæði á móti frumvarpi þessu, og vonast til h. deild verði mjer samtaka í því að jarðsetja það.

Björn Bjarnarson: Það hafa komið margar mótbárur gegn þessu stutta frv. Við byrjun þessarar umr. voru umræðurnar klipptar í sundur með því að stinga upp á að vísa málinu til nefndar, eptir að 2 þm. höfðu talað á móti því, og ætla jeg nú að leyfa mjer að

gera dálítlar athugasemdir við orð þeirra. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) áleit að jeg hefði eigi hermt rjett þar sem jeg sagði, að helgidagafækkunar hefði verið óskað á nokkuð mörgum þingmálafundum, því þar hefði eigi margir beðið um fækkun helgidaga. En jeg álít 6—7 nokkuð margt af um 20. Það verður að vísu eigi sagt, að þetta sje almenn ósk, en það eru þó nú þegar talsvert margir með því. Og þótt nú sje eigi óskað eptir þessu nema á 7 fundum, þá eru allar líkur til að það verði gert á 14 fundum næst. Það má í hið minnsta fullyrða, að þeim sem stemma vilja framrás krafa tímans, muni ekki takast það. H. þm. (Sighv. Á.) tók það fram að menn notuðu einkum helgidagana til að lesa bækur og auka þannig menntun sína, notuðu þá til »þarflegra iðkana«, svo að jeg hafi rjett eptir miðalda-prjedikunar-mál hans; en jeg vil ætla að aðrir tímar ársins sjeu enn betur fallnir til þess að iðka bóknámið á en vortíminn frá páskum til hvítasunnu, þegar engin stund má missast frá hinum ýmislegu bjargræðisstörfum, enda hefi jeg eigi orðið þess var, þar sem jeg þekki til, að menn lægju helzt í bókum um þann tíma árs. H. þm. (Sighv. Á.) kvartaði yfir því, að við fækkun helgidaga yrðu messur strjálari þar sem margar eru kirkjur í prestakalli. Jeg skal játa að þetta er sönn ástæða, en jeg skal bæta því við, að hún er mjög lítilvæg. Það mundi optast hægt að fá messur eptir sem áður á þessum dögum, ef löngunin til að hlusta á þær er mjög mikil eða áhuginn á að fá því framgengt. Það mundi auðvelt fyrir hvern söfnuð, að semja við prest sinn um að messa optar en lögboðið væri. Jeg þekkti prest, eigi alls fyrir löngu, sem messaði hvern miðvikudag á föstunni; eins mundi hver prestur gjöra það að yild sóknarbarna sinna, að halda aukamessur, ef þess væri innilega óskað. H. 1. þm. G.-K. (Þ. B.) hafði ýmislegt á móti frumvarpinu. Hann var í standandi vandræðum með það, hvað hann ætti að gjöra við guðspjallið á annan páskadag; hann gat með engu móti komið því nokkursstaðar fyrir. Og hann áleit jafnvel svo mikla eptirsjá í því, úr tölu guðspjallanna, að það lægi næst því að raska undirstöðu kristindómsins, þar sem hann að miklu leyti byggðist á því. En þegar nú þetta guðspjall er svona mikilvægt, því er það þá eigi haft á sjálfan páskadaginn? En þegar búið er að innleiða textafrelsi af prjedikunarstóli, sem nú mun vera í ráði og undirbúningi, getur hver prestur eða kirkjustjórnin sjálf ráðið því, og ákveðið hvar guðspjöllunum frá hinum afnumdu helgidögum væri niður komið.

Sami h. þm. (Þ. B.) sagði, að ef nema ætti úr gildi helgi uppstigningardagsins, mundi standa næst að afnema einnig páskadaginn. En ekki er mjer kunnugt um að sú hafi orðið afleiðingin hjá öðrum þjóðum, sem ekki halda helgan uppstigningardag; enda ber páskadag upp á sunnudag, svo þetta nær engri átt. Sami h. þm. (Þ. B.) vefengdi tölur þær, sem jeg tilfærði, en hver maður sem kann einfaldan reikning getur með honum sannfært sig um, að tala sú er rjett, ef hver maður vinnur fyrir 1 kr. á dag.

Það var að skilja á orðum h. þm. (Þ. B.), að hátíðamessur væru miklu hátíðlegri og helgari en á öðrum messudögum. Hjer er alls eigi að ræða um að afnema neina stórhátíð. En jeg fyrir mitt leyti finn eigi stóran mun á hátíða- eða sunnudaga messum, enda munu áhrif þau, sem þær hafa á söfnuðina, vera meira komin undir hugarfari tilheyrandanna á hverjum tíma sem er. Hin háttv. nefnd hefir eigi treyst sjer til að leggja það til, að afnumdir yrðu nema 3 helgidagar af fimm, af þeirri

ástæðu, að það kynni ef til vill að særa tilfinningar manna. Þessi ótti fyrir sársaukanum kemur einnig fram hjá h. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.), en jeg ætla að leyfa mjer að benda honum og heiðruðum nefndarm. á, að áður voru allar stórhátíðir þríhelgar, auk þess sem þá voru margir messudagar, sem nú eru úr helgi numdir, og jeg sje engin ör eptir tilfinningarsár þau, sem afnám þeirra hafði í för með sjer, og þó þessir helgidagar yrðu numdir úr lögum, og einhverjir sæju eptir þeim í svip, er jeg sannfærður um að þau sár fljótt gróa.

H. 1. þm. Rangv. (Þórð. G.) skildi eigi í þeirri ósamkvæmni, sem lýsti sjer í því, að vjer vildum lengja vinnutímann þegar aðrar þjóðir væru að stytta hann. Mjer dettur eigi í hug að lengja vinnutímann svo, að afnema hinn 7. dag, sem hefir verið lögboðinn hvíldardagur síðan á dögum Mósesar. En jeg finn enga ástæðu til að hafa 2—3 í viku, nokkrum sinnum á árinu, en vil láta þennan eina nægja. Að öðru leyti vona jeg að þótt þessi h. deild gerði það nú h. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) til ánægju, að leggja frumvarp þetta sem slátrunarlamb fyrir fætur honum í dag, muni hann þó verða svo gamall þingmaður, að honum síðar auðnist að sjá það hlaupa með fullu lífi gegn um deild þessa.

Þorlákur Guðmundsson: Það hefir viljað svo óheppilega til, að jeg hefi orðið í minni hluta í þessu helgidagamáli, eins og í hinu næstundan gengnu máli, sem snerti líka sömu daga, en framsögum. hefir þegar skýrt h. deild frá því, hvern dag vjer allir nefndarmennirnir hefðum verið sammála um að nema burtu. Jeg er samþykkur því, að frumvarp þetta er mjög ótímabær burður, og eigi ástæða til þess að koma fram með það nú þannig lagað, þótt nokkrir fundir drepi lítið eitt á það. Jeg vil biðja menn að gæta þess, að þetta mál er kirkjulegs eðlis, og ætti því að ræðast fyrst og fremst á hjeraðsfundum. En þar sem h. þm. Borgf. (B. B.) er að koma fram með þessa reikningu, þá get jeg eigi álitið að á þeim verði byggt neitt beinlínis. Jeg álít að þessi peninga-upphæð verði drjúgust á pappírnum, en að minna verði úr henni þegar til framkvæmda kemur eða þegar á að fara að telja þá ofan í vasann, eða úr honum. En jeg er sannfærður um það, að afnám uppstigningardagsins mundi særa trúartilfinningar mjög margra á meðal þjóðarinnar, einkum hinna eldri manna, sem vanizt höfðu tveggja daga helgi stórhátíðanna og höfðu unað vel við. Hin yngri kynslóð mundi, ef til vill, sætta sig við þessi lög, og eigi sjá eptir þessum helgidögum. Vjer vorum eigi heldur uppi á þeim tíma, sem þriðju dagar hátíðanna voru alveg úr lögum numdir, svo h. þm. Borgf. (B. B.) getur eigi sagt um það, hvort afnám þeirra hefir sært tilfinningar manna mikið eða lítið á þeim tíma. Jeg væri yfir höfuð mjög ánægður með það að sleppt væri kóngsbænadeginum að eins, og mundi þá samþykkja það umræðulaust. En jeg ætla að enda orð mín með að taka það fram, að verði eigi þessi 2 frumvörp um helgidagahald breytt og umbætt að mun, þá vildi jeg helzt óska að þau færi bæði í sömu gröf, enda mundi það hafa nóg fylgi til þess að því yrði fylgt til grafar og grafið. Og þótt flokkarnir sjeu 2, þá er eigi víst nema að þeir tækju höndum saman og stæði svo sáttir yfir gröfinni.

Sighvatur Árnason: Jeg verð að fyrirgefa h. þm. Borgf. (B. B.) það að hann er með þessu frumv., af því hann er búfræðingur, og honum, eins og öðrum búfræðingum, þykir sárt að missa úr nokkurn dag frá vinnunni. En jeg vil benda þessum h. þm. (B. B.) á það,

út af því að mjer virtist hann gera gys að guðræknisiðkun manna og því að menn litu í bók, að í bókum yfir höfuð finna menn fleira en miðaldaguðfræði, eins og hann komst að orði. En það má finna fleira en það í þessum bókum bæði þarft og gott, og í þeim finnst jafnvel búfræði líka, og önnur nytsemd. H. þm. (B. B.) áleit að slík sár mundu gróa fljótt, sem særðu menn nú við missi helgidaga. Jeg skal ekki segja neitt um það, en þó verð jeg að segja svo mikið að það er eigi svo lítil líkindi fyrir því, að þegar þetta frv. væri komið í kring, að þá komi annað innan skamms, sem fari fram á að fækka helgidögum enn á ný, því þegar fyrst er búið að smeygja inn höfðinu þá má búast við að annað meira fylgi á eptir.

Jón Jónsson (þm. Eyf.): Það er ekki fyrir þá sök, að jeg tek til máls, að mjer sje kappsmál að fá frumv. þetta fram, og get jeg sagt með sanni, að ekki mun jeg gráta það sárt, þótt h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) takist að búa því glæsilega gröf. En það er rjett, sem h. þm. Borgf. (B. B.) tók fram, að það mun ganga aptur, þótt því verði sálgað nú, enda mun það sannast, að það er ekki ótímabær burður, eins og og h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) sagði um það. Jeg varð hissa á því, hve hörðum orðum hinn gætni og reyndi h. 2. þm. Rangv. (S. Á.) fór um það, þar sem hann kvaðst ekki skilja að menn gætu »forsvarað« slíkt. Til að svara þessu, þyrfti jeg ekki annað en minna á, að jeg er þingmaður, og þar sem jeg álít það til góðs, hefi jeg sjálfsagt rjett til að koma fram með það. Jeg segi þetta af því, að nafn mitt stendur undir frv., en þykir þó engin þörf að verja mig fyrir þeirri ákúru, sem lá í orðum h. þingm. Enda er það, sem jeg þegar hefi nefnt, næg vörn. En þar sem sagt hefir verið, að þetta sje ekki vilji þjóðarinnar, skal jeg leiða athygli manna að því, að ýmsir þingmálafundir hafa hreift þessu máli. Þetta slagorð um þjóðviljann, sem annars er allt of opt notað að mjer finnst, á því alls eigi við hjer.

H. 2. þm. Rangv. (S. Á.) þótti það mundu verða hroðasjón að sjá menn taka rekuna og ganga til vinnu sinnar mánudagsmorguninn eptir hvítasunnu. En mjer mundi þykja það skemmtileg sjón. Jeg get ekki skilið, hvað því veldur, að góðir bændur segja slíkt og þvílíkt. H. þingm. Borgf. (B. B.) þarf ekki að taka sjer það nærri, þótt hann í glettni væri minntur á, að hann er búfræðingur og vilji því hafa mikla vinnu. Jeg tel honum það til gildis. Menn hafa talað um að það væri kynlegt, að Íslendingar eru að berjast við, að lengja vinnutímann, þótt allar aðrar þjóðir reyni nú að stytta hann. Þetta eru glæsileg orð, en taki maður tillit til að vinnubrögð öll og atvinnuvegir eru hjer svo ólíkir hinna þjóðanna, að þetta er ekki saman berandi, þá missa þau mestu prýðina. H. 1. þm. Rangv. (Þórð. G.) er ekki óleyfilegs ávinnings gírugur, það er synd að segja, ef hann vill ekki hafa það fje í húsi sínu, er fæst á þessum dögum. Þá mundi mjer öðruvísi fara. Jeg mundi taka því fegins hendi, og jafnvel taka vinnumann h. þm. Rangv. (Þórð. G.) í kaupavinnu, ef það væri ekki of langt á milli okkar.

Þetta er mjer ekkert kappsmál, en jeg hefi sagt þetta til að gjöra grein fyrir hlutdeild minni í málinu og sýna, að við sem bárum það fram, sjeum einkis ámælis verðir. Jeg býst ekki við, að orð mín breyti sannfæringu mótstöðumannanna, en hins væntir mig, að þeir láti vera að bregða okkur brigzlum.

Björn Bjarnarson: Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg ætlaði að

gjöra. Það hefur verið látinn í ljósi efi um, að reikningur minn um peningahagnað væri rjettur. Jeg skal geta þess, að jeg hefi farið of stutt. Það hefði verið rjettara eða nákvæmara, að taka að eins tillit til vor- og sumarmánaðanna, apríl — september, sem eru bezti vinnutími ársins. Þessir 5 helgidagar eru nærri einn þrítugasti af honum. Af þessu sjest enn glöggvar, hve verulegt hagræði það væri, ef það fengist, sem frumv. fer fram á.

Einar Jónsson: Jeg ætla að eins að gera eina athugasemd, sem þó hefur áður verið vakið máls á, við fyrri umræðu. Hún er sú, að það er mjög óheppilegt að afnema þessa helgidaga, sjer í lagi þar sem eru margar kirkjur í sama prestakalli. Það er optast svo langt á milli kirknanna, að ekki er hægt að messa sama daginn á fleirum en einni, en söfnuðum er mjög kært að geta fengið messu í kirkju sinni á hátíðunum og fjölmenna þá mest, og það er mín reynsla, að þeir hafa sótt kirkju allt eins vel 2. dag hátíðanna, eins og hinn 1., ef eigi hefur borið að messa hjá þeim fyrri daginn. Mörgum söfnuðum mundi því þykja sárt að afnumdir verði þessir helgidagar, einmitt af því, að þeir gætu þá eigi átt kost á hátíðamessunum.

Af þessari ástæðu er jeg sjer í lagi mótfallinn afnámi þessara helgidaga. En af því að kóngsbænadagurinn hefir ekki þessa þýðing, sje jeg ekki eins mikið eptir, þó að hann yrði felldur burtu.

ATKV.GR.: Þá óskuðu 8 nafngreindir þingm. skriflega, að umræðunum yrði hætt, og var það samþykkt með 14 : 1 atkv.

Síðan var málinu vísað til 2. umr. með 14 : 5 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um frímerki (C. 180); ein umr.

Flutningsmaður (*Bogi Melsted*): Mál þetta er í sjálfu sjer mjög einfalt. Vjer flutningsmennirnir höfum komið fram með það í þeim tilgangi, að útvega landssjóði og einstökum landsmönnum peninga. Eins og kunnugt er, er sá siður mjög tíður í útlöndum, að safna brúkuðum frímerkjum, og eru því fágæt brúkuð frímerki í töluverðu verði. Þessi siður eykst ár frá ári og frímerkjamarkaðurinn að sama skapi; sökum þessa eru brúkuð íslenzk frímerki nú í hærra verði en þau voru fyrir nokkrum árum.

Verð frímerkjanna er því hærra, sem þau eru sjaldgæfari, og verð íslenzku frímerkjanna getur því orðið enn hærra. Það er siður sumra smáríkja að skipta um frímerki á vissra ára fresti, til þess að þau hækki í verði, og eins eigum vjer Íslendingar að gjöra. Íslenzk skildinga-frímerki eru nú í mjög háu verði, þar sem þau eru svo fágæt, og ef nú koma ný frímerki, munu þau, sem ganga úr gildi, bráðlega hækka í verði. Nú eru í gildi 14 íslenzk aura frímerki; af þeim eru 2 ný 50 aura og 100 aura eða krónu frímerki, og er því eigi ástæða til að breyta þeim. En hin eru hjer um bil 20 ára gömul.

Það er þess vegna tillaga okkar, að alþingi skori á stjórnina að láta búa til ný íslenzk frímerki, sjerstaklega þau almennustu, nefnilega 3 aura (gul), 10 aura (rauð) og 5 aura (græn). Kostnaðurinn við breytinguna er ekki mikill. Það þarf að eins að búa til nýjan stimpil. En áður en gömlu stimplarnir eru eyðilagðir, ætti landsstjórnin að láta prenta töluvert af þessum frímerkjum, sem úr gildi ganga, til þess að hafa þau til sölu, er tímar líða fram.

Það er óþarfi að fara fleirum orðum

um þetta mál, því öllum mun ljóst, að það er gjört til þess, að útvega bæði landssjóði og einstökum mönnum í landinu peninga. Þessi breyting er svo auðveld, að jeg álít rjettast, að hún sje gjörð 4 eða 5 sinnum á öld, og það ætti að ákveða að það væri gjört framvegis á 20 eða 25 ára fresti; en optar en 5 sinnum á öld má eigi gjöra það, því þá getur breytingin orðið þýðingarlaus.

Skal jeg nú ekki orðlengja meir, en jeg vona að tillaga þessi verði samþykkt.

ATKV.GR.: Tillagan samþykkt með 22 samhlj. atkvæðum og afgreidd síðan til Ed.

Sextándi fundur, miðvikudag 19. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess að til sín væri komið:

1. Bænarskrá frá nokkrum Ölvesingum um að veittar verði 300 kr. til að viðhalda sæluhúsinu á Kolviðarhól; enn fremur bænarskrá frá Jóni Jónssyni á Kolviðarhól um 100 kr. styrk sem sæluhúsvörður.
2. Þrjú skjöl viðvíkjandi stofnun innlends brunabótafjelags.

Frumv. til laga um hafnsögugjald í Reykjavík (C. 217); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað umræðulaust til 2. umr. með 22 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum (C. 221); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað umræðulaust til 2. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um toll á brúm yfir Ölvesá og Þjórsá (C. 197); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Frumv. þetta sem jeg ásamt 2 öðrum h. þingm. hef leyft mjer að koma fram með, kemur víst engum h. þingd.m. á óvart; þeim er það víst minnisstætt að talsvert hefur verið ritað um þetta mál í blöðin, og að það hefur bæði verið sótt og varið snarplega, hvort tolla skyldi brú á Ölfusá eða ekki, og jeg held að flestum beri saman um að þeir hafi borið hærra hlut í þessari viðureign, sem tollinum vildu koma á. Síðan á þessari ritdeilu stóð hafa menn talsvert rætt málið, og nú í vor hefur það verið borið upp á allmörgum þingmálafundum, og þar hafa menn óskað að tollur yrði lagður á brú yfir Ölfusá og aðrar stór-ár, er brúaðar yrðu á kostnað landssjóðs.

Jeg þarf að vísu ekki að skirskota hjer til almenningsviljans, því að þótt hann hefði ekki komið fram, þó að engin rödd um brúartoll hefði komið annarsstaðar að, þá hefði þingið eigi að síður átt að finna sjer skylt að tryggja viðhald brúnna og eptirlit án kostnaðar fyrir landssjóð. Þegar vjer berum brúargjörð á Þjórsá og Ölfusá saman við efnahag landsmanna og fjárhag landssjóðs, þá má kalla, að þar sje um stórvirki að ræða, og jeg tel það ekki nema sjálfsagt, að landssjóður hjálpi til að koma slíkum stórvirkjum á fót. En yrði sú meginregla tekin þegar í byrjun — og einhverja meginreglu verður þingið að taka —, að láta landssjóð eigi að eins borga byggingarkostnað allan, heldur og bera allan kostnað við viðhald brúnna, endurbætur og endurbygging, þá held jeg engum geti dulizt, að slíkt mundi verða honum um megn. Vjer verðum að gæta þess, að hjer er margt fleira með landsfje að gjöra, en að brúa ár fyrir það. »Hjer á foldu þarf svo margt að brúa«, eins og skáldið kemst að orði, að varúðarvert er að leggja út í þann kostn-

að, sem tvísýnt er að landssjóður geti borið. Til þess nú að koma í veg fyrir að landssjóður verði ófær að rjetta hjálparhönd við að byggja nýjar brýr, þá sýnist nauðsynlegt að láta þá, sem brýrnar nota, inna af hendi nokkurt gjald, og jeg sje ekki annað ráð til þess að ná þessu gjaldi, en að annað hvort sje lagður skattur á þau hjeruð, sem eru næst brúnum, eða tollur á brýrnar sjálfar. Vjer flutningsmennirnir höfum nú valið síðara ráðið, og jeg fæ ekki betur sjeð en að það sje í fullu samræmi við það, sem annarsstaðar viðgengst.

Jeg hef að vísu heyrt því fleygt, að það sje orðinn úreltur siður að leggja toll á brýr, en jeg hef spurt mig fyrir um þetta, og fengið fullvissu um, að sú venja helzt þann dag í dag, þar sem um dýrar brýr er að ræða.

Það hefur og verið haft á móti brúartolli, að óeðlilegt væri að leggja toll á nokkurn hluta af þjóðveginum, og enginn getur neitað því, að brýrnar eru partur af honum. Jeg sje ekki að þetta hafi við mikil rök að styðjast, enda hafa allir sem jeg hef talað við um þetta sagt, að þeir muni þakka fyrir að mega fara yfir brýrnar, þótt þeir þurfi að greiða eitthvað fyrir það, í stað þess að þurfa að leggja hesta sína á sund, en vafstrast sjálfir við ferjuflutning.

Jeg býst við að þetta mál gangi ekki eins orðalaust til 2. umr. eins og tvö næstu mál á undan, og því skal jeg ekki tala lengra um það að sinni, en býð átekta með undirtektir manna. Jeg býst við að frumv. þetta sje ekki svo fullkomið, að eigi megi bæta það, og mun því ekki veita af að nefnd sje skipuð í málið, en þó legg jeg það ekki til að svo stöddu, en vil fyrst fá að heyra álit manna um það.

Landshöfðingi: Það eru tvö aðalatriði sem hjer koma til greina. Í fyrsta lagi er spurningin um það, hvort ráðlegt sje að leggja toll á brýrnar á Ölfusá og Þjórsá, og í öðru lagi hvernig heppilegast muni að koma brúartollinum á, ef menn komast að þeirri niðurstöðu að rjett sje að leggja hann á.

Jeg held að h. flutnm. hafi hugsað mest um það sem innifalið er í 5. gr. frumv., enda er það næsta skiljanlegt að það getur frá vissu sjónarmiði verið mjög praktist að ljetta gjaldinu fyrir bygging Ölfusárbrúarinnar af viðkomandi sýslusjóðum, og af jafnaðarsjóði suðuramtsins. Ákvæðin um það hefir h. flutningsm. líka tekizt allvel að orða, en allar hinar greinar frumv. eru svo úr garði gjörðar, að varla má telja þær frambærilegar. Það hefir verið rætt ekki svo lítið um það, hvort hentugt mundi að leggja á brúartoll eða ekki, bæði á þinginu 1887 og 1889; þá voru bornar fram ástæður bæði með því og móti að leggja toll á, og fundust mjer þær ástæðurnar yfirgæfandi, er móti því mæltu, og sömu skoðunar er jeg enn.

En þótt tiltækilegt þætti að leggja toll á Ölfusárbrúna, þá er eigi fyrir það víst, að svo sje með Þjórsárbrúna, þar gæti brúartollur verið ótiltækilegur, að minnsta kosti hygg jeg enn óráðlegra að leggja hann þar á en á Ölfusárbrúna, og býst jeg við að þeir h. þm., sem því máli eru kunnugastir, muni sýna fram á, að svo sje.

Þá skal jeg sjerstaklega víkja að fyrirkomulaginu á brúartollinum, því að það sýnist mjer allt athugavert. H. flutningsm. hafa verið svo góðgjarnir að gefa landstjórninni svo mikið vald í hendur, að mig nærri sundlar við að hugsa um það. Eptir frumv. má landstjórnin ráða hve hátt hún setur toll-

inn upp fyrir þau takmörk, sem frv. setur, hún má ráða brúarvörðinn og ákveða laun hans að eigin vild. Ef eitthvað verður afgangs útgjöldum af brúartollinum, má landstjórnin verja því eins og hún vill. Þó er það eitt sem henni er ekki trúað fyrir: henni er ekki trúað fyrir að annast um sölu farseðlanna, til þess þarf sjerstakt autoritet, og þetta autoritet er landsbankinn. Þetta þykir mjer nokkuð kynlegt fyrirkomulag; mjer finnst sjálfsagt að fara með brúartollsgjaldið eins og hverjar aðrar tekjur landssjóðs, hann hefir kostað brúargjörðina og eptir vegalögunum hvílir eptirlit með henni og viðhald á landssjóði. Brúartollurinn er því eign landssjóðs, og verður að fara með hann eins og hvert annað fje, sem landssjóði áskotnast. Því á ekki við að gefa landstjórninni á vald meðferð þessa fjár. Jeg kannast við að landstjórninni er hjer sýnt fagurt traust, en þó sýnist mjer hún hjer vera gjörð að ofjarli. Margt er fleira athugavert við frumv. og skal jeg nefna innheimtuna; það mun t. d. reynast torvelt að fá þann brúarvörð, sem ekkert misfærist hjá af brúartollunum, eða mann, sem ekki leyfði einstöku manni að skjótast yfir brúna tollfríum. Jeg vil ekki taka upp á mig að útvega slíkan mann. Þá er það og fremur óaðgengilegt, að það megi ekki greiða brúartollinn með öðru en farseðlum, sem landsbankinn á að hafa til sölu. Setjum svo, að maður úr Reykjavík ferðaðist upp í Mosfellssveit, en þegar þangað væri komið, æxlaðist svo til, að hann þyrfti að bregða sjer austur í Flóa. Þá yrði hann að fara aptur ofan í Reykjavík og kaupa sjer farseðil, því að hvorki er að búast við að farseðlasala væri í Mosfellssveitinni, nje heldur að brúarvörðurinn hefði seðla til sölu, því að það er víst harla lítill munur á því, hvort hann tekur beint við 20 aurum af ferðamanni sem yfir brúna fer, eða ferðamaðurinn kaupir af honum farseðil fyrir 20 a. og fær honum svo seðilinn, og sje brúarverðinum ekki trúandi fyrir að taka við brúartollinum í peningum, þá mun honum naumast heldur trúandi fyrir að hafa farseðlasöluna á hendi, því hann gæti þá margselt sama seðilinn. Ef það verður ofan á að heimta brúartoll, þá sýnist mjer þó full nauðsyn á að umsteypa fjórum fyrstu greinunum frv., og jeg vil skjóta því til h. flutn.m. hvort þeim sýnist ekki rjettast að landsbankanum sje falin á hendur öll umsjón með brúnum eg brúartollunum.

Jeg held að h. flutnm. sje annast um 5. gr., og það væri því máske ráðlegast að stytta frumv. þannig að eptir væri að eins fyrri helmingur 5. gr.: »Hjer með eru úr lögum numin þau ákvæði laga 3. maí 1889, sem skipa fyrir um endurgjald úr sýslusjóðum Árness- og Rangárvallasýslna og úr jafnaðarsjóði suðuramtsins, til byggingar Ölvusárbrúarinnar«. Jeg held að landssjóður gæti borið það, þótt hann fengi ekki þessar 940 kr. sem árlega á að greiða honum upp í byggingarkostnaðinn. Með þessu mundi gjört hughægra bæði þeim, sem vilja leggja brúartollinn á og hinum, sem telja slíkan toll farartálma, og ekki tilvinnandi það ómak og sá kostnaður, sem tollheimta mundi hafa í för með sjer.

Þórður Guðmundsson: Það má með sanni segja um frumv. þetta, að það hefir bæði kosti og ókosti. Jeg játa að það er kostur fyrir Árness- og Rangárvallasýslur að þurfa ekki að greiða þessar 20,000 kr. í landssjóð, sem á þeim hvíla nú, en þó álít jeg þennan kost ekki vega á móti ókostunum, þar sem í frumv. er bent á, nefnl. að skipa brúarvörð og taka brúartoll. Afleiðing-

in af þessari tollgæzlu hlyti að verða sú, að vegurinn yrði ófrjáls. Jeg væri að vísu ekki á móti því að sanngjarnt gjald yrði lagt á þá sem brýrnar nota, ef því yrði þannig komið fyrir, að það hefði ekki stórkostlegan kostnað eða farartálma í för með sjer. En ef þetta frumv. nær að ganga fram, verður afleiðingin af því sú, að brúnni verður að loka og vegurinn ófrjáls, og væri slíkt mjög óheppilegt. Enn er það, að brúarvörðurinn mundi verða svo dýr, að hann mundi jeta upp mikið af brúartollinum, og eptir 80—100 ár má ganga að því vísu, að brúarvörðurinn hefði svelgt í sig eins mikið fje og kostaði að byggja nýja brú. En svo þyrfti líka að hafa safnazt í sjóð jafnmikið fje til þess að byggja nýja brú fyrir. Ef þetta yrði ofan á, þá yrði eptir rúmum mannsaldur búið að borga tvöfalt brúarverð í toll, og væri það allt of hár skattur á þá, sem brýrnar nota.

Þá er að minnast á þá sem brúar eiga að gæta, þeir verða að hafa til að bera hina mestu mannúð og samvizkusemi, því að ef þeir eru ekki liprir og árvakrir, þá er hætt við að það dragi úr því, að menn noti brýrnar. Jeg er viss um, að ef brúarvörður yrði settur við Þjórsá, þá mundu mjög margir nota sínar gömlu ferjur einkum á sumrin, því að þess er að gæta, að hið fyrirhugaða brúarstæði er allt að því 2 mílur úr alfaraleið, fyrir alla sem búa neðarlega í Rangárvallasýslu. Jeg skal ekki fara langt út í að tala um tollupphæðina að þessu sinni, en þó mun hún naumast hlutfallslega rjett metin; það má eflaust telja að tollurinn á sauðfjenaði sje of hátt settur.

Eins og jeg sagði áðan, þá er jeg ekki á móti því að eitthvert sanngjarnt gjald sje greitt fyrir notkun brúa, en brúarvörður muni reynast svo dýr, að brúartollurinn gengi að mestu í sjálfan sig, sje hann eigi settur því hærri, en það er hart að gjöra veg, sem lengi er búið að stríða við að fá, svo óaðgengilegan, að hann sje varla notandi. Það er ekki glæsilegt fyrir þá sem næstir brúm búa, að þurfa að borga fyrir hverja ferð yfir þær; að vísu bætir það nokkuð úr að frumv. gefur þeim kost á að borga 5 kr. gjald fyrir árið, en á frumvarpinu sjest ekki hvar þau takmörk eru á milli þess sem á að borga þessar 5 kr., og hinna sem greiða skulu fyrir hverja ferð yfir brúna.

Jeg vona að h. deild finni eitthvert annað ráð til þess að halda brúnum við en tollgreiðslu, og að hún gjöri sitt til að koma máli þessu í góða stefnu.

Sighvatur Árnason: Það hefir flest verið tekið fram, sem mælir móti brúartolli; en þó skal jeg bæta því við, að þegar þetta brúamál var til umræðu áður fyrri, þá var leitað eptir skýrslum á ferjustöðunum, hvað ferjurnar mundu gefa af sjer. Þessar skýrslur komu í mínar hendur, og jeg var einn af þeim, sem yfirveguðu þær í sambandi við kostnaðinn við brúarvörð o. fl., og niðurstaðan varð sú, að lítill afgangur mundi verða af því, sem til brúarvarðar gengi, þó brúartollurinn væri settur jafnhár ferjutollinum; þetta munu h. flutnm. ekki hafa íhugað, en hinsvegar er hart að hafa brúartollinn hærri en ferjutollinn, enda mundi leiða af því, að menn afræktu brýrnar og færu á flutningi yfir árnar.

En það er langt frá að jeg — og svo er víst um flesta — telji eptir mjer að greiða eitthvert gjald fyrir brúarnotkun, en jeg er eingöngu á móti brúartolli af því, að hann hlyti að verða of hár, ef hann ætti að gefa nokkuð í aðra hönd, einkum þegar það er tekið til greina, sem þegar hefir verið minnzt á, að í góðu veðri á sumardag mundu

ferjustaðirnir á Þjórsá verða töluvert notaðir, ef jafnhár eða hærri tollur hvíldi á brúnni en ferjutollurinn er, og því er hætt við að landssjóður tapaði en græddi ekki, við að hafa brúarvörð við Þjórsá. Jeg lái enganveginn h. flutnm. þótt þeir vilji hafa viðleitni á því, að gæta hagsmuna landssjóðs. En aptur finnst mjer það alveg óeðlilegt að leggja fremur gjald á þessa vegagjörð en á hverja aðra kostnaðarsama vegagjörð. Hjer er t. d. á fjárlögunum teknar til 50,000 kr. til vegagjörðar á Hellisheiði, og hefir þó eigi verið farið fram á að greiða toll af þeim vegi. Það er varúðarvert að gjöra ferðamönnum talsverð ónot og farartálma með þessum brúartolli, og ekki getur hjá því farið að brúargæzlan verði dýr, því að sje brúin lokuð, verður að vaka við hana dag og nótt, svo að sem minnstur farartálmi leiði af tollgreiðslunni.

Þorlákur Guðmundsson: Það játa allir, að eigi sje spursmál um það, að brúin á Ölvesá sje dýrmæt vegabót, og mjög mikil þægindi fyrir alla, sem yfir á þessa þurfa að ferðast, en einkum fyrir þau hjeruð, sem næst henni liggja, en jeg fæ eigi sjeð, að það sje rjett skoðað, að meiri ástæða sje til þess, að leggja toll á brúna fyrir það.

H. flutningsm. (J. Þór.) tók það fram, að mikið hefði verið rætt um þetta mál í blöðunum, og hefði sá flokkur, sem var brúatollinum meðmæltur, borið að lyktum hærri hlut. Eins og h. þingd.-mönnum er kunnugt, þá var jeg annar aðili málsins í blöðunum og skal því eigi fara neitt út í það mál, en þó að h. flutningsm. (J. Þór.) aðhyllist þá skoðun, þá stendur það eigi einungis undir hans, heldur og annara dómi að dæma um, hvor málsaðilanna hafi haft meira til síns.

H. 2. þm. Rvell. (Sighv. Á.) benti á, að nú væru veittar 50,000 kr. á fjárlögunum til vegagjörðar á Hellisheiði og sagði, að eins mætti leggja toll á þann veg eins og brúna. Það má auðvitað tolla alla leiðina til Reykjavíkur, því til að tolla, þá útheimtist eigi annað en að byggja skýli og útvega mann. Manninn má ávallt fá, þangað sem hann fær eitthvað í aðra hönd, og hvað skýlinu viðvíkur, þá stendur nú húsið enn við brúna, og bíður líklega eptir brúarverðinum. Til þess að tolla Hellisheiði, þá er nú hús á Kolviðarhóli, og líka mætti reisa tollbúð á Hellisskarði. Ennfremur má setja tollvörð hjá Rauðará, grafa skurð niður í sjó að norðan og suður úr öllum mýrum, sem enginn kæmist yfir nema fuglar himinsins. Það má með sama rjetti leggja toll á þessa vegu eins og brúna. Þeir hafa kostað mikið fje eins og hún, og þeir kosta mikið enn eins og hún, því hvorutveggja þurfa viðhald. En það vita allir, að það sem í upphafi hefir kostað mikið fje, það útheimtir og að öllum jafnaði mikið fje til viðhalds, ekki sízt þegar um vegi er að ræða. Nú undanfarin ár hafa litlar sem engar skemmdir orðið á veginum upp frá Reykjavík, þó er eigi svo litlu fje varið til viðhalds honum árlega. Móti frumv. þessu hefir hæstv. landshöfðingi rækilega talað, svo jeg þarf eigi þar við að bæta, en jeg vil að eins leyfa mjer að taka það fram, að mjer finnst, að h. flutningsm. hafi eigi nógu rækilega íhugað þetta mál, svo það virðist byggt á sandi. Eins og hver bygging þarf að hafa grundvöll, eins þarf þetta mál að hafa fastan grundvöll og þessi grundvöllur eru skýrslur, skýrslur um ágóðann og kostnaðinn, sem brúartollurinn hefði í för með sjer, svo og umferð um brúna, svo sjeð verði, hvort þetta getur borið sig, þegar allt er yfirvegað, eins og h. 2. þm. Rvell. (Sighv. Á.) tók fram, en hann

er sá maður, sem einna bezt ber kennsl á málið, því hann hefir verið við það riðinn og fylgt því frá því það hófst. Sömuleiðis þarf að fást að vita um upphæð tollsins og um margt fleira þar að lútandi, svo málið þarf því mikils undirbúnings. Ennfremur skal jeg geta þess, að jeg get eigi ímyndað mjer annað, en það yrði ónotalegt fyrir bankastjórann í Reykjavík að vera um leið brúar- og tollvörður við Ölvesárbrúna.

Jeg ætlaði að tala nokkur orð um mál þetta frá almennu sjónarmiði, og verð jeg þá að benda á hið mikla hafnleysi á suðurströndinni, fyrir þessum hjeruðum, þar sem um enga höfn er að ræða, sem að almennum notum geti orðið, nema þá svo kölluðu Eyrarbakkahöfn, og sem þörfin ein hefir skapað og skýrt sem höfn, en eins og hún nú er löguð og undir þeim kringumstæðum sem nú eru og að öllum líkindum lengi verða, getur ekki orðið að fullum notum. En þegar litið er til þess hlutdrægnislaust, að svo mun verða um langan aldur, að þessi hjeruð eiga við miklu meiri erfiðleika að stríða, að því er samsöngur snertir, vegna hafnleysis og annara tálmana, því það verður víst langt að bíða þess, að fje verði veitt til þess að gjöra höfn á Eyrarbakka, þá virðist það eigi nema rjettlátt og sanngjarnt, að þessir menn geti notið styrks til samgangna í líkum mæli og þeir, sem búa við firði og flóa, og það gætu þeir að eins á þann hátt, að þeir fengju brýr öllum frjálsar og haptlausar, því þótt talað hafi opt verið um gufubátsferðir, þá eru þær á þeim stöðvum ómögulegar, eða í það minnsta gætu þær eigi komið þar að neinum verulegum notum mjög opt og ekki nema í sjerstökum veðurblíðusumrum. Frá þessu sjónarmiði sýnist það órjettlátt að leggja toll á brúna, einkum þar sem líklegt er, eins og h. 1. þm. Rvell. (Þ. G.) sagði, að tollvörðurinn muni gleypa hið mesta af honum, svo að hann þar af leiðandi verður vart nein tekjugrein fyrir landssjóð, er nokkur munur sje að.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg býst eigi við, að það þýði nokkuð að mæla þessu frumv. bót, því nú hafa komið fram svo margar rökstuddar setningar á móti því, að ætla mætti, að frumv. verði kveðið niður þegar í stað. Þrátt fyrir það get jeg eigi látið málið ganga fram hjá, án þess að jeg beri hönd fyrir höfuð mjer og hinna annara flutningsmanna. Aðal-spursmálið er um, hvort tolla eigi brúna eða ekki og í annan stað, hvernig tollinum skuli háttað. Vjer flutningsmennirnir erum alls eigi í neinum vafa um það, að það sje rjett, að þeir sem nota brúna skuli fremur leggja sinn skerf til þess að viðhalda brúnni, og ef ske mætti, borga eitthvað upp í kostnaðinn við að byggja hana, heldur en þeir sem aldrei hafa sjeð hana, enn síður notað hana, þar sem, eins og nú stendur á, að nokkur hluti þessa kostnaðar er borgaður af sýslufjelögum Árness- og Rangárvallasýslna og úr jafnaðarsjóði suðuramtsins. Jeg óttast eigi neitt, að tollurinn verði jetinn upp af brúarverði, heldur geri jeg ráð fyrir, að afgangur verði, hvort sem hann svo verður talinn sem sjerstök tekjugrein fyrir landssjóð eða lagður í sjerstakan sjóð, sem varið verði til þess að viðhalda henni og ef til vill til þess að byggja hana upp aptur að meiru eða minnu leyti. Landssjóður leggur á hverju ári fje til brúarinnar; hann borgar eptirlit og viðhald á henni. Á ári hverju er þörf á að mála hana, leggja yfirgólf á hana og ýmislegt fleira. Til þess að láta framkvæma þetta fær landssjóður hvergi fje sjerstaklega eða beinlínis, heldur verður, til þess að þessi eini hluti landsbúa og nokkrir útlendingar, sem brúarinnar geta notið,

geti haft þessi þægindi, að leggja almennan skatt á alla landsbúa.

Jeg fyrir mitt leyti get eigi verið í vafa um, hvernig svara skuli, þegar spurningin er um, hvort eigi að tolla brúna eða ekki. Svarið hlýtur frá mínu sjónarmiði að verða játandi. Hvað brúnni á Þjórsá viðvíkur, er mjer eigi unnt að dæma um, hvort brúartollur og gæzla muni borga sig að svo stöddu, en eigi get jeg verið samþykkur hinum hæstv. landshöfðingja, þar sem hann sagði, að landstjórnin væri sett í mikinn vanda með þeim ákvæðum í lagafrumvarpi þessu, sem veita henni svo mikið vald í því er brúnni viðkemur. Hvað vald laudstjórnarinnar snertir í þessu máli, þá ber jeg svo öruggt traust til hennar í því, sem öðrum fjárhagsmálum, að jeg trúi henni vel fyrir að hafa alla umsjón með brúnni. En þótt bankastjórninni sje í frumv. ætlað að hafa sölu fargjaldsseðlanna á hendi, þá kemur það eigi til af því, að landstjórninni sje eigi trúað fyrir því, heldur þótti flutningsmönnum frumv. þetta vera svo smávægilegt atriði og þess eðlis, að hún gat eigi verið að fela það henni á hendur. En jeg get eigi verið því samþykkur, að seðlarnir hafi eigi þýðingu í sjálfu sjer fyrir innheimtinguna á brúartollinum, heldur vil jeg bera það saman við »controll«-miða á sporvögnum, sem menn brúka í öðrum löndum, og sýnir það, að þeir álíta seðlana eigi þýðingarlausa þar, og álít jeg, að þeir muni hafa sama gildi hjer, að því er brúartollsgreiðsluna snertir. Brúarvörðurinn er einn til frásagna um, hversu miklu fje hann hafi veitt móttöku, ef seðlar eru eigi viðhafðir, en sjeu þeir hafðir, þá verður hann, ef hann vill svíkjast um, með því að hleypa einhverjum fargjaldslaust, að hafa annan í vitorði með sjer, og ennfremur fyrirbyggja seðlarnir það, að brúarvörður stingi nokkru í sjálfs síns vasa. Jeg get heldur eigi verið neitt hræddur um það, að eigi megi fá tryggan og áreiðanlegan mann hjer á landi til þess að hafa brúargæzluna á hendi.

Hæstv. landshöfðingi hjelt að flutningsmennirnir hefðu mest augastað á 5. gr., þar sem farið er fram á, að ákvæði laga 3. maí 1889 sjeu úr lögum numin. En jeg hafði það nú eigi sjerstaklega fyrir augum, en það er sjálfsagt að ljetta þessu gjaldi af þessum hjeruðum, ef tollur kemst á; þessi hjeruð mundu að vísu borga mestan toll, en það eru fleiri, sem fara þær en menn þaðan, bæði úr öðrum hjeruðum og útlöndum, og það eru þessir menn, sem jeg vil að leggi líka sinn skerf til þess að viðhalda og borga brúna. Tilgangurinn með tollinum er sá, að útvega landssjóði tekjugrein, sem borgaði eitthvað meira eða minna upp í kostnaðinn við brúna, og að borgun þess fjár komi rjettlátlega niður, nefnilega á þá, sem hana nota, en ekki á þá, sem engin nota hafa af henni, og það er frá því sjónarmiði að jeg álít rjett og sanngjarnt, að leggja toll á báðar brýrnar.

H. 2. þingm. Rangv. (S. Á.) tók það fram, að tollurinn kæmi harðast niður á þeim, sem næstir byggju brúnni, og það er rjett; en jeg get vel skilið það, að h. þingmenn þessara hjeraða snúist öndverðir gegn þessu, og mig furðar á því, að þeir skuli eigi hafa snúizt harðara gegn því en þeir hafa gjört. Því 1. þingm. Rangv. (Þ. G.) tók það fram, að hann væri eigi á móti því að leggja á hæfilegt gjald, ef það á engan hátt hindraði ferðir manna eða samgöngurnar, en væri algjörlega á móti þeim tolli er gjörði veginn ófrjálsan, en jeg skal benda á, að vegurinn er alls eigi gjörð-

ur ófrjáls, þó á brýrnar sje lagður tollur. Eða hvað skilur h. þm. Rangv. (Þórð. G.) við orðið »frjáls«?

Jeg veit ekki til, að það sje kallað »ófrelsi«, þó að einhver, einstakir menn eða fjelög, heimti borgun fyrir afnot þeirra hluta, er lögð eru til almennings nota, og jeg er hræddur um, að sá skilningur, sem hann hjer virðist vilja leggja í orðið »frjáls«, geti leitt hann nokkuð langt.

Jeg álít að bæði megi frá praktiskri hlið koma tolli að og rjett sje að gjöra. Hvað gjöra menn eigi við hafnir, skipakvíar, bólverk, auk ótal fleira, er telja mætti? Slík þægindi er mönnum eigi lögð upp í hendurnar til afnota endurgjaldslaust. Eins og jeg tók áðan fram er brúin eigi gjörð neitt ófrjálsari með því að leggja toll á hana. Það mætti segja að brúin væri ófrjáls núna með sama rjetti. Eptirlitsmaður fylgir nú mönnum eptir og gætir að því, hvort menn fari eigi með meir 10 hesta í lest í einu yfir brúna eða hvort menn reki eigi klyfjahesta, og gætir yfir höfuð að því, hvort reglugjörð þeirri sem landshöfðingi gaf út um notkun brúarinnar sje fylgt í öllum greinum. Þetta er eptir skilningi h. þm. Rangv. (Þórð. G.) á orðinu mikið ófrelsi.

H. 1. þm. Rangv. (Þórð. G.) tók fram, að tollurinn mundi allur ganga í brúareptirlitið. Jeg get eigi sjeð, að það sje nokkuð á móti því, að leggja toll á brúna fyrir það. Með því fyrirkomulagi sem nú er, er brúin að eins til kostnaðar fyrir landið, en jeg get þó eigi annað skilið en að tollurinn mundi borga eitthvað upp í hinn árlega kostnað sem er við brúna. Jeg hef að vísu engar skýrslur um það, hve umferðin er mikil um brúna, en það hafa andmælendur tollsins heldur eigi, svo að þeirra getgátur og spádómar um það eru engu áreiðanlegri en mínir; jeg get heldur hvergi sjeð, hvað þeir ætla að láta vörðinn hafa mikil laun, svo jeg get eigi sjeð, að ástæða sje til þess, að leggja mjög mikla áherzlu á ímyndun þeirra um, að tollurinn hrökkvi eigi fyrir kostnaðinum, meðan þeir eigi sýna mönnum frekar fram á það. Ef þeir hefðu lagt fram skýrslur sínu máli til sönnunar, þá hefði verið öðru máli að gegna, því ef þær hefðu reynzt rjettar, þá hefði orðið að finna önnur ráð. Jeg get eigi fallizt á það, að það mundi draga úr umferðinni og notkun brúarinnar, þó tollurinn á brúnni væri hærri en ferjutollur, eða að menn mundu þá fremur fara á ferju en brúnni, því menn eru varla svo skyni skroppnir, að þeir vilji heldur hafa töfina og fyrirhöfnina við ferjurnar, hrekja sig, flutning sinn og hesta, og leggja þá í mikla hættu að missa þá, með því að reka þá í ána, heldur en að fara brúna. Þetta mundi að eins valda óánægju um 2—3 mánaða tíma, sem alveg hyrfi, þegar fram í sækti og menn færu að venjast því.

H. 1. þm. Rangv. (Þórð. G.) spáði því, að eptir 80—100 ár mundi brúarvörðurinn vera búinn að gleypa tvisvar eða optar það sem brúin kostaði; en væri þá eigi ráðlegra að leggja tollinn á sem fyrst, svo hægt væri að gjöra eitthvað, þegar brúin þyrfti þess við, því einhversstaðar verður að taka það frá. Ef eigi á að taka það úr landssjóði, sýslusjóði eða með því að leggja toll á, hvaðan á þá að taka það? Hann sagði að menn mundu eigi telja það eptir sjer, að borga viðhaldið á einhvern hátt; en væri þá eigi rjettlátara, að þeir, sem brúna nota, borguðu það með því, að greiða eitthvað fargjald, heldur en að láta þá, sem aldrei hafa brúna sjeð, borga það?

Að bera saman tolla á brúnum við það, að setja toll á Hellisheiðarveginn

eða Árnahraunsveginn, setja tollvörð á Rauðará, er svo mikil fjarstæða, að jeg finn eigi ástæðu til að fara neitt út í það. Erfiðleikarnir við tollgæzlu þar eru þar fyrst og fremst svo miklir, og þar að auki er það algjörlega sitt hvað.

Jeg býst við að eigi sje gott að fá skýrslur um umferðina um brúna. Það væri helzt ef landshöfðingja hefði borizt einhverjar skýrslur um það frá hinum núverandi brúarverði, en jeg skal geta þess, að jeg hef heyrt að núna nýlega hafi farið um 800 hestar um hana á einum sólarhring.

Jeg efast því eigi um, að umferðin sje svo mikil, að með þeim tolli sem farið er fram á í frumvarpinu fengizt nægilegt fje til þess að borga kostnaðinn við eptirlitið.

Það er betra að athuga þetta í tíma. Það þarf að gæta að því, að þetta er hengibrú. Eptirlitsmaður stjórnarinnar, sem var við brúarbygginguna, hefur látið það í ljósi, að hengibrýr slitnuðu fljótara en fastabrýr og þyrftu miklu vandaðra eptirlit, og vil jeg leyfa mjer að vekja athygli háttv. deildar á því, að vel getur farið svo, ef eigi er haft gott eptirlit með henni, að landssjóður þurfi að borga 20—30 þúsundir til aðalviðgjörðar á henni eptir eigi mjög langan tíma, svo sem mannsaldur eða svo.

Hjer þarf eitthvað að gjöra strax og fyrir mínum augum er það að eins þetta eina, að setja toll á og eptirlitsmann. Þetta er mjög þýðingarmikið spursmál fyrir landssjóð, sem er þess vert, að því sje gaumur gefinn í tíma.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) bar flutningsmönnum skammsýni á brýn, og að þeir hefðu skoðað þetta mál nokkuð nærri nefi, en jeg vona, að hann við nákvæmari skoðun komizt að annari niðurstöðu, því frá almennu sjónarmiði liggur málið þannig fyrir eins og hjer er tekið fram, og jeg vildi ráða h. þm. Rangv. (Þ. G.) til þess, að endurtaka eigi slíkar getsakir í alvöru, því þá kynni að fara svo, að þessu, sem hann beindi að oss, verði svarað í alvöru og ef til vill leiðbeint í rjettari átt.

Þórarinn Böðvarsson: H. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) tók allt eða næstum allt fram, sem jeg ætlaði að segja. 'Ef það er rjett, að meta mál eptir þeim mótbárum, sem fram koma gegn því, þá er þetta mál gott, því að enginn af þeim, sem talað hafa á móti, hefir komið með neina verulega ástæðu á móti því frumv. sem hjer liggur fyrir. Jeg minnist á þetta frá nokkuð öðru sjónarmiði. Mín skoðun er sú, að þar sem vegagjörð öll hjer á landi er afardýr, verði að gjöra allt til að ljetta hana eða ljetta kostnaðinn. En það er eina ráðið til þess að leggja toll á, þar sem tollur verður lagður á. Enda er það kunnugt, að önnur lönd hika ekki við að leggja toll á slík stórvirki. Það eru erlendis lagðir tollar á mannvirki, sem eru miklu minni í samanburði við auð manna þar en þetta mannvirki í samanburði við fátækt manna hjer. Sje nú enginn tollur tekinn af þessum fyrstu brúm, þá yrði skrítið að fara seinna að tolla brýr á stórám þeim, sem síðar kunna að verða brúaðar. Landssjóður mundi því, ef enginn er tollurinn á lagður, binda sjer þann bagga, að brúa allar stórár landsins og halda brúnum við á sinn kostnað. Því að önnur hjeruð eiga jafna heimting á, að landssjóður brúi ár þar um slóðir, eins og þau hjeruð, sem mest hafa notin af þessum brúm. Það er auðvitað rjett, sem tekið hefur verið fram, að brúartollur hefur ókosti og erfiðleika í för með sjer, en sje það borið saman við ferjuferðirnar, þá er þetta þó snöggt um betra, þá verða

kostirnir mörgum sinnum meiri en ókostirnir. Þegar farið er á ferju, verður fyrst og fremst að borga ferjutoll, þá verður að spretta af hestum og leggja á þá. Þeir koma síðan yfir um votir og sundmóðir, og verður þá að bíða lengi áður en lagt er á aptur, og dvelst mönnum opt mikinn hluta dags við ferjustaðinn. Munu allir sjá, að þetta kostar meira en lítils háttar brúartollur. Þau andmæli móti brúartollinum hafa heyrzt, að brúin yrði ófrjáls vegur með því móti. Því hefir h. þm. V.-Sk. (G. G.) svarað að fullu. Á þeim reikningi furðar mig, að allur brúartollurinn mundi fara til að borga gæzlu á brúnni og enginn afgangur verða. Því að margsannað er það um aðra brúna, að gæta þarf hennar, þótt enginn tollur hvíli á.

Hjer er því að eins að ræða um þann kostnaðarauka, sem af hlytist, eða með örðum orðum, mismun á dýrleika gæzlunnar á brúnni toll-lausri og gæzlunni á henni með tolli. Sá mismunur mundi sannarlega eigi nema öllum tollinum. Jeg man það, að 1889, þegar við þm. G.-K. bárum fram þessa tillögu um toll, var það haft fyrir ástæðu á móti því, að þá yrði gæzla á brúnni nauðsynleg, en annars ekki. Nú hefir þó sú raunin á orðið, að gæzlumaður hefir verið settur við brúna, þótt ekki sje tollurinn. Þessi ástæða verður því eigi höfð til andmæla geng frumv. nú.

Mig furðar á að nokkur skuli bera saman brú og heiði í þessu sambandi. Heiðina er ómögulegt að tolla, en brúna er mögulegt að tolla, enda er það engra manna siður, að tolla vegi. Því að eins algengt sem það er erlendis að tolla brýr og önnur stór mannvirki, eins sjaldgæft er það þar, að tolla alfaravegi.

Það hefir verið tekið fram, að þeir menn, er byggja suðurströnd Íslands, hafi minna gagn af eimskipum og strandferðum en aðrir hjer á landi. En jeg vil spyrja, kostar það oss ekkert að nota eimskipin? Þurfum vjer eigi að borga farið með þeim? Jú, þess þurfum vjer, og mun það gjald vega upp margfaldan brúartollinn. Það er víst, að menn hafa gert of mikið úr gæzlukostnaðinum, og jeg sje engar líkur til að hann muni gleypa allt. Það vil jeg athuga viðvíkjandi því, er hæstv. landsh. efaðist um, að finnast mundi maður, sem trúandi væri fyrir tollgæzlu, að jeg vil ekki gera landi mínu þann vansa, að ekki megi finna svo ráðvandan mann. H. þm. V.-Sk. (G. G.) tók það og fram, eins og rjett er, að hann yrði að hafa fleiri til að stela með sjer, ef hann vildi stela, þegar sjerstakir farseðlar eru út gefnir. Jeg er ekki sannfærður um að brúartollurinn þurfi að vera eins hár og ferjutollur er vanalega, en þótt svo væri, mundi ferðin verða miklu ódýrari en ef farið væri á ferju. En vel getur verið að hann yrði svo hár, að hann yrði þeim mönnum tilfinnanlegur, sem mikið þurfa að brúka brúna og næst henni búa. Fyrir því er jeg á því, að þeim ætti að gefa kost á að borga einu sinni á ári hæfilega upphæð fyrir að nota brúna.

Það hefir verið tekið fram, hve mikill fjöldi útlendinga mundi fara yfir brýrnar. Enginn mundi hafa neitt á móti því, að þeir greiddi hæfilega þóknun fyrir umferð yfir brúna, og þeir sjálfir ekki heldur; sjerstaklega tala jeg þetta til hestakaupmannanna. Jeg vona að h. deild fallist á brúartoll, einhvern veginn lagaðan, en jeg get vel játað, að frumv. sje ábótavant. Jeg get skrifað undir það, sem h. þm. V.-Sk. (G. G.) sagði, um traustið á landstjórninni. Jeg get öruggur lagt á hennar vald allt það, sem henni er fal-

ið í frumv., og treysti henni þar jafnvel betur en fulltrúunum. Það þarf engan veginn að óttast, að hún setji gjaldið of hátt, og jeg er sannfærður um, að það verður eigi svo hátt, að ástæða sje til að segja, að brúin sje ófrjáls vegur, enda mun eigi þörf á svo háu gjaldi.

Það hefir verið fundið flutningsmönnum þessa máls til foráttu, að þeir hafi eigi lagt fram skýrslu um yfirferð yfir brúna. En mjer er spurn, hver getur gefið þá skýrslu? Það er hægt að segja að á einum degi hafi farið svo og svo margir yfir brúna, en hver er sá, sem getur gert grein fyrir hverjum einasta degi í árinu?

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta að sinni, en vona að h. deild taki því vel, og láti það ná fram að ganga.

Sighvatur Árnason: Jeg skal leyfa mjer að gera nokkrar athugasemdir við ræðu h. þm. V.-Sk. (G. G.). Hann gat eins, sem jeg vil skýra frá annari hlið. Hann sagði, að 800 hestar hefðu farið yfir brúna á einum degi í vor. Það er aðgætandi að þetta var hestakaupmaður, sem kemur þar kannske einu sinni á ári, eða ekki einu sinni það. Ef tollur væri á brúnni, mundu slíkir menn ekki reka tryppi sín yfir brúna, en reka þau heldur í ána. Maður má vara sig á að treysta fast á slíkt; það er byggt í lausu lopti. Sami h. þm. (G. G.) sagði og, að jeg tæki furðu vægilega á frumv., og skal jeg svara því svo, að vel getur verið að jeg hafi orðið mjúkhentari á því en það á skilið. Get jeg því vel sagt skoðun mína á þessu tollfrumv. með skýrum orðum, en hún er sú, að frv. sje með öllu »ópraktist«, óeðlilegt, og yfir höfuð óbrúkandi. Hann talaði um að skýrslur vantaði frá mjer til sönnunar því, sem jeg sagði. Jeg skal fúslega játa, að jeg hefi eigi nú í höndum skýrslur þær, sem jeg fjekk fyrir mörgum árum síðan, en samt get jeg byggt á þeim, því að vel man jeg hvað þær sýndu. Annars ætti hann, hvað skýrslum viðvíkur, að stinga hendinni í sinn eigin barm, því að ekki hefir hann sýnt neinar skýrslur, sem honum bar þó eigi síður að gjöra sem flutnm. málsins.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. B.) tók til samanburðar, hvað ferjur hefðu gefið af sjer, og gat þess, að það væri í munnmælum, að Óseyrarnessferja hefði gefið eins mikið af sjer og öll Árnessýsla. En af því verður ekki ráðið, að brúartollar verði ýkjaháir yfir höfuð, því þeim ferjustað er ágætlega í sveit komið til aðsóknar, enda mun hann eptir sem áður haldast við, og verða fjölfarinn ferjustaður, vegna Þorlákshafnar, Grindavíkur og annara fiskivera þar út með sjónum, og í þeim ferðalögum þykir allt of mikill krókur upp á Ölvesárbrú. Tekjur Óseyrarnessferjunnar sanna því ekki neitt um það, hvað brúartollar mundi gefa í aðra hönd. Þetta bið jeg menn vel að athuga. Og jeg vil bæta því við, að þótt flutningsmenn sje glöggskygnir og jeg meti vitsmuni þeirra mikils, þá hefir glöggskygnin enn eigi sýnt sig í þessu máli.

Þegar mál þetta kom fyrst fram fyrir eitthvað 20 árum, þá var talað um að sýslurnar þar eystra fengi lán til að byggja brýrnar. Þá var gæzlukostnaður og brúartollur metinn vandlega hvor á móti öðrum, og varð það ofan á, að brúartollur yrði að vera eins hár og ferjukaup, ef hann ætti að vera nógur fyrir kostnaðinum, sem tollgæzlan útkrefði. Hefði jeg skýrslur þær, er þá voru gefnar, í höndunum nú, gæti jeg sýnt það svart á hvítu, að það er rjett, sem jeg hefi sagt.

Þórður Guðmundsson: Jeg álít, að

búið sje að skýra mál þetta nokkurn veginn með umr. þeim, sem orðnar eru. Jeg ætla því að eins að svara stuttlega h. þm. V.-Sk. (G. G.), að því leyti sem orðum hans var beint að mjer.

Honum þótti jeg leggja of mikla áherzlu á, að vegurinn yrði ófrjáls, og benti í því sambandi á ferjutollinn, og að þá hefði verið ver ástatt. Það veit jeg vel, að brúin er til bóta, þótt tollur sje á lagður. Þess vegna er þetta á komið eptir 20 ára baráttu, að menn hafa sjeð að þetta er til bóta; annars væri brúin ekki komin á. En til skýringar á því, hvað jeg meina með því að vegurinn sje ófrjáls, skal jeg taka það fram, að þann veg kalla jeg ófrjálsan, sem ekki verður farinn án farartálma, og sektir eru lagðar við, ef farið er í leyfisleysi, og vegurinn læstur.

Verði þetta ofan á, að tollur verði á lagður, þá verður kostnaðurinn eins mikill og við ferjuferðir, það er að segja í beinum útgjöldum; að vísu gengur ferðin þó greiðara. Því er það til bóta að fá brúna. Í fyrri hluta ræðu sinnar sagði hann, að jeg væri með tolli, en í síðari hlutanum að jeg væri á móti honum. En þetta er ósamkvæmni hjá honum. Jeg hef tekið skýrt fram, að jeg vil engan sjerstakan kostnað leggja á þá menn, sem fara yfir brýrnar.

Jeg heyri að menn halda að jeg byggi það í lausu lopti að vörðurinn gleypi mestallan tollinn, en jeg er búinn til þess, að sanna það með gildum rökum, hvenær sem er. Það er að segja, ef fyrirkomulagið verður eins og frumvarpið fer fram á.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal ekki eyða mjög mörgum orðum að þessu máli. Það er að eins nokkrar athugasemdir, sem jeg vildi gjöra. Það hefir verið leitt fram í þessu máli, að þessi hjeruð, sem gagn hafa af brúnni, hafi ekki gagn af strandferðunum, og að það sje ástæða til, að ekki sje lagður tollur á þau. En sje þetta ekki nærri nefi sjeð, sem maður segir, þá þykir mjer það skrítin hjálp við t. d. Skaptfellinga, sem hvorki hafa not af strandferðum nje brúnni, að láta þá borga skatt til brúnna; mjer finnst að það liggi nær, að þeir borgi, sem fara yfir, eins og líka komið hefir fram í all-flestum ræðum manna hjer. Jeg fyrir mitt leyti vil fúslega taka til greina bendingar hæstv. landshöfðingja, og jeg vona, að sú nefnd, sem væntanlega verður sett í málið, beri sig saman við hann. En það eitt er mjer kappsmál, að einhver tollur komist á umferðina, en minna hvernig.

Jeg held ekki, að hestakaupmenn mundu horfa í 10 aura brúartoll, þótt þeir hefðu 800 hesta, því opt farast hestar í ánni, og er það áhætta mikil að reka stóð í hana. Jeg get ekki ásakað mig fyrir það, að jeg hef ekki lagt fram skýrslur í þessu máli, því hvaðan á jeg að fá þær skýrslur? Menn geta ekki ætlazt til, að jeg sje alvitur, þótt jeg sje flutningsmaður í þessu máli.

Jeg er kunnugur Óseyrarnessferju og veit, að sagt hefir verið, að hún hafi gefið af sjer eins mikið og Árnessýsla; jeg þekki líka Laugardælaferjuna, sem metin hefir verið á við Hrunabrauðið. Kotferja var heldur ekki lítið notuð. En síðan brúin kom hafa þessar 2 síðastnefndu ferjur lagzt niður, og af umferðinni um Óseyrarnessferju hefir vafalaust þriðjungur, ef ekki helmingur, færzt að brúnni. Frá því sjónarmiði get jeg ekki betur sjeð en að útlit sje fyrir að brúartollur mundi borga sig. Gildi þeirrar athugasemdar, að brúargæzlan mundi jeta upp tollinn, er komið undir því, hvort það eru fylgismenn eða mótstöðumenn brúartollsins, sem hafa gjört hana.

H. 1. þm. Rvell. (Þórður G.) hefir ekki skilið mig rjett, þar sem hann ásakaði mig um ósamkvæmni. Hann kallar þá vegi ófrjálsa, sem hann getur eigi farið yfir tálmunarlaust. Þá yrðu nokkuð margir vegir á Íslandi ófrjálsir. En »ófrelsi« það, sem Ölvesá lagði á vegfarendur, hefir minnkað síðan brúin var byggð, enda þótt tollur sje lagður á. Það er ekki hægt að gjöra allt í einu, má þykja gott, ef bætt er að nokkrum verulegum mun. Og það er ætlun mín, að brú, þótt tolluð sje, sje veruleg umbót, þótt ekki væri nema að því leyti að áhætta er minni.

Landshöfðingi: Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg ætlaði að gjöra, viðvíkjandi því spursmáli, hvort tollurinn mundi borga meir en gæzlukostnaðinn. Það er ætlun mín, að tollur á Ölvesá mundi gefa töluvert meira af sjer en gæzlukostnaðinum nemur, en á Þjórsá mundi hann ekki borga sig. Umferðin yfir brú á Þjórsá yrði miklu minni, bæði af því, að miklu færri menn eiga leið yfir Þjórsá en yfir Ölvesá, og svo einnig sökum þess, að brúin yfir Þjórsá yrði töluvert út úr leið fyrir alla, sem búa sunnan til í Rangárvallasýslu, og mætti því búast við, að ef borga ætti toll fyrir að fara yfir brúna, þá mundi hún ekki verða notuð nema þegar áin er ófær eða hættulegt er að fara yfir hana. Þetta hefi jeg sagt til athugunar fyrir nefnd, sem mjer heyrist á mönnum að muni verða sett í málið.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er rjettast, þegar einhvern skatt á að leggja á, að vita, hve mikinn kostnað það hefir í för með sjer, sem með skattinum á að borga, og hve mikið skattheimtan kostar, til þess að geta vitað, hve hár skatturinn á vera. Annars verður það út í bláinn. Hvorttveggja þarf að vita um brúartollinn, sem hjer er umræðuefni, til þess að geta sagt, hvort hann skuli á leggja og hve hár hann þarf að vera. Þess konar skýrslur liggja ekki fyrir hjer, en þær verð jeg að sjá, til þess að geta fallizt á frumv. þetta.

H. 1. þm. G.-K. (Þ. B.) sagði, að enga brú mætti leggja toll á síðar meir, ef þessar fyrstu brýr væru borgunarlaust til afnota. Það er engin frágangssök, því að brýr á að fara með sem aðra vegi. Og þótt það kunni að hvíla yfirferðargjald á einstökum stórbrúm erlendis, eins og sagt hefir verið, þá mun þó vera sú aðalreglan, að leggja ekki slíkan toll á, þar sem um þjóðeign er að ræða. Það gjald, sem nú hvílir á Rangárvallasýslu og Árnessýslu, hjer um bil 1½ eyrir af hverju lausafjár- og fasteignarhundr., er ekki þungt og lítil þörf að ljetta því á þeim, því að það munar litlu. Jeg get við enga hreppapólitík fellt mig í þessu máli, því að gagn einnar sýslu eða fárra er gagn alls landsins, og er sama hvar er. Ef Múlasýsla hefir eitthvert gagn af einhverju, þá auðgar það landið í heild sinni. Hjer er um þann hlut að ræða, sem eykur fjárhag einstakra hjeraða með því að gjöra þeim ljettara fyrir með ferðalög; en það er þá um leið efling á fjárhag alls landsins.

Þegar talað er um þær kr. 482,75, sem hvíla á suðuramtinu af kostnaði brúarinnar, þá er það, að jeg noti útlent orð, »forsvindende« brot úr eyri sem kemur á hvern. Það er óviturlegt að leggja á óþokkasælt gjald, sem spillir umferð um brúna, til að losa suðuramtið við þessa smámuni. Það er ekki nóg, að eitthvað sje rjett frá almennu sjónarmiði; það verður að hugsa um, að það komi að notum, þegar tekið er tillit til staðar og stundar. Nú fer ríðandi maður með þrjá þorskhöfðahesta á eptir sjer austur yfir ár og verður að greiða 1—2 kr. við hvora ána,

mundi honum þykja það tilvinnandi? Nei, engan veginn.

Þess gat einhver, að hann vildi ljetta á landssjóði með brúartollinum. Það er auðvitað rjett, að þetta mundi ljetta á landssjóði, en það yrði eigi ljettir fyrir landið, því að landsmenn yrðu að gjalda sama gjaldið fyrir því. Það var talað um, að hestakaupmenn færu yfir fyrir ekki neitt og væri það ósvinna. En ef tollur kæmist á, mundu þeir án efa haga kaupum svo, að gjaldið eiginlega lenti á hestaseljendum. En þótt hestaseljendur verði nú að borga það litla gjald, sem nú liggur á, er þeim það tilvinnandi, því að brúin greiðir fyrir verzlun og samgöngum, og því meira verzla hestakaupmenn þar, sem gatan er greiðari til sölustaðar og frá honum. En kostnaðurinn við brúna mun fæla hestakaupmennina frá brúnni, og mundu þeir reka hross sín í ána, því að hættan mun ekki vera mjög mikil um sumartímann. Jeg sje því ekki, að frumv. sje til bóta, og ekki gef jeg atkv. með tolli, fyr en jeg sje skýrslurnar. Jeg vil ekki leggja toll á landsmenn út í bláinn. Jeg var raunar áður ekki mótfallinn tolli, en nú er jeg kominn á þá skoðun, að það sje óframkvæmanlegt að leggja toll á allar brýr; en sje hann lagður á eina, þá verður að leggja hann á allar. Það er sannfæring mín, að landssjóður eigi að kosta sem mestu til að greiða fyrir samgöngum manna og efla með því viðskipti innanlands. Jeg skal þá ekki fjölyrða meira, en gert hefi jeg nú grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli.

Björn Bjarnarson: Eptir umræðunum að dæma virðast menn hafa mjög skiptar skoðanir í þessu máli, og er það eðlilegt, að menn sjeu ekki vissir um, hvernig eigi á það að líta, þar sem ekkert er fyrir hendi, er byggt verði á. Mjer finnst líka ástæða til að íhuga málið nákvæmlega, áður en það er látið ganga lengra. Umræðurnar með og móti málinu hafa hvorki gert til nje frá að því er mig snertir. Það er margt, að mjer virðist, sem mælir sterklega á móti frumvarpinu, eins og hins vegar er margt, sem styður það. Það hefir verið tekið fram, að hjeruð þau, sem hjer eiga hlut að máli, ættu heimting á, að greitt væri fyrir samgöngum þeirra á landi, með því þau hefðu engin not af strandferðunum eða samgönguendurbótum á sjó. Jeg get verið mönnum samdóma í þessu, enda er nú farið að viðurkenna þetta einnig í verkinu, hvað Ölvesárbrúna snertir. En afleiðingin af legu þessara hjeraða er sú, að kostnaður við ferðalög þaðan til verzlunarviðskipta er töluvert meiri en í ýmsum öðrum hjeruðum, og verða þeir sem þar búa að sætta sig við það. Bóndi, sem býr í Rangárvallasýslu, á sama rjett á geta komið til Reykjavíkur eins og t. d. bóndi í Mosfellssveit, en það verður erfiðara og dýrara fyrir hann að komast þangað, af því hann býr í Rangárvallasýslu; en þó hann nú yrði að greiða 10—20 aura brúartoll á leiðinni, þá væri það að skoða sem afleiðing af því, að hann býr í því hjeraði, sem á brú þarf að halda, enda svo lítill kostnaðarauki, að varla sýnist mikið úr honum gerandi. Þá hefir það verið tekið fram, að það gæti þó ekki verið neitt á móti að leggja dálítið gjald á útlendinga og menn, er ferðuðust í verzlunarerindum. En að því er útlenda ferðamenn snertir, þá ættum vjer fremur að hugsa um að gjöra allt til að hæna þá að oss, en að reyna að næla í sem mestar tekjur af þeim, á meðan engin alvara er orðin í aðsókn þeirra hingað, fremur að greiða fyrir þeim, og auka þeim þægindi, en að gjöra kostnaðarsamara og óljúfara fyrir þá að ferðast hjer. Sömuleiðis ætti það

að hafa góð áhrif á verzlunina yfir höfuð að tala, að verzlunarviðskiptin gætu orðið sem óbundnust. Að því er einstök ákvæði frumv. snertir, þá skal jeg að eins taka það fram, að jeg er hræddur um, að ákvæðið um, að menn geti fengið rjett til að nota brýrnar fyrir ákveðið ársgjald, gæti orðið misbrúkað. Þeir sem keyptu slíkan rjett, gætu líklega látið aðra, sem yfir brúna þyrftu að fara, njóta góðs af honum, tekið þá undir sinn væng, farið ferðir fyrir þá o. s. frv.

Hvernig sem jeg skoða þetta mál, þá virðist mjer það talsvert athugavert. Jeg vil því ekkert segja um það nú, hverri stefnu jeg muni fylgja í þessu máli; það þarf að ræða og íhuga betur en gjört hefir verið. Er því nauðsynlegt, að nefnd verði kosin, og skal jeg leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 17 atkv. og í hana kosnir:

Guðl. Guðmundsson	með	16 atkv.
Jón Þórarinsson	—	14 —
Þórður Guðmundsson	—	11 —
Þorl. Guðmundsson	—	10 —
Sighvatur Árnason	—	8 —

Fyrstu umr. frestað.

Frumv. til laga um breytingu á opnu brjefi 29. maí 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík (C. 192); 1. umr.

Flutningsmaður (*Halldór Kr. Friðriksson*): Jeg skal ekki vera langorður um þetta mál. Það snertir að eins hið innra fyrirkomulag Reykjavíkur sjálfrar. Það er nauðsynlegt fyrir Reykjavíkurbæ að fá opna brjefinu 29. maí 1839 breytt í þessu efni, sem frumv. ræðir um, með því ákvæði þess leggja töluverðan tálma fyrir byggingarnefnd bæjarins. Hið eina, sem hugsast gæti á móti þessu frumv. er það, að hús í Reykjavík eru í ábyrgð brunabótafjelags kaupstaðanna í Danmörku, og því þyrfti samþykki þess fjelags til þessarar breytingar. En þetta samþykki er þegar útvegað og frumv. samið samkvæmt því. Jeg vona þess vegna, að ekkert verði því til fyrirstöðu, að frumv. fái að ganga tálmunarlaust gegn um þingið.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 12 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um að landið kaupi hverina Geysi og Strokk og hverina þar í kring (Blesa o. fl.), (C. 198); 1. umr.

Flutningsmaður (*Þorlákur Guðmundsson*): Eins og h. þingdeildarmenn geta sjeð í fundargjörðinni frá þingmálafundinum í Hraungerði nú í vor, kom þar fram uppástunga og áskorun til vor þingmanna Árnesinga frá nafnkunnum mönnum um, að við færum fram á það hjer á þingi, að landssjóður keypti þessa hveri. Ástæðurnar fyrir þessari uppástungu eru einkum tvær. Fyrsta ástæðan er sú, að hverir þessir eru hin mesta þjóðargersemi; 2. ástæðan er sú, að eigandinn hefir fengið tilboð frá útlendingum um að kaupa hverina. Eigandinn hafði þó sagt, að hann yrði aldrei svo fjeþurfi, að hann seldi útlendingum hverina; en hann á marga erfingja og alla bláfátæka, og er freistnin því mikil fyrir þá að selja hverina, þegar þeir verða eigendur þeirra. Síðan mál þetta var fyrir Hraungerðisfundinum höfum við flutningsmenn gjört ráðstöfun til að fá yfirlýsing eigandans um söluna, og hefir hann lýst því yfir, að hann vildi selja hverina fyrir ákveðið verð. Eptir þessu höfum við samið frumvarp það, sem hjer liggur fyrir. Kaupverðið fer eptir því, hvort meira eða minna land fylgir hverunum; lægsta verð eptir tilboði eigandans er 2500 kr., en hæsta verð 3000 kr. Í þessu kaupverði er þó ekki innifalið hestbeitarland, en eigandi hefir lofað að gjöra

samning um leigu á hestbeitarlandi, ef landsstjórnin æskti þess, fyrir lengri eða skemmri tíma. Selja vill hann það ekki, og ekki vill hann selja jörðina.

Sighvatur Árnason: Jeg er á því, að vert sje að íhuga þetta mál, og leyfi mjer í því skyni, að stinga upp á 3 manna nefnd.

Þorlákur Guðmundsson óskaði að nefndarkosningu yrði frestað, þar til fleiri hefðu látið í ljósi álit sitt á málinu.

Forseti tók þessa ósk til greina.

Jón Þorkelsson: H. flutningsm. (Þorl. Guðm.) sagði, að eigandinn hefði fengið tilboð frá útlendingum um að kaupa »Geysir« — eptir »grammatik« þeirra Arnesinganna.—Jeg vil því skora á hann, að leggja fram þetta eða þessi tilboð, svo menn geti fengið að sjá, hvað þeir vilja gefa fyrir hverina, því það virðist ekki ástæða til þess, að landssjóður gefi meira fyrir þá en góðu hófi gegnir.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Jeg nefndi ekki tilboð, heldur beiðni. Jeg hef það eptir áreiðanlegum manni, síra Magnúsi Helgasyni á Torfastöðum, að útlendingur sá, sem talaði um að kaupa hverina, hafi ekki álitið þá dýrt selda á 3000 kr. Jeg vona, að h. þm. Snæf. (J. Þork.), sem ann svo mjög öllu, sem fornt er, verði ekki á móti því, að landssjóður kaupi þessa fornu þjóðgersemi.

Landshöfðingi: Jeg vildi beina þeirri spurningu til h. flutningsmanna (Þorl. Guðm. og B. M.), hvernig þeir hugsuðu sjer að eignarrjettur landssjóðs ætti að koma fram, þegar hann væri búinn að eignast hverina. Er það meiningin, að umgirða eigi hverina, t. a. m. með svo háu plankverki, að enginn geti litið inn yfir það eða fengið að sjá hverina, nema þeim væri hleypt inn fyrir fyrir borgun? Það yrði þá rjett eins og með haugana, sem sagt er frá í sumum af fornaldarsögunum. Í frumv. stendur, að landshöfðingi eigi að semja reglur um eptirlit og afnot af hverunum. Jeg hef ekki hugmynd um, hvernig það eptirlit og þau afnot ættu að vera. Jeg vildi því biðja h. flutningsm. að skýra fyrir öllum þingd.m. og sjerstaklega fyrir mjer, sem, ef til vill, á að framkvæma þetta ákvæði, í hverju þessi afnot eiga að vera fólgin, hverjir eiga að nota »Geysi«, o. s. frv.

Flutningsmaður (Þorlákur Guðmundsson): Það er kannske ekki svo gott að svara spurningum hæstv. landsh. í fljótu bragði; þó skal jeg reyna að skýra fyrir honum mína hugsun.

Það er auðvitað ekki meiningin, að umgirða hverina, eins og gamla fornaldarhauga; en jeg hefi hugsað mjer að settur yrði umsjónarmaður, sem sæi um hverina, líkt og eigandi þeirra gjörir og hefur gjört. Hjer kemur þá að vísu sama spurningin, eins og um brúartollinn og brúargæzluna (hlátur), þegar um síðustu greinina er að ræða, en við flutningsmenn vorum í vafa um, hvort rjettara væri að fela það landsstjórninni, eða að það væri ákveðið með lögum um eptirlit og afnot hveranna; en þegar nefnd er búin að íhuga málið, því jeg býst við að nefnd verði kosin, þá má vonandi finna ráð til að bæta úr þeim agnúum, sem á því kunna að vera. Jeg hefði þó sízt hugsað, að hæstv. landshöfðingi mund spyrja, hver afnot menn ættu að hafa af hverunum, því það eru sjálfsagt eins og hingað til þau afnot, að sjá þá, sjá Geysi gjósa, þetta furðuverk náttúrunnar, sem allir dást að, og jeg efast ekki um, að hæstv. landshöfðingi hafi líka skoðað þetta náttúrunnar furðuverk.

ATKV.GR.: Nefnd felld með 15 : 8 atkv.

Bogi Melsted: Jeg vildi óska þess, að h. þingd. lofaði þessu frumvarpi að ganga til 2. umr. Meiningin með því er sú, að koma í veg fyrir að útlendingar fái eignar- og umráð yfir hverunum, en það fá þeir, að öllum líkindum, ef landssjóður kaupir þá ekki nú bráðlega. Að vísu fá þeir þá ekki á meðan Sigurður Pálsson á Laug lifir, en hann er nú 77 ára gamall, og þegar hann fellur frá, sem ekki getur verið langt að bíða, þá selja erfingjar hans þá. Sigurður hefur optar en einu sinni fengið tilboð frá útlendingum, sem hafa viljað kaupa hverina; þó að þessi tilboð liggi hjer ekki skriflega fyrir, vona jeg að ekki sje ástæða til að efast um, að þetta sje statt. Sigurður Pálsson er maður, sem hefur mætur á fornritum vorum, en þau hafa innrætt honum þá ást til ættjarðarinnar, að peningaboð Englendinga hafa engin áhrif haft á hann. Hann hefur ekki viljað, að hverirnir kæmust í hendur útlendinga, og því hefur hann hafnað öllum boðum þeirra. Sigurður á tvo sonu, sem eru fátækir barnamenn, og það eru engin líkindi til þess, að þeir muni standast freistinguna, er þeir fá góð boð í hverina, enda telja kunnugir menn það alveg víst, að þeir muni selja hverina, þegar er þeir fá aðgengilegt boð í þá. Spurningin er þá þessi: Á landssjóður að láta útlendinga fá eignarrjett yfir »Geysi« og »Strokk« um aldur og æfi eða ekki, og á landssjóður að verja allt að 3000 kr. til þess að koma í veg fyrir það? Jeg býst ekki við að þessi eign gæfi mikið af sjer. »Strokkur« hefur þó gefið dálítið af sjer árlega, eða um 80 kr.; það er renta af 2000 kr. Landsetinn gæti verið tilsjónarmaður hveranna og hann mundi því ekki verða dýr. Líklega mundi hann ekki kosta meira en »Strokkur« gæfi af sjer, þó það væri ekki meira en 80 kr. Tilkostnaður landssjóðs við þetta fyrirtæki yrði þá rentan af verði hveranna, eða af 2500 kr., því bóndinn á Laug er fús á að selja landinu hverina fyrir 2500 kr., þótt hann geti fengið meira, 3000 kr. fyrir þá hjá Englendingum. Nú verða menn vel að gæta þess, hvort menn geta forsvarað það fyrir eptirkomendunum, að horfa í 2500 kr. til að bjarga Geysi og Strokk, þessum kjörgripum náttúrunnar, frá að komast í hendur útlendinga.

Jeg vil biðja menn að gæta þessa vel. Það gæti þó verið að eptirkomendurnir yrðu ekki þakklátir, ef vjer ljetum þessa kjörgripi ganga undan landinu. Þótt ástæður vorar nú sjeu svo, að vjer getum lítið gagn haft af hverunum, þá kann þetta að breytast, eins og svo margt annað, og sú tíð kann að koma, að vjer notum hverina betur en nú. Og ef mönnum er alvara í því, sem svo mikið er talað um nú í ræðum og ritum, að hæna að oss útlenda ferðamenn, þá bið jeg þess vandlega gætt, hvort rjett muni vera að spara 2500 kr., en sleppa eignarrjetti yfir hverum þessum, sem allir dást að.

Jón Þorkelsson: Þar sem sá »kjörgripur náttúrunnar«, sem nú settist niður, h. 2. þm. Árn. (B. M.), sagði, að tilboð hefðu komið frá Englendingum um að kaupa Geysi, þá vil jeg minna hann á frumv., sem nú liggur fyrir deildinni, um að meina útlendingum að eignast fasteignir á Íslandi. (*B. M.*: Það er ekki orðið að lögum enn!). Nei, en væri ekki rjett að láta þetta frumv. bíða þangað til menn sjá, hvernig því máli reiðir af?

Flutningsmaður (*Þorlákur Guðmundsson*): Það hefur verið mikið rætt um það í blöðunum í seinni tíð, að ástæða væri til, að hæna hingað útlenda ferðamenn. Hvað hænir þá að landinu?

Það eru sjerstaklega þrír staðir. Það er hinn forni þingstaður, Þingvöllur við Öxará, það er Geysir, þetta furðuverk náttúrunnar, og það er Hekla, eldfjallið nafnkunna. Flestir útlendingar hafa farið á einhvern af þessum stöðum og margir á þá alla. Jeg veit heldur ekki betur en að það hafi vakað fyrir landsstjórninni, að gjöra vegina sem greiðasta að þessum stöðum, til þess að hæna útlendinga þangað.

H. þingm. Snæf. (J. Þork.) vill láta þetta mál bíða þangað til komin eru út lög um að útlendingar megi ekki eignast fasteignir hjer á landi; en það getur verið varasamt, því þó eigandi hveranna verði ekki búinn að selja þá útlendingum fyrir þann tíma, þá getur hann verið búinn að leigja þá um lengri tíma, og á þeim tíma geta útlendingar skemmt þá. Mundi h. þm. Snæf. (J. Þork.) eða hver annar, sem ann fornum ritum, vilja láta selja út úr landinu merkilegt og ófáanlegt fornt handrit, eða mundi forstöðumaður forngripasafnsins ekki heldur vilja kaupa handa safninu fágætan sann-merkilegan forngrip, þótt dýr væri, heldur en að láta eigandann selja hann útlendingi? Þegar um það var að ræða hjer á þingi á árunum, að kaupa bóka- og handritasafn Jóns sál. Sigurðssonar, þá var enginn á móti því, að gefa fyrir það 25000 kr., og allir út í frá hafa síðan álitið það snjallræði af þinginu, að kaupa það. Lík ástæða virðist mjer nú til að kaupa Geysi og Strokk.

Björn Bjarnarson: Jeg vil að eins leyfa mjer að vekja athygli á því, að þar sem h. þm. Snæf. (J. Þork.) áleit að þetta frumv. yrði að nokkru leyti óþarft, ef frumv. það, er nú liggur fyrir þinginu, um að utanríkismönnum sje bannað að eignast fasteignir hjer á landi, kæmist í gegn og yrði að lögum, þá mun það frv. að eins ná til þeirra, sem búsettir eru í útlöndum, og væri því ekki óhugsandi að þeir gætu keypt eignir hjer á landi, ef þeir kæmu hingað og yrðu hjer t. d. eitt ár eða svo, en flyttu svo út aptur. Að mínu áliti er það sú spurning, sem hjer liggur fyrir, að tryggja það, að greiður aðgangur verði að hverunum fyrir þá, sem vilja sjá þá, og þó að landssjóður hefði ef til vill ekki efni á að girða í kringum þá með svo háum grjótgarði eða »plankverki«, eins og h. hæstv. landshöfðingi komst að orði, að enginn sæi inn yfir, þá kynni einhver Englendingur eða Frakklendingur, sem keypti þá, að hafa efni á því og ekki horfa í að gjöra það. Mundi hann svo leggja toll á alla þá, er fýsti að sjá þessar gersemar; á þann hátt yrði aðgangurinn að þeim gjörður ógreiðari bæði fyrir innlenda og útlenda.

Það er ekki líklegt, að hverirnir mundu fremur verða eyðilagðir, þó útlendur maður ætti þá, því eigandinn mundi reyna að halda þeim óskemmdum til að græða á þeim. Og því síður mun að óttast, að þeir verði fluttir af landi burt, eins og sumar aðrar gersemar vorar. En jeg verð að ætla, að rjettara væri þó, að þeir væru í eigu Íslendinga en þegna annara ríkja.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 19 atkv. gegn 1.

Frv. til laga um að leggja jarðirnar Laugarnes, Klepp, Skildinganes og Bústaði í Seltjarnarneshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur (C. 181); 1. umr.

Flutningsmaður (*Halldór Kr. Friðriksson*): Jeg ætla ekki að eyða mörgum orðum um þetta mál, því að það ætti sannarlega ekki að vera neinum vandkvæðum bundið að samþykkja það.

Þó vil jeg taka það fram, að það eru eiginlega 2 hliðar á þessu máli. Fyrst er Laugarnes og Kleppur, og í öðru lagi Skildinganes og Bústaðir.

Reykjavíkurbær á Laugarnes og Klepp, og það er því mjög áríðandi og nauðsynlegt fyrir bæinn, að fá öll umráð yfir þeim jörðum, til að geta haft sem fyllst not af þeim, og bænum veitir sannarlega ekki af því, eins stór og hann er nú, að geta haft sem mest umráð yfir þeim, svo að þær umbætur, sem kynnu að vera gjörðar, falli bænum til góða. Að því er Skildinganesi viðvíkur, þá er líka nauðsynlegt fyrir bæinn, að láta bæjarstjórnina ráða þar nokkru, og það væri líka eðlilegast, að það heyrði til bæjarins, því það liggur mitt í Reykjavíkur landi. Ábúendurnir þar geta gjört oss bæjarbúum mikinn óskunda og harðar búsifjar á ýmsan veg, t. d. að þeir beita okkar land ekki að eins sínu eigin fje, heldur taka fje í gæzlu, sem svo gengur í land bæjarins, án þess hægt sje að hafa umsjón með þessu, meðan þeir eru fyrir utan lögsagnarumdæmi bæjarins, og því ekki þeim sömu ákvæðum háðir eins og þeir, sem eru í bænum sjálfum. Bústaði er eigi nauðsynlegt að leggja til bæjarins, enda þótt þeir liggi nærri, en á hinn bóginn eru öll líkindi til, að bærinn eignist þá jörð innan skamms.

Jeg vona, að hinum h. þingmönnum skiljist það, að það sem gjört er til að hlynna að framförum Reykjavíkur, höfuðstaðar landsins, miðar líka til að hlynna að framförum og þrifum landsins í heild sinni, en eins og nú er, þá liggja ýmsar tálmanir og hindranir í vegi fyrir vexti og viðgangi bæjarins. Jeg veit það, að það koma ef til vill ýmsar mótbárur fram gegn frv. þessu, og það hafa þegar komið fram mótbárur frá hreppsnefndinni í Seltjarnarneshreppi, sem h. þm. munu kunnar, því að þær hafa legið frammi á lestrarsalnum, en eptir mínu áliti eru þær harla lítilvægar. Í þessu brjefi frá hreppsnefndinni er það tekið fram, að ef þessar jarðir leggist undir Reykjavíkurbæ, þá verði það til þess, að sundurliða hreppinn enn þá meir. En eins og jeg tók fram, þá liggur Skildinganes mitt í Reykjavíkur landi, er »enclave« sem svo er kallað á útlendu máli. Bærinn á land að á alla þrjá vegi og sjórinn er á þann fjórða. Í hverju liggur þá þessi meiri sundurliðun, sem yrði, þó að bærinn eignaðist þetta land? Að Bústöðum á bærinn aptur á móti ekki land nema á einn veg, en Bústaðaland er af náttúrunni óskipt áframhald af Laugarness- og Kleppslandi. Og það, að fjelagsskapurinn í hreppnum þurfi að minnka fyrir það, að þessar jarðir ganga frá, það get jeg alls ekki sjeð. Þá er önnur gömul viðbára sú, að hreppurinn sje með þessu sviptur tekjunum af jörðum þessum, en það er misskilningur, og getur ekki verið umtalsmál, þar sem frá hálfu Reykjavíkur liggur fyrir tilboð um að taka að sjer svo mikinn hluta af skuldum og ómagaframfærslu Seltjarnarness, sem svarar lausafjártíundum og aukaútsvörum frá þessum jörðum, eptir meðaltali áranna 1889—1894, að rjettri tiltölu við meðaltal lausafjártíunda og aukaútsvara hreppsins á sama tíma. Vjer tökum þannig að oss tiltölulegan hluta af gjöldum hreppsins, fátækraframfæri og öðru. Það getur því ekki verið tjón fyrir hreppinn, því það er einmitt girt fyrir það með þessu ákvæði í 2. gr. Að fara að meta það, hvort útgjöldin til fátækraframfæris, sem stafa frá þessum jörðum, mundi í framtíðinni nema minna en tekjurnar af þessum jörðum, sje jeg ekki að auðið sje, enda geta frá þessum bæjum eins og hverjum

öðrum í framtíðinni stafað sveitarþyngsli og þá er enginn kostur að því, að hafa þá.

Að endingu vona jeg svo góðs til hinnar h. þingdeildar, að hún taki vel undir þetta mál, og að það fái greiðan framgang. Það er mikið áhugamál fyrir Reykjavíkurbæ og áríðandi, og jeg verð að segja það, að það hafa verið gjörðar hjer svo miklar umbætur á síðustu árum, meiri en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu, að Reykjavík ætti skilið að fá að halda þeim óhindruðum áfram framvegis, sem hún mun á öllu landi sínu og gjöra, ef frumv. nær fram að ganga. En fáum vjer ekki að minnsta kosti Laugarness og Klepp, þá eru það óyfirstíganlegar hindranir fyrir Reykjavík, enda ætti ekkert að geta verið því til fyrirstöðu, þar sem það er til mikils hagnaðar fyrir Reykjavík, án þess að hafa í för með sjer nokkurt sem helzt tjón fyrir Seltjarnarneshrepp.

Jeg hef svo engu við að bæta. Þær mótbárur, sem líkindi eru til að komi fram, verða víst þær einar, sem jeg þegar hefi minnzt á og svarað.

Benidikt Kristjánsson: Mjer datt í hug þegar jeg sá þetta frumvarp, að þegar væri fengið samþykki hreppsnefndar og sýslunefndar um það, er farið væri fram á í því, og fór jeg að leita á lestrarsalnum eptir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og sýslunefndar, en brá næsta í brún, þegar jeg sá að einmitt hreppsnefndin og sýslunefndin eru þessu alveg mótfallnar. Þetta frumv., yrði það leitt í lög, yrði því frá mínu sjónarmiði valdboð en ekki lögboð, meðan ekkert samkomulag er komið á í málinu.

Það er verið að tala um, hverjar ástæður hreppsnefndin hafi til þess að vera á móti því, og þær sjeu ljettvægar, en mjer finnst það nægja, að hún er á móti því, hverjar svo sem ástæðurnar eru, að sleppa þessum bæjum frá sjer til Reykjavíkurbæjar, og þar við bætist, að sýslunefndin er alveg á sömu skoðun, enda hefur hún, sem að líkindum ræður, farið eptir tillögum hreppsnefndarinnar. Jeg er því mótfallinn að lögleiða nokkuð í slíku máli, þegar svo á stendur, enda efast jeg um, að það sje heimilt fyrir þingið. Þegar um breytingar hefur verið að ræða á hreppaskipun, þá hafa þau mál vanalega heyrt undir umboðsvaldið, sem þá hefir farið eptir samkomulagi og tillögum hlutaðeigenda, og það álít jeg vera rjettara.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg held jeg hafi sagt, þegar þetta mál var hjer fyrir á síðasta þingi, 1891, að jeg vorkenndi flutingsmanninum, að vera að flytja það, af því maðurinn var góður maður og velviljaður, og málið þá óundirbúið, en jeg get sagt það sama nú, að jeg vorkenni h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), að flytja þetta mál, þótt hann máske sje harðgerðari og meiri maður til að verja sig bæði í ræðum og riti, en hinn fyrri þm., og standi betur að vígi að því leyti, að málið nú er töluvert undirbúið og ýms skilríki komin fram, sem ekki voru nein 1891, og mátti þá máske ætla, að hreppsmenn væru þessu samþykkir, en nú er það ljóst, að það er allt annað, þar sem fyrir liggur umsögn hreppsnefndarinnar, sem eru skýr mótmæli móti þessu, rækilega rökstudd, og álit sýslunefndarinnar, þar sem hún í öllu tilliti fellst á ástæður hreppsnefndarinnar. Og enn fremur má bæta því við, að þessa dagana hefir hreppsnefndin í Seltjarnarneshreppi sent þinginu áskorun um að leiða þetta ekki í lög, og liggur hún frammi á lestrarsalnum, en þar eð hún er nýkomin, hafa máske ekki allir h. þdm. tekið eptir henni eða les-

ið hana. H. þm. Mýr. (B. Kr.) hefir tekið fram margar ástæður, sem snerta formhlið þessa máls og sem jeg held að sjeu svo vaxnar, að ekki sje gott að hrekja, og orðlengi jeg því ekki um þær. Jeg vildi svara h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), þar sem hann talaði um að efla hag Reykjavíkur væri líka til að efla hag landsins; jeg hefi aldrei mótmælt því í sjálfu sjer og ætla mjer heldur ekki að mótmæla því nú; en jeg álít, að sama gildi um önnur hjeruð landsins, og það álít jeg ekki heppilegan veg til framfara, að taka frá þeim, sem minna má, til eflingar hinu sem meira má sín.

H. þm. (H. Kr. Fr.) áleit, að allar mótbárur væri fallnar með því að Reykvíkingar bjóðast til að taka þátt í gjöldum hreppsins til fátækraframfæris um stund. Slík gjöld er aldrei gott að ákveða fyrirfram, því aldrei er hægt að reikna sveitarþyngslin út fyrir sig fram. Nú eru sveitarþyngsli lítil í Seltjarnarneshrepp en meiri í Reykjavík; eptir nokkurn tíma kann þetta að vera orðið þvert á móti, og þar sem sveitarþyngslin venjulegast stafa mest frá tómthúsmönnum, þá sjá allir, hvort ekki getur verið skaði að missa þessa búendur, sem allir eru á jörðum. Svo getur það líka opt verið, að einmitt á þessum jörðum sjeu menn, sem heppilegt sje að hafa í sveitarstjórn og annað því um líkt í hreppsins þarfir, og því getur verið mikill skaði að missa þá, og það er fyrir mjer miklu fremur aðalatriðið í þessu máli heldur en hitt, því það vita allir sem til þekkja, hversu mikill skaði getur verið að því, að missa ágæta menn úr sveitarfjelaginu. Reykjavík hefir full umráð yfir Lauganesi og Klepp (*H. Kr. Fr.*: Nei!), að því undanskildu, er kemur til hreppskila í Seltjarnarneshrepp. Ábúendur hafa ekki til frjálsra umráða nema túnið eða innangarðs, og mun fáa leiguliða fýsa að búa við slík kjör.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) talaði um að hreppurinn væri sundurliðaður, og það er satt, en þar fyrir er ekki sagt að heppilegt sje að sundurliða hann meira; þvert á móti mundi leiða af því enn meiri óþægindi en þegar eru. Jeg vil taka til dæmis boðleiðina í hreppnum og hvernig hún mundi verða, ef þessar jarðir yrðu teknar burt.

Af því að aðalpartur hreppsins er nesið, þá er nauðsynlegt, enda hefir allt af svo verið, að hreppstjórinn sitji þar. Nú sem stendur er hann t. d. á Lambastöðum; alla hreppaseðla yrði hann því að hafa í tvennu lagi og senda með annan þeirra alla leið upp að Kópavog eða þrem fjórðu pörtum lengra en nú er, þar sem eptir því sem er, að hann getur gengið að Skildinganesi, og svo þaðan upp að Nauthól. Öðru máli væri að gegna, ef hreppurinn væri svo stór að hæfilegt væri að skipta honum þannig, að nesið væri hreppur sjer og uppbæirnir sjer. Þetta gæti ef til vill gengið hvað nesið snertir, en með uppbæina er það óhugsandi, því það eru ekki nema fáir bæir. Þessi sundurskipting hreppsins getur því ekki orðið til annars en að tvístra öllum fjelagsskap í hreppnum og tefja fyrir viðskiptum manna, og drepa allt viðskiptalíf milli þessara parta hreppsins.

Klemens Jónsson: Það er auðsjeð, að þetta er töluvert kappsmál fyrir Seltirningum, þar sem þeir hafa ekki látið sjer nægja mótmæli hreppsnefndar og sýslunefndar, heldur þar á ofan fyrir nokkrum dögum sent deildinni hátíðlegt ávarp um að frv. þetta verði eigi gert að lögum.

Jeg get eigi álitið að þau mótmæli, að þetta væri sundurskurður á hreppn-

um, hafi við mikil rök að styðjast, því hreppurinn verður eptir sem áður margskiptur, þar sem er Seltjarnarnesið sjálft, Engey og Viðey, eða að fjelagsskapurinn þurfi að líða við það, og þá tel jeg heldur ekki eptir hreppstjóranum, þó hann yrði að senda út hreppseðlana í tvennu lagi, sem h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) talaði um. Heldur ekki get jeg aðhyllzt það sem h. þm. Mýr. (B. Kr.) tók fram, að frv. þetta ætti ekki fram að ganga vegna »formella« ástæðna. En hitt ætti að vera öllum ljóst, að þar sem jarðir liggja í námunda við kaupstaði, sem heyra undir annað lögsagnarumdæmi, þá getur það orðið til stórtálmunar fyrir þrif bæjarins, að fá ekki full umráð yfir þeim jörðum, og það því fremur, ef þeir eru eign hlutaðeigandi bæjarfjelags, eins og hjer á sjer stað um Laugarnes og Klepp, og ekki rjett að halda því föstu, þvert á móti vilja og sannfæringu allra bæjarmanna, þar sem það væri mjög mikil nauðsyn fyrir bæinn að fá þessar jarðir. Jeg finn því meiri ástæðu til að tala í þessu máli, af því jeg býst við, að innan fárra ára, jafnvel á næsta þingi, kunni að koma líkt fyrir á Akureyri, og að þaðan kæmi þá frumv. í líka átt. Þar stendur svo á, að Akureyri hefir nýlega keypt jörð, og er ætlun bæjarins að leggja að minnsta kosti nokkurn hluta hennar undir bæinn, sem væri líka mjög heppilegt vegna þess, að með því yrðu sameinaðir þeir 2 hlutar bæjarins, sem hann skiptist í; þar gæti komið alveg sama ástæðan. Hreppsbúar í Hrafnagilshreppi kynnu að koma fram með mótmæli, og þá væri sannarlega hart, ef hreppsnefndinni nægði að eins að neita því, og bærinn fyrir þá sök fengi aldrei umráð yfir eign sinni.

En þar sem þó hjer liggja fyrir eindregin mótmæli frá hreppsnefnd og sýslunefnd, þá finnst mjer ástæða til að tekið væri nokkurt tillit til þeirra, og hefir mjer þá dottið í hug, hvort ekki mætti miðla hjer málum, svo báðir hafi nokkuð, og geta menn hugsað um það til 2. umr. Vildi jeg þá leggja til, að Laugarnes og Kleppur, sem eru eign Reykjavíkurkaupstaðar, yrðu lagðar til bæjarins, en Skildinganes og Bústaðir væru um stund með Seltjarnarneshreppi, en síðar, þegar bærinn hefir eignazt Bústaði, mætti bæta þeim við, og Skildinganesi þegar bærinn hefir keypt það; því, sem sagt, jeg álít ávallt rjett og sanngjarnt, að bærinn hafi full umráð yfir eign sinni, og hins vegar bíður Seltjarnarneshreppur engan halla við þetta. Jeg vil því óhikað gefa frumv. atkvæði mitt til 2. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg stóð að eins upp til að mæla með því að þessirbæir, að minnsta kosti Laugarnes og Kleppur, yrðu lagðir til lögsagnarumdæmis bæjarins, og jeg vil taka það fram, að jeg get ekki sjeð að nein »formel« ástæða geti verið því til hindrunar. Menn leggja áherzlu á það, að hreppsmenn sjeu á móti þessu, og því megi ekki leiða það í lög; en jeg get ekki verið á því, að mótbárur hreppsins hafi svo mikið að þýða; það er allt af hægt að mótmæla úti loptið, og koma fram með mótbárur, en þær hafa því að eins þýðingu, að ástæður fylgi með, og það getur hver maður sjeð, að ástæður hreppsnefndarinnar eru harla lítilvægar. Jeg get af eigin kunnugleik talað um þetta mál, og jeg veit, að það er töluverður hnekkir fyrir Reykjavík, að hafa ekki meira land til umráða. Fyrir nokkrum árum síðan, þegar byrjað var hjer að rækta út túnbletti í nágrenni bæjarins, þá fengu menn útmæld erfðafestulönd beggja vegna við Laugaveginn allt inn undir Lauganesland. Nokkrir menn ætluðu einnig að fá útvísað túnstæði í Lauganesslandi,

sem bærinn á, því þar var hvað bezt land til túnræktar og garðræktar, en úr því varð ekkert, því eptir öllu útliti að dæma mátti ætla, að Seltirningar mundu leggja á það harðar kvaðir, og sjerstaklega höfðu þeir það á orði með aukaútsvarið, að það mætti vera nokkuð hátt. Mjer er þetta persónulega kunnugt, því jeg var einn af þeim, sem voru að hugsa um þetta; en sem sagt, við vorum og höfðum ástæðu til að að vera hræddir við ósanngirni og óvægilega meðferð frá hálfu Seltirninga og hættum því við. Síðan hafa ýmsir fengið sjer blett undir tún, en eptir því, sem jeg hefi litið til, er enginn enn þá, sem hefir farið út fyrir takmörk bæjarins, og mun fyrir því vera sama ástæðan nú eins og þá var.

Að minni hyggju munu það ekki vera þær ástæður, sem teknar eru fram um skipting hreppsins og eyðing fjelagsskapar í hreppnum, heldur hitt, að þeir vonast eptir því að Reykjavíkurbúar eptir nokkur ár neyðist til þess að fá sjer útmælingar í þeirra umdæmi, og þá geti þeir lagt á þá útsvar, og geti það orðið drjúg tekjugrein fyrir hreppinn. Eins og tekið hefir verið fram, er þetta mjög nauðsynlegt fyrir Reykjavíkurbæ, en enginn skaði fyrir hreppinn, og um þetta hefir enginn sannfært mig betur en einmitt h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.), þar sem hann talaði um, að af sumum jörðum byggði Reykjavík að eins túnin, og væri því ekki mikið eptir til að leggja á útsvör. En í hverju liggur þá skaðinn fyrir Seltjarnarneshrepp, að missa Lauganes og Klepp, úr því þeir hafa svo sem engar tekjur af þeim? Að því sem við kemur Skildinganesi og Bústöðum, þá er jeg ekki eins harður á því, en vil þó mæla fram með því, af því jeg álít það heppilegt. Það er, eins og menn vita, ætíð óþægilegt og óheppilegt, að hafa »enclave« mitt í landi sínu, og það af mörgum ástæðum. Að þinginu sje ekki leyfilegt að leiða slíkt í lög, vegna þess, að hjer er ekki samkomulag, þá vil jeg segja að það er þvert á móti, — það er skylda þingsins —, siðferðisleg skylda, að gjöra það að lögum, sem það sjer að er rjett og til stórra bóta; og jeg vil taka það fram, að ef Reykjavík fær ekki Laugarnes og Klepp inn í lögsagnarumdæmi sitt, þá er þar með lagt mjög mikið hapt á jarðræktartilraunir bæjarmanna, og getur það orðið til að tefja fyrir vexti og viðgangi bæjarins.

Þorlákur Guðmundsson: Það er sjerstaklega h. þm. V.-Sk. (G. G.), sem jeg sný orðum mínum að. Hann sagði að Seltjarnarnesshreppsnefnd mundi leggja ósanngjarnt útsvar á þá, og beita harðdrægni við þá, sem rækta kynnu tún á Kleppi eða í Lauganesi. Þetta eru getsakir, sem hann ekki getur sannað, og jeg verð að frábiðja hreppsnefndinni í Seltjarnarneshreppi slíkt. (*Gl. Guðmundsson:* Jeg stend við það). Hann er þó víst svo vel að sjer í lögum, sýslumaðurinn, að hann veit, að þeim stendur opið fyrir, að kæra fyrir sýslunefnd, ef ranglátt útsvar er lagt á þá, og standa þeir þar eins vel að vígi og aðrir hreppsmenn. Hann þóttist draga út úr mínum orðum, að þetta væri enginn skaði fyrir Seltjarnarnesshrepp, af því að jeg hefði sagt, að Reykjavík byggði jarðirnar með afarkostum, og sagði hann að bændur á þeim jörðum gætu því eigi borið þungt útsvar. Það er hægt að slá öðru eins og þessu fram, en það sannar ekkert, og kemur ekki aðalmálinu við.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg vil að eins gera þá stuttu athugasemd, að jeg held að h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) hafi ekki skilið athugasemd mína um byggingarbrjef og samband þeirra við þetta mál. Jeg hefi aldrei sagt, að hreppur-

inn mundi breyta rangindum. (*Þorl. Guðmundsson*: Jú).

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Seytjándi fundur, fimmtudag 20. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 74, 216); 2. umr.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): H. þm. hafa væntanlega frumv. þetta með athugasemdum og nefndar álitið (C. 216) fyrir sjer. Málið er svo vaxið, að jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um það, en jeg ætla þó að minnast á hverja grein fyrir sig, og er þá fyrst að minnast á 2. gr.

Í frumv. til fjáraukalaga 1891 var farið fram á sömu fjárveiting og nú til steingirðingar utan um svæði það við hegningarhúsið, er föngunum er ætlað. Hin þáverandi fjárlaganefnd komst að þeirri niðurstöðu, að eigi væri ástæða til þess, að veita fje þetta þá, þar eð girðingin mundi geta staðið kostnaðarlaust í 2 ár til. En nú hefir nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að veita fjeð. »Sjón er sögu ríkari«, og þess vegna gekk jeg sjálfur upp að húsinu og leit á girðinguna. Leizt mjer svo á, að eigi væri vanþörf á að byggja girðinguna af nýju, því að hún er grautfúin orðin og með öllu óstæðileg. Fjárlaganefndin 1891 vildi, að ef byggð væri ný girðing, þá skyldi hún vera úr steini, og sama hefir nefndin nú komið sjer saman um. Um leið og jeg fór til þess að skoða girðinguna, átti jeg tal við fangavörðinn, og hann sagði mjer tvennt, sem jeg vissi ekki áður: fyrst, að girðingin mundi eigi geta orðið byggð á þessu ári, og er það því ef til vill efasamt, hvort aukafjárveitingar þessarar er þörf, og hvort ekki hefði mátt nægja, að veita þetta umrædda fje í fjárlögunum sjálfum; vona jeg að hæstv. landsböfðingi gefi upplýsingar í því efni. Jeg býst raunar við, að beðið hafi verið um þetta fje nú þegar á þessu ári til þess að hægt sje að byrja á undirbúningi verksins þegar í haust, með því að útvega grjót og þess háttar. Hitt, sem fangavörðurinn sagði mjer, var, að kostnaðaráætlunin mundi vera talsvert of lág, og mundi girðingin verða dýrari en hjer er gert ráð fyrir; jeg get þessa að eins h. þingd.m. til íhugunar.

I 3. gr. er farið fram á, að veitt sje 6000 kr. viðbót til fjallvega, og er það ætlað til vegarins milli Reykjavíkur og Þingvalla. Það er álit nefndarinnar, að ástæðurnar í frumv. sjeu á rökum byggðar, og að hagfeldara muni vera, að hafa meira fje til vegar þess en hjer er um að ræða, þegar í sumar. En henni getur samt ekki dulizt, að fje það er afarmikið, sem gert er ráð fyrir að gangi í veg þennan. Auk alls þess, sem til hans hefir gengið hingað til, og sem mun vera allmikið, er í þessu frumv. farið fram á að veita til hans 6000 kr., og auk þess er í fjárlagafrumv. gert ráð fyrir að verja til hans 12000 kr. hvort árið 1894 og 1895. Þótt vegur þessi sje fjölfarinn, þá er hann ekki nálægt því eins fjölfarinn og margir aðrir vegir, svo sem vegurinn austur í Árnessýslu yfir Hellisheiði, og býst jeg við, að mörgum hefði sýnzt heppilegra, að leggja fje þetta í einhvern annan veg. En úr því einu sinni byrjað hefir verið á honum, þá sýnist rjett að veita nægilegt fje til hans, svo að hann geti komið að fullum notum sem fyrst.

Hin 4. gr. fer fram á, að veittar sjeu 504 kr. til þess að gjöra við húsgrunninn á Möðruvöllum. Það verður ekki sjeð, að skólastjóri hafi leitað samþykkis yfirboðara sinna, áður en hann ljet byrja á verkinu, nje hafi lagt fram neitt álit um kostnaðinn eða nauðsynina frá verkfróðum mönnum. Eins og sjest á nefndarálitinu, þykir nefndinni þetta aðfinningarvert, en hefir samt komizt að þeirri niðurstöðu, að þörfin einnig hafi verið brýn og vart gjörandi að fresta aðgjörðinni lengur. Nefndin hefir átt kost á að kynna sjer verksamning um aðgjörðina og reikning um steinlím til hennar. Af þeim skjölum sjest, að skólastjóri hefir þegar greitt alla hina umræddu upphæð, 504 kr.

Í síðari staflið sömu greinar er farið fram á, að breyta skilyrði fyrir útborgun þess fjár, er þar er um að ræða. Í fjárlögunum fyrir 1892 og 1893 er þessi fjárveiting bundin því skilyrði, að prentaðar sjeu 24 arkir af fornbrjefasafninu. En nú hefir bókmenntafjelagið ekki sjeð sjer fært, að gefa út svo margar arkir, og getur útgefandinn því eigi fengið alla peningana útborgaða. Útgefandi hefir að eins fengið borgun fyrir þær arkir, er þegar eru prentaðar, en það er auðsæ ósanngirni, þar sem það er alkunnugt, að ekki hefir staðið á honum með handritið fullbúið til prentunar. Nefndin ræður því til að fallast á frumv. breytinga- og viðaukalaust. Tvær fjárbeiðnir hafa að vísu komið til nefndarinnar; en eins og sjest á nefndarálitinu, ræður hún til, að þær sjeu ekki teknar til greina, og þar sem engin b. þingdm. hefir tekið upp viðaukatill. út af þessum bænarskrám, finn jeg ekki ástæðu til að tala meira um þær.

Landshöfðingi: Jeg er nefndinni þakklátur fyrir, hve vel hún hefir tekið í allar þær fjárveitingar, er stjórnin hefir lagt til, en sjerstaklega að því er snertir 6000 króna viðbót við fjárveitinguna til fjallvega, til að halda áfram veginum frá Reykjavík til Þingvalla. Mjer heyrðist á hinum h. framsögumanni, að fje það, er beðið er um í frumv. til fjárlaga fyrir árin 1894—1895, til þessa sama vegar, mundi verða veitt, en honum þótti þó nokkuð mikið að láta þannig 30000 kr. í veg þennan. Að vísu er margur vegurinn fjölfarnari en þessi. En það sem vakti fyrir stjórninni, er hún lagði til að fje þetta væri veitt, var sú almenna hugmynd hjer á landi, að Þingvellir muni vera vel fallnir til að stofna þar »sanatorium«. Ef það gæti komizt á, er mjög líklegt, að það yrði til þess, að margir útlendingar flyttu þangað og byggju þar á sumrin. Fyrsta skilyrði fyrir því, að þetta gæti orðið, er, að »hótel« yrði byggt á Þingvöllum, en það getur ekki orðið, nema því að eins, að vagnvegur sje milli Reykjavíkur og Þingvalla. Þeir sem legðu út í að vera sumartíma á slíku »sanatóríi«, mundu vilja hafa ýms þægindi, eins og eru á slíkum stöðum erlendis, og er ómögulegt að flytja allt það á hestum, sem til þess útheimtist.

Það er enginn efi á því, að Þingvellir sjeu hentugur staður fyrir »sanatóríum«. Þar er ágætt lopt og ágætt vatn, og ýmislegt, sem getur dregið útlendinga þangað, svo sem veiði í vatninu og fuglaveiðar. Þar í nándinni eru og margir staðir, er vel eru fallnir til »exkúrsíóna«; og vil jeg taka til dæmis, að ganga upp á Súlur, ganga upp á Skjaldbreið, ríða austur að Geysi, fara niður í Sog eða Grafning.

Jeg vona, að ef þetta lánast, og húsið kemst upp, þá komi peningar inn í landið, og það muni þá með tímanum vinnast upp, þótt ríflega sje veitt til vegarins nú.

Það eru ekki litlir peningar, sem ensku herskipin, sem nú liggja hjer á höfninni, hafa flutt inn í landið.

Englendingarnir hafa verið mjög heppnir með veður, og fara þeir allir hjeðan með söknuði. Munu þeir, þegar þeir koma heim, láta vel yfir ferðinni og hrósa landinu, og er eigi ólíklegt, að Englendingar fari að venja hingað komur sínar, í staðinn fyrir til Noregs eða Sviss, og allir vita, hvað gjört er í þeim löndum til þess að hæna að útlendinga. Jeg vona að þingið muni ekki iðrast eptir þessa fjárveitingu.

Orsökin til þess, að fjárveitingin til að gjöra steingirðingu um fangasvæðið hjá hegningarhúsinu var sett í fjáraukalagafrumv. en ekki í fjárlagafrumv., er sú, að stjórninni þótti betur fallið, að gjörður væri samningur við einhvern mann strax í haust, svo að hann gæti safnað grjóti að sjer í vetur; mun það verða talsvert ódýrara með því móti. Að því er snertir upphæðina, þá má vel vera, að fangavörðurinn hafi sagt rjett um það, að hún væri of lítil. En þetta er tilboð, sem var gjört 1891, og hafi það verið nóg þá, þá hlýtur það að vera nóg núna. Það hafa engar breytingar orðið á því síðan.

Að öðru leyti hefi jeg ekkert að athuga við nefndarálitið, og vona jeg, að h. deild samþykki frumv. óbreytt, eins og nefndin ræður til.

Jens Pálsson: Það eru að eins örfá orð, er jeg ætlaði að segja, út af 4. gr. Jeg kann ekki við það, sem bætt er við staflið b, að útgefandi skuli skyldur til að lesa prófarkir án endurgjalds. Þessi maður, sem að útgáfunni vinnur, getur verið fallinn frá, áður en farið er að prenta bókina, og finnst mjer þá ákvæði þetta eigi vel fallið.

Að öðru leyti hef jeg ekkert að athuga við frumv.; en hvað nefndarálitinu viðvíkur, þá þykir mjer hafa miður farið, þar sem bænarskrá sjera Odds hefir verið vísað frá. Jeg vil taka það fram, að jeg ímynda mjer, að landinu og sjerstaklega þeim atvinnuvegi þess, sem hann leggur svo mikla stund á, gæti orðið hagur að þessari ferð, og beiðnin er ekki stór. Sömuleiðis þykir mjer miður farið, að beiðni Jóns Jónssonar hefir verið synjað. Það er viðurkennt frá síðasta þingi, að full þörf er á tannlækni. Jeg get eigi skilið beiðni hans öðruvísi en svo, að það sje ætlun hans, að setjast að hjer. Þar að auki er beiðnin mjög hófleg, og tel jeg víst, að þessar 500 kr. mundu ekki hrökkva, og hann yrði að leggja talsvert frá sjálfum sjer.

Þótt útlendingi hafi á síðasta þingi verið veittur styrkur í þessu skyni, þá er eigi víst, hve lengi hann dvelur hjer, og þá er enginn eptir, sem sjerstaklega hefir lagt stund á þessa lækningagrein. Samt sem áður hefi jeg ekki komið fram með neina breyt.till. í þessa átt. Jeg hefi ekki ráðrúm til þess, þar sem fjárlaganefndin, sem er svo mannsterk, hefir lagt á móti. En jeg mun leita fyrir mjer, hvort eigi fást nógu margir til þess að fylgja fram breyt.till. í þessa átt við 3. umr. Annars mun jeg hverfa frá því áformi.

Jón Þorkelsson: Jeg skal geta þess út af því sem stendur í 4. gr. b. og h. þm. Dal. (J. P.) minntist á, að hingað til hefir útgefandi fornbrjefasafsins lesið prófarkir af því fyrir ekki neitt. En

í vetur gjörði hann fyrirspurn til hins íslenzka ráðaneytis um, hvort honum bæri ekki sjerstök borgun fyrir prófarkalesturinn, en hann fjekk það svar, að hann yrði að lesa þær »hjer eptir sem hingað til« án sjerstakrar borgunar. En nú vill svo vel til, að jeg get skilað því frá útgefanda fornbrjefasafnsins, að óvíst sje hvort hann muni halda útgáfunni áfram eptirleiðis, ef allt á að sitja við sama og nú er.

Það er einnig annað atriði snertandi frumv. þetta, sem jeg vil minnast á, og það er beiðni Jóns cand. med & chir. Jónssonar um styrk til tannlækninga, og fjárlaganefndin hefir ekki sjeð sjer fært að taka til greina, sem mjer þykir undarlegt, af því að jeg álít það heppilegra, að styðja íslenzkan lækni til tannlækninga, en ef til vill einhverja útlenda slæpinga, sem kynnu að finna upp á því að biðja um slíkan styrk. (*Forseti:* Þingm. viðhafði miður viðeigandi orð). Töluð orð verða ekki aptur tekin; jeg hefi nú sagt orðin og þau fá að standa í þingtíðindunum. — En jeg vildi leyfa mjer að spyrja h. fjárlaganefnd, hvort hún álíti slíka styrkveiting heppilega til frambúðar? Jeg mun styðja breytingartillögu við 3. umr. um styrk til cand. Jóns Jónssonar, ef hún kemur fram.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Spurningu h. þm. Snæf. (J. Þork.) um það, hvort fjárlaganefndin muni mæla með því, að tannlæknirinn fái framvegis að halda landssjóðsstyrk sínum, skal jeg svara því einu, að af því nefndarálit hennar er ekki komið út enn þá, hef jeg ekki leyfi til að skýra frá tillögum hennar þar, enda gjörist þess lítil þörf nú; það kemur máli þessu svo lítið við.

H. þm. Dal. (J. P.) þótti hart að skylda útgefanda fornbrjefasafnsins til að lesa prófarkir af því, þar sem sumt af því yrði ekki prentað fyr en einhvern tíma síðar meir. En jeg held það sje almenn venja, að þótt einhver sje skyldaður til að vinna verk, þá þyki hann löglega afsakaður frá því, ef dauðinn kippir honum burtu. H. þm. Dal. (J. P.) þótti það illa farið, að bænarskrá sjer Odds Gíslasonar hefði verið synjað, því að eitthvert gagn hefði þó kunnað að verða af för hans. Enginn neitar, að svo hefði kunnað að verða, þótt tvísýnt væri. Að öðru leyti er óþarfi að fjölyrða um þetta mál hjer í deildinni; það hefir verið mælt svo skörulega með því og móti í blöðunum, að h. þingdm. mun ljóst, hvernig því horfir við.

Ef breyt.till. kemur fram viðvíkjandi bænarskrá cand. Jóns Jónssonar, þá er nógur tími fyrir fjárlaganefndina að íhuga, hvort henni finnist hún geta tekið hana til greina; öðru get jeg ekki svarað því að svo stöddu.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 22 atkv.; 2.—3. gr. samþ. í e. hlj.; 4. gr. samþ. með 20 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um iðnaðarnám (C. 199); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. umr.laust í e. hlj. og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um sjerstök eptirlaun handa Páli sögukennara Melsted (C. 252, 260, 261); ein umr.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.): Mál þetta hefir áður verið til umræðu hjer í deildinni, og þá kom jeg ásamt fleiri h. þingdm. með þá breyt.till., að orðinu eptirlaun væri breytt í heiðurslaun. Þessi breyting var samþykkt hjer í deildinni og svo gekk málið til h. efri deildar, en hún fann ástæðu til breytingar og færði það aptur í sama horf

og verið hafði í stjórnarfrumv., sjálfsagt þó ekki af því, að hún álíti ekki hlutaðeigandi mann heiðursverðan, því að allir munu viðurkenna, að hann sje það. En úr því nú svo er komið, þá er um eitt af þrennu að gjöra, annað hvort að samþykkja frumv. eins og það er, breyta því að nýju eða fella það.

Mjer er mjög nauðugt að frv. verði fellt, eins og mjer hefir skilizt sumir vilja að gjört sje heldur en orðinu eptirlaun sje haldið, og því hef jeg ásamt 2 öðrum h. þingdm. gjört tilraun til að fá því breytt (C. 261) þannig, að ellistyrkur komi í stað eptirlauna, enda finnst mjer það vera alveg rjett nafn á styrkveitingunni. Jeg hef það á móti eptirlaunum, að maður sá, er hjer um ræðir, hefir aldrei verið reglulegur embættismaður. En um heiðurslaun hefir þegar verið dæmt í h. efri deild, og því líkindi til að sú breyting verði felld, ef frumv. kemur með henni þangað aptur.

Jeg er þó ekki svo þrár að jeg geti ekki látið undan h. efri deild og samþykkt frumv. eins og það er nú, ef ekki verður nema um tvennt að velja, að taka það óbreytt eða fella það.

Landshöfðingi: Þegar frumv. þetta var samþykkt hjer í deild við 2. og 3. umræðu með nálega öllum atkvæðum, þá kom mjer ekki til hugar að slíkur ágreiningur mundi rísa út af því, að það þyrfti að rekast milli deildanna, og komast ef til vill að lokum í sameinað þing. Öllum kemur saman um að veita Páli sögukennara Melsted 1800 kr. meðan hann lifir, en h. þm. geta ómögulega komið sjer saman um, hvað þessi fjárveiting eigi að heita. Stjórnin nefndi hana sjerstök eptirlaun, en það nafn hefir ekki fengið góðan byr hjer í deild; það lítur nærri út eins og h. þingd. þoli ekki að heyra eptirlaun nefnd á nafn. H. þm. A.-Sk. (J. J.) kvað orðið eptirlaun ekki eiga við, af því að Páll Melsted hefði aldrei verið reglulegur embættismaður. En tá þá engir aðrir eptirlaun af landsfje en konunglegir embættismenn? Í lögum 27. febr. 1880 eru prestum ákveðin eptirlaun, og eru þó fæstir þeirra konunglegir embættismenn; lög frá 3. október 1884 ákveða prestsekkjum eptirlaun, og til eru lög frá 17. desember, sem segja, að yfirsetukonur skuli fá eptirlaun, og eigi eru þær nje prestaekkjurnar konunglegir embættismenn. Það verður því töluverðum örðugleikum bundið, að útrýma orðinu eptirlaun, enda eru menn rjett nýlega svo langt komnir að vilja það; hingað til hafa þeir sem lengst hafa farið í því að vilja afnema eptirlaun, þó ekki farið lengra en svo, að þingið ákvæði og veitti eptlaun í það og það sinn; þeir hafa ekki barizt fyrir því að afnema orðið eptirlaun. Því sýnist mjer hjer vera að deila um skegg páfans; þar sem allir eru samdóma um að veita Melsted 1800 kr., þá ættu þeir og að geta sætt sig við að kalla það eptirlaun, því að eptirlaun verða þó allt af þau laun, er menn fá eptir að þeir hafa hætt að starfa, hvað svo sem menn vilja kalla þau.

Björn Bjarnarson: Jeg bjóst sízt við því, þegar jeg kom með þessa litlu breytingartill. við 2. umr. þessa máls, um að breyta orðinu »eptirlaun« í »heiðurslaun«, að hún mundi verða annað eins þrætuepli eins og raun hefir á orðið. Jeg hjelt ekki að það væri svo mikið í húfi, þótt einu orði í frv. væri breytt, eins og sumum virðist vera, einkum í h. efri deild. Það sem knúði mig til að koma með þessa breyt.till. var það, sem jeg tók fram við 2. umr., og sem jeg ekki skal taka upp aptur nú; en jeg vil bæta einni ástæðu við, sem jeg ekki nefndi þá. Eptir »prin-

cipi« mínu í launamálum fannst mjer, að það hefði verið mjög óheppilegt, ef jeg hefði látið það verða eitt hið fyrsta stig mitt á löggjafarbrautinni, að samþykkja frumv. til laga um »eptirlaun«, sem þjóðin einnig hefir svo mikið á móti. Nú hefi jeg enn leyft mjer af sömu ástæðu að koma með breytingartill. um, að orðinu »eptirlaun« í frumv. verði breytt í »laun«. Jeg álít að þessi maður, sem aldrei hefir haft fast embætti á hendi, hafi þó starfað svo mikið í þarfir þjóðarinnar, að hann eigi laun skilin, enda þótt hann hætti störfum sínum við latínuskólann, því eins og hann hingað til hefir starfað margt og mikið annað í þarfir þjóðarinnar, eins mun hann halda áfram að starfa, halda áfram að skrifa sögu svo lengi, sem hann getur stýrt penna. Jeg vil þess vegna að í staðinn fyrir öll þrjú orðin: eptirlaun, heiðurslaun, ellistyrkur, sem stungið hefir verið upp á, komi þetta eina orð: »laun«. Ennfremur hefi jeg leyft mjer að stinga upp á dálitlum viðauka við frumv.greinina, um, að hr. Melsted skuli halda þessum launum, enda þótt hann hætti að kenna sögu við hinn lærða skóla í Reykjavík. Það getur kannske verið spursmál um, hvort þessi viðauki sje nauðsynlegur; en meðan jeg ekki heyri neinar mótbárur móti þessum breytingum, skal jeg ekki tala frekar um þær. Að eins skal jeg taka það fram viðvíkjandi breytingartill. um, að breyta orðinu eptirlaun í ellistyrk, að mjer virðast bæði þessi orð merkja eitt og hið sama. Ef menn kalla fjárveitinguna »ellistyrk«, þá lítur svo út, sem honum sje veitt þetta fje í gustukaskyni, og þykir mjer því sú orðmyndun enn lakari en eptirlaun, og mun jeg hvorugt aðhyllast.

Klemens Jónsson: Jeg var einn af þeim, sem við 2. umr. þessa máls kom með breyt.till. um að kalla þessa fjárveitingu handa sögukennara Páli Melsteð heiðurslaun, ekki af því, að mjer þætti þörf á að breyta orðinu eptirlaun í frumv. stjórnarinnar, enda þótt Melsted hefði ekki haft á hendi fast embætti, heldur af því að mjer fannst ekki ómaklegt að kalla það heiðurslaun, sem jafn heiðursverður maður fengi sem viðurkenningu frá þjóðinni fyrir langt og gott starf. En af því að þessi breyting hefir valdið því, að frumv. er farið að hrekjast milli deildanna, þá vil jeg ekki gefa tilefni til þess, að það verði fyrir meiri hrakningi en orðinn er, og fellst því á frumv. eins og það kom frá h. efri deild alveg óbreytt. Breytingartill. á þingskjali 163 um að í staðinn fyrir »eptirlaun« komi »ellistyrkur«, get jeg alls ekki samþykkt, og það af þeirri ástæðu, sem h. þm. Borgf. (B. B.) tók fram, að þá lítur svo út sem fjeð sje veitt í gustukaskyni, en það væri þinginu ósamboðið gagnvart þessum heiðursmanni.

Jón Þorkelsson: Jeg stend upp af því, að jeg hefi verið með því að skrifa undir dálitla breytingartill. við þetta frumv. Jeg vil þá fyrst biðja h. þm. Borgf. (B. B.) að taka aptur sína breytingartill., því orðið »laun« getur alls ekki átt við um þá fjárveitingu, sem hjer ræðir um. Hann vildi láta þingið fara að launa þessum manni fyrir það, að hann væri hættur að vinna. Það held jeg sje nú nokkuð óvanalegt. Hina breytingartill., sem jeg hefi verið með í að bera fram, felli jeg mig mjög vel við. Að kalla þessa fjárveitingu eptirlaun, var fellt hjer í deildinni. Að hún væri heiðurslaun, vildi h. efri deild ekki heyra. Jeg sje því ekki að henni verði gefið heppilegra nafn en að kalla hana »ellistyrk«.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg get tekið undir með h. þm. Snæf. (J. Þork.) í því, að biðja h. þm. Borgf. (B. B.) að

taka breytingartill. sína aptur. En jeg vil fara lengra. Jeg vil líka leyfa mjer að biðja h. þm. Snæf. að gera svo vel að taka einnig sína breytingartill. aptur. (*Jón Þorkelsson*: Nei!) Að öðru leyti er mjer óskiljanlegt, og jeg hefði fortekið það við 1. umr., að slíkar breytingartill. hefðu getað komið fram í jafn óbrotnu máli, sem þetta er. Jeg hefði getað skilið, að mönnum hefði getað komið til hugar, að breyta eitthvað fjárupphæðinni, en þessar breytingar, sem fram hafa komið, get jeg ekki skilið.

Að orðið »eptirlaun« sje hjá Íslendingum, yfir höfuð að tala, óvirðingarorð, verð jeg að mótmæla. Jeg þekki ekki, að það sje til óvirðingar eða óþokka nokkrum manni, að hann fái sæmileg eptirlaun.

Undir eins og jeg bið alla, sem með breytingartill. hafa komið við frumv., að taka þær aptur, leyfi jeg mjer að treysta því, að h. þingd. samþykki nú frumv. óbreytt eins og það er hingað komið frá h. efri deild, svo það hneyksli komi ekki fyrir, að málið þurfi að fara aptur til efri deildar, og svo ef til vill í sameinað þing.

Landshöfðingi: Jeg get tekið undir með h. varaforseta (Þ. Böðv.) í því, að jeg hefi allt af álitið, að það væri eptirlaunamálið, sem þjóðinni væri ekki um, en að hún hefði ekkert *á móti* orðinu »eptirlaun«. Jeg hefi líka skilið svo, sem þjóðin óskaði, að eptirlaun væru veitt með sjerstökum lögum í hvert skipti, eins og sumstaðar annarsstaðar á sjer stað. Þetta er nú einmitt gert hjer, og því get jeg ekki skilið, að menn geti verið á móti þessu frumv. um sjerstök eptirlaun handa sögukennara Páli Melsteð.

Þórður Guðmundsson: Það ætlar að teygjast úr þessu máli, þó það virtist ekki margbrotið í upphafi. Það hefir valdið meiri umræðum en út leit fyrir og þörf er á; þó eru allir samdóma um það, sem eiginlega er mergurinn málsins, fjárupphæðina. Jeg álít að landinu megi standa á sama, undir hvaða nafni þessi fjárveiting gengur, og það virtist mjer þiggjandanum mega líka vera sama, því notin verða vonandi hin sömu, hvaða nafni sem fjárveitingin nefnist. Hún má hvorki heita heiðurslaun, eptirlaun, nje ellistyrkur. H. efri deild álítur ekki, að fjeð sje veitt í heiðurs skyni, og ýmsir álíta að það sje ekki veitt til að styrkja þennan mann í elli hans. Jeg vildi óska, að h. þingm. yrðu ekki svo úrræðalausir, að geta ekki gefið þessari fjárveitingu eitthvert nafn, og væru ekki að eyðatíma til að deila um þessi orð eða nafn, úr því öllum kemur saman um það, sem er aðalatriði málsins.

Björn Bjarnarson: Það var ekki alveg rjett hjá h. þm. Snæf. (J. Þork.), að jeg hefði viljað veita þessum manni laun fyrir að hætta að vinna. Jeg tók það einmitt skýrt fram, að hann mundi ekki hætta að vinna, þó hann legði niður störf sín sem sögukennari við hinn lærða skóla. Jeg sagðist vilja, að þessi sami háttvirti herra hjeldi þessum 1800 kr. launum, enda þótt hann hætti þessu starfi, því hann mundi eptir sem áður vinna, meðan heilsa og líf entist, í þarfir þjóðarinnar. Sá maður, sem hjer ræðir um, óskaði þess einmitt sjálfur, et jeg man rjett, þegar hann sótti til þingsins 1891, að hann fengi að halda þessum 1800 kr. launum, þó hann hætti að vera sögukennari við lærða skólann. Breytingartill. mín fer því fram á hið sama, sem hann hefir sjálfur óskað eptir. Jeg er sannfærður um, að orðið »laun« liggur næst vilja og ósk hans sjálfs. Ef menn vilja samþykkja upphæð þá, sem hann biður um, hvers vegna má þá ekki eins fara sem næst óskum hans, að því er snertir nafnið á

henni? Jeg sje þess vegna enga ástæðu til, að verða við hinni heitu bæn h. varaforseta (Þ. Böðv.), að taka tillögu mína aptur.

Sigurður Gunnarsson: Jeg vil lýsa því yfir, að jeg vil ekki láta þetta frv. hrekjast lengur á milli þingdeildanna, eins og jeg vil ekki láta hrekjast fyrir þessum heiðursmanni, sem hjer er um að ræða, í elli hans. Þess vegna vil jeg að vjer tökum nú höndum saman við h. efri deild, og samþykkjum frumv. óbreytt eins og það er nú hingað komið. Jeg játa það hreinskilnislega, að mjer finnst vera hjer deila, — ekki máske um skegg páfans, því hann hefir ekkert skegg —, heldur um skegg keisarans.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg kann ekki við þessar miklu umræður um eitt orð. Aðalatriðið er þetta: Á sögukennari Páll Melsteð að fá þessa peninga eða ekki? Mjer virðist standa á sama, hvað þeir heita, hvort eptirlaun eða annað. En jeg vil vekja athygli h. þingd. á því, hvort henni finnst ekki undarlegt, að láta málið hrekjast hjeðan aptur til efri deildar og frá efri deild í sameinað þing — að eins fyrir eitt orð. Mjer fyrir mitt leyti virðist það hreint hneykslanlegt, og dettur mjer því ekki annað í hug en að samþykkja nú frumv. óbreytt. »Laun« er skakkt að kalla þessa peninga, og sömuleiðis er skakkt að kalla þá »ellistyrk«. Eptirlaun eru það, úr því hann fær peningana eptir að hann er hættur að starfa, hvað sem svo aðrir segja; (*B. Bjarnarson:* Hann hættir ekki); svo er þess konar laun alstaðar kölluð. Mjer finnst þess vegna ekki rjett fyrir deildina að vera að jagast lengur um þessi orð.

ATKV.GR.: Breytingartill. 163 (C. 261) felld með 15:6 atkv. Breytingartill. 160 (C. 260) felld með 13:6 atkv.

Frumv. óbreytt samþ. með 19:2 atkv. og afgreitt síðan til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

Frumv. til laga um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga jarðeignir á Íslandi (C. 179); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jón Jakobsson*): Jeg skal eigi þreyta h. þingd.m. með langri ræðu. Frumvarp svipað þessu kom fram á síðasta þingi í efri deild og var fellt þar með 6 atkvæðum hinna kgk. þingm. á móti 5 hinna þjóðkjörnu. Við flutningsmennirnir höfum tekið aðalhugsunina úr því upp í þetta frumvarp, en um leið höfum við reynt að sneiða hjá þeim agnúum, sem urðu hinu að fótakefli í Ed. á síðasta þingi. Það er eigi hægt að fara út í hinar einstöku greinar frumv. við þessa umræðu, en jeg vil taka það atriði fram, að það er eðlilegast að arðurinn og afraksturinn af jarðeignum landsins renni í vasa landsmanna sjálfra, en eigi út úr því. Til þess að fyrirbyggja það, að landið standi opið fyrir öllum útlendingum, sem vildu »spekúlera« í jarðeignum hjer, höfum við komið fram með frv. þetta.

Jeg vil vekja athygli h. þingd.m. á því, að nú flykkist fólk á ári hverju hópum saman til Ameríku, landi og lýð til mikils tjóns. Það er mjög sorglegt, að um leið og áhugi vex á þjóðmálefnum almennt, að þá skuli það einnig koma í ljós, að fjöldi manna eigi hafi meira traust á framtíð landsins en svo, að þeir hlaupa burt af ættjörðu sinni í fjarlægt land; en þar sem þessu er nú þannig varið, þá getur það auðveldlega átt sjer stað og hefur þegar sýnt sig, að Íslendingar, sem fara af landi burt og búsetja sig í Ameríku, eigi jarðir hjer austan hafs, og tel jeg það illa farið, ef slíkir menn, sem hafa hatt svo mikið vantraust á framförum lands og þjóðar, að þeir hafa yfirgefið hvorttveggja,

halda áfram að vera landsdrottnar og jarðeigendur í því landi, er þeir hafa yfirgefið sem óbyggilegt, og ímynda jeg mjer að jarðeignum lands þessa sje eigi vel borgið í höndum slíkra manna.

Vera kann að sumir hafi það á móti frumvarpi þessu, að það hafi talsverða erfiðleika fyrir þingið í för með sjer, þar sem utanríkismenn eptir því ekki gætu fengið keypta nokkra jarðeign hjer á landi, nema með sjerstökum lögum, en jeg skal benda á, að bæði er það mjög ólíklegt, að slíkt komi opt fyrir, að utanríkismenn fali jarðir hjer á landi og svo sýna á hinn bóginn hin stöðugu árlegu þjóðjarðasölufrumv., að þingið er eigi ófúst á að taka slík mál til meðferðar.

Jeg skal enn fremur taka það fram, að hefði þetta frumvarp orðið að lögum í hitt eð fyrra, þá hefði eigi þurft að koma með frumv., eins og það, sem kom fram hjer í deildinni í gær; þá hefði eigi þurft sjerstök lög til verndunar »kjörgripum« landsins frá því að falla í útlendra hendur.

Jeg ætla svo eigi að fara fleirum orðum um málið að þessu sinni, en jeg óska og vona, að háttv. deild láti frumv. þetta komast tálmunarlaust til 2. umr.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um varnarþing í skuldamálum og ýms viðskiptaskilyrði (C. 189); 1. umr.

Flutningsmaður (*Klemens Jónsson*): Jeg og h. þm. V.-Skaptaf. (Guðl. G.) höfum leyft oss að koma fram með frv. þetta. Eins og kunnugt er, hefir frumv. þetta verið áður fyrir alþingi 1889 og var þá fellt í Ed. við 2. umr. með 6 atkvæðum gegn 5. Við flutningsmennirnir höfum íhugað frumv. nákvæmlega og álitið rjettast að það hjeldi sjer eins og það var þegar það var fellt, bæði af því að við vildum að það kæmi fyrir sjónir deildarinnar í óbreyttri mynd, og í annan stað sáum við okkur eigi fært að breyta því. Jeg skal eigi fara út í hinar einstöku greinar frumv., því það er heldur eigi leyfilegt við þessa umræðu, heldur að eins líta á málið í heild sinni. Það var tvennt, sem h. Ed. hafði einkum á móti frumv. þessu þá, og var annað það, að þannig löguð lög mundu auka skuldir hjá kaupmönnum. Kaupmenn mundu fremur lána, þegar þeir ættu svo hægt með að innkalla skuldir sínar aptur, svo að skuldaþyngslin mundu vaxa meir fyrir þá sök. Jeg er alls eigi hræddur um það, því jeg get alls eigi sjeð, að skuldir þurfi að aukast, þó greitt sje fyrir viðskiptum manna á milli og lánstraustið þannig verndað. En þetta var þó eigi aðalástæðan, sem höfð var gegn því; hitt þótti meira og ganga óhæfu næst, að draga menn frá sínu varnarþingi fyrir gestarjett í annari þinghá, þar sem skuldin var stofnuð. Jeg get eigi sjeð neitt stórvægilegt við þetta, því það er alkunnugt, að kaupmenn láta skuldunauta sína opt og tíðum undirskrifa skuldbindingarskjal, þar sem lántakandi skuldbindur sig til að mæta fyrir gestarjetti í þinghá lánveitandans, ef eigi er í skilum staðið. Og hvað verður þá úr varnarþingi þeirra?

Í fljótu bragði getur þetta frumv. litið svo út, sem það sje kaupmönnum einum til hags; en það er eigi þeim fremur en bændum til hags; það er öllum til hagsmuna. Jeg hef persónulega reynslu fyrir því, að kaupmenn hafa sótt mál á hendur mönnum úti í sveitum um skuldir, sem opt hafa verið mjög litlar. En málskostnaðurinn hefir

opt orðið svo mikill við þetta, að viðkomandi skuldunautur hefur stundum orðið að borga helmingi meira en skuldin upphaflega var, í stað þess að hefði málið verið sótt í þeirri þinghá, sem skuldin var stofnuð í, hefði kostnaðurinn orðið mikið minni, sjer í lagi vegna þess, að lagafrumv. þetta mælir svo fyrir, að málið megi að eins taka fyrir í sumarkauptíð, á tímabilinu frá 15. júní til 31. júlí og haustkauptíð frá 15. sept. til 31. okt., einmitt á þeim tíma, sem búast má við að skuldunautur þurfi að koma í þinghá skuldheimtumannsins. Og þó maður taki þau viðskipti fyrir, þar sem skuldunautur býr mjög langt frá skuldheimtumanni, þá mun það reynast svo, að það verður mun ódýrara fyrir skuldunaut að mæta eptir þessu frumv., en ef málfærslumaður væri sendur á hálsinn á honum. Af þessu má ráða, að þetta sje öllum til hags, því það tryggir mjög öll viðskipti, og jeg vona, að þetta liggi öllum háttv. þingm. svo í augum uppi, að eigi þurfi að setja í það nefnd.

Jeg vona því að háttv. deild sjái, að þetta frumv. er mjög þýðingarmikið, og lofi því að ganga greiðlega til 2. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla að eins að bæta fáum orðum við það, sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði um frumv. þetta, sem við erum flutningsmenn að. Það er vitanlegt, að viðskiptin milli kaupmanna og bænda eru aðalviðskiptin hjer á landi og jeg er viss um það, að háttv. þingd. muni hafa glögga hugmynd um það, hvaða þýðingu skuldirnar hafi, því þær eru það, sem mest styðja að því að verzlunarólagið, sem nú er svo mikið kvartað yfir, haldist. Vegna þess að kaupmenn eiga svo mikið útistandandi, verða þeir að leggja ofan á verðið á vörunum, svo þær verða við það miklu dýrari. Það sem gjörir það að verkum, að skuldir eigi borgast, er tvennt, það sem sje, að sumir menn vilja eigi borga þær og aðrir geta það eigi. Þessara manna verða svo allir að gjalda. Því sumar af þessum upphæðum eru svo litlar og menn þeir, sem skulda, í svo fjarlægum hjeruðum, að kaupmaður getur eigi nema með miklum kostnaði sótt þá um skuldina. Lagafrumvarp þetta miðar til þess, að þessi óskil geti eigi átt sjer stað, og varna því að skilamennirnir þurfi að bera hærra verð á vörum sínum en ella.

Þetta snertir nú mest eins og jeg tók fram áður kaupmenn og bændur, en það snertir líka fleiri. Það snertir líka útgefendur bóka og blaða. Það er alveg hið sama með þessa menn og kaupmennina, nema hvað það er opt helmingi örðugra fyrir blaðamenn en aðra. En jeg vona að h. þingdeild sje samþykk mjer í því, að það sem greiðir fyrir útgáfu bóka og blaða, sje vert að styðja, því þetta hvorutveggja hefir að allra rómi mjög mikla þýðingu fyrir alla landsbúa.

Frumv. þetta er því alls eigi fremur kaupmönnum í hag en öllum öðrum, en tilgangur frumvarpsins er sá, að gjöra hinum óskilsama sem erfiðast fyrir, að kasta byrði á bak þeim, sem er skilsamur.

Sighvatur Árnason: Jeg stend eigi upp til þess að tala mikið um þetta mál. Jeg fyrir mitt leyti álít þetta mál mjög íhugunarvert, þar sem það fer fram á, að breyta rjettargangi vorum, sem er orðinn fastgróinn í hugsunarhætti þjóðarinnar. Þess vegna þykir mjer vel við eiga, að setja nefnd í málið og sting jeg upp á 5 manna nefnd, svo það verði vandlega íhugað.

ATKV.GR.: Nefnd felld með 14 atkvæðum gegn 5.

Sigurður Gunnarsson: Jeg sting upp á þriggja manna nefnd.

ATKV.GR.: Tillagan felld með 13 : 8 atkv.

Málinu vísað til 2. umr. með 20 samhljóða atkv.

Frumv. til laga um undirbúning verðlagsskrda (C. 194); 1. umr.

Flutningsmaður (Þórður Guðmundsson): Það er kunnugt, að um langan aldur hafa ýmsar kvartanir komið fram yfir því, að verðlagsskrárnar væru ekki svo heppilega tilbúnar sem vera skyldi og gangverðið eptir þeim væri ekki sanngjarnt. H. þingd.m. er kunnugt, að verðlagsskrárnar eru búnar til af prestum og hreppstjórum, eða minnsta kosti hefur það verið svo um þau 70 ár, sem hin núgildandi löggjöf hefur verið við líði og haldizt óbreytt. Það hefur að líkindum verið tilgangur hennar, að prestar og hreppsstjórar ættu að gjöra þetta í sameiningu, en svo hefur það aldrei mjer vitanlega orðið í reyndinni, heldur hafa prestarnir og hreppstjórarnir gjört þær hver í sínu lagi, án þess að bera sig saman um, hvað verðlag ætti að vera í hreppnum. Svona er það að minnsta kosti þar sem jeg þekki til, hvað sem kann að vera í öðrum landsfjórðungum. Þetta finnst mjer mjög óheppilegt, og það því fremur, að það er títt, að prestarnir leitast við að setja það svo hátt, sem auðið er, og hreppstjórarnir jafnvel setja það sem lægst, og þá ekki gott að vita, hvort meðaltalið hittir á það rjetta.

En það er nú ætlunin með þessu frv., að bæta úr þessu, með því að taka það skýrt fram, að þeir, sem hjer eiga hlut að máli, prestar og hreppstjórar, gjöri þetta í sameiningu, og enn fremur sje sá þriðji þeim til hjálpar, kosinn af skattanefndinni. Má með þessu móti ætla, að rjettara verðlag fengist, einkum þar sem þessum mönnum er gjört að skyldu að vinna saman. Mjer hafði dottið í hug að setja það ákvæði, að verðlagsskrárnar væru samdar af sýslunefndinni, en jeg sá mjer það ekki fært vegna þess, að sýslufundir eru haldnir hjer á suðurlandi í september, en það er of fljótt, að vera búinn að semja þá verðlagsskrárnar, og mundi því kosta aukafund, sem hefði kostnað í för með sjer.

Jeg vona að frumv. þetta verði samþykkt, svo yrði meira og betra samræmi milli verðlagsskýrslnanna og meðalverðið því sanngjarnara. En það er sannarlega eigi lítilsvert, að hafa rjettláta verðlagsskrá, því við hana eru miðaðar svo margar og margvíslegar gjaldaupphæðir. Jeg álít, að mál þetta sje svo óbrotið, að ekki ætti að þurfa að setja í það nefnd, og að það fái óhindrað að ganga til 2. umræðu.

Klemens Jónsson: Af öllum þeim, sem til þekkja, munu fæstir efast um það, að prestunum er heldur hughaldið að setja verðlagið hátt, og á hinn bóginn reyna hreppstjórarnir að hafa það í lægra lagi. Það ætti því að geta orðið nokkurn veginn rjett meðaltal, sem út af því fengist, enda mun það optast vera það. Allt fyrir það hef jeg ekki neitt sjerstakt á móti frumv. að öðru leyti en því, að mjer er ekki ljóst, hvað það á að þýða, að taka það af amtmanninum fyrir norðan og prófastinum í Eyjafarðarprófastdæmi, sem allt af hefir verið þeirra verk, að reikna út og semja verðlagsskrár fyrir norður- og austuramtið. Því eptir frv. eiga sýslumennirnir alstaðar á landinu að semja skrárnar og senda þær síðan stiptsyfirvöldunum. Ef þetta ákvæði er með yfirlögðu ráða komið inn í frumv., þá er það næsta óheppilegt, og óskiljanlegt. Eins og kunnugt er, þá er það amtmaður, sem semur og undir-

skrifar verðlagsskrárnar hvað suðuramtið snertir, ásamt biskupi. Meðan vesturamtið var sjer, var það amtmaðurinn í vesturamtinu, sem gerði það þar með prófastinum í Snæfellsnessýslu, og fyrir norðan er það amtmaðurinn þar ásamt prófastinum í Eyjafirði, hvað norður- og austuramtið snertir. Þegar vesturamtið var sameinað suðuramtinu, þá breyttist þetta eðlilega á þann veg, að hinn sameiginlegi amtmaður semur verðlagsskrárnar fyrir bæði ömtin, og undirskrifar þær ásamt biskupi.

Jeg get nú ekki sjeð neina ástæðu til þess að breyta þessu, og það því síður, sem, væri þessu breytt eins og frumv. fer fram á, þá mundi það verða til þess að verðlagsskrárnar fyrir norður- og austurland kæmust seinna út á meðal manna.

Björn Sigfússon: Jeg er h. flutningsmanni (Þ. G.) samdóma um það, að fyrirkomulag það, sem nú er við setning verðlagsskránna, sje ekki heppilegt, og það sem jeg hefi mest á móti því, er, að mjer finnst verðlagsskrárnar vera svo að segja samdar í pukri, og það kann jeg ekki við, að þær eru ekki lagðar fram svo menn geti sjeð þær.

Þær verðlagsskýrslur sem prestarnir semja, senda þeir til prófasts án þess nokkur fái að vita, hvernig þær eru úr garði gerðar, og eins er með hreppsstjóraskýrslurnar, er þeir senda þær til sýslumanns. Einmitt þessi pukurs-, aðferð hefir það í för með sjer, að prestunum eru stundum gerðar þær getsakir, að þeir setji verðlagið of hátt, og ættu þeir að vija losast við þann starfa, enda hefi jeg orðið þess var, að margir þeirra munu vera á því. Það sýnist heldur eigi heppilegt, að þeir menn leggi grundvöllinn undir verðlagsskrárnar, sem eiga að taka mestallar tekjur sínar eptir þeim. Jeg kynni því betur við að hreppsnefndir hefði það á hendi að semja þessar skrár, og þær væru svo látnar liggja frammi til athugunar um ákveðinn tíma einhversstaðar í hreppnum. Gæti þá bæði prestum, — sem að sjálfsögðu eiga að hafa atkvæði um málið — og öðrum gefizt kostur á að gera við þær sínar athugasemdir. Því næst væru þær sendar sýslunefndinni ásamt athugasemdunum til úrskurðar, og hún drægi þær saman og semdi eptir þeim verðlagsskrána fyrir sýsluna.

Það er eigi rjett, sem h. flutningsm. (Þ. G.) sagði, að ekki kafi verið hreift við þessu máli í 70 ár. Á þinginu 1885 var gjörð tilraun af þáverandi þingmönnum Skagfirðinga til að fá breyting á þessu fyrirkomulagi, þótt það hefði engan árangur. Þessutan hefi jeg opt orðið var við, að menn óska breytinga á fyrirkomulaginu.

Jeg álít, að það bætti nokkuð úr, að setja ákæði inn í frumv. um, að láta verðlagsskrárnar liggja frammi í hreppunum, og vil skjóta því til flutningsm. (Þ. G.), að athuga það til 2. umr., en annars finnst mjer heppilegra, að breyta stefnu þess alveg í þá átt, sem jeg nú hefi bent á. Flutningsm. (Þ. G.) gat þess líka, að sjer hefði dottið í hug að leggja það undir sýslunefndirnar, að semja verðlagsskrárnar, en fjell frá því aptur vegna þess, að sýslufundir væru sumstaðar haldnir á óhentugum tíma til þess, og það er rjett hvað suðurland snertir, því þar eru þeir vanalegast haldnir í sept. eða apríl, en hvað norðurland, vesturland og jafnvel austurland snertir, þá er þetta ekki tilfellið, því þar eru sýslufundir haldnir í jan. og febr., og það er einmitt mátulegur tími til, að sýslunefndir gæti samið skrárnar; þar á móti yrði það of seint í apríl eða maí, því þá gætu þær ekki orðið sendar út nógu

snemma. Úr því mætti þó líklega bæta með því, að sýslunefndin setti þriggja manna nefnd til þess milli funda að semja pær, t. d. oddvita sýsunefndar og 2 aðra með honum.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hefði getað skilið, hefði komið frumv. til breytinga á verðlagsskránni í þá átt að fella í burtu úr þeim ýmsa liði, sem nú eru orðnir næsta fáliðaðir og ekki eiga við, eða um það, hvernig skuli í hundruð leggja af hinum ýmsu vörutegundum. Jeg segi, jeg hefði skilið, hefðu breytingar komið í þessa átt, því það hlýtur víst öllum að þykja ólíku saman að jafna, því, sem þó á jafnt að vera eptir verðlagsskránni. Jeg skal taka til d. 1 hundr. á landsvísu af ull; í það á að leggja 120 pd. ullar og verður það vanalega á 70—100 kr.; 1 hdr. af tólg þar á móti 120 pd. verður að eins 30—40 kr.; 1 hdr. af fjallagrösum, sem enginn nennir að tína, er ekki gott að ákveða, því þau munu óvíða ganga kaupum og sölum; 1 tunna af lýsi mun vera um 20—30 kr. og svo er um fleira. Væri ekki þarft að breyta slíku? Jeg vildi sannarlega óska, að numin væru alveg burt vorlambaskinnin, því að það eru vandræði að hafa þau í verðlagsskránni. Það væri ástæða til að gjöra breytingar í þessu; en hitt skil jeg ekki og álít það ekki rjett, þar sem menn segja, að prestarnir setji verðlagið sem hæst og hreppstjórarnir þar á móti sem lægst; þeir væna þá báða því, að gefa rangar skýrslur, og því finn jeg ástæðu til að mótmæla þessum ummælum, sem almennt voru töluð og því eiga við alla, að minnsta kosti hvað prestana í mínu prófastsdæmi snertir. Mjer er vel kunnugt um það, að þessir prestar gefa mjög samvizkusamlegar og rjettar skýrslur. Og þó nokkur munur sje á hjá hreppstjórum og prestum, þá getur það verið eðlilegt, og eins og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði, getur orðið af því heppilegt og rjett meðaltal, þegar saman er lagt. Hvað skýrslunum í mínu prófastsdæmi viðvíkur, þá er vanalega mjög lítill eða því nær enginn munur á verðlaginu hjá prestunum og hreppstjórunum. Skýrslurnar liggja allar uppi hjá amtmanni og þeir sem vildu geta aðgætt þær þar.

Á hinn bóginn vil jeg benda á, að þetta eru skýrslur, sem eru gefnar um það verðlag, sem er, svo það er engin ástæða til fyrir prestana að vera að hlaupa með þær til hreppstjórans, því það er ekki þeirra, að ákveða verðlagið, heldur hitt, að segja satt um það, hvernig verðið hafi verið. Jeg fyrir mitt leyti vildi helzt láta afnema verðlagsskrárnar og breyta ákvæðum laganna samkvæmt því; þær eru hvort sem er orðnar svo að segja lokleysa. Jeg verð eins og jeg sagði að mótmæla því, að prestarnir í mínu prófastsdæmi reyni til að hafa verðlagið hærra en rjett er, enda munu þeir vita, hvað segist á því, og jeg held jafnvel, að jeg geti mótmælt líka fyrir hreppstjóranna hönd, að þeir reyni til að hafa verðlagið of lágt. Jeg hef heyrt um tvo presta austur þar, að þeir hafi verið sakaðir um að hafa gefið rangar skýrslur, en það varð þeim víst fulldýrt. Hvað frumv. þetta snertir, þá er hjer annaðhvort að gjöra, að fella það eða kjósa nefnd í það, og af því jeg er ekki úrkulavonar um, að eitthvað gott geti af því leitt, þá sting jeg upp á að nú þegar sje sett nefnd í málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. og í hana kosnir:

Þórður Guðmundsson með 18 atkv.
Þórarinn Böðvarsson — 12 —

Þar eð enginn hafði fengið næg atkv. sem þriðji maður í nefndina, var kosið

aptur óbundnum kosningum og var kosinn:

Björn Sigfússon með 18 atkv., eptir tviendurteknar kosningar.

Fyrstu umræðu frestað.

Frv. til laga um tollgreiðslu (C. 194); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jón Þorkelsson*): Það kom fram á þingmálafundi í Snæfellsnesssýslu, að mönnum þótti lög þau, er sett voru um tollgreiðslu 1890, hvergi nærri svo hentug sem skyldi, og var því samþykkt, að lagt skyldi fyrir alþingi frumv., er rýmkaði betur um tollgreiðslu; svo og hafa ýmsir kaupmenn látið umkvartanir uppi um erfiðleika á tollgreiðslunni; hefi jeg því með nokkrum öðrum þingmönnum komið fram með þetta frumv.

Í lögunum 1890 segir, að þegar skuli greiddur tollur af hálfum varnaði, en frest megi veita á helmingi tollsins í 3 mánuði.

Hjer er farið fram á, að einungis sje greiddur tollur af því, sem þegar er tekið til sölu, en hinn hluta varningsins megi geyma undir innsigli lögreglustjóra í vöruhúsi kaupmanns, þar til er hann þarf á vörunum að halda.

Eins og nú er, getur opt orðið erfitt fyrir kaupmenn að standa í skilum við tollheimtumann. Kaupmenn hefi jeg heyrt kvarta undan þessu, sem þó eru í þeirra tölu, er einna mestan toll greiða hjer á landi. Má þá nærri geta, að smákaupmönnum fellur það því örðugra sem þeir eru minna um komnir. Þeir verða auðvitað að ætla fje til tollgreiðslu, og geta því sumir þeirra ef til vill þess vegna eigi keypt nægar birgðir af vörum fyrir verzlanir sínar. Það er auðsætt, að þetta bakar þeim fjártjón, og við búið, að þeir reyni að vinna það upp með því að hækka vöruverðið. En gangi það fram, sem lagt er til í frumv. þessu, mætti það verða til þess, að vöruverðið batnaði.

Jeg sje enga ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum að sinni, en kýs heldur að bíða átekta.

Landshöfðingi: Frumv. þetta fer fram á breyting á lögum 22. maí 1890, með öðrum orðum á lögum, sem næstsíðasta þing samþykkti. Þingið var frumkvöðull að þessum lögum og samdi þau sjálft að öllu leyti. Þætti mjer það því eiga illa við, ef þetta þing breytti þeim. Það mundi þykja vottur þess, að lög þau, er þingið setur, sjeu vanhugsuð; enda væri það eigi ástæðulaust, ef þau þyldu eigi þriggja ára reynslu. En jeg hefi enga ástæðu til að halda að svo sje, því að jeg hefi eigi heyrt neina óánægju yfir þessum lögum, og mundi hún þó hafa komið í ljós, et hún væri mikil. Tilhliðrun sú, sem gerð er í lögunum 1890, er svo mikil sem orðið getur hjer á landi. Það er siður í öðrum löndum, að ríkið hefir stór geymsluhús (Kreditoplag), þar sem tollskyldar vörur eru geymdar. Þangað geta kaupmenn þá sótt vörurnar smám saman, eptir því, sem þeir þurfa, og fá þeir með þessu móti færi á að borga tollinn smám saman. Þetta getur ekki þrifizt hjer á landi, því að hjer er tollurinn ekki svo mikill, að það mundi borga sig.

Eins og h. flutningsm. (J. Þork.) tók fram, er sú tilhliðrun, sem nú á sjer stað, að því er snertir tollgreiðslu, fólgin í tvennu. Það er leyft að borga allan tollinn með ávísun á kaupmenn í Kaupmannahöfn, og er það í sjálfu sjer frestur, þar sem eigi þarf að borga tollinn þegar er varan kemur, heldur að eins að gefa út ávísun á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, sem ekki getur orðið borguð fyr en eptir nokkurn tíma, stundum fleiri mánuði. Í annan stað er frestur veittur á helmingi tollsins í

3 mánuði. Meiri tilhliðrun verður að minni hyggju ekki sýnd hjer á landi.

Það er að minni hyggju ótiltækilegt að láta tollinn bíða eitt ár og skipta borgun hans þannig á tvö fjárhagstímabil. Það mundi valda glundroða og erfiðleikum, bæði fyrir reikningshaldara og yfirskoðun tollreikninganna, og gera mönnum hægra fyrir að fara kring um tolllögin.

Af þeim ástæðum, sem nú voru taldar, er jeg því algerlega móttfallinn þeirri breytingu, sem hjer er farið fram á, á tollgeymslulögunum frá 1890.

Flutningsmaður (*Jón Þorkelsson*): Það er vitaskuld, að breyta mætti frumv. þessu til batnaðar í ýmsu; það játa jeg. En svo jeg víki að mótbárunum, sem fram hafa komið, þá er mótbáran móti ársfresti ekki gildismikil. Það sýnist engin brýn þörf á, að gera tollreikninga upp við fjárhagstímamót, nema að því leyti, sem vörutollur er fallinn í eindaga. Það get jeg játað, að öðruvísi er háttað tollmálum hjer en annarstaðar. Í Kaupmannahöfn þarf t. a. m. engan toll að borga af vörum, sem ekki eru seldar innanlands. Má láta þær liggja í geymsluhúsum þangað til þær eru fluttar burt aptur, án þess að borga toll. Það mætti jafnvel fara svo langt hjer.

Sá kaupmaður, sem jeg hafði fyrir augum áðan, hefir borgað 34,000 kr. í toll árið sem leið, og hefir hann sjerstaklega kvartað um það við mig, að það væri mjög erfitt að standa í skilum með því fyrirkomulagi, sem nú er. Fyrir því hygg jeg fulla ástæðu til að gjöra þessa breyting á lögunum frá 1890.

Skúli Thoroddsen: Jeg verð að taka í sama strenginn sem hæstv. landshöfðingi. Mjer er ekki kunnugt um, að nein óánægja ríki út af hinum gildandi toll-lögum; að minnsta kosti á sú óánægja sjer ekki stað vestra, þar sem jeg þekki til; og jeg get tekið það fram, að því er snertir tollgreiðslulögin frá 1890, að lög þessi munu óvíða vera notuð í »praxis«; en það er alvenja, að þegar svo stendur á fyrir einhverjum kaupmanni, að hann eigi hefir peninga til tollgreiðslu handbæra í svipinn, þá veitir lögreglusjóri honum frest í bráð, án þess fyrirmæla tollgreiðslulaganna sje gætt, því að lögrelgustjórinn þekkir vanalega gjörla kaupmenn og aðra, sem tollskyldar vörur fá í hans umdæmi, og veit því, hverjum trúa má. Jeg get því ómögulega sjeð, að nein nauðsyn sje á nýmælum þeim, sem frv. þetta fer fram á. — En þegar vjer því næst lítum á þá hlið málsins, er að tollheimtumönnum landsins snýr, þá ber þess að gæta, að frumv. það, sem hjer liggur fyrir, myndi baka lögreglustjórum allmikið umstang og ómak; þeir yrðu að vera til taks, hvenær sem kaupmanninum þóknaðist að heimta sjer afhent nokkur pund af kaffi eða sykri, ölanker o. s. frv.

En ekki nóg með það, því að frumv. myndi einnig gera lögreglustjórum alla bókfærslu yfir tollheimtuna örðugri, reikningar þeirra til landssjóðsins yrðu síðar afgreiddir, og hin umboðslega endurskoðun yrði mikið verri viðfangs, eins og hæstv. landshöfðingi benti til.

Jeg hygg því, að hyggilegast sje, að lengja ekki lífdaga þessa frumvarps.

Bogi Melsted: Það er ekki rjett að segja, að eins megi haga tollgreiðslu hjer á landi og í Khöfn (þm. Snæf). Þar á ríkið stór vörugeymsluhús (»Frilager«), og má geyma vörurnar þar endurgjaldslaust þangað til tollur er greiddur. Á meðan ekkert vörugeymsluhús er hjer til, getum vjer ekki sniðið tollgreiðslu eptir því sem hún er þar.

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Jeg vildi leyfa mjer að svara því, sem h.

2. þm. Árn. (B. M.) sagði, á þá leið, að á sama má standa, hvort geymsluhúsið er eign kaupmannsins eða ríkisins. Það er næg trygging í innsigli lögreglustjóra. Jeg skal annars ekki gera þetta að neinu kappsmáli, en legg það til, að valin sje þriggja manna nefnd til að athuga málið.

ATKVÆÐAGR.: Nefndarkosning felld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sakir óljósrar atkv.gr., og sögðu

já:	*nei:*
Björn Bjarnarson,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmunds.,	Kl. Jónsson,
H. Kr. Friðriksson,	Benid. Kristjánsson,
J. Jóns. þm. A.-Sk.,	Björn Sigfússon,
Jón Þórarinsson,	Bogi Melsted,
Jón Þorkelsson,	Jens Pálsson,
Olafur Briem,	Jón Jakobsson,
Sighv. Árnason,	J. Jónsson þm. Eyf.
Sig. Gunnarsson,	J. Jónsson þm. Nm.
Þór. Böðvarðsson,	Sigfús Árnason,
Þ. Guðmundsson,	Skúli Thoroddsen,
	Þorl. Guðmundsson.

Björn Bjarnarson: Jeg vildi benda á 3 atr. í ræðum þeirra, er móti mæltu. Hæstv. landsh. kvað það mundu valda ruglingi, ef tollgreiðslan biði árlangt, með því að þá gæti útborgun tollsins tekið inn á tvö fjárhagstímabil. En þetta getur einnig orðið eptir lögum þeim er nú gilda, því að af vörum, sem koma í nóvember 1893 þarf ekki að greiða helming tollsins fyr en í janúar 1894, eða eptir að nýtt fjárhagstímabil er byrjað. H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) tók fram, að það mundi valda erli fyrir lögreglusjóra, ef hann ætti að afhenda vörur máske daglega, en það er tekið fram með skýrum orðum í frv., að hann þurfi ekki að afhenda vörur optar en einu sinni í mánuði, og búi hann langt frá, getur hann haft fulltrúa á staðnum.

Viðvíkjandi mótbáru h. 2. þm. Árn. (B. M.), að ekki mætti bera saman ástandið hjer við Danmörku, þar sem stjórnin hefði stór vörugeymsluhús, en hjer væri ekki um að ræða annað en pakkhús kaupmanna sjálfra, þá má benda á, að þetta er einmitt það, sem tollgreiðslulögin nú gera ráð fyrir, að varan sje geymd í húsum kaupmanna sjálfra.

Landshöfðingi: H. þm. Borgf. (B. B.) tók það fram, að eptir núgildandi lögum þyrfti ekki að borga toll af vörum, sem flyttust hingað til lands, í nóvember 1893, fyr en í janúar 1894 eða á öðru fjárhagsári en tollurinn til fjelli. En það þarf engum ruglingi að valda, því að reikningum undanfarins árs er ekki lokið fyr en í febrúarlok næsta ár. Þess má og gæta, að það er sjaldgæft að tollskyldar vörur flytjist hjer til landsins á síðustu mánuðum ársins. Það er helzt hjer í Reykjavík, að það kemur fyrir, en hjer er það leyfi ekki notað, sem lögin gefa til að fresta megi greiðslunni.

Þó að lögreglustjóri þurfi eigi að afhenda optar en einu sinni í mánuði, þá ber þess að gæta, að eigi hann í hverjum mánuði að fara langar ferðir til þessa, þá getur það orðið erfitt fyrir hann. Mundi t. d. sýslumanni Eyfirðinga ekki þykja það hart, að verða að fara 12 sinnum á ári til Siglufjarðar á sinn kostnað? (*B. B.:* Hefir þar umboðsmann).

Flutningsmaður (Jón Þorkelsson): Það er gert ráð fyrir, að lögreglustjóri geti sett mann fyrir sig. (*Landsh.:* Það er ekki sagt hann hafi hann). Hann getur þó altjend fengið einhvern »veðurheftugan« mann, ef jeg má hafa það orð.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
Björn Bjarnarson,	Einar Jónsson,

H. Kr. Friðriksson, Klemens Jónsson,
Jens Pálsson Bened. Kristjánsson,
Jón Jakobsson, Björn Sigfússon,
J. Jóns., þm. A.-S. Bogi Melsted,
Jón Þórarinsson, Guðl. Guðmundsson,
Jón Þorkelsson, J. Jóns. 2. þm. Eyf.,
Ólafur Briem, J. Jóns. 2. þm. N.-M.,
Sighv. Árnason, Sigfús Árnason,
Sig. Gunnarsson, Skúli Thoroddsen,
Þór. Böðvarsson, Þorl. Guðmundsson.
Þórður Guðmunds.

Tillaga til þingsályktunar um þjóðerni forseta í íslenzku stjórnardeildinni í Khöfn (C. 181); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu og var það samþykkt.

Tillaga til þingsályktunar um meðferð á líkum (C. 193); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu og var það samþykkt.

Átjándi fundur, föstudaginn 21. júlí kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frumv. til laga um að leggja jarðirnar Laugarnes o. fl. undir Reykjavíkur lögsagnarumdæmi (C. 181, 260); 2. umr.

Klemens Jónsson: Eins og jeg ljet í ljósi við 1. umr., þá hef jeg ásamt 2 öðrum h. þm. leyft mjer að komu með breyt.till. (C 260) við frv. þetta. Þessi tillaga er nokkurskonar miðlunartillaga og fer fram á að fella úr frv. jarðirnar Skildinganes og Bústaði, en halda að eins eptir Laugarnesi og Kleppi. Jeg held að ekki þurfi að fara mörgum orðum hvorki um breyt.till. nje frumv. sjálft, því að málið var svo rækilega rætt við 1. umr. þess. Í breyt.till. er eins og jeg sagði, farið fram á miðlun, þá miðlun, að kaupstaðurinn fái fullkomin yfirráð yfir eignarjörðum sínum, en að þær tvær jarðir sem kaupstaðurinn á ekki enn, haldi áfram að heyra Seltjarnarneshreppi til, með því að kaupstaðnum er ekki eins brýn þörf á að fá þær sem hinar. Með þessu er gjörð tilraun til að gefa hvorum sitt, og vona jeg að deildin fallist á breyt. till. þessa.

Flutningsmaður (H. Kr. Friðriksson): Orðið var tekið af mjer við 1. umr. þessa máls, svo að mjer gafst þá ekki kostur á að svara ýmsu, er svara þurfti. H. þm. Mýr. (B. Kr.) kallaði hjer um valdboð að ræða, en eru ekki öll lög valdboð á sama hátt og frumvarp þetta? Orð h. þm. eru runnin af merkilegum misskilningi, og mjer liggur við að segja, að það sje hörmulegt að heyra slíku haldið fram af jafngömlum þm. og h. þm. Mýr. (B. K.) er, sem svo opt hefir setið á þingi. Ef samkomulag hefði getað komizt á milli Reykvíkinga og Seltjarnarhreppsbúa, þá hefði málið ekki þurft að fara lengra en til landsh., en af því það náðist eigi, þá varð að fara með það hjer inn á þing. Hjer er líka frv. fyrir þinginu um að skipta hreppi og stofna nýjan kaupstað, og jeg veit sannarlega ekki, hvort nokkurt samkomulag hefir komizt þar á um hreppskiptinguna, svo að þar á þá líklega eptir skoðun h. þm. Mýr. (B. K.) líka að vera um valdboð að ræða; og þetta ber svo opt við, að nokkrir bæir eru teknir frá einum hreppnum og lagðir til annars, og frá einni sókninni og lagðir til annarar. Það hefir verið tekið skýrt fram, að mál þetta er nauðsynjamál fyrir Reykjavík, og jeg bið h. þingdeild að gæta þess, að þeir af þm., sem kunnugastir eru, hafa mæltmest með frv.; þeir hafa betur sjeð nauðsynina en hinir, sem ókunnugri eru málavöxtum; og þegar slík nauðsyn er fyrir hendi, þá sje jeg ekki, að þingið gjöri rjett í að láta mál þetta sig engu skipta, og fella frv., og það

því síður sem hjer er um mikinn hagnað að ræða fyrir Reykjavík, en alls engan óhag fyrir Seltjarnarneshrepp; jeg verð að segja, að það sje öllu fremur hagur fyrir hann, því auk þess sem Reykjavík býðst að taka að sjer að rjettri tiltölu skuldir og ómagaframfærslu Seltjarnarneshrepps, býðst hún einnig til að sleppa öllu tilkalli til eigna hreppsins, svo sem afgjaldsins af Kópavogi; með öðrum orðum: hún býðst til að taka að sjer að rjettu hlutfalli skuldir og byrðar hreppsins, en sleppir öllu tilkalli til tiltölulegs hluta af eignum hans.

H. 1. þm. Árnes. (Þ. G.) barðist snarplega móti frv. þessu, og kom með ýmsar ástæður, sem ekki koma málinu við. Meðal annars var hann að tala um, hve hörðum búsifjum landsetar Reykjavíkurbæjar ættu að sæta; þetta snertir málið harla lítið, og h. þm. (Þorl.G.) verður að gæta þess, að bæjarstjórn Reykjavíkur mun eigi verða linari í kröfum við þá fyrir það, að jarðir þeirra heyra ekki lögsagnarumdæmi Reykjavíkur til.

Jeg skal bæta h. þm. (Þ. G.) ögn fyrir brjósti með að segja honum frá því, að það kemur varla fyrir, að Reykjavíkurbúi leiti inn í Seltjarnarneshrepp, en aptur kemur það trauðla fyrir á nokkrum af þeim 24 fátækranefndarfundum, sem haldnir eru á ári, að eigi biðji einhverjir af Seltjarnarneshreppsbúum um búsetuleyfi í Reykjavík. Ekki ber þetta vott um hörku eða yfirgang af hálfu Reykvíkinga.

Þegar Laugarnes var byggt síðast, þá sóttu margir um ábúð á því, og ef hinn núverandi ábúandi hefði eigi komið til sögunnar, þá mundi h. 1. þm. Árnes. (Þorl. G.) hafa fengið það. En sem sagt, það kemur ekki þessu máli við.

H. þm. (Þorl. G.) sagði, að ábúendur Laugarness og Klepps hefðu því nær ekki annað en túnið til afnota; en það er ekki rjett hjá honum; þeir hafa frjálsa hagbeit handa skepnum sínum í landi bæjarins, mótak sömuleiðis og veiðirjett fyrir sínu landi. Auk þess er bóndanum í Laugarnesi heimilt að slá í Laugarneslandi, þar sem hann vill. Þetta er því meira en túnið eitt, og jeg tel það eigi rjett, að koma með skýrslur eigi rjettari en þetta, og sem þar að auki koma ekki málinu við; það er að eins til að villa sjónir fyrir mönnum.

Hjer sje jeg að komin er breyt.till. frá 3 h. þm., og skal jeg ekki berjast verulega móti henni, enda þótt jeg játi, að á meðan Skildinganes heyrir ekki bænum til, þá verðum vjer að nokkru leyti að sæta sömu búsifjum, en vjer verðum að láta það svo vera, ef eigi er annars kostur, og reyna að finna eitthvert ráð til að vernda oss fyrir yfirgangi þaðan. En eins og jeg sagði við 1. umr., þá er oss ekki mikið keppikefli að ná í Bústaði. En ef h. þingdeild vill gjöra það að skilyrði fyrir að frv. þetta nái samþykki, að Skildinganes sje einnig framvegis látið heyra til Seltjarnarnesshreppi, þá mun jeg ekki berjast móti því.

Það hafa ekki komið fram veruleg mótmæli gegn frv. nema frá h. 1. þm. Árnes. (Þorl. G.) og jeg vona, að h. þingd. hafi sjeð og fundið, hve ljettvæg þau eru. Það liggur í augum uppi, hve nauðsynlegt bænum er að fá yfirráð yfir sínum eigin jörðum, til þess að geta haft full not þeirra og bætt þær tálmanalaust. Jeg vona að allir játi, að Reykvíkingar sjeu ekki eptirbátar annara landsmanna í jarðabótum hin síðari árin. Það má sjá það af jarðabótaskýrslunum, að enginn hreppur á landinu kemst í samjöfnuð við Reykjavík með jarðabætur. Jeg skal bæta

því við, að þar sem umbætur þessar eru reiknaðar eptir dagsverkum, þá er kostnaðurinn við þær miklu meiri en dagsverkatölunni svarar, því að margar þeirra eru svo vandaðar eða svo sjerstökum erfiðleikum bundnar, að jarðabætur sveitabænda komast í engan samjöfnuð við það, en slíkt hefir ekki orðið tekið til greina, þá er í dagsverk hefir verið lagt. Það eru mun auðunnari túnasljetturnar í sveit en sljetting víða hjer, þar sem ekki þarf einungis að sljetta, heldur verður einnig að fylla upp það, sem sljetta á, svo að víða hefur verið unnið meira en helmingi meira en dagsverkatalan bendir á.

Að endingu læt jeg þá von í ljósi, að h. deild fallist á frv. og lofi því að ganga til 3. umr., að minnsta kosti með breytingu þeirri, sem lagt hefur verið til að gjörð væri á því.

Skúli Thóroddsen: H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) þóttu mótbárur h. þm. Árn. (Þorl. G.) gegn frv. ljettvægar, en þó fundust mjer ástæður h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) enn þá ljettvægari, og svo vona jeg, að fleirum hafi fundizt.

Þegar jeg lít á þetta frv., fæ jeg ekki betur sjeð en að hjer sje um all-íhugunarvert mál að ræða, með því að frv. fer fram á, að hagga því grundvallar-»principi«, eða þeirri meginreglu, sem byggt er á í sveitarstjórnartilskipuninni, frá 4. maí 1872, þar sem það gerir ráð fyrir, að 4 jarðir úr Seltjarnarnesshreppi verði lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, þrátt fyrir mótmæli hlutaðeigandi hreppsnefndar og sýslunefndar. Þegar sakir standa svo, finnst mjer að varlega þurfi að fara; og þegar vjer lítum á ástæður Reykvíkinga, er þeir hafa borið fram máli sínu til stuðnings, þá fæ jeg ekki sjeð, að þær sjeu svo þungar á metunum, að rjett sje fyrir þær sakir, að brjóta meginreglu sveitarstjórnartilskipunarinnar, og gefa engan gaum tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar í þessu efni.

H. þm. (H. Kr. Fr.) er allroggginn út af jarðabótastörfum Reykvíkinga, og jeg skal líka fúslega játa, að Reykvíkingar hafa sýnt lofsverðan dugnað og áhuga í þessu efni; en svo miklar og veglegar sem jarðabætur þessar eru, þá finnst mjer þó naumast nægileg ástæða til þess að vera að sílofa þær í þingræðum. Vjer verðum sem sje að gæta að því, að hjer í Reykjavík er nokkuð öðruvísi ástatt en annarsstaðar á landinu, þar sem eigi all-lítill hluti af landsjóðnum einmitt er í veltunni hjer í Reykjavík, og það er dálítið annað fyrir embættismenn og efnaða kaupmenn, að leggja 100—200 kr. í jarðabætur, en fyrir fátæka sveitabændur, sem ekki hafa annað en eigin afla sinn við að styðjast.

Jeg sje og heldur ekki, að Reykvíkingar geti eigi fyllilega yrkt og hagnýtt sjer þær tvær af jörðum þessum — Laugarnes og Klepp —, sem bærinn á, þótt þær sjeu í lögsagnarumdæmi Seltjarnarnesshrepps. H. þm. V.-Sk. (G. G.) ljet að vísu á sjer skilja, að hreppsbúar væru svo harðir í horn að taka og óþjálir í útsvarsálögum, að það myndi fæla menn frá, að taka lóðir á jörðum þessum til ræktunar; en jeg leyfi mjer að kalla þetta óleyfilegar getsakir við hreppsnefndina í Seltjarnarnesshreppi, og að minnsta kosti veit jeg ekki til, að h. þm. (Guðl. G.) hafi minnstu átyllu til að væna sýslunefndina í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem hefir æðsta úrskurðarvald í útsvarsmálum, um ósanngirni. Þegar jeg lít á 2. gr. frv., þá er hún svo ólánlega orðuð, að mig furðar stórum, að jafn mikill málfræðingur eins og h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) skuli hafa samið hana, og þótt jeg væri frv. að öðru leyti hlynntur, gæti jeg ekki greitt atkvæði með henni, eins og hún nú er,

því að mjer virðist hún bæði óglögglega orðuð, og hörmulega illt málið á henni. Það er t. d. mjög óglöggt tekið fram, hvort það er meiningin, að Reykjavíkurbær taki að sjer tiltölulegan hluta af skuldum og ómagaframfærslu Seltjarnarnesshrepps, eða eins og það er, þegar skiptin fara fram.

Jeg hefi kynnt mjer álitsskjal hreppsnefndarinnar í Seltjarnarnesshreppi, og fæ jeg ekki betur sjeð, en að andmæli hreppsnefndarinnar hafi við töluverð rök að styðjast. Hreppsnefndin tekur það t. d. fram, eins og h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) einnig hefir bent á, að ef Skildinganes væri tekið frá hreppnum, og lagt til Reykjavíkur, þá mundi boðleið um hreppinn slitna í sundur, en nú liggur hún óslitin frá Lambastöðum að Kópavogi.

Jeg get og alls eigi álasað sveitarstjórninni í Seltjarnarnesshreppi, þótt hún vilji ekki missa þessar jarðir úr umdæmi sínu, því að það er ekki lítið vinnuafl og framkvæmdarafl, sem hún fer á mis við, ef hún verður að láta þessar 4 jarðir; hreppsnefndin hefir líka ótvíræðlega sýnt, hve henni er annt um að halda jörðum þessum, því að auk þess sem hún sendi sýslunefnd umsagnarskjal sitt, hefir hún nú 15. þ. m. ritað brjef beint til alþingis, og lýsir þar yfir því trausti sínu á þinginu, að það muni ekki taka frumv. þetta til greina. Það er og meðal annars tekið fram í brjefi hreppsnefndarinnar, að henni sje mjög hughaldið, og að hún teldi það hið mesta hagræði fyrir hreppinn, ef hann gæti fengið Kaplaskjólið, Grímsstaði og Garðaholt undir lögsagnarumdæmi hreppsins, úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. En hreppsnefndin er svo kurteis, að hún vill ekki fara fram á þetta, af því að hún veit, að það mundi mæta mótspyrnu hjá Reykvíkingum. En alveg með sama rjetti eins og Reykvíkingar nú beiðast aðstoðar þingsins, til þess að ná í 4 jarðir frá Seltjarnarnesshreppi, gætu Seltirningar komið til þingsins, og sagt: »Háttvirtu herrar og alþingismenn! Okkur sárlangar til að ná í Kaplaskjólið, Grímsstaði og Garðaholt handa hreppi vorum, en bæjarstjórnin í Reykjavík er svo ósanngjörn og óbilgjörn, að vilja ekki veita oss þessa nauðsyn vora; takið því af þeim jarðirnar, og afhendið oss þær með lögum«. Jeg vona, að h. þingdeildarmenn sjái, að hjer er að eins dæminu snúið við. Jeg býst reyndar ekki við, að geta sannfært h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), því það er alkunnugt, að hann hefir áður lýst því yfir á þingi, að hann væri ekki hingað kominn til að láta sannfærast. (*H. Kr. Friðriksson*: Jeg mótmæli þessu, og bið h. forseta að verja mig gegn slíkum áburði). En jeg vona, að aðrir h. þm. sjeu ekki með því markinu brenndir.

Þá vík jeg að breytingartill. h. 1. þm. Eyf. (Kl. Jónss.) um að leggja að eins Laugarnes og Klepp undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) talaði um þessa breytingartill. frá sínu sjónarmiði, en frá mínu sjónarmiði stendur alveg eins á með þessar jarðir og hinar tvær jarðirnar. Reykjavík á að vísu þessar jarðir, en ætti að taka tillit til þess, og gjöra það að reglu, að leggja undir hreppa þær jarðir, er þeir kunna að eiga í öðrum hreppum, þá þyrfti einn hreppur ekki að gera annað en að kaupa jörð utanhrepps og heimta síðan að alþingi skipaði fyrir með lögum, að hún væri lögð undir lögsagnarumdæmi hans, af því að hún væri hans eign.

Yfir höfuð fæ jeg ekki betur sjeð, en að þingið gangi inn á hættulegan stig, ef það samþykkir frv. þetta, og ræð jeg því deildinni, að aðhyllast hvorki frv. sjálft nje heldur breytingartill., því að gerði það svo, væri það ekki að eins í

sjálfu sjer ósanngjarnt, heldur og að leggjast á lítilmagnann, því að í samanburði við hina voldugu Reykjavík má Seltjarnarnesshreppur sannarlega kallast minni máttar.

Flutningsmaður (*Halldór Kr. Friðriksson*): Fyrst verð jeg að biðja h. forseta að verja mig fyrir árásum h. þm. (Sk. Th.); hann skrökvaði hreint og beint upp á mig (*Forseti*: Að skrökva er ekki sæmilegt orð); hann bar upp á mig ósannindi. Hvenær hef jeg sagt, að jeg ljeti ekki sannfærast af skynsamlegum rökum? (*Forseti:* Jeg get ekki munað allt, sem h. þm. (H. Kr. Fr.) kann að hafa sagt um æfina).

H. þm. (Sk. Th.) sagði, að frumv. væri illa orðað, en hann sýndi það ekki. Það er auðsjeð, að þm. (Sk. Th.) hefir að eins langað til að tala og sýna sig; en jeg treysti því, að h. deild láti ekki slíka ræðu sem hans villa sjer sjónir. H. þm. (Sk. Th.) sagði, að vjer stæðum betur að vígi með jarðabætur en bændur, því að hjer væri svo miklu meiri fjárafli fyrir hendi hjá embættismönnum. En það eru ekki embættismennirnir einir, sem að jarðabótum hafa unnið; þeir hafa meira að segja gjört minni hluta þeirra; það eru einmitt bændur, sem mest hafa unnið hjer. H. þm. (Sk. Th.) verður og að gæta þess, hve miklum mun erfiðara og kostnaðarsamara það er fyrir embættismanninn, sem þarf að kaupa alla vinnuna, að vinna að jarðabótastörfum, en fyrir bóndann, sem getur tekið hverja þá stund, sem hlje er á öðrum nauðsynjastörfum. Það sýnir, hve vel hann hefir hugsað málið og kynnt sjer, að hann gjörir svo mikið úr því, að hreppurinn tvískiptist, verði þessar jarðir lagðar undir Reykjavík, en veit ekki, að hreppurinn er þrískiptur eins og nú stendur. Jeg held það væri betra fyrir h. þm. (Sk. Th.) að segja ekki neitt, en að koma með slíkt. Það á að vera gjörræði af löggjafarvaldinu að samþykkja þetta frumv., en sje það, þá mun flest mega teljast gjörræði, sem þingið gjörir, og þá vil jeg segja, að h. þm. (Sk. Th.) hafi komið með margt gjörræðismálið. En það kann að vera, að hann telji allt annað gjörræði en það, sem h. þm. (Sk. Th.) gerir sjálfur. Þegar h. þm. (Sk. Th.) er að tala um, að Seltjarnarnesshreppur gæti eins krafizt jarða af Reykjavíkurbúum, þá er þess fyrst að gæta, hvort það væri meira gagn fyrir þá að fá þær, en tjón fyrir Reykjavík að missa; undir því mundi það komið, hvort þeir mundu geta gert sjer von um að fá þær eða ekki. Sýni Seltirningar, að þeim sje mikill hagur af að fá eitthvað af þeim hluta Seltjarnarness, sem liggur undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, og Reykjavík bíði ekki tjón við það, — geti þeir það, mundi ekkert á mót, að þeir fengju það. Slíkt er algengt, að hreppatakmörkum sje breytt.

Jeg hef svo ekki fleiru að svara, því að ræða h. þm. (Sk. Th.) var einskis virði; hann kom ekki með neinar nýjar ástæður, en tók að eins upp það, sem áður hafði verið sagt. Jeg vona, að það þurfi aldrei að segja um hann, að hann láti ekki sannfærast, en ósatt er það, það tek jeg enn fram, að jeg láti aldrei sannfærast. Jeg vona að þeir, sem saman við mig hafa unnið, beri mjer ekki þann vitnisburð, að eigi sje vinnandi með mjer; og væri gott, ef h. þm. (Sk. Th.) getur sagt hið sama um sig, þegar hann er orðinn sjötíu og fjögra ára.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla ekki að leggja út í það að svara h. flutningsm. (H. Kr. Fr.), nje verja þá, sem móti mæla frumv. þessu. En jeg finn mjer það skylt sem sýslunefndarmanni, að fara fáeinum orðum um mál þetta.

Það er öllum h. þingdm. ljóst, af því sem fram er komið í máli þessu, að hjer er um tvo málsaðila að ræða. Annar aðili máls þessa er bæjarstjórn Reykjavíkur, — jeg segi bæjarstjórn Reykjavíkur, en eigi Reykjavík, því jeg álít, að þetta sje eigi áhugamál allra bæjarbúa, fyrir þá sök, að ýmsir bæjarbúar hafa álitið þetta enga nauðsyn, — og hinn aðilinn er sveitarfjelag Seltirninga, er í hlut á, sýslunefnd og sýslufjelag Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þegar litið er til sveitarfjelagsins, þá er það hið fámennasta og minnsta, en um leið eitt hið merkilegasta og mesta að öllum framkvæmdum af sveitarfjelögum sýslunnar. Sem dæmi um dugnað og framkvæmd þess má telja ýmislegt, t. d. það, að þar hefir verið settur á stofn barnaskóli, dýrari og betri en annarstaðar í sýslu þessari. Til þess að komast sem lengst á framfarabrautinni, vill sveitarfjelag þetta heldur vera mannfleira en mannfærra, og að þessu leyti er sýslu- og sveitarfjelaginu söknuður að hverjum, sem fer burt, því það er til þess að veikja kraptana. Jeg vil eigi viðhafa það orð, að kalla það gjörræði að svipta sveitarfjelag þetta því, sem frumv. þetta fer fram á, en jeg verð að lýsa því yfir, að það er á móti anda laganna um sveitarstjórn og tilskipun um sveitarmál.

Að mínu áliti er það mjög merkilegt, ef það, sem sýslufjelagið og sveitarstjórnin, sem í hlut á, segir, hefir enga þýðingu í slíkum málum, heldur er það borið undir þau að eins af kurteisi, án þess það eigi að hafa nokkra þýðingu fyrir úrslit málsins, en löggjafarvaldið á svo að gera það, sem hvorutveggju, sýslu- og sveitarfjelagi, er þvernauðugt. Það er öllum ljóst, að sveitarfjelagið hlýtur að líða við það. Að vísu geta gjöld í sýslufjelaginu hækkað, en það er eigi svo mjög tilfinnanlegt, og þess vegna legg jeg eigi aðaláherzluna á það. En hitt er verra, að þetta veikir hreppinn og dregur úr kröptum hans, þess hrepps, sem sýslufjelagið telur einn hinn fyrsta af sínum sveitarfjelögum. Þá komum vjer að þeirri spurningu: Hvað á að vinnast hjá flutningsm. (H. Kr. Fr.) með því að auka land Reykjavíkur. (*H. Kr. Fr.:* Bæta það). Jeg skal bæta við, til þess að bæta það. Er þá allt land Reykjavíkur svo yrkt, að eigi megi meiru til vegar koma nema landi sje bætt við? Jeg segi nei! Að því er framfarir þeirra í túnrækt og garðrækt snertir, þá skal jeg eigi svipta Reykjavík þeim heiðri, sem íbúum hennar ber fyrir það, en jeg skal taka það fram, að það er víst, að hefðu þeir, sem búa fyrir utan Reykjavík, haft önnur eins peningaráð og bæjarbúar, þá hefðu hinir sömu líklegast framkvæmt dálítið meira í þessum sem öðrum framfaragreinum en þeir hafa gert.

En bæjarstjórnin má taka hverja þá stefnu sem hún vill fyrir mjer í því að auka bæinn; en annars hjelt jeg, að það væri eigi það, sem lægi næst borgum og bæjum að gjöra, að yrkja jörðina. Borgabúar lifa vanalega ekki á því, heldur er iðnaður, siglingar, verzlun o. fl. þeirra aðal-atvinnuvegir. Það væri gott, ef flutningsm. (H. Kr. Fr.) svaraði því, ef hann gæti haft á móti því. (*H. Kr. Fr.:* Vil ekki).

Jeg tek það aptur fram, að hjer eru tveir málsaðilar, annar er bæjarstjórn — eigi bæjarmenn —, en hinn er sýslufjelag, sýslunefnd og sveitarfjelag, og enn fremur eru það margir bæjarmenn, sem segja líkt og jeg, að engin nauðsyn sje á þessum viðauka. Vantaði Reykjavík land til þess að byggja á einhverja stórbyggingu, iðnaðarverksmiðju, vörugeymsluhús eða eitthvað slíkt, þá skyldi enginn vera fyrri til

að gefa því atkvæði, að það fengist, en jeg. En jeg verð að taka það aptur fram, að það er gagnstætt anda sveitarstjórnarlaganna að samþykkja þetta, þvert á móti vilja allra sem hlut eiga að máli, því þetta er engin nauðsyn fyrir bæinn. Landþrengsli standa honum sízt fyrir þrifum; hann getur komizt upp og orðið stór á því landi, sem hann nú á og er á. Þá er enn eitt, sem telja má á móti því, t. d., að það gæti verið óheppilegt, að mikið land bættist við, sem leggja þyrfti vegi á, því það verð jeg að segja, að bæjarstjórnin hefir ekki of mikið fje til þess að verja til vegagjörða, eptir því, sem dæmt verður af vegum þeim, sem bæjarstjórnin á að annast um. Breyt.till. um, að undanskilja jarðirnar Bústaði og Skildinganes, eða þær, sem bærinn eigi hefir eignarráð yfir, gengur að mínu áliti sýnu nær hinu rjetta, og jeg álít eigi farandi langt út í það að hafa á móti því, en jeg set mig þvert á móti því, að þær jarðir, sem eigi koma bænum neitt við, sjeu innlimaðar undir hann, þvert á móti vilja allra.

Jeg vona, að h. deild gangi eigi inn á frumv., og jafnvel eigi heldur inn á breyt.till., því jeg held, að menn almennt álíti það engan hag fyrir bæinn, enda veit jeg eigi betur en að bæjarbúar megi rækta þær og láta ljós sitt sem jarðræktar- og jarðabótamenn skína eins skært og það getur skinið yfir þær. Svo finn jeg eigi ástæðu til að mæla meira á móti því.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ljet í ljósi skoðun mína við 1. umr., og þarf því eigi að taka upp aptur ástæður þær, sem jeg færði máli mínu til sönnunar, enda gætu menn ef til vill álitið mjer málið of skylt, þar sem jeg er einn ábúandi í þeim hreppi, sem jarðir þær liggja í, sem nú er um að ræða. En þar sem h. flutningsm. (H. Kr. Fr.) sagði, að þetta væri enginn skaði fyrir Seltirninga að missa jarðir þessar, heldur bætti því við, að það væri þeim til hags, ef Seltjarnarnesshreppsmenn væru almennt kunnir að því, að neita hag sínum eða taka skaða fram yfir hagsmuni, þá væri ástæða til þess að samþykkja frumv. og neita þeim þess, er þeir krefjast. En þar sem mjer er kunnugt, að svo er eigi, heldur þvert á móti, þá er þeirri ástæðu þar með fullkomlega svarað. Hann minntist á leigumálann á Laugarnesi og Kleppi; en það kemur ekki málinu við; það kemur að eins útsvarsálagningunni við, því þegar búið er að taka allt frá jörðum nema túnið, getur ábúandi eigi haft nema mjög lítið bú, og þess minna sem búið er, þess minna verður aukaútsvar hans og lausafjártíund.

Að jeg hafi ætlað að taka Laugarnesið til ábúðar, er ekki rjett, en jeg benti 2 mönnum á að tala það. En mjer hefir eigi dottið í hug að fara þangað, því að jeg hefði eigi farið að flytja mig nær sjónum, nema jeg þá hefði ætlað að flytja mig til Ameríku, enda mundi bæjarstjórninni hafa þótt jeg heldur óþægur, þegar til framkvæmdanna hefði komið og viðskipta.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) sagði, að hreppurinn væri nú þrískiptur; jú! honum er nú að vísu svo margskipt, sem jarðir eru margar í hreppnum, en hann bætir ekki þrískiptinguna með því, að taka nú 4 jarðir frá honum og leggja þær undir Reykjavík. Og þó nú væri gengið út frá því, að eigi væru teknar nema jarðirnar Laugarnes og Kleppur, þá er boðleiðin og viðskiptin svo klippt í sundur, að bóndinn í Viðey verður að senda þá upp að Breiðholti og Breiðholtsbóndi út í Viðey, þegar brjef eða boðseðlar þurfa þangað að berast.

En það er nú eigi einungis þetta, sem beinlínis snertir Seltjarnarneshrepp, sem

er viðsjált og vanhugsað. Það er stefnan sú, að hvert sveitarfjelag getur ásælzt annað, beint ofan í mótmæli hins, og það gjöra þau, ef löggjafarvaldið opnar þessar dyr — og á það bentu fyllilega orð h. þm. Eyf. (Kl. J.), að líkt stæði á í Eyjafirði, að Akureyrar, kaupstaður hefði keypt jörð, sem hann mundi svo, er fram líða stundir, þurfa að leggja undir sig, en vænta mætti mótmæla frá hreppnum.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) hjelt langa og skarpa ræðu fyrir máli þessu. Það má segja svo, að allar ræður þingmanna sjeu málafærsluræður, og h. þm. V.-Sk. (G. G.) hefir verið málafærslumaður. Hann sagði, að ástæður hreppsnefndarinnar væru lítils eða einskis virði; en þá vildi jeg biðja hann að fara úr málfærslumannsstöðunni og tylla sjer litla stund á dómstólinn, því að nú er hann líka orðinn dómari í sínu hjeraði, og áður en hann nú greiðir atkv. sitt í þessu máli, álít jeg honum skylt að meta ástæður beggja partanna, frá því sjónarmiði, að þetta væri dómsmál, og hann ætti að dæma í því.

Einar Jónsson: Það er talsvert erfitt fyrir þá menn, er langt eru að komnir og þess vegna ekki vel kunnugir málavöxtum, að greiða atkvæði í þessu máli; en atkvæði verður þó að greiða, og því verður að gera einhverja grein fyrir því.

Þetta mál er auðsjáanlega kappsmál tveggja málsaðila, Reykjavíkur og Seltjarnarnesshrepps, og má því ætla, að hvorirtveggju hafi nokkuð til síns máls, Reykjavíkurbúar eigi síður en Seltjarnarnesshreppsmenn. Þegar nú jeg geri grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli, þá lýsi jeg því þegar yfir, að mjer þykir varhugavert, að stíga mikilvægt spor í þá átt á þinginu, að breyta takmörkum hreppa eða lögsagnarumdæma gagnstætt samþykki hlutaðeigenda; þess vegna vil jeg fara hjer varlega, þar sem bæði Seltjarnarnesshreppur og sýslunefnd Gullbr.- og Kjósarsýslu er eindregið móti þeirri breytingu, sem hjer er farið fram á, en þó get jeg ekki farið eingöngu eptir vilja þessara hlutaðeigenda. Mjer finnst svo mikið mæla með því, að Reykjavík fái að minnsta kosti til umráða jarðirnar Laugarnes og Klepp, sem bærinn á, og liggur svo einkarvel við fyrir hann að nota, eins og skýrt hefir verið bent á, að jeg get eigi annað en gefið því atkvæði mitt.

Meðal annars, sem veldur þessu atkvæði mínu, vil jeg minnast á eitt, sem ekki hefir enn verið bent á, og það eru laugarnar, sem vjer allir þekkjum. Þær eru í Laugarnesslandi og eru mjög mikið notaðar af Reykjavíkurbúum; þangað sækja þeir t. a. m. almennt til þvotta, og er það vissulega mjög óeðlilegt, að þeir skuli þurfa að fara með þvott sinn út úr lögsagnarumdæmi sínu. Þetta mælir því í mínum augum mikið með því, að Reykjavíkurbúar fái Laugarnes til fullra umráða; en þó er annað, sem mælir miklu sterkara með því, og það er það, að laugarnar munu vera þannig lagaðar, að þar mætti stofna þýðingarmikil baðhús, sem væri eigi að eins til þæginda og skemmtunar fyrir menn, heldur einnig til heilsubótar. En að koma þessu til leiðar, treysti jeg bænum miklu betur en Seltjarnarnesshreppi. Þess vegna vildi jeg mæla með því, að bærinn fái að minnsta kosti full umráð yfir Laugarnesi, þó að eigi væri yfir öllu því, sem frumv. telur. Þetta er mjög sterk ástæða, og jeg ímynda mjer, að bærinn hafi líka haft þetta fyrir augum, þegar hann fór fram á, að Laugarnes væri sameinað sjer, og jeg vona, að bæjarmenn hafi í huga, að gjöra sitt ýtrasta til þess, að laugarnar megi að sem mestu gagni koma.

Þetta er það sem ræður mjög atkv. mínu, og þess vegna mun jeg greiða atkvæði með breyt.till.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla að byrja á því að svara h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) viðvíkjandi því, sem hann beindi til mín, að jeg hafi vænt sýslunefndina í Gullbringu- og Kjósarsýslu um ósanngirni. Þetta er rangt. Jeg vil staðhæfa það, að jeg nefndi ekki sýslunefnd G.-K. á nafn; það var sveitarstjórnin í Seltjarnarnesshreppi, sem jeg til nefndi, og áleit, að Reykvíkingar gætu átt á hættu, að yrði ósanngjörn með aukaútsvaraálögur, og það hafði jeg fullan rjett til, eptir minni eigin reynslu. Það, að segja þetta um hreppsnefndina, eru engin rangindi, því það mun víða við brenna á landinu, að sveitarstjórnir eru ókærnar með að leggja á þá, sem búa fyrir utan hreppinn, og jeg hef aldrei sagt, að sveitarstjórn Seltjarnarnesshrepps væri öðrum *verri* í því.

Því næst vil jeg benda á, að þetta mál hefir almenna hlið, sem er næsta þýðingarmikil. Það munu allir vera á einu máli um það, að það sje rjett, að styðja allt það, sem miðar til að efla atvinnu manna, auka auðmagn og framfarir í landinu, og sporna við því, að peningar gangi út úr landinu fyrir t. d. jarðarávöxt eða annað það, er landið getur gefið af sjer. Jarðræktin hjer í Reykjavík, eins og hún er stunduð nú, er ekki gömul, líklega ekki meira en 7—8 ára, að neinum mun. Ef h. þm. vildu kynna sjer, hve mikið hefir verið gjört á þessum fáu árum og hve miklu fje hefir verið varið til þess, þá mundu þeir komast að raun um, að það er samtals stórfje, og það fje ber nú árlega góðan og mikinn ávöxt. Þess verður svo jafnframt að gæta, að einmitt það fje, sem lagt hefir verið í þessi fyrirtæki, mundi annars hafa að miklu leyti horfið í sjóinn, þ. e., það hefði horfið án þess nokkuð hefði sjezt til þess, þar sem það þó nú stendur í ávaxtasömum fyrirtækjum. Þetta eru afleiðingarnar af jarðræktinni, og allir sjá, hvort þær eru ekki góðar og nytsamar. Jeg veit það af eigin reynslu, að ef Laugarnesland hefði heyrt undir Reykjavík í þessi 7 ár, þá hefði miklu meira verið þegar unnið. Þetta miðar því beinlínis til að auka innlenda atvinnu, og jafnframt efla framleiðslumagn landsins. Þess ber að gæta, að meðan svo til háttar, að sjómenn hópast til verstaðanna á vetrum til sjóróðra, eins og verður að vera meðan fiskiveiðar eru stundaðar á opnum skipum, þá kemur það þráfaldlega fyrir, að þeir liggja landlegur í marga daga iðjulausir. Af þessum mönnum eru hjer á hverjum vetri og vori svo hundruðum skiptir, og þá munar mikið um að fá vinnu þá daga, sem ekki gefur á sjóinn. Mjer er kunnugt um, að síðan jarðræktin hófst hjer, þá hafa margir menn, sem áður gengu iðjulausir, daglega haft ofan af fyrir sjer og sínum og komizt vel af, þótt þeir áður hefðu lítið fyrir sig að leggja. Auk þess, sem þeir munu vinna sjer fyrir brauði meðan á verkunum stendur, þá verður vinna þessi, sem annars hefði engin verið, innstæðufje í arðberandi fyrirtækjum, verður einn ávaxtasamur þáttur í framleiðslu- og auðmagni fjelagsins. Því hefir verið slegið fram, að Reykvíkingum sje það ekki þakkandi, því þeir hafi svo mikla peninga. Það var víst h. varaforseti (Þ. B.), sem lagði einmitt sjerstaklega áherzlu á þetta. (*Þ. B.:* Jeg sagði, að sveitamenn segðu þetta). Nú vel, sveitamenn álíta þetta. En jeg get sagt honum og þeim, að það eru ekki þeir einir, sem peninga hafa, sem láta vinna að jarðræktinni. Hinir eru fleiri, bæði sjómenn og handiðnamenn, sem ekki hafa

ráð á að kaupa sjer brauð og kartöflur frá útlöndum, en fá sjer þá garðholu sem þeir sjálfir geta unnið að að rækta; og eins og gefur að skilja, þá er þörfin til þessa því meiri fyrir þá sem litlu hafa úr að spila, en fyrir þá sem meiri peningaráð. hafa; og er þá betra að láta þá ganga iðjulausa, en gefa þeim færi á að gjöra eitthvað það, sem þeir gætu haft arð af?

H. varaforseti (Þ. B.) áleit að Reykjavík hefði meir en nóg land enn, sem væri óræktað. Það er ekki nema að hálfu leyti rjett. Reykjavík hefir mikið óræktað land. En hvernig er það? Ýmist barðir melar, grjóturðir eða vatnsagamýrar, því allt sem auðið hefur verið að taka til ræktunar er þegar útmælt. Laugarnessland er þar á móti mikið land og sjerstaklega vel fallið til túnræktar og kartöflugarða, já! jeg held mjer sje óhætt að segja, að það sje varla nokkur blettur á landinu eins vel fallinn fyrir kartöfluræktog landspildur umhverfis laugarnar.

Að þetta sje að leggjast á lítilmagnann, þar sem hjer sje lítið sveitarfjelag sem á í hlut, og að það megi ekki missa þetta land, þá verð jeg að segja að með allri virðingu fyrir dugnaði Seltirninga og framkvæmdum, þá muni þeim annað betur lagið en að yrkja jörðina. Eða hvað hafa þeir um allan aldur gjört þessu landi til gagns? og hvaða fje hafa þeir gjört sjálfum sjer eða öðrum úr því? Reykjavíkurbúar hafa þó á þessum 7—8 árum gjört mjög mikið og sumt af því ekki svo lítil mannvirki; ef þetta land fjelli nú til Reykjavíkur, þá mundi ekki líða á löngu, áður en á því risi upp mannvirki, líkt og hjer; en eru nokkrar líkur til þess, að Seltirningar gjörðu nokkuð í því efni, annað en að leggja á þá útsvörin, ef þeir neyðast til að fá þar útmælingar?

Það getur líka komið til skoðunar, að ef Reykjavík fær þetta land, mundi hún þá að sjálfsögðu taka við vegi þeim, sem lagðir er inn að ánum til viðhalds, og ljetti það á landssjóðnum þó dálítið. Það er fjarstæða og tjáir ekki að koma fram með annað eins og það, að bera Reykjavík saman við iðnaðarbæi í öðrum löndum. Meðan við höfum ekki stærri bæi en 3—4000 manna, þá er víst heppilegra að sníða sjer stakk eptir vexti, hvað sem öllum stórbæjum líður.

H. varaforseti (Þ. B.) talaði um, að hann gæti verið með þessu, ætti hjer að byggja stórhýsi, vörugeymsluhús eða verksmiðjur á þessu svæði. Hvað þætti honum það þá betra? eða er það af því, að hann, veit að slíkt getur ekki komið til tals?

Jeg hefi kynnt mjer grandgæfilega ástæðurnar með þessu og móti, og staðhæfi, að ástæður þær sem Seltirningar færa fram móti Reykjavík eru mjög ljettvægar. Reykvíkingar hafa þar á móti margar gildar ástæður fyrir sig að bera, og því þykist jeg vita, að það sem h. 1. þingm. Ísf. (Sk. Th.) sagði í málinu, hafi hann talað af ókunnugleik, og vil jeg því ráða honum til þess að kynna sjer það betur. Þó menn geti sagt það, að Reykjavík geti alveg eins vel látið jarðræktarljós sitt skína yfir Laugarnessland, þó það sje í öðru umdæmi, þá býst jeg við að mörgum fari sem mjer fór, að þeir vilji ekki skilyrðislaust leggja sig undir álögurjett hreppsnefndarinnar í Seltjarnarneshreppi. Jeg býst við, að væri hjer um jarðræktarljós að tala, þá væri það sannarlega að setja það undir mæliker, að láta þá Seltirninga hafa nokkra hönd í bagga með hvað það snertir.

Jeg skil öldungis ekki h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.), þar sem hann nefndi málaflutningsræður, sem jeg hjeldi hjer. Jeg veit ekki annað en að jeg hafi talað um mál þetta almennt, án þess sjerstaklega að verja annan málspartinn.

Hvað því viðvíkur sem h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) tók fram um orðalagið á 2. gr., þá sje jeg ekki annað en að hjer sjeu skýr og ljós ákvæði, sem varla geti verið minnsti vafi á, hvernig eigi að skilja, já, það eina sem gæti verið er sýsluvegagjaldið, en það felst yfir höfuð í sveitarútsvörunum. Þá er breytingartillagan frá h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að að eins Laugarnes og Kleppur leggist til bæjarins; jeg er ekki svo mjög á móti henni, þó jeg reyndar álíti óheppilegt, að Skildinganes fylgi ekki með, því það er að eins óþægilegur fleygur í Reykjavíkurlandi. Samkvæmt þeirri lagaheimild, sem bæjum er gefin, hefur Reykjavík fengið lögreglusamþykkt, en í henni er Skildinganes alveg undanþegið. Í þessari lögreglusamþykkt eru t. d. ákvæði um, að engin óskilahross megi ganga í landinu, og lagðar sektir við; til þess að losa þá, er samþykktina brjóta á þennan hátt, þarf ábúandinn á Skildinganesi að eins að skrifa sig fyrir hverju óskilatryppi, sem flækist í landinu; þetta veikir mjög samþykktina. Þó jeg sem sagt álíti breytingartill. til engra bóta og heldur verri en ekki, þá ætla jeg samt ekki að gjöra það að kappsmáli, að hún verði felld.

Flutningsmaður (*Halldór Kr. Friðriksson*): Það er að eins fáein orð, sem jeg ætla að segja. Á þinginu 1889 var samþykkt frumv., sem gefur kaupstöðum rjett til að gjöra lögreglusamþykkt. En þessi samþykkt verður til ónýtis hjer í Reykjavík, meðan jarðirnar Laugarness og Kleppur eru ekki lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Jeg vil eigi fara langt út í það, því öllum mun ljóst, að það er margt sem hamlar því, að hún geti orðið að notum, og vil jeg biðja h. þingm. að gá vel að þessu, áður en þeir greiða atkvæði í þessu máli.

Björn Bjarnarson: Breytingartill. sú, sem komið hefur fram við frumv. þetta, sýnir, að jeg hefi hneigzt að þeirri skoðun, að rjett væri, að jarðirnar Laugarness og Kleppur sjeu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, og vil jeg gjöra grein fyrir, á hverju jeg byggi skoðun mína.

Umræðurnar, sem orðið hafa um þetta mál, hafa eigi hingað til haft nein áhrif á mig, þótt dregnar hafi verið fram ástæður með og móti frumv.; þó að það sje meðal annars ein af ástæðum hreppsmanna, að ef þetta næði fram að ganga, þá mundi það verða til þess að veikja sveitarfjelagið og jafnvel einnig sýslufjelagið, þá finnst mjer það hljóta að draga úr þessari ástæðu, og næstum ónýta hana, að að eins er farið fram á að 2 jarðirnar sjeu teknar frá hreppnum, í staðinn fyrir 4 (eða 2 búendur í stað um 14), einkum þar sem þessar 2 jarðir eru ekki ornar nema lítil kot, sem hreppsfjelagið munar lítið um, og eru áður því nær afnumdar sem landbúnaðarjarðir, þar sem Reykjavík brúkar allt land þeirra utan garðs, og getur skaðinn þannig, frá þessu sjónarmiði skoðað, nú eigi orðið stór.

Hvað það snertir, að ábúendum þessara jarða sje óljúft mjög að komast undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, eins og haldið hefur verið fram í ræðum einstakra manna hjer í deildinni, þá er því alls eigi svo varið, eptir því sem jeg þekki til hvað þessum tveim viðvíkur.

Í frumv. þessu er einnig farið fram á, að um leið og þessar jarðir eru lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykja-

víkur, þá taki bærinn upp á sig tiltölulega mikinn hluta af byrðum hreppsins; svo að þegar hreppsbúar koma fram með það, sem ástæðu gegn frumv. þessu, að hreppurinn minnki, þá gleyma þeir, að byrðarnar minnka um leið að sama skapi. Á síðari árum hafa opt komið fram óskir um, að skipta hreppum, svo að öll umsvif við sveitarstjórnina yrðu hægri, og virðist mjer þetta að eins vera lítið stig í sömu átt.

Það hefur verið tekið fram, að aðalástæðan til breytingar þessarar frá Reykjavíkur hálfu sje sú, að bæjarstjórnin vilji gjöra ýmsar framkvæmdir í landi jarða þessara. Það er í sjálfu sjer engin ástæða; það má alveg eins koma þessu við eins og nú stendur á, þar sem Reykjavík á jarðirnar og notar landið. En þá yrðu það jarðir í Seltjarnarnesshreppi, sem umbættar yrðu, en eigi í Reykjavíkur umdæmi. Mjer finnst vanta hreinskilni í þessu máli á báðar hliðar. Seltirningar bera það nú fyrir, að þeir vilji eigi minnka hreppinn. En á bak við liggur vitanlega sú óritaða hugsun, að Seltjarnarnesshreppur vill njóta góðs af þeim mannvirkjum og umbótum, er Reykjavík kann að gjöra og óumflýjanlega hlýtur að gjöra á jörðum þessum, svo framarlega sem hún vill viðgang sinn. En það má nú enginn lá Reykjavík, þó hún heldur vildi njóta þessara framkvæmda sinna og umbóta sjálf, og mætti hún vel vera svo hreinskilin, að játa þetta.

Hið eina, sem mjer finnst ísjárvert við breytingu þessa, er, að það sje gert að reglu að breyta sveitarfjelagsskipun að hlutaðeigandi sveitarfjelögum nauðugum; það get jeg ekki fallizt á; en í þessu tilfelli finnst mjer ástæða til að gera undantekning.

Það er líka eitt, sem eigi hefir fram komið í skjölunum, og mun því öllum eigi kunnugt, þótt það hefði mátt lesa út úr ræðum einstakra manna hjer í deildinni. Það hefur nefnil. um nokkurn tíma verið talsvert stímabrak milli Reykjavíkur og Seltjarnarnesshrepps; er það ætlun mín, að það sje einmitt þetta, sem gjörir sveitarstjórnarmönnum þar það óljúfara að láta að óskum Reykjavíkurbúa í þessu efni. Jeg skal ekki leggja neinn dóm á þessi mál, að öðru leyti en því, sem komið hefur fram í ræðum manna hjer.

Jeg hefi t. d. tekið eptir því, að h. þingm. Rvík (H. Kr. Fr.) getur eigi talað um þetta mál öðru vísi en sem bæjarfulltrúi, en ekki sem þingmaður; h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) lætur oss vita, að hann sje búsettur í Seltjarnarnesshrepp, og talar því sem hreppsbúi, og jafnvel h. varaforseti getur ekki að sjer gert, að minna oss á að hann sje sýslunefndarmaður í Kjósar- og Gullbringusýslu, og styrkir þetta þá ætlun mína, að staða sumra þeirra manna, sem mælt hafa með og móti, muni að nokkru leyti eiga þátt í því, að mynda skoðanir þeirra á málinu. Af því að Reykjavík er miklu meiri hluti þjóðfjelagsins en Seltjarnarnesshreppur, eru hennar hagsmunir mikið almennari hagsmunir, og jeg fæ ekki betur sjeð, eins og nú er ástatt, en að bæjarfjelaginu geti orðið mikið gagn að þessari breytingu, en sveitarfjelaginu mjög lítill óhagur.

Skúli Thoroddsen: Jeg er svo heppinn, eða óheppinn, að jeg er hvorki hreppsnefndarmaður í Seltjarnarnesshreppi, nje sýslunefndarmaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og get því líklega tekið til máls, án þess að það hneyxli h. þm. Borgf. (B. B.). En það var sjerstaklega h. þm. V.-Sk. (G. G.) sem jeg ætlaði að víkja nokkrum orðum að. Hann tók mjer það mjög óstinnt upp, að jeg skildi hina fyrri ræðu

hans svo, sem hann hefði sveigt um of að sýslunefndinni í Gullbringu- og Kjósar-sýslu; en jeg held, að ekki sje örðugt, að finna þessum orðum mínum stað, og að óþarfi hafi verið af h. þm., að taka þessi orð mín svo óstinnt upp. H. þm. tók það fram í fyrri ræðu sinni, og hann endurtók það skýrt í sinni síðustu ræðu, að hreppsnefndin í Seltjarnarnesshreppi myndi leggja ósanngjörn útsvör á þá menn, er tækju jarðir þessar til ræktunar. Jeg get nú ekki betur sjeð en að í þessum orðum hans felist ásökun til hreppsnefndarinnar fyrir hlutdrægni. En h. þm. verður að gá að því, að hreppsnefndin er eigi æðsti dómstóll í útsvarsmálum, heldur sýslunefndin, og til hennar geta þeir snúið sjer, sem hart þykjast verða úti í útsvarsálögum; og þegar h. þm. V.-S. slær því fram, að menn vilji ekki taka jarðirnar Laugarnes og Klepp til ræktunar, af því að þeir óttist ósanngjarnar álögur, þá felst í þessu sú getsök til sýslunefndarinnar í Gullbr.- og Kjósarsýslu, að hún muni eigi gæta skyldu sinnar, að gera hverjum rjett, heldur láta hreppsnefndinni haldast það uppi, að leggja órjettlátt útsvar á menn. (*Guðl. Guðmundsson:* En á utanhreppsbúa?) Jeg mótmæli því, að þm. hafi nokkra heimild til að væna sýslunefndina ósanngirni við utansveitar- eða utansýslu-menn; það er annars eptirtektavert um meðmælendur þessa frumv., að þeir eru allt af að leitast við að sanna allt annað, en þeir eiga að sanna; þeir halda dómadags kapítula um dugnað Reykvíkinga í jarðrækt og jarðabótum, og um þann dugnað neitar Reykvíkingum enginn. En þetta kemur málinu ekkert við. Það, sem meðmælendur frumv. eiga að sanna, er það, að Reykvíkingar geti eigi haft full not af jörðum þessum, ef þær eigi sjeu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. En þetta eiga þeir bágt með að sanna, því að það er augljóst, að þó að Laugarnes og Kleppur heyri undir lögsagnarumdæmi Seltjarnarnesshrepps, geta Reykvíkingar mikið vel mælt út land þessara eignarjarða sinna til ræktunar. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að þeir byggi baðhús í Laugarnesi, o. s. frv. Þetta getur því engin ástæða verið, heldur býr eitthvað annað undir; og sú sanna ástæða laumaðist líka óvart fram í ræðu h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.), því að það var ein af ástæðum hans, að Reykjavík gæti eigi lagt útsvar á ræktendur, nema jarðirnar væru lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þar kemur það þá berlega fram, að þeir eru að leggjast á lítilmagnann; þeir vilja ná í nokkra menn, til þess að geta lagt útsvar á þá, ekki mannanna eða jarðræktarinnar vegna — því að sveitargjöld eru ljettari í Seltjarnarnesshreppi en í Rvík —, heldur bæjarsjóðsins vegna.

H. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) og þm. V.-Sk. (G. G.) töluðu um, að eigi væri hægt að beita lögreglusamþykktinni fyrir Reykjavík, nema jarðir þessar væru lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Svo má segja koll af kolli; þegar Reykvíkingar hafa fengið eina jörð, þykjast þeir þurfa að fá þá næstu, og get jeg því enga áherzlu lagt á þessa mótbáru.

Það kom fram í ræðu h. þm. Borgf. (B. B.), að jarðir þessar væru kot ein, og lítill söknuður í þeim fyrir Seltjarnarnesshrepp. Það er að vísu satt, að þetta eru engin stórbýli; en einmitt það, að jarðirnar liggja svo nærri höfuðstaðnum, gjörir þær miklu dýrmætari fyrir hreppinn. Laugarnes er auk þess metið 30 hndr. að fornu mati. H. sami þm. (B. B.), sessunautur minn, sagði, að þetta frumv. mundi vera komið út af einhverri ólægni og stímabraki, sem

ætti sjer stað mill bæjarstjórnar Reykjavíkur og hreppsnefndar Seltjarnarnesshrepps; getur vel verið að svo sje; mjer er alveg ókunnugt um það; en sje svo, hversvegna á þá alþingi að ráðast til fylgis við þann, sem meiri máttar er? Jeg get ekki neitað því, að mjer kom það undarlega fyrir um þm. Borgf. (B. B.), að hann, sem annars er vanur að koma fram sem sanngjarn maður, skuli í þessu máli vilja leggjast á lítilmagnann.

Að endingu vil jeg að eins ítreka það, að mjer finnst það einkar-ísjárvert fyrir þingið, að samþykkja frv. þetta, þvert ofan í mótmæli hreppsnefndar og sýslunefndar, og sjerstaklega þar sem ekkert hefir komið fram því til sönnunar, að þetta sje veruleg nauðsyn fyrir Reykjavíkurbæ. Að mínu áliti er hjer beinlínis um ásælnismál að ræða; Reykvíkingar geta eigi unnt Seltjarnarnesshreppsbúum þess, að fá lögboðin sveitargjöld af jörðum þessum, og þessa ásælnisviðleitni þeirra finnst mjer, að þingið eigi ekki að styðja.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal ekki vera langorður, en þó vil jeg fara nokkrum orðum um eitt atriði. Það hefir verið talin ástæða fyrir framgangi þessa frumv., að Reykjavík væri gert erfitt fyrir með jarðabætur á jörðunum Laugarnesi og Kleppi, meðan svo stæði sem nú er. Þetta kemur raunar málinu lítið við, en geta vil jeg þess, að heimilt er Reykjavík, að rækta jarðir sínar, þótt þær liggi í Seltjarnarnesshreppi. Hún hefir ekki við meiri erfiðleika að berjast en aðrir hreppar; þvert á móti. Því að satt er það, sem fram hefir verið tekið, að embættismenn leggja fram meira fje en tíðkast annarstaðar að menn leggi fram, og auk þess á Reykjavík hægra með að fá daglaunamenn.

H. þm. V.-Sk. (G. G.) hjelt að það mundi verða til lítils fyrir Reykjavíkurbúa, að láta ljós jarðræktarinnar skína yfir þessar jarðir. Heldur hann þá að Seltirningar mundu setja það undir mæliker? Heldur hann að þeir mundu skemma jarðabæturnar? H. þm. Borgf. (B. B.) sagði í ræðu sinni, sem annars var harla ljettvæg, að mótspyrnan móti þessu frumv. af hendi hreppsnefndar, og af minni hendi, stafi frá persónulegum krit við bæjarstjórn Reykjavíkur. En jeg hefi lýst yfir því, að jeg er ekki hreppsnefndarmaður í Seltjarnarnesshreppi, og hvað hreppsnefndarmenn snertir, þá er þetta ekki heldur rjett; hjer liggur ekki neitt þess háttar til grundvallar. H. þm. mun og eigi hafa sjeð mitt nafn undir þeim skjölum, sem þinginu hafa borizt um þetta mál.

Eitt atriði vil jeg minnast á úr ræðu h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.). Hann talaði mikið um jarðabætur af hendi Reykvíkinga, og þótti því vel til fallið, að láta það sveitarfjelag fá jarðirnar. En jeg get ekki sjeð ástæðu til að veita Reykvíkingum jörð úr Seltjarnarnesshreppi í verðlaun fyrir jarðabætur, sem þeir gera í sínu eigin landi.

Einar Jónsson: H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) ljet í ljósi móti því, er jeg sagði áðan, að Reykjavíkurbúar gæti eins notað laugarnar, þótt þær væri ekki í lögsagnarumdæmi bæjarins. Jeg efast um að þetta sje rjett; að minnsta kosti verður það óeðlilegt. Og þeir munu ekki geta tekið ýmsar ákvarðanir um þær, ef þær eru í öðrum hreppi, sem þeir mundu geta gert, ef þær væri í lögsagnarumdæminu, og sama er að segja um jörðina alla. Jeg hygg helzt, að ef farið væri að byggja til muna í Laugarneslandi, þá mundu Reykjavíkurmenn eigi geta komið þar fyllilega við þeim reglum, sem gilda í bænum um byggingar o. fl. Seltjarnarness-

hreppur gæti gert ákvarðanir, sem ónýttu eða skemmdu fyrirætlanir Reykvíkinga.

Mjer þætti nú vænst um, að frumv. mætti samþykkja eins og það liggur fyrir, einkum þegar jeg lít á það, að Reykjavík mun smátt og smátt vaxa, og með tímanum færast yfir allt nesið. En sökum þess, sem jeg hef þegar tekið fram, vil jeg þó fara meðalveginn og samþykkja breyt.till. Það þykir mörgum óeðlilegt, að maður eigi ítak í annars landi, og þá ætti það að þykja óeðlilegt, að Rvík eigi svona lagað ítak í Seltjarnarnesshrepp. Jeg álít svo margar ástæður mæla með, að þessar tvær jarðir verði lagðar undir bæinn, að jeg gef því hiklaust atkvæði.

Guðlaugur Guðmundsson: Það gladdi mig að heyra h. 1. þm. Ísf. (Sh. Th.) segja, að ástæður Reykjavíkur í þessu máli væri þær, að bæjarmenn öfunduðu Seltirninga af útsvörunum. Þetta er vitanlega ekki satt; en þessi orð þingmannsins eru mjer sönnun fyrir, að aðalástæðan til mótspyrnunnar sje sú, að Seltirningar gera ráð fyrir, að Reykjavík muni innan fárra ára verða svo stór, að hún verði í landþröng og neyðist til að yrkja land í Seltjarnarnesshreppi, og vilji hreppsnefndin þá ábatast á því, að leggja útsvör á bæjarmenn. Að því er snertir framkvæmdina á lögreglusamþykkt bæjarins, þá mundi hún verða miklu hægri, ef jarðirnar Skildinganes og Bústaðir fylgdu umdæmi kaupstaðarins, því þá mundi bærinn að öllum líkindum hlaða varnargarð yfir Eiðsgranda og þá yrði landið varið alstaðar, nema frá Fossvogi að Elliðaánum, því árnar og sjórinn girða á hina veguna. Þetta væri óneitanlega heppilegast og eðlilegast.

Það var talað um, að Laugarnes væri dýrt metin jörð og væri þessvegna skaði fyrir hreppinn að missa hana, en jeg sje ekki í hvaða stefnu það atriði á að hafa þýðing, þar sem jörðin þrátt fyrir dýrleikann er arðlítil hreppnum, eins og nú stendur, en mundi verða mikil auðsuppspretta í höndum bæjarins.

Það hefir verið sagt, að í þessu lýsti sjer ásælni frá Reykjavíkur hálfu. En það get jeg ekki sjeð, því að Rvík býður frá sama tíma, að taka að sjer svo mikinn hluta af skuldum og ómagaframfærslu Seltjarnarnesshrepps, sem svarar lausafjártíundum og aukaútsvari af þessum jörðum eptir meðaltali áranna 1889—1894, að rjettri tiltölu við meðaltal lausatjártíunda og aukaútsvara hreppsins á því tímabili. Það hefir verið bent á, að Reykjavík væri síður þakkandi að gera jarðabætur, af því hún ætti svo hægt með að fá daglaunamenn. En hvað á að gera þegar búið er að rækta allar þær spildur í landi bæjarins, sem nokkrar líkur eru til að hægt sje að rækta eins og stendur? Þetta opnar góðan og tryggan atvinnuveg um mörg ár fyrir sjómenn, þegar landlegur eru, og hefir það eigi litla þýðing. Svo jeg nefni ljósið og mælikerið, þá held jeg Seltirningar mundu að minnsta kosti depra ljós Reykvíkinga, þótt þeir kannske kæfðu það ekki alveg. Svo mikið er víst, að það fælir Reykvíkinga frá að rækta jarðirnar, að þær liggja í Seltjarnarnesshreppi.

ATKVÆÐAGR.: Breytingartill. samþ. með 14 : 1 atkv.; 1. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 14 samhljóða atkv.; 2. gr. samþ. með 13 samhljóða atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 13 : 1 atkv.

Frumvarp til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum (C. 221); 2. umr.

ATKV.GR.: 1.—4. gr. frumv. samþ.

hver fyrir sig í einu hljóði. Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr. Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um breyting á opnu brjefi 29. maí 1839, um byggingarnefnd í Reykjavík (C. 192); 2. umr.

Flutningsmaður (*H. Kr. Friðriksson*): Jeg skal ekki vera margorður um þetta mál. Það mætti engri mótsöðu hjer í þingd. við 1. umr., sem heldur ekki var ástæða til. Jeg vonast til að það verði ekki eins mikil barátta um þetta mál eins og mál það, sem áður var til umræðu og snerti Reykjavík. Utan þings hefi jeg þó heyrt getið um misskilning á þessu máli hjá sumum h. þingmönnum. Þeir blanda því saman við mál, sem var hjer fyrir þinginu 1891, um innlendan brunabótasjóð. En hjer er að eins farið fram á að breyta því ákvæði í opnu brjefi 29. maí 1839, að ávallt skuli vera 10 álna autt svæði milli nágrannahúsa, þannig, að menn framvegis megi byggja húsin nær hvert öðru, en að eldtraustur veggur skuli þá vera milli húsa, sem eru úr timbri. Það er auðsjeð að þetta kemur ekki brunamálasjóðnum við; hjer er að eins að ræða um breyting á tryggingunni fyrir eldsvoða. En ef innlendur brunabótasjóður kemst hjer á, þá verður að gefa út ný lög um húsagerðir í kaupstöðunum. Jeg vona, að allir, sem hafa sjeð húsbruna, hafi tekið eptir því, að nágrannahúsinu er ekki eins hætt, ef eldtraustur veggur er á milli, eins og þótt autt bil, t. d. 10 álnir, sjeu á milli húsanna.

Jeg vona að h. þingdeildarm. verði ekki á móti þessu máli, sem getur orðið til mikils hagnaðar fyrir Reykjavík, en engum til meins.

Björn Bjarnarson: Jeg vil leyfa mjer að beina þeirri spurningu til h. flutningsmanns (H. Kr. Fr.), hvernig eigi að skilja ákvæði 1. gr. frumv., þar sem stendur, að hvert einstakt hús skuli skilið frá öðru með eldtraustum vegg, en þó má byggja 60 álna húsalengju. Mjer skilst þetta þá verða eins og eitt hús, ef ekki er tekið fram í lögunum, að ekki megi vera meira en viss lengd, t. d. 20—30 álnir, milli eldvarnargaflanna. Eptir þessu frumv. virðist eitt hús mega vera 60 álna langt, en þá kemur eldvarnargaflinn við enda þess.

Flutningsmaður (*H. Kr. Friðriksson*): H. þm. Borgf. (B. B.) misskilur ákvæði 1. gr. frumv. Mjer finnst það sannarlega ljóst, að það á að vera eldvarnargafl milli hvers timburhúss í lengjunni, sem má vera 60 álnir, en ekki lengri. Eptir núgildandi lögum má reisa mörg hús áföst hvert öðru, ef þau heyra öll sömu ábúðinni til; en hjer er ákveðið, að eldvarnargafl skuli vera á milli hverra tveggja timburhúsa.

Jens Pálsson: Jeg er þakklátur h. flutningsm. (H. Kr. Fr.) fyrir það, að hann upplýsti þingd. um, í hverju sambandi þetta mál stæði við frumv., sem var hjer fyrir þinginu 1891 um stofnun innanlands-brunabótafjelags, sem næði til Reykjavíkur eins og annara kaupstaða á landinu. Hann hefir nú lýst því skýrt yfir, að þetta frumv. gæti ekki komið í bága við það mál, og að þessi lög sem hjer eru í smíðum í frumv. mundu á engan hátt letja Reykjavík þess að ganga í það fjelag, ef það yrði stofnað. Mjer dettur ekki í hug að efast um að þessi yfirlýsing sje rjett frá hans sjónarmiði; en það þykir mjer undarlegt að hann leggur áherzlu á, að það sje aðalatriðið í þessu frumv., að fá breytingu á opna brjefinu 29. maí 1839 að því er snertir það 10 álna auða svæði milli húsa, sem þar er lögboðið, því í hitt eð fyrra, þegar málið um stofnun innlends brunabótafjelags var fyrir þinginu, þá áttu Reykvíking-

ar kost á að fá þetta opna brjef úr lögum numið, ef frumv. yrði samþykkt. En þegar það mál var gengið í gegn um neðri deild, og komið til efri deildar, þá skrifaði bæjarstjórn Reykjavíkur efri deild, að hún væri á móti því máli eða móti lögum um innlent brunabótafjelag, að því er Reykjavík snertir.

Jeg á þess vegna bágt með, að átta mig á því, að það frumv., sem nú liggur hjer fyrir deildinni, sje alveg laust við þetta mál, eins og h. flutningsm. þó fullyrti; og af því jeg býst við, að fleiri h. þingmenn eigi bágt með að átta sig á þessu, þá álít jeg rjettast að skipa nefnd til að íhuga frumv., og leyfi mjer því, að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: 3 manna nefnd samþykkt með 13:1 atkv., og í hana kosnir:

Jens Pálsson	með	18 atkv.
Ólafur Briem	—	18 —
H. Kr. Friðriksson	—	17 —

2. umr. frestað.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hlaðsbót í Arnarfirði (C. 257); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar á Svalbarðseyri (C. 257); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv. samhljóða.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðum í Fáskrúðsfirði (C. 229); 1. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 22 atkv.

Frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar á Vogavík (C. 221); 1. umr.

Flutningsmaður (*Þórarinn Böðvarsson*): Frumv. í þessa átt hefir opt áður verið samþ. hjer í þessari h. þingdeild; jeg vona því að þetta frumv. verði samþ. hjer nú, og það því fremur sem hin önnur frumv. um löggilding verzlunarstaða hafa nú verið samþ. orðalaust.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 22 atkv.

Frumvarp til laga um vogrek (C. 195); 1. umr.

Flutningsmaður (*Guðlaugur Guðmundsson*): Jeg ætla ekki að flytja langt erindi um þetta frumv. nú við 1. umr., en að eins stuttlega benda á tilgang þess. Hann er einkum sá, að fá skýrari og vafaminni ákvæði en nú gilda, og frumv. snertir að eins hlutfallið milli einstakra manna, er rjett eiga til vogreka, og hins opinbera. Eptir Rekab. 12. kap. eignuðust einstakir menn öll vogrek, er eigendur eigi leiddu sig að, en með tilsk. 20. maí 1595 var á þessu gerð alger breyting, þannig, að hið opinbera eignaðist öll vogrek. Þau lög, er nú gilda, opin brjef 4. maí 1778 og 2. apríl 1853, eigna hinu opinbera einn flokk vogreka, en einstökum mönnum aptur annan flokk þeirra, en ákvæði þessara laga eru í mörgum atriðum óljós og verða enda vafasamari við ákvæðin í 4. gr. strandlaganna 14. jan. 1876.

Hjer er farið fram á, að rýmka nokkuð rjett einstakra manna, og jafnframt gera ákvæðin vafaminni.

Jafnframt skal jeg benda á, að skylda manna til að lýsa vogrekum er að vísu skýrt tekin fram í gildandi lögum, en af því að mjer er kunnugt um, að sú skylda mun allvíða vanrækt, hefi jeg tekið upp í frumv. ákvæði í þessa átt.

Hið sama er að segja um virðingar á vogrekum.

Jeg skal geta þess, að mjer hefir verið bent á, að eitt ákvæði í 3. gr. gæti, ef til vill, takmarkað rjett einstakra

manna, sem þó einmitt var gagnstætt minni hugsun, og hefi jeg ætlað mjer að koma fram með breyting við það síðar.

Landshöfðingi: Háttv. flutningsmaður (Guðl. Guðm.) tók það fram, að það væri tilgangur sinn með þessu frumv. að setja skýrari og vafaminni ákvæði, en nú gilda, um ýmislegt, er snertir vogrek, svo sem um eignarrjett til þeirra, virðing á þeim og lýsing; en þótt jeg hafi kynnt mjer frv. og borið það saman við gildandi lög, þá hefi jeg ekki getað sjeð, að ákvæði þess sjeu skýrari, heldur jafnvel óskýrari en tilsvarandi ákvæði um vogrek í gildandi lögum. Jeg held að vjer værum því engu bættir, heldur þvert á móti, ef vjer fengjum lög eins og þetta frv. er, en opin brjef 4. maí 1778 og 2. apríl 1853 væru numin úr gildi. Jeg skyldi ekkert hafa á móti því, þó núgildandi lögum um vogrek væri breytt, ef jeg sæi að breytingin yrði til bóta, en jeg sje ekki, að það verði með frv. þessu. Jeg ímynda mjer, að ef þingið vildi gefa út ný lög um vogrek, yrðu þau þá að vera ítarlegri og skýrari en þau lög, sem vjer fengjum eptir þessu frumv.

Mönnum mun t. d. ekki vera ljóst, hvað meint er með orðinu vogrek í þessu frumv. Það er haft bæði í yfirgripsmeiri og yfirgripsminni þýðingu. Það er önnur þýðing þess í opnu brjefi 4. maí 1778 en í Jónsbók. Það er því nauðsynlegt að frumv. segi, hvað sje vogrek, eða taki það skýrt fram, hvað heyri undir vogrek.

Jeg hefi heyrt suma kalla allt vogrek, sem rekur af sjó, jafnvel ótilhöggvin við. Það hefur sjálfsagt vakað sjerstaklega fyrir h. flutningsmanni, að setja skýrari ákvæði um eignarrjett til þess vogreks, sem nefnt er í 1. gr. opins brjefs 4. maí 1778, og þess, sem nefnt er í 2. gr., en ákvæði frumv. í þessu efni eru ekki nógu ljós.

Jeg vil því skora á h. flutningsmann, ef frumv. á að fara lengra, að setja inn í það ítarlegri og ljósari ákvæði en þau, sem nú eru í því.

Benidikt Kristjánsson: Mjer virðist frumv. þetta ekki ganga beinlínis út á að skýra eldri ákvarðanir um vogrek, heldur út á það, að breyta rjettarástandi því, sem er eptir gildandi lögum, rýmka eignarrjettinn hjá sumum, en rýra hann hjá sumum. Ákvæðin um vogrek ganga þá hjer eins og í tvær gagnstæðar áttir.

Það er alkunnugt, að eptir eldri lögum eiga biskupsstólar kirkjur, klaustur, spítala og fleira að fornu, og þá eiga nú eigendur þessara jarða þaðan vogrek, við, sem rekur á fjörur þessara jarða, hverju verði sem nemur og enginn leiðir sig að, en aðrir landeigendur eiga það, sem rekur á jörðum þeirra, ef eigi nemur hærra verði en allt að 30 kr. En eptir þessu frumv. er það og mjög óljóst, hver vogreksrjett á, sem að sjálfsögðu fylgir landi, en ekki rekarjetti fyrir annars landi, nema öðru vísi sje ákveðið í eignarskjölum.

Jeg get þess vegna ekki sjeð, að nein rjettarbót geti orðið að frumv. eins og það er; ef háttv. flutnigsmaður þess vegna vill halda út í að breyta hinum gildandi eldri lögum, þá mun ekki veita af, að nefnd verði sett í málið, þó jeg vilji ekki stinga upp á henni að svo stöddu.

Flutningsmaður (Guðlaugur Guðmundsson): H. landshöfðingi tók það fram, að í þessu frumvarpi hefði þurft að ákvarða þýðingu orðsins »vogrek«, þar eð það kæmi fyrir í löggjöfinni í mismunandi þýðingum. Jeg get verið hæstv. landsh. samdóma, að bæði í daglegu máli og í opna brjefinu 1778

er orðið vogrek sumstaðar haft í nokkuð annari merkingu en frumv. gjörir. En þar sem þetta frumvarp átti að fara sem næst ákvæðunum í rekabálki Jónsbókar, þá virtist auðsjeð að orðið er haft í sömu þýðingu, og þar segir svo í 12. kap.: »þat heitir vágrek, er rekr á land manns, lík eðr vara, ok allt þat er fjemætt er ok menn hafa átt«. Þetta er sú eina og eiginlega lagaþýðing orðsins, sem viðurkennd er í löggjöfinni, og til þeirrar þýðingar heldur frumv. sjer. Tilskipunin 4. maí 1778 hefur það í tveim merkingum. Í fyrstu gr. er vogrek kallað: »öll ströndu skip og góss, hvort heldur það eru heil ellegar brotin skip, skipsbátar, atkeri, kaðlar, masturtrje eða önnur skipsáhöld og innstæða, heilar tunnur, ásamt öllu öðru góssi eða vörum, er því lík skip kunna að hafa haft inni«, og þessi vogrek tilheyra konunginum einum, eins og aðrar óafhentar kóngsgersemar alstaðar í landinu, hvar sem vera skal. Í annari grein þar á móti, er svo kveðið að orði: »Allt vogrek af eik, greni eða furu, sem rekur á fjörur biskupsstólanna, kirknanna, hospítalanna og ljensjarðanna og sem ekki kann að kallast strandað skip nje góss — — skal tilheyra þessum almennu stiptunum«.

Hjer er orðið haft í þrengri merkingu í 2. gr., og í 3. gr., þar sem talað er um vogrek, er tilheyri sýslumönnum, en nú tilheyra landeigendum eptir 2. apr. 1853; en í 1. gr. í yfirgripsmeiri merkingu. Lagaboðið greinir nefnilega í sundur »konungsvogrek« og «vogrek af eik o. s. frv.«. Þó vitanlega þetta kunni að álítast nokkur tvískinnungur í þýðingu orðsins, þá álít jeg ekki nauðsynlegt að taka það fram í frv., þar sem það eptir því sem jeg veit til finnst að eins á þessum stað. Annars heyrir það undir dómstólana, að útskýra og ákveða orðið nákvæmar. Allt um það er jeg ekki algjörlega mótfallinn því, að taka þetta ákvæði upp í frv., og skal aðgæta það frekar, en jeg býst ekki við, að hægt sje að fá öllu heppilegri skýringu en einmitt þá, sem stendur í 12. kap. í rekabálki í Jóns lagabók, enda hefur sú þýðing fulla festu í meðvitund manna og í praxis; það er auðsjáanlega byggt á misskilningi, sem h. þm. Mýr. (B. Kr.) tók fram, að frumvarpið færi fram á, að breyta rjetti einstakra manna, rýmka rjett sumra en þrengja rjett sumra. Frumvarpið fer alls ekki fram á, að gjöra neinar breytingar á rjetti einstakra manna til reka sín á milli, hvorki jarðeigenda eða ábúanda, ítakseigenda eða annara fjörueigenda; það fer að eins fram á, að breyta og skýra ákvæði þau, sem gilda um eignartilkall einstakra manna öðru megin og landssjóðs á hina hliðina, og það rýmkar verulega rjett einstakra manna. Það mætti ef til vill finna þessu frumv. til foráttu, að það afnemur rjett hins opinbera til hinna svonefndu kóngsgersema; en jeg held að það megi leita langt fram eptir landsreikningunum til að finna, að landssjóði hafi tilfallið nokkrar tekjur af þeirri tekjugrein, því venjulega fer andvirði þeirra allt í virðingarkostnaðinn og hrekkur ekki til.

Frumv. hefur ekki, og það er ekki meiningin, að það eigi að hafa nein áhrif á rjett þeirra, sem tilkall eiga til reka, heldur að eins að *tá* skýrari ákvæði um eignartilkallið, og eptir því, sem jeg bezt hef getað kynnt mjer hin gildandi lög um þetta, þykist jeg geta fullyrt, að ákvæði frumv. sjeu vafaminni. Að fyrirbyggja allan vafa er í þessu efni eigi mögulegt, heldur en annarsstaðar, sjerstaklega þar sem efnið

er nokkuð margbrotið. Í öllu falli inni heldur frumv. umbót á því ákvæði, sem nú er í gildandi lögum, að það sje lagaskylda, að láta 2 eiðfesta menn virða hvert smárusl, sem kann að flækjast upp á fjörur, þó það væri ekki nema gamall hattur eða því um líkt.

Hvað lýsingarfrestinn snertir, sem hinum h. þm. Mýr. (B. Kr.) líkaði ekki, þá get jeg ekki verið honum samdóma um þetta atriði, þó jeg vitanlega vildi ekki gjöra það að neinu kappsmáli. Það kann að vera, að eitthvað megi að frumv. finna, en jeg vona, að þegar h. þingd.m. hafa kynnt sjer það nákvæmar, þá sjái þeir, að það er skýrara ákveðið í því en áður hefur þegar verið.

Þórður Guðmundsson: Jeg álít þetta frumv. svo margbrotið og svo sjerstaks eðlis, að jeg leyfi mjer að leggja til, að nú þegar verði skipuð 3 manna nefnd í málið.

ATKV.GR.: Nefnd samþykkt með 12 atkv. gegn 2 og í hana kosnir:
Guðlaugur Guðmundsson með 17 atkv.
Benidikt Kristjánsson — 13 —
Klemens Jónsson — 13 —

Fyrstu umr. frestað.

Nítjándi fundur, laugardaginn 22. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (C. 79, 220, 243, 261, 262); 2. umr.

Framsögumaður (Klemens Jónsson): Jeg er þakklátur h. þingd.m. fyrir þá ró og stillingu, sem þeir sýndu við 1. umr. í þessu máli, og vona, að þeir ræði það nú við aðra umr. á sama hátt, svo að enginn almanna ófriður rísi upp hjer í þessari h. deild.

Eins og h. þm. er kunnugt, hafa 3 breyt.till. komið fram við frumvarpið, sem jeg vil fara fáum orðum um. Er þá fyrst viðaukatillagan á þingsk. 140, sem hljóðar um, að gestgjafar eða veitingamenn megi ekki veita á helgum dögum áfenga drykki. Eins og þessi h. þm., sem tillagan er frá, hafði sagt við 1. umr., hefur hann komið fram með till. þessa, og get jeg eigi eins og málið nú horfir við haft neitt verulegt á móti henni, þó jeg persónulega sjái enga ástæðu til, að banna gestgjöfum að hafa vínveitingar um hönd t. a. m. eptir kl. 6 á helgum dögum, eða að banna þeim sem vilja fá sjer toddy á veitingahúsi að gjöra það á helgidögum, fremur en á öðrum dögum. Þá er breyt.till. á þingskj. 181, sem kemur með viðbót við 1. gr. Með þessari tillögu, sem jeg líka get aðhyllzt, er óbeinlínis sagt, að húsbændur hafi eigi heimild til, að skipa hjúum sínum hverja vinnu sem vera skal á helgum degi. Með henni er húsbændum óbeinlínis bannað að skipa hjúum sínum að vinna almenna vinnu á helgidögum, og henni er komið svo fyrir, að hún þó ekki gefur í skyn, að húsbændur hefðu haft þennan rjett eptir frumv. Hún tekur því öll tvímæli af um það, sem margir hafa borið kvíðboga fyrir, að hjúin væru skyld eptir frumv. að vinna alla vinnu á helgidögum. Jeg aðhyllist því fullkomlega þessa viðaukatillögu. Og svo kemur þá feitasta stykkið og aðalbreytingin, sem er breyt.till. á þingskj. 166, sem jeg á engan hátt get aðhyllzt. Það sem hún fer fram á, er það, að á helgidögum megi vinna nauðsynlega vinnu, ef nauðsyn krefur, nema á tímabilinu frá 10—4. Það var tekið fram við 1. umr., að í frumv. stjórnarinnar væri ýmislegt víðtækt og ónákvæmlega orðað, sem gæti orðið misskilningi undirorpið, og var tekið til meðal annars orðið »skarkali«. En það sem stendur í breyt.till. er hvorki ákveðnara nje

betur orðað, heldur má svo segja, að ef nokkuð sje ónákvæmt orðað, þá sje það í þessari 1. gr. breyt.till.; það má vel fá »juridiska« sönnun fyrir því, að skarkali hafi átt sjer stað, því skarkali er »factum«, sem hægt er að fá upplýsingar um, eins og hvern annan verknað, en hjer er farið fram á það, sem gæti valdið mjög miklum ágreiningi, hvort leyfilegt væri eða eigi, og allt komið undir, hvað hverjum dómara finnst, en ekki neitt faktiskt að halda sjer til.

Tíminn frá kl. 10—4 er að vísu æðilangur tími, en þó gæti það gengið, ef eigi kæmi verra á eptir, því þar er sagt, að á þessum tíma megi eigi vinna neitt nema það, sem er óumflýjanlega nauðsynlegt. Þetta er mjög óákveðið, og það er alveg frítt »skjön« dómarans að dæma um, hvað sje leyfilegt eða eigi að vinna á þeim tíma. Þetta mundi verða mjög misskilið og skilið á margvíslegan hátt á hinum ýmsu stöðum, hvað sje óumflýjanlega nauðsynlegt eða eigi. Hvað má gjöra, þegar eigi er leyfilegt að vinna nema það, sem er bráðnauðsynlegt? Þegar eigi má einu sinni gjöra nauðsynleg innanbæjarverk á þessum tíma, ekki svo mikið sem sópa gólf? Jeg sje eigi, eptir breyt.till., að menn megi gjöra neitt á þessum tíma, nema sitja og dotta ofan í höndur sjer og sofa; það má maður líklega. Hvað vinna megi hinn hluta helgidagsins, er heldur eigi tekið fram skýrt eða nákvæmlega, svo jeg get eigi annað sjeð, en hjer sje vaðið í sömu ófærðinni og áður var; hjer er alls eigi nákvæmar ákveðið hvað sje leyfilegt að vinna og hvað ekki. Jeg álít þess vegna, að breyt.till. þessi gjöri það alveg óaðgengilegt. Jeg vil jafnvel heldur, að haldið sje við hina gömlu löggjöf, því þótt hún hafi eigi vel nákvæmar ákvarðanir og sje eigi mjög frjálsleg, þá er hún þó himinborin hjá þessu, og kann auk þess á nokkrum stöðum í »praxis« að hafa náð dálítilli festu.

Hinar tvær fyrri tillögur eru að áliti mínu aðgengilegar, en þessi er alveg ófær. Hinar aðrar greinir breytingartillögunnar á þingskj. 166 eru sumpart afleiðing af þessari aðalbreytingu í 1. gr., og finn jeg þess vegna eigi ástæðu til þess að segja neitt um þær sjerstaklega, og sumpart aðrar breytingar, sem eigi heldur er þörf á að ræða neitt frekar um; jeg vona, að þessar breyt.till. verði felldar.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla fyrst að gjöra dálitla athugasemd við það, sem 1. þm. Eyf. (Kl. J.) beindi að mjer, að jeg hefði eigi haft rjett fyrir mjer, þegar jeg við framh. 1. umr. sagði, að nefndin hefði eigi íhugað rækilega þetta mál. En til þess að rjettlæta sjálfan mig, hef jeg leitað upplýsinga um þetta efni, og fengið þá vitneskju, að nefndin hafi íhugað málið að eins 1 kl.tíma. En þetta gjörir ekkert til, því það getur verið, að framsögum. (Kl. J.) og meðnefndarmenn hans geti sjeð það á 1 kl.stund, sem aðrir eigi sjá á heilum degi.

Eins og jeg gat um við 1. umr., þá höfum vjer komið fram með breyt.till., sem gjörir frumv. aðgengilegt fyrir mig, en án þessarar breyt.till. er það alveg óaðgengilegt. Jeg skal taka það fram, að ef þetta frumv., eins og það liggur fyrir, yrði að lögum, þá yrði það mjög óvinsælt, en með breyt.till. þori jeg að fullyrða að það yrði vinsælt, hvað svo sem framsögum. segir. Það má segja um allt, að það sje eigi nákvæmt, en eins og háttv. framsögum. tók fram við 1. umr., þá er varla unnt að gjöra svo nákvæmar laga-ákvarðanir, sízt í þessu efni, að eigi megi misskilja þær. Það er hægast að hafa engin á-

kvæði um það, sem getur talizt með helgidagsbrotum, nema ef nefndur væri þessi ófriður, sem jeg hef eigi fengið upplýsingar um hvað meint er með.

Það er öllum þingd.m. ljóst, hvað 1. gr. breyt.till. fer fram á. Hún fer fram á það sem jeg vildi helzt, og það er það, að helgidagurinn yrði um leið hvíldardagur. Jeg vil eigi að það komist inn í meðvitund þjóðarinnar, að helgidagurinn sje eigi hvíldardagur. Jeg er fús á að leyfa svo mikið, sem jeg sje gjörlegt; en það er eitt sem jeg legg áherzlu á, og það er það, að hjúin verði eigi fyrir vinnu sakir hindruð frá því að sækja helgar tíðir; þess vegna höldum við því fram, að þau sjeu algjörlega laus við alla vinnu í það minnsta fjórða hlut dagsins, og það verða menn að játa, að þessi tími er helzt til stuttur á sumum stöðum, þar sem langt er til kirkju.

Jeg skal eigi halda því fast fram, að á breyt.till. sje það orðaval, að eigi megi betra finna, og jeg er þakklátur h. framsögum. (Kl. J.) eða hverjum öðrum, sem breytir til þess er betur má fara, en segi honum og öllum, að jeg vil halda mjer fast við þann anda og þá stefnu, sem gengur í gegnum breyt.-till.

Að tekið sje fram í stundatali, hvað hvíldartíminn sje langur, er miklu nákvæmara en þar sem tekið er til eigi ákveðnara en »um guðsþjónustutímann«. Það gæti jeg betur skilið og skorið úr, ef jeg væri lögreglustjóri, og slík lög væri líka auðveldara að halda og hlýða fyrir alla menn.

Jeg vil eigi segja, að það sje fyllsta þörf á að breyta hinni núgildandi helgidagalöggjöf; en jeg vil eigi ganga inn á þá breytingu, sem frumvarp þetta fer fram á, nema þessari breyt.till. sje við bætt. Hinar síðari greinar breyt.till. ganga nokkuð út á annað. Þær ganga út á, að ofdrykkja sje eigi leyfð á helgidögum. Bindindishreifingin er orðin svo sterk og bindindi svo mikið áhugamál þjóðarinnar, og það mundi sízt sæma löggjöfinni, að gjöra neitt það, sem þessari stefnu er andstætt. Jeg segi þetta eigi sem bindindismaður, heldur sem sá, er elskar siðsemi og góða reglu, en hata siðleysi og óreglu. Jeg ætla því eigi að fara fleirum orðum um þetta að þessu sinni; en ef andmælendurnir neyða mig til þess að tala meir um þetta, þá áskil jeg mjer rjett til þess, að taka aptur til máls.

Landshöfðingi: Það sem vakti fyrir stjórninni, þegar hún samdi frv. þetta, hefi jeg að nokkru leyti tekið fram við 1. umr. þessa máls. En jeg skal nú sjerstaklega taka það fram, að lög þessi eru ekki annað en lögreglulög; þau ákveða aðeins, hvað valdstjórnin vill gera til þess, að þeir, sem vilja, geti dýrkað guð sinn í ró og friði. Þau tala því eigi um, hvað megi vinna, en banna að eins allt það, er glepja má guðrækilegar hugsanir þeirra manna, er stund leggja á þær. Þess vegna er það eðlilegt, að þau tali ekkert um samband húsbænda og hjúa. En af því að það hefur komið fram, að menn hafa skilið lögin svo, að hjúin sje skyld að vinna alla þá vinnu á helgidögum, sem ekki er bönnuð í lögum þessum, þá hef jeg ekkert á móti, að breyt.till. á þingskj. 81 sje samþykkt, af því að hún segir óbeinlínis, að hjúin sje ekki skyld að vinna alla vinnu, sem ekki er bönnuð hjer, og getur þannig fyrirbyggt misskilning. Sama er að segja um breytingartill. um áfenga drykki, að henni hefi jeg ekkert á móti, því að hún gæti, ef til vill, friðað samvizku þeirra manna, sem eru hræddir um, að sunnudagar verði hafðir til svalls. Jeg fyrir mitt leyti er ekki hræddur um það, því að jeg þykist sannfærður um, að sú þjóð-

armeðvitund, sem vöknuð er um það, að svall sje ósæmilegt, muni glæðast en ekki dofna. En það er eina vörnin við svalli; með lögum verður það eigi heft.

Það sem jeg hef að athuga við breyt. till. á þingskjali 166 er það, að þær ganga í allt aðra átt en frv.; þær vilja eigi að eins friða helgidaginn, en þær ganga miklu lengra.

H. framsögumaður (Kl. J.) tók fram flest af því, sem mælir móti þeim, en jeg vil þó bæta einu við. Breyt.till. við 1. gr. er óheppileg og óþörf, því að það er engin nauðsyn á því að ákveða, að helgidagur sje frá kl. 12 á laugardagskveldi til kl. 12 á sunnudagskveldi; allir dagar eru taldir frá kl. 12 til kl. 12 á nóttu. Þá á það og illa við, að ákveða guðsþjónustutíma frá kl. 10 til kl. 4. Það er eigi venjulegur guðsþjónustutími nú; t. d. stendur guðsþjónustutími aldrei svo lengi yfir hjer í Reykjavík. En það sem sjerstaklega mælir á móti breytingartillögunni er það, að eptir henni yrðu sett miklu strangari fyrirmæli um það, hver vinnubrögð væru bönnuð á helgidögum en eptir hinni núgildandi löggjöf. Það mundi t. d. ekki leyfilegt, að vinnukona tæki í prjónana sína á þessum guðsþjónustutíma, ef tarið væri eptir tillögu þessari. Jeg get þó varla skilið, að það sje meining þeirra, er komið hafa fram með hana, en eptir rjettum skilningi á henni yrði það svo.

Það hefir verið sagt, að frumv. þetta sje lítið eða ekkert ljósara, taki ekkert skýrar fram, hvað bannað sje, en helgidagalög þau, er nú gilda. Það get jeg ekki kannazt við, því að hjer er skýrt og ljóst kveðið á um, hver vinna og hverjar athafnir sjeu bannaðar á helgidögum.

H. framsögumaður (Kl. J.) tók það fram, að orðið skarkali sje fullljóst, og höfundar breyt.till. á þingskjali 166 hafa óbeinlínis kannazt við það, því að þeir hafa orðið hávaði, en það er þó engu ákveðnara.

Við 1. umr. var talað um, að 6. og 7. gr. kæmu í mótsögn hvor við aðra. En það er eigi rjett. Því að mikill munur er á þessum greinum, og er hann fólginn í því, er nú skal greina. Þeir fundir, sem taldir eru í 6. gr., eru skyldufundir. Þeir eru boðaðir fyrirfram, og menn eru skyldir að koma á þá. Þetta getur því eðlilega hamlað þeim að nota helgidaginn til guðræknisiðkana. En þeir fundir, sem talað er um í 7. gr., eru ekki skyldufundir. Allir eru sjálfráðir, hvort þeir koma þar eða ekki. Það er því eðlilegt, að þar sje minni strangleik beitt. Aðrar sjerstakar aðfinningar í þessa átt man jeg ekki, og er nú sýnt, að frv. sje sjálfu sjer samkvæmt og fullskýrt.

Jens Pálsson: Jeg tók það fram við 1. umr., hver mjer þætti aðalgallinn á frumv. þessu, sá, að hvíldardagurinn væri numinn úr gildi sem slíkur, þar sem öll vinna væri leyfð með frumv., nema sú, sem hlyti að raska friði helgidagsins. Þetta var nóg fyrir mig, til að vera frv. mótfallinn; það var þetta, sem knúði mig til að koma fram með breyt.till. á þingskjali 166, ásamt h. varaforseta (Þ. B.) og 2. þm. Árn. (B. M.). Þar er því haldið föstu, að helgidagar sjeu hvíldardagar fyrir alla, og viss ákveðinn tími ætlaður til guðsþjónustu. Hæstv. landshöfðingi tók það fram, að hin almenna guðsþjónusta næði ekki yfir svo langan tíma, sem við höfum sett. En það er víst nokkuð eptir því, hvernig á er litið. Jeg skal játa, að eigi gengur svo langur tími til guðsþjónustuhaldsins, þegar ekki eru fluttar í sömu kirkju fleiri guðsþjónustur sama

dag. En þegar tvær guðsþjónustur eru fluttar í sömu kirkju sama dag, eða þegar sami prestur flytur guðsþjónustu á tveim kirkjum sama helgidag, sem fyrir kemur, og vel má takast, þar sem svo stutt er milli kirkna, að hægt sje að flytja messu á báðum sama dag-inn, þá mun hinn tiltekni guðsþjónustutími ekki of langur. Annars má víst líta svo á, að sá tími sje guðsþjónustutími, sem þarf til að sækja messuna, vera við hana og komast heim aptur. Jeg get þess vegna alls ekki fallizt á, að tíminn sje of langur eða það sje óeðlilegt að kalla þenna tíma almennan guðsþjónustutíma.

Hæstv. landshöfðingi tók fram, að frumv. væri einkum frumv. til lögreglulaga, og að tilgangur þess væri, að vernda menn við guðræknisiðkanir þeirra, og færi ekki fram á annað en að banna það, sem valdið gæti skarkala, eins og segir í 1. gr. frumv. En jeg held ekkert geti verið ónákvæmar orðað en þessi 1. gr. Einn getur uppástaðið, að allt sem fram fer við kirkju, raski friði helgidagsins, annar þvert á móti. Ef fólk væri við heyvinnu, þar sem kirkja stendur í túni, þá mundi það vera ósaknæmt eptir þessum lögum, því að það er ekki skarkalavinna, en jeg get hugsað mjer, að það sem þannig fram færi fyrir utan kirkjugluggann, gæti dregið hugsanir þeirra, er inni sitja, frá guðsþjónustunni, og beint honum í aðra átt.

Hæstv. landshöfðingja þótti það of strangt, að banna alla vinnu um hinn almenna guðsþjónustutíma. En mjer getur ómögulega fundizt það of strangt, þótt 1/4 af helgideginum sje friðaður og ætlaður til annara athafna en líkamlegrar vinnu. Jeg verð að álíta það mjög gott og æskilegt, og hreint ekki of mikið.

Framsögum. (Kl. J.) tók það fram, að allar breyt.till., þær er fara á eptir þeirri fyrstu, sjeu eðlileg afleiðing af henni. En það er þó strax í annari till. leiðrjetting á máli, og kemur það 1. till. ekkert við. Þá er og sú tillagan, sem áhrærir áfenga drykki, sjerstök tillaga, og leiðir ekki af fyrstu till. En það hefir oss láðzt eptir, að banna lyfsölum að selja áfenga drykki á helgum dögum.

Jeg verð að álíta, að breyt.till. sjeu á rökum byggðar og halda því föstu, að helgidagar sjeu og verði hvíldardagar, og að nauðsyn sje, að friðhelga og ákveða nægilegan tíma til guðsþjónustunnar.

Jeg get ekki fallizt á frumv. nema með svo felldu móti, að breyt.till. komist að.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vildi að eins í fám orðum minnast á ræðu hæstv. landshöfðingja. Hann tók það sjerstaklega fram, að lögin væru lögreglulög. Það held jeg einnig, og sem slík get jeg skilið þau. En þá verður mjer fyrir að spyrja: eru þá nokkur »helgidagalög« til? Jeg les í 12. gr., að tilsk. 28. marz 1853 og opið brjef 26. sept. 1860, svo og öll önnur lagaákvæði um sunnu- og helgidagahald sjeu úr lögum numin. Þá get jeg ekki betur sjeð, en að helgidagahaldið sje úr lögum numið, og öll helgidagalöggjöf. Það verða að eins til lög um »almannafrið« á helgidögum þjóðkirkjunnar. Hæstv. landsh. sagði við 1. umr., að hann áliti sjálfsagt, að helgidagar væru haldnir helgir, en jeg er hræddur um, að það geti ekki orðið, þegar hin einu lög, sem eiga að verða til um helgihald, eru svo óljós, að jeg

sje ekki betur en hver maður megi róa og vinna aðra þá vinnu, sem honum líkar, og húsbændur geta skipað hjúum alla þá vinnu, sem þeim lízt, eins á hátíðisdegi, helgum degi sem rúmhelgum. Það var þetta, sem jeg vildi sjerstaklega koma í veg fyrir. Hann sagði ennfremur, að breyt.till. færi í aðra átt. En þær fara einmitt í þá átt, sem frumv. á að fara í, þar sem gert er ráð fyrir, að þetta verði einu lögin um helgihald. Jeg vil áskilja mjer rjett til að hafa mína sannfæringu um, að það sje rjett, að guðsdýrkunartíminn sje talinn frá 10—4. Það er ekki þar með sagt, að messa standi frá 10—4, en ákvæðið á að fyrirbyggja, að kristnir og sanntrúaðir menn, sem dýrka vilja guð sinn, verði hindraðir frá því. Þessi tími er í styttsta lagi, þar sem kirkjuvegur er langur, en víðast hvar er hann nægur. Tilgangurinn er, að gera öllum mögulegt að sækja helgar tíðir. Hæstv. landsh. þótti till. ekki ljóst orðaðar, en jeg mundi vera þakklátur honum og hverjum þeim, er gerði ákvæðin ljósari og skýrari.

Eins og h. þm. Dal. (J. P.) tók fram, hefir fallið burt hjá oss af vangá það ákvæði, að ekki megi selja vín í lyfjabúðum. Það er einkum guðsþjónustutíminn, sem við flutningsmenn viljum hafa frían. Getur verið, ef við sannfærumst um, að annað fari betur, að við göngum að þeim breytingum, sem stungið verður upp á, en enn þá hafa engi andmæli komið frá öðrum en hæstv. landsh.

Það er sannfæring mín og hana byggi jeg á þeirri þekkingu á hugsunarhætti almennings, sem jeg held mjer sje óhætt að segja jeg hafi, að nái þessar breyt.till. fram að ganga, mundu lögin ekki verða óvinsæl; en verði frumv. óbreytt að lögum, mundi það valda mikilli óánægju í landinu. Því að almenningur mundi skilja lögin svo, að hjer væri ekki um helgidagahald að ræða, en að eins um lögreglulög og að eins hugsa um að hegða sjer svo, að guðsþjónusta geti farið fram. En hún fer ekki fram, þegar allir eru við verk sín, helgidaga sem aðra dag. Eða getur þá nokkur guðsþjónusta farið fram eptir þessum lögum? Ja, mjer þykir það ólíklegt, því að fáir mundu verða í kirkjunni. Jeg segi það enn, að almenningur mundi skilja lögin svo, að löggjafarnir hafi gefið honum, ef ekki hvöt, þá leyfi til að fara með þessa daga sem aðra daga, bara et enginn skarkali verður af. Það mundi enginn skarkali verða af því, þótt menn sigldu hjeðan vestur á Svið á páskadagsmorgun.

Hæstv. landshöfðingi taldi ákvæðið um, hvenær helgidagur byrjaði, óþarft. En það getur ekki sakað um þann eina dag, þótt það sje ákveðið, og lagaákvæði um það þekki jeg ekki.

Jeg þarf ekki að taka það fram aptur, að nái þessar breyt.till. ekki fram að ganga, þá greiði jeg hiklaust atkv. móti frumv., og munu fleiri það gera.

Framsögumaður (*Klemens Jónsson*): Mótbárur h. varaforseta (Þ. B.) eru eigi svo mikils virðandi, að þörf sje á að fara mörgum orðum um þær. Hann byrjaði á að segja, að hann hefði komizt að því, að nefndin hefði eigi varið nema einum klukkutíma til máls þessa. Tímalengdin kemur ekki málinu við. Ef það hefir verið rætt og íhugað nákvæmlega, þá er nóg. Þetta mál er heldur enginn nýr gestur. Það gekk í gegn um efri deild 1891. Þar var sett nefnd í það, og veit jeg ekki betur en að í þeirri nefnd sæti einn af prestum þjóðkirkjunnar. Hafði sú nefnd

íhugað málið vel og vandlega, og þótti oss því engin ástæða til að verja miklum tíma til þess, og það því síður, sem meiri hluti nefndarinnar var strax samdóma um málið.

Það var og annað atriði í ræðu h. varaforseta (Þ. B.), sem jeg raunar geri lítið úr, en vil þó minnast á. Hann sagðist þora að fullyrða, að ef frumv. þetta yrði að lögum, þá mundu þau verða mjög óvinsæl. En hvar eru sannanirnar? Það heyrist opt, að sumir menn segjast mega fullyrða þetta og þetta, og fram eptir þeim götunum. En hvaða sannanir eru það? Og hvað vita þeir betur um málin en vjer hinir? Ekki neitt.

H. þm. Dal. (J. P.) hefir nú yfirgefið skarkalann, sem hann var svo mikið að jagast á við 1. umr. þessa máls, og fór nú að tala um, hvort eigi mundi það glepja fyrir kirkjufólki, ef verið væri að heyvinnu í nánd við kirkju um messutímann. Það blandast víst engum manni hugur um það, og mundi það sjálfsagt talið saknæmt eptir núgildandi lögum.

Jeg gat þess í fyrri ræðu minni, að þær breytingar, er jeg eigi nefndi, hefðu að vísu sumar sjálfstæða þýðingu, en mjer þótti þær ekki þess verðar, að fara að telja upp, að »sala« ætti að koma fyrir »sölur« og þar af leiðandi »má« fyrir »mega«. En jeg vil þó geta þess, að það er ein breyting enn, sem eigi hefir verið minnzt á, og það er við 8. gr., að uppstigningardegi er bætt við. Jeg geri það h. þm. Dal. (J. P.) til geðs, að minnast á þetta, svo að hann sjái, að það hefir verið tekið eptir þessum breytingum.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla að eins að gjöra stuttar athugasemdir við frv. þetta. Jeg er glaður yfir að hæstv. landsh. lýsti því yfir fyrir hönd stjórnarinnar, að hún mundi ekki hafa á móti breytingartill. á þingskjali 140; því að jeg álít að hún hafa í sjer fólgna mikla bót á frv.; jeg er ekki nærri eins öruggur og hæstv. landsh. um, að það muni engar siðspillandi afleiðingar hafa fyrir þjóðina, ef veitingahúsum er haldið opnum á helgidögum; það er þó viðurkennt og sannreynt, að fjölgun veitingahúsa og hægari aðgangur að þeim hefir í för með sjer siðspillingu hjá öðrum þjóðum, og hætt er við að eitthvað svipað mundi verða uppi á teningnum hjer. Jeg vildi heldur að breyttill. á þingskj. 140 kæmist að, en brtl. á þingsk. 166 undir staflið 2, því að þótt báðar fari í rauninni fram á hið sama, þá finnst mjer hún betur orðuð og skýrari; hin breyttill. er dálítið vafasöm. Það hefir verið mikið talað um, að ákvæði frumv. væru skýrari en eldri lög og skýrari en ákvæðin í breytingartill. á þingskj. 166; sjerstaklega hefir verið talað um orðið skarkali; en það getur þó verið æðimikið álitamál, hvað skarkala skuli telja, því að orðið er er all-teygjanlegt. Orðið hávaði, sem haft er i breytingartill., er yfirgripsmeira, og á öllu betur við hjer; ef t. d. hestar væru reknir með hundgá og hrossabrestum fram hjá kirkju á meðan á messugjörð stæði, þá hefði það í för með sjer hávaða, en ekki skarkala. Þó legg jeg ekki mikla áherzlu á þetta. En það er annað atriði í 1. gr., sem hefir dálitla þýðingu, en getur verið að stafi að eins af óglöggu orðalagi á greinininni. Þar stendur: »svo og að öðru leyti að vinna þau verk, er eigi má fresta *og* sem miða til þess að bjarga og hjálpa öðrum«. Hjer sjest ekki glöggt, hvort að eins er átt við einn flokk verka, eða átt er við tvo flokka, nefnil. 1., sem ekki má fresta, 2., sem miða til að bjarga o. s. frv., eða að eins einn flokk

verka, sem hafi hvorttveggja einkennið. Að öðru leyti skal jeg taka það fram viðvíkjandi breyttill. á þingskjali 166, að mjer rís dálitið hugur við breytingunni undir staflið 1, en jeg held að þó mætti breyta henni og laga hana, svo að hún yrði aðgengileg. Það virðist fullkominn óþarfi, að taka það fram, að helgidagarnir nái fra miðnætti til miðnættis. Það er líka nokkuð hart, að *ekkert* verk megi vinna frá kl 10—4, hvorki úti nje inni, en líklega hefir ekki verið meining flutningsm. tillögunnar, að skera eins þvert fyrir með alla vinnu þann tíma eins og orðin benda á. Þótt mjer þannig þyki að ýmsu leyti bót að breytingartill., þá býst jeg við, að jeg muni greiða atkv. móti frumv., þótt þær kæmust að, því að hin gildandi helgidagalöggjöf er fullviðunandi og hefir þegar fengið mikla festu, en það sannast, að yrði frumv. þetta að lögum, þá mundu þau lög langt frá því að þykja fullljós.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg stend ekki upp til að halda varnarræðu fyrir breytingartill. þeim, er nafn mitt stendur við, enda hafa 2 h. þm., er mestan þáttinn áttu í þeim, þegar gert það; en jeg stend upp til þess, að sýna afstöðu mína í málinu. H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) veik þeim hógværu orðum að mjer, eins og hans var von og vísa, að jeg mætti halda þeirri æðri og betri þekkingu, sem jeg hefði öðlazt í þessu máli, þar sem jeg við nafnakall hefði greitt atkvæði með því á síðasta þingi, en kæmi fram í því eins og jeg geri nú. En h. þm. (Kl. J.) hefir einhverntíma lesið betur ofan í kjölinn en í þetta sinn; þess vegna er hann svo langt á veg kominn í lærdóminum. Jeg talaði á móti frumv. á síðasta þingi, en greiddi þó atkvæði með því að nefnd væri skipuð í málið, í þeirri von, að það gæti tekið bótum; sömuleiðis greiddi jeg í sama trausti atkvæði með því, að það gengi til 2. umr., en lengra komst það ekki. H. þm. (Kl. J.) getur því alls eigi sagt um, hvernig atkvæði mitt hefði fallið, ef það hefði gengið breytingalaust gegn um deildina; allra sízt getur hann sagt, að jeg hefði greitt atkvæði með því út úr deildinni, og því er ekki sjerleg ástæða fyrir hann að eigna mjer þann sóma, að jeg hafi öðlazt æðri og betri þekkingu í þessu máli. Jeg verð fyrir mitt leyti að halda því fram, að jeg standi enn á sama grundvelli, sem jeg stóð þá á. Jeg skal alls eigi hafa á móti því, að breytingartillögur vorar standi til bóta, og því get jeg fallizt á ummæli h. þm. V.-Sk. (G. G.).

Framsögumaður (Klemens Jónsson): H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) kvað mig ekki hafa lesið ofan í kjölinn umræðurnar um mál þetta hjer í deild á síðasta þingi, en jeg skal fullvissa h. þm. (Þ. G.) um, að jeg hefi gert það, og jeg held, að mjer skjátlist ekki með það, að það er dálítill munur á afstöðu h. þm. (Þorl. G.) í málinu nú og þá. Það er sitt hvað, að finna eitthvað að frumv., en vilja þó laga það, eða að vilja drepa það undir eins, eins og h. þm. (Þorl. G.) vildi gera við frumv. þetta nú í ár. Því verð jeg enn að álíta, að h. þm. (Þorl. G.) hafi fengið æðri og betri þekkingu í málinu, en það er langt frá, að jeg álasi honum fyrir það.

Einar Jónsson: Breyt.till. á þingskjali 181 og 140 gjöra ekki frv. þetta svo aðgengilegt, að jeg geti gefið því atkvæði mitt. Jeg vil ekki heldur segja að breyt.till. á þingskjali 166 gjöri svo mikið að verkum, að jeg álíti frumv., þótt þær kæmust að, betri en núgildandi lög. Frumv. hljóðar um almannafrið, og hlýtur þar að vera átt við þann frið, er almenningur á að njóta á

helgidögum, ekki einungis í kirkjunni, heldur og á öðrum stöðum; það sem frumv. gjörir, til að tryggja þennan frið, er nú það, að banna alla þá vinnu, sem hefir þann skarkala í för með sjer, eða fer fram á þeim stað, eða með þeim hætti, að þessi friður raskist. En hvenær fer nú vinnan þannig fram, að þessi friður raskist? Mundi eigi verða ærið opt vafi á því, og einum þykja það raska friði, sem öðrum þætti eigi gjöra það? Jeg fæ aldrei sjeð, að ákvæði þessa frumv. sje skýrari í þessu efni en ákvæði hinna núgildandi laga. Því er haldið fram af meðmælendum frumv., að það sje alls ekki tilætlun þess að leyfa t. a. m. heyvinnu, sjóróðra o. fl. á helgidögum yfir höfuð, en það er þó víst mjög hætt við, að sumir skildu það öðruvísi. Úr því að ýmsir af h. deildarmönnum leiða þann skilning út úr frumv., að stunda megi þessa vinnu á helgidögum, þá er hætt við, að alþýða út um land hafi ekki glöggvari skilning á því yfir höfuð en þeir; það er tekið fram í 1. gr. frumv., hvaða vinna sje leyfileg, og af því á svo víst að mega ráða það, hvaða vinna sje ekki leyfileg. Breyt.till. 181 á að gjöra þessa ákvörðun skýrari, með því að ákveða, að hjú þurfi ekki að vinna aðra vinnu á helgum dögum en þá sem nefnd er í 1. gr. frumv., og jeg neita því ekki, að hún gjörir það. En mjer þykir það engin bót. Í gildandi lögum er ákveðið, að vinna megi bæði að heyþurki, fiskþurk í óþurkatíð og öðrum verkum, þegar brýn nauðsyn krefur, og með því er eflaust átt við það, að hjú sjeu skyld til þeirrar vinnu, ef húsbóndinn óskar þess. Þessi ákvæði hinnar gömlu tilskipunar finnast mjer mannúðleg og nærgætin. Jeg segi fyrir mig, að jeg vil eiga heimting á því að hjú gangi t. a. m. að heyþurk á helgum degi, þegar nauðsyn krefur, en það bendir breytingartill. beinlínis á, að ekki eigi að vera. Það er því langt frá, að mjer þyki breyt.till. 140 til bóta. Í breyt.till. á þingskjali 140 er ákveðið, að veitingamenn megi alls ekki selja vínföng á helgum dögum; þetta gæti jeg samþykkt út af fyrir sig, en þegar það er borið saman við 4. gr., þá kemur þar fram ósamkvæmni. Í þeirri grein eru leyfðar samdrykkjur á þeim tíma, sem til er tekinn í 1. gr., það er að segja eptir miðaptan. Aptur á móti talar 2. gr., sem breyt.till. er við, um allan daginn, og breyt.till. bannar vínveitingar allan daginn. Þannig segði þá 2. gr. að veitingamenn megi aldrei á deginum selja vín, en 4. gr. að þeir megi það eptir miðaptan, því að líklega er búizt við að þeir selji vín það, sem haft er við samdrykkjurnar. Að því er snertir breyt.till. 166 vil jeg sjerstaklega taka það fram, að jeg get ekki fellt mig við orðið »óumflýjanlega«, eins og það stendur, því eins og fram hefir verið tekið, má skilja það svo, að ekkert, alls ekkert megi taka sjer fyrir hendur á þeim tíma, er þar ræðir um, nema það sem engan veginn er hægt að komast hjá. Jeg hefði óskað að þar væri tekið fram, að á þeim tíma mætti vinna að venjulegum daglegum heimilisstörfum, t. d. heygjöfum á vetrardag o. s. frv. En eptir orðunum í greininni er það þó ekki leyfilegt, því að í sjálfu sjer er ekki »óumflýjanlegt« að gefa skepnum á þessum 6 tímum; það er mögulegt að gjöra það fyr eða síðar; en það er mjög óhentugt að hafa ekki leyfi til þess á þeim tíma. Það er víst mjög víða regla, að veita skepnum fóður einmitt á þessum tíma að vetrinum, og það er viðurkennt, að það sje hollast fyrir skepnurnar, að fá fóðrið ætíð í sama mund. En eptir breyt.till. mætti alls eigi gjöra það á hinum helgu dögum, þó að það

væri gjört aðra daga, og væri það hvorki hollt nje hentugt. Ekki mætti heldur eptir breyt.till. láta út fje um hádegisbil; en vjer vitum þó, að opt hagar svo veðri, að einmitt er hentugast að láta fje út um það bil. En þrátt fyrir það fer breyt.till. þó í þá átt, að jeg gæti aðhyllzt hana, væri hún lagfærð. Að því er snertir upphaf 1. gr. í breytingartill. þá er jeg á sama máli sem hæstv. landsh., að óþarft sje að vera að taka fram, að helgidagurinn skuli vera talinn frá miðnætti til miðnættis. Enn er eitt atriði í 10. gr. frv. sem jeg vildi minnast á; þar stendur: hafi hann »opt« brotið lög þessi. Þetta er eitt af þeim ákvæðum sem mjög er undir áliti komið; það yrði víst ekki ætíð skilið á sama hátt, hvað »opt« skuli kallast í þessu tilliti.

Jens Pálsson: Sem einn af flutnm. breyt.till. á þingskjali 166 skal jeg játa, að breyt.till. við 1. gr. gæti ef til vill verið betur orðuð en hún er, og mun jeg fús að ganga inn á breytingar á orðalagi hennar, ef það eru ekki jafnframt verulegar efnisbreytingar. Sömuleiðis fellst jeg á að ákvæðin um það, hvenær helgin skuli byrja og enda, megi falla burt, því að þau sjeu ekki nauðsynleg. H. framsögum. (Kl. J.) þótti orðalagið á breyt.till við 1. gr. mjög ónákvæmt. En mjer skildist svo á h. þm. V.-Sk. (G. G.), sem einnig er lögfræðingur, og að áliti manna skýr lögfræðingur, mjer skildist svo á honum, segi jeg, að orðalagið á breyt.till. sje ekki óskýrara eða ónákvæmara en á frv. sjálfu, heldur jafnvel hið gagnstæða. H. framsögum. (Kl. J.) minntist á uppstigningardaginn og mun hafa legið við að honum þætti það kynlegt, að hann væri settur í tölu hátíðisdaga sem sjerstaklega friðhelgur dagur. En jeg skal fræða hann um það, að það var sannarlega af ásettu ráði, að hann var talinn með, því að hann má rjettilega telja því nær eins hátíðlegan og sjálfa páskahátíðina; það er enginn dagur, sem fremur honum tengi saman himinn og jörð, eða minni á sambandið milli lífsins hjerna megin og hinu meginn. Jeg álít því að hann megi alls eigi falla burtu, enda vona jeg að sú sannfæring ríki í brjósti hvers trúaðs kristins manns.

Jeg get tekið undir með h. varaforseta (Þ. B.), að það væri óviðfeldið að sjá öll önnur lagaboð um helgidagahald úr lögum numin, og fá ekki annað í staðinn en þessa takmörkuðu friðun helgidagsins. Þá þætti mjer fara að rýrna sú hjálp, sem löggjarvaldið veitir hinni evangelisk-lúthersku þjóðkirkju til að varðveita helgi hvíldardagsins og draga menn að sjer. Margir hafa tekið það fram, að þessi lög mundu verða til að rýra aðsókn að kirkjum, og jeg verð að vera á sömu skoðun. Jeg álít að þau mundu stundum stórum draga úr kirkjugöngum, sjerstaklega á þeim dögum, er gróðavænlegastir þættu til vinnu.

Þar sem sjálfir alþingismennirnir skilja lög þessi þannig, að þau miði til þess að draga hug og hjörtu frá kirkjunni, þá er hætt við að alþýða skilji þau eigi síður á þann veg, en jeg held að kirkjurækni sje ekki svo yfirgnæfandi, að það þurfi lagaákvæði til að draga úr henni, og jeg held líka að það sje fjarri sönnum þjóðheillum, að stíga nokkurt það spor í löggjöfinni, sem rýri virðingu fyrir kirkjunni og helgidögunum.

Landshöfðingi: Í tilefni af þeim umræðum, sem orðið hafa um einstök atriði frumv. þessa, þá skal jeg leyfa mjer að skjóta því til h. nefndar, hvort hún hafi á móti því að gera h. þm. V.-Sk. (G. G.) það til geðs, að breyta orðinu »skarkali« í »hávaði« og orðinu

»og« í 1. gr. í »eða«. Líka get jeg fallizt á það, sem h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) sagði, að orðið opt í 10. gr. sje nokkuð ónákvæmt, og held jeg að rjettara væri að halda ákvæðum helgidagatilskipunarinnar 28. marz 1855, að þegar veitingamaður brjóti í þriðja sinn, þá hafi hann fyrirgjört veitingarjetti sínum. Þetta óska jeg að h. nefnd vildi íhuga til 3. umræðu. Jeg skal taka eitt atriði í máli þessu fram, sem enn hefir ekki verið minnzt á. Það er ætlazt til, að lög þessi gildi fyrir alla, sem gefnir eru undir íslenzkt löggjafarvald, ekki einungis þá menn, sem í þjóðkirkjunni eru, heldur einnig fyrir utanþjóðkirkjumenn. Til þessa verður að taka nokkurt tillit, og forðast að setja svo ströng lög um helgihald, að mjög óaðgengilegt eða erfitt sje fyrir þá, sem ekki eru í þjóðkirkjunni, að lifa undir þeim og hlýða þeim; því fer frumv. fram á að bægt skuli á braut öllu því, er truflað geti hina opinberu guðsþjónustu, án þess þó að binda menn of sterkum böndum. H. 1. þm. G.-Kj. (Þ. B.) hjelt því fram, að ef þetta frumv. með breyt.till. á þingskjali 140 og 181 yrði að lögum, mundu þau lög vekja mikla óánægju í landinu; en eins viss og hann var um þetta, eins viss er jeg um, að ef breyt.till. á þingskjali 166 kæmust að, þá mundu þær vekja meiri en ekki minni óánægju en frumv. sjálft.

ATKV.GR.: 1. Breyt.till. við 1. gr. á þingskj. 166 felld með 17:6 atkv.; 2. 1. gr. samþ. með 12:5 atkv.; 3. Viðaukatill. við 1. gr. (181) samþ. með 18:1 atkv.; 4. Breyt.till. við 2. gr. (166) samþ. með 14 samhlj. atkv., og breytingin »mega« fyrir: má, þar með samþ.; Breyt.till. við breyt.till. við sömu gr. (Fyrir: nýmjólk og brauð o.fl.) samþ. með 15 samhlj. atkv.; 5. Viðaukatill. við 2. gr. (140) samþ. með 19 samhlj. atkv.; 6. Breyt.till. við 2. gr. (166) síðasti liður felld með 14 samhlj. atkv.; 7. 2. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 14 samhlj. atkv.; 8. 8. gr. frv. óbreytt samþ. með 12 samhlj. atkv.; 9. Breyt.till. við 4. gr. (166) felld með 13:10 atkv., að við höfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
Gl. Guðmundsson,	B. Kristjánsson,
Jens Pálsson,	B. Bjarnarson,
Jón Þórarinsson,	Björn Sigfússon,
Jón Þorkelsson,	Bogi Melsteð,
Sighv. Árnason,	H. Kr. Friðriksson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jakobsson,
Þór. Böðvarsson,	J. Jónss., þm. A.-Sk.
Þórð. Guðmundss.	J. Jónss. þm. Eyf.,
Þorl. Guðmundss.	J. Jónss. þm. N.-Múl.
	Ólafur Briem,
	Sigfús Árnason,
	Skúli Thoroddsen.

10. 4. gr. óbreytt samþ. með 16 samhlj. atkv.; 11. Breyt.till. við 5. gr. (166) felld með 12:7 atkv.; 12. 5. gr. óbreytt samþ. með 14 samhlj. atkv.; Breyt.till. við 6. og 7. gr. (166) álitnar fallnar við atkv.greiðsluna; 13. 6. gr. frv. óbreytt samþ. með 14 samhlj. atkv.; 14. 7. gr. frv. óbreytt samþ. með 14 samhlj. atkv.; 15. Breyt. við 8. gr. (166) felld m. 12:7 atkv.; 16. 8. gr. frv. óbr. samþ. m. 14 samhlj. atk.; 17. 9. — — — — — 14 — —; 18. 10. — — — — — 14 — —; 19. 11. — — — — — 14 — —; 20. 12. — — — — — 14 — —; 21. Breyt.till. við fyrirsögn frv. (166) felld með 12:9 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 atkv.

Frumvarp til laga um afnám helgidaga (C. 153, 219, 252); 2. umr.

Björn Bjarnarson: Jeg held jeg hafi nú lítið annað að gera, en að taka undir með konunni sem sagði, að nú væri farið að saxast á limina hans Björns síns. H. deild og nefndin eru samtaka í því að höggva 2 helgidaga, eða tvo

fimmtunga burt af frumv., og síðan kemur nú breytingartill. um að taka burt úr því aðra tvo, svo að ef það verður samþ., er að eins eptir 1/5 hluti hins upphaflega frumv.

Jeg get eigi álitið, að mikið sje varið í að halda í það, ef fella á meiri hlutann af því burtu, því jeg held að litlu sje bættara með því, ef frumvarpið kemst eigi í gegn í því formi sem það nú er. Mjer er heldur eigi neitt sjerlega sárt um frumv. í heild sinni, og því finn jeg eigi ástæðu til að mæla því bót, frekar en jeg hefi gert við 1. umræðu.

ATKV.GR.: Breytingartill. 147 samþ. með 13 samhlj. atkv. Fyrirsögnin samþ. með 21 samhlj. atkv. Vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. 76, 223, 261); framh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Af því það er framhald 1. umr. finn jeg enga ástæðu til að fara mörgum orðum um mál þetta. Og þar sem eigi má fara út í hinar einstöku greinar og breytingartill. geta komið fram, þá geymi jeg að tala, til 2. umr.

Jens Pálsson: Jeg hefi leyft mjer að koma með breytingartill. (C. 261). við viðaukatill. nefndarinnar í máli þessu (C. 224), og vil jeg leyfa mjer að skjóta til forseta, hvort það sje leyfilegt að ræða hana á þessu stigi málsins.

Forseti: Nei! Alls eigi leyfilegt.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til fjáraukalaga 1892 og 1893 (C. 216, 262); 3. umr.

Framsögumaður (Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.): Jeg finn ekki ástæðu til að tala langt að þessu sinni. Það hefir að eins komið 1 breytingartill., og jeg verð að játa, að mjer er enn eigi ljóst, hvað h. flutningsm. hennar meina með henni. Jeg ætla mjer því að bíða þangað til jeg heyri þá útskýra hana betur.

Jón Þórarinsson: Það voru einkanlega 2 atriði sem gáfu okkur ástæðu til að koma fram með þessa breytingartill. Í fyrsta lagi gefur frumv. útgefanda fornbrjefasafnsins enga heimild til að fá borgun fyrir starfa sinn, fyrr en hann afhendir handritið til prentunar, en þetta getur orðið mjög óþægilegt og tafið fyrir starfinu. Það vita allir, sem nokkuð hafa fengizt við útgáfu slíkra rita, að útgefandanum er nauðsynlegt að hafa hjá sjer handritið til afnota, því það kann opt að koma fyrir, að hann finni eitt eða annað brjef, sem hann hefir afskrifað, og þurfi því að bera það saman við það sem á undan er komið, svo hann sje viss um, að ekkert vanti, og ekkert sje tvíprentað.

Hitt atriðið er það, að eptir því sem nú stendur í 4. gr. frv., er sá sem nú hefir útgáfuna á hendi skyldaður til að lesa prófarkir endurgjaldslaust, eins eptirleiðis og hingað til. En þetta er harla ósanngjarnt. Það er auðvitað, að við útgáfu á slíku riti, sem þessu, er nauðsynlegt að útgefandinn lesi prófarkirnar sjálfur, en það er óeðlilegt að ætlast til þess að hann geri það fyrir ekkert. Styrkurinn hefir áður verið veittur til að búa handritið undir prentun, en þau orð verða tæplega skilin svo, að prófarkalestur sje með þeim áskilinn. Einmitt af því að prófarkalesturinn á riti þessu er mikið vandaverk, þá hefir útgefandinn eptir samkomulagi við forseta Bókmenntafjelagsins tekizt hann á hendur, og þó að hann um tíma hafi gert það kauplaust, þá er það enginn ástæða til að ætlast til þess, að hann geri það framvegis, heldur þvert á móti sanngjarnt, að hann fái eins og aðrir borgun fyrir prófarkalesturinn. Jeg

vona nú að h. framsögum. fjárlaganefndarinnar og öðrum skiljist, að það sje á góðum og gildum rökum byggt, að við komum með þessa breytingartill., og að við hana sje ekkert sjerlegt athugavert.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg verð að segja að jeg fræddist ekki nógu mikið á ræðu h. flutningsm. (J. Þór.), nema um það eitt, að hann hefir ekki leitað sjer upplýsinga hjá þeim sem helzt gátu gefið þær.

Hann sagði, að eptir frumv. hefði útgefandinn ekki heimild til að fá styrkinn útborgaðan, nema smátt og smátt og í molum. Mjer skildist helzt á honum, að hann hjeldi, að á þennan hátt gæti útgefandinn að eins fengið borgun fyrir eina og eina örk í einu, eptir því sem prentað væri, en þetta er misskilningur, og hefði hann viljað leita sjer nokkurra upplýsinga, þá hefði hann hjá útgefandanum getað fengið að vita, að hann hefir meir en nóg handrit fyrirliggjandi, til þess að geta fengið alla þessa upphæð útborgaða, þegar hann lætur það af hendi. Það er ekki nema sjálfsagt að hann þegar fengi borgun fyrir verk sín, en þess ber líka að gæta að þá er það ekki lengur hans eign, og því engin ástæða til að það geymist hjá honum. Að því er snertir prófarkalesturinn, þá gæti það verið álitamál, hvort rjett væri að skylda útgefandann til að gera það endurgjaldslaust, og skal jeg því ekki deila um það.

En h. 2. þm. Gullbr.- og Kjósars. (J. Þór.) fór heldur ekki alveg rjett með, er hann talaði um prófarkalesturinn, þar sem hann ljet í ljós, að það hefði verið eptir samkomulagi við stjórn Bókmenntafjelagsins, að útgefandinn hefði lesið prófarkirnar endurgjaldslaust hingað til. H. þm. Snæf. (J. Þór.) sem þessu er vel kunnugur sagði við 2. umr. þessa máls, ef jeg man rjett, að útgefandinn hefði leitað úrskurðar um það, hvort honum væri skylt að lesa prófarkir fornbrjefasafnsins, og bendir það til alls annars en samkomulags við stjórn Bókmenntafjelagsins; en úrskurðurinn var sá, að hann skyldi lesa prófarkir hjer eptir eins og hingað til.

Jón Þorkelsson: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að svo miklu leyti sem til útgefanda fornbrjefasafnsins kemur, þá er honum það mjög óþægilegt og jafn vel ómögulegt að skila handritinu, nema rjett eptir því sem það er prentað. Það er nauðsynlegt að hafa handritið hjá sjer til þess, að hafa yfirlit yfir allt sem á undan er komið, því það getur komið fyrir, að maður finni skjöl í söfnum, eins og h. 2. þm. Gullbr.- og Kjósars. (J. Þór.) tók fram, sem ómögulegt er að vita, hvort maður hefir áður skrifað, ef handritið er á allt öðrum stað, óaðgengilegt fyrir útgefandann.

Hvað prófarkalesturinn snertir, þá er það alveg rjett, sem h. 2. þm. Gullbr. og Kjósars. tók fram, að útgefandinn hefir nú um undanfarin tíma lesið pófarkir án nokkurs endurgjalds.

Hann spurði sig fyrir hjá íslenzku stjórnardeildinnni í Höfn í vetur, hvort hann væri skyldugur — sem hann efaðist um — til þess, samkvæmt þeim skilyrðum, sem styrkurinn væri bundinn, og fjekk það svar, að svo sje, að styrkurinn fáist ekki útborgaður, nema útgefandinn lofi að lesa prófarkir af handritinu. Þetta þykja útgefandanum svo harðir kostir, að jeg ímynda mjer, að hann sjái sjer ekki fært að halda áfram starfinu.

Jón Þórarinsson: Jeg hef fáu við að bæta það sem þegar hefir verið athugað. Mjer hefir alls ekki komið til hugar að segja, að það af safninu, sem þegar væri búið að greiða ritlaun fyrir, væri eign semjandans, en jeg álít, að það ætti að nægja til þess, að hann fái

þessi ritlaun greidd, að hann sannaði fyrir viðkomendum, að handritið væri fullbúið til prentunar, og að hann svo mætti hafa það hjá sjer til afnota.

Það var tekið fram, að íslenzka stjórnardeildin í Höfn hefði gefið þann úrskurð, að útgefandanum bæri engin borgun fyrir prófarkalestur. Jeg get ekki skilið, hvað heimild stjórnardeildin hefir til að gefa slíkan úrskurð, þvert ofan í venju Bókmenntafjelagsins. En fyrst hún hefir gert þetta, þá finnst mjer það ekki vera meira en skylda þingsins, að rjetta þetta skakkafall, með því að borga út ritlaunin með þeim skilyrðum sem jeg gat um áðan.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg fyrir mitt leyti geng út frá því, að þeir sem hafa verið með í að semja frumv. þetta, sjeu miklu betur kunnugir öllu þessu máli en bæði h. 2. þm. Gullbr.- og Kjósars. (J. Þór.) og við hinir, og það, að þeim hefir þótt ástæða til að breyta skilyrðum fyrir útborgun fjársins, sje nægileg ástæða til að halda sjer til frumv. eins og það er óbreytt.

Bogi Th. Melsteð: Það hefir staðið á fjárlögunum ár eptir ár, að þessi upphæð væri borguð fyrir að útgáfu fornbrjefasafnsins, og það á auðvitað að skiljast svo, að unnið sje að útgáfunni bæði á undan og eins á meðan á prentun stendur. Að nú kemur tillaga um að ákveða þetta nákvæmar, svo enginn misskilningur geti risið út af því, kemur til af því, að útgefandinn hefir krafið Bókmenntafjelagið um sjerstaka borgun fyrir prófarkalestur, en því hefir fjelagið neitað. Mál þetta er að vísu ekki nýtt, því útgefandinn vildi fyr fá sjerstaka borgun fyrir prófarkalesturinn, en Bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn sýndi honum þá tilhliðrunarsemi að borga þann aukakostnað, sem stafar af því, að handritið er ekki vel úr garði gert og viðbætur og leiðrjettingar eru settar inn á prófarkirnar, einkum á fyrstu próförk, og hefir þetta numið eins miklu og prófarkalesturinn nemur; en það er almennur siður erlendis, að láta höfundinn borga þenna aukakostnað við breytingar á próförkunum.

Bókmenntafjelagið sýndi, sem sagt, þessa tilhliðrunarsemi, og það enda þótt útgefandinn fengi töluvert hærri ritlaun en vant er að borga. H. 2. þm. Gullbr.- og Kjósars. (J. Þór.) sagði, að prófarkalestur væri borgaður sjerstaklega, það væri gömul regla, og að Bókmenntafjelagsdeildin hjer mundi ekki hafa farið að neita um borgun fyrir prófarkalesturinn, ef hún hefði mátt ráða; en þess ber að gæta, að hjer stendur þó sjerstaklega á. Reykjavíkurdeildin borgar venjulega 30 kr. í ritlaun og þá prófarkalestur að auki. Hin vanalegu ritlaun hjá Hafnardeildinni eru 32 kr. — þar er miðað við nokkru stærra brot en á tímariti fjelagsins, — og þá 4 kr. í prófarkalestur að auk. Einstaka sinnum hafa þó ritlaunin orðið hærri, og hafa komizt upp í 40 kr.; en það er þá hið allra hæsta og með prófarkalestri, eða 36 kr. að honum frádregnum. Hjer er vitanlega borgað mikið meir og svo borgar Bókmenntafjelagið 1 kr. á örkina fyrir þá próförk, sem forseti les. Hinn núverandi útgefandi fornbrjefasafnsins hefir samt ekki verið ánægður með allt þetta, heldur leitað fyrir sjer hjá hinni ísl. stjórnardeild, hvort sjer bæri eigi laun fyrir prófarkalesturinn, og það er einmitt þess vegna, að þessi viðauki frá stjórninni kemur fram, til að taka af öll tvímæli. Útgefandinn hefir enda gengið svo hart fram, að hann hefir hótað að hefja mál á móti Bókmenntafjelaginu, og það getur vel verið, að hann geri það, ef þessi breytingartill.

verður samþykkt, og ef hann sjer sjer það fært. En hvað því viðvíkur, að h. þm. Snæf. (J. Þork.) skilaði því frá útgefandanum, að hann mundi hætta við að gefa út fornbrjefasafnið, ef hann fengi eigi sjerstaka borgun fyrir prófarkalesturinn, þá held jeg menn þurfi eigi að óttast það. Jeg fyrir mitt leyti trúi því ekki fyr en jeg tek á því, af því að jeg hefi heyrt útgefandann hóta því svo opt áður, en aldrei hefir orðið neitt úr því, og útgefandinn sjálfur veit það allra manna bezt, að hann meinar alls ekkert með þessum hótunum og að honum dettur ekki í hug að framkvæma þær og getur það ekki, enda eru til ýmsir menn, sem gætu gefið út fornbrjefasafnið alveg eins vel og hann. Það yrði allt of langt mál að segja frá öllu því, sem útgefandinn hefir haft í frammi þessu viðvíkjandi, við stjórn Bókmenntafjelagsins, og skal jeg því ekki fara út í það. Það, að útborgunin sje bundin því skilyrði, að útgefandinn skili handritinu af sjer, álít jeg alveg nauðsynlegt, enda ætti það ekki að vera neinum erfiðleikum bundið; þurfi hann að lána handritið eða nota það eitthvað, getur hann allt af fengið það hjá forseta, alveg eins og önnur handrit Bókmenntafjelagsins, sem útgefandinn hefir fengið að láni svo tugum skiptir.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg get eigi að öllu verið samdóma því, sem sagt hefir verið, að í því að vinna að textaútgáfu felist, að lesa prófarkir; það felst alls ekki annað í orðinu en að búa handrit fyllilega undir prentun. Í textaútgáfu felst hvorki registur nje skýringar; það er að eins textinn sjálfur; prófarkalestur kemur því ekki við. (*B. Th. M.*: Jú!) Jeg segi nei! Hreint og beint nei! Þingmaðurinn verður að skilja, hvað texti er. Vjer vitum, hvað texti er; það er að eins meginmálið; og þannig segjum vjer opt: »Það og það stendur í textanum«, eða »það stendur eigi í textanum«, heldur t. a. m. neðanmáls eða í skýringunum, o. s. frv.; hvernig getur þá prófarkalestur komizt þar að? Enda ætla jeg, að hver maður verði að játa, að 25 kr. fyrir örkina sje ekki mikil borgun, því það er þó sannarlega ekki lítið verk, fyrst að safna þessu saman hingað og þangað úr handritunum, raða því og afskrifa það, og gjöra skýringar við það, þó prófarkalesturinn bætist þar ekki við. Jeg get heldur hreint ekki verið samdóma h. 2. þm. Árnes. (B. Th. M.), að hann heyri þar undir, hvorki eptir orðinu »textaútgáfa«, sem stendur í fjárlögunum, nje samkvæmt því, sem mun standa í brjefinu til útgefandans; þar mun standa: «að safna og raða niður« (samle og ordne). Það, að útgefandinn lesi sjálfur prófarkirnar að ritinu, er alveg sjálfsagt, því að í slíku riti er það áríðandi, að allt sje rjett, og h. þm. (B. Th. M.) má vita, að það rýrir mjög mikið gildi þess konar safns, ef prentvillur eru í því. Hjer er allt öðru máli að gegna en um bækur almenns efnis, sem menn lesa sjer til gamans, og nóg er að komast að efninu í. Jeg vil segja, að það er enginn ofhaldinn af að lesa prófarkir að þessu riti fyrir 4—5 kr.; enda mun það ekki á allra færi. Þar að auki mun það erfitt mjög opt og einatt, að skrifa upp gömul skjöl, sem opt er illt að fá nokkra hugsun út úr. Jeg hef fengizt við það, og get því dæmt um það af eigin reynslu. Á hitt virðist mjer leggjandi minni áherzla, að útgefandinn eigi að skila af sjer handritinu; það ætti að vera nóg, að hann sannaði fyrir viðkomendum, að hann hefði handritið til fullbúið undir prentun. Eðlilegast væri raunar, að Bókmenntafjelagið ljeti það vera geymt á einhverjum tilteknum og óhultum stað, þar sem útgefandinn hefði aðgang

að því, og það gæti jafnvel verið fullkomin ástæða til, að hann hefði það ekki beinlínis heima hjá sjer, þar sem það er ekki tryggt fyrir eldsvoða. Það mætti til dæmis fá það geymt í háskólabókhlöðunni; þar er því vitanlega bezt borgið.

Jón Þorkelsson: Jeg vil geta þess, að mjer er kunnugt um, að útgefandi fornbrjefasafnsins hefir boðið stjórn Bókmenntafjelagsins að »deponera« handritið í konunglega bókasafninn, en hún gekk frá því. Þótt hann sýndi fram á, að hann hefði til fullbúið það sem svaraði 5—6 bindum, þá gat hann ekki fengið peningana útborgaða, af því að fjelagið gat ekki prentað handritið. Það er það, sem útgefandinn vill ekki ganga inn á.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 167 samþ. með 14 : 4 atkv. Frumv. með áorðinni breyt. samþ. í e. hlj. og afgr. til efri deildar.

Frumv. til laga um breytingu á lögum 4. nóv. 1881 um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum (C. 198); 1. umr.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Það er óþarfi að vera að þreyta h. þingdeild með löngum umræðum um þetta mál. Frumv. þetta fer að eins fram á sama jöfnuðinn, sem árið 1889 var gjörður á hinum almennu launalögum frá 1875. Jeg skal að eins geta þess, að það hefir gleymzt að taka það fram í frumv., að hinn núverandi skólastjóri haldi launum sínum óskertum, og hefi jeg hugsað mjer, að koma fram með viðaukatillögu í þá átt við 2. umr., ef mönnum þykir rjettara, að þess sje getið, sem jeg get raunar ekki sjeð, að sje nauðsynlegt.

Þar eð þetta er 1. umr., og eigi er leyfilegt að fara út í hinar einstöku greinar frumv., þá finn jeg eigi ástæðu til að fara mörgum orðum um frumv., en jeg vil að eins benda mönnum á, að það er því meiri ástæða til jafnaðar þessa á launanum við Möðruvallaskólann, þar sem mismunurinn er svo mikill þar, og þetta eru sjerstök lög frá 1881, sem eigi standa í neinu sambandi við hin almennu launalög.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 12 : 7 atkv.

Frumv. til laga um friðun á laxi (C. 242); 1. umr.

Flutningsmaður (Sigurður Gunnarsson): H. þingdm. kann máske að þykja kynlegt, að jeg, sem er ólaxfróður maður, hefi gjörzt annar flutningsm. þessa frv. En hversu svo sem um það kann að vera, þykist jeg þó ekki þurfa að gera í þessu efni neina sjerlega afsökun, því bæði er það, að jeg lít á þetta mál ekki einungis sem þingm. míns kjördæmis, heldur sem þingm. alls landsins, og sem slíkur hlýt jeg að láta mjer annt um alla atvinnuvegi þess. Í öðru lagi gekk jeg út frá því vísu, að þegar frv. þetta einu sinni væri komið inn á þing, þá mundi það fá að njóta leiðbeininga og hollra ráða ýmsra þeirra þingmanna, sem mesta reynslu hafa, að því er laxveiði snertir. Þetta frumv. er enginn nýr gestur hjer í deildinni. Mjög líkt frumv. kom fram í efri deild á þinginu 1891, og var það samþykkt og sent til neðri deildar, sem setti nefnd í málið, og athugaði það mjög rækilega. Var frumv. samþykkt í neðri deild með litlum breytingum, sem efri deild svo samþykkti, og var það þannig afgreitt frá þinginu sem lög. H. þingm. mun kunnugt frá Stjórnartíðindunum, að hæstv. landshöfðingi fann ástæðu til að leggja á móti staðfestingu frumv., og færði hann einkum til tvær ástæður, er jeg þó eigi vil fara út í við þessa umr. málsins. Ennfremur sjáum vjer á brjefi ráðgjafans til hæstv. landshöfðingja

út af þessu máli, að hann hefir tekið það ráð, að fallast á tillögur landshöfðingja og ráða frá staðfestingu þess. En ummæli ráðgjafans í þessu brjefi eru þó þannig löguð, að þau gefa í mínum augum von um, að mjög svipað frumv. þessu geti náð staðfestingu.

Ef jeg nú sný mjer að frumv. sjálfu, þá skal jeg taka það fram, sem raunar öllum má ljóst vera, að megintilgangur frumv. er, að hepta eigi frjálsa göngu laxins um ár og vötn landsins, þó þannig, að hlutfallið milli veiðirjettar einstaklinganna innbyrðis raskist sem minnst. Þetta hið sama hlýtur og að vera tilgangur allra annara friðunarlaga. En hvernig þessu frumv. tekst að ná þessum megintilgangi, skal jeg ekki tala um að sinni, þar sem eigi má fara út í einstök atriði við þessa umræðu. Það hefir verið tekið fram sem mótbára gegn frumv. þessu, að það sje mjög erfitt að semja svona lög, þar sem misjafnlega getur verið ástatt í ýmsum hlutum landsins. Þetta getur verið mikið satt; en þar af er rangt að draga þá ályktun, að rjett sje að gefast upp við samning slíkra laga, sem allir munu samdóma um, að mikil þörf sje á. Það er þvert á móti hvöt til að halda áfram. Það eru mörg ákvæði í frumv. þessu, sem mjer virðist vera til bóta, og vona jeg, að því verði tekið eins vel og á síðasta þingi. Jeg get raunar eigi gefið neinar sjerlegar bendingar í þessu efni sjálfur, því jeg er ekki laxfróður maður, eins og jeg tók fram áður; en jeg get bent á, að í báðum deildum eru fleiri en einn laxfróðir menn, sem á síðasta þingi lýstu því yfir, að frumv. þetta hefði verulega yfirburði yfir laxafriðunarlögin frá 19. febr. 1886.

Það er tillaga mín, að nefnd sje sett í málið, og það því fremur, sem svo einkennilegar ástæður eru færðar fyrir synjuninni af stjórnarinnar hálfu, eða, rjettara, hæstv. landsh. En jeg vil eigi stinga upp á, að nefnd sje kosin þegar í stað, svo að þingdm. gefist kostur á að segja álit sitt um málið.

Björn Sigfússon: Jeg er einn af þeim, sem álíta, að hin núgildandi laxveiðalög sjeu eigi í alla staði sem heppilegust, og það gleður mig, að reynt er að bæta úr þessu með nýjum lögum.

Um þetta frumv. er erfitt að tala, án þess að fara út í einstök atriði; en það er ætlun mín, að sami aðalgallinn sje á þessu frumv. og hinum gildandi lögum. Þegar svona lög eru samin, þá eru 2 grundvallarreglur, sem menn verða að hafa fyrir augum að ganga út frá. Önnur er sú, að friða smálaxinn, og hin, að hindra eigi frjálsa göngu laxins í ám og vötnum, svo að hann nái að komast á hrygningarstaðinn og tímgast þar. En báðar þessar reglur eru að nokkru leyti brotnar á bak aptur með ýmsum ákvæðum í sjálfum lögunum. Mjer er kunnugt um, að reynslan hefir sýnt, að í gildandi lögum er ekki næg trygging, hvorki fyrir því, að smálaxinn sje eigi veiddur, nje fyrir því, að frjáls ganga sje eigi hindruð. Þótt þetta frumv. sje í sumu betra en núgildandi lög, þá sje jeg ekki betur en að í þeim sje enn ýms ákvæði, sem hafa sömu gallana og hin fyrri. Mjer finnst þó ýmislegt í þessu frumv. gott, og er því bezt að skoða það nákvæmar. Það er ætlun mín, að heppilegast væri að setja nefnd í málið. En jeg vil þó ekki stinga upp á, að nú þegar sje kosin nefnd, því það væri gott, ef fleiri vildu láta í ljósi skoðun sína og reyna til að skýra dálítið áður en hún er kosin.

Flutningsm. (Sigurður Gunnarsson): Þar eð jeg sje, að fleiri ætla eigi að taka máls, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd sje kosin í málið.

ATKVÆÐAGR.: Uppástungan samþ. með 12 samhljóða atkv. Þessir hlutu kosningu:

Sigurður Gunnarsson með 20 atkv.
Björn Sigfússon — 18 —
Þórður Guðmundsson — 16 —
Þorlákur Guðmundss. — 12 —
Sighvatur Árnason — 9 —

Umræðunni frestað.

Frumv. til laga um eyðing sels í laxveiðiám (C. 222); 1. umr.

Flutningsm. (*Þorlákur Guðmundsson*): Frumv. þetta, eins og það nú liggur fyrir, er að vissu leyti nýmæli í því formi, sem það nú er, en það er í raun-inni ekki nýr gestur, því að það hefir þó áður komizt svo langt, að það gekk í gegnum efri deild, en fjell hjer í neðri deild.

Hjer á landi eru eigi mörg rándýr, og er það mjög heppilegt, af því að því hægra er að útrýma þeim, sem þau eru færri. Hin helztu eru refir á landi, og selir í ám og árósum. Eru selirnir eigi að eins mjög skaðlegir fyrir laxveiðar, heldur skaða þeir einnig mjög fiskveiðar í nánd við árósa. En jeg skal eigi fara lengra út í það, því að það er öllum kunnugt. Frumv. þetta er byrjunarspor til þess að útrýma þessu rándýri, og er rjett að byrja þar, sem hægast er og um leið nauðsynlegast, nefnilega í laxveiðiánum. Þótt nokkrir bændur hafi töluverðan hag af selaveiðum, þá eru þeir miklu fleiri, er laxár eiga, og arðurinn, sem menn hafa af sel, er ekkert í samanburði við arð þann, er menn hafa af laxveiðum.

Flestir munu vera samdóma um það, að frumv. þetta er ekki óþarft, að það beri brýna nauðsyn til að útrýma þessu rándýri. Þetta er gjört til þess að greiða fyrir einum atvinnuveg vorum, og semjum vjer oss að háttum annara þjóða, er gjöra allt til að greiða sem bezt og mest fyrir atvinnuvegum sínum, ef vjer reynum að útrýma selnum, sem eyðir laxveiði, og, þar sem svo ber undir, fiskveiðum vorum.

Að svo komnu finnst mjer eigi ástæða til, að fara fleirum orðum þetta frumv., því að mjer finnst það mæla bezt með sjer sjálft.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að málinu sje vísað til nefndar þeirrar, er áðan var kosin í málinu um friðun á laxi.

ATKV.GR.: Uppástungan samþykkt með 13 : 2 atkv. Umr. frestað.

Tillaga til þingsályktunar um þjóðerni forseta í íslenzku stjórnardeildinni í Kaupmannahöfn (C. 181, 263); ein umr.

Flutningsmaður (*Jón Þorkelsson*): Jeg vildi helzt, að mál þetta gengi því næst sem umræðulaust gegn um deildina. En jeg sje, að það hefur komið fram breyt.till. við tillögu þessa, og er jeg ekki neitt harður á, að þessu, sem breyt.till. fer fram á að sleppa, sje haldið, því jeg get ekki betur sjeð en að tekin sje fram í fyrri hlutanum misþóknun alþingis á síðustu veitingu þessa embættis. Það getur því fallið burt fyrir mjer.

Klemens Jónsson: Jeg get eigi neitað því, að mig furðaði, þegar jeg sá þingsályktunartillögu þessa frá h. þm. Snæf. (J. Þork.) og fleirum koma fram. Mjer þykir satt að segja nokkuð undarlegt, að fara að gjöra þetta núna. Eins og kunnugt er, var hinn núverandi forseti skipaður skömmu fyrir þing 1889. Það hefði því legið nær að taka þetta mál fyrir strax, ef mönnum hefði verið það hugarhaldið. En því var ekki hreift þá og heldur ekki á síðasta þingi, en nú kemur það fram á, þriðja þinginu, frá því embættið var skipað, og eptir

að sá maður, sem það skipar, eins og alkunnugt er, hefur ferðazt um landið í fyrra sumar og kynnt sjer það, og er orðinn fær maður í íslenzkri tungu. Þetta finnst mjer vera að fara aptan að siðunum og hljóta að vera persónulegar ástæður til tillögu þessarar. Þótt tillaga þessi verði dálítið aðgengilegri, ef breytingartillagan kemst að, þá gef jeg henni samt ekki atkvæði mitt.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla nú að byrja á því, að biðja h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) að hafa mig afsakaðan frá, að hafa látið leiðast af persónulegum ástæðum, er jeg skrifaði ásamt öðrum h. þingd.m. undir þessa þingsál.tillögu. (*Bogi Melsted*: Þingm. er eigi upphafsmaður tillögunnar). Slíkt gat mjer ekki dottið í hug. Jeg skal líka geta þess, að mig minnir ekki betur en að þingsályktunartill. hafi áður verið samþykkt hjer á þingi í líka átt og þessi. Að öðru leyti skal jeg ekki vera langorður í þessu máli, en að eins geta þess stuttlega, sem lá til grundvallar fyrir því, að jeg skrifaði nafn mitt undir þessa þingsályktunartill. Það var sjer í lagi það, að eins og hinum eldri þingmönnum er kunnugt, hefur það opt sinnis komið fyrir, að frumvörp frá stjórninni til alþingis hafa verið svo óvönduglega úr garði gjörð, að orðfæri og rjettu íslenzku máli, að það hefur opt bakað þingm. mikla fyrirhöfn og tímatöf, að leiðrjetta alla þá ónákvæmni og málfræðislegu galla, sem þar hafa fundizt. Ef stjórnin skipaði íslenzkan mann í stjórnardeildarforstöðumannsembættið, þá gæti hann yfirfarið og lagfært lagafrumvörpin, áður en þau eru send hingað.

Þetta var það með öðru fleiru, sem mun verða tekið fram í þessu máli áður en lýkur, sem liggur til grundvallar fyrir tillögunni; en jeg skal vera fús á, að ganga að breyt.till. á þingskjali 169, um að síðustu orðin í tillögunni falli burt, ef ske kynni, að þau gætu hneykslað einhvern.

Flutningsm. (Jón Þorkelsson): Jeg þarf að svara dálítið h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.). Hann ljet í ljósi furðu sína á því, að þingið hefði þagað 1889, næsta árið eptir að embætti þetta hafði verið veitt, og eins árið 1891. Jeg verð að segja það sama, að mig furðar líka á þessu; en þar fyrir er alls ekkert á móti að gjöra þessa þingsályktunartillögu nú. Árið 1878 urðu nokkur embættaskipti í íslenzka ráðaneytinu. Þá var danskur maður skipaður skrifstofustjóri; hann var þó kominn af íslenzkri ætt og meira að segja af einni af hinum beztu ísl. ættum, en samt vakti þetta svo mikla óánægju meðal Íslendinga í Khöfn, að þeir kusu menn til þess að fara á fund ráðgjafa, og tjá honum óánægju þeirra yfir því, er orðið var. Árangurinn af þessari áskorun varð sá, að ráðgjafinn viðurkenndi, að æðstu embættin í stjórnardeildinni ættu að vera skipuð innbornum Íslendingum. Lofaði ráðgjafinn að fara að óskum Íslendinga í þessu efni, ef kostur væri á; en þetta loforð sitt hefur hann þótt halda lítt. Árið 1885 deyr svo Oddgeir Stephensen, sem hafði verið stjórnardeildarforstjóri í heilan mannsaldur; þá var skipaður í hans embætti sá, sem jeg gat um áður, að hefði verið skipaður skrifstofustjóri. Þessi maður hafði ekki hið lögskipaða próf í íslenzku, en hann hafði numið íslenzku hjá tveimur Íslendingum í Khöfn. Skrifstofustjóri í hans stað varð svo al-danskur maður, og honum til aðstoðar sömuleiðis danskur maður, að kallað var; en hann var þó reyndar sonur manns, sem lengi hafði verið embættismaður á Íslandi, og þar með numið í skóla í Reykjavík.

Þegar þessi breyting varð í íslenzku stjórnardeildinni, þutu Íslendingar í

Kaupm.höfn upp til handa og fóta með kvörtunum yfir því, að óskum þeirra hefði eigi verið gaumur gefinn, og sneru sjer til þingsins með áskorun, að láta þetta mál til sín taka. Undir þessa áskorun, sem dagsett er í Kaupmannahöfn 12. júní 1885, hafa ritað fyrir hönd Íslendinga í Kaupmannahöfn: »Einar Hjörleifsson, stud. polit., Moritz Halldórsson-Friðriksson, Finnur Jónsson, dr. phil.« Inna þeir svo svör ráðgjafa til beiðni þeirra um íslenzkan deildarstjóra: »Þetta viðurkenndi og ráðgjafi Íslands, herra Nellemann, í svari sínu til sendimanna, er gjörðir voru á hans fund af Íslendingum í Höfn árið 1878, er einn þeirra er nú alþingismaður (þ. e. þáverandi þingm. Suður-Múlasýslu, núverandi bankastjóri Tryggvi Gunnarsson), út af líku máli þá, að æðstu embættin í stjórnardeildinni ætti að vera skipuð innbornum Íslendingum, og lofaði hann, að sjá um, að svo skyldi framvegis verða stillt til, ef kostur væri. — En þetta loforð hefur ráðgjafinn nú ekki munað eða haldið«. Málið kom svo fyrir þing 1885, og var þar gjörð svo hljóðandi ályktun: «Alþingi skorar á ráðgjafa Íslands, að sjá svo fyrir, að hin íslenzka stjórnardeild í Kaupmannahöfn sje skipuð mönnum þeim, er kunna íslenzka tungu til hlítar, og sem beri gott skyn á þau málefni landsins, er stjórnardeildin hefur til meðferðar«. Þessi þingsályktunartillaga var samþykkt í neðri deild, að viðhöfðu nafnakalli, nálega í einu hljóði. »Nei« sögðu: Arnljótur Ólafsson og Þórarinn Böðvarsson, hinn núverandi varaforseti þessarar deildar.

Í efri deild var tillagan einnig samþykkt, með meiri hluta atkvæða, sömuleiðis að viðhöfðu nafnakalli »Já« sögðu: Árni Thorsteinsson, Ásgeir Einarsson, Benedikt Kristjánsson, Einar Ásmundsson, Jakob Guðmundsson, Sighvatur Árnason og Skúli Þorvarðarson, en »nei« sögðu fjórir deildarmenn. Við umræðurnar studdu ýmsir hinir beztu menn þingsins ályktanina, þar á meðal h. þm. Mýr. (B. Kr.). Nú sitja hjer í þessari h. þingd. af þeim, sem þá voru á þingi, þessir háttv. þingm.: H. Kr. Friðriksson, Benedikt Kristjánsson, Þorlákur Guðmundsson, Sighvatur Árnason, Jón prófastur Jónsson og Þórarinn Böðvarsson, auk forseta. Allir þessir greiddu atkvæði með þingsályktunartillögunni 1885, að Þórarni Böðvarssyni einum undanteknum.

Árangurinn af þessari tillögu varð ekki mikill, eins og menn vita, því þegar stjórnardeildarforstjóri Hilmar Stephensen dó, skipaði ráðgjafinn aldanskan mann í embættið, sem reyndar hefur reynzt nýtur og góður maður, en kunni þá ekki íslenzku og hlaut að vera ókunnugur íslenzkum málum. Hvernig þessari embættisveiting hafi verið tekið af almenningi á Íslandi, má sjá á blaðinu »Þjóðviljinn« 1889, 24. bls. Þar stendur: »Forstjóri íslenzku »stjórnardeildarinnar í Höfn er skipaður »Andrjes nokkur Dybdal, danskur maður, ópekktur og atkvæðasmár, sem »aldrei hefur Ísland litið og líklega veit »lítið annað um landið en það sje »dönsk »hjálenda«, sem Danir eigi að »reyna að hafa eitthvað upp úr«. Sumt af þessu er nú sagt nokkuð kesknislega. Það hefði mátt orða það öðru vísi; en hvað sem því líður, þá benda þessi orð á, hvernig menn hjer á landi hafi litið á þessa embættisveitingu.

Þó h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) þyki þessi þingsályktunartillaga of seint upp borin, þá get jeg ekki sjeð, að hann hafi fært neina gilda ástæðu fyrir því áliti sínu. Úr því þingið áður þykist hafa haft ástæðu til að kvarta yfir því, að stjórn-

ardeildarforstjóraembættið var veitt manni af íslenzkum ættum, sem alinn var upp af íslenzkum föður, sem kunni íslenzku, þegar hann fekk embættið og var töluvert kunnugur högum Íslands, þá virðist full ástæða til fyrir þingið, að kvarta yfir því, að embætti þetta er veitt al-dönskum manni. Það gengur því ósvífni næst, að drótta því að oss flutningsmönnum þessarar tillögu, að vjer höfum borið hana fram af persónulegum hvötum.

Jeg skal nú ekki gera mál þetta að neinu kappsmáli, en einungis segja eins og Staðarhóls-Páll, þegar maðurinn spurði, hvort hann ætti ekki að bjarga honum: »Gerðu hvort sem þjer þykir sómalegra«. Jeg mæli nú eins til hinnar virðulegu deildar; hún getur gert hvort sem henni þykir sómalegra, að samþykkja eða fella tillögu, sem fer í slíka átt sem þessi.

Klemens Jónsson: Jeg má nú til að leiðrjetta ræðu h. þm. Snæf. (J. Þork.). Hann sagði, að jeg hefði látið í ljósi, að mig furðaði á, að þessi umkvörtun yfir veitingu stjórnardeildarforstjóraembættisins hefði ekki komið fram áður hjer á þingi, en jeg sagði, að jeg gæti skilið í því, þó þessu máli hefði verið hreift á þingi 1889, en mig furðaði á því, að þessi tillaga kæmi fram nú, og sjá því allir, hversu orð mín eru herfilega rangsnúin.

H. 2. þingm. Rangvell. (Sighv. Árnasyni) vil jeg segja það, að það eru Íslendingar í íslenzku stjórnardeildinni, sem semja eða útleggja þau lagafrumvörp, sem stjórnin leggur fyrir alþingi. Hann verður líka að gæta þess, meðan að íslenzkur maður var stjórnardeildarforstjóri, þá var líka opt kvartað yfir því hjer á þingi, að lagafrumvörp stjórnarinnar væru ekki sem bezt orðuð. Það er ekki svo hægt fyrir þennan embættismann, að koma í veg fyrir, að eitthvað verði fundið að orðfærinu á þessum málum, og getur aldrei verið hans verk sjerstaklega að lagfæra það.

Sigurður Gunnarsson: Jeg þarf ekki að bæta miklu við það, sem h. þm. Snæf. (J. Þork.) tók fram um þessa þingsályktunartillögu. Þó get jeg eigi bundizt þess, að láta í ljósi, að mjer þótti h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) þurfa heldur en ekki að taka í lurkinn á oss, sem skrifað höfum nöfn vor undir þessa tillögu, þar sem hann dróttaði því að oss, að vjer hefðum gjört það af persónulegum hvötum. Hún lítur hlæilega út, þessi aðdróttun, einkum að því er oss snertir, sem aldrei höfum sjeð og aldrei höfum haft nein kynni af þeim manni, sem nú er forstjóri hinnar íslenzku stjórnardeildar. Jeg verð þess vegna sterklega að reka þessa aðdróttun aptur og biðja mig afsakaðan, þó jeg mæli harðlega móti henni. H. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði, að sjer þætti undarlegt, að þingið skyldi gjöra þessa tillögu nú; en eins og h. þm. Snæf. (J. Þork.) tók fram, þá getur það ekki bundið hendur síðari þinga, þó þingin 1889 og 1891 hafi ekki gjört neitt í þessu efni. Ef eitthvert mál er æskilegt á annað borð, þá er það eðlilegt að óskir manna um það komi fram á hvaða tíma sem er; ef það er æskilegt, að forstjóri hinnar íslenzku stjórnardeildar, sem fjallar um Íslands mál, sje nákunnugur Íslands högum og málum þess, sje innborinn Íslendingur, þá er sannarlega eðlilegt, að tillaga í þá átt, sem hjer ræðir um, komi fram frá alþingi Íslendinga, og það hvað eptir annað. Jeg skil heldur ekki að þessi þingsályktunartillaga geti styggt h. stjórn, þar sem hún að eins miðar til að rifja upp fyrir ráðgjafanum þær óskir, sem þingið hefir áður látið honum í ljósi í þessu máli.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.): Jeg var á þingi 1885 og átti þá nokkurn hlut að tillögu þingsins til ráðgjafans. Þar á móti var jeg ekki á þingi 1889, og gat því ekki borið upp neina tillögu í þessa átt á því þingi. Það er því ljóst, að þessi tillaga getur ekki verið sprottin af neinum persónulegum hvötum hjá mjer, enda hefi jeg alls ekkert til þess mann að segja, sem nú er forstjóri hinnar íslenzku stjórnardeildar, en engu að síður verð jeg að telja það óheppilegt, að ráðgjafinn skuli hafa tekið svo lítið tillit til óska þings og þjóðar, sem hann hefir gjört í þessu máli. Mjer finnst það ekkert óeðlilegt, þó þessi þingsál.till. komi nú fram til að ítreka óskir þingsins 1885, þar sem nú er nýkosið þing saman komið. Mjer finnst það þvert á móti mjög eðlilegt.

Breyt.till. á þingskjali 169 sje jeg ekki ástæðu til að aðhyllast.

Guðlaugur Guðmundsson: Af því að jeg er einn af þeim, sem hafa borið fram breyt.-till. við þetta mál, vil jeg leyfa mjer að fara um það fáeinum orðum.

Jeg álít að þessi vegur: að snúa sjer til stjórnarinnar með þingsályktunartillögum, sje talsvert varúðarverður. Jeg held að það sje varlega gjörandi að beita um of þessu meðali, sem er svo hægt að bregða fyrir sig og tekur optast ekki upp nema eina umræðu; það er hætt við að þýðing slíkra ályktuna og virðingin fyrir þeim rýrni, ef of mikið er að þeim gjört.

Tilgangur breyt.tillögunnar er sá, að gefa mönnum kost á að greina fyrri hluta tillögunnar frá hinum síðari og greiða atkvæði um hvorn hlutann fyrir sig. Jeg fyrir mitt leyti álít ekki ástæðu til að greiða atkvæði með síðari hluta tillögunnar, því jeg verð enda að álíta það mjög óviðkunnanlegt og eiga illa við, að taka nú að kvarta undan veitingu þessa embættis, úr því það ekki var gjört fyr. Á undanförnum tveim þingum hafa eflaust setið þeir menn, er sjeð hafa eins glöggt í þessu máli og vjer, og það á því ekki vel við, að taka upp þetta mál nú. Þeir, sem eru mjer samdóma í þessu, ættu því að greiða atkvæði með breyt.till. vor 5 þingdm. á þingskjali 169.

Fyrri hluta þingsályktunartill. get jeg ekki verið samþykkur, eins og hann er orðaður. Vjer höfum í kgsbrjefi 8. apríl 1844 lög um skilyrði fyrir því, að danskir menn geti fengið embætti hjer á landi. Þau lög heimta að eins, að umsækjandinn hafi tekið próf í íslenzku, en hjer er farið miklu lengra og sett harðari skilyrði fyrir þennan embættismann, sem á að sitja suður í Danmörku sjálfri. Það er auðvitað að stjórnardeildarforstjóraembættið er eins þýðingarmikið og jafnvel þýðingarmeira en mörg embætti hjer á landi; en þrátt fyrir það hygg jeg þýðingarlítið fyrir þingið að fara fram á, að rjettur Dana til þessa embættis verði takmarkur eða aftekinn eins og gjört er í þessari þingsál.till. Þingsályktunartillaga sú, sem þingið gjörði 1885, og var lesin hjer upp áðan, fer heldur ekki svona langt. Þetta er sú skerðing á innborinna rjettinum, að jeg er sannfærður, að slíkt verður til engra greina tekið.

Jeg þykist þess fullöruggur, að breyt.-till. vor við síðari hluta tillögunnar verði samþykkt, en þá er fyrri hlutinn eptir, sem hætt er við að menn hafi svo mikið á móti, að tillagan öll falli; en til þess að það verði ekki beinlínis, álít jeg rjettast að sá vegur sje tekinn að koma með dagskrártillögu í þessu máli, og það mun jeg leyfa mjer að gjöra áður er umræðunni er lokið.

Skúli Thoroddsen: Af því að jeg er einn af þeim, sem hafa ritað nöfn sín undir breytingartillöguna við þessa

þingsályktunartillögu, þá vil jeg leyfa mjer að gjöra grein fyrir skoðun minni á máli þessu með fáum orðum.

Eins og þegar hefir verið tekið fram í umræðunum, samþykktu báðar deildir alþingis 1885 þingsályktunartillögu, þar sem skorað var á ráðherra Íslands, að hlutast til um, að forsætið í hinni íslenzku stjórnardeild í Kaupm.höfn væri jafnan skipað þeim manni, er kynni íslenzka tungu til hlítar. Tillaga þessi var, að mínu áliti, sanngjörn og sjáfsögð frá sjónarmiði Islendinga, því að það skiptir oss miklu, að þeir menn sem um mál vor fjalla sjeu gagnkunnugir högum vorum, og skilji tungu vora. En þessa tillögu alþingis 1885 tók ráðgjafinn ekki til greina, þegar stjórnardeildarforstjóraembættið losnaði skömmu síðar við fráfall Hilmars Stephensens, því að þá var skipaður í embættið danskur maður, sem að vísu hafði áður átt sæti í stjórnardeildinni, en sem, eins og eðlilegt var, eigi gat þá verið svo kunnugur tungu og landsháttum vorum, sem æskilegt hefði verið. Þetta atriði, að ráðherra Íslands eigi tók ályktun alþingis frá 1885 til greina, var átalið í blöðunum, og það með rjettu, því að það er skylda þeirra, að vaka yfir rjettindum landsins og gæta þess, hvort stjórnin tekur hæfilegt tillit til skynsamlegra ályktana alþingis.

En síðan þessi breyting á embættaskipuninni í íslenzku stjórnardeildinni var gjörð, hafa liðið tvö þing, alþingin 1889 og 1891, og hvorugt þeirra hreifði þessu máli. Að fara nú að koma með tillögu í þessu máli álít jeg vera »post festum« eða eptir tímann, og frá pólitísku sjónarmiði álít jeg það ekki hyggilegt.

Jeg játa að vísu, að það sje nauðsynlegt að forstjóri sjórnardeildarinnar sje Íslendingur, eða að minnsta kosti maður, er sje vel að sjer í íslenzkum málum; en að því er síðari hluta þingsályktunartillögunnar snertir, þá verður hann að mínu áliti ekki skoðaður öðruvísi en sem persónuleg áreitni til þess manns, sem nú hefir þetta embætti á hendi. Og þegar jeg las þenna síðari hluta þingsályktunartillögunnar, gat jeg því eigi varizt þess, að spyrja sjálfan mig: hefir þingið nokkra ástæðu til að hafa nokkuð sjerstaklega á móti þessum manni? Og mjer fannst, að jeg gæti þá eigi svarað þeirri spurningu öðru vísu en svo, að til þess væri sízt ástæða einmitt nú, er hann vitanlega hefir gjört sjer sjerstakt far um að læra tungu vora og kynnast högum vorum; og þar sem vjer hljótum að geta gengið að því vísu, að ráðherrann myndi ekkert tillit geta tekið til þessarar tillögu, en að maður sá er hjer um ræðir muni að líkindum enn í mörg ár eiga eptir að tást við mál vor, þá get jeg eigi annað en álitið tillöguna mjög óheppilega.

Látum stjórnina og hennar menn brúka sína »títuprjónsstingi«, — jeg hefi kannske orðið var við þá ekki síður en aðrir —, en beitum eigi sjálfir hinu sama, heldur fylgjum áhugamálum vorum með alvöru og festu, laust við alla stjórnarinnar »títuprjós-stingi«.

Af þessari ástæðu hefi jeg undirritað breyt.till.; en af því að jeg felli mig eigi heldur algjörlega við fyrri hluta þingsályktunartillögunnar, eins og hún er orðuð, mun jeg greiða atkæði með þeirri rökstuddu dagskrá, sem h. þm. V.-Sk. (G. G.) ráðgerði að koma fram með, og sem jeg þegar hefi kynnt mjer.

Jón Þorkelsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að spyrja h. þm. V.-Sk. (G. G.) og h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.), hvort þeir vilji þá, að hin rökstudda dagskrá hljóði á þessa leið: »Í trausti þess að ráð-

gjafa Íslands þóknist að sjá svo um framvegis, að íslenzka stjórnardeildin verði ávallt skipuð mönnum, sem kunna íslenzku til hlítar og hafa gott vit á íslenzkum málum, tekur deildin fyrir ekkert mál á dagskrá«? *(Nokkrir:* Að fara heim til nónverðar!); því þetta er síðasta málið á dagskránni í dag.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal leyfa mjer að benda h. þm. Snæf. (J. Þork.) á, að svo lengi sem forseti hefir ekki sagt fundi slitið, þá má æfinlega tala um næsta mál á dagskrá, því hún er ekki úttæmd fyr en fundi er sagt slitið.

Björn Bjarnarson: Jeg vil að eins leyfa mjer að bera af mjer þá aðdróttun, að jeg hafi skrifað undir þingsályktunartillöguna af persónulegum hvötum. Það getur heldur ekki verið umtalsmál, að jeg hafi gerzt sekur í vanrækslu fyrir það, að þessu máli var ekki hreift á þingi 1889 eða 1891, því jeg sat þá ekki á þingi. Skeyti þessi hæfa mig því ekki.

Forseti bar þá upp rökstudda dagskrá, frá Guðlaugi Guðmundssyni, svo hljóðandi:

»Jafnframt því að neðri deild alþingis telur það nauðsynlegt, að forstjóri hinnar íslenzku stjórnardeildar í Kaupmannahöfn sje sem kunnugastur Íslands sjerstöku högum, einkum að hann fullnægi, að því málþekking snertir, þeim skilyrðum, er sett eru í konungsbrjefi 8. apríl 1844, ennfremur konungsúrskurði 27. maí 1857 og 8. febr. 1863 um íslenzkukunnáttu þeirra, er sækja um embætti á Íslandi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Við atkvæðagr. var haft nafnakall, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Kl. Jónsson,	Björn Sigfússon,
Benid. Kristjánss.,	H. Kr. Friðriksson,
Bogi Melsted,	J. Jóns. þm. A.-Sk.,
Guðl. Guðmunds.,	Jón Þorkelsson,
Jens Pálsson,	Ólafur Briem,
Jón Jakobsson,	Sig. Gunnarsson,
J. Jónss. þm. Eyf.	Þ. Guðmundsson,
J. Jónss. þm. Nm.	Þorl. Guðmundsson.
Jón Þórarinsson,	
Sigfús Árnason,	
Sighv. Árnason,	
Skúli Thoroddsen,	
Þór. Böðvarðsson,	

Var hin rökstudda dagskrá þannig samþ. með 14 : 9 atkv. og þingsályktunartill. þar með fallin.

Tuttugasti fundur, mánudag 24. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi nema Jón Jónsson, 2. þm. Eyf., er hafði tjáð forföll.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið tilkynning um, að í nefndinni um frv. til laga um friðun á laxi væri kosinn form. Þorl. Guðmundsson og skrifari Sig. Gunnarsson, og í nefndinni um frv. til laga um vogrek sje kosinn form. Benedikt Kristjánsson og skrifari Klemens Jónsson.

Ennfremur gat forseti þess, að hann hefði fengið bænarskrá frá Stefáni Pálssyni um styrk til að fara utan og læra að sníða og sauma þilskipasegl.

Frumvarp til laga um að leggja jarðirnar Laugarnes o. fl. undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur (C. 282); 3. umr.

Flutningsmaður (*H. Kr. Friðriksson*): Jeg ætla eigi að vera langorður. Jeg vona, að frumv. hafi verið rætt svo rækilega við 2. umr., að þar við þurfi engu að bæta. H. þingdm. er að líkindum orðið það ljóst, af hverjum ástæðum að Reykjavíkurbær fer fram á þetta, og hins vegar hafa þeir einnig sjeð, að ástæður mótpartanna eru eigi

svo mikilvægar, að þær geti verið frumv. þessu til fyrirstöðu; þess vegna vona jeg, að h. deild samþykki það, eins og það liggur fyrir.

Jeg skal einnig geta þess, að mótmælendur hafa fengið töluverðu famgengt af kröfum sínum, með breytingu þeirri, að jörðunum Bústaðir og Skildinganes var sleppt úr frumv. Jeg finn svo eigi ástæðu til að fara lengra út í þetta mál að sinni.

Benidikt Krisjánsson: Jeg verð að láta í ljósi skoðun mína á þessu máli áður en til atkvæða er gengið. Þó að frumv. hafi tekið breytingum við það, að þessar jarðir voru felldar burt, þá er eptir mínu áliti »principið« alveg óbreytt, sem jeg sagði áður að rjeði svo miklu, að þingið ætti eigi að samþykkja slík lög. Jeg tek það því fram, að jeg greiði atkvæði móti frumv.

ATKVGR.: Frumv. samþykkt með 13 atkv. gegn 6. Afgreitt síðan til Ed.

Frumv. til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum (C. 221); 3. umr.

ATKVGR.: Frumv. samþykkt í e. hlj., og afgr. síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um brúargerð á Þjórsá (C. 101, 197); 3. umr.

Jón Jónsson (2. þm. N.-M.): Það hefir komið fram á mörgum þingmálafundum mikill áhugi á því, að brúaðar yrðu helztu stórár landsins. Þessi sama stefna kom einnig fram í kjördæmi því, er jeg er úr, og var samþykkt áskorun til þingsins í þá átt, og sjerstaklega skorað á þingið, að veita fje til brúargerðar á Þjórsá, af því að það var allra álit, að nauðsynin á að fá brúað stórvatnsfall mundi vera þar allra mest; jeg gaf því með mestu ánægju frumv. þessu atkvæði mitt við 1. umr., því það kom þar saman sannfæring mín og kjósenda minna, og þykir mjer jafnan gott, er svo fer. En þegar jeg heyri, að h. 1. þm. Rangv. (Þ. G.) tók það fram, að mjög margir mundu fara á ferju yfir ána en eigi nota brúna, ef tollur yrði á hana lagður, þá varð jeg mjög hikandi í því, hvort jeg ætti að greiða atkvæði mitt með frumv. þessu eða eigi. Það var minnzt hjer á við 1. umr. orð skáldsins, sem kvað, er Ölvesárbrúin var opnuð: »hjer á landi þarf svo margt að brúa«. Bæði Austfirðingar og aðrir landsmenn taka einnig undir þetta. Og jeg verð að segja það, að ef þeir, sem yfir þessa á eiga að sækja, eigi vilja vinna það til, að borga brúartoll heldur en fara á ferju, þá lítur ekki út fyrir, að nauðsynin á því að fá brúna sje sterk. Jeg verð því að álíta meiri nauðsyn að brúa ýmsar aðrar ár en þessa, jeg vil taka til dæmis stórárnar Jökulsá á fjöllum og Lagarfljót. Í frumv. er farið fram á að borgað sje undir hverja kind 5 aur. í brúartoll. En Austfirðingar, sem fara yfir Lagarfljót, verða að borga 5—8 a. undir hverja kind, og mundum vjer fúslega borga það, til þess að geta farið með þær á brú og losast svo við það að bíða 1—2 daga við fljótið, þegar hvassveður eru.

Jeg hreifði þessu af því, að jeg sje mjer eigi fært að greiða atkvæði með þessu frumv., nema því að eins að jeg fái nýjar skýringar frá h. 1. þm. Rangv. um nauðsyn brúarinnar.

Þórður Guðmundsson: Það er eigi í fyrsta sinni, sem vjer Sunnlendingar fáum andmæli frá Norðlendingum gegn samgöngubótum vorum. H. 2. þm. N.-M. (J. J.) tók það fram, að jeg áliti eigi gjörlegt að tolla brýrnar. Þetta er mikið rjett, en gái hann að því, sem á eptir kemur; því, hvað tollurinn skuli

vera hár, var eigi ákveðið í frumv., en hann gat orðið svo hár, að það borgaði sig eigi, að nota brúna, og hins vegar sagði jeg, að það mundi draga úr umferðinni yfir brýrnar, einkum Þjórsárbrúna. En á móti því, að sýslufjelög þessi skuli leggja sinn skerf til brúarinnar á haganlegan hátt, hefi jeg aldrei verið nje sagzt vera.

Jeg álít að h. þm. (J. J. N.-M.) sje nokkuð á undan tímanum, þar sem hann er að tala um toll á Þjórsárbrúnni; það er líkast því, að smíða negluna á undan skipinu, því það liggur í augum uppi, að hún getur eigi verið komin á fyr en 1895; álít jeg því, að þm. geti sparað sjer umræður um toll á Þjórsá til næsta þings.

Jeg vona að h. deild taki ekki til greina þessi andmæli gegn brúnni.

Jeg skal líka taka það fram, að jeg var eigi svo sjerstaklega strangur mótstöðumaður brúartollsins, að hann sjerílagi þyrfti að beina orðum sínum að mjer.

Það er yfir höfuð eigi það fyrsta andmæli frá Norðlendingum gegn samgöngumálum voru, eins og jeg tók fram í fyrstunni, eins og reynslan hefir líka sýnt, að þeim hefir tekizt að tefja fyrir málinu í rúm 20 ár.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg varð dálítið hissa þegar h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) kom með tollinn á brúm inn í umræðurnar um frumv. þetta. En þetta er þó skiljanlegt. Það lítur eigi út fyrir að mikil nauðsyn sje til þess að byggja brú þegar menn rísa öndverðir gegn að á hana sje lagður dálítill tollur, og það er von að ókunnugum mönnum detti í hug, að eigi sje mikil þörf á þeirri brú, sem menn ekki vilja vinna til að greiða dálítinn toll af. En jeg skal taka það fram, að í fyrsta lagi er brúin mjög nauðsynleg, og í annan stað er jeg viss um að andmælendur brúartollsins munu fyr eða síðar sjá það, að skoðanir þeirra standa eigi á föstum grundvelli, enda mundu þeir margfalt fremur vilja borga brúartoll en vera án brúarinnar, ef um tvennt væri að velja. Stæði svo á, að þeir sem brúarinnar njóta, ættu að kjósa á milli brúa með tolli, eða engra brúa, mundu þeir eigi lengi skoða huga sinn um, hvorn kostinn þeir heldur ættu að taka.

Jeg greiði hiklaust atkvæði með brúargerðinni, hvað sem brúartoll líður, því jeg er sannfærður um það, að þótt brúartollur fái eigi framgang á þessu þingi, þá höfum vjer formælendur hans rjett mál að flytja, og á næsta þingi mun það koma fram, þó að svo færi, að við eigi gætum flutt það þá, því þá munu aðrir rísa upp í okkar stað, og fylgja því fram. Það gengur fram á sínum tíma, eins og allt, sem er satt og rjett, og þess vegna þarf það eigi að fæla neinn frá því, að gefa brúargerðinni atkvæði sitt. Jeg fyrir mitt leyti er stjórninni mjög þakklátur fyrir að hafa lagt frumv. þetta fyrir þingið, og vona jeg að hinir háttv. þingdeildarmenn samþykki það.

Landshöfðingi: Það kom mjer eins og h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) mjög á óvart, að nú við 3. umr. frumv. þessa skyldi koma fram mótmæli gegn því, og jafnvel látið í ljósi að rjettast væri að fella það, vegna þess, að þingmenn Rangvellinga væru brúartolli mótfallnir.

Mjer heyrðist á h. 2. þm. N.Múl. (J. J.) að hann álíti, að fyrst h. þingmenn Arnes- og Rangæinga hefði óbeit á brúartolli, þá vildu þeir alls ekkert leggja í sölurnar fyrir brýrnar. En það er alveg óheimilt að segja þetta, því mjer skildist, að orð þeirra færu í þá átt, að þeir hefðu að eins á móti þeirri aðferð, að leggja gjald á þau sýslufjelög, sem mest nota brúna, á þann hátt, að

tolla brúna; því sú aðferð væri óhentug; en eigi móti því að leggja til hæfilegan skerf til brúarinnar. Það er kunnugt, að allir, sem hlut eiga að máli, eru mjög fúsir á að leggja það fram sem þeim bæri, til þess að sýna vott þakklátssemi sinnar fyrir þessi þægindi sem þeir njóta, en sú aðferð, að tolla brúna, þótti þeim óheppileg, fyrir þá sök, að slíkur tollur væri samgöngum til tálmunar, og í annan stað gengi svo mikið af tollinum til innheimtu tollsins, að minnstur hluti hans yrði eptir til þess að kosta viðhald brúarinnar. Það hefir vakað bæði fyrir mjer og h. 1. þm. Rang. (Þ. G.), að það fje, sem kæmi inn fyrir brýrnar, gengi til annars en að viðhalda þeim.

Sighvatur Árnason: Hæstv. landshöfðingi hefir tekið fram það helzta gegn því sem h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) tók fram, en þó ætla jeg að bæta við fáum orðum.

Jeg hugsaði eigi, að slíkt mundi koma fram við 3. umr., að nokkur hefði orð um að fella frumv. Það er flestum kunnugt af umræðunum, líka þeim sem fjær eiga heima, að Þjórsá er ein af stórám á Suðurlandi, sem er mjög nauðsynlegt að brúuð verði, og ef það er nauðsynlegt að brúa á nokkursstaðar á öllu landinu, þá er nauðsynlegt að brúa þessa á. Jeg skal eigi taka hart á orðum h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.); því jeg held að þau sjeu sprottin af misskilningi á orðum h. 1. þm. Rangv. (Þ. G.). (*Jón Jónsson*, 2. þm. N.-Múl.: Alveg rjett skilin). Sje það eigi, þá hefir hann eigi tekið eptir orðum okkar þingmanna Rangæinga og Árnesinga við fyrri umræðurnar. Við höfum aldrei verið á móti því, eins og hæstv. landshöfðingi tók fram, að leggja fram nokkurn skerf til brúnna, eða að borga þetta landsjóðslán, sem þegar er fallið á sýslufjelög Árness- og Rangárvallasýslu. Og þó að slíkt lán yrði numið burt, þá tökum við það fram, að þessi sýslufjelög austan fjalls mundu fúslega vilja leggja eitthvað í sölurnar. Það er að eins mátinn, eins og hinn hæstv. landshöfðingi tók fram, að tolla brýrnar, sem þeir eigi geta fellt sig við, einkum tollinn á Þjórsárbrúnni, því allir, sem til þekkja, sjá, hvað hann er ópraktiskur. Það getur hver maður skilið, hvort menn muni eigi, sem þurfa að taka stóran krók á sig, til að fara yfir brúna á Þjórsá, þegar þeir í góðu veðri á vordag koma að ánni, og þurfa að borga hvort sem þeir fara á ferju eða brúnni, hvort þeir þá muni eigi heldur fara beina leið. Jeg tek það því enn fram, að brúartollur dregur úr umferðinni yfir brúna, einkum á Þjórsá, og þá hverfur tollurinn að því skapi.

Jeg skal svo eigi fara fleirum orðum um mál þetta. Jeg talaði að eins til þess að leiðrjetta og skýra þetta mál, og vona að háttv. þingdeildarm. sjeu samhuga í því að láta þetta frumv. fá fram að ganga á þessu þingi.

Jón Jónsson, 2. þm. N.-Múl.: Það liggur eigi fyrir að ræða um brúartollana, og þess vegna er engin ástæða til þess að tala um það mál. En jeg nefndi brúartoll, af því jeg leiddi það út af orðum h. 1. þm. Rangv. (Þ. G.), að það væri engin brýn nauðsyn að byggja þá brú, sem menn eigi vildu leggja svo mikið í sölurnar fyrir að borga dálitinn toll fyrir að fara yfir hana. Það er öllum ljóst, að það er mjög víða sem nauðsyn er á brú á landi voru, og menn mundu víðast eigi skorast undan að borga toll, og því sýndist mjer að fremur væri nauðsyn að brúa slíkar ár en þessa.

Það er eigi rjett, að jeg hafi lagt til að fella frumv. þetta. Ræða mín miðaði einungis til þess að *gera grein fyrir* atkvæði mínu, svo það þyrfti eigi að koma h. þingdeildarmönnum óvart,

þó jeg greiddi atkvæði á móti frumv. þessu. H. 1. þm. Rangv. (Þ. G.) tók það fram, að þetta væri eigi í fyrsta sinn að mótmæli gegn samgöngubótum sunnlendinga kæmi frá norðlendingum, og hefir hann víst talið austfirðinga með, en þó skal jeg benda h. þm. á það, að það er í fyrsta sinn að nú hefir komið fram á þingmálafundum í Norður-Múlasýslu meðmæli með því, að leggja fram meira fje en vani væri til brúagerða, og þá sjer í lagi nefnd brú á Þjórsá. Það má því snúa við orðum háttv. þm. og segja, og það með sanni, að það sje í fyrsta sinn að komið hafi meðmæli frá austfirðingum um samgöngubætur á suðurlandi. Það kom mjer því undarlega fyrir, að sunnlendingar vildu eigi vinna það til að fá brúna, að borga lágan toll fyrir að fara yfir hana. Það er víst, að á norður- og austurlandi, og víðar annarsstaðar á landinu, eru margar ár, sem nauðsyn væri á að brúa, og þar mundi eigi vera andmælt því, að borga toll af þeim.

Jeg hefi eins og jeg sagði áðan tekið þetta fram að eins til þess, að atkvæði mitt yrði eigi misskilið, því jeg mun greiða atkv. móti frumv., af því að h. 1. þm. Rangv. (Þ. G.) hefir veikt svo mjög trú mína á nauðsyn brúarinnar.

Þórður Guðmundsson: Jeg held að það hafi eigi verið alvara h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) þetta sem hann sagði. (*Jón Jónsson,* 2. þm. N.-Múl.: Fullkomin alvara). Annaðhvort hefir hann eigi heyrt það sem jeg sagði við 1. umr., eða hann hefir misskilið það, og þess vegna vil jeg biðja hann að fletta upp í þingtíðindunum (*Jón Jónsson,* 2. þm. N.-Múl.: Jeg hefi lesið ræðu háttv. þm. hjer á lestrarsalnum, og hermt rjett úr henni), og þá mun hann sjá, að jeg sagði, að jeg væri eigi á móti þeim tolli á brúnum, sem gengi til þeirra sjálfra, en færi eigi í allt annað en viðhaldið á þeim. Jeg hefi margtekið það fram, að jeg væri eigi á móti eðlilegum tolli, sem eigi hepti samgöngurnar, og sem hins vegar gengi allur til þess að viðhalda brúnni.

Af því hjer er eigi um brúartoll að ræða, heldur að leggja brú, þá fjölyrði jeg eigi meir um það.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.): Jeg vil taka undir með h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) og geta þess, að á þingmálafundum í mínu kjördæmi kom fram áhugi á að brúa stórár og sjerstaklega Þjórsá, en jafnframt var sterklega haldið fram brúartolli. Og með því að minnzt hefir verið á brúartoll í sambandi við mál þetta, þá skal jeg mótmæla því sem h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) sagði við 1. umr. brúartollamálsins, að það væri »hreppapólitík« að vilja tolla brýr. Það er öðru nær. Þær tillögur eru sprottnar af sannfæringu um, að það sje alþjóðargagn. Landssjóður má ekki við því, að brúa allar stórár landsins á sinn kostnað, ef hann fær engar tekjur af brúnum. Það þarf því að finna eitthvert ráð til þess, að fylla það skarð, sem brúarbyggingar höggva í fjárstoln landssjóðs. Oss virðist tollur á brúnum vera eina ráðið, og er það því mikið áhugamál, að hann komist á. Jeg leyfi mjer því að skjóta því til h. forseta, hvort honum þyki eigi ástæða til að taka þetta mál út af dagskrá, þangað til sjeð er, hvernig fer um frumv. til laga um toll á brúnum á Ölfusá og Þjórsá.

Forseti: Jeg sje enga ástæðu til að taka mál þetta út af dagskrá að svo komnu.

Björn Bjarnarson: Mjer dettur ekki í hug að þörf sje á því, að brýna fyrir h. þm., hver nauðsyn sje á fyrirtæki því, sem hjer er um að ræða; um það munu allir vera á eitt sáttir. En það,

sem gaf mjer ástæðu til nokkurra orða, var það, að bent var á sem sjerstakt tilfelli, vott um sjerstaka ósjerplægni, að komið hefði áskorun um brúargerð á Þjórsá úr Norður-Múlasýslu. Það leit næstum svo út, sem h. 2. þm. þeirra (J. J.) þætti nóg um þessa góðvild þeirra, og vildi draga úr henni. (*J. Jóns.* þm. N.-M.: Það er ekki rjett). En á það vil jeg benda, að eins og lesa má í fundargjörðum úr Borgarfjarðarsýslu, kom þar fram sams konar áskorun, án þess minnzt væri á brúartoll, eða slíkt gert að nokkurs konar skilyrði fyrir því, að brúnni væri komið á. Lýsir það eigi minni ósjerplægni en fram kom hjá austfirðingum, því að engin bein not hafa Borgfirðingar af brúnum, en borga þó sinn tiltölulega hluta af landssjóðslánum til Ölvusárbrúar að því er til jafnaðarsjóðsins kemur, fram yfir hluttöku annara fjarlægra hjeraða landsins. En auðvitað hefir þetta engin áhrif á atkv. mitt; jeg mundi hafa verið með brúarmálinu hvort sem var og án tillits til brúartolla.

Framsögumaður (Guðl. Guðmundson): Jeg vil að eins taka það fram, að jeg vona, að h. þm. skoði eigi þessar umræður á þann veg, að menn vilji setja brúartoll sem skilyrði fyrir því, að brú sje gerð á Þjórsá, og vona, að menn láti eigi brúna gjalda þeirra mótmæla, sem komið hafa fram móti brúartollinum.

Það var að eins eitt atriði í ræðu hæstv. landsh., sem jeg vil mótmæla, og það voru þau orð hans, að allur brúartollurinn mundi fara í kostnað þann, sem innheimta tollsins mundi hafa í för með sjer. Það þarf hvort sem er að setja fastan gæzlumann og borga honum, en þá getur hann tekið að sjer tollheimtuna án þess bæta þurfi við laun hans, og er það því auðsætt, að ekki mundi neinn aukakostnaður þurfa að stafa af tollinum.

Sú skoðun hefir komið fram í mörgum kjördæmum, að brúartollur eigi að komast á, og er það ætlun mjög margra, að það sje gagn alls landsins. Það er engin ástæða til að kalla það hreppapólitík, þótt h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) og h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) kæmu sjer bróðurlega saman um að tvímenna því orði við 1. umr. um brúartollsfrumv. Þetta er principspursmál; það er spursmálið um, hvort þeir eigi að borga, sem yfir brúna fara, eða kosta eigi þá för þeirra af almannafje og sýslu- og amtssjóði.

Jeg skal ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en vona að h. deild samþykki þetta frumv. Þó að vjer flutningsmenn tollfrumv. viljum hafa toll á brúnum, þá höfum vjer eigi farið fram á, að málið væri tekið út af dagskrá þangað til sjeð væri fyrir, hvað um brúartollinn verður, höfum eigi viljað beita neinni þeirri aðferð til framgangs málsins, er legði á nokkra þvingun eða aðhald. Það sýnir, að vjer viljum eigi láta það verða þröskuld á vegi Þjórsárbrúarinnar.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.): Jeg vil að eins geta þess, að úr því málið var ekki tekið af dagskrá, verð jeg með því að samþykkja frumv. eins og það liggur fyrir. Jeg kannast fullkomlega við það, að hjer er um sannarlegt framfara-fyrirtæki að ræða, og vona að þeir menn, sem það kemur að mestum notum, verði jafnfúsir á að greiða fyrir samgöngum á öðrum stöðum, þar sem mest er þörf á.

Landshöfðingi: Út af mótmælum h. þm. V.-Sk. (G. G.) móti því, er jeg sagði tollheimtukostnaðinn mundu gleypa allan tollinn, leyfi jeg mjer að gera þá athugasemd, að h. þm. hefir engan rjett

til að mótmæla þessu; hann hyggur, að það ekki munu fara svo, en jeg hygg, að það muni verða niðurstaðan. Við getum hvorugir staðhæft neitt um nettótekjurnar af tollinum; það er reynslan ein, sem getur sýnt, hvor hafi á rjettu að standa. Hún leggur fullnaðardóminn á þetta mál, en mótmæli hafa enga þýðing. Þar sem hann færði þá ástæðu fyrir mótmælum sínum, að brúargæzlan kostaði ekki mikið nú, og þyrfti ekki að verða dýrari þó brúin væri tolluð, þá liggur það svar til þess, að nú er brúarvörður ekki ráðinn árlangt, heldur að eins um lestatímann sumar og haust. En sá, sem taka ætti fargjald af hverjum þeim, er yfir brúna færi, yrði að vera þar á verði allt árið dag og nótt, og mundi því verða miklu kaupdýrari. Fyrirhöfnin yrði miklu meiri, þegar tollheimta væri samfara gæzlunni, og mundu menn eflaust kunna að meta þá vinnu til peninga.

Þórarinn Böðvarsson: Umr. manna fara hjer í skakka átt, þar sem mest er talað um brúartoll, en tala á um, hvort þetta sje sæmdaverk, hvort það sje nauðsynlegt. Það mun engum blandast hugur um, að það sje nauðsynlegt og yrði til sóma fyrir landið að vinna slíkt stórverk sem það er að brúa Þjórsá. Fyrst almennt er farið með spádóma hjer, þá vil jeg spá því, að þetta verk mundi mælast vel fyrir, og þjóðin verða þingi og stjórn þakklát fyrir það. Jeg get ekki hugsað mjer að neinn greiði atkvæði móti málinu, og vona, að h. deild, samkvæmt þeirri stefnu, sem hún hefir tekið í þess konar málum, taki frumv. þessu vel.

Framsögumaður (Guðl. Guðmundsson): Jeg vildi að eins gera stutta athugasemd. Jeg tek það fram, að jeg byggði mótmæli mín móti orðum hæstv. landshöfðingja að innheimta tollsins mundi auka kostnaðinn við brúargæzluna, sjerstaklega á því, að nú verður hvort sem er innan skamms að skipa fastan gæzlumann, þó að enginn tollur væri lagður á, og hann mundi ekki verða verulega dýrari, þó að hann ætti að heimta tollinn.

Jeg tek undir með h. varaforseta (Þ. B.) í því, að óska, að ágreiningur um brúartoll verði eigi til að draga úr áhuga manna á þessu máli.

Þorlákur Guðmundsson: Mig furðar á þessum umræðum, þar sem talað er um allt annað mál en það, sem er á dagskrá eða hjer liggur fyrir til umræðu. Enn fremur furðar mig á því, að þær skuli snúast að máli, sem enn er í nefnd, og óvíst um, hver afdrif það fær þar. Jeg mundi og heldur hafa kosið hans vegna, að h. þm. V.-Sk. (G. G.) hefði geymt hugulsemi sína við mig í þessu máli, þangað til það mál kæmi til umræðu, og fá hana þá heldur tvöfalda.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 21 samhlj. atkv. og afgr. til efri deildar.

Frumv. til laga um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga fasteignir á Íslandi (C. 179, 272); 2. umr.

Flutningsmaður (Jón Jakobsson): Jeg finn enga ástæðu til að tala mikið um þetta mál nú. Það fjekk svo góðar undirtektir við 1. umr. og vona jeg að nú verði engi mótstaða móti því. En það hafa komið fram þrjár breytingartill. frá tveim h. þm., sem jeg verð að minnast á. Sú breyt.till. h. þm. Mýr. (B. Kr.), sem er undir staflið a. við 1. gr., þætti mjer eiga betur við í 3. gr., og vil jeg því skjóta því til h. þm., hvort eigi mundi heppilegra að koma með þannig lagaða breyt.till. við 3. gr. til 3. umræðu, en taka þessa aptur. Hin síðari breyt.till. sama h. þm. er til bóta, og er því ekkert því til fyrir-

stöðu að við flutningsmenn föllumst á hana. Breyt.till. h. 1. þm. N.-M. (J. J.) við 3. gr. er óþörf og vart til bóta.

Benedikt Kristjánsson: Jeg lýsi yfir því, að jeg tek aptur breyt.till. undir staflið a, því að hún er óþörf. En hvað snertir breyt.till. undir staflið b, þá mun öllum ljóst, hvert sú breyting stefnir; með henni er ætlazt til að jörð eða jarðeign hjer á landi komist í eign Íslands við næstu eigandaskipti. Ef frumv. gengur fram án þessarar breytingar, geta jarðeignir sem útlendir menn eiga hjer á landi gengið að erfðum eða sölu mann eptir mann og öld eptir öld meðal útlendinga, án þess þær komi nokkurn tíma í eign Íslendinga; en þessi breyt.till. fer að öðru leyti í sömu átt og frumv., og stefnu þess er jeg fullkomlega samþykkur.

Einar Jónsson: Orsökin til þess, að jeg kom fram með breyt.till. við 3. gr., var sú, að í 1. gr. stendur, að enginn utanríkismaður megi eiga jarðir hjer á landi, en í 3. gr. er leyft að selja utanríkismanni jarðirnar um 50 ár. Þetta fannst mjer vera mótsögn, og því kom jeg fram með þessa breyt.till.

Landshöfðingi: Jeg var ekki viðstaddur 1. umr. þessa máls, og er því ókunnugt um, hverjar upplýsingar h. flutningsm. hafa gefið þingdeildinni um ákvæði frumvarpsins. Þess vegna leyfi jeg mjer nú að leita upplýsingar hjá þeim um eitt atriði. Í 1. gr. stendur, að enginn utanríkismaður megi eiga fasteignir hjer á landi, og í 3. gr., að enginn megi selja slíkum manni fasteign. Skilja hinir h. flutningsm. það svo, að utanríkismenn megi ekki fá afsalsbrjef fyrir jörðum hjer á landi, nema þeir sje áður orðnir bólfastir hjer? Jeg vil spyrja, hvort þeir skilji ekki þessi ákvæði svo, að það sje nægilegt, ef hlutaðeigandi gefur skýra yfirlýsingu um, að hann ætli að búsetja sig hjer á landi. Væri hitt meiningin, mundi það verða afarerfitt fyrir erlenda menn, sem vilja setjast hjer að og í því skyni eignast hjer fasteign, að framkvæma þá fyrirrætlun sína.

Flutningsmaður (*Jón Jakobsson*): Það er alls ekki meiningin, að útiloka utanríkismenn frá eignum og aðsetu hjer á landi eða koma í veg fyrir það gagn, sem landið getur haft af því, að duglegir og efnaðir menn ílendist hjer, og þess vegna ekki heldur tilgangur okkar flutningsmannanna að gjöra útlendum mönnum, sem ætla að setjast hjer að, örðugt fyrir að fá afsalsbrjef, en frumv. er komið fram í því skyni, að fyrirbyggja, að landið verði fótaskinn jarðeiganda, er sitji í öðrum löndum og hugsi um það eitt, að ná sem mestu afgjaldi af jarðeignum þessa fátæka lands. En einkum er það stílað upp á þá, sem fara hjeðan til Ameríku frá jarðeignum sínum og láta þær eptir í höndum leigulíða, því að það er full ástæða til að óttast, að þeim jörðum mundi verða illa borgið og þær níðast, sem væru í eigu Íslendinga, er komnir væru til Ameríku.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) hefir skilið 3. gr. svo, að menn megi selja utanríkismönnum fasteignir um 50 ára tíma, en það er alls eigi meiningin. Það má leigja þær en alls ekki selja, eins og frumv. ber með sjer.

Landshöfðingi: Jeg tek það fram, að jeg er í alla staði ánægður með skýringar h. flutningsm. (J. Jak.). Jeg bar upp spurning mína einungis til þess, að sjest gæti í þingtíðindunum, hvernig þingið hefði skilið þetta ákvæði.

Viðvíkjandi breyt.till. við 3. gr. vil jeg geta þess, að mjer þykir betur orðað í sjálfu frumv., einkum ef orðinu heldur væri bætt inn í á eptir nje. Í frumv. er bannað að selja utanríkismönnum jarðir og verður sá er brýtur,

sekur eptir 4. gr., en eptir breyt.till. er það ekki lagabrot að selja utanríkismanni fasteign; aptur á móti liggur há sekt við að leigja fasteign lengur en 50 ár. Það væri mjög ósanngjarnt að leggja mikla sekt við því, að leigja um of langan tíma, en enga sekt við því að selja.

Einar Jónsson: Jeg skildi frv. svo, að ætlazt væri til, að ekki mætti selja utanríkismönnum jarðeignir, og því er jeg samþykkur. En mjer fannst það liggja í 1. gr., og áleit því, að fyrri hluti 3. gr. væri óþarfur og mætti fella hann úr. Það kann að þykja hart, að þessi háa sekt liggi við að leigja til lengri tíma en 50 ára, en mjer þykir rjettast, að sama sekt liggi við því og rangri sölu. Jeg verð því að halda mjer til breyt.till. minnar.

Flutningsmaður (Jón Jakobsson): Jeg er þakklátur hæstv. landshöfðingja fyrir þær bendingar, sem hann hefir gefið. Jeg hefi við nánari umhugsun sjeð, að 3. gr. er betri eins og hún er í frv., en breyt.till. sú, sem gerð hefir verið við hana af h. þm. N.-Múl. (E. J.) og vil því ráða h. deild að fella hana.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr. b. (173) samþykkt með 21 samhlj. atkv., 1. gr. frumv. með áorðinni breyt. samþ. í e. hlj., 2. gr. óbreytt samþ. í e. hlj.; breyt.till. við 3. gr. (199) felld m. 19 atkv. gegn 1, 3. gr. frumv. óbreytt samþ. með 20 samhlj. atkv., 4. gr. samþ. í e. hlj. Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frv. til laga um varnarþing í skuldamálum og um ýms viðskiptaatriði (C. 189, 294, 302); 2. umr.

Flutningsm. (Klemens Jónsson): Jeg skal ekki vera langorður í þetta sinn, þar sem engin veruleg mótmæli hafa komið fram við 1. umr. En nú hafa komið fram tvær breyt.till. og skal jeg fara nokkrum orðum um þær.

Sú sem stendur á þingskjali 198 er að eins orðabreyting, sem miðar til bóta og hef jeg ekkert á móti henni.

En breyt.till. þá, sem h. þm. Borgf. (B. B.) hefir borið fram á þingskj. 193, get jeg ekki aðhyllzt. Það er engin ástæða til að fella orðið »ótvíræð« burt úr 2. gr. Mótmæli eru því að eins tekin til greina við dómstólana, að þau sjeu ótvíræð og skýr, og er engin ástæða til að draga úr þeirri kröfu. Þá leggur hann til, að 3. gr. sje felld eða með öðrum orðum það ákvæði, að löggiltar verzlunarbækur sjeu full sönnun nema annað sannist að lögum, eða skuldunautur synji fyrir skuldina með eiði; þess háttar ákvæði eru alveg nauðsynleg fyrir viðskiptalífið, og get jeg því eigi álitið það rjett, að fella þetta ákvæði í burtu. Það er til tilskip. frá 1. júní 1832, sem gildir í Danmörku um þetta efni, en hún hefir ekki verið lögtekin hjer og því eigi gildandi hjer, þó þess sje dæmi, að henni hafi verið beitt hjer stöku sinnum. Það er því full ástæða til að kveða skýrt á um þetta atriði og það því fremur, sem þau einu gildandi lög í þessu efni í tilskip. 13. júní 1787, 17. gr., um löggiltar kontrabækur, aldrei eru brúkuð, enda fara þau enn þá lengra í þessa átt en hjer er farið fram á. Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara frekar út í málið að sinni, en jeg vona, að h. deild hafi kynnt sjer ástæður þær, sem mæla með frumv., og fallizt á, að það miði til að tryggja almenn viðskipti, og sje til bóta fyrir báða málsaðila. Jeg vona því, að h. deild samþ. frv.

Landshöfðingi: Það er eins með þetta mál, eins og næsta mál á undan, að jeg var ekki viðstaddur, þegar það vað til 1. umr. hjer í deildinni. Jeg verð

þess vegna að biðja afsökunar á því, að jeg leyfi mjer nú að fara nokkrum orðum um málið í heild sinni.

Mjer dettur ekki í hug, að efast um, að h. flutningsm. hafi borið málið fram í »góðum tilgangi«, eins og menn svo opt komast að orði; en jeg get ekki verið fullkomlega samþykkur stefnu þessa frumv. Hver er eiginlega tilgangur þess? Hann virðist einkum vera sá, að gjöra skuldheimtumönnum þeim, sem nefndir eru í öðum lið 1. greinar, hægra fyrir að ná inn skuldum sínum. Hver mundi svo verða afleiðing af því, að kaupmönnum væri gjört hægra fyrir að ná inn skuldum sínum? Án efa sú, að þeir yrðu enn fúsari en áður á að lána. Skuldasúpan, sem allir kvarta undan, mundi þá ekki minnka við lög eins og þessi, heldur miklu fremur aukast að mun. Þetta ættu h. þingdm. að athuga áður en þeir gjöra þetta frumv. að lögum.

Auk þessa finnst mjer í 1. gr. vera taldir svo margir auk kaupmanna, sem ekki sýnist vera sjerleg ástæða til að hjálpa með lögum til að ná inn skuldum sínum. Þar eru taldar t. d. veitingamenn. Hvaða ástæða er til að láta þá eiga hægara með að ná inn skuldum, t. d. fyrir nokkur glös af »toddy«, sem þeir kynnu að hafa lánað út, en mörgum öðrum, sem hafa viðskipti við menn? Hvaða ástæða er til þess, að t. d. bóksalar láni út bækur sínar?

Yfir höfuð finnst mjer gengið út frá því í frumv., að menn kaupi ekki fyrir peninga, heldur fái allt að láni, og ef frumv. þetta yrði að lögum, mundi afleiðingin verða sú, að kaupmenn yrðu fúsari en áður á að lána vörur sínar, því með þessum lögum hefðu þeir tryggingu fyrir því að geta náð skuldum inn talsvert greiðlega.

Sighvatur Árnason: Þegar breyta á gömlum og inngrónum rjettargangsmáta, eins og þetta frumvarp fer fram á, þá er nauðsynlegt að íhuga slíkt mál vel og vandlega. Við að íhuga þetta frumv. hefir mjer fundizt það athugavert, enda í öðrum og fleiri atriðum en hæstv. landshöfðingi benti á.

Í fyrsta lagi vildi jeg spyrja h. flutningsmenn, hvort það væri meiningin, ef 1. gr. frumv. yrði að lögum, að ákvæði hennar næðu til eldri skulda, t. d. þeirra, sem stofnaðar væru fyrir 20 árum síðan o. s. frv., eða að eins til þeirra skulda, sem mynduðust eptir að lögin væru komin út. Eptir orðum frumvarpsins virðast ákvæði þessi ná bæði til eldri og yngri skulda.

Í öðru lagi skal jeg taka það fram viðvíkjandi þessum öðrum lið 1. gr., þar sem upptalningin er á þeim mönnum, sem þessi rjettur á að veitast, að jeg er á sama máli og hæsvt. landsh. um það, að hjer sje gengið of langt í upptalningunni.

Þá stendur í niðurlagi annars liðs 1. gr., þegar búið er að telja upp ýmsa, sem þessi lög eru sett fyrir: »og aðrir, sem slíkt stendur á með«. Hverjir eru það? Ætli það yrði ekki vafasamt álitamál, hverjir ættu að ganga næst?

Fleira er athugavert við þetta frumv. Þegar skuldheimtumenn t. d. færu að stefna mönnum utan þess lögsagnarumdæmis, sem skuldin er stofnuð í, eins og rjett er eptir 4. gr., þá gæti svo farið, að t. d. manni í Vestur-Skaptafellssýslu væri stefnt til að mæta sama daginn vestur á Eyrarbakka og austur á Papós. Hvernig hugsa flutningsmenn sjer að þá eigi að fara að? Jeg býst við, að þeir svari mjer því, að hinn stefndi verði að hafa umboðsmann, að minnsta kosti á öðrum staðnum. En nú gerir frumv. ráð fyrir að maður geti synjað fyrir skuld með eiði, og hvernig ætti þá að fara að í dæminu, sem jeg tók áðan, því maður-

inn getur þó ekki mætt í eigin persónu á tveimur fjarlægum stöðum á sama tíma eða sama daginn, en auðveldlega gæti þó svo á staðið, að í báðum reikningunum væru þau atriði, sem maðurinn vildi synja fyrir með eiði.

Það er líka fleira, sem jeg hefi á móti þessu frumv., en jeg skal ekki fara út í það á þessu stigi málsins.

Björn Bjarnarson: Þó jeg hafi komið með breyt.till. við þetta frumv., þá er það ekki af því, að jeg sje sjerlega hrifinn af því. 'Eins og hæstv. landshöfðingi benti svo rjettilega á, virðist frumv. vera byggt á þeirri framfaralegu!! von og trú, að hjer á landi geti ekki átt sjer stað önnur verzlun en skuldaverzlun. Þessa trú vil jeg ekki glæða og allra sízt löghelga.

Það er margt fleira athugavert við frumv., en það, sem þegar hefir verið tekið fram. Í öðrum lið 1. gr. er það tekið fram, að lögin nái til þeirra einna skuldaskipta, er skuldheimtumaður er kaupmaður, eður hefur á annan hátt atvinnu sína af viðskiptum. Þetta ákvæði sýnir, að lögin eiga ekki að ná til bænda, landbænda og sjávarbænda, sem þó hafa mikil viðskipti hverjir við aðra. Kaupafólk frá sjáfarbændum á t. d. opt kaup sitt eptir hjá landbændum og eins útgerðarmenn hjá sjáfarbændum, en með þessum lögum er húsbændum þeirra, hvorra fyrir sig, ekki hjálpað til að ná því. Til þessara viðskipta er ekkert tillit tekið í frumv., og eru þau þó ekki svo þýðingarlítil. Það nær að eins til kaupmanna eður þeirra, sem hafa atvinnu af verzlun, en ekki til allra almennra viðskipta, og er þannig hvorki heilt nje hálft. Ef nokkur rjettarbót á að verða að lögum um þetta efni, þá verða þau að ná einnig til annara viðskipta en þeirra, sem nefnd eru í þessu frumv.

Ef jeg sný mjer að breytingartill. þeim, sem jeg hefi komið fram með á þingskjali 193, þá miða þær til að gjöra frumv. aðgengilegra fyrir mig.

Í 2. gr. er svo ákveðið, að maður, sem fengið hefur reikning yfir viðskipti sín, skuli innan 6 mánaða frá því hann meðtók hann hafa komið fram með »ótvíræð« mótmæli gegn því í honum, sem hann ekki kannast við. Jeg held þetta ákvæði um »ótvíræð« mótmæli, hafi litla þýðingu. Hver á að skera úr því, hvort mótmælin sjeu ótvíræð eða ekki? Það er sjálfsagt dómstólanna að skera úr því, því tvíræð verða þau líklega í flestum tilfellum, þó þau sjeu á rjettum grundvelli byggð; hlutaðeigendur ráða þau, líta á þau, sinn á hvern veg.

3. gr. frumv. virðist mjer þýðingarlaus með öllu, því það er vitaskuld, að skuldheimtumaður og skuldunautur verða báðir að sanna á löglegan hátt, að reikningur þeirra sje rjettur. Að gefa þessum bókum svona mikið sönnunargildi, virðist mjer varúðarvert, því það þekkjum vjer þó ósköp vel, að misritast getur í þessar bækur; en opt getur verið erfitt að sanna það eða að synja með eiði fyrir, að þetta eða hitt hafi verið tekið út í reikning manns. Maður tekur t. d. út í reikning sinn hjá kaupmanni og deyr skömmu seinna; hvernig á þá dánarbú hans að synja fyrir með eiði, að hann hafi tekið eitt eða annað út, sem menn þó grunar að hann hafi ekki tekið? Það kemur svo opt fyrir, að ekki er gengið að þeim, sem skuldina hóf. Þessi 3. gr. er að mínu áliti þýðingarlaus eða skaðleg, og ræð jeg því til á breyt.till. 193, að hún sje strykuð út.

Yfir höfuð finnst mjer megi hlíta þeim rjettarfarsreglum, sem hingað til hefur verið farið eptir í skuldamálum, og þó jeg kunni að greiða atkvæði með þessu frumv. nú til 3. umr., ef breyt.-

till. mínar verða samþykktar, þá skuldbind jeg mig ekki þar méð til að greiða atkvæði með því við 3. umr.

Jón Þórarinsson: Jeg tel það mjög óheppilegt fyrir mál þetta, að hæstv. landshöfðingi var ekki viðstaddur við 1. umr. þess, því að þótt menn verði að játa, að hjer sje um nytsemdarmál að ræða, þá er það eigi að síður vandamál, og hefði því verið æskilegt, að hafa þá þegar fengið að heyra athugasemdir hæstv. landsh. við það.

Jeg er ekki eins trúaður og hæstv. landsh. á, að ef frumv. þetta yrði að lögum, þá mundi það auka skuldasúpuna; jeg held þvert á móti, að menn mundu þá verða gætnari að taka lán en nú gjörist. En þótt mjer geðjist að frumv. yfir höfuð, hefði jeg þó óskað ýmsra breytinga á því, en því miður hefur tíminn verið nokkuð naumur, til að athuga frumv. svo rækilega sem skyldi, og fari svo, að frumv. falli á þessu þingi, þá vildi jeg óska, að stjórnin sjálf fyndi tilefni til, að flytja málið á næsta þingi, enda finnst mjer það fremur þess eðlis, að stjórnin beri það fyrir þingið en einstakir þingmenn; það er eitt af þeim málum, sem þarf töluverðan undirbúning og töluverðan tíma, til að setja sig vel inn í það, og gjöra sjer grein fyrir, hverjar afleiðingar það mundi hafa.

Jeg hefi ekki talað þetta til þess að spilla fyrir málinu, eða af því, að jeg muni greiða atkvæði móti því, heldur til að benda á, að mjer sýnist hjer vera um töluvert vandamál að ræða, og að ástæða mundi til að fresta um stund næstu umræðu þess, svo að þm. gæfist sem beztur kostur á, að íhuga það.

Guðlaugur Guðmundsson: Það hefur verið minnzt á stefnu og tilgang frumv. þessa, og búizt við, að það mundi verða til þess, að steypa mönnum í skuldasúpu, yrði það að lögum. En jeg get ekki aðhyllzt þá skoðun, að afleiðing þess muni verða, að verzlunarskuldir aukist. Einn af h. þm. minntist á, að hjer ætti að breyta gömlum og inngrónum rjettargangsmáta. Það er rjett, í einu atriði á að gjöra það, og jeg skal játa, að honum er breytt þannig, að í fljótu bragði gæti sýnzt, að breytingin stuðlaði til að auka skuldaverzlun; það má segja sem svo, að kaupmenn muni verða fúsari á að lána, eptir en áður, en jeg hygg, að þeir hafi þegar fengið þá reynslu af skuldaverzlun, að þeir muni heldur vilja takmarka hana en auka, og hins vegar mundu lögin hafa þá afleiðing, að menn mundu gjörast varasamari að taka til láns, það er að segja þeir menn, sem nokkuð hugsa um að borga skuldir sínar; um hina er síður að tala; og eptir að til lánanna er stofnað, mundu þau hafa þá afleiðingu, að hægra yrði fyrir kaupmenn, að krefja inn skuldir. Eptir gildandi lögum má telja, að útistandandi skuldir í fjarlægð við skuldheimtumann sjeu einskis virði, ef skuldunautur vill ekki borga þær sjálfviljuglega; kostnaður við innheimtu þeirra er að jafnaði svo mikill. Afleiðingin af þessu er sú, að kaupmenn tapa á þennan hátt tugum þúsunda árlega, en af því leiðir aptur, að kaupmaðurinn verður að leggja á verzlunina, til að ná sjer heim, svo að þeir, sem skilvíslega verzla, verða að gefa stórum meira fyrir vörur sínar en þeir ættu að rjettu lagi að gjöra. Þessu vill frumv. reyna að kippa í lag.

Jeg ber fullkomlega það traust til kaupmanna og bænda, að þeir láti ekki þetta frumv., þótt það verði að lögum, leiða sig út á neina hættubraut í verzlunarviðskiptum, enda getur hættan í raun rjettri ekki orðið meiri en undir

núgildandi lögum. Jeg get alls eigi sjeð, að frumv. löghelgi þá stefnu, að eigi skuli hönd selja hendi.

Viðvíkjandi spurning h. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) um það, hvort lögin ættu einnig að ná til eldri skulda, þá get jeg svarað h. þm. (Sighv. Á.) því, að lagafrumv. borið saman við almenna lögskýring og rjettarfarsvenju svari þessu sjálft. H. þm. Rangv. (Sighv. Á.) þótti sem það mundi hafa mikla erfiðleika í för með sjer, ef sama manni væri stefnt að mæta á tveim fjarliggjandi varnarþingum sama dag, sjerstaklega ef hann þyrfti á báðum stöðum að vinna synjunareið. Jeg held þetta sje sprottið af óljósum hugarburði og ófullkominni þekkingu á rjettarfarslögunum.

Eptir núgildandi lögum getur það komið fyrir, að manni sje stefnt að mæta á þrem varnarþingum, sama daginn: á heimilisvarnarþingi, á varnarþingi, sem hann hefur sjálfur lofað að mæta á, og á fasteignarvarnarþingi (forum rei sitæ), og að hann þurfi að vinna synjunareið á öllum þrem stöðunum. Jeg að eins bendi á þetta, en lítt er hugsandi, að eiðstefnan komi fyrir á tveim stöðum sama daginn; í öllu falli getur slíkt eins komið nú fyrir, eins og þótt frumv. þetta verði að lögum.

Jeg tek undir með h. flutningsmanni (Kl. J.), að jeg hef ekkert verulegt að athuga við breyt.till. á þingskjali 198, en breyt.till. á þingskj. 193 álít jeg til mikils skaða, sjerstaklega þá tillögu, að 3. gr. sje felld úr frumv. Jeg sje ekkert varúðarvert við, að bækur þær, sem þar ræðir um, hafi það gildi, sem þeim er þar ætlað að hafa. Tilskipunin 1832 er ekki lög hjer, og því dugar ekki fyrir h. þingm. Borgf. (B. B.) að vitna til hennar. Hins vegar eru það talsverðar líkur fyrir, að skuld sje rjett, ef hún er færð samhljóða til í tveimur verzlunarbókum; en komi það tilfelli fyrir, að hún sje það ekki, þá fæ jeg ekki betur sjeð en að rjettur skuldunauts sje allveg tryggður með ákvæðum 3. gr.

Ef um dánarbú er að ræða, þá er hjer eins og í öðrum tilfellum, að erfingjarnir hafa synjunarrjett, eins um þessar skuldir, sem aðrar.

Flutningsmaður (Klemens Jónsson): Jeg játa að það var tilgangur minn með frumv. þessu, að reyna að girða fyrir, að bændur þyrftu að borga helmingi hærri málskostnað í skuldamálum en vera þyrfti, ef viðkomandi mætti á varnarþingi skuldheimtumanns, því að þegar fyrirtökudagur málsins er bundinn við þann tíma, sem frumv. gjörir, þá verður málsreksturinn optast nær þeim kostnaðarlítill, og að gjöra mönnum, sem einkum þurfa að lána út, enn hægra fyrir, að ná inn skuldum sínum. Mjer var eigi ókunnugt um, að hæstv. landsh. tók eins í málið, þegar það var fyrir þinginu 1889, eins og nú; hann kvað skuldasúpuna mundu vaxa. Um þetta getur að vísu enginn sagt með áreiðanlegri vissu; en líkindi er ekki mikil til þess, og einmitt af því, að kaupmenn sjálfir hafa fundið svo til lánsverzlunarinnar, að þeir eru mjög farnir að takmarka lán sín; að minnsta kosti er það svo, þar sem jeg þekki til.

Hæstv. landsh. taldi ýmsa af þeim, er taldir eru í frumv. mundu, hafa hag af því, meiri en ástæða væri til, og skal jeg játa, að jeg er honum samdóma að því, er veitingamenn snertir; en því er ekki eins háttað með bóksala. Það er alkunnugt, að útgáfa bóka og blaða er kostnaðarsöm og að borgun greiðist ekki fyrir fram, og að skuldheimta er erfið fyrir þá; það virðist því nauðsynlegt, að ákvæðið nái einnig til þeirra.

H. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) þótti það óákveðið orð: »og aðrir sem líkt stendur á með«. En þess er að gæta, að hjer á landi geta komið upp nýir atvinnuvegir, sem ættu að heyra inn undir ákvæði frumv. þessa, og fyrir þá sök er að minnsta kosti ekki ástæðulaust, að orða þessi ákvæði eins og nú er gjört í frumv.

Jeg skal bæta því við ræðu h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), að ólíklegt er, að sá, sem fyrir skuld er stefnt, þurfi þegar í stað að vinna synjunareið, og engin líkindi eru til, að hann þurfi að vinna hann annarsstaðar en á sínu eigin varnarþingi.

H. þm. Borgf. (B. B.) þótti frumvarp þetta að eins koma einstökum mönnum að haldi, en bændur nytu ekki góðs af því; en jeg skal geta þess, að hjer var ekki hægt að fara lengra en farið er. En í efri deild er nú frumv. um vald sáttanefnda til að afgjöra smærri skuldamál, og verði það mál haganlega til lykta leitt, þá mun bændum allvel borgið.

Þórður Guðmundsson: Þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, er að mínu áliti eitt af hinum stærri málum, er fyrir liggja; tilgangurinn með því er að minnka skuldir í landinu; en þegar slík mál koma fram, fer vanalega svo í fyrstu, að skoðanir manna eru skiptar um það, hvaða vegur er heppilegastur til að breyta til batnaðar, og hjer í h. deild eru þegar tvær andstæðar skoðanir. Aðrir halda, að þetta ákvæði, sem frumv. fer fram á, verði til að minnka verzlunarskuldirnar, en hinir, að það verði til þess að þær hækki. Hitt eru víst allir samdóma um, að það sje sannarlegt nauðsynjamál, að reyna að rjetta þetta öfuga skuldaverzlunarlag, sem er hjer á landi, og jeg fyrir mitt leyti er á því, að þetta frv., þó það vitanlega fyrst í stað kunni að verða erfiðleikum bundið fyrir lántakendum, verði það þó til mikilla bóta, þegar frá líður og menn fara að venjast því. Menn munu fljótt reka sig á og sjá hvað lögin meina, og það getur orðið til þess, að þetta skuldaólag lagist eitthvað. Jeg skal reyndar fúslega játa, að jeg álít, að kaupmenn sjeu mikið valdir að því, hve miklar skuldirnar eru, en þeim er þó ekki að kenna um allar skuldir, heldur eru þær líka bændum sjálfum að kenna. Jeg hef aldrei heyrt á það, að kaupmenn sjeu að bjóða að lána mönnum eða ginna menn til þess að lána, heldur hitt, að lántakandinn biðji og leggi að þeim með að lána sjer. Aðalatriðið í frumv. er að breyta varnarþinginu, og það er það, sem sumum þykir svo voðalegt. Jeg fellst reyndar á þá skoðun h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.), að heppilegast væri, að stjórnin kæmi með slíkt frumv.; en það er ekki til neins að tala um það nú, frumv. liggur nú fyrir; að vísu álít jeg þörf á að gera nokkra breytingu við frumv., og mun jeg ásamt nokkrum þingdm. koma með þær til annarar umræðu. Jeg fyrir mitt leyti er því sinnandi, að það gangi fram. Það veitir sannarlega ekki af því, að sem fyrst sje eitthvað gert til að reyna að frelsa landið frá þeim sterku fjötrum, sem skuldaverzlunin leggur það í.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg get eigi tekið undir með þeim h. þingdm. (Þ. G.), sem nú settist niður, í því, að jeg sje sinnandi þessu frumv. Það var tekið fram þessu máli til stuðnings að málsókn yrði minni eða að málskostnaðurinn yrði ekki eins voðalegur; en það get jeg ekki sjeð. Jeg get ekki sjeð annað, en að málsóknir verði mjög tíðar, komist þessi breyting á, og sá kostnaður getur orðið ekki síður tilfinnanlegur fyrir bóndann, að fara að heiman frá búi sínu og ferðast langar leiðir

til að mæta fyrir rjetti í fjarlægu hjeraði og standa fyrir máli sínu, þegar ef til vill verst stendur á fyrir honum, og það máske fyrir litla skuld. Um það, hvort þessi breyting muni verða til þess að auka eða minnka verzlunarskuldirnar er vitanlega ekki gott að segja um fyrir fram með neinni vissu; jeg held, að það verði til að auka þær, og það væri sannarlega óheppilegt og illa farið. Jeg hygg, að flestum þingmönnum sje kunnugt, hvernig skuldirnar eru til komnar; þær eru opt stofnaðar í kauptíð, og það án þess, að kaupmenn sjálfi viti, hve mikil skuld hvers einstaks manns er. Þeir hafa opt sjálfir sagt mjer, að þeir hefðu ekki trúað því, að hún væri komin svo hátt. Að þetta verzlunarólag lagist, er engin von til meðan verzlunin er peningalaus, og eina ráðið til að skuldirnar minnki, er, að hönd selji hendi; en eins og nú er, og verður því fremur, ef þetta frv. nær fram að ganga, þá er öll ástæða til fyrir kaupmennina að reyna að koma út vörum sínum, sem þeir hafa lagt á svo eða svo mikið, sumir 1/4 og aðrir allt að 1/2. Jeg hef í yfirskattanefndinni haft tækifæri til að kynna mjer reikninga kaupmanna og sjeð hvað þeir leggja mikið á vörur sínar, að jeg ekki tali um, að einn kaupmaður játaði hreinskilnislega, að hann setti vörur sínar upp um helming. Af þessum og fleiri ástæðum er það, að jeg verð að vera á móti frumv. Jeg get ekki skilið 1. gr. öðruvísi en að ákvæðin nái til allra skulda, bæði þeirra, sem þegar eru stofnaðar og hinna, sem hjer eptir kunna að verða stofnaðar. Nú vil jeg spyrja, því mjer er það ekki ljóst, hvernig á að fara með þær skuldir, sem stofnaðar eru fyrir löngum tíma, t. d. fyrir heilum mannsaldri, eða snemma á þessari öld, að maður fari ekki að tala um þær, sem kynnu að vera frá hinni öldinni? Sumir af þessum lántakendum kunna nú að vera orðnir svo gamlir eða af einhverjum orsökum svo hindraðir, að þeim sje eigi unnt að mæta; fyrir þessu er ekkert ráð gert í frv. Hvernig ætli kaupmönnum þætti það ákvæði, að þeir ættu að mæta þar, sem þeir hafa stofnað skuldir sínar? Það mun reyndar líklega ekki liggja fyrir okkur, að gjöra ákvæði um það, og skal jeg því ekki fara fleirum orðum um það. Annars finnst mjer rjett, að láta sitja við hin gildandi lög um þetta, og finn jeg því ekki ástæðu til að gefa frumv. mitt atkv.

Jón Jónsson, 2. þm. N.-M.: Af því mál þetta er að mínu áliti vandamál, þá vil jeg leyfa mjer að stinga upp á að vísa því til þeirrar nefndar, sem skipuð er til að íhuga verzlunarmál landsins.

ATKVÆÐAGR.: Till. felld með 12 : 6 atkv.

Landshöfðingi: Það sem jeg talaði á móti þessu frumv., átti helzt við 1. gr. þess í sambandi við 4. gr. Ákvæðin í þessum greinum eru þannig löguð, að jeg get eigi fellt mig við þau; þau eru sumpart óviðfelldin og sumpart óeðlileg. Þessi upptalning, sem er í enda 2. málsgreinar í 1. gr., finnst mjer ekki ætti að vera, t. d. með veitingamenn; sje jeg alls enga ástæðu til að gjöra þeim svo mikið ljettara fyrir að ná inn skuldum sínum; um lyfsala og bóksala hef jeg ekki neitt sjerstakt að athuga. Það var tekið sjerstaklega fram um kostnaðarmenn blaða, að þeim væri sjerstaklega ætlað að njóta þessara hlunninda; jeg er á sömu skoðun og jeg var áður, að til þess sje engin ástæða. Jeg álít, að það væri miklu betra að hafa hjer sömu aðferð og í útlöndum, að blöðin væru borguð fyrir fram; það er vitanlega það sama fyrir þann sem kaupir, þó hann borgi strax

og hann skrifar sig fyrir blaði, fyrir fram fyrir fyrsta árið. Sama má segja um iðnaðarmenn; fyrir þá er bezt að fá sína borgun þegar þeir afhenda verkið, enda væri það bezt fyrir alla, gæti sá síður komizt á. Er það t. d. ekki eðlilegra, þegar þarf að járna hest eða gjöra við hrífu, að borga það strax, heldur en það þurfi að halda reikning yfir þetta? Jeg veit, að því neitar enginn, að þetta væri betra, og það sem jeg hef sjer í lagi á móti þessu frumv. er það, að með því er gert ráð fyrir, að öll viðskipti fari fram með lánum og skuldareikningum, og þannig gefið undir fótinn, að þetta hljóti svo að vera.

2. og 3. gr. frumv. hef jeg ekkert á móti, og álít, að 2. gr. sje jafnvel til bóta, því það er engin ástæða til að gefa þeim, sem hafa þegið lán, freistingu til að svíkjast undan að borga það, með því að leggja alla sönnunarbyrðina á lánveitandann, og 3. gr. fer ekki fram á annað en að gjöra skuldheimtumönnum hægra fyrir að færa sannanir fyrir skuldum sínum, en engin ástæða til að ætla, að þeir fyrir það ákvæði komi fram með rangar skuldakröfur á hendur mönnum.

Hvað því viðvíkur, sem h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) tók fram, að æskilegt væri, að stjórnin kæmi fram með frumv. um breytingar á gildandi ákvæðum um varnarþing, þá mun stjórnin ekki gera það, því frá hennar sjónarmiði er engin ástæða til að gjöra slíka breytingu, því það mun vanalega lenda á þeim, sem skuldina heimtar, að borga þann kostnað og bera þá erfiðleika, sem af því leiðir að sækja skuldunaut á hans varnarþingi; en eins og nú er, þá ann jeg kaupmönnum þess vel, þó þeir hafi nokkuð fyrir því að innheimta þau lán, sem þeir eru svo fúsir á að veita í góðu árunum, en svo tregir með, þegar harðnar í ári.

Jens Pálsson: Jeg vil að eins leyfa mjer að fara nokkrum orðum um frv. áður en það gengur til 3. umr., af því þetta er mikilsvert mál. Frumv. er að mínu áliti mesti viðsjárgripur, og þarf því að athuga það vandlega, áður en það er samþykkt. Það er orðið ríkt í meðvitund fjölda manna, að skuldirnar sjeu gengnar fram úr hófi, og sjeu einhver hin þyngsta plága á þjóðinni. Jeg get alveg fallizt á skoðun hæstv. landshöfðingja, að þetta frumv. muni sjálfsagt verða til þess, að efla skuldirnar og lánstraustið muni vaxa. Vjer þekkjum allir tilhneigingu kaupmanna til að lána, og þessi tilhneiging, hún er svo sterk, að hún er nær því óviðráðanleg. Kaupmennirnir kvarta yfir lánunum, og segjast helzt vilja, að þau væru engin; en hverjir lána? Það eru þó engin skyldulán, kaupstaðarlánin. Þetta kemur mjer á þá skoðun, að kaupmönnum þyki arðsamast að lána; jeg skal ekki leggja neina áherzlu á, að hún sje rjett, en hún er almenn; og svo bætist hjer við hin almenna tilhneiging landsmanna til að standa í skuldum, sem líka er óviðráðanleg.

Það er alkunnug saga, sem sýnir þetta ljóslega. Verzlunarfjelögin hafa verið, eins og menn vita, sjerstaklega stofnuð til að ráða bót á þessu ólagi og kenna mönnum að verzla skuldlaust. Eitt hið stærsta af fjelögum þessum, sem byrjaði með álitlegu veltufje og varð stórvaxið hlutafjelag, það hafði í upphafi það aðalmarkmið, að reka færandi skuldlausa verzlun. Það fjekk sjer fyrir forstjóra ungan duglegan og mikilhæfan mann; hann barðist fyrir því, að verzlunar-hlutafjelag þetta stæði við frumskrá sína (program), og hann gerði allt sem hann gat til þess, að vara menn við skuldafeninu; en hann hafði eigi við; menn gátu ekki þolað það, að

verzla skuldlaust; tilhneigingin er svo sterk.

Jeg skal bæta því við, að sumir kaupmenn halda því fram, að vöruláni haldi lífinu í landsmönnum, og menn gætu ekki lifað og ekki staðizt, nema að lánsverzlunin sje. Á sömu skoðun eru líka margir landsmenn suður með sjó, og þeir hafa jafn vel gert það að sinni trú, að þeir lifi á lánum, og virðist það þó engum ofvaxið að skilja, að ef lánin eru ekki, þá lifi þeir betur, og að aðalatriðið er að komast á lagið með að borga jafnótt, en ekki jeta allt upp fyrir sig fram.

Þareð kaupmenn hafa annaðhvort viljandi eða óviljandi hagað öllu á þá leið, að verzlunin hefir haldizt í þessu horfi og mun framvegis haldast í sama horfinu, þá virðist mjer engin sanngirni að fara að gera þeim sjerslaklega auðvelt fyrir með að ná inn skuldum sínum, og hlynna að skuldaverzluninni með því að gera lánsáhættuna minni, því það er ómótmælanlegt, að þá verður meira lánað en áður, og það að mun. Það er ekki gjörlegt að stofna til þess; það þarf mikið til að gera menn svo varkára, að stofna skuldirnar, að skuldasúpan lækki og breytist í betra horf á þann hátt.

Frumv. gengur út á að gera einni stjett ljettara fyrir, og gengur svo langt í því, að aðrir geta orðið leiddir burt frá sínu varnarþingi út úr sýslunni, amtinu, jafnvel landshornanna á milli, til að mæta fyrir rjetti og svara kröfum hennar og kærum.

Hvað hinum sjerstöku greinum viðvíkur, þá get jeg ekki fellt mig við orðið »ótvírætt« í 2. gr. Það hefir komið fram tillaga um að það falli burt, enda er það alveg nauðsynlegt, því fjöldi manna er ekki svo rittærir, að þeir geti skrifað svo vel fyrir sig, að ótvírætt sje, eða að ekki megi út úr því snúa á einhvern hátt; mest er undir því komið, að mótmælin sjeu sönn, en hitt minna um vert, þó þau sjeu ekki í því formi, sem æskilegt væri.

Enn fremur stendur í sömu grein, að viðkomandi eigi að mótmæla innan 6 mánaða frá því er hann meðtók reikninginn; að sanna það, hvenær maður tekur á móti slíkum reikning, getur verið ómögulegt.

Jeg skal taka til dæmi:

Jeg er á ferð og mæti manni, sem stingur að mjer brjefi með reikningnum; jeg veit ekkert, um hvað það er, og sting því í vasann án þess að lesa það. Hvernig á jeg í þessu tilfelli að sanna, hvenær jeg tók við reikningnum? Það sem segir í 3. gr. að það sje full sönnun, ef reikningurinn er samhljóða 2 verzlunarbókum, (*Guðlaugur Guðmundsson:* Hálf sönnun), það finnst mjer of strangt. Reyndar á viðkomandi að geta synjað fyrir með eiði.

Jeg vil bera þetta saman við það ástand, sem nú er. Menn í nærsveitum við kauptún eru allan ársbringinn að smá-taka út til láns úr þessum sínum verzlunarreikningum, þessar mörgu, mjer liggur við að segja, óteljandi vörutegundir, og auk þess er verzlað með innskriftir og milliskriftir o. s. frv. Þetta gengur nú árið á enda. Svo líður og bíður fram í febrúar og marz; þá koma reikningarnir. Stundum jafn vel ekki fyrri en í apríl. Innan 6 mánaða sendir hlutaðeigandi mótmæli sín, og þegar svo málið kemur fyrir rjett og honum gefst færi á að synja með eiði fyrir að hafa meðtekið eitthvað af vörunni, þá eru liðin nær því 2 ár frá því hann tók vöruna. Mjer finnst varla til ætlandi, að hann þá geti munað svo áreiðanlega, hvað hann tók út fyrir 2 árum, að hann geti lagt eið út á það. Það getur þó ekki verið ætlazt til þess, að hann kunni reikninginn sinn

utan að. Mjer sýndist þó hitt vera betra og hreinlegra, að lögskylda alla að hafa viðskiptabók, sem menn hefðu allt af með sjer í kaupstaðinn, og ljetu færa inn í jafnóðum. Samkvæmt ákvæðum þessa frumv. getur sá, er verður fyrir því, að eittvað er ranglega innfært í reikning hans, ekki fengið rjettingu þess máls á annan hátt en með eiði; en vegna kringumstæðanna, sem jeg hefi tekið fram, mun mörgum manni þykja frágangssök að sanna mál sitt, þótt satt sje, með eiði, og verður þá lántakandinn að ganga að kröfu skuldheimtumanns, þótt ekki muni betur en að hún sje röng.

Þetta er það helzta, sem jeg hefi að athuga við frumv. Mjer þykir mjög viðsjárvert, að leiða þetta í lög, af því jeg álít að mikið tjón geti af því leitt; þess vegna gef jeg frumv. ekki atkv. mitt.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg finn ástæðu til að svara fáeinum orðum þeim mótbárum, er komið hafa fram gegn frumv. þessu. Eitt af því, sem h. varaforseti (Þ. B.) sagði, var, að ef frumv. þetta yrði að lögum, mundi málskostnaður í skuldamálum verða meiri en eptir núgildandi lögum. Það held jeg eigi sje rjett; því að þótt menn þurfi að fara 1—2 dagleiðir, þá hlýtur sá kostnaður, sem af því hlýzt, að vera minni en sá, er gengur til þess að sækja dómarann, ef til vill langar leiðir; en sá kostnaður fellur ætíð á gjaldanda.

Jeg get eigi fallizt á það sem h. sami þm. sagði, að það væri ómögulegt að verzlanin væri skuldlaus, meðan hún er peningalaus. Jeg þekki dæmi hjer á landi, að menn hafa verzlað skuldlaust, án þess að þeir hafi haft annað en vörur til að borga með. Svo jeg víki mjer að frumv. sjálfu, þá má telja sjálfsagt, að ef það yrði að lögum, þá mundu ákvæði þess, eins og það nú liggur fyrir, og ná til eldri skulda. En jeg fyrir mitt leyti mun eigi hafa neitt á móti því, að bætt sje við í 1. gr. ákvæði um, að þetta nái að eins til þeirra skulda, er yngri eru en lög þessi. Aðrar breytingar mundu að mínu áliti eigi verða til bóta.

Það hefir verið tekið fram, að þægilegast og eðlilegast væri, að viðskipti öll færu þannig fram, að hönd seldi hendi. Hvaða manni dettur í hug að hafa á móti því? Í hinum núgildandi lögum hefir verið gjört ráð fyrir því, að póststjórnin annaðist útsendingu á blöðum; en ekki einn einasti ritstjóri hefir álitið sjer fært að hlíta því. Vjer verðum annaðhvort að sæta því, sem nú er, eða láta blöðin hætta. Það »factum«, að nauðsynlegt er að kalla skuldir inn með lögum, gerir það nauðsynlegt, að greitt sje fyrir skuldheimtu, sem unnt er, fyrst þessi skuldaverzlun nú einu sinni er svo mikill þáttur í viðskiptalífi þjóðarinnar.

H. þm. Dal. (J. P.) sagði, að ef þetta frumv. yrði að lögum, þá mundi minni áhætta vera fyrir kaupmenn að lána, og þeir mundu lána því meir. En einmitt það, að atvinnuvegirnir eru gjörðir áhættuminni, hefir þau áhrif, að þeir verða kostnaðarminni, gjörir ábyrgðargjaldið minna, og þá hlýtur allt vöruverð að verða lægra, þegar minna þarf að »leggja á« fyrir áhættunni. Eins og nú er ástatt, kemur ábyrgðargjaldið niður á öllum, skilvísum og óskilvísum, en vitanlega harðast á þeim skilvísu. Vöruverðið lækkar eptir því sem áhættan minnkar; það er fyrirsjáanlegt.

Það hefir komið fram sú skoðun, að kaupmenn mundu verða fúsari á að lána, þegar áhættan er svo lítil; en það er skoðun mín, að þegar menn reka sig strax á afleiðingar þess að gjöra

glappaskotin, þá muni menn verða varkárari við að stofna sjer í skuldir. Það hefir verið sagt, að það sje að nokkru leyti að eins ein stjett, sem er bætt fyrir með frumv. þessu. Það getur verið rjett að nokkru leyti; en þess ber jafnframt að gæta, að þessi atvinnuvegur hefir svo mikla daglega, verklega þýðing fyrir landsbúa alla, þó ekki tilheyri þeir þessari stjett, að það sem greiðir þennan atvinnuveg hefir mikla þýðing fyrir landið allt. Jeg vil spyrja: Eru það ekki einmitt gömlu verzlunarskuldirnar, sem eiga mikinn þátt í vöruverðinu? Og er það ekki einmitt þetta háa verð og skuldasúpan, sem er orsökin til tregðu manna í skuldalúkningu?

Þetta má bera saman við það, að greiða samgöngur í hjeraði. Sje þessari stjett gjört greiðara fyrir að ná rjetti sínum, þá verður það til þess, að bæta úr einum atvinnuvegi landsins; og allt, sem gjört er til að greiða fyrir atvinnuvegum landsins, hefir betrandi áhrif á hag alls landsins yfir höfuð. Jeg skal eigi fara frekar út í einstök atriði, en finn þó ástæðu til að víkja nokkrum orðum að h. þm. Dal. (J. P.). Hann gat ekki fellt sig við orðið »meðtók«, og efaðist um að hægt væri að sanna, hvenær reikningurinn hefir verið meðtekinn. Það er mikið rjett. En það verður ekki bóndans að sanna, að hann hafi ekki tekið móti reikningnum; það er kaupmaður, sem sækir málið, og hans er að sanna, að bóndinn hafi meðtekið reikninginn. H. þm. Dal. (J. P.) minntist og á, að það væri ofætlan, að láta menn sverja eið, kannske eptir mörg ár. Þetta er ekki harðara en ákveðið er í núgildandi lögum; það kemur opt fyrir, að eiður er svarinn eptir 5 ára tíma, svo að þetta er ekki nein óhæfa, ekkert nýtt, sem hjer er farið fram á.

Það hefir og verið tekið fram, að ófært væri, að verzlunarbækur skuli vera full sönnun fyrir skuldinni, ef þær eru löggiltar. Frv. fer ekki fram á það. Í hinni núgildandi tilskipan 1787 eru löggiltar bækur, þegar viðskiptabók er færð jafnframt þeim, taldar full sönnun fyrir skuld; en sá er munurinn, að eptir tilsk. má eigi synja með eiði, og er það ákvæði miklu hættulegra en það, sem hjer er farið fram á. Jeg vona að menn við nánari íhugun komist að þeirri niðurstöðu, að þetta frv. er ekki einungis rjettarbót, heldur nauðsynjamál fyrir allt landið í heild sinni.

ATKV.GR.: Breyt.till. við 1. grein (198) samþ. með 20 samhlj. atkv.

1. gr. frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	B. Bjarnarson,
Kl. Jónsson,	Björn Sigfússon,
B. Kristjánsson,	Bogi Melsteð,
Gl. Guðmundsson,	Jens Pálsson,
H. Kr. Friðriksson,	J. Jónss., þm. A.-Sk.
Jón Jakobsson,	Sigfús Árnason,
J. Jónss. þm. N.-Múl.	Sighv. Árnason,
Jón Þórarinsson,	Sig. Gunnarsson,
Jón Þorkelsson,	Þór. Böðvarsson,
Ólafur Briem,	Þorl. Guðmundss.
Skúli Thoroddsen.	
Þórð. Guðmundss.	

Breyt.till. við aðra gr. (183) felld með 12 : 8 atkv.; 2. gr. frumv. samþ. með 13 : 9 atkv. að viðhöfðu nafakalli og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Kl. Jónsson,	Björn Sigfússon,
Benid. Kristjánss.,	Bogi Melsted,
Guðl. Guðmunds.,	Jens Pálsson,
H. Kr. Friðriksson,	J. Jóns. þm. A.-Sk.,
Jón Jakobsson,	Sigfús Árnason,
J. Jónss. þm. Nm.	Sighv. Árnason,
Jón Þórarinsson,	Þór. Böðvarsson,

já:	*nei:*
Jón Þorkelsson,	Þorl. Guðmundsson.
Ólafur Briem,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þ. Guðmundsson,	

Breyt.till. 2. á þingskj. 193 felld með 12 : 4; 3. gr. frv. samþ. óbreytt með 12 samhlj. atkv.; 4. gr. sömuleiðis með 12 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 12 : 4 atkv.

Frumv. til laga um að nema dóms vald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dómsvald í íslenzkum málum úr lögum (C. 243); 1. umr.

Flutningsm. (*Skúli Thoroddsen*): Frv. þetta er að öllu samhljóða frumv. því, sem var samþykkt hjer í deildinni á þingi 1891. En örlög frv. þessa urðu þá hin sömu í efri deildinni, sem örlög ýmsra annara nauðsynjamála; það var fellt við 1. umr., með því að skipun efri deildar var þá eigi sem ákjósanlegust. Þar eð því frumv. þetta er alveg í sama formi, eins og frumv. frá 1891, þá finn jeg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það, en vona að eins, að h. neðri deild taki því vel, svo að h. efri deild fái að sjá það aptur.

Ólafur Briem: Jeg vildi að eins beina þeirri fyrirspurn til flutningsm. (Sk. Th.), hvort honum væri það mikið áhugamál, að fá fram ákvæðið í 2. gr. frumv. um fjölgun dómaranna í landsyfirdóminum. Annars hefi jeg hugsað mjer að koma fram með breyttill. í þá átt, að tala landsyfirrjettardómaranna haldi sjer. Hjer er um talsverðan kostnað að ræða fyrir landssjóð, og jeg álít það ekki óumflýjanlega nauðsynlegt, að dómendum sje fjölgað. Það hefir verið talinn agnúi á dómaskipum landsins, hve dýr hún er, og að kostnaðurinn til landsyfirdómsins sje mikill í samanburði við störf þau, er dómurinn hefir að gegna. Mál þau, sem nú eru dæmd í yfirrjetti, eru milli 40 og 50 á ári, og engin líkindi til, að þeim fjölgi, þótt yfirrjetturinn verði æðsti dómstóll í landinu. Störf yfirdómaranna eru því miklu minni en störf flestra annara embættismanna í landinu. Og ekki get jeg heldur sjeð, að þau aukist eða verði að neinu leyti vandasamari, þótt landsyfirrjetturinn eigi að leggja á fullnaðarúrskurð. Ef h. flutningsm. er þetta eigi kappsmál, þá mun jeg, eins og jeg hefi sagt, koma fram með breytingartillögu í þessa átt við 2. umr.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Út af fyrirspurn h. 1. þm. Skf. (Ól. Br.) vil jeg geta þess, að mjer fyrir mitt leyti er það ekkert kappsmál, hvort tala dómenda í landsyfirrjettinum verður aukin eða eigi. En þegar við, sem fluttum mál þetta á þinginu 1891, lögðum það til, að dómendum í yfirdóminum væri fjölgað um tvo, þá vakti það fyrir oss, að ef vjer sýndum, að vjer vildum leggja eitthvað í sölurnar, til þess að tryggja sem bezt hinn æðsta innlenda dóm, myndi bæði stjórnin og ríkisþing Dana taka málinu betur, og verða ljúfari á að samþykkja þessa breytingu á skipun dómsvaldsins. Jeg get ekki að svo stöddu sagt um vilja meðflutningsmanna minna í þessu efni, en jeg mun bera mig saman við þá um þetta atriði, og munum vjer íhuga það til næstu umr.

Sighvatur Arnason: Jeg vildi að eins svara þeirri fyrirspurn, er h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) bar fram, og er það á sömu leið og h. meðflutningsm. minn, 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) hefir svarað.

Það er öllum kunnugt, á hverju sú hugsun er byggð, að fjölga dómendum; blandast engum hugur um, að það er til þess að tryggja dóminn. Á hinn bóginn er þessi kostnaðarviðbára al-

menn. Að því leyti, sem jeg hefi vegið málið fyrir mjer, þá get jeg fyrir mitt leyti fallið frá þessu ákvæði frumv., að bætt sje við 2 dómendum.

Þorlákur Guðmundsson: Hið sama hefir vakað fyrir mjer og h. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.), að það er ísjárvert, að leggja þessa 7000 kr. viðbót á landssjóð að nauðsynjalausu, auk eptirlauna, og mun jeg verða með breytingum til 2. umr.

Björn Bjarnarson: Jeg vil að eins geta þess, að mjer finnst töluverðir agnúar vera á frumv. eins og það liggur fyrir. Jeg hafði hugsað mjer, að koma fram með breyttill. við 2. umr., í þá átt, sem bent hefur verið á, og auk þess við önnur atriði, t. a. m. við 3. gr., sem mjer finnst óþörf. Vjer þurfum ekki að segja ráðgjafanum til í embættisfærslu; það er sjálfsagt eptir stöðulögunum, að í þessu máli verður að leita samþykkis hins almenna löggjafarvalds ríkisins.

ATKVGR. Málinu vísað til 2. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði (C. 236); 1. umr.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Þegar ákveðið var hjer fyrrum, hvaða staður skyldi vera aðalverzlunarstaður á Austfjörðum, var Eskifjörður til þess kjörinn. Seyðisfjörður var þá ekki álitinn eins líklegur til að vaxa og og verða helzti kaupstaður á austurlandi. En reynslan hefir þó orðið sú, að Seyðisfjörður hefir eflzt miklu meira og er nú orðinn miklum mun stærri en Eskifjörður. Því meir, sem hann hefir vaxið, því meir hafa menn fundið til þess, hve óþægilegt það er, að hafa ekki full umráð yfir bænum, til að gera þar ýmsar ráðstafanir, er sjerstaklegar eru fyrir kaupstaði, t. a. m. að því er snertir byggingar o. fl. Þess vegna hefir sú ósk smátt og smátt myndazt, að Seyðisfjörður fengi bæjarrjettindi og bæjarstjórn fyrir sig. Og þar kom, að Seyðfirðingar hjeldu almennan fund, til að undirbúa mál þetta til alþingis, og var samþykkt, að fá komið á skiptum á Seyðisfjarðarhreppi í bæjarfjelag og nýjan hrepp, og síðan kom mál þetta inn á þing 1891, en þótti þá eigi nógu vel undirbúið, þar sem gleymzt hafði að bera það undir sýslunefnd Norður-Múlasýslu, og kom það því aldrei til umræðu þá. Nú í vor var það borið undir sýslunefndina, og samþykkti hún það í einu hljóði. En því var skotið til Seyðfirðinga, að halda fund á ný, til þess að fullvissa fengist fyrir því, að þeir væru enn þá á sama máli og þeir voru 1891. Kom þá fram, að vilji þeirra hafði eigi breytzt í því efni. 6 atkvæði voru að vísu á móti því, en það var að eins lítill hluti atkvæðagreiðenda.

Bærinn, hinn fyrirhugaði, tekur yfir töluvert svæði. Sá eiginlegi kaupstaður, Seyðisfjarðaralda, er fyrir botninum, en Vestdalseyri og Búðareyri út með firðinum, sínum megin hvor. Á þessu svæði eru rúml. 500 íbúar, og þykir því nú nauðsynlegra en áður, að komið sje á föstum reglum um fyrirkomulag húsabygginga o. fl. Það er því meiri ástæða til þessa, þar sem austfirðingafjórðungur er sá eini fjórðungur landsins, sem engan verzlunarstað hefir með kaupstaðarrjettindum. Jeg vona því að h. deild taki máli þessu vel, og skal jeg ekki fara fleiri orðum um það að sinni.

Halldór Kr. Friðriksson: Mjer dettur ekki í hug, að mótmæla frumv. í heild sinni, og finnst mjer það mjög eðlilegt, að Seyðfirðingar vilji vera menn með mönnum og fá sjer kaupstað, eins og hinir fjórðungarnir. En það eru að eins nokkrar athugasemdir

er jeg vildi gjöra við frumv., flutningsmönnum til leiðbeiningar, ef þeir kynnu að vilja taka þær til greina, og koma með breytingaruppástungur til 2. umræðu, og verð jeg því að biðja menn að fyrirgefa, þótt jeg tilgreini einstaka grein, og það er 19. greinin. Það er ákveðið í frumv. þessu, að víst gjald skuli leggja á hvern faðm; eptir minni skoðun mundi rjettara, að miðað væri við □ alin. Það er reyndar eins og í þessu frumv. í lögum um bæjarstjórn á Akureyri; en bæði hjer í Reykjavík og á Ísafirði er gjaldið miðað við ferhyrningsalin, og það er brotaminna og hægra. Það er og annað, sem jeg ekki kann við í frumv. Þar stendur að gjald skuli leggja á byggðar lóðir, 10—20 aura á hvern □ faðm. Mjer virðist það ekki rjett, að setja bæjarstjórninni í sjálfsvald að kveða á um gjaldið svona óákveðið. Rjettast er sjálfsagt, að láta gjaldið vera ákveðið fast, fyrir hverja ferhyrningsalin. Í frumv. stendur, að gjalda skuli af öllum húsum og bæjum. Þetta finnst mjer ekki geta átt sjer stað, þegar um jarðir er að ræða; húsin fylgja jörðinni og finnst mjer því eigi rjett, að goldið sje sjerstaklega af þeim. En gjald þetta á að eins að leggja á þau hús, sem engin jörð fylgir, sem matin er til dýrleika. En þau hús, sem eru jarðarhús, af þeim á ekkert að gjalda, enda yrði gjaldið afar-hátt, þar sem mörg og stór jarðarhús eru, eða af torfbæjum. Hversu hátt gjald flutningsmenn vilja leggja á, því ráða þeir sjálfir, en jeg vildi að eins benda þeim á þessi atriði og biðja þá íhuga þau til næstu umræðu.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Jeg er þakklátur h. þingm. Reykv. (H. Kr. Fr.) fyrir undirtektir hans undir þetta mál, og jeg mun fúslega íhuga bendingar hans, og það því fremur, sem hann er nákunnugur bæjarmálefnum.

Í bæjarstjórnarlögum fyrir Akureyri er ákveðið, að til bæjarþarfa skuli greiða 20 aura af hverjum ferhyrningsfaðmi í grunnum undir íbúðarhúsum og geymsluhúsum, en Seyðfirðingar sjálfir hafa óskað, að þetta gjald væri ákveðið 10—20 aurar, en vildu síður láta einskorða það við eyri. Jeg get heldur ekki sjeð, hvað getur verið á móti því, að bæjarstjórnin mætti jafna því niður innan þessara takmarka, eptir því, sem þarfir útheimta. Það er auðsætt, að gjaldið má ekki fara upp yfir 20 aura, og úr því það er álitið sanngjarnt á Akureyri, vona jeg, að það megi fara eins hátt á Seyðisfirði.

Að rjettara sje að ákveða gjaldið fyrir □ alin en fyrir □ faðm, getur vel verið. Því má æfinlega breyta, ef svo sýnist.

Hann minntist líka á, að bærinn væri smár; en jeg hygg, að enginn af þeim bæjum, sem nú hafa kaupstaðarrjettindi hjer á landi, hafi vaxið tiltölulega eins mikið á jafnstuttum tíma, eins og Seyðisfjarðarkaupstaður. Hann var nú ekki til fyrir 60 árum. Þar var þá alls ekkert verzlunarhús komið, en á síðustu 10—20 árunum hefur hann, jeg held mjer sje óhætt að segja, þrefaldazt.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 atkv. samhlj.

Frumv. til laga um breyting á tilskipun 26. febr. 1872 um kennslu heyrnar- og málleysingja o. fl. (C. 203); 1. umr.

Flutningsmaður (*Ólafur Briem*): Eins og kunnugt er, þá er kostnaðurinn við kennslu heyrnar- og málleysingja, eins og nú stendur, greiddur úr jafnaðarsjóðunum; en úr því þessi kennsla er orðin innlend og fer fram á einum stað fyrir

land allt, þá sýnist hjer öllu fremur vera um landsmál en hjeraðsmál að ræða, og því eiga bezt við að kostnaðurinn við hana sje greiddur úr landssjóði, enda er sjerstök ástæða til þess, að ljetta þessari byrði af jafnaðarsjóðunum nú, þar sem gjöld þeirra hafa aukizt svo mjög við fjölgun amtsráðsmannanna. Auk þess er nokkuð óþægilegt að þurfa að jafna þessum kostnaði árlega niður með jafnaðarsjóðsgjaldinu, þar sem kostnaðurinn getur verið svo breytilegur ár frá ári, og að því leyti væri það þægilegra, að það væri greitt úr landssjóði.

Jeg sje nú ekki ástæðu til, að mæla meira með frumv. að sinni, en vona, að það fái að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um meðferð á líkum (C. 193); ein umr.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Þegar jeg mælti á móti því hjer í deild, að frumv. um líkskoðun væri samþykkt, gjörði jeg það af því, að jeg áleit ýms ákvæði þess svo óhagkvæm eptir því, sem til hagar hjer á landi, að frumv. fyrir þeirra sök væri næsta óaðgengilegt. Hið sama álit varð og ríkjandi í h. deild yfir höfuð, og því var frumv. fellt.

Aptur á móti skildist mjer, að ýmsum h. þingd.m. þætti æskilegt, að gefnar væru ýmsar leiðbeiningar um meðferð á líkum og hin helztu dauðamerki, og því hef jeg leyft mjer að bera fram tillögu þessa; vona jeg að hún fái að ganga fram í þessari deild, þar sem hún fer fram á það, sem mjer skildist, að væri vilji margra h. þingdeildarmanna.

ATKV.GR.: Tillagan samþykkt með 19 samhljóða atkvæðum og afgreidd til efri deildar.

Tuttugasti og fyrsti fundur, þriðjudag 25. júlí, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til laga um afnám kóngsbænadagsins sem helgidags (C. 283); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþykkt orðalaust með 19 atkvæðum samhljóða og sent Ed.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. 76, 223, 261, 262, 302, 308); 2. umr.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Nefndin hefur fylgt sömu stefnu í þessu máli eins og áður hefur verið fylgt hjer á þingi, þ. e. þeirri stefnu, að gefa ábúendunum falar allar þær jarðir, sem ekki er ástæða til að ætla, að taka þurfi í þarfir hins opinbera. Að því er kemur til sjerstakra jarða, skal jeg vísa til nefndarálitsins, sem allir h. þingdeildarmenn hafa prentað fyrir sjer.

Það er sjerstaklega eitt atriði, sem, ef til vill, ekki er tekið nógu ítarlega fram í nefndarálitinu. Þar er þess getið um Þykkvabæ og Mörtungu í Skaptafellssýslu, að þær jarðir hafi hvor um sig verið falaðar af 2 mönnum, sem báðir eru ábúendur á jörðunum. Af því þetta eru stórar jarðir, þá sjer nefndin ekkert því til fyrirstöðu, að þær verði, hvor um sig, seldar í tveim pörtum. Samt vill nefndin halda því föstu, að báðir jarðarpartarnir verði seldir samhliða, þannig, að afsalsbrjef sje eigi gefið út fyrir annari hálflendu jarðanna, nema hin hálflendan sje keypt jafnframt. Og vil jeg því skjóta því

til hæstv. landsh., að taka þessa tillögu nefndarinnar til greina, þótt hún ekki sje tekin fram í nefndarálitinu. Það hefur opt verið tekið fram, að það sje óþægilegt fyrir landssjóð að eiga parta í jörðum móti einstökum mönnum, og því vill nefndin ekki, að þessar jarðir verði seldar í pörtum á mismunandi tíma.

Að því er snertir verðið, sem nefndin hefur lagt á hverja jörð, þá hefur hún fylgt þar sama mælikvarða, sem fylgt hefur verið að undanförnu, að setja það eigi lægra en svo, að það samsvari 25-faldri upphæð afgjaldsins eptir 5 ára meðaltölu, að jarðabótakvöðum meðtöldum. Þó höfum vjer vikið frá þessari reglu að því er snertir einstöku jarðir, af því oss hefur þá annaðhvort virzt eptirgjaldið of hátt í samanburði við afnotin, eða jarðirnar háðar einhverjum verulegum annmörkum, samkvæmt yfirlýsingu umboðsmanns eða sýslunefndar.

Að því er snertir breyt.till. þær, sem fram hafa komið við uppástungur nefndarinnar, hefir hún ekkert að athuga við breyt.till. á þingskjali 165, sem fer fram á að hækka söluverð jarðarinnar Eyja í Strandasýslu úr 1300 kr. upp í 1500 kr. Nefndin hefir sannfærzt um, að hún muni hafa sett verðið nokkuð lágt, þar sem þetta er hlunnindajörð, sem eptir skýrslum, er fyrir liggja, getur af sjer árlega um 60 pund af dún. Þó dúnn sje í lágu verði nú sem stendur, er ekki víst að svo verði framvegis.

Að því er snertir breyt.till. á þingskjali 207 um að færa niður söluverð jarðanna Hrafnkelsstaða í Norður-Múlasýslu, sem nefndin hefir virt á 4,500 kr., og Skriðuklausturs með eyðijörðinni Brattagerði, sem nefndin hefir virt 6000 kr., þá verður hún að halda því föstu, að 3800 kr. fyrir Hrafnkelsstaði sje í lægsta lagi; þar á móti mundi nefndin ekki ótilleiðanleg til að færa verðið nokkuð niður, allt ofan í 4000 kr., ef breyt.till. kæmi fram í þá átt. Viðvíkjandi þeirri breyt.till., að færa söluverð jarðarinnar Skriðuklausturs niður um 500 kr., þannig, að hún yrði þá föl fyrir 5500 kr., vill nefndin ekki gera að kappsmáli. Um jarðir, sem eru svo mikils virði, getur verið álitamál, hvort virðingin sje hundrað kr. of há eða lág.

Að því er snertir viðaukaatkvæði 2 h. þm. á þingskjali 201 um, að landssjóður selji lóðarspildu í útnorðurjaðri Arnarhólstúns við Reykjavík fyrir 250 kr., þá getur meiri hluti nefndarinnar með engu móti samþykkt þessa tillögu. Það virðist engin ástæða fyrir þá tvo menn, sem talað hafa jörðina, að fá hana, og svo er heldur ekki eptir neinu að slægjast fyrir landssjóðinn, þar sem að eins er að ræða um einar 250 kr. Þótt það sje að fara nokkuð langt fram í tímann, að gera ráð fyrir, að þessi jarðarpartur verði síðar notaður í þarfir hins opinbera, þá sýnist eiga vel við, að lóðir í kaupstöðum sjeu opinber eign, annaðhvort kaupstaðanna eða landssjóðs. Nefndin verður alveg að mótmæla því, að sala þessa lóðarparts leiði af þeirri aðalreglu, að gefa leiguliðum kost á að fá ábýli sín keypt, því sú regla nær alls ekki svo langt, að meiningin geti verið, að gera þessa tvo menn að sjálfseignarbændum hjer í Reykjavík.

Eins og nefndin hefir tekið fram í áliti sínu, hefir hún lagt fram á lestrarsalinn skrá yfir dýrleik jarðanna, virðingarverð umboðsmanna og sýslunefnda o. s. frv., sem h. þingdm. hafa átt kost á að kynna sjer og fara eptir við atkvæðagreiðsluna.

Sigurður Gunnarsson: Að svo miklu leyti sem jeg hefi getað kynnt mjer nefndarálitið í þessu máli og söluverð það, sem nefndin hefir lagt til, að hver jörð seldist fyrir, þá hefi jeg ekkert við það að athuga yfir höfuð að tala; þó hefi jeg leyft mjer ásamt tveimur öðrum h. þingdm. að koma fram með breyt.till., er snertir tvær jarðir í Norður-Múlasýslu. Jeg er þakklátur h. framsögum. (Ól. Br.) fyrir það, hve liðlega hann og nefndin hafa tekið í þessa breyt.-till. yfir höfuð að tala. Sjer í lagi er jeg þakklátur h. framsögum. fyrir ummæli hans um breyt.till. okkar við verðið á Hrafnkelsstöðum, þar sem hann lýsti því yfir, að nefndin mundi hafa sett söluverð þeirrar jarðar of hátt. H. framsögum. vildi þó jafnframt segja, að breyt.till. tiltæki hið allra lægsta verð og því mundi nefndin tilleiðanleg að fara meðalveg milli nefndarálitsins og breyt.till.; en jeg vona þó, að nefndin sansist á það, að verð það, sem breyt.till. okkar ákveður, sje nær hinu rjetta, en þó of hátt. Að því er snertir breyt.till. okkar við söluverð jarðarinnar Skriðuklausturs, þá hafði h. framsögum. frá sjónarmiði nefndarinninnar ekkert sjerlegt við hana að athuga. Að því er snertir tvær jarðir: Hrafnkelsstaði og Skriðuklaustur, þá er jeg þeim sjerstaklega nákunnugur, þar sem þær liggja báðar í sömu sveit, sem jeg bý í. Að því er snertir Hrafnkelsstaði, sem nefndin hefir lagt til að yrði seld fyrir 4500 kr., þá er það rjett lýsing hjá umboðsmanni, að sú jörð sje með beztu fleytingsjörðum; útbeit er þar mjög góð, engjar ákaflega litlar; tún er þar aptur gott og bregzt sjaldan. Aptur er það athugavert, að jörð þessi liggur fyrir skemmdum, þar sem byrjaður er töluverður uppblástur á einum stað í landi jarðarinnar, ef ekki tveimur. Sömuleiðis eru líkur til, að jörð þessi missi ekki svo lítið land, því eins og drepið er á í nefndarálitinu, stendur yfir landaþrætumál milli hennar og annarar jarðar, og hefir gjörðardómur þegar einu sinni dæmt hið umþráttaða land undan Hrafnkelsstöðum. Jörðin er 34 hndr. að dýrleika, en landskuld að meðaltali 80 kr. Auðvitað er það, að eptirgjaldið er mjög svo lágt, enda er það viðurkennt fyrir austan; er söluverðið því ekki á því byggjandi. En þar sem nefndin nú hefir stungið upp á 4500 kr. söluverði, þá verður rentan af því miklu meir en helmingi hærri en leigan er nú; en með því að setja söluverðið 3800, eins og vjer höfum stungið upp á, verður rentan þó 72 krónum hærri en leigumálinn, og virðist það vera álitleg upphæð fram yfir leigumálann hinn núverandi. Að því er snertir Skriðuklaustur, þá virðist mjer sýslunefndin hafa komizt að heppilegri niðurstöðu en þingnefndin, með því að stinga upp á 5500 kr. söluverði. Jeg er sannfærður um að þetta er hið rjetta verð. Þar munar 500 kr. milli sýslunefndarinnar og h. þingnefndar. Eins og sjá má af skjölum umboðsmannsins er jörðin dýrt leigð, því þó hún hafi mikla kosti, þá hefir hún líka mikla ókosti. Landið er þröngt og ljett og og málnyta rýr. Svo fylgir og jörðinni sá leiði galli, að þar drepur bráðapestin fleira og færra fje árlega. Heyskapur er þar aptur mikill og nærtækur, en þó jeg geti ekki skrifað undir með umboðsmanninum, að hann sje nærri óuppvinnanlegur. Jeg bý þar á næsta bæ og veit það áreiðanlega, að 6 karlmenn með nægri eptirvinnu geta unnið engjarnar upp. Jeg vona, að h. þingdm. trúi mjer. Jeg vil alls ekki

landssjóður verði fyrir halla, hvorki við þjóðjarðasölu nje annað. Jeg vil að hann fái sem mest fyrir jarðir sínar, þó þannig, að engum ójöfnuði sje beitt við þá, sem vilja kaupa. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta efni að sinni, en treysti því, að h. þingd. samþ. breyt.till. á þingskjali 207.

Jens Pálsson: Jeg skal eigi vera langorður um breyt.till. mína, sem gekk út á að hækka verðið á jörðinni Eyjum í Strandasýslu, því h. nefnd hefir tekið það til greina. Orsökin til þess, að jeg kom með breyt.till. þess er sú, að jörð þessi er, að kunnugra manna sögn, mikil hlunnindajörð, þar sem hún hefir dúntekju, sem nemur hjer um bil 50—60 pd. á ári, og nokkra kópaveiði. Það gæti jafnvel virzt of lágt, þegar litið er á þessi hlunnindi, að ákveða eigi hærra verð en 1500 kr., en þá ber einnig að gæta þess, að jörðin er landlítil og mjög rýr til landbúnaðar, og svo má líka taka tillit til þess, að hinn núverandi ábúandi hennar hefir bætt hana að miklum mun og aukið hlunnindi hennar, og er hann þess vegna góðs maklegur; þess vegna fann jeg eigi ástæðu til þess að stinga upp á meiru. Jeg vona, að deildin aðhyllist þessa breyt.till. mína.

Sigurður Gunnarsson: Jeg játa það, að h. nefnd hefir fulla afsökun fyrir því, að hún hefir eigi tekið til greina skemmdir þær, sem vofðu yfir jörðinni Hrafnkelsstöðum, því hvorki sýslunefndin nje umboðsmaður hafa getið þessa. En þannig er ástatt, að framan- eða innanverðu í landareigninni hefir myndazt flag, sem auðsjeð er, að muni með tímanum breiðast út um land jarðar þessarar. Það er alkunnugt, hversu fljótt slík flög grípa um sig og breiðast út, einkum þar sem þurlent er, eins og í Fljótsdal, sjerstaklega síðan öskufallið dundi þar yfir. Viðvíkjandi hinum lága leigumálanum, þá á hann eigi rót sína í því, að jörðin hafi verið svo lengi í ábúð sama manns, því það hafa orðið tvenn ábúandaskipti á jörð þessari á síðustu 30 árum, enda het jeg eigi byggt þessa breyt.till., sem fer fram á 3800 kr., á eptirgjaldi jarðarinnar eins og það er; ef það væri gjört, ætti hún eigi að vera dýrari en 2000 kr.; heldur hef jeg miðað við þá landskuld, er mjer virðist mundi hæfilegust sett í framtíðinni, það er að segja 140—150 kr. í stað 80 kr. Af þessu, sem jeg nú hefi tekið fram, mega allir sjá, að landssjóði er vel borgið.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal eigi vera margorður um þetta mál, en að eins geta þess, að jeg hef ávallt verið þeirrar skoðunar, að ábatinn fyrir landssjóð verði eigi svo mikill fyrir það, þótt hann selji þessar jarðir. Það má taka tillit til þess, að leigurnar af kaupverðinu eru reiknaðar eptir 4 % af fje því, er fyrir þessar jarðir fæst, en það er eigi víst, að ávallt fáist 4 %, en aptur á móti eru öll líkindi til þess, að verðlagsskráin hækki. En jeg skal ekki þrátta um það. Það er sú stefna komin nú, að selja sem mest, í von um að fá sem mestar tekjur, beinlínis eða óbeinlínis.

Viðvíkjandi spildu þeirri, sem hreyt.-till. okkar h. 2. þm. Rvell. (Sighv. Á.) hljóðar um að seld verði, þá er það satt, sem h. framsögum. (Ól. Br.) sagði, að hún eigi ekki við sömu ástæður að styðjast og sala þjóðjarða, og að sala hennar hefði ekki svo mikla þýðingu til þess að bæta búnaðinn; en samt sem áður má geta þess, að þótt spilda þessi sje ekki stór og sje lítils virði í búnaðarlegu tilliti, þá gætu, ef til vill, þær

umbætur, sem gjörðar yrðu á henni, orðið eigi svo ljettvægar, ef vel væri með farið, og þá gæti farið svo, að hún gæfi eigi minna af sjer en aðrar jafnstórar landspildur, sem landssjóður selur.

Þar sem hann sagði, að hann vildi láta bæinn eða hið opinbera kaupa spildu þessa, þá skal jeg geta þess, að af Arnarhólstúni hafa verið seldar 3 spildur, og þar á hafa verið reist 3 hús, og þá var ekkert haft á móti því, að selja þær spildur; en þegar neitað er sölu á þessari spildu, þá hlýtur það að vera af öðrum ástæðum. Afgjaldið af henni ætti þó að vera miklu minna en af hinum þremur, því þær voru grasivaxnir hlutar úr Arnarhólstúninu, en þessi er eigi tún og miklu minna virði; en jeg verð að segja það, að Arnarhólstúnið hefir fengið miklar umbætur, og þá gæti einnig svo farið, að þessi spilda fengi þær umbætur, að hún yrði mikils virði.

Það er mjög fallegt af framsögum. (Ól. Br.) að hugsa um bæinn, en menn verða að gá að því, að það er fyrst eptir 33 ár, að talað yrði um að selja þessa spildu öðrum en leigjendunum eða fyrst árið 1926, en þangað til geta orðið miklar breytingar, eins til hins lakara og hins betra; en ef þessir menn fengju hana til erfðafestu, gætu þeir bætt hana mikið.

Jeg sje því eigi neina ástæðu á móti því, að þessum mönnum sje seld spilda þessi, svo þeim sje með því gefið tækifæri til þess að gjöra á henni þær umbætur, sem yrðu annaðhvort þeim sjálfum eða einhverjum til gagns.

Jeg vona, að h. deild sjái, að ástæður nefndarinnar eru eigi svo mikils virði, að þær geti hindrað þessa sölu. Leigutíminn er svo langur, að það er eigi víst, hvernig á stendur, þegar hann er útrunninn.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg vil að eins leyfa mjer að geta þess, út af ræðu h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.), að þar sem hann gat um að jörðin Hrafnkelsstaðir væri að blása upp, þá varð það eigi sjeð af þeim skýrslum og skilríkjum, sem fyrir lágu.

Hvað viðvíkur máli því er nú stendur yfir út af landamerkjum tjeðrar jarðar, þá sá nefndin ekki næga ástæðu til að fella jörðina í verði, meðan málið er ekki útkljáð, og því allsendis óvíst, hvort jörðin missir nokkuð af landi því, er henni hefir fylgt hingað til. Það verður að vera á kaupandans valdi, hvort hann vill kaupa jörðina á meðan á málinu stendur, eða þá að bíða með kaupin þangað til það er útkljáð. Missi jörðin þá svo mikið, að ástæða þyki til að meta hana að nýju, kemur fyrst til álita, hvort lækka skuli söluverð hennar fyrir þá sök. Að því er snertir verð jarðarinnar, þá áleit nefndin, að ekki ætti að miða við hinn gamla leigumála, sem að allra þeirra dómi, er til þekkja, er mikils til of lágur. Þó jörðin um stund hafi verið byggð með svo lágum leigumála, gat ekki komið til skoðunar að leggja hann til grundvallar, heldur fór nefndin eptir hinum nýja leigumála, og jafnframt hækkaði hún verðið af þeirri ástæðu, að jörð þessari er svo vel lýst, bæði af umboðsmanni og í álitsskjali sýslunefndarinnar. Að endingu skal jeg taka það fram, að af því í nefndinni var enginn nákunnugur jörðinni, þá vil jeg engan veginn neita því, að hún kunni að hafa sett verðið í hæsta lagi, og er þá hægt að laga það við 3. umr.

Mjer gleymdist áður að vekja athygli á því, að í álitsskjali nefndarinnar, og framhaldsálitinu líka, hefir læðzt inn prentvilla, sem væntanlega verður lagfærð; þar stendur, að breytingarnar sjeu við »2. gr.« frumv., en á að vera »1.

gr.«. Að undantekinni breytingartill. á þingskj. 165, sem nefndin vill gera að sinni, verður nefndin að ráða frá að samþykkja breytingarnar, og vonar að deildin haldi sjer við hennar tillögur.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg benti á við 1. umr. þessa máls, að sala þjóðjarðanna mundi ganga greiðara, ef í upphafi frumv. stæði: »Landshöfðingjanum veitist heimild o. s. frv.«, í stað: »Ráðgjafanum veitist heimild o. s. frv.«, en h. nefnd hefir ekki þótt ástæða til, að taka þessi orð min til greina.

Allt um það álít jeg að þetta væri æskileg breyting, og jeg ímynda mjer að eigi þurfi að óttast, að það mundi tefja fyrir staðfestingu laganna, þó þessi breyting væri gerð. Síðan að hætt var við hið eldra fyrirkomulagið með þjóðjarðasöluna, það að láta tvo dómkvadda menn virða jarðirnar eptir á, eða bjóða jarðirnar upp opinberlega, þá er það nú orðin venja, að alþingi fastákveði verðið, svo að ábúendurnir hafa að eins að segja til, hvort þeir vilja ganga að eða frá, án þess stjórnin geti hækkað eða lækkað verðið. Það virðist þá ekkert sjerstaklega nauðsynlegt að ráðgjafinn hafi nokkur afskipti af sjálfri afhending jarðanna, og jeg verð og að álíta það eins eðlilegt, að landshöfðinginn annist um söluna, eins og ráðgjafinn; það er, að mínu áliti, óþarfur dráttur, sem af því flýtur, að menn verða að bíða eptir svari frá útlöndum, þegar einhver vill ganga að kaupi á jörð.

Hvað ákvæðin um sölu hinna einstöku jarða, er nefndar eru í 1. grein, snertir, þá álít jeg það sjálfsagt, þó ekki sje það skýrt tekið fram, og tillögur nefndarinnar beri það ekki beinlínis með sjer, að aðeins megi selja jörð í einu lagi, jafnvel þó það sje tvíbýlisjörð. Jeg tek þetta fram af því svo stendur á með 2 jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu, Þykkvabæ og Mörtungu. — Þykkvibær er t. d. gefinn falur fyrir 3400 kr., en þar með er ekki gefin heimild til að selja aðra hálfleiðuna fyrir hálft verð eða 1700 kr. Jeg veit að þetta er sá almenni og rjetti skilningur og það álít jeg vera næga tryggingu fyrir því, að eigi verður seldur að eins helmingur jarðarinnar, en ekki hinn helmingurinn, og jeg álít því, að ekki þurfi að gera neina sjerstaka ákvörðun því viðvíkjandi. Annars hef jeg það eitt frekar að athuga við nefndarálitið, að mjer finnst jarðirnar, að minnsta kosti þær 3, sem jeg sjerstaklega þekki, nokkuð hátt verðsettar, en hefi ekki sjeð mjer til neins að koma með breytingartillögu, en skal að eins leyfa mjer að skjóta því til h. nefndar. Það er t. d. jörðin Hátún nr. 14 á þingskj. 119. Jeg veit ekki hvort nefndinni hefir verið kunnugt að það liggur fyrir að meta þessa jörð upp, samkvæmt lögum 19. febr. 1892, sakir stórfelldra skemmda, sem á henni hafa orðið, og kunnugir menn hafa sagt mjer, að hún muni vera varla meir en 6—700 kr. virði. Sýslunefndin hefir víst tekið fram, að hún lægi undir skemmdum af sandfoki. Hið sama má segja um Þykkvabæ; þeirri jörð mun mjög hætt við skemmdum af vatnagangi og sandfoki, og því álít jeg hana of hátt setta; jörðina Mörtungu nr. 13 á sama þingskj. er mjer reyndar ekki eins vel kunnugt um, en jeg er svo kunnugur henni, að jeg er viss um, að hún er of hátt metin.

Landshöfðingi: Jeg skal taka það fram, út af orðum h. þm. er nú settist niður (Guðl. G.), að jeg álít að minnsta kosti í þetta sinn ráðlegra, að fylgja nefndinni að því er snertir það ákvæði í upphafi frumv., að ráðgjafanum veitist heimild til að selja þjóðjarðir þær, sem frumv. nefnir, og láta það ákvæði óbreytt. Jeg get heldur eigi sjeð, að sá dráttur, sem það veldur, að leita til

ráðgjafans um kaup á þjóðjörð, geti orðið ábúendum til mikilla óþæginda, því þeim stendur það vanalega á litlu, hvort þeir komast að kaupunum 1—2 mánuðum fyr eða seinna. Þar sem að eins er gert ráð fyrir að ábúendurnir geti fengið ábúðarjörð sína til kaups, þá kemur aldrei til að þurfi að flytja búferlum til að komast á jörð þá, sem þeir kaupa, og að þeim af þeim ástæðum sje áríðandi að ná kaupum á jörðinni á einhverjum tilteknum tíma.

Að selja fasteignir landsins er allt af þýðingarmikið atriði í fjárstjórn þess, og jeg þori því ekki að ábyrgjast, að ráðgjafinn vilji sleppa því úr höndum sjer, og þá er ekki eigandi á hættu, að ákvæði um, að landshöfðingjanum væri veitt heimildin til að selja, yrði til að hindra staðfestingu laganna.

Verði jeg hjer á næsta þingi, þá vona jeg að geta gefið þinginu ákveðið svar í þessu efni.

Enn fremur vil jeg leiðrjetta það sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að verðið á jörðunum væri svo fastákveðið, að því yrði ekki breytt. En í 1. gr. stendur: »að minnsta kosti«; stjórninni er því ekki að eins heimilt, heldur einnig skylt, að selja jarðirnar hærra verði en lögin tiltaka sem hið lægsta, ef hún getur fengið það fyrir þær, eða álítur það sanngjarnt.

Að endingu vil jeg ráða h. deild til að fylgja sem mest tillögum nefndarinnar og breyta sem minnstu, þó einstöku mönnum kunni að virðast annað, því það eru engin líkindi til að fá heppilegri niðurstöðu en þá er nefndin hefir komizt að, eptir nákvæma yfirvegun, og eptir að hafa kynnt sjer nákvæmlega öll skjöl og skilríki, sem fyrir liggja; þó vil jeg undantaka breytingartill. á þingskj. 165, sem nefndin hefir samþykkt.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Það voru nokkur atriði í ræðu h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) sem jeg vildi svara.

Jeg skildi t. d. ekki, hvað hann fór, þar sem hann sagði, að landssjóður gæti haft svo mikinn ábata af því, að selja spildurnar fyrir innan Arnarhól. Jeg fæ ekki sjeð, að það yrði sjerstök tekjugrein fyrir landssjóð, að þessir 300 □ faðmar yrðu einstakra manna eign. Þó þar yrðu gjörðar einhverjar umbætur, meira að segja, þó svæðið yrði allt gert að töðuvelli, þá get jeg ekki sjeð, hvaða tekjur landssjóður hefði upp úr því. Það er að vísu mikið í það varið, að landið sje sem bezt ræktað, en að því er snertir landspart þann, sem hjer er um að ræða, er ekki sjáanlegt að sala hans sje nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að þar verði umbætur gerðar. Einmitt því sama má líka koma til leiðar með því að leigja hann um langan tíma fyrir lágt eptirgjald, eins og hjer á sjer stað. Jeg vil taka til dæmis hina miklu jarðrækt sem hjer er í kringum Reykjavík; jeg veit ekki til að þær spildur hafi verið seldar, heldur leigðar með erfðafestu. H. þm. (H. Kr. Fr.) lagði svo mikla áherzlu á, að margt gæti breytzt á löngum tíma, en jeg sje ekki annað en sú eina breyting sem hjer geti orðið, sje sú, að einmitt þessi landspilda hækki í verði, og hvaða ástæða er þá fyrir landssjóð að selja hana nú fyrir einar 250 krónur? Þar sem hinn sami h. þm. (H. Kr. Fr.) talaði um, að það lægi fyrir utan verkahring nefndarinnar, að hugsa um velferð Reykjavíkur, þá get jeg eigi sjeð það, því að framför Reykjavíkur er landinu til góðs, og því hlýtur það að liggja þingi og stjórn á hjarta, að hún eflist og blómgist, og styðja allar hennar framfarir til gagns fyrir landið. Það má líka taka það fram, að þetta mál er

óundirbúið. Það er venja með þjóðjarðasölu, að leita álits sýslunefnda og hjer í þessu tilfelli þá bæjarstjórnarinnar. Þetta ætti því að berast undir hana, en það hefur ekki verið gjört.

Björn Bjarnarson: Það sem mjer virðist einkum athugavert við breytingartill. þær, er hjer liggja fyrir, er það, að farið er fram á, að læra niður verðið á 2 stærstu jörðunum, af þeim, sem lagt er til að selja. Jeg vil alls eigi gjöra ábúendum ómögulegt að eignast ábýlisjarðir sínar, og er jeg heldur eigi með því, að þeim sjeu seldar þær mjög dýrar. En mjer virðist sízt ástæða til þess að ætla, að verðið á beztu og stærstu jörðunum sje ósanngjarnara, eða að tiltölu hærra en á smájörðunum; því í sjálfu sjer eru stærri jarðirnar tiltölulega meira virði en smákotin; þær geta borið stærra bú og fæða því ábúandann betur en smábýlin, sem eru bezt löguð til að mynda og viðhalda fátækt og örbirgð, þar sem þær ekki hafa svo mikil gæði í sjer fólgin, að fjölskyldu nægi.

Hvað viðvíkur þessum 2 jörðum í Múlasýslunum, sem farið er fram á að lækkað sje verðið á, á annari um $^1/_{12}$ hluta virðingarverðs og á hinni um $^1/_6$, þá er þeim báðum lýst sem allmiklum kostajörðum, bæði af umboðsmanni og sýslunefnd. Umboðsmaður ræður frá að selja þær, því hann álítur eigi rjett að selja úrvalið af landssjóðsjörðum, en láta hann hafa hinar lökustu eptir. Hann lýsir Hrafnkelsstöðum svo, að hún sje »hin bezta hagagöngujörð í Fljótsdalshjeraði«; og enn fremur tekur hann fram, að þegar á allt sje litið, þá sje hún »önnur bezta landssjóðsjörðin á Austurlandi«. Í sömu stefnu gengur vitnisburður sýslunefndarinnar að mestu leyti, en hún telur sjálfsagt, að með jörðinni verði þrætulandið að teljast. Nú var nefndin svo hagsýn og heppin, að hafa sjer til aðstoðar tvo menn úr hjeraði því, er jarðirnar liggja í, og vel þekktu til þeirra, einmitt tvo af þeim mönnum, sem koma nú fram með breyt.till. um að lækka verðið svona mikið. En jeg man eigi eptir, að þeir hefðu þá neitt að athuga við verð það, er nefndin lagði til, að sett yrði á jarðirnar.

Lýsingin á Skriðuklaustri er að því leyti ólík hinni, að þar er öðru vísi landkostum varið; þó er að því leyti eins ástatt þar, að eins og hún er talin einstök í sinni röð sem beitarjörð, svo er þessari lýst í sinni röð sem slægnajörð. Umboðsmaðurinn vill eigi heldur að hún sje seld, því hann álítur að það rýri svo umboðið; en þessar ástæður vildi nefndin ekki taka til greina. Jeg vil á engan hátt, að ábúendum sje synjað um, að kaupa ábýlisjarðir sínar fyrir tiltekið hæfilegt verð, en jeg er ófús á, að setja niður verðið á beztu jörðunum frá því sem komizt hefur orðið næst að hæfilegt væri samkvæmt þeim skýrslum og upplýsingum, sem föng hafa verið á, þegar eigi þykir ástæða til jafnframt, að færa það niður á þeim, sem rýrastar eru.

Jeg vil eigi með þessu taka fram fyrir hendurnar á h. framsögumanni með það, að tala fyrir áliti nefndarinnar. En það sem jeg hef tekið fram, er mitt eigið álit um þetta, og þess vegna finn jeg eigi ástæðu til þess að fallast á breyt.till. á þingskjali 207. Hinar breyt.till. álít jeg eigi þörf á að tala um, því þær álít jeg fremur þýðingarlitlar.

Að því er snertir lóðarspilduna við Arnarhólstún, þá má reiða sig á það, að henni er engin hætta búin; hún gengur eigi af sjer af sjáfargangi, því klettar eru með sjónum fram, sem þola munu tönn tímans.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skal

játa, að jeg er með öllu ókunnur jörðum þeim, sem hjer liggja fyrir; samt vil jeg leyfa mjer að minnast á fimmta staflið á nefndarálitinu, þar sem farið er fram á, að jörðin Akur í Húnavatnssýslu sje seld fyrir 2600 krónur. Jeg hefi sjeð á lestrarsalnum skjal frá umboðsmanni, sem vísar til eldra álits síns frá 1885, og segir að það muni ekki of hátt vera, að virða hana á 3000 krónur; sýslunefnd virðir hana á 2500 krónur, en nefndin hjer í deildinni á 2600 krónur. En jeg hefi ekki sjeð þessar skýrslur, sem umboðsmaður vitnar til. Umboðsmaður segir, að jörðin sje að batna, engið að gróa upp ár frá ári, og álít jeg ástæðu til, að taka álit umboðsmanns til greina að nokkru leyti, og að hjer sje of mikið farið eptir áliti sýslunefndar. Jeg vil því benda nefndinni á, að hafi hún eigi haft þetta fyrra álitsskjal, sem umboðsmaður vitnar til, þá ætti hún að útvega það, áður en mál þetta kemur til 3. umr.

Viðvíkjandi lóðarspildunni við Arnarhól skal jeg að eins geta þess, að jeg er samdóma meiri hluta nefndarinnar í því, að eigi sje ástæða til að selja þá spildu, eins og nú stendur.

Einar Jónsson: H. þm. Borgf. (B. B.) gat þess, að nefndin hefði átt tal við 2 þingmenn að austan, og ráðfært sig við þá um sölu jarðanna í Múlasýslunum. Jeg hefi líklega verið annar af þeim, er hann nefndi. En jeg man ekki eptir, eins og hann ljet í ljósi, að jeg hafi verið fullkomlega samþykkur nefndinni; mjer þótti þvert á móti, verðið heldur hátt, eins og það er nú ákveðið. Jeg fann það skyldu mína, að gefa svo nákvæmar upplýsingar, sem jeg gat í þessu efni, þegar þess var óskað; en þar sem jeg eigi er nákunnugur, gátu þær eigi orðið eins fullkomnar og jeg vildi. Síðan hefi jeg átt tal við h. 1. þm. S.-Múlas. (S. G.), sem er miklu kunnugri þar, en jeg er, og hefir hann sagt mjer frá uppblástrinum, og sömuleiðis, að gjörðardómur væri fallinn í málinu, Víðivöllum í vil. Þar eð nú gjörðardómur einu sinni er fallinn og hefur hallazt á Hrafnkelsstaði, þá er líklegt, að annar gjörðardómur muni fara í sömu átt.

Það verð, sem farið er fram á í frv., virðist mjer því fremur hátt, eigi að eins í samanburði við eptirgjald það, sem nú er, enda mun það nú of lágt, heldur og í samanburði við það eptirgjald, er menn geta gjört sjer von um á næstu tímum. En jeg álít það verð, sem farið er fram á í breyt.till., nokkurn veginn sanngjarnt. Jeg vona því, að þessi breyt.till. verði tekin til greina, því mjer finnst hún vera á góðum rökum byggð.

Sigurður Gunnarsson: Jeg ætla að bæta nokkrum orðum við það, sem h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) sagði. Það er sjerstaklega með tilliti til þess, sem h. þm. Borgf. (B. B.) sagði. Hann talaði um, að stærri jarðir væru vanalega að tiltölu betri en minni jarðir. Þetta getur verið satt í vissum tilfellum, en þó að eins undir þeim kringumstæðum, að hinar stóru jarðirnar sjeu jafnframt kosta- og hægðarjarðir, en eigi fólksfrekar, því eptir þeim vinnukrapti, sem nú er í landinu, og litur út fyrir að verða muni um lengri tíma, munu hinar hægu jarðirnar verða affarabeztar. Þingm. Borgf. (B. B.) fór nokkrum orðum um, hve vel umboðsmaður hefði lýst jörðum þessum í skýrslum þeim, er frá honum komu. Jeg ætlaði ekki að fara út í það, ekki af því jeg væri honum samþykkur, heldur af því, að mjer fannst hann hafa lýst kostum jarðanna með sterkari litum en strang-

lega gat samrýmzt sannleikanum, þar sem hann segir, að engar útbeitarjarðir þar eystra komist í nokkurn samjöfnuð við Hrafnkelsstaði. Jeg er nákunnugur á því svæði, og get jeg ekki annað sagt, en að hjer sje allt of sterkt til orða tekið, því að vissulega eru þar til jarðir sem nálgast mjög Hrafnkelsstaði í þessu efni, og einstöku sem telja má á borð við þá.

Að umboðsmaður að öðru leyti ræður frá að selja jörðina, byggist á því, að hann er á móti þjóðjarðasölu yfir höfuð. Hann hefur heldur ekki einu sinni gjört sjer það ómak að virða jarðirnar eða skýra frá, hvert verð honum þætti hæfilegt að setja á þær.

Mjer þykir vera, hvað Hrafnkelsstaði snertir, nokkuð langt stökk á milli 3000 kr. og 4500 kr., og mjer dettur ekki í hug, að núverandi ábúandi muni kaupa jörðina fyrir þetta verð, og ekki heldur næstu ábúendur. Það má auðvitað geta þess til, að leigumálinn verði færður upp við næstu ábúandaskipti, og þá muni landssjóður ná sömu upphæð og renta af 4500 kr. nemur. En mjer þykir vafasamt, hvort jörðin verður byggð fyrir 150 krónur, hvað þá heldur meir.

Jeg skal ekki fara fleirum orðum um þetta mál að sinni, og ræður deildin því, hvort hún vill trúa mjer, sem sanngjörnum og óvilhöllum manni, eður ekki.

Jón Jónsson (2. þingm. N.-Múl.): Jeg skal eigi lengja umræðurnar um þetta mál. Það sem gaf mjer ástæðu til að standa upp, voru þau ummæli h. þm. Borgf. (B. B.), að 2 af þeim 3, sem komið hafa fram með breyt.till. við frumv. þetta, hafi verið í ráðum með nefndinni og gefið henni upplýsingar. Jeg vildi að eins lýsa yfir því, að jeg hefi alls ekki verið í ráðum með nefndinni, nje gefið henni neinar upplýsingar.

Sighatur Arnason: Jeg ætla að eins að minnast lítið eitt á þessa lóðarspildu við Arnarhól, sem meiri hluti nefndarinnar hefur ráðið frá að selja. Þessi spilda er, eins og allir vita, mjög lítils virði; það er klettabelti eitt fram með sjónum. En vegna þrengsla hjer í bænum þurfa umsækjendur á henni að halda, til þess að breiða þar fisk o. fl., og er þeim mjög mikið óhagræði í því, að þeim sje neitað um þetta.

Það hefir áður verið seld lóðarspilda úr þessu Arnarhólstúni með samþykki þingsins, og álít jeg, að þingið væri ekki sjálfu sjer samkvæmt, ef það nú neitar sölu þessari, og að það gjöri þessum umsækjendum lægra undir höfði en hinum, sem áður hafa fengið keypt af þessu landi. Það er að mínu áliti athugunarvert, hvort það sje rjett, að gjöra ekki íbúum bæjarins sem hægast fyrir með atvinnu sína. Að það er enginn hagur fyrir bæinn að halda spildu þessari, liggur í augum uppi.

Jeg get því ekki skilið, hvaða kappsmál menn hafa gjört sjer úr því, að neita að selja spildu þessa. Frá mínu sjónarmiði er það ekki rjett.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Eptir að hafa hlustað á umræður manna, er jeg kominn að þeirri niðurstöðu, að rjettast væri að fella staflið 13. í viðaukatill. nefndarinnar: Hrafnkelsstaði í Norður-Múlasýslu. Ástæða mín fyrir þessu er sú, að h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) taldi það sem eina ástæðu til að lækka söluverðið, að þetta landamerkjamál stæði yfir, og hætt væri við, að dómur mundi falla á Hrafnkelsstaði. Þess vegna álít jeg að rjettast sje að fresta sölunni og sjá fyrst, hvernig málinu reiðir af.

Því ef þessi ástæða h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) er tekin til greina og verðið

lækkað, þá er það tap fyrir landssjóð að selja jörðina nú þegar, ef Hrafnkelsstaðir kynnu að vinna. Jeg vil því ráðleggja h. deild það, að fella staflið þennan, og fresta sölunni til næsta þings.

Björn Bjarnarson: Jeg skal leyfa mjer að gera litla athugasemd við það sem h. 1. þm S.-Múl. (S. G.) sagði, þar sem hann minntist á að taka bæri tillit til þess, hvort jarðir væru hægar eða erfiðar; því þegar mikinn vinnukrapt þarf til að nota jörðina, væri hún í sjálfri sjer minna virði. Virtist mjer hann benda því að Hrafnkelsstöðum. Að vísu er það svo, að jörð þessari er lýst sem slægnarýrri, og að erfitt sje þar til heyskapar. En þá er einnig þess að gæta, að hún er talin svo óbrigðul beitarjörð, að þar þurfi sjaldan mikið á heyjum að halda, og dregur það úr heyskaparkostnaðinum. Jeg hefi það eptir kunnugum og áreiðanlegum manni þar austan að, að bóndi sá, er þar býr og óskar að fá jörðina keypta, hafi sjálfur sagt sjer, að í þau nærri 20 ár, sem hann hafi búið þar, hafi hann — að einum vetri undanskildum — aldrei þurft að gefa 200 sauðum meira en 12 hesta á vetri eða 1 heyhest hverjum 16 sauðum, en opt minna eða því nær ekkert. Þessi kostur dregur því talsvert úr þeim ókosti, að jörðin er slægnalítil. Það er og aðgætandi, að þessar jarðir, sem farið er fram á að fella í verði, liggja í einhverju bezta hjeraði landsins, og það er mikill munur, hvort svo er, eða jörðin, sem selja á, liggur á einhverjum útkjálka eða í einhverju ljelegu hjeraði. Það má taka tillit til þessa, ekki síður en annara kosta við jarðirnar sjálfar. Viðvíkjandi athugasemd h. 2. þm. Eyf. (J. J.) um, að fella skyldi 15. tölulið frumv. af þeirri ástæðu, að vera kynni, að úrslit landamerkjamálsins hefði áhrif á verð jarðarinnar, þá skal jeg geta þess, að jeg sje enga ástæðu til að fella liðinn þess vegna. Gangi eitthvað frá jörðinni, eða vilji ábúandi ekki kaupa hana fyrir þetta verð, þá bíður salan auðvitað, og getur síðar komið til þingsins kasta, að ákveða verð hennar, ef hún þá verður föluð.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.): Af því að h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) er búinn að tala tvisvar, skal jeg leyfa mjer að taka það fram, gagnvart athugasemd h. 2. þm. Eyf. (J. J.), að aðalástæðan til breyt.till. um niðurfærslu á verði Hrafnkelsstaða er ekki landamerkjamálið, heldur uppblásturinn á jörðinni. Það er einkum með tilliti til hans, að farið er fram á að verðið lækki.

ATKV.GR.: 1. Breyt.till. við 1. gr. (119) 1. samþ. með 17 samhlj. atkv.; 2. Breyt.till. við 1. gr. (119) 2. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 3. Viðaukatill. við 1. gr. (119) 3. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 4. Viðaukatill. við 1. gr. (119) 4. samþ. með 21 atkv.; 5. Viðaukatill. við 1. gr. (119) 5. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 6. Viðaukatill. við 1. gr. (119) 6. samþ. með 22 atkv.; 7. Breyt.till. við viðaukatill. við 1. gr. 7. lið (165) samþ. í e. hlj.; 7. liður á þingskjali (119) þar með fallinn.; 8. Viðaukatill. við 1. gr. (119) 8. samþ. með 22 samhlj. atkv.; 9. Viðaukatill. við 1. gr. (119) 9. samþ. með 21 samhlj. atkv.; 10. Viðaukatill. við 1. gr. (119) 10. samþ. með 21 samhlj. atkv.; 11. Viðaukatill. við 1. gr. (119) 11. samþ. með 22 samhlj. atkv.; 12. Viðaukatill. við 1. gr. (119) 12. samþ. með 22 samhlj. atkv.; 13. Viðaukatill. við 1. gr. (119) 13. samþ. með 21 samhlj. atkv.; 14. Viðaukatill. við 1. gr. (119) 14. samþ. með 21 samhlj. atkv.; 15. Breyt.till. við viðaukatill. v. 1. gr. 15. lið (207) felld með 15. : 7 atkv.; 16.

Viðaukatill. við 1. gr. (168) 15. samþ. með 14 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
B. Kristjánsson,	Einar Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Klemens Jónsson,
Björn Sigfússon.	Bogi Melsted,
G. Guðmundsson,	Jens Pálsson,
H. Kr. Friðriksson,	J. Jónss. þm. Eyf.
Jón Jakobsson,	Jón Þorkelsson,
J. Jónss., þm. A.-S.,	Sigfús Árnason,
J. J., þm. N.-M.,	Sig. Gunnarsson,
Jón Þórarinsson,	Þór. Böðvarsson,
Ólafur Briem,	
Sighv. Árnason,	
Skúli Thoroddsen,	
Þ. Guðmundsson,	
Þorl. Guðmunsson,	

17. Breyt.till. við viðaukatill. við 1. gr. 16. lið (207) felld með 15 : 5 atkv.; 18. Viðaukatill. við 1. gr. (168) 16. samþ. með 22 samhlj. atkv.; 19. Viðaukatill. við 1. gr. (168) 17. samþ. með 22 samhlj. atkv.; 20. Viðaukatill. við 1. gr. (201) 18. samþ. með 16 : 7 atkv; 21. 1. gr. þannig breytt samþ. með 22 samhlj. atkv.; 22. 2. gr. samþ. með 22 samhlj. atkv.; 23. 3. gr. samþ. í e. hlj.; 24. 4. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Hlaðsbót í Arnarfirði (C. 257); 2. umr.

ATKV.GR.: Frv.greinin samþykkt með 19 samhljóða atkvæðum.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Svalbarðseyri (C. 257); 2. umr.

ATKV.GR.: Frv.greinin samþykkt með 16 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðum í Fáskrúðsfirði (C. 229); 2. umr.

ATKV.GR.: Frv.greinin samþykkt með 20 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík (C. 221); 2. umr.

ATKV.GR.: Frv.greinin samþ. með 20 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um kirkjur (C. 153, 275); frh. 1. umr.

Framsögum. (Þórarinn Böðvarsson): Nefndarálitið (C. 275) er svo ítarlegt og greinilegt, að jeg finn ekki verulega ástæðu til að fara mörgum orðum um það.

Þetta mál hefir verið athugað í tveim nefndum. Fyrst var það í nefnd þeirri, er synodus setti 1891. Í þeirri nefnd voru stiftsyfirvöld lands vors, Eiríkur Briem, kennari við prestaskólann, og síra Þorkell Bjarnason, sem nú er konungkjörinn þm. Sú nefnd íhugaði málið nákvæmlega og leitaði þeirra skýrslna, sem nauðsynlegar voru. Nú hefir h. deild sett nefnd í málið á ný og mjer er óhætt að segja, að hún hefir íhugað það nákvæmlega með eindrægni og samlyndi, og komst hún að þeirri niðurstöðu, að samþykkja það með þeim litlu breytingum, sem á eru orðnar. Það var afráðið að leggja það til, að stofnaður yrði sameiginlegur kirknasjóður. Jeg hefi opt hugsað um það áður, en var ragur við það og þorði ekki að setja það í frumv., af því að

jeg var hræddur um, að hver mundi reyna að fá sem mest handa sinni kirkju. En nú hefir verið sjeð við því í frumv., þar sem kirkjustjórninni er falið að ákveða, hve mikið hver kirkja skuli fá úr sjóði þessum. Nefndin hefir lækkað gjaldið, sem jeg fór fram á að væri 1 kr., en jeg fylgi nefndinni þar með hálfum hug, því að jeg er ekki fullviss um að það dugi. En jeg er samdóma nefndinni um það, að ekki beri að hafa það hærra en nauðsyn ber til. Einn af nefndarmönnum hefir komið með viðaukaatkvæði, og vil jeg ekki segja um það, að það sje ástæðulaust. En svo mikið er víst:, að erfitt mun verða að útvega skýrslur svo nákvæmar, að segja megi fyrir víst, svona er það og hvorki hærra nje lægra. Jeg skrifaði biskupi um að útvega skýrslur um tekjur kirkna og fá þær hjá prestum og próföstum; þær skýrslur liggja hjá skrifstofustjóra og getur hver þm. sem vill sjeð þær. Á lestrarsalinn vildi jeg ekki leggja þær, af því að jeg fjekk þær að láni hjá biskupi, en þóttist eigi geta ábyrgzt, að þær skemmdist eigi eða týndust þar. Þá tók og maður einn að sjer að reikna út tekjur kirkna á annan hátt, og það var maður, sem var vel fær til þess; það var hinn alkunni reikningsmeistari Eiríkur Briem. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að tekjur kirkna um 5 næstliðin ár hefðu verið 30,000 kr. Þetta mun mjög nærri sanni, og kemur að mestu saman við þær skýrslur, sem prestar og prófastar höfðu gefið. Þó hafa margir þeirra gert það af vangá, að telja með tekjum það sem er sjerstakt, og ekki kemur fyrir nema einu sinni eða einstaka sinnum. Þegar litið er á tekjuupphæðina, 147,458 kr., og skuldirnar, 37,382 kr., sjest, að eignin er 110,076 kr., og munu menn segja, að kirkjurnar standi sig yfir höfuð vel. Og er það svo. En hversu mikið vantar á að þær sjeu í því standi, sem þær ættu að vera? Þá kemur það aptur til athugunar að nefndin leggur til að lagður verði ýmislegur kostnaður á kirkjurnar, sem þær hafa eigi haft áður. Munu sóknarmenn verða fegnir að losna við ýms hin eldri gjöld, svo sem legkaup; það eru margir sem kunna illa við að þurfa að borga fje til kirkju til að fá að hvíla sem menn kalla í kristinna manna reit, og hafa þó kannske borgað til kirkju um mörg ár. Í annan stað losna söfnuðir við hluttöku í bygging kirkna. Það verða opt deilur, brjefaskriftir, óánægja og fyrirhöfn að því, eigi sízt síðan timburkirkjur fóru að fjölga, eins og nú er; en þegar þetta frumv. er orðið að lögum munu söfnuðirnir verða ánægðir, það etast jeg ekki um, enda veit jeg ekki hvað þeir ættu að að finna.

Jeg skal nú ekki fara út í einstakar greinar; það er nógur tími til þess við 2. umr. Mjer er þetta ekki lítið áhugamál, því að jeg álít það vera velferðarmál fyrir kirkjur og söfnuði; það er velferðarskilyrði, að kirkja geti verið vel sótt, að menn geti setið þar í rósemi og tilbeðið guð sinn í hjartans einlægni, en þurfi ekki að vera hræddir um að spilla heilsu sinni í súg og kulda í kirkjunni, að þess konar hugsanir þurfi eigi að glepja hug þeirra. Jeg vona að þegar þetta er komið í kring, verði kirkjur svo úr garði gerðar, að þær lyfti sálum safnaðanna upp til guðs í himninum. Og jeg vil því mæla hið bezta með þessu frumv. Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta að sinni, en fel h. deild þetta velferðarmál safnaðanna og landsins alls.

Sighvatur Árnason: Þetta frumv. fer fram á að breyta hinum gamla grundvelli, sem tekjur kirkna byggjast á og

setja annan nýjan grundvöll í staðinn, þann grundvöll að leggja kirkjugjaldið á alla fermda menn undantekningarlaust, nema sveitarómaga. Jeg skal ekki neita því, að kyrkjugjaldið er nú bæði tætingslegt og óviðkunnanlegt að sumu leyti, og að því sje ekki vanþörf á að breyta því og sameina það í eitt gjald, og til þess að gera það, hygg jeg torfundinn annan hentugri veg en frumv. velur.

Þegar jeg nú sný mjer að frumv. og breytingum nefndarinnar á því, þá skal jeg játa að nefndin hefir stórum bætt það og gert það miklu aðgengilegra en það var. Þetta sýnir að nefndin hefir íhugað frumv. mjög vandlega; en þó vil jeg gefa nefndinni tvær bendingar, ef hún skyldi vilja taka þær til greina.

Það er eins og kunnugt er mjög nauðsynlegt við hverja lagasetning, að ekkert það sje í lögunum, sem gefi tilefni til tvídrægni eða þráttunar, þegar á að fara að beita lögunum, og í því skyni vil jeg benda á ákvæði frumv. um gjaldeyri þann, sem greiða má kirkjugjöld með, er peninga brestur; þar er ekki látið ráða verðlagsskrárverð, heldur hnýtt við þeim viðauka, að eigi skuli farið eptir verðlagsskrárverði, sje það hærra en gangverð gjaldeyrisins í gjalddaga. Þennan viðauka álít jeg mjög óheppilegan. Jeg veit að vísu, að þessi sami viðauki kemur og fyrir í skattalögum vorum, að því er manntalsbókargjöld snertir, en jeg veit líka, að menn hafa beðið óhag af því, að þurfa að gjalda vörur í manntalsbókargjöld sín, því að sýslumenn hafa gripið til þeirra úrræða, sem von er til, að selja þær á uppboði, og niðurstaðan hefir orðið sú, að sökum peningaeklunnar hafa þær selzt hraparlega illa, og gjaldandi hefir vegna peningaskorts orðið að leggja sig undir það. Mjer finnst eiga einmitt við, að láta verðlagsskrárverðið ráða hjer eins og með önnur gjöld, með því líka að menn hafa reynslu fyrir sjer með að gangverðið gengur ýmist upp fyrir eða niður fyrir verðlagsskrárverð, svo að allt mun að lokum hjer um bil jafna sig.

Annað atriði, sem jeg vildi að h. nefnd vildi íhuga, er það, að þar sem talað er um borgun til prófasta fyrir kirknaskoðanir, þá fer svo, að eptir br.till. nefndarinnar verður ekkert ákveðið í lögunum um borgun fyrir skoðun á öðrum kirkjum en þeim, sem leggja í hinn almenna kirknasjóð. Jeg ímynda mjer, að það hafi þó ekki verið meining h. nefndar, að þær kirkjur ættu ekkert að greiða, nema svo sje, að hin eldri ákvæði um það eigi að standa óbreytt.

Að svo mæltu finn jeg ekki ástæðu til að tala meira um málið.

Ólafur Briem: Jeg get tekið undir með h. þm. Rangv. (Sighv. Á.), að frumv. hafi tekið bótum í höndum h. nefndar, en þó finnst mjer einn óþægilegur agnúi á nefndarálitinu, og hann er sá, að eigi skuli einni og sömu reglu fylgt með allar kirkjur, sjerstaklega þar sem nefndin leggur til að stofnaður skuli sameiginlegur kirkna-sjóður. Þegar hæstv. landsh. lagði til, að stofnaður væri sameiginlegur kirknasjóður, þá undanskildi hann ekki bændakirkjur, og var ekki að heyra, að hann áliti það koma í bága við eignarrjett einstakra manna, þótt sömu lögin væri látin ná til allra kirkna jafnt.

H. framsm. (Þ. B.) kannaðist við, að vakað hefði fyrir nefndinni, að einstakir söfnuðir mundu verða heimtufrekir með fje til viðhalds og endurreisnar kirkjum sínum, þegar það skyldi greitt úr sameiginlegum kirknasjóði. Jeg er hræddur um hið sama, og vjer höfum reynsluna fyrir oss; vjer vitum, að til

landssjóðskirkna er krafizt meira fjár en gengur til viðhalds annara kirkna, og líkt mundi fara með aðrar kirkjur, er þær ættu allar sameiginlegan sjóð. En jafnframt tók h. framsögum. (Þ. B.) það fram, að töluverð trygging væri í því, að kirkjustjórnin hefði hönd í bagga með fjárframlaginu; en jeg held að sú trygging sje ekki mikil; jeg get eins vel ímyndað mjer, að það yrði nokkuð óspart veitt fje úr kirkjusjóðnum, því að jeg get búizt við, að hvorttveggja verði samfara, mikil eptirsókn hjá söfnuðunum að fá fje til að bæta kirkjur með og mikil tilhneiging hjá kirkjustjórninni til að veita það fremur ríflega. Vjer vitum, að kirkjur eru víða ekki í góðu lagi, og því öll von, þótt hún vildi bæta þær. En afleiðingin af þessu mundi verða sú, að hætt er við, að kirkjusjóðurinn mund smátt og smátt þverra. Mjer er ekki nákunnugt um, hve mikið fje kirkjur hjer á landi eiga nú í sjóði að skuldum frádregnum; en setjum svo, að það sjeu rúmlega 100,000 kr. Ef þessi sjóður eyddist alveg á næstu 50 árum, eða jafnvel skemmri tíma, sem ekki er óhugsandi, þá mundi til vandræða horfa, þegar nýjar kirkjur þyrfti að byggja, og ekki annað fyrir en að landssjóður hlypi undir bagga, eða þá að gjöld til kirkna yrði að auka.

Að því er bændakirkjur snertir, skilst mjer, að tekjur þeirra eigi að breytast samkvæmt frumv., þannig að til þeirra leggist 75 aurar fyrir hvern fermdan sóknarmann, og það jafnvel þótt þær tekjur verði hærri en tekjurnar, sem kirkjurnar nú hafa. Þessi hækkun er að nokkru leyti byggð á því, að útgjöld kirkna eru aukin með ákvæðum frumv., t. d. með viðhaldi kirkjugarða, hitun kirkna og borgun fyrir organslátt. Frumv. þyrfti því að innihalda full nægjandi tryggingu fyrir því, að slíkur kostnaður greiddist af bændakirkjum. En þá tryggingu hefi jeg eigi getað fundið, hvorki í frumv. sjálfu nje breytingartill. nefndarinnar. Mjer finnst vanta skýr ákvæði um, að öll þessi gjöld eigi að greiðast jafnt af fje bændakirkna sem annara kirkna, þar sem tekjurnar eru þó miðaðar við það, að allar kirkjur eigi að bera þau, án þess söfnuðirnir sjeu skyldir að leggja þau á sig sem aukakostnað í viðbót við kirkjugjöldin.

Þórður Guðmundsson: Þeir sem talað hafa, hafa þegar tekið fram margt af því, sem jeg ætlaði að segja, sjerstaklega h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.). Að vísu hefir frumv. tekið talsverðum bótum í höndum nefndarinnar, því að eins og það var upphaflega, var varla ástæða til að taka það til yfirvegunar, en nefndarálitið er þess vert, að það sje íhugað, en þó er margt athugavert í því. Í fyrsta lagi er það athugavert, ef þessi nefskattur kemst á, að þá missa margar jarðir rjettindi, sem þær hafa lengi haft, það er að segja tíundarfrelsi; þetta þykir máske ekki gild ástæða, en þó hlýtur það að rýra jarðir þessar í verði, Í öðru lagi er þess að geta, að hvort sem nú nefnskatturinn hækkar kirkjugjald um land allt eða ekki, þá hlýtur hann að raska stórkostlega hlutfallinu á kirkjugjaldinu milli hinna einstöku sókna, og jeg er hræddur um, að svo reynist, að hinum fátækari verði íþyngt en ljett á hinum ríkari. Þegar um nefskatt er að ræða, þá er hann miðaður við þau not, sem hver einstaklingur hefir at kirkjunni, og þegar við það er miðað, þá þykir mjer hart, að allir fyrir innan fermingu skuli vera gjaldfríir, en ekkert aldurstakmark sett að ofan; mjer þætti hart að þurfa að gjalda fyrir gamalmenni, sem aldrei gæti farið í kirkju fyrir ellilasleika sakir. Nefndin fer fram á, að innheimtugjaldinu sje

breytt úr 10 % eins og í frumv. stóð í 6 %. Þetta held jeg sje naumast rjett; innheimtumenn munu varla of sælir, þótt þeir fái 10 % fyrir ómak sitt og fyrirhöfn, því ekki get jeg byggt svo mikið á því, að kirkjugjöld verði borguð meira í peningum en hefir verið, þó gjaldmátanum verði breytt. Það er ekki svo auðvelt að koma vörum í peninga í þeirri peningaeklu sem í landinu ríkir.

Þótt jeg þannig álíti nefndarálitið mjög athugavert, er jeg eigi að síður einn af þeim mönnum, sem óska, að kirkjugjaldið verði heillegra gjald en verið hefir.

Framsögum. (*Þórarinn Böðvarsson*): Jeg er þakklátur tveimur af þeim h. þingdm., sem talað hafa, fyrir þann hlýja anda, sem þeir töluðu af um frv., og öllum þremur er jeg þakklátur fyrir þeirra góðu orð um nefndarálitið. En ræður þeirra hafa að miklu leyti gengið út á það, sem ekki átti við að tala um fyr en við 2. umr., og því mun jeg ekki að þessu sinni svara nema lítið eitt athugasemdum þeirra við einstök atriði málsins.

Jeg og nefndin öll munum fúslega taka til íhugunar þær bendingar, sem h. 2. þm. Rvell. (Sighv. Á.) gaf henni; en mig furðar á því, að hann, sá gamli góði þingmaður, skuli vilja nema burtu ákvæði frumv. um að innheimtumaður skuli skyldur að svara kirkjugjaldinu eptir »gangverði«. Hvað er skynsamlegra að miða við en gangverðið? Jeg held ekkert.

Þar sem h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) kvaðst ekki kunna við, að bændakirkjur væru aðgreindar frá öðrum kirkjum á þann hátt, sem bent er á í nefndarálitinu, þá bið jeg hann að gæta að því, að þetta er einmitt gert af mannúð, bændunum til góðs.

Þar sem h. 1. þm. Rvell. (Þórður G.) sagði, að frumv. væri ekki þess vert, að það væri athugað, þá vil jeg, með allri virðingu fyrir honum, segja: »ertu meiri föður vorum Abraham«? Er h. þm., sem talar svo digurt, meiri en hin háu stiptsyfirvöld Íslands, meiri en dócent síra Eiríkur Briem, meiri en síra Þorkell Bjarnason, nú konungkjörinn þingmaður í efri deild? Allir þessir hafa þótzt geta samþykkt frumv. Sjálfan mig er jeg, að sjálfsögðu, ekki svo djarfur að bera saman við h. þingm., en jeg verð að segja, að mjer virðast orð hans um frumv. í frekara lagi, og ekki frambærileg. Hann talaði um, að hann vildi ekki svipta menn tíundarfrelsi. Hver hefir gert það? Ekki frumv., ekki nefndin, ekki jeg. Þá drap hann á það, að hann skildi ekki í því, hvers vegna innheimtulaunin ættu að verða lægri en áður; en jeg vil benda honum á, að þetta er ekkert óeðlilegt, þar sem öll innheimta og reikningsfærsla verður óbrotnari, ef þetta frumv. verður að lögum. Það verður hverjum ljóst, löngu fyrir fram, hvað hann á að gjalda.

Sami h. þingm. var að tala eitthvað um, að það væri hart, að heimta gjald af gamalmennum, sem ekki gætu farið til kirkju; þessu get jeg ekki svarað; það er svo smásmuglegt.

Þó jeg hafi nú svarað þessu að nokkru, sem jeg eiginlega átti ekki að svara nú, þá get jeg, ef þörf þykir, gengið inn á þessi atriði aptur við 2. umr., því þá koma dagar og þá koma ráð; en nú fulltreysti jeg því, að h. deild láti málið ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju (C. 77, 254); frh. 1. umr.

Framsögum. (*Guðlaugur Guðmundsson*): Jeg skal eigi fara mörgum orðum um mál þetta á þessu stigi, en taka það að eins fram, að nefndin hefir gert dálitla efnisbreyting á stjórnarfrumv. Í því er rjetturinn til skaðabóta bundinn við »gæzluvarðhald«, en eptir þeim skilningi, sem almennt er lagður í það orð, þá fellur þar undir að eins regluleg fangavist í einhýsi. En hjer á landi eru fangahús mjög fá og alls eigi til nema í einstaka kaupstað, og því yrðu þeir tiltölulega fáir, sem bóta gætu krafizt samkvæmt frumv. En aptur á móti eru menn í sveitum opt settir í gæzlu hjá bændum eða hreppstjórum, sem nefndin áleit að eigi yrði nefnt gæzluvarðhald í eiginlegum skilningi, en er þó hefting á frelsi manna. Af þessu fann nefndin ástæðu til að rýmka svo ákvæði frumv., að það næði einnig til þessarar gæzlu, svo að þeir, er settir eru í slíka gæzlu, einnig gætu fengið einhverjar bætur fyrir frelsismissi sinn, sem þó yrði tiltölulega í minna mæli, þar sem varðhald þeirra eigi er regluleg fangavist. Þetta er aðalbreytingin; hinar aðrar leiða mest af þessari breytingu; hitt eru einkum orðabreytingar til þess að skýra, og til þess að lagfæra málið. Mál þetta í heild sinni er mikils virði, og mjög mikil rjettarbót.

Jeg vona, að það gangi greiðlega til 2. umr., og þá verður tækifæri til þess að ræða ýtarlega hin einstöku ákvæði.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. til þingsályktunar um, að landsstjórnin láti verkfróðan mann rannsaka brúarstæði á ám hjer á landi (C. 229); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á, að málið yrði rætt í að eins einni umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg sting upp á, að málið verði rætt í tveimur umr., af því breyt.till. kemur ef til vill fram.

ATKVÆÐAGR.: Tvær umr. samþ. með 22 samhlj. atkv.

Tuttugasti og annar fundur, miðvikudag 26. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið:

1. Bænarskrá frá Magnúsi organista Einarssyni á Akureyri um styrk til að kenna orgelspil og bæta kirkjusöng á norðurlandi.
2. Áskorun til alþingis frá kaupmönnum í Reykjavík, um að láta ekki frumv. til laga um gjald á aðfluttu smjörlíki ná lagagildi.
3. Ávarp til alþingis frá kaupmönnum í Reykjavík, um, að frumv. til laga um tollgreiðslu fái góðan byr á þinginu.

Frumv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (C. 283, 302, 313, 316); 3. umr.

Framsögum. (*Klemens Jónsson*): Enn einu sinni eru komnar breyt.till. fram í máli þessu, en þær eru svo litlar, að þær geta ekki valdið neinum ágreiningi. Þá er fyrst og fremst breyt.till. á þingskj. 200 frá nefndinni, og er hún komin fram eptir bendingu hæstv. landshöfðingja við 2. umr. og umræðum þeim, sem þá fjellu um málið, og er víst engin þörf á að orðlengja frekar um þær.

Og enn kemur breyt.till. á þingskj. 220 frá nokkrum þingmönnum; eptir því sem hún fer fram á, hefir þótt nauðsynlegt að lyfsalar hefðu eigi meiri rjett til vínsölu en veitingamenn, og er því sala þeirra á helgidögum bundin við lyfjasölu. Jeg get aðhyllzt þessa breyt.till., því það virðist vera alveg rjett,

að gjöra þeim eigi hærra undir höfði en öðrum, er vínsölu hafa á hendi. Hinar breyt.till. á þingskjali 220 eru svo lítilfjörlegar, að þær gera hvorki til nje frá. Breyt.till. á þskj. 225 snertir að eins máltærið, og er lagfæring á því. Eins og frumv. nú liggur fyrir, getur það eigi gefið tilefni til neins ágreinings, og vil jeg því ráðleggja h. deild að samþykkja það með þessum breytingum.

Einar Jónsson: Þær umbætur, sem fram hafa komið á frumv. þessu, þykja mjer eigi fullnægjandi, þó að breytingarnar viðvíkjandi vínsölunni sjeu til bóta. Jeg tók ýmislegt fram við 1. og 2. umr., er mjer þótti að þessu frumv. og gerði það óaðgengilegt fyrir mig, en breytingar til að bæta úr því hafa enn eigi komið fram.

Það stendur enn í frumv. þessu sama ósamkvæmnin, sem jeg hef áður bent á. Sumt er þannig bannað allan daginn, sumt að eins til miðaptans, án þess þó að sjeð verði sennileg ástæða fyrir þeirri aðgreining. Aptur er sumt hvorki bannað nje leyft, t. a. m. hin kyrlátari vinna. En það er ekki heppileg aðferð í lögum, að láta mikilsverð ákvæði vera óákveðin. Jeg þekki það reyndar, að menn segja opt sín í milli: »Jeg banna þetta ekki, en jeg leyfi það ekki heldur«, og leggja svo allt á manns eigið vald. Þess háttar aðferð á vissulega ekki við í lögum; enda mun það vanalega fara svo, þegar um skilning á slíkum lagastöðum er að ræða, að það sem ekki er beinlínis bannað, það verður skoðað leyfilegt, eða ósaknæmt. Með því að hafa allt svo óákveðið um vinnuna á helgidögunum, eins og hjer er gert í 1. gr., er það alveg lagt í vald siðferðistilfinningar mannsins og sómatilfinningar, hvað hann gerir og hvað hann lætur ógert, en það er tíðum býsna óáreiðanlegur mælikvarði. — Það sem bannað er allan daginn, á nú víst að vera eitthvað verra og óguðlegra en hitt, sem að eins er bannað til miðaptans, og vil jeg nú stuttlega líta á hvorttveggja, og sjá, hvort sú aðgreining, sem hjer er gerð, er samkvæm því.

Það sem bannað er að eins nokkurn hluta dagsins, er sú vinna, sem hefir þennan ófriðarblæ, sem bent er á í 1. gr. Öll önnur vinna verður að skoðast leyfð. Ákvæðin um, hver þessi vinna sje, sem ekki megi fram fara, eru alls eigi eins skýr eins og ætti að vera. Það hefir reyndar verið sagt af meðmælendum frumv., að tilætlun þess sje, að yfir höfuð sje engin vinna leyfð á helgum dögum, sem eigi sje nauðsynleg, og til að skýra það hefir svo verið prjónað neðan við 1. gr. — en úr heldur mislitu efni — ákvörðun, sem á að fyrirbyggja, að annað sje unnið á helgum degi en það, sem tekið er fram í miðkafla 1. gr. Samkvæmt þessari ákvörðun mega húsbændur eigi skipa hjúum sínum að vinna neitt að heyþurki eða fiskþurki á helgum degi, sem þó opt er mjög mikil þörf á. Ef húsbændurnir nauðsynlega þurfa þess með, þá verða þeir að semja við hjúin, hjala til við þau; ef þau neita, þá fær húsdóndinn auðvitað ekki vinnu þeirra, en ef þau ganga inn á samning við hann, þá er nú allt gott. Þetta er mjög óhentugt, því það er eðlilegast, að húsbóndinn eigi heimting á allri þeirri vinnu hjúanna, sem annars er leyfð, á helgum dögum sem endrarnær.

Það sjest bezt, hversu illa þessi ákvörðun frumvarpsins á við, þegar þess er gætt, að þó að húsbóndinn megi enga vanalega vinnu heimta af hjúunum á helgum dögum, þá mega vinnuhjúin sjálf satnast saman í hópa og vinna fyrir sig, ef þau að eins hafa eigí svo hátt, að það heyrist til kirkjunnar.

En nú kemur sú spurning: Hver á vinnu hjúanna á helgum dögum, þegar þau vinna fyrir húsbóndann? Á húsbóndinn hana eða hjúin? Það má opt heyra, að hjúin þykjast eiga vinnu sína á helgum dögum, þó að núgildandi lög gefi eigi tilefni til þess; en þegar ætlazt er til, að húsbændurnir semji við hjúin um vinnuna, þá er bert, að hjúið á vinnuna og húsbóndinn á að borga hana sjerstaklega. Þetta virðist mjer mjög athugavert og þörf á, að umbætt sje.

Eptir miðaptan er leyft að halda veizlur og hávaðasamar samkomur. Jeg er eigi á móti siðlegum skemmtunum, enda er það mjög eðlilegt, að menn megi koma saman og skemmta sjer á helgum degi, því í því er bæði hvíld og hressing og upplypting; en þetta sem leyft er, er samt í ósamræmi við það sem bannað er á sama tíma. Kaup og sölur eru t. d. bannaðar allan daginn, en öll vanaleg vinna aptur leyfð í 1. gr. eptir miðaptan. Er þá kaup og sala syndugri vinna en önnur vinna? Það sýnist mjög hart, að þessi vinna skuli eigi mega fara fram eins og önnur vinna eptir miðaptan, því þó opnuð væri búð og ferðamaður afgreiddur, get jeg eigi álitið það verra eða óguðlegra en t. d. að róa til fiskjar eða ganga að heyskap. Öll vínsala er bönnuð allan daginn, sem er alveg rjett. Markaðir eru líka bannaðir allan daginn, og er það ekki eins rjett, því það getur staðið svo á, að það sje mjög bagalegt, að mega ekki halda markað sunnudagskveld að haustinu til, þegar skjótlega þarf að hafa fje saman. Sveitarstjórnarfundi er eigi leyfilegt að halda á neinum tíma helgidagsins. — En jeg get ómögulega sjeð, að þeir sjeu ósæmilegri en ýmsar hávaðasamar samkomur, sem leyfðar eru í 4. og 5. gr. Hæstv. landshöfðingi tók það fram, að fyrir stjórninni hefði vakað, að til slíkra funda þyrfti að kveðja menn, og að ef þeir væru leyfðir, þá gæti það komið í bága við þann frið, sem þeir ættu að hafa til guðsþjónustu. Nú hagar víða svo til í sveitum, að menn verða að fara langan veg bæði til kirkju og á fundarstaði, og er þeim opt hentugt að geta sameinað hvorttveggja og geta gengið á fund eptir að kirkjugöngu er lokið, enda þótt ekki væri fyr en eptir miðaptan. Almenna fundi má aptur halda eptir að guðsþjónustu er lokið og jafnhliða henni, ef hún fer fram eptir kl. 4. Hvað eru nú þeir fundir sæmilegri á helgum degi en sveitarstjórnarfundir?

En það er sjerstaklega eitt, sem mjer finnst athugavert við frumv. þetta, og sem jeg vildi vekja athygli h. deildar á, og það er blærinn á frumv. þessu yfir höfuð. Það er á því kaupstaðarblær, enda er það eðlilegt, þar sem það er komið frá kaupstaðalandi og hefir fengið hjer sína fyrstu aðhjúkrun í kaupstað. Í kaupstöðunum geta ákvæði þess því átt allvel við, þó að þau eigi ekki við þegar til sveitanna kemur. Þegar það er skoðað frá þessu sjónarmiði, þá fyrst skilur maður þetta orð í fyrirsögninni: »almannafriður«. Það skilst, að í kaupstöðum á að detta niður allur hávaði, vagnaskrölt og þess háttar á helgidögum. Það skilst líka, að þar getur ýmislegt hávaðasamt farið fram nálægt kirkju og truflað guðsþjónustuna, sem því er þörf á að banna. Þá getur maður líka skilið t. d. ákvæðin í 6. gr., því þau eiga flestöll að eins við bæjarlífið. Mjer finnst, að h. alþingi ætti að skoða vel huga sinn áður en það kastar með lagaboði þessum kaupstaðarslæðum yfir hið íslenzka þjóðlíf. Það ætti líklega ekki betur við sveitalífið hjer en ljereptsfötin útlendu eiga við í íslenzkum kulda.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hef núna gjört það, sem jeg hef aldrei gert áður

og það er það að óska sjálfur að fá að mæla nokkur húskveðjuorð yfir þessu líki eða yfir þessu frumv., sem jeg álít vera í andarslitrunum. Þegar frumv. þetta fór inn í deildina, mælti jeg með því, að það mætti komast til 3. umr., af því jeg hjelt, að það mundi taka umbótum, og í því skyni kom jeg og 2 h. þm. með breyt.till., en h. deild þóknaðist eigi að aðhyllast hana. Það hefir verið sagt um prestana, að þegar þeir tala yfir líkum, þá spari þeir eigi hólið, og jeg skal sízt spara það nú meir en jeg er vanur, og skal taka það fram í hóls skyni, að frumv. þetta er komið hingað í bezta tilgangi. Það sýnist hafa þann tilgang, að vernda guðsþjónustuna, svo menn geti þá tilbeðið drottin sinn í friði og rósemi. En gallinn er sá, að það er eigi víst nema að almenningur skilji það svo, að eigi sje neinn hvíldardagur í þeim vanalega skilningi. Jeg óttast, að frumv. þetta komi mönnum til þess að fótum troða þetta gamla og góða boðorð: minnstu að halda hvíldardaginn heilagan, og þetta: 6 daga skaltu verk þitt vinna, en 7. daginn áttu að halda helgan, svo að uxi þinn og asni geti hvílt sig. Þetta álít jeg svo mikinn galla, að jeg get eigi greitt atkvæði mitt með því. Jeg ætla eigi að tala um frumv. þetta sem þjónn kirkjunnar, heldur frá sjónarmiði þess, sem elskar ættjörð sína og ber velferð hennar fyrir brjóstinu.

Það er öllum kunnugar þessar gömlu setningar: Syndin er lands og lýða tjön, og þessi: Rjettlætið upphefur fólkið, en syndin er þjóðanna skömm, og enn fremur þegar litið er til sögunnar, þá kemur það í ljós, að það var einmitt siðleysi þjóðarinnar, sem steypti sjálfstjórn landsins og gerði það að undirlægju annarar þjóðar; en jeg lýsi því hjer með yfir, að jeg vil eigi samþykkja neitt það, sem stuðlað gæti að því að koma þjóðinni í slíkt ástand.

Jeg get eigi betur sjeð en að frumv. þetta hindri eigi neinn í að róa á helgidegi eða hvíldardegi, og ekki heldur á hátíðisdegi, t. d. á páskadaginn, og kalla aðra með sjer, eins og formaður gerir við háseta sína, sem eru skyldugir að fara með honum, hve nær sem hann vill; en þegar á þetta er litið, þá get jeg eigi sjeð að frumv. verði til þess, að friða guðsþjónustuna og henni til verndar. Um hvítasunnuna eru önnur verk unnin, svo sem ekið skarni á hóla, þ. e. bornar forir á tún, og gerðar aðrar nauðsynlegar voryrkjur. Frumv. hefir ekkert á móti því, að það sje gert á sjálfan hvítasunnudaginn, enda þarf eigi að halda frið um messuna, sem líklega verður engin.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) tók það fram að það sem bannað væri í frumv. væri eigi saknæmara en það sem leyft væri óbeinlínis, sem er auðvitað gert í þeim tilgangi að halda á friði, en jeg get heldur eigi sjeð að það sem bannað er sje neitt verra en það sem leyft er að vinna á helgidegi, sem menn eru búnir að venja sig á að kalla hvíldardag.

Þessi orð eru, eins og jeg tók fram, að eins stutt húskveðja yfir þessu, sem jeg vona að verði liðið lík þegar hjer í þessari deild, en fari svo, að eitthvert lífsmark finnist með því, þá vona jeg að efri deild með biskup landsins í broddi fylkingar muni halda líkræðu, sem sje fullkomin, þar sem þetta er að eins ófullkominn húskveðja, enda sje jeg engan taka upp eyri til að borga mjer fyrir hana.

Jeg ætla að bæta því við, að það er á ábyrgð þeirra, sem valda því, að frv. þetta verði að lögum, og geri þann óleik og ólukku, sem það í framkvæmd-

inni hlýtur að gera: jeg bæti við, móti vilja þeirra og vitund.

Framsögumaður (Klemens Jónsson): Það er auðsjeð, að þessir tveir prestar sem nú hafa talað, ætla að reka frumv. þessu það rothögg, sem ríði því að fullu. Þessar ræður hefðu átt miklu betur við 1. eða 2. umr., en eiga alls ekki við nú við 3. umr. Ef h. 1. þm. N.-Múl. (E.J.) hefði þótt vera ósamkvæmni í frumv. hefði honum verið innan handar að koma með breytingartill. til 2. umr., en að koma með slíkar ræður nú á að eins að vera rothögg á frumv., en sem jeg vona að engin áhrif hafi. Enn fremur vona jeg, að það, að slá svoleiðis falska tóna, eins og þegar hann var að tala um að slegið væri kaupstaðarslæðu yfir frumv., hafi enga mikilvæga þýðingu fyrir framgang þessa máls í augum h. þingdeildarm. Það er alkunnugt, að h. 1. þm. K.-G. (Þ.Böðv.) er góður prestur og vandar án efa að jafnaði húskveðjur sínar, en það er auðsjeð að hann hefir eigi vandað sig mikið eða búið sig vel undir þessa húskveðju, því hún er sannarlega ekki á marga fiska, enda krafðist hann eigi neinnar borgunar fyrir hana, og átti hana heldur eigi skilið. Jeg ímynda mjer að h. deild taki hana á rjettan hátt, og láti það eigi hafa nein áhrif á sig, en leyfi frv. að komast til efri deildar í fulli fjöri, þar sem hinum geistlegu kennimönnum með yfirhirði landsins í broddi fylkingar — ef til vill — gefst tækifæri til þess að halda yfir því líkræðu.

Einar Jónsson: Jeg þarf ekki neitt að afsaka mig gegn því, er h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) segir, að það sje undarlegt, að jeg skuli ekki hafa komið fram með þessar mótbárur fyr; jeg hefi fullkomlega látið í ljósi að jeg væri mótfallinn frumv. þessu við fyrri umræður málsins. Að jeg eigi hefi komið fram með breytingartill. til að bæta úr því, sem jeg hefi fundið að, er komið til af því, að jeg er því með öllu mótfallinn, að frumv. þetta nái fram að ganga, því að það er eptir minni skoðun verra en núgildandi lög. Þau orð, sem jeg hefi talað í þessu máli, fyr og nú, hefi jeg þá talað í þeim tilgangi, að fella málið, ef þau mættu verða til þess.

Jeg vil bæta dálitlu við það, sem jeg áður minntist á, að það væri kaupstaðabragur á frumv. þessu, því að það er sannarlega satt, að það er kaupstaðabragur á því. Jeg vil benda á það að öll ákvæði, sem eiga við sveitirnar, eiga mjög illa heima í frumv. og standa þar eins og ósamkynja fleygur og eru auk þess ónákvæm og villandi.

Jeg vil t. d. benda á það, sem smeygt er inn í um sveitarstjórnarfundi. Mjer finnst það beinlínis ómannúðlegt, að banna að halda þá á helgidögum, þar sem það þó er leyft í núgildandi lögum að halda þá eptir messu. Yfir höfuð eru öll ákvæði frumv. miðuð við ástandið í kaupstöðum, t. d. ákvæðið um kaup og sölu. Hvers vegna á að banna kaup og sölu fremur en ýmsa vinnu, sem leyfð er í frumv.? Það getur opt staðið á miklu fyrir ferðamanni, að komast ekki í búð á helgum degi. Maður hefir t. a. m. farið að heiman á föstudag, teppzt á leiðinni yfir laugardaginn, kemur svo á sunnudag um miðjan dag og þá er gott veður, og hann vill feginn komast af stað aptur, en þetta frumv. bannar honum að komast í búð. Hann má gjarnan fara í land og fá sjer vinnu, ganga að heyskap, smíða, höggva grjót eða fara aptur út á sjóinn til fiskjar, en hann má ekki koma í búð til að ná út nauðsynjum sínum, ekki einu sinni eptir miðaptan, þó að þá sje öll önnur vinna leyfð. Þetta dæmi sýnir glöggt, hversu vel frumv. er sniðið eptir þörfum sveitamanna. Því verð-

ur varla hrundið með rökum, að það er miklu fremur sniðið eptir kaupstaðaháttum.

Þorlákur Guðmundsson: H. þingdeildarm. mun kunnugt álit mitt á frumv. þessu, frá fyrri umr. þess, nefnilega það, að það mætti ekki neitt missa af kostum sínum. En að mínu áliti er breytingartill., sú er komst inn í frumvið 2. umr. og sem nú er 3. málsgrein 1. greinar, samanborin við þessi orð í 2. málsgrein sömu greinar: »Svo og að vinna þau verk, er ei má fresta«, fremur til hins verra en betra. Að minnsta kosti er í engu tilliti bætt sambandið milli húsbænda og hjúa. Ef um eitthvað nauðsynjaverk er að ræða í orðsins fyllsta skilningi, þá er sjálfsagt að hver og einn á heimilinu leggi fram sína krapta, og ef t. d. um eldsvoða er að ræða, eða einhvern lífsháska, þá varðar það við lög, ef einhver skorast undan að leggja fram krapta sína. Það er einkum þörf á að tryggja sem bezt sambandið milli húsbænda og hjúa, svo hjúin þjóti ei af landi burt. Þetta ákvæði er óþarft, ef það ekki er skaðlegt, og ætti öllu heldur heima í hjúalögum en þessum lögum. Greinin á undan er svo rúm, að til þrætu getur komið milli húsbænda og hjúa um, hvort fresta megi eða eigi þessu eður hinu. Einn bóndinn getur sagt, að nauðsynlegt sje fyrir sig að róa, ef hann eigi að firrast bjargarskort að vetrinum, og annar getur sagt: Jeg verð að bjarga heyi mínu í dag. Öðrum kann að virðast það ónauðsynlegt; má lengi þræta um það. En yfir höfuð er jeg því mótfallinn, að hjúum sje gert að skyldu að vinna verkin á helgum dögum, þótt leyft sje að vinna þau.

Framsögumaður (Klemens Jónsson): Jeg bjóst ekki við því, að þessi mótbára kæmi frá h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) og er jeg hræddur um, að hann hafi eigi skilið þetta alveg rjett. Það var tekið fram við 2. umr. þessa máls, að eptir ákvæðum frumv. væri hætt við, að húsbóndi gæti skipað hjúi hvaða vinnu sem vera skal, á helgidögum jafnt sem virkum, og er breytingartill. þessi einmitt fram komin til þess að girða fyrir, að hægt sje að leggja þennan skilning í lögin. Jeg get eigi skilið, að þetta geti orðið til að skemma frumv., eins og h. 1. þm. Arn. (Þorl. G.) segir; það hlýtur að vera misskilningur, því með þessari breytingartill. er að eins nánar kveðið á um, hvað hjúum er skylt að vinna og hvað er leyfilegt að vinna.

Guðlaugur Guðmundson: Jeg get eigi verið samdóma h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) um, að frumv. þetta hafi eigi tekið verulegum bótum hjer í deildinni. Jeg vil sjerstaklega taka það fram, að ef breyt.till. þær, er fram hafa komið, verða samþykktar, þá álít jeg, að frv. þetta hafi ótrúlega batnað í meðförunum og að helztu agnúarnir á því sjeu horfnir. Það, sem jeg samt sem áður helzt tel mæla móti því, er það, að mjer virðist það varhugavert, að setja ný, óljós ákvæði í staðinn fyrir gömul óljós ákvæði, sem þó hafa fengið nokkra hefð, og gæti það valdið enn þá meiri efa og vafningi en nú á sjer stað.

Jeg held að h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) hafi eigi litið rjett á breyt.till. við 3. lið 1. gr. Þar stendur, að hjúum sje skylt að vinna þessa vinnu, jafnt á helgum dögum sem virkum. Þegar nú er sagt, að húsbóndi geti skipað þessa vinnu á helgidögum, þá er um leið óbeinlínis sagt, að hann geti ei skipað aðra vinnu. Þetta miðar því til að tryggja rjett hjúa, en takmarkar rjett húsbænda. Að öðru leyti hefi jeg eigi neinar verulegar athugasemdir að gjöra.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg bjóst nú ekki við, að athugasemd mín yrði til greina tekin af h. framsm. (Kl. J.); samt

held jeg eigi, að hún sje byggð á tómum misskilningi, en lengi má þræta um það. En hjer er að eins um tvennt að ræða, þar sem þetta er 3. umr., annaðhvort að samþykkja frumv. eða fella það, og sje jeg því eigi ástæðu til að fara fleirum orðum um þetta mál.

ATKV.GR.: 1. Breyt.till. við 1. gr. (200) samþ. með 13 samhlj. atkv.; 2. Breyt.till. við 1. gr. (200) samþ. með 15 samhlj. atkv.; 3. Breyt.till. við 1. gr. (225) samþ. með 16 samhlj. atkv.; 4. Breyt.till. við 2. gr. (220) samþ. með 16 samhlj. atkv.; 5. Breyt.till. við 2. gr. (220) samþ. með 16 samhl. atkv.; 6. Breyt.till. við 2. gr. (220) samþ. með 15 samhlj. atkv.; 7. Breyt.till. við 2. gr. (225) samþ. með 18 samhlj. atkv.; 8. Breyt.till. við 2. gr. (225) 3. fallin við atkvgr.; 9. Breyt.till. við 4. gr. (200) samþ. með 15 samhlj. atkv.; 10. Breyt.till. við 10. gr. (200) samþ. með 17. samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. með 15 : 7 atkv. og sent efri deild.

Frumv. til laga um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga jarðeignir á Íslandi (C. 309, 302); 3. umr.

Flutningsmaður (Jón Jakobsson): Af því mál þetta hefir hingað til fengið svo góðan byr, að heita má að það hafi gengið mótbárulaust gegnum tvær umræður, þá finn jeg ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um málið sjálft nú við 3. umr. þess. Jeg ætla að eins að leyfa mjer að mæla með viðaukatill. á þingskj. 202, þar sem farið er fram á að bætt sje »heldur« inn í á eptir »nje«. Álít jeg hana fremur til batnaðar, þar sem hún miðar til þess, að greina betur að sölu og leigu. Jeg vil bæta því við, að prentvilla hefir slæðzt inn í frumv., þannig, að einni kommu er þar ofaukið á óheppilegum stað, og getur það valdið misskilningi. Mun jeg sjá um, að það verði leiðrjett áður en frumv. er prentað.

ATKV.GR.: Viðaukatill. (202) samþ. í einu hljóði.

Frumv. samþ. með 18 samhlj. atkv. og afgr. til efri deildar.

Frv. til laga um varnarþing í skuldamálum og um ýms viðskiptaatriði (C. 308, 316); 3. umr.

Jens Pálsson: Þegar mál þetta var til 2. umr. minntist jeg á ýmisleg atriði, er mjer þótti varúðarverð við frv. þetta, og var það sjerstaklega höfuðstefna þess, er jeg eigi gat fallizt á. Auk þess vildi jeg nú með fám orðum minnast á einn galla á frumv., sem þá var eigi lögð svo mikil áherzla á.

Ef frumv. þetta yrði að lögum og kæmi til framkvæmda, þá hlyti að stafa af því ójöfnuður mikill. Því viðskiptum við kaupmenn er þar gjört ólíkt hærra undir höfði en öðrum viðskiptum. Jeg tek til dæmis, að sveitamaður úr fjarlægð komi í kauptún með lest sína, og geti eigi borgað út í hönd og verði því að taka til láns. Setjum nú svo, að kaupmaður láni honum upp á nokkuð af lestinni, og upp á hinn hlutann taki hann fisk hjá einhverjum útvegsbónda. Hann lofar að borga báðum þar í kaupstaðnum. Ef hann nú ekki borgar, þá stendur kaupmaður ólíkt betur að vígi en útvegsbóndinn. Kaupmaður getur stefnt honum fyrir gestarjett þar á staðnum, en bóndinn verður að leita hann uppi, og getur vel verið, — skuldin þarf ekki að vera svo lítil til þess, — að það borgi sig ekki; en það borgar sig aptur á móti fyrir kaupmann, að stefna fyrir enn þá minni skuld. Þannig er bóndanum gjört miklu lægra undir höfði en kaupmanninum, og er það sannarlega ísjárvert. Jeg fyrir mitt

leyti er ekki svo skarpur, að jeg geti sjeð, að þær afleiðingar, sem af því leiða, að einn flokkur mála er algjörlega dreginn burt frá meðferð sáttanefnda í landinu, sem allir vita að hafa komið miklu góðu til leiðar, geti á nokkurn hátt orðið heillavænlegar, og álít jeg það mjög viðsjárvert að draga þessi mál burtu frá sáttanefndunum.

Frumv. þetta byggist auðvitað á tilfinningunni og viðurkenningunni fyrir því, að lánsverzlunin sje orðin svo ríkjandi hjer á landi, að til vandræða horfi, og löggjafarvaldið vill því grípa inn í þessa rás. Þessi lög hafa þann tilgang, að minnka skuldir; þau eiga að kenna mönnum að firrast skuldir sem mest, með því að láta þá reka sig á. En ef það er nauðsynlegt að láta menn ganga í slíkan dýran skóla, til þess að læra af reynslunni, þá vil jeg spyrja: Hver er færari og fljótari til að læra í slíkum reynsluskóla, lánveitandi, eða lánþiggjandi? Lánveitendur standa mikið betur að vígi, að því leyti, að þeir eru alls ekki knúðir til að lána; en af lánþiggjendum er aptur á móti töluverður fjöldi knúður til þess að lána, af því að þeim finnst þörfin knýja, af því að þeir eru blá-fátækir. Jeg vil biðja menn að athuga, hve stórkostlegum kostnaði ákvæði þessa frumv. getur valdið þeim, þar sem þeir eru skyldaðir til að ferðast, ekki einungis sýslu úr sýslu, heldur jafnvel landshornanna á milli. Það er því ætlun mín, að eigi að fara að grípa inn í rás viðskiptanna með sjerstökum lögum, þá eigi heldur að fara í hina áttina, af því að sá partur er betur settur. Þess vega þykir mjer rjettara, að þrengt sje að lánveitanda, en að hann sje örfaður til að lána, og að lánið sje gjört enn þá óvissara, svo að það verði lánveitandi, sem reki sig á.

Jeg skal eigi fara fleirum orðum um frumv. að sinni, og er jeg á sömu skoðun og við 2. umr., að jeg get ei fellt mig við frumvarp þetta. Samt verð jeg að játa, að breyt.till. á þingskjali 224 sljófgi allrasárasta brodd frumvarpsins, og ef þær verða samþykktar, er það að vísu nokkru pol-anlegra, en þó engan veginn aðgengilegt.

Flutningsmaður (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg skal að eins stuttlega svara nokkrum athugasemdum h. þm. Dal. (J. P.) við þetta frumv. Hann benti fyrst á, að frumv. gjörði mönnum misjafnt undir höfði. Kaupmönnum væri gjört hærra undir höfði en öðrum. Þetta er mjög eðlilegt. Því að viðskipti kaupmanna eru hin áhrifamestu viðskipti hjer á landi. Þau hafa hin mestu áhrif á hag manna yfir höfuð að tala. Það er því eðlilegt, þó lög sjeu til, er greiði sjer í lagi fyrir þessum viðskiptum; þau lög hafa áhrif ekki einasta á hag kaupmanna, heldur jafnframt og um leið á hag allra landsmanna, er við þá skipta. Hinum öðrum, einstaklingunum, verður heldur ekki íþyngt í neinu, þó þetta frumv. yrði að lögum, nema ef vera skyldi hinum óskilvísu lánþiggjendum; þeim er gjört nokkuð erfiðara fyrir með að velta sínum skuldum yfir á bak hinna skilvísu.

H. sami þm. nefndi líka hina gömlu ástæðu móti frumv., varnarþingsástæðuna; en jeg vil benda honum á, að í gildandi lögum eru mörg ákvæði, sem í einstökum tilfellum draga menn frá hinu persónulega varnarþingi; svo er t. d. í málum, er snerta fasteignir. Hjer stendur líkt á eins og í málum um fasteignir, því eins og hjer háttar, þá er hægast að fá allar nauðsynlegar

upplýsingar í málinu, þar sem þessar hjer um ræddu skuldir eru stofnaðar. Frá þessu sjónarmiði skoðað er einmitt mikið heppilegt, að víkja frá hinu persónulega varnarþingi einmitt í þessum skuldamálum, enda er það nú orðið títt mjög, að kaupmenn láta menn skuldbinda sig sjerstaklega til slíks. Frumv. miðar einmitt til þess að gjöra báðum, skulduheimtumanni og skuldunaut, greiðara og kostnaðarminna en hingað til, að ná rjetti sínum.

Það er skrítinn ótti, sem sumir h. þingdeildarmenn hafa, þegar þeir eru hræddir um, að hver kaupmaður muni þjóta upp til handa og fóta og stefna öllum skuldunautum sínum, þegar er frumv. er orðið að lögum. Nei, svo grunnhyggnir eru kaupmenn ekki. Þeir eru ekki svo vitlausir, að fara að stefna strax gömlum skilvísum skiptavinum, þótt þeir skuldi þeim og geti ekki borgað mjög fljótt. Kaupmenn vita og fullvel, að þeir með því mundu gjöra sjálfum sjer skaða, missa viðskiptamenn o. s. frv. Þeir mundu vitanlega ekki, fremur en nú á sjer stað, stefna mönnum, nema nauðsyn ræki þá til þess.

Það hefur verið bent á lánsverzlunina og tekið fram, að hún væri hið versta farg á verzlunarviðskiptum landsmanna, og það hefur verið bent á, að kaupmenn væru færastir um, að borga reynslukostnaðinn við lánsverzlunina. Jeg skal játa, að svo geti verið, en það eru ekki kaupmennirnir, sem borga þennan kostnað, og ekki hinir óskilvísu, heldur eru það einmitt hinir skilvísu, sem borga þennan »reynslukostnað«, hafa gjört það um undanfarna áratugi og gjöra það enn, á þann hátt, að þeir verða að borga skuldir hinna óskilvísu; þeir verða nefnilega að kaupa vörur kaupmanna miklu dýrara vegna skuldanna, sem hinir óskilvísu ekki borga; það er áhættugjaldið, sem lagt er á vöruna, og það borga hinir skilvísu menn. Er þetta rjettlátt? Það tjáir lítið að vitna í það, eins og nú stendur, að kaupmenn eru ekki að lögum skyldir til að veita lán. Jeg veit að vísu, að sú uppástunga hefur komið fram á einum þingmálafundi, að skylda kaupmenn til að lána, en þetta er ekki orðið að lögum enn; kaupmenn neyðast til að veita lánin af praktiskum ástæðum; verzlunarólagið og hin eldri skuldasúpa gjörir það, meðan svona stendur, því nær óhjákvæmilegt fyrir þá; en það, að þeir verða að lána nokkuð, þyrfti ekki að spilla allri verzlun verulega, ef innheimtan væri greiðari; þá væri óskilin minni. Menn skyldu halda að allir skilvísir lánþiggjendur vildu styðja að því, að þessi lög kæmust á, því þeir einir borga hallann. Takmörkun verzlunarskuldanna yrði hin stærsta auðsuppspretta fyrir þá.

Mig skal nú annars ekki undra, þó að raddir rísi móti þessu frumv., því jeg þekki líka aðra skoðun hjá mönnum á þessum gömlu, töpuðu verzlunarskuldum, skoðun, sem jeg álít mjög skaðlega og ranga. Það eru til menn, sem telja þessar gömlu skuldir hinn mesta gróðaveg fyrir landið, og jeg hef þekkt menn, sem hælast jafnvel um, þegar þeir skulda og geta ekki borgað. Þegar kaupmaður einn nú fyrir fáum árum fór á höfuðið, sem átti útistandandi rúmar 30,000 kr., þá hrósuðu þessir skuldunautarnir sjer af því, að þeir hefði útvegað landinu þessa tekju-upphæð. Þessi hugsunarháttur er því miður nokkuð almennur. (*Jens Pálsson*: Því neita jeg!). Þeir, sem neita því, ættu að vera í Reykjavík í 8—9 ár, og vera við skuldamál riðnir. Þá mundu þeir komast á aðra skoðun. Þessir menn gæta ekki að því, að þær

upphæðir, sem þeir álíta að landið hafi grætt, eru hinir skilvísu viðskiptamenn kaupmanna búnir að borga fyrir löngu. Þessu ólagi á þetta frumv. að reyna að kippa í lag, en þó að það verði að lögum, mun líða langur tími, máske heill mannsaldur, áður en ástandið batnar verulega, svo rótgróið er verzlunarólagið.

Jeg skal nú snúa mjer að breyt.till. okkar 6 þingm. á þingskj. 224 (C. 316). Breyt.till. undir 1. lið fer fram á, að aptan við 1. gr. bætist nýr málsliður, er hljóði svo: »þessi ákvæði ná að eins »til þeirra skulda, sem stofnaðar eru »eptir að lög þessi öðlast gildi«. Breyt.till. undir 2. tölulið fer fram á, að nema burt orðin »veitingamenn« og »aðrir, sem líkt stendur á með«.

Jeg vona, að jeg þurfi ekki að mæla með þessum breyt.till., og það því síður, sem þær eru fram komnar eptir bendingum, sem gefnar voru við 2. umr. þessa máls.

Breyt.till. undir 3. tölulið á við aðra málsgrein 4. gr. frumv. Jeg bendi á þetta af því, að á þingskjalinu sjálfu hefur láðzt að geta þess, hvar hún ætti við. Með breyt.till. þessari vildum vjer nema burtu ákvæði frumv. um, að birta mætti manni stefnu utan heimilis síns. Það er rjettara og sanngjarnara, að stefnan sje birt á heimili mannsins, því þá fær hann næga ástæðu til að búa sig undir málið heiman að. Önnur málsgrein 4. greinar frumv. er þannig: »Nú er skuldunautur staddur í dómþinghá þeirri, er málið eptir þessum lögum má sækja í, og má þá birta honum stefnu þar, sem hann er staddur, til að mæta með nætur fresti, og sama er, ef skuldunautur á heimili í þinghánni«. Mestalla þessa málsgrein leggjum vjer til að fella burtu, en láta hina nýju málsgrein byrja á orðinu »ef« í síðustu setningunni o. s. frv. samkvæmt frumv. og breytingartill. undir 3. lið.

Hin breytta málsgrein verður þá nú þannig: »Ef skuldunautur á heimili í »þinghánni má birta honum stefnu til »að mæta á nætur fresti«.

Jeg vona nú, að h. þingd.m. skilji, fram á hvað breyt.till. fer.

Sighvatur Árnason: Jeg verð nú að mótmæla því fyrir mitt kjördæmi, að menn þar hrósi happi yfir því, að þeim takist að svíkja kaupmenn í viðskiptum. (*Guðl. Guðmundsson*: Jeg bið forseta að áminna þingmanninn um, að rangherma ekki orð mín; jeg viðhafði aldrei orðið »að svíkja«! — *Forseti:* Jeg verð að biðja þingmenn yfir höfuð að hafa ekki vansæmandi orð í ræðum sínum). Það kann að vera, að h. þingm. hafi ekki viðhaft þetta orð, en meiningin var sú sama hjá honum fyrir það. Dráttur á skuldalúkningum stafar, að minnsta kosti almennt, af fjeleysi eða fátækt. Óskilseminni er ekki að hrósa, en hún stafar venjulega af þessum ástæðum, að minnsta kosti í mínu kjördæmi. Því þegar á að fara að borga skuldina, þá vill vanta gjaldeyrinn hjá mörgum.

Af breytingartillögunum á þingskjali 224 má sjá, að h. flutningsmenn frumv. hafa tekið til greina bendingar mínar við 2. umr. málsins. Þær eru þó dálítið til bóta, þessar breytingartillögur. En því er ver, að jeg samt sem áður ekki felli mig við að vera með málinu, þótt jeg sjái að það sje þarft í aðra röndina. Mjer þykir á eina hliðina ekki gætt nóg rjettar skuldunauta í frumv., en um annmarkana dugir nú ekki að tala lengur, því á þessu stigi liggur ekki annað fyrir en að segja annað hvort »já« eða »nei« við frumv. Það er eitt með öðru líka, sem jeg óttast fyrir viðvíkjandi þeim skuldum, sem hjer um ræðir, og það er, að svar-

dögum fjölgi og að eiðnum verði, mjer liggur við að segja, kastað á glæ í svona málum, þessum skuldamálum.

Jeg held að rjettara væri að fresta þessu máli og íhuga það betur, áður en því er ráðið til lykta.

Benedikt Kristjánsson: Áður en gengið er til atkv. í máli þessu, ætla jeg að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að frumv. þetta muni verða til mikilla bóta, verði það að lögum. Það hefir verið kvartað yfir því, að skuldirnar væru hið mesta mein, bæði fyrir kaupmenn og bændur. En jeg skil ekki í öðru en að ákvæði frumv. þessa geri menn varfærnari í að stofna til skulda hjá kaupmönnum.

Jeg skal leyfa mjer að minnast lítið eitt á ástandið nú. Að vísu eru menn ekki nú dregnir burt frá varnarþingi sínu, en annað verra kemur í þess stað; skuldunautar eru látnir afsala sjer varnarþingsrjetti sínum. Þegar þeir eru sokknir niður í skuldir, láta kaupmenn skuldunauta skrifa undir skuldbindingarskjal, að borga skuldina á ákveðnum tíma, og auk þess gabbsbætur, ef skilvísleg borgun bregzt, og það getur komið fyrir, að þessar gabbsbætur verði meiri en skuldin sjálf; og meira að segja getur það komið fyrir, að skuldunautur verði að borga gabbsbæturnar, eptir að hann hefir þó lokið skuldinni sjálfri, af því að hann greiddi eigi skuldina í rjettan tíma.

Það getur eigi dulizt, að eptir þessu frumv. getur kaupmaður krafizt skuldar sinnar með minni kostnaði fyrir sig, og þó einkum fyrir skuldunaut. Eins og nú stendur, verður málið fyrst að koma fyrir sáttanefnd, og komist sætt eigi þar á, er málssókn hafin, og verður þá kaupmaður að senda málfærslumann eða annan lögkænan mann á hendur skuldunautnum; þetta allt hefir mikinn kostnað í för með sjer, og þennan kostnað verður skuldunautur vafalaust að greiða, ef skuldakrafan reynist sönn. Þennan kostnað mundi ákvæði frumv. stórum minnka, kæmust þau í gildi, og yfir höfuð mundu þau færa viðskipti manna við kaupmenn í betra horf en nú er.

Sigurður Gunnarsson: H. flutningsm. (Kl. J.) hefir fylgt máli þessu allfast fram, efalaust af þeirri sannfæringu, að ákvæði frumv. þessa mundu bæta úr hinum miklu annmörkum, sem viðurkennt er að sjeu á viðskiptum manna. En þá er að athuga, hvort hjer sje rjett leið þrædd. Jeg efast stórum um, að svo sje. H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) lók það fram fyrir skemstu, að það væri skrítinn ótti, að kvíða því að kaupmenn mundu þjóta upp til handa og fóta og höfða mál gegn skuldunautum sínum, (*Guðl. Guðmundsson*: hinum skilvísu); en jeg held að sá ótti sje alls eigi ástæðulaus. Að minnsta kosti má vel búast við því, ef fyrirstaða verður á borgun, að þeir hóti með hinni hröðu og handhægu málssókn, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og megi þá skuldunautur sætta sig við að gera kaupmanni það aptur til þægðar, ef hann lætur af málssókninni, að binda sig honum að öllu eða miklu leyti, hvað verzlun snertir, framvegis. H. þm. (Guðl. G.) tók það fram, að frumv. miðaði til þess að takmarka lánsverzlun. Jeg er þar á gagnstæðri skoðun. Eða er ekki rjett að ætla, að þegar kaupmaður sjer, að rjettur sinn er svo vel tryggður, þá muni hann verða örvari að lána, en hinsvegar muni neyð margs manns reka hann til að taka lán, þó óálitlegt sje?

Jeg held þetta sje óhætt að fullyrða, þegar litið er til ástandsins í landinu eins og það nú er, og eins og lítur út fyrir að það muni lengi verða.

En þetta frumv. á að bæta úr fyrir fleirum en kaupmönnum; það á líka að

greiða fyrir bóksölum, blaðaút-gefendum o. fl. En að því er bóksala og blaðaútgefendur snertir, er jeg hræddur um, að ákvæði frumv. verði þeim að litlu liði; jeg er hræddur um að útsölumenn mundu kynoka sjer við að hafa á hendi útsöluna, er þeir gætu búizt við að verða dregnir fyrir lög og dóm hve nær sem vera skyldi á þeim stað, þar sem bóka- og blaðasalarnir ættu heima. Jeg held það væri hyggilegra fyrir þessa menn, að heimta fyrir fram borgun fyrir bækur sínar og blöð; það mætti að vísu ganga út frá því vísu, að kaupendum fækkaði, einkum fyrst í stað; en á þann hátt yrði þó blaða- og bókaverzlunin tryggari atvinnuvegur en nú er.

Jeg skal enn taka það fram, að jeg tel mjög vafasamt að frumv. þetta bæti úr þeim annmörkum, sem það á að ráða bót á, og að það jafnvel geti fremur orðið til tjóns en til gagns, og því verð jeg að greiða atkvæði móti því.

Björn Bjarnarson: Jeg ljet það í ljós við 2. umr. málsins, að jeg felldi mig ekki við frumv. þetta, og svo er enn. Þó er það ekki af þeirri ástæðu, að jeg sje hræddur um, að það mundi hafa svo siðspillandi áhrif á þjóðina sem h. 2. þm. Rangv. (Sighv. A.) virtist óttast; eigi heldur af því sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) nefndi, að jeg sje í þeirra flokki, er hann kvað þykja því betur, því meira sem menn gætu látið kaupmenn tapa af útistandandi skuldum. Jeg get vorkennt h. þm. (Guðl. G.), þótt hann fylgi máli þessu með töluverðu kappi, því að líkindum hefir enginn hjerlendur maður mátt þreytast meir en hann við það óþægilega starf, að heimta inn gamlar skuldir. Er því eðlilegt, að hann óski, að ljetta þetta starf. En jeg er hræddur um að honum hafi miður heppnazt aðferðin til að ná þeim góða ásetningi, að ljetta skuldheimtubyrðinni af baki skuldheimtu manna, því að jeg býst við, ef frumv. þetta verður að lögum, að þá muni hið óþægilega skuldheimtustarf verða enn þá meira, og mæða enn þá fleiri en nú er. Það er yfir höfuð ekki hægt að breyta rótgrónum vana á skömmum tíma, og verzlunargangurinn, eins og hann er nú, er orðinn svo rótgróinn hjer, að það þarf töluverðan tíma til að kenna mönnum að víkja frá þeim vana. Og þótt þessi lög eigi að verða grýla fyrir lántakendur, þá verðum vjer að gæta þess, hve lagaþekking er lítil hjá almenningi; menn vita að jafnaði lítið um ný lög, og eins mundi fara um þessi lög; menn mundu halda áfram að taka lán í þeirri góðu trú, að allt væri eins og verið hefði, og kaupmenn lána því fúslegar, er þeir vita, að nú er hægra að innheimta skuldir. Og svo mundi alþýða vakna við vondan draum, er mönnum væri stefnt til að standa reikningsskapinn hjá kaupmanni, þar sem bændur yrðu eins og sauðir í rjett að láta rýja sig að skinni til lúkningar skuldunum. Þó jeg játi, að frumv. verði þýðara, ef breytingartill. verður samþ., get jeg eigi gefið því atkvæði.

Framsögumaður (Klemens Jónsson): Það er að eins stutt athugasemd, sem jeg vildi gera út af orðum h. þm. Borgf. (B. B.), þar sem hann talaði um að menn mundu ekki í fyrstu þekkja lög þessi, og því ekki varast þau. Það er ekki í fyrsta sinn að þessi mótbára kemur fram, og ekki frumleg frá h. þm. Hún kom, eins og flestar þær sem nú hafa komið, einnig fram 1889, þegar þetta sama frumv. lá fyrir þinginu, og jeg vil svara því hinu sama og þá var svarað, að þessi ástæða getur ekki komið til greina.

Það er til orðtak sem segir: »ignorantia juris semper nocet«, o: það er

hvers manns skylda að þekkja lögin, og ef h. þm. (B. B.) er hræddur um að kjósendur sínir þekki þau ekki, þá vil jeg gefa honum það ráð að halda leiðarþing með þeim og lesa þau upp fyrir þeim og útskýra þau; jeg er viss um að þeir mundu verða honum þakklátir fyrir það.

Úr því jeg stóð upp vil jeg einnig svara h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.), þar sem hann talaði um blaðamenn og bóksala. Hvað þetta atriði snertir, þá áleit hann, að útsölumenn blaða og bóksalar út um land mundu kynoka sjer við að hafa útsölu á hendi ef þeir þyrftu að ferðast langar leiðir til að mæta, hve nær sem þeir kynnu að verða kallaðir út af einhverri skuld. En hvað er betra fyrir þessa menn að eiga von á að sendur verði maður upp á þeirra kostnað, til að heimta skuldina í hendur þeim, ef þeir standa ekki í skilum? Þeir sem standa í skilum þurfa ekki að vera áhyggjufullir út af þessum ákvæðum, og þeim sem ekki standa í skilum er jafn gott þó þeir fái að kenna á því. H. sami þm. (S. G.) talaði um að það ætti helzt að borga blöðin fyrir fram, og það væri æskilegt að svo væri, en reynslan sýnir að það er eigi hægt; blöðin fengju enga kaupendur með því móti. Þó það sje regla annarsstaðar, þá getur það ekki haft neina þýðingu, þar sem hjer er allt öðruvísi ástatt; það er því ekki til neins að vera alltaf að miða við, hvað er annarsstaðar.

Sigurður Gunnarsson: Jeg vildi gera stutta athugasemd út af því sem framsögumaður þessa máls (Kl. J.) sagði um bóksala og útsölumenn blaða, og geta þess, sem flestir munu þekkja, hve erfitt þeim er alleinatt að fá inn fyrir blöð og bækur, og þá sýnist hart fyrir þá, að þeir eigi að borga úr eigin vasa það, sem þeir eru ekki búnir að fá inn, og sem þeir fá ef til vill aldrei.

Enn fremur vildi jeg bæta við út af orðum h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um það að undarlegt væri að margir hefðu þann skrítna ótta, að kaupmenn mundu strax rjúka í mál við hvern þann, er út hefði tekið og skuldaði, þegar þeim væri gert svo ljett fyrir. Mjer virðist þó ekkert skrítilegt við það, að ímynda sjer að kaupmenn yrðu ódeigari á að fara í málssókn, þegar málsóknin verður svo handhæg; en hitt yrði þó eigi ótíðara, að kaupmenn sættu færi, um leið og þeir gæfu eptir málsóknina, að binda skuldunautinn með samningum fyrir eptirtíðina, samningum, sem yrðu nýtt farg á herðum skuldunauts.

Jens Pálsson: Jeg gat um, að ef þetta kæmist á, sem hjer er farið fram á, þá kæmi fram ójöfnuður milli hinna alinnlendu viðskipta sjávarbúa og sveitabænda og hinna hálfinnlendu viðskipta bænda og kaupmanna, sem skipta innlendu vörunni fyrir útlenda vöru. H. þm. V.-Sk. (G. G.) gat ekki mótmælt þessu, en bjargaði því á þann veg, að þetta frumv. haggaði eigi rjettindum þeirra, sem alinnlenda verzlun reka. En þessi hans ástæða raskar heldur eigi þeim orðum mínum, að hjer komi fram ójöfnuður, því það liggur í hlutarins eðli, að ójöfnuður komi fram, þegar tveir aðilar hafa staðið jafnt að vígi áður, en öðrum síðan eru veitt forrjettindi umfram hinn; með því að hann kemst undir lög, sem honum eru hagfeldari, hlýtur hann að standa betur að vígi.

Ef þessi lög í raun og veru ganga út á að greiða fyrir viðskiptum, sem jeg veit að ætlazt er til að þau geri, og sem jeg skal ekki neita að þau geti gert að vissu leyti, svo hörð sem þau eru, — ef þau auka og greiða fyrir viðskiptunum, segi jeg, þá flýtur af því, að það eru að eins hálfinnlendu viðskiptin, sem aukast og greiðast, en al-

innlendu viðskiptin ekki. Og sje það rjett »princip«, að fyrst og fremst eigi að greiða fyrir hinum innlendu viðskiptum, gera þau sem mest og efla þau og glæða á allar lundir, sje þetta »princip« rjett, þá er líka allt sem miðar til að gefa öðrum viðskiptum ýms sjerstök forrjettindi umfram þau, því »principi« gagnstætt. Væri með þessum lögum verið að veita innlendri verzlun og innlendum hjer búsettum kaupmönnum sjerstök hlunnindi, þá kynni að mega rjettlæta það; en svo er þessu ekki varið. Meginhluti verzlunar vorrar er í erlendra kaupmanna höndum, er öfug nýlenduverzlun, oss skaðleg, ef ekki banvæn, og þetta fyrirkomulag er verið að styðja og styrkja með frumv. Það er verið að hlynna að þessu öfuga verzlunarástandi og efla það á kostnað hinnar hollu innlendu verzlunar. — Á þessu vil jeg vekja athygli h. deildar —

Björn Bjarnarson: Einmitt af því mjer var kunnugt, að vanþekking á lögunum verður engum til afsökunar, áleit jeg það varúðarvert að samþykkja frv. þetta, þó að menn af fáfræði og íhugunarleysi hefðu stofnað skuldina, yrðu þá eins fyrir því dregnir fyrir rjett og dæmdir til að borga allan kostnað. Ef vanþekkingin yrði mönnum til rjettlætis reiknuð, þá kæmust margir undan vendi laganna, og þá væri engin ástæða til að vera á móti frumv. þessu.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) var svo góður að gefa mjer það heillaráð að kynna mönnum lögin í kjördæmi mínu með því að halda leiðarþing, og lesa þau þar upp, en jeg hafði búizt við, að hann sem lögreglustjóri mundi fræða deildina um það, að hann hefði svo gott eptirlit með öllu í sínu lögsagnarumdæmi, að þar hjeldist hreppstjórunum ekki uppi að vanrækja skyldu sína samkvæmt lagabirtingarlögunum 24. ágúst 1877, að lesa öll ný lög og stjórnarauglýsingar upp á kirkjufundum og hreppskilaþingum, svo að þar, í hans kjördæmi, ætti sjer ekki stað þessi vanþekking á lögunum, sem jeg óttaðist fyrir.

En fyrst þingm. fann ekki ástæðu til þessa, þá verð jeg að halda við það sem jeg sagði; og frá mínu sjónarmiði er sú ástæða alls eigi ljett á metunum, að menn muni halda áfram að skulda eins mikið og á sama hátt og áður, og ætla, að öllu muni óhætt, þangað til þeir eru dregnir fyrir lög og dóm.

Guðlaugur Guðmundsson: H. þingdm. munu nú vera farnir að þreytast á þessum umræðum, svo jeg skal ekki þreyta menn lengi, en að eins svara fáeinum atriðum í ræðum þeim, sem haldnar hafa verið.

Það er þá h. 1. þm. S.-M. (S. G.); þar sem hann talaði um, að stefnan ætti að vera að takmarka lánsverzlunina og gjöra áhættuna minni, þá er það sjerstaklega hið síðara atriðið, sem hjer er lögð áherzla á, því þar með mundi verzlunarverð allt batna. Það er almennt viðurkennt af þeim, sem þekkja bezt, að eptir öllum verzlunarreglum hljóti vöruverð að lækka að sama skapi, sem áhættan verður minni, og það er engin ástæða til, að hjer yrðu sjerstök afbrigði frá þessu.

Það hefir verið sagt, að það sje óumflýjanlegt fyrir menn, að taka verzlunarlán hjá kaupmanninum, en þetta er vitanlega í mörgum tilfellum misskilningur, þó hann sje ef til vill almennur og rótgróinn. Þetta sýna bezt þau hjeruð, sem þó eru nokkur hjer á landi, sem ekkert lán taka í kaupstöðum, eða því nær ekkert, og lifa þó eins vel og hin; jeg skal nefna sem dæmi Vestur-Skaptafellssýslu. Það er í mörgum hjeruðum búskaparlaginu að kenna, að menn eru svo nauðbeygðir undir þessi verzlunarlán. Ef þetta frumv. styddi að því,

að opna augu manna af þeirri blindni í búskaparlegu tilliti, sem svo mjög fer í vöxt, að selja allar ætar afurðir búanna, en taka út á þær útlenda matvöru margfalt dýrari; ef það gæti að einhverju leyti minnkað, þetta ólag, þá yrði gagn þess meira en flutningsmenn þess nú þora að gera sjer vonir um.

Það sem h. 1. þm. S.-M. (S. G.) sagði, að verzlunarlagið ætti að breytast af sjálfu sjer og bezt væri, að hönd ávallt seldi hendi, en engin lánsverzlun ætti sjer stað, þá er slíkt talað úti á þekju. Það ekki til neins að vera að segja: svona ætti þetta að vera; maður verður að halda sjer við það sem er.

Það er einnig lítil og ljettvæg ástæða, sem h. þm. Borgf. (B. B.) minntist á, að menn mundu ekki kynna sjer lögin, en í hugsunarleysi fylgja gamla vananum þangað til þeir rækju sig á; en jeg vil benda á, að það mundu verða fá lög frá þinginu, sem almenningi yrðu eins fljótt kunn og þessi; þau snerta svo mjög allan fjölda manna af öllum stjettum, að það er engin hætta á því, að þau kæmust ekki fljótt inn í hugsunarhátt manna, það er að segja allra hugsandi manna; hina tala jeg ekki um.

Jeg skal játa það, að mjer kom það nokkuð flatt, sem h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) veik að því, að kaupmenn fái aukaþóknun fyrir að sleppa mönnum við málsókn; slíkt eru harla undarlegir samningar, enda veit jeg eigi til, að slíkt eigi sjer nokkurn stað.

Hvað orð h. þm. Dal. (J. P.) snertir, þá vil jeg leyfa mjer að benda á, að slík ákvæði sem þessi mundu ekki eiga við hvað verzlunarskipti milli sjávarmanna og sveitabænda snertir, því hún er vanalega ekki rekin með lánum, heldur mun optast hönd selja hendi, og slík lög mundu ekki bæta hana nje auka. Það eina sem getur aukið og bætt þessa innlendu verzlun er einmitt áhugamál þm. (J. P.): betri samgöngur, og ekkert annað. Því betri samgöngur sem fást, því meir eykst sú verzlun. Að öðru leyti skal jeg benda á, að hjer getur ekki verið um neinn ójöfnuð að tala. Því til þess að hægt sje að tala um að ójöfnuði sje beitt, þá yrði þessu jafnframt að liggja fyrir eitthvað það, sem mundi gera þessari verzlun erfiðara fyrir en áður var, en svo er alls eigi. Jeg vona, að menn sjeu nú búnir að átta sig á frumv., svo engin ástæða sje til að fara fleirum orðum um það; það kom hjer fram á þinginu 1887; þá var jeg ekki hjer á þingi, svo það var ekki rjett af h. þm. Borgf. (B. B.) að bregða mjer um, að jeg flytji þetta mál af persónulegum ástæðum, þar sem hann veit, að jeg hef ekki fyrstur manna komið með það inn á þing.

ATKVÆÐAGR.: Eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þm. var samþ. að hætta umr. með 14 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 224 (C. 316) voru allar samþ., hin 1. með 21 atkv., 2. m. 18, 3. með 16, fyrri liðurinn, en hinn síðari með 15 atkv. Þá var frv. með áorðnum breyt. samþ. með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir skriflegri ósk 6 nafngr. þm., og sögðu

Já:	*Nei*:
Einar Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Kl. Jónsson,	Bogi Melsteð,
Ben. Kristjánss.,	Jens Pálsson,
Björn Sigfússon,	J. Jónss., þm. A.-Sk.,
Guðl. Guðmundss.,	Sigfús Árnason,
H. Kr. Friðriksson,	Sighv. Árnason,
Jón Jakobsson,	Sig. Gunnarsson,
J. Jónss., 2. þm. Eyf.	Þorl. Guðmundsson,
J. Jónss., 2. þm. N.-M.,	
Jón Þórarinssou,	
Jón Þorkelsson,	
Ólafur Briem,	
Skúli Thoroddsen,	
Þór. Böðvarsson,	
Þórður Guðmundsson.	

Síðan var frumvarpið afgreitt til efri deildar.

Frumvarp til laga um breytingu á tilskipun 26. febr. 1872 um kennslu heyrnar- og málleysingja o. fl. (C. 203); 2. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Af því þetta frumv. mætti engri mótspyrnu við 1. umr., og engin breyting hefir komið fram, þá vona jeg, að það fái góðan byr hjer í deildinni.

Það sem vakti fyrir mjer, þegar jeg kom fram með frumvarpið, var einkum það, að þetta mál, kennsla heyrnar- og mál-leysingja, sem er sameiginleg fyrir allt landið, væri eptir eðli sínu fremur landsmál en hjeraðamál. Þessu máli var líka hreift á amtsráðfundum í vor, og er frumv. samið eptir samráði við forseta amtsráðanna sunnan og vestan. Það gengur einnig í sömu stefnu, sem þingið hefir áður fylgt, að ljetta á jafnaðarsjóðunum þeim gjöldum, er við koma landinu í heild sinni, og færa þau aptur yfir á landssjóð.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 19 samhl. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 19 samhljóða atkv.

Frumvarp til laga um breytingu á 2. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmeun á Íslandi 26. maí 1863 (C. 109, 278); frh. 1. umr.

Framsögumaður meiri hl. (Einar Jónsson): Jeg vona, að h. deild hafi kynnt sjer nefndarálitið, og því sje jeg eigi ástæðu til að fara mikið út í það að svo stöddu. Nefndin var ekki svo heppin að geta orðið á eitt sátt, heldur skiptist í fleiri parta, og færir hver ástæður fyrir sínu máli í álitsskjalinu. Það er að eins eitt, sem jeg vildi athuga, af því það er ekki tekið fram í álitinu, og það er, hvers vegna 1. maí er settur sem eindagi fyrir lausamenn, til að leysa leyfisbrjef. Það er með tilliti til vinnuhjúaskildagans og miðað við hann. Hann er sumstaðar 3. maí, en sumstaðar þann 14., og virtist rjettast, að lausamennskubrjefin sje keypt á undan honum.

Framsögumaður minni hl. (Skúli Thoroddsen): Eins og h. þingd. er kunnugt, hefir nefndin í máli þessu eigi getað orðið á eitt mál sátt, og skal jeg, sem framsögumaður minni hlutans, skýra frá skoðun hans með fáum orðum. Það var að vísu álit vort, að rjettast væri að afnema með öllu vistarskylduna, því að oss virðist, að það sje eðlilegur og sjálfsagður rjettur hvers manns, að mega leita sjer atvinnu án þess að bindast ársvistum, og án þess að þurfa að greiða fje til lausnar sjer.

En af því að oss var kunnugt um, að í ýmsum hjeruðum landsins vilja menn helzt halda vistarskyldunni, þá álitum vjer ekki gjörlegt, að ráða deildinni til að afnema hana að þessu sinni, enda vissum vjer og, að það myndi eigi ganga fram á þinginu. Vjer höfum þess vegna ráðið deildinni til að fara þann meðalveg, sem stj.frumv. fer fram á, að halda vistarskyldunni, en gera aðganginn að lausamennsku sem greiðastan; og það, sem einkum hefir gert oss tilleiðanlega til að fallast á stj.frumv., er ákvæðið um það, að sveitarstjórnir geti gefið gjaldið eptir, því að við treystum því, að hjá þeim muni vaka sú rjettlætistilfinning, að gjaldið sje í sjálfu sjer ranglátt.

En það sem meiri og minni hlutann greinir á um, er það, hvað langt skuli gengið; oss greinir einkum á um aldurstakmarkið, og um það, hve hátt lausamennskugjaldið skuli vera. Meiri hlutinn gengur, að voru áliti, allt of skammt, þar sem hann vill hafa gjaldið helmingi hærra en farið er fram á

í stjórnarfrumv., og einkum gjörir það tillögur hans óaðgengilegar í vorum augum, að hann vill að eins veita þeim rjett til að leysa lausamennskubrjef, sem fullveðja eru, og víkur þannig frá 20 ára aldurstakmarkinu, sem báðar deildir alþingis 1891 voru þó ásáttar um.

Það á að vísu eigi við, að fara langt út í umræðurnar við þessa 1. umræðu málsins; en jeg get þó eigi leitt hjá mjer, að minnast á nokkur atriði í röksemdaleiðslu meiri hlutans. Meiri hlutinn segir, að sú rýmkun á vistarbandinu, sem stjórnarfrumv. fer fram á, myndi leiða til þess, að á aflaárunum mundi fólk flykkjast svo að sjónum, að sveitabændur hefðu eigi næga vinnukrapta; en þennan spádóm meiri hlutans get jeg ekki undirskrifað; jeg held ekki, að ástæða sje til að óttast slíkt, þar sem ekki er farið fram á að afnema vistarskylduna með öllu, heldur þvert á móti gert ráð fyrir að halda henni sem aðal-reglu, því að það er aðgætandi, að þó lausamennskuleyfið sje eigi sett hærra en 5 og 10 kr., þá mun það reynast ærið til þess, að menn flana eigi í lausamennskuna í hugsunarleysi; þvert á móti mun gjald þetta, þó að lágt sje, verða til þess að halda mörgum í ársvistum; almenningur hefir eigi peninga svo handbæra, að hann fleygi þeim út að ófyrirsynju.

Eitt atriði er það og, sem oss í minni hlutanum virðist verða að leggja sjerstaka áherzlu á, eins og nú hagar, og það er það, að vistarskyldan þekkist eigi hjá nágrannaþjóðunum, nje í því landi, Ameríku, sem fjöldi Íslendinga streymir til á ári hverju; það er sannarlega all-viðsjárvert fyrir oss Íslendinga, að halda fast í aðrar eins kreddur, eins og vistarskylduna; það skapar óánægju hjá verkalýðnum og getur orðið vopn í hendi þeirra, sem vilja fá menn úr landi; þeir benda mönnum á ársvistarskylduna hjer á landi, er meini mönnum að nota krapta sína og afla sjer fjár, en gylla hið óbundna atvinnufrelsi hinum megin við hafið; að halda fast við vistarskylduna, og vilja sem minnst um þá fjötrana rýmka, getur því orðið til þess, að hvetja menn til að yfirgefa landið; og mig furðar á því, að h. framsögum. meiri hlutans (E. J.), sem er einn af meðmælendum frumv. þess, sem kallað hefir verið frumv. til laga um að »lasta ekki landið«, skuli eigi vera vistarbandsleysinginunni meðmæltur, því að það væri ólíku fallegra og samboðnara honum, sem vill gera sitt til að kyrrsetja fólkið í landinu, að berjast þá um leið fyrir því, að vinnulýðurinn hefði það hjer á landi sem bezt og frjálsast, svo að hann eigi fýsi úr landi.

Það er tekið fram í nefndarálitinu, og eins var drepið á það við 1. umr., að ársvistin væri svo góður skóli fyrir hjúin, til þess að læra ýms vinnubrögð, og skal jeg ekki neita því, að svo sje á sumum heimilum; en jeg ætla, að lausamaðurinn geti öldungis eins lært ýms vinnubrögð í lausamennskunni, og að það liggi eigi fjarri að ætla, að einmitt lausamennskan geti orðið honum sjerstök hvöt til að temja sjer þau störf, er hann einkum vill gera að atvinnu sinni; sumir munu leggja stund á fjárhirðingu, aðrir formennsku o. s. frv., eptir því sem hver er laginn fyrir.

Jeg finn svo eigi ástæðu til að fjölyrða meir um málið að þessu sinni, með því að jeg býst við, að tala ýtarlegar um málið við síðari umræður.

Framsögumaður meiri hlutans (Einar Jónsson): H. framsögum. minni hlutans (Sk. Th.) gat þess, að það mundi ekki vera á rökum byggt hjá meiri hlutanum, að af lausamennsku geti leitt vinnufólkseklu í landsveitunum, af því

að menn muni ef til vill þyrpast að sjónum. En jeg hygg þó, að að því geti rekið, þar sem aðalbjargræðistími landbóndans og sjáfarbóndans fellur saman, eins og á sjer stað í Norður- og Austurlandi, þar sem bezti aflatíminn er einmitt um sláttinn. Það eru öll líkindi til, þegar svo ber undir, að fólkið sæki þangað sem vinnan er bezt borguð í svipinn, þó að það sje ekki hollust borgun til frambúðar. Hætt er því við að landslýðurinn leiti þangað og ráði sig að eins lauslega í sveitinni, til þess að geta farið sína leið hvenær sem lítur út fyrir betri vinnu annarstaðar. Þetta eru eðlilegar ástæður, en enginn hugarburður. Upphæðin, sem borga á til þess að fá lausamennskuleyfi, þessar 5 eða 10 kr., er að vísu nokkur, en þó held jeg menn horfi ekki í þær krónur, ef þeir gjöra sjer von um að fá miklu arðsamari vinnu. Jeg get ekki talið það neina ástæðu til að leysa vistarbandið, þótt það þekkist ekki í löndunum í kringum oss, því að ástandið hjer er svo sjerstaklegt og ólíkt því, sem er í öðrum löndum, að það getur ekki átt saman við hjer og þar. H. framsögumaður minni hlutans minntist á að jeg hefði flutt frumv. inn á þingið, sem miðaði að því, að hindra útflutning á fólki til Ameríku, og hyggur hann vistarbandið eitt af því, sem knýr fólk til Ameríku, og telur þetta því ósamkvæmni af mjer, að vilja hamla ferðum til Ameríku, en þó ekki leysa vistarbandið. En jeg hygg þvert á móti að vistarskylduafnámið gæti engu síður knúð menn til að flytja til Ameríku. Jeg hefi við 1. umræðu sýnt fram á það, að væri öll vinna unnin af lausamönnum, mundi hún verða dýrari en nú er. Nú er búskapurinn ekki svo gróðasamur, að bændur standi sig við að borga vinnu dýrara en nú er, nema með svo felldu móti, að meiru verði af kastað á jafnlöngum tíma. En það er víst óhætt að fullyrða, að það muni ekki verða. Af þessu leiðir eitt af tvennu. Annaðhvort fara bændur á höfuðið sem kallað er eða vinnan fellur í verði. Þá versna kjör vinnumanna; þá munu þeir eigi síður taka eptir misminum á verkalaununum hjer og vestra og leita ákafara en nokkru sinni áður af landi burt.

Margir hafa sagt, að meiri munur og rjettlátari yrði á kaupgjaldi, ef allir væri daglaunamenn; dugnaðarmennirnir fengi þá meira kaup en skussarnir. Eins og nú stendur er að vísu allt of lítill munur gerður á þeim, en það mundi varla bætast mikið úr því, þó að vistarbandið væri leyst, meðan sami skorturinn er á vinnufólkinu. Hin lakari vinnuhjú hafa hingað til haft lag á því, að halda kaupi sínu nærri því eins, eða alveg eins hátt, eins og hin betri, sökum fólkseklunnar, og eins mundi fara, þegar um daglaunavinnu væri að ræða, meðan sama er fólkseklan, því að þegar skussinn veit að bóndinn er í mannþörf og á jafnvel ekki annars úrkosti en að taka hann, þá þorir hann að setja upp hátt kaup, og helzt það uppi af því, að neyðin rekur búandann til að ganga að því. Væri nóg af fólki til að velja úr, þá mundu hinir ljelegri vinnumenn verða út undan, hvort sem vistarbandið er eða ekki. Þegar nú þar að kemur, að bændur sjá að þeir standa sig ekki við að borga eins há daglaun eins og sett eru, hlýtur vinnan að falla í verði. Þá mundi menn fara að muna í háu daglaunin í Ameríku, eins og jeg hefi þegar bent á. Jeg get því eigi sjeð, að jeg hafi gert mig sekan í ósamkvæmni þeirri, er h. framsögum. minni hlutans (Sk. Th.) bar mjer á brýn.

Það hefir verið sagt að vistirnar væru skólar fyrir vinnufólkið, og það er rjett.

En auðvitað hafa andmælendur rjett í því, að ekki sje allar vistir góðir skólar. Jeg skal játa að þær eru misjafnlega góðir skólar, en þær eru þó betri en lausamennskan. Lausamenskan á, eptir því sem h. framsögumaður minni hlutans (Sk. Th.) sagði, að leiða til þess, að menn læri einstakar vinnugreinir betur en nú. Það væri gott ef þeir, sem því halda fram, gætu bent á, að svo hefði verið hingað til. En jeg vil spyrja: Förum við til lausamanna nú til þess að fá góðan fjármann? Því verð jeg að mótmæla. Jeg hefi ekki sjeð, að lausamenn sje þar betri en vinnumenn.

Framsögumaður minni hlutans (Skúli Thoroddsen): Jeg ætla að eins að svara h. framsögum. meiri hl. (E. J.) fám orðum. Hann sagði að hann hefði eigi heyrt vesturfara segja, að þeir færi sökum vistarbandsins. Jeg get vel trúað því. En hvað er það sem knýr þá til að fara af landi burt? Þeir vilja eiga betra en þeir eiga hjer, þeir vilja fá hærra kaup. Það er ástæðan. En það er einmitt vistarbandið, sem veldur því, að þeir fá lágt kaup. Því að það er alkunnugt, að menn fara í lausamennsku til þess að afla sjer meira fjár en þeir fá ella, og því verður eigi neitað, enda eru þess ótal dæmi, að ötulir og reglusamir lausamenn geta grætt meira en þeir, sem í vistum eru.

H. framsögum. meiri hl. (E. J.) sagði, að lausamenn legðu ekki stund á neina sjerstaka vinnugrein. En jeg veit þó af lausamönnum fyrir vestan, sem gera það. Það kann að vera öðruvísi á austurlandinu. En fyrir vestan er opt einmitt farið til lausamanna, þegar á að fá góðan formann og enda fjármann, þó að þeir sjeu að vísu vandfengnari þar um pláss.

Framsögum. meiri hlut. (Einar Jónsson): Þarna kom h. framsögum. minni hlut. (Sk. Th.) einmitt með ástæðuna fyrir því, hvað það er, sem knýr menn af landi burt. Það er einmitt þessi löngun til að láta sjer líða vel. Það er alveg rjett athugað. Hann sagði að hin sama orsök væri til þess, að menn vildu sleppa við vistarbandið. Það getur að eins verið rjett, meðan þeir fá meira kaup í lausamennsku, því að, að öðru leyti líður mönnum ekki betur í lausamennskunni. En þegar bóndinn sjer að hann stendur sig ekki við að borga svo hátt kaup og vinnan fellur í verði, þá fer að minnka lausamennskusælan. Það getur verið að menn fyrir vestan fari til lausamanna til að fá sjer formenn og fjármenn, en jeg ímynda mjer þá helzt, að þar sje ekki annars kostur.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 22 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um þinglýsing afsalsbrjefa og annara heimildarskjala fyrir fasteignum, svo og um afnám fasteignarsölugjaldsins (C. 99, 180); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og menn sjá af nefndarálitinu hefir nefndin hneigzt að því, að ráða h. deild til að samþykkja frumv. Það er engi þörf að fjölyrða um málið að þessu sinni, en jeg vona að h. deild láti það ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um atvinnu við siglingar (C. 107, 195, 213); 1. umr.

Skúli Thoroddsen: Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, hefir verið lagt fyrir þingið af stjórninni, og h. efri deild hefir þegar fjallað um það. Frv. ræðir um rjett manna til atvinnu við siglingar, og snertir þannig mjög annan aðalatvinnuveg vorn, sjávarútveginn.

Með lögum 22. maí 1890 var settur

á stofn sjómannaskóli hjer í Reykjavík, og það er nú tilgangur þessa stj.frumv. að leiða í lög, að rjetturinn til að vera skipstjóri eða stýrimaður á þilskipum skuli eptirleiðis vera bundinn ákveðnum skilyrðum, meðal annars að hlutaðeigandi hafi leyst af hendi próf við þennan skóla.

En eins og menn vita, þá eru þeir enn næsta fáir, sem tekið hafa próf við skóla þennan, svo að mjer virðist það mjög íhugunarvert, hvort tími sje til kominn, að lögleiða þau ákvæði, sem frumv. fer fram á. Þilskipaútvegur vor er enn í bernsku, en fer þó vaxandi ár frá ári, og þar sem vjer allir hljótum að játa, að það skiptir land vort miklu, að þilskipum fjölgi sem mest, þá er varlega í það farandi, að lögleiða nokkur þau ákvæði, er honum geti orðið til hnekkis.

Efri deild hefir að vísu gjört frumv. þetta nokkru aðgengilegra í mínum augum en það var frá stjórnarinnar hendi; en þó að jeg játi, að frumv. sje í sjálfu sjer góð rjettarbót, sem sjálfsagt á að komast hjer á með tímanum, þykir mjer viðsjárvert að gera mönnum að skyldu, að hafa lærða skipstjóra og stýrimenn, meðan eins mikill hörgull er á þeim hjer á landi, eins og nú er. Að vísu veitir frumv. landshöfðingja vald til að gera undantekningar frá prófsskilyrðunum í stöku tilfellum, en jeg er hræddur um, að mönnum þyki það krókur í garðshorn, að þurfa að skrifa eptir leyfinu suður í Reykjavík.

Jeg álít, sem sagt, frumv. að ýmsu leyti varhugavert, og leyfi mjer því að stinga upp á 3 manna nefnd.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg sting upp á 5 manna nefnd.

Skúli Thoroddsen: Jeg get aðhyllzt uppástungu h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.).

ATKV.GR.: Samþ. 5 manna nefnd og kosnir:

Skúli Thoroddsen	með	21 atkv.
H. Kr. Friðriksson	—	16 —
Jón Þórarinsson	—	13 —
Jens Pálsson	—	10 —
Sigfús Árnason	—	10 —

Tuttugasti og þriðji fundur, fimmtudag 27. júlí, kl. 12 á h. Allir á fundi.

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Hlaðsbót í Arnarfirði (C. 257); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 21. atkv. samhlj. Sent landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Svalbarðseyri (C. 257); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 21 atkv. samhlj. Sent landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðum í Fáskrúðsfirði (C. 229); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 21 atkv. samhlj. Sent landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík (C. 221); 3. umr.

Landshöfðingi: Áður en öll þessi löggildingarmál fara alfarin af þinginu, ætla jeg að leyfa mjer að minnast á lítið atriði, sem kom fram undir umræðunum hjer í þessari h. þingd. um frumv. um almannafrið á helgidögum. Það var tekið fram, að frumv. stjórnarinnar um það mál hefði þann ókost, að auka drykkjuskap og ósiðsemi hjer

á landi. Jeg hefi nú ekki svo mikla trú á þessum spádómi; en jeg verð að segja það, að ef nokkurt frumv. verður til þess að efla drykkjuskap og óreglu hjer á landi, þá eru það sum af þessum frumv. um löggilding kaupstaða. Það er þannig ekki sjáanlegt, að tilgangurinn með löggilding verzlunarstaðar við Vogavík sje annar en sá, að heimila þar brennivíns-verzlun. Frumv. um löggilding Vogavíkur hefir opt verið fyrir þinginu áður; en það hefur verið fellt sem óþarft, og ef til vill jafnframt skaðlegt vegna brennivínssölu, sem þar mundi komast á. Mjer finnst ekki fullkomin samkvæmni hjá þeim mönnum, sem vilja bægja burtu öllu, sem beinlínis eða óbeinlínis, eflir drykkjuskap, en vilja þó á hinn bóginn löggilda verzlunarstaði, þar sem brennivínsverzlun megi fara fram, en engin þörf er á.

Jeg býst ekki við að þessum fyrirhugaða verzlunarstað verði gjört lægra undir höfði en hinum stöðunum, sem þegar er búið að löggilda, en jeg vildi þó geta þessa, áður en hann yrði samþykktur.

Þórarinn Böðvarsson: Mig furðaði á því, að nokkur skyldi fara að mæla á móti löggildingu þessa eina staðar, eptir að búið var að löggilda alla hina. Það hefur víst heldur ekki verið meining hæstv. landshöfðingja að mæla á móti honum. Frumv. um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík hefur opt verið samþykkt hjer í deildinni, en ýmislegt hefur orðið þeim að fjörlesti í h. efri deild. Einu sinni t. d. fann einn þingm. þar, Jón Ólafsson, upp á því, að setja öll löggildingarmálin í eitt frumv., og einmitt af þeirri ástæðu fjell Vogavík í það skiptið. Þar sem hæstv. landshöfðingi tók það fram, að þessi löggilding mundi auka drykkjuskap í Vogum og þar í kring, þá hefur það álit ekki við nein rök að styðjast. Þvert á móti, því í þeim tveimur kaupstöðum í mínu kjördæmi, Hafnarfirði og Keflavík, sem jeg þekki mjög vel til, er því nær enginn drykkjuskapur. Þar eru flestir í bindindi. Jeg verð að neita því kröptuglega, að tilgangurinn með frumv. sje sá, að koma á brennivínsverzlun við Vogavík. Tilgangurinn er allur annar. Hann er aðallega sá, að gjöra mönnum þar syðra alla aðflutninga ljettari og greiðari. Það var einmitt Vogavík, sem átti að verða kaupstaður, en ekki Keflavík, því á Vogavík er miklu betri höfn en á Keflavík, og hægra og þægilegra að sækja þangað fyrir fjölda manna, er búa fyrir sunnan Garðahrepp. Keflavík er óhentugur verzlunarstaður, með því þar er hin versta höfn, en þar sunnan að sækja margir til Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, sem eiga mjög stutt í Keflavíkur-kaupstað. Búendur þar syðra semja við kaupmenn í Hafnarfirði og Reykjavík, að flytja til þeirra vörur og sækja aptur hinar íslenzku vörur, er þeir leggja inn til kaupmanna. Til þessa kosta kaupmenn stórfje árlega; en þessi fyrirhöfn og kostnaður mundi að miklu leyti sparast, ef kaupstaður kæmist upp við Vogavík.

Hæstv. landshöfðingi sagði, að engin sýnileg þörf væri á að löggilda Vogavík til verzlunar. Þörfin er ekki sýnileg þeim, sem ekki þekkja til, en hún er sýnileg þeim, sem þekkja til. Jeg sem kunnugur veit, að þessi löggilding er þörf, enda hefir hún opt verið samþykkt hjer í þessari h. þingdeild, og jeg treysti því fyllilega, að hún verði samþykkt einnig nú.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 18 atkv. samhlj. og sent til Ed.

Frumv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C. 341, 315, 353); 3. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Það eru að eins komnar fram tvær breyt.-till. við frumv. eins og það var samþ. við 2. umr.

Önnur breyt.till. er á þingskjali 222 og fer fram á, að söluverð jarðarinnar Hrafnkelsstaða verði fært úr 4500 kr. niður í 4000 kr. Jeg gat þess við 2. umr., þegar jeg mælti á móti því, að jörð þessi yrði seld fyrir 3800 kr., að nefndin mundi, ef til vildi, vilja fara meðalveg og færa verðið niður í 4000 kr. Nú hefur nefndin borið sig saman út af þessari breyt.till. og fallizt á, að ástæða mundi vera til að lækka söluverðið eins og breyt.till. fer fram á. Síðan nefndarálitið var samið, hafa komið fram nýjar upplýsingar um jörð þessa, sem skjöl málsins ekki bera með sjer, en sem nefndin hlýtur að taka trúanlegar. Það hefur verið upplýst, að jörðin lægi undir skemmdum af uppblæstri og hlýtur það að rýra verð hennar.

Hin breyt.till., sem fram hefur komið við frumv., er á þingskjali 245 og fer fram á að færa verðið á jörðinni Akri í Húnavatnssýslu úr 2600 kr. upp í 2800 kr. Eins og sjá má á nefndarálitinu, var jörð þessi föluð til kaups árið 1885 og var þá samþykkt á þinginu að selja hana fyrir 3000 kr., en þegar heimildin var fengin vildi ábúandinn ekki ganga að kaupunum fyrir þetta verð. Nefndin hefur nú, úr því hin fyrri heimild er gengin úr gildi, fundið ástæðu til að lækka söluverð þessarar jarðar úr 3000 kr. ofan í 2600 kr. Hvort þetta er einmitt hið rjetta, er ekki gott að segja. Það er ekki gott að hnitmiða verð jarða við 100 kr.

Jeg skal geta þess, að í fyrra skiptið, sem jörð þessi var föluð, mat sýslunefndin jörðina Akur á 2800 kr. eða jafn mikið og breyt.till. stingur upp á, en nú metur sýslunefndin jörðina á 2500 kr. Þannig er ekki fullkomið samræmi hjá sýslunefndinni 1885 og 1893, en það er heldur ekki víst, að sömu menn sitji í nefndinni nú eins og þá.

Loks er eitt athugavert að því er snertir jörð þessa. Í lýsingu umboðsmanns á jörðinni er talað um silungsveiði, sem ábúandinn hafi, og enn fremur er þess getið, að þar megi koma á laxveiði, og nú hefur komið fregn um, að laxveiði hafi verið byrjuð þar og gengið fremur vel. Nefndin mun þess vegna ekki vera á móti því, að söluverðið verði fært upp eins og breyt.-till. fer fram á.

Þorldkur Guðmundsson: H. framsögumaður (Ól. Br.) minntist á breyt.-till. á þingskjali 245, sem jeg og 5 aðrir h. þingd.m. höfum komið fram með, þess efnis, að færa söluverð jarðarinnar »Akur« í Húnavatnssýslu úr 2600 kr. upp í 2800 kr. Það er engan veginn svo, að jeg vilji sprengja jarðirnar upp fyrir ábúendunum, en þegar um hlunnindajarðir er að ræða, sem ekki liggja undir neinum skemmdum frá náttúrunnar hálfu, heldur miklu fremur standa til bóta, þá vil jeg selja þær dálítið dýrara en aðrar jarðir, sem engin hlunnindi fylgja. H. framsögumaður tók einmitt þá ástæðu, sem knúði mig til að koma með þessa uppástungu um að færa verðið upp í 2800 kr., því eins og h. framsögumaður tók fram, var það einmitt þetta verð, sem sýslunefndin í Húnavatnssýslu stakk upp á og samþykkti með 7 : 3 atkv. 1885. Nú hefur sýslunefndin aptur stungið upp á 2500 kr., en umboðsmaður heldur föstu áliti sínu frá 1885, og vísar til lýsingar sinnar á jörðinni

það ár, en bætir því við, að það sje því síður ástæða til að lækka verð jarðarinnar nú, sem jörðin hafi batnað við það, að Giljá beri leir í Húnavatn, og engið sje að gróa upp, og jeg hefi líka heyrt, að þar hafi veiðzt lax nú í sumar til muna.

Jeg gjöri ekki breytingartillöguna að neinu kappsmáli, en hygg, að hún sje ekki ósanngjörn.

Björn Sigfússon: Það er út af breyt.-till. á þingskjali 245, sem jeg vildi tala fáein orð. Því miður er jeg ekki svo kunnugur jörðinni »Akur« í Húnavatnssýslu, sem þar ræðir um, þó hún liggi ekki langt frá mjer, að jeg geti gefið alveg áreiðanlegar upplýsingar um hana.

Það er tekið fram í álitsskjali umboðsmanns um þessa jörð, að engi sje þar að gróa upp. Jeg hefi nú spurt kunnuga menn, að hve miklu leyti nú þetta væri svo, en þeir sögðu mjer, að þetta væri ekki teljandi. Jeg veit nú ekki hverjir hafa rjettara, umboðsmaður eða þessir menn. En jeg skal leyfa mjer að vekja athygli h. þingd.m. á því, að þar sem h. nefnd ákvað 2600 kr. verð fyrir þessa jörð, þá er það töluvert hærra en leigumálinn bendir til, og hærra en mat sýslunefndarinnar nú í síðara skiptið. En eptir breyt.till., sem stingur upp á 2800 kr. fyrir jörðina, verður verðið 425 krónum hærra en jörðin rentar sig fyrir. Jeg er því ekki óhræddur um að ábúandinn mundi skoða huga sinn um, áður en hann keypti jörðina fyrir þetta hærra verð, og það er athugavert, hvort það muni vera rjett að taka svona stór stig og gjöra kaupin óaðgengileg fyrir ábúendurna.

Sigurður Gunnarsson: Að því er snertir breyt.till. okkar 6 þingd.manna á þingskjali 222, um að færa söluverð jarðarinnar Hrafnkelsstaðir úr 4500 kr. niður í 4000 kr., þá þykir mjer gott að heyra, að meiri hluti nefndarinnar er tilleiðanlegur til að fallast á þessa niðurfærslu.

Jeg get ekki betur sjeð, en að landssjóður fái fullkomlega sitt, með því að ákveða söluverðið 4000 kr. Skjöl málsins sýna, að eptir leigumálanum hefði átt að selja jörðina fyrir 2000 krónur, en nú er verðið sett helmingi hærra. Það er því meiri von um að breyt.till. verði samþykkt.

Björn Bjarnarson: Það er, ef til vill, líkt ástatt með jörðina »Akur« í Húnavatnssýslu eins og jeg benti á við 2. umr. um Hrafnkelsstaði, að ekki mun vera að miða við leigumála þeirrar jarðar, sem er líklega nokkuð gamall; hann mundi sjálfsagt hækka að mun við næstu ábúendaskipti. Það er því skiljanlegt, að ábúandinn sækist ekki eptir að kaupa jörðina meðan hann getur búið á henni með þessum lága leigumála. Hann notaði ekki leyfið, sem þingið veitti 1885, til að fá jörðina keypta, af því söluverðið var sett hærra en samsvaraði leigumálanum; en það, að hann falar jörðina aptur nú, sýnir, að honum er hugarhaldið að ná í hana. Það er engum ábúanda láandi, þó hann vilji komast að sem beztum kaupum á ábýlisjörð sinni; en á þingmönnum hvílir einnig sú skylda, að reyna að sjá um, að landssjóður fái sitt. Það eru svo margir, sem vilja rjetta fingur sína í hann, að ekki veitir af að þingmenn hlynni að honum með því að halda öllu til skila, sem hann með sanngirni getur átt heimtingu á. Jeg vil ekki gera ábúendum ómögulegt eða lítt mögulegt að kaupa ábýlisjarðir sínar, en jeg vil ekki heldur, að landssjóður bíði halla af sölunni, hvorki á yfirstandandi tíma nje í næstu framtíð.

Það er sama að segja um jörðina »Akur« eins og Hrafnkelsstaði, að henni

er mjög vel í sveit komið. Akur er ein af þeim jörðum, sem líklegt er að byggist affallalaust meðan beztu hjeruð landsins eru byggð. Þótt það sjáist ekki á skýrslunum, sem liggja fyrir, þá hefi jeg það eptir áreiðanlegum mönnum, að nokkuð meira muni varið í laxveiðina þar en orð hefir verið á gert hjer. Það geta verið margar ástæður til þess, að ekki sje gert mikið úr hlunnindum jarða, sem falaðar eru til kaups. Það eru miklar líkur til, að þá geti hreppapólitíkin komið til greina, og átt sinn þátt í undirbúningi slíkra mála í hjeraði. Jeg mun enn vera á móti því, að færa söluverð Hrafnkelsstaða niður, en jeg felli mig betur við að færa upp verðið á Akri.

Björn Sigfússon: Mjer fannst h. þm. Borgf. (B. B.) drótta því að þeim, sem hafa undirbúið málið um sölu jarðarinnar »Akur«, að þeir hefðu ákveðið verð hennar af »hreppapólitík«. Mjer þykir leiðinlegt að heyra þess konar ásakanir hjer í þingd. Að vísu snerta þessar ásakanir mig ekki, en ef þessu er dróttað að sýslunefndinni í Húnavatnssýslu, vil jeg mótmæla því sem alveg ástæðulausu. (*B. B.:* Hef ekkert slíkt sagt). Sýslunefndin mat jörðina 2500 kr., og jeg efast ekki um, að hún hafi gert það af því, að það hafi verið skoðun hennar, að þetta verð væri nægilega hátt, en alls ekki af neinni »hreppapólitík« eða af því, að hún hafi viljað fjefletta landssjóð fyrir á ábúandann á »Akri«.

Þar sem h. þm. hjelt, að leigumálinn á jörðinni væri gamall, þá er ekki svo í raun og veru. Jeg man ekki með vissu, hvenær hinn núverandi ábúandi flutti þangað, en það mun ekki vera nema eitthvað í kringum 20 ár síðan.

Þá minntist hann á laxveiði, sem þessi jörð hefði hlunnindi af. Það er rjett, að umboðsmaður mun hafa tekið það fram, að þar mundi mega nota laxveiði, en það hefir aldrei mjer vitanlega verið gert, fyr en ef það hefir verið nú í sumar. Hvort laxveiði verður þar til frambúðar er ekki gott að segja.

Björn Bjarnarson: Það var óþarfi fyrir h. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.), að fara að afsaka sýslunefndina í Húnavatnssýslu: jeg hafði engu dróttað að henni. Jeg talaði um það almennt, að hreppapólitík gæti komið til greina, er um það væri að gera, að nota jarðirnar, en það var fjarri mjer að beina neinu slíku að sýslunefndinni í Húnavatnssýslu sjerstaklega.

Þorlákur Guðmundsson: Eins og jeg hef tekið fram, byggist verðið á þessari jörðu ekkert á leigumálanum. Ábúandinn segir í brjefi 24. jan. 1885 til sýslumannsins Húnavatnssýslu, að hann hafi búið þar lengi og hafi bætt jörðina mikið. Með leyfi forseta skal jeg lesa upp niðurlag brjefsins:

»Þetta er samt ekki svo að skilja, að jeg ætli að fást um, þó jörðin sje nokkrum tugum króna meira metin en jeg fyrir mitt leyti álít hana verða, og mun jeg allt eins kaupa hana fyrir það, af þeim ástæðum, að jeg hef búið hjer lengi og hefi lagt talsverða peninga í jarðabætur og húsabyggingar, enda eru þau nú flest orðin breytt bæði að stærð og húsaskipun«.

Jeg skal ennfremur geta þess, að þegar á þingi 1885, þegar var verið að ákveða verð þessarar jarðar, var þar sett tiltölulega hærra verð. Hann segir í brjefinu, að eptir því sem jörðin renti sig í meðalári, þá sje hún 2650 kr. virði. Afgjaldið er að vísu nokkuð hátt, eptir hans skoðun, og það má ætla, að hefði nefndin haft fyrir sjer þessi eldri skjöl, mundi hún hafa sett verðið hærra.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr., tölul. 5. (245), samþ. með 15 : 1 atkv.; breyt.till. við 1. gr., tölul. 15 (222), sam-

þ. með 12 : 5 atkv. Frumv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. með 22 samhlj. atkv. og afgreitt til efri deildar.

Frumv. til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju (C. 254); 2. umr.

Framsögum. (*Guðlaugur Guðmundsson*): Jeg benti við 1. umr. á eina verulega breytingu við frumv. þetta, sem nefnd sú, er sett var í þetta mál, hefði gjört, og sem var sú, að orðið gæzluvarðhald var rýmkað nokkuð. Tilgangurinn var sá, að veita þeim, sem settir eru í gæzlu hjá hreppstjórum, eins og tíðkast til sveita, rjett til skaðabóta. Orðið gæzluvarðhald er vanalega eigi skilið svo, að þessar skaðabætur geti náð til slíkra manna, því með því er eiginlega meint, að hlutaðeigandi sje í einhýsi. Sakamálsrannsóknina eina álítur nefndin að eigi sje rjett að láta veita kröfu til skaðabóta, og eigi heldur bann gegn því að fara út úr lögsagnarumdæminu, því það getur eigi álitizt annað en að eins lítil takmörkun á frelsi. Hinar aðrar breytingar í nefndarálitinu standa í sambandi við þessa aðalbreyt.till. H. þm. hafa nefndarálitið fyrir framan sig, svo jeg þarf eigi að fara neitt út í það. Nefndin hefir ennfremur farið fram á orðbreytingar, sem ekkert raska efninu, en eru viðkunnanlegri, t. d. síðari breyt.-till. við 2. gr. Orðið »þjáning« hefir nefndin lagt til að yrði breytt í skapraun. Danska orðið »lidelse« á hjer í þessu sambandi miklu fremur við skapraun en líkamlegar þjáningar. Breytingin á 6. gr. er að eins orðbreyting, þó greininni í heild sinni sje allri breytt. Í 8. gr. eru sömuleiðis orðbreytingar, en þar er eitt orð, sem nefndin áleit villandi, og það er orðið »saknæmur«. Það er villandi að því leyti, að ef um »saknæmi« er að tala, þá getur hlutaðeigandi maður eigi orðið sýknaður, og þá er vitanlega ekki um bótarrjett að tala fyrir hann. Í dönskunni stendur »tilregnelig«, en orð, sem falli sljett að þeirri hugmynd er, held jeg, varla til í íslenzku máli. Orðið »vísvitandi« liggur þó ætíð nær hugmyndinni. Jeg skal svo eigi fara fleirum orðum um þetta mál.

Landshöfðingi: Jeg skal láta ánægju mína í ljósi við h. nefnd yfir því, hversu vel hún hefir tekið frumv. þessu. Jeg get eigi sjeð, að nein af breytingum þeim, sem nefndin hefir stungið upp á, sje efnisbreyting, og sjerstaklega skal jeg taka það fram um breytingaruppástunguna við 1. gr., að þó að orðunum »eða hann á annan hátt hefir verið sviptur frelsi«, sje bætt inn í, þá er það engin efnisbreyting, því jeg lít svo á, að gæzla hjá hreppstjóra eða jafnvel hjá einhverjum bónda, sem hefir tekizt á hendur að gæta hins sakborna, heyri undir orðið »gæzluvarðhald«, sem haft er í frumv., og að breytingaruppástungan sje því að eins til skýringar. Hins vegar geta ákvæði greinarinnar, eins og hún er orðuð eptir uppástungu nefndarinnar, eigi náð til þess, þegar sakborningi er bannað að fara út úr lögsagnarumdæminu, því það getur eigi kallazt svipting frelsis, heldur að eins takmörkun þess. Hinar orðabreytingauppástungurnar eru annaðhvort afleiðing af þessari breyting, eða orðabreytingar, sem allar eru til bóta. En af því að jeg kann eigi við að geta eigi fundið eitthvað að, þá ætla jeg að benda h. nefnd á það, að jeg kann illa við, að byrja lög með orðinu »nú«. Það er vanalegt í lagamálinu, þegar byrjuð er grein með orðinu »nú«, að þá sje hún miðuð við eitthvað sem á undan er komið, og hafi í sjer fólgna einhverja undantekning eða nánari skýringu á því, sem áður er komið. Þetta er svo sem enginn galli, en jeg vildi skjóta því til

h. nefndar, hvort hún vilji ekki athuga þetta atriði til 3. umr.

Framsögumaður (*Guðl. Guðmundsson*): Jeg segi fyrir mig, og held að mjer sje óhætt að segja það líka fyrir hönd meðnefndarmanna minna, að nefndin sje fús á að taka til greina bendingu hæstv. landshöfðingja, því það er mjög hægt að breyta þessu. En fyrst jeg stóð upp, skal jeg leyfa mjer að vekja athygli h. deildar á því, að þetta, sem hjer er um að ræða, er mjög þörf og mikilsverð rjettarbót, því það á sjer opt stað og hlýtur svo að vera, að menn sjeu sviptir frelsi undir sakamálsrannsókninni. Þar sem nú þetta einmitt á að verða til að tryggja og vernda almenning gegn glæpum, þá er það mjög eðlilegt, að hið opinbera bæti þeim upp skaðann, er að ósekju verða fyrir þessu. Á hinn bóginn skal jeg einnig benda á, að afleiðing af þessum lögum verður nokkur kostnaður fyrir landssjóðinn. Jeg skal í þessu sambandi geta þess, að eptir þeirri stefnu, er hæstirjettur fylgir í slíkum málum, geta skaðabætur eptir þessum lögum numið talsverðri upphæð. Jeg skal nefna sem dæmi tvo dóma frá 1891. Í öðrum þeirra voru kvennmanni, af verkmannaflokki, sem var í varðhaldi 78 daga, dæmdar 390 krónur í skaðabætur eða 5 kr. fyrir dag hvern. Með hinum dóminum voru 100 kr. dæmdar karlmanni nokkrum, sem hafður var í haldi í 6 daga. Jeg hef bent á þetta, til þess að sýna, hverja rjettarbót frumv. færi fram á og líka til þess að sýna, hvaða byrði það leggur landssjóði á herðar.

* ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. (þingskj. 155) við fyrri málslið 1. gr. samþ. með 21 samhlj. atkv.

Breyting við 1. gr., síðari málsgrein, samþ. með 22 samhlj. atkv.

1. gr. með breyt. samþ. í e. hlj.
1. breyt. við 2. gr. samþ. í e. hlj.
2. breyt. við 2. gr. samþ. í e. hlj.
2. gr. með breyt. samþ. í e. hlj.
3. gr. 1. málsl. samþ. m. 22 samhlj. atkv.
2. — — í e. hlj.
3. — — án atkv.gr.
4. — — í e. hlj.
3. gr. í heild sinni samþ. í e. hlj.
4. — samþ. með 21 samhlj. atkv.
5. — fyrri málslið. samþ. án atkv.gr.; síðari málsl. samþ. m. 21 samhlj. atkv.
5. gr. m. breyt. samþ. m. 21 samhlj. atkv.
6. gr. samþ. í e. hlj.
7. — — - — —
8. — fyrri málsliður samþ. með 21 samhlj. atkv.; síðari málsliður samþ. með 21 samhlj. atkv.
8. gr. með breyt. samþ. í e. hlj.
9. — samþ. í e. hlj.

Frumvarpinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Frumv. til laga um hafnsögugjald í Reykjavík (C. 217); 2. umr.

Jón Jónsson (2. þm. Eyt.): Það er sumt í frumv. þessu, sem eigi er skýrt og ljóst fyrir mjer, og þessvegna vil jeg leyfa mjer að leita upplýsinga hjá þeim, er betur vita. Er ekki tilskipun 1. des. 1841, sem nefnd er í 1. gr., enn í gildi? Í þeirri tilskipun er svo fyrirmælt, að hafnsögumenn skuli vera að minnsta kosti tveir í Reykjavík. — En í frumv. er óbeinlínis gert ráð fyrir, að hafnsögumaður sje að eins einn, þar sem það tekur svo til orða, að »launa manni eða mönnum«. Jeg kann ekki við þetta, og vil víkja þeirri spurningu til kunnugra manna, hvort ekki væri heppilegt að breyta þessu orðatiltæki í frumv.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal eigi vera langorður um þetta mál, en að eins taka það fram, að með frumv. þessu er reynt til þess að fá fje, svo

unnt verði að fá hæfilegan mann fyrir hafnsögumann í Reykjavík, en það er eigi ákveðið, hvort þeir skuli vera einn eða fleiri. Hjer stendur svo á, að það er eigi hægt að fá hafnsögumann vegna þess, að það eru svo fá skip, sem taka hafnsögumann, svo hafnsögumannsstaðan er alls eigi lífvænleg og engin vill taka það starf að sjer. Það er því eina ráðið að leggja þetta gjald á skipin, til þess að fá fje til að borga hafnsögumanni, sem ávallt gæti verið tagltækur þegar skip koma, sem hans þurfa með.

Jeg vona að menn geti eigi verið á móti þessu, því hjer er enginn sjóður til, sem þetta fje verði tekið úr. Hafnarsjóðurinn hefir allt annan tilgang, svo að úr honum er eigi leyfilegt að borga þetta gjald. Þar að auki er þetta mjög ljettbært fyrir skipin, þar sem þau þurfa eigi að borga þetta nema að eins einu sinni á ári.

Þetta er eins og jeg hef áður tekið fram eina ráðið til þess að fá hafnsögumann.

Benedikt Kristjánsson: Af því hjer var hreyft því, að fá upplýsingu um hvað hafnsögumenn í Rvík sjeu margir, þá skal jeg gefa skýringu í máli þessu að því mjer er kunnugt. Jeg ætla að það standi í lögunum, að það eigi að vera 3 hafnsögumenn, sem þó geta hækkað upp í 4 og líka lækkað ofan í 2. En nú hefir að eins einn hafnsögumaður verið hjer í Reykjavík, og jeg veit til þess að þessi eini hefir leyft sjer að fara burt úr bænum og vera burtu í fleiri daga, svo það hefir orðið að fá löggiltan mann til þess að vísa skipi leið út af höfninni. Þetta ástand er alls eigi gott. Ennfremur get jeg eigi sjeð neina þörf á meiru gjaldi fyrir hafnsögu en nú fæst almennt af skipum, og það þykir mjer hart fyrir skipseigendur, að þeir skuli vera skyldaðir til þess að borga hafnsögugjald, þegar þeir ef til vill eigi geta einu sinni fengið hafnsögumann.

Jeg skal eigi fara langt út í það, hvort það sem nú er lagt til grundvallar fyrir hafnsögugjaldinu sje sanngjarnara en í lögum frá 1821, þar sem það er lagt til grundvallar, hvað skipið ristir djúpt, en hjer er farið eptir lestarúmi; en það er ekki tekið neitt tillit til þess, hvort nokkuð er í skipinu eða ekki. En það virðist eðlilegra að borgunin sje hærri fyrir hlaðin skip, en þau sem galtóm eru. Þau rista dýpra og meira um vert, að þeim farnist vel, og af því þau rista dýpra leiðir, að meiri er vandi að koma þeim inn á höfnina. Þetta gjald kemur sem sagt mjög hart niður á sumum skipseigendum og er alls eigi sanngjarnt, og þessvegna get jeg eigi gefið því atkvæði mitt.

Landshöfðingi: Jeg vona að h. þm. hafi kynnt sjer ástæðurnar fyrir þessu frumv., þar sem gjört er grein fyrir, hvers vegna nauðsyn hefir þótt bera til að fá ný lagafyrirmæli um hafnsögugjald í Reykjavík. H. þingdm. mun vera það kunnugt, að eptir núgildandi ákvæði eiga að vera 2 eða fleiri hafnsögumenn í Reykjavík, og það sýnist vera mjög eðlilegt, að í bæ eins og Reykjavik sje að minnsta kosti einn hafnsögumaður. En reynslan hefir sýnt, að af því innsiglingin á höfnina er svo greið, taka eigi nema örfá skip hafnsögumann, svo að hið lögboðna hafnsögugjald af þeim skipum, sem nota hafnsögumann, er svo lítið, að enginn fæst nú til að hafa þann starfa á hendi upp á þá skilmála, að vera ávallt til taks; því með því móti er þeim eigi unnt að stunda neina aðra atvinnu, svo sem fiskiveiðar, en á hinn bóginn er eptirtekjan af hafnsögunni, eins og jeg sagði, svo lítil, að ekki er lífvæn-

legt við hana eina saman. Sökum þessa hefir orðið að taka til þessa óyndisúrræðis, að borga hafnsögumanni ákveðinn ársstyrk úr hafnarsjóði, en það er eigi í samræmi með tilgangi sjóðsins. Menn verða að hafa það hugfast, að sjóður þessi á að aukast til þess að hann á sínum tíma geti staðið straum af þeim kostnaði, sem þyrfti til þess, að gjöra hjer höfn, því eins og nú er, þá er hjer enginn höfn, heldur að eins það sem Danir kalla »aaben Red«. Bæjarfógetinn og amtmaðurinn hafa þess vegna eptir tilögu hafnarnefndarinnar farið fram á, að gjörð væri ráðstöfun til þess að útvega með lögum einhverjar tekjur nægilegar til þess að borga hafnsögumanni, og engum þeim sem hlut á að máli hefir hugkvæmzt annað ráð betra eða hentugra til þess að fá það fje, sem þörf er á, til þess að halda uppi viðunanlegri hafnsögu, en að leggja gjald á skip þau, sem koma inn á höfnina. Þetta er nýtt gjald, sem leggst á verzlunina, og mætti því búast við, að verzlunarmannastjettin mundi rísa upp á móti því, ef henni þætti það ósanngjarnt eða þröngva um of sínum kosti. En það er svo langt frá því, að svo sje, að mjer er það kunnugt, að kaupmenn hjer í bænum hafa haft fundi með sjer og á þeim rætt ýms mál, sem nú eru fyrir þingi og varða verzlunina, og þar á meðal einnig þetta mál, og hafa þeir komið sjer saman um það, að andmæla því eigi, að þetta frumv. yrði að lögum. Þetta sýnir að einmitt þeir sem eiga að bera byrðina, gjaldendurnir, eru þessu fyrirkomulagi alls eigi mótfallnir.

Þar sem h. þm. Mýr. (B. Kr.), er virðist gjöra sjer svo mikið far um að andmæla þeim frumv., sem snerta Reykjavík, sagði meðal annars, að það væri eigi sanngjarnt, að þau skip, sem kæmu hingað til bæjarins galtóm, borguðu eins mikið hafnsögugjald, eins og þau skip, sem kæmu hlaðin og þar af leiðandi ristu dýpra, en því dýpra, sem skipin skipin ristu, þess vandameira væri að koma þeim í höfn, þá skal jeg taka það fram, að mjer er eigi kunnugt um, að skip sem koma í fyrsta sinn á árinu til Reykjavíkur komi að jafnaði galtóm; þau sem koma þá, eru vön að vera hlaðin, en þau sem fara lítið hlaðin. Og þó að skip komi inn á höfnina tóm að vörum til, þá er þó venjulega í þeim seglfesta, og jeg hygg að muni vera líkur vandi að »lóðsa« inn á höfn skip með seglfestu, eins og skip, sem hefir vörur innanborðs.

Eins og innsiglingunni hjer hagar til, er hún mjög auðveld, vandinn að rata inn á höfnina að miklu leyti hinn sami, hvort skipið ristir djúpt eða grunnt. Gjald það, sem hjer er stungið upp á að lögleiða, er því ekki miðað við það, hve djúpt skipið ristir, heldur við rúmmál þess, því að öllum jafnaði má gjöra ráð fyrir, að skip, sem hingað koma í fyrsta sinni á árinu, komi með farm, og þá er það eðlilegt, að gjaldið á skipinu verði þeim mun hærra, sem rúmmálið er meira.

Halldór Kr. Friðriksson: Hæstv. landshöfðingi hefir nú þegar svarað h. þm. Mýr. (B. Kr.), sem virðist leggja sig svo mjög í framkróka til þess að andmæla þeim málum, sem flutt eru fyrir hönd Reykjavíkur hjer á þinginu. Jeg þarf engu að bæta við orð hæstv. landshöfðingja, en vil þó taka það fram, og það verða h. þm. að hafa hugfast, að nú fæst enginn hafnsögumaður. Síðan hinn fyrverandi sagði af sjer fæst enginn, af því hann fær engin föst laun, en það er eigi hægt að neyða menn til að taka þetta starf að sjer. Þeir vilja eigi leggja niður eða missa

aðra atvinnu, svo sem sjóróðra eða annað, til þess að takast þetta á hendur, sem ekkert gefur af sjer.

Jeg vona að h. deild taki eigi tillit til þess, sem þm. Mýr. (B. Kr.) sagði, þó hann virðist láta sig svo miklu skipta allt það sem snertir Reykjavík.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: H. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) hefir enn eigi svarað spurning þeirri, sem jeg beindi að honum áðan, og vildi jeg þó að henni yrði svarað. Því að jeg get ekki skilið að það eigi vel við, að viðhafa þau orð í frumv., sem gera ráð fyrir því ástandi, sem er ólögmætt eptir gildandi lögum, án þess þau lög sjeu numin úr gildi. Í tilsk. þeirri, sem jeg nefndi áðan, er svo ákveðið, að hafnsögumenn skuli aldrei vera færri en tveir í Reykjavík, en í þessu frumv. er talað um að borga »hafnsögumanni eða hafnsögumönnum«. Með öðrum orðum, það er gjört ráð fyrir, að svo geti borið undir, að ekki sje nema einn hafnsögumaðurinn, en það er andstætt gildandi lögum, eins og þegar hefir verið tekið fram. Fái jeg ekki svar upp á spurning mína og fullnægjandi skýringu á þessu atriði, mun jeg koma með breytingartill. við 3. umr. Jeg get nú ekki greitt atkvæði með grein, sem þannig er úr garði gerð.

Þess skal jeg láta getið um málið í heild sinni, að gjald þetta kemur harla misjafnt niður. Það verður ólíkt ljettara tiltölulega á kaupmönnum þeim, sem fá sama skipið 4—5 sinnum á ári, en á hinum, sem fá skip að eins einu sinni.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal sannarlega ekki hafa neitt á móti því, að h. 2. þingm. Eyf. (J. J.) eða aðrir komi með breyt.till. við 3. umr., ef þær eru til bóta. En jeg sje ekki, að það sje nokkur ástæða til að koma með breyt.till. í þessa átt. Því að þótt í gr. standi »manni«, þá er ekki þar með sagt, að það skuli vera einn maður. Jeg held að h. 2. þingm. Eyf. (J. J.) haldi of fast við þetta orð »manni«. Því í greininni stendur: »manni eða mönnum«, og þar með er mótbáran fallin. Meira þarf ekki.

Hann var að tala um, að gjaldið mundi koma hart niður á sumum. En þegar þess er gætt, að »Laura«, svo stórt skip sem hún er, borgar að eins 70 kr. einu sinni á ári, þá getur enginn kallað það hátt gjald. Það verður því eigi tilfinnanlegt gjald, sem kemur á smáskip með 40—60 lesta rúmi.

Þetta gjald fellur á kaupmenn. En einmitt þessi flokkur manna, sem nú gjaldið fellur á, hefir á samkomu, sem þeir hjeldu um þetta mál, lýst því yfir, að hann væri vel ásáttur með þessi ákvæði. Þeir vildu meira að segja jafnvel auka gjaldið og borga í hvert skipti, sem skipið kæmi. Þótt gjaldið yrði þá sett niður, niður að helmingi fyrir hvert skipti, mundi það þó verða miklu meira í heild sinni.

En jeg endurtek það, að jeg skal ekkert hafa á móti breyt.till. við 3. umr., ef þær eru til bóta.

Landshöfðingi: H. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagði, að orðin: »skal því varið til launa handa manni þeim eða mönnum o. s. frv.«, væri ósamkvæm gildandi lagafyrirmælum um hafnsöguna í Reykjavík. Það er alveg rjett hermt, að eptir reglugjörð 1. desember 1841 eiga að vera að minnsta kosti 2 hafnsögumenn í Reykjavík, en þess skal jeg láta getið, að ekki þarf lög til að nema þau ákvæði úr gildi, heldur má gera það með konungsúrskurði. Verði nú gjald þetta nóg til að launa tveim hafnsögumönnum, þá geta nú ákvæði reglugjörðarinnar um tölu hafnsögumannanna haldizt óbreytt, en verði það

ekki nóg, mun verða sjeð um, að nema ákvæði þessi úr gildi með konungsúrskurði.

Ákvæðið í 2. gr. frumv. þessa þarf því aldrei að brjóta bág við ákvæði annara gildandi lagafyrirmæla.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla með fáum orðum að lýsa yfir því, að jeg álít frumv. þetta á góðum rökum byggt og álít þinginu skylt að hafna því ekki. Jeg get heldur ekki sjeð, að aðfinningin við 2. gr. hafi neitt að styðjast við. Það hefir verið sagt, að enginn hafnsögumaður sje hjer í Reykjavík, og haft fyrir ástæðu til mótmæla gegn frumv. En þetta er einmitt beztu meðmæli fyrir það, vegna þess, að hafnsögumann vantar einmitt af því, að ekkert er til að borga honum með. Þeir verða að hafa ákveðið kaup, því að eins og nú er, er það mjög mögur og stopul atvinna, að vera hafnsögumaður. Það eru að eins fá skip, sem til hans leita, en þau eru miklu fleiri, sem ekki taka neinn hafnsögumann og láta það heldur ráðast, hvort þeim hlekkist á eður eigi.

Jeg þekki víða til á suðurlandi og veit það gengur svo. Jeg vil því mæla hið bezta með frumv., og vona að h. deild samþykki það. Gjaldið er hóflegt, en það dregur sig saman. Í 3. gr. er og líka það ákvæði, að um herskip, skemmtiskip og innlend fiskiskip skuli þau lög gilda, sem nú eru.

Jeg skal að svo mæltu fela deildinni frumv. þetta, og vona því að hún samþykki það.

Benidikt Kristjánsson: Jeg ætla að eins að hreifa þeirri athugasemd, hvort ekki þyki kynlegt niðurlagið á 1. gr., að skip skuli borga hafnsögugjald fyrsta sinn, er þau koma á árinu, en síðan ekki nema þau taki hafnsögumann. Komi nú skipið 3—4 sinnum og í öll skiptin sje sami skipstjórinn, þá borgar það einu sinni. En komi það nú jafnopt og sje nýr ókunnugur skipstjóri í hvort skipti, þá þarf það að borga fyrir hverja ferð. En nú getur það komið fyrir, að einmitt fyrstu ferðina fari kunnugur maður, sem ekki þarf hafnsögumanns, þá þarf hann að borga, hvert sem hann notar hafnsögumann eða ekki. Þetta er enginn jöfnuður. Það sýnist eigi vera hugsað mikið um, að tryggja landtöku skipa eða koma í veg fyrir, að þau strandi, og ætti það þó að vera aðalatriðið.

Landshöfðingi: Jeg verð að játa, að jeg skildi ekki ræðu h. þm. (B. Kr.), sem nú settist niður. Hann hefir eflaust skilið sig sjálfur. Mjer skildist, að hann hjeldi, að frv. skyldaði hvert skip til að taka hafnsögumann. En það stendur hvergi. Það stendur, að skip skuli greiða hafnsögugjald fyrsta sinnið sem það kemur inn á höfn á árinu, hvort sem það notar hafnsögumann eða ekki, en eptir það að eins þegar það notar hafnsögumann. Þetta er ljóst og auðskilið. Með þessu frv. er ekki verið að skipa fyrir um neinar þær ráðstafanir, nje neinar þær varúðarreglur, er veiti trygging gegn því, að skipum hlekkist á við innsigling eða útsigling af Reykjavíkurhöfn, heldur er tilgangurinn frumv. að eins sá, að útvega fje til að launa með hafnsögumanni, er geti leiðbeint skipum, sem óska aðstoðar hans.

Hjer er ekki skipum gert að skyldu að nota hafnsögumann, eins og á sjer stað víða erlendis, heldur er skipstjórum í sjálfs vald sett, hvort þeir nota hafnsögumann eður eigi. Þeir eiga að borga hafnsögugjaldið í fyrsta sinn sem þeir koma inn á höfn í Reykjavík, hvort sem þeir nota hafnsögumann eða ekki, en eptir það því að eins, að þeir

noti hafnsögumann, og er það ákvæði, að þeir í síðari skiptin skuli borga í hvert skipti sem þeir nota hafnsögumann, sett til þess að girða fyrir, að skipstjórar, sem einu sinni hafa borgað hafnsögugjald, geti heimtað leiðsögu hafnsögumanns eptir það kauplaust, hversu opt sem vera skal, ef til vill af eintómu stríði og alveg að orsakalausu.

Skúli Thoroddsen: Með því að töluverð andmæli hafa komið fram hjer í deildinni gegn frumv. þessu, og skoðanir manna sýnast vera all-tvískiptilegar, virðist mjer vera full ástæða til að skipa nefnd í málið, til að athuga það; nefnd þessi gæti þá jafnframt tekið til íhugunar, hvort ekki væri ástæða til að láta sömu lagafyrirmæli gilda í þessu efni á Akureyri og Ísafirði, eða enda að semja almenn lög um þetta efni.

Jeg leyfi mjer því að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefnd felld með 12 : 10 atkv.

1. gr. frv. samþ. með 14 samhlj. atkv.
2. — — — — 15 — —
3. — — — — 14 — —
4. — — — — 14 — —

Málinu vísað til 3. umræðu með 17 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um tollgreiðslu (C. 194); 2. umr.

Klemens Jónsson: Fyrst enginn ætlar að taka til máls, skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um málið. Langorður þarf andmælandi frv. þessa ekki að vera, því að hæstv. landsh. og h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) hafa tekið það fram, sem á móti því er. Jeg ætla að eins að benda á, að þessi lög, sem á að breyta, eru að eins þriggja ára gömul. Það þarf því brýna nauðsyn, til að fara nú strax að breyta þessum lögum; þau þurfa að hafa sýnt, að þau sjeu ekki fullnægjandi eða óhafandi, í stuttu máli, það þarf að vera komin full reynsla fyrir því, að þau sjeu þannig, að þau sjeu lítt viðunandi. En er nú komin fram full reynsla fyrir því, hvort lögin eru brúkanleg eða ekki? Jeg hefi spurt bæjarfógetann hjer um þau, hvort þau væru mikið notuð og hvort mikil vandkvæði hafi af þeim risið hjer. Hann sagði mjer, að þau hefði aldrei verið brúkuð hjer. Á Akureyri hefir að eins ein brennivínstunna verið í tollgeymslu, síðan jeg kom þangað. Á Ísafirði hefir það víst gengið líkt, en um það skal jeg ekki segja. Hjer mun vera inni maður, sem þekkir það til fullnustu og getur skýrt frá því. Á Seyðisfirði hafa þau ekki heldur verið notuð að því er mjer er frekast kunnugt. Þar sem nú lögin eigi hafa verið notuð á þeim stöðum, þar sem mestar tollskyldar vörur koma, þá sýnir það, að kaupmönnum er ekki svo bráðnauðsynlegt að fá lögunum breytt, þar sem þeir eigi nota þau ákvæði gildandi laga, sem heimila þeim þriggja mánaða frest á hálfum tolli. Það er því engin ástæða til að aðhyllast frumv., og jeg mun greiða atkvæði móti því.

Flutningsmaður (*Jón Þórarinsson*): Jeg bjóst við, að, eptir því, sem h. 1. þm. Eyf (Kl. J.) byrjaði ræðu sína, að hann mundi koma fram með eitthvað móti frumv., en allt, sem hann sagði, voru ekki einungis sterk meðmæli með því, heldur lá það einnig í orðum hans, að það væri lífs-nauðsyn, að hinum núgildandi lögum væri breytt. Hann sagði, að hin núgildandi lög um tollgreiðslu væru aldrei notuð. Nú er það viðurkennt, að laga í þessa átt sje fyllsta þörf, og hví skyldu þessi lög þá ekki vera notuð? Blátt áfram af því, að kaupmenn hafa ekki tilætluð not af

þeim. Einmitt það er, samkvæmt heilbrigðri skynsemi, bezta sönnunin fyrir því, að þau eru óhafandi, og vona jeg að h. deild láti eigi slíka ástæðu hamla sjer frá að greiða atkvæði með frumvarpinu.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Jeg er á sama máli og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að það sje eigi rjett, að samþykkja frumv. þetta. Fyrst og fremst fæ jeg ekki betur sjeð, en að nauðsynin sje lítil eða engin, og í öðru lagi er engin sönnun fyrir, hvernig hin núgildandi lög reynast.

Lög þau, sem nú eru í gildi, voru lengi í undirbúningi og vandlega yfirveguð. Það liðu þrjú ár frá því að mál það kom inn á þing, og öll þau 3 ár höfðu þing og þjóð það til yfirvegunar, og svo voru lögin loks samþykkt af þinginu og fengu staðfestingu. Nú eru síðan 3 ár að eins, það er að segja: undirbúningstími og reynslutími þeirra er jafnlangur.

Það hefir opt verið sagt, að óviðkunnanlegt sje að breyta þeim lögum eða afnema, sem nýlega hafa öðlazt gildi. Raunar álít jeg það eigi fullgilda ástæðu; því svo geta ný lög verið óhagkvæm eða illa úr garði gerð, að ástæða sje til að breyta þeim, þótt eigi sje svo með þessi, að því er jeg ætla.

H. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) vildi sanna, að lögin væru óhæf, með því að þau væru ekki notuð; en jeg er ekki á sömu skoðun. Jeg hefi kynnt mjer skjal það, er komið hefir frá kaupmönnum hjer í bænum. Það er fyrst og fremst nokkurs konar þakkarávarp til flutningsm. þessa frumv., og er slíkt ekki lastandi; og svo á það að vera til skýringar máli þessu. En með því að kynna mjer nefnt skjal — ávarp mun það vera kallað —, hefi jeg sjeð með óyggjandi vissu, að kaupmennirnir, sem hafa undirskrifað það, þekkja ekki hin núgildandi lög um tollgreiðslu, þótt það sje ótrúlegt. Sannanir skal jeg færa fram fyrir þessu. Fyrst og fremst þessa: Þeir finna það að hinum gildandi lögum, að eptir þeim verði þeir að borga allan tollinn strax. — H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) segir, að það sje rjett. Jeg veit, þótt h. þm. viti það ekki, að þeir þurfa ekki að borga nema helming um leið og þeir fá tollskylda vöru, en geta fengið þriggja mánaða frest á greiðslu hins helmingsins. — Svo telja þeir upp ýmsa kosti við frumv. þetta, meðal annars það, að það sje trygging fyrir landssjóð, að þær tollskyldu vörur, sem eigi er borgaður tollur af, sjeu veð fyrir tollinum. Sama ákvæði er í núgildandi lögum. Önnur sönnun fyrir því, að þeir þekkja ekki lögin. Þeir segja enn fremur, að með ákvæðum frumvarps þessa sje báðum, bæði tollgreiðanda og tollheimtumanni, gjört hægra fyrir. Þetta getur vel verið satt, hvað hinn fyrri snertir, en engan veginn hvað hinn síðari snertir. Í lögunum er svo fyrir mælt, að tollheimtumaður fái ferðakostnað borgaðan, er hann gerir sjerstaka ferð til að afhenda tollskylda vöru. En í frumv. er ekkert slíkt ákvæði, og þó mælir það svo fyrir, að tollheimtumaður sje skyldur til, ef tollgreiðanda svo sýnist, að afhenda hana 12 sinnum. En fái nú kaupmaður tollskyldar vörur 12 sinnum á ári, þá er tollheimtumaður skyldugur að fara 144 ferðir á ári, og ætti þetta eitt að vera nægilegt til þess að sanna, að breyting sú, er frumv. fer fram á, er ekki til hagræðis fyrir tolltakanda, og um leið sanna það, sem jeg hefi sagt, að þeir, er undir ávarpið hafa ritað, þekkja ekki lögin.

Það, að lögin eru ekki notuð, sannar alls ekki, að þau sje vond, en að eins það, að kaupmenn hafa ekki enn þá

áttað sig á þessum lögum. Þessi 3 ár, sem þau hafa verið í gildi, eru nokkurs konar undirbúningstími fyrir þá, og mun eigi veita af 3 árum til, svo að nokkur reynsla sje fengin. Því að til dato höfum vjer enga reynslu, þar sem lögin eru ekki notuð og enda ekki þekkt. Eg þangað til hún er fengin, sýnist mjer breytingar á lögum þessmegi bíða, og er jeg einráðinn í að greiða atkvæði móti frumv. og hverri einstakri grein þess.

Sighvatur Árnason: Mönnum er kunnugt, að jafnframt því, að tollur er lagður á vöru, hverju nafni sem nefnist, þá hækkar sama vörutegund í verði og er mjer óhætt að segja um tvöfaldan tollinn, að minnsta kosti sumar tolluðu vörurnar. Jeg hefi margopt og við marga kaupmenn átt tal um þetta að varan hljóti að verða miklu dýrari þegar tollur er lagður á, en sem svarar tollinum, og hefir viðkvæðið þá ætíð verið, að þeir væru neyddir til að leggja meir á en sem tollinum nemur, af því að þeir ættu að svara tollinum fyrir fram, og þetta er gild ástæða.

Ef menn nú gá að, að þessi upphækkun á vöruverðinu lendir á landsmönnum, þá finnst mjer að menn ættu að neyta allra bragða til þess að bæta úr því. Það hefir verið vitnað til, að lög þau, er nú gilda, væru lítið notuð. Skyldi það ekki koma til af því, að kaupmönnum þyki lítið varið í þessa litlu undanþágu, er núgildandi lög gefa? En hvað því viðvíkur, að þetta, sem frumv. fer fram á, sje ófært með tilliti til tollheimtumanna, þá get jeg eigi verið því samdóma. Flestir þeirra eru vel launaðir menn, og fá þar að auki þóknun fyrir tollheimtuna, svo að mjer finnst það engan veginn frágangssök fyrir þá, með því líka, að þeim er á mörgum stöðum innan handar, að fá hæfan mann við höndina til að vera fyrir sína hönd.

Mjer þykir það furðu gegna, að sögnum frá kaupmönnum skul bera svo illa saman, þar sem sumir segja, að þeim sje engin þægð í því, sem ákveðið er í frumv. þessu. Kaupmönnum hlýtur að vera mikill hagur að því, að fá að halda vörum sínum, án þess að þurfa að gjalda toll af þeim, frekar en kringumstæður leyfa til að geta selt þær.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Það er fjarri því, að jeg hafi löngun til að vekja stælur um mál þetta. En þar sem jeg álít það rjettarbót, þá vil jeg ekki láta það haldast uppi, að gerð sje tilraun til að fella það með öðrum eins ástæðum og hjer hafa komið fram, án þess að móti sje mælt.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði, að það væri engin ástæða til að breyta hinum núgildandi lögum. Hann hefir þó líklega lesið ávarpið, sem kaupmenn hjer í Reykjavík hafa sent inn á þing. Ímyndar h. 2. þm. Eyf. (J. J.) sjer, að hann viti betur en tollgreiðendur sjálfir, hvort þau lög, er hjer ræðir um, eru þeim hagkvæm eða ekki? En þeim til hagsmuna áttu þau að vera. Jeg er sannfærður um, að ef kaupmenn á Akureyri hefðu átt kost á að skrifa undir áskorun þessa eða senda líka áskorun, þá hefðu þeir gripið tækifærið tegins hendi. Það þarf að breyta þessum lögum, af því að þau koma ekki að neinum notum, þar sem eigi er farið eptir þeim. Það hefir verið sagt, að reynsluna vanti, til þess að menn geti sagt fyrir víst, að kaupmenn geti ekki haft gagn af lögum þessum. En þetta er misskilningur. Það þarf enga praktiska reynslu til að sjá, að þau eru gagnslaus; það þarf ekki annað en lesa þau. (*J. J.*, 2. þm. Eyf.: Þeir þekkja

ekki lögin). Jú, þeir þekkja þau, og jeg þekki kaupmenn, sem vilja nota þau, en sjá sjer það eigi fært. Og hvernig ætla menn að fá reynslu af þeim lögum, sem eigi er hægt að reyna?

Jeg vonast til, að menn í öllu falli við þessa umr. greiði atkvæði með málinu, svo hægt sje að gera breytingar við 3. umr., ef eitthvað þætti miður fara í frumv.

Jón Þorkelsson: Það lítur út eins og eitthvert fár detti í h. þingd. þegar rætt er um að rýmka á einhvern veg hag kaupmanna; þetta sýnist mjer koma hálf-undarlega fyrir, einkum hjá þeim þm., sem vilja hlynna að atvinnu-vegum landsins, því að það sjá þó allir og játa, að kaupmannastjettin er þýðingarmikil stjett, og að heillavænlegt er fyrir landið, að þeir geti rekið atvinnu veg sinn á sem haganlegastan hátt. Þegar frumv. um varnarþing í skuldamálum var til umræðu hjer í deildinni í gær, þá risu sumir h. þingdeildarm. á móti því, af því að þeim þótti kaupmönnum gjört þar of hátt undir höfði. H. 2. þm. Eyf. (J. J.) tók það fram, að tollgreiðslumálið hefði áður verið 3 ár á ferðinni, áður en tollgreiðslulögin voru samþykkt á þingi 1889; þetta lýsir allmikilli tregðu þingsins, að vilja veita kaupmönnum ívilnun, einmitt þeim mönnum, sem mest borga í landssjóð. H. þm. (J. J.) tók það og fram, að í þessu frumv. væri ekki tekið fram, að greiða skyldi lögreglustjóra borgun, þótt hann þurfi að takast ferð á hendur, til að skila vörunni úr tollveði; að vísu er það ekki tekið fram, en við hinu er gert ráð, að hann hafi umboðsmann, til að gegna þessum starfa, á þeim verzlunarstöðum, þar sem hann er ekki búsettur, svo að til þess getur ekki komið, að hann þurfi að ferðast þangað, og umboðsmaður hans mun fullsæmdur af hundraðsgjaldi því, er tollheimtumaður hver á að njóta.

H. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) tók það alveg rjett fram, að lögin um tollgreiðslu frá 1890 væru ófullnægjandi, og svaraði með því þeim orðum h. 2. þm.Eyf. (J. J.), að þau væru eigi brúkuð; en því vil jeg bæta við, að hagnýtingarleysi þeirra sje einmitt sönnun fyrir því að þau sjeu óhafandi; er sú skoðun mín samhljóða áliti því er kaupmenn í Reykjavík ljetu uppi í ávarpi sínu til alþingis; skal jeg með leyfi h. forseta lesa upp ummæli þeirra um þetta; þeir segja: »Hjer í Reykjavík að minnsta kosti hefir þetta einnig verið viðurkennt í verkinu af tollheimtumönnunum sjálfum, þar sem þeir, þrátt fyrir bein ákvæði laganna, hafa á eigin ábyrgð gefið kaupmönnum eptir atvikum lengri eða skemmri frest á greiðslu tollsins. Þeim er það ljóst, að lögin fara hjer feti framar en nauðsynlegt er, og það er alloptast engin ástæða til, að ganga eins ríkt eptir tollinum og lögin fyrir skipa.

Nauðsynin brýtur hjer lög. Það yrði opt og tíðum mjög tilfinnanlegt fyrir kaupmenn, ef þeir ættu þegar í stað og svo gott fyrirvaralaus, að greiða af hendi stórar upphæðir í peningum eins og tollgreiðslulög þau, sem nú eru í gildi gera þeim að skyldu«. — Vjer verðum að muna eptir því, að í tollgreiðslulögunum 1890 er kaupmönnum gert að skyldu að greiða hálfan tollinn undir eins og þeir fá vörurnar. — Svo halda þeir áfram og segja:

»En fyrst það er nú viðurkennt, að þessi lög sjeu ópraktisk í framkvæmdinni, þá virðist oss sjálfsagt, að nema þau úr gildi sem allra fyrst, því að lög, sem eru þannig úr garði gerð, að þeir, sem eiga að framfylgja þeim, sjá sjer það ekki fært, eru sannarlega óhafandi og verri en engin lög«.

Þetta eru orð þeirra sem lögin eiga að nota, og þá get jeg ekki skilið hvernig h. 1. og 2. þm. Eyf. (Kl. J. og J. J.) geta upp á staðið, að lögin sjeu fullnægjandi, að þau sjeu ekki notuð, af því að engin þörf knýi til þess. Orsökin til þess að kaupmenn hafa lítið hagnýtt sjer leyfi laganna er engin önnur en sú, að þeim hefir fundizt þau vera harla óhagkvæm, og því þótt æskilegt að þeim væri breytt.

Af því að oss flutningsmönnum var þetta kunnugt, þá höfum vjer borið frumv. þetta fram. Í niðurlagi 2. gr. stendur: »Þó skal lögreglustjóri eigi skyldur til að selja kaupmanni vörur hans undan tollveði honum í hendur optar en um sinn í mánuði hverjum, en þó svo að allur tollurinn skal greiddur innan tólf mánaða upp þaðan, sem varnaður er fluttur til landsins«. Jeg skal játa, að eptir þessu yrði gjalddagi á tolli mjög mismunandi, enda mætti þetta ákvæði allmikilli mótspyrnu við 1. umr. Nú er jeg fús á að breyta niðurlagi greinar þessarar svo, að tiltekið sje að tolli skuli fullokið í lok desembermánaðar ár hvert. Þá þarf enginn glundroði að komast á landsreikningana fremur en nú.

Klemens Jónsson: Jeg get ekki látið ómótmælta ræðu h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.); hann má draga hverja ályktun sem hann vill út af orðum mínum, bara að hún sje rjett, en ályktun sú, sem hann dró af þeim í ræðu sinni, var ekki rjett. Þegar til eru lög, sem veita einhverja ívilnun, þá er fyrsta skilyrðið fyrir því, að geta sagt að þau sjeu óbrúkandi, að menn hafi reynt þau; fyrri vita menn það ekki, og fyrri geta menn ekkert áreiðanlegt um það sagt.

Jeg veit ekki hvað annarsstaðar kann að vera, en mjer er kunnugt um það, að kaupmenn á Akureyri hafa ekki hagnýtt sjer tollgreiðslulögin, ekki af því, að þeim hafi þótt þau óhagkvæm, því það hefir ekki verið reynt, heldur af því, að þeim hefir ekki fundizt þörf á að nota þau.

Yfir höfuð að tala held jeg, að hin núgildandi lög sjeu vel viðunandi, svo að kaupmönnum eða tollgreiðendum sje eigi misboðið um of, einkum þó, ef lögreglustjóri kemur fram með dálítilli lipurð gagnvart þeim, og það verð jeg að ætla, að lögreglustjórar geri almennt.

Það getur verið að kaupmönnum þeim, sem undir ávarpið hafa ritað, finnist þeir bera fram nauðsynjamál mikið; en víst er það, að allir kaupmenn hjer eru ekki á því; jeg talaði við einn þeirra í dag, og kvað hann sjer standa mjög á sama, þótt frv. þetta yrði ekki að lögum.

H. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) óskaði, að málið fengi að ganga til 3. umr., svo að hægt yrði að koma að breytingum á frumv. Í sjálfu sjer hefi jeg ekki mjög mikið á móti því, að breyting yrði gerð á frumv., og mun aðgengilegra yrði það, ef sú breyting yrði gerð á því, sem h. þm. Snæf. (J. Þork.) bar upp, að allur tollur skyldi greiddur fyrir desemberlok ár hvert, en þar sem flutningsmennirnir ekki hafa gert minnstu tilraun til að koma fram með breytingartill. nú til 2. umr. í þá átt, sem bent var á við 1. umr., þá finn jeg ekki ástæðu til, að því sje hleypt til 3. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal þegar taka það fram, að jeg er mótfallinn máli þessu; þó í rauninni ekki af því, að jeg viðurkenni ekki, að hugsunin í frumv. sje góð að mörgu leyti. En vjer verðum að gæta þess, að eigi dugar að miða allt við eina 2—3 kaupstaði á landinu. Tollgreiðsla á sjer stað á öllum verzlunarstöðum, og menn verða einnig að taka tillit til þeirra kauptúna, sem eru í fjarlægð við bú-

stað lögreglustjóra. Það hefir verið tekið fram, að þar geti hann haft umboðsmann, sem hafi tollgæzluna á hendi. En þar sem 5—6 kauptún eru í lögsagnarumdæmi, þar er hætt við að eigi sje hægt fyrir lögreglustjóra að fá á öllum stöðunum svo reikningsfróða og áreiðanlega menn, að hann vilji fela þeim á hendur geymslu á og eptirlit með tollveðinu. Jeg get trúað því, að mörgum lögreglustjóra risi hugur við, að þurfa að fela öðrum á hendur innheimtu og umsjón á mörg þúsund krónum, er hann þá sjálfur ber ábyrgð á, og þarf að standa skil á og inna af hendi úr eigin sjóði, ef misbrestur verður á rjettum skilum hjá umboðsmanni.

Þótt gert sje ráð fyrir því í tilskipun 28. des. 1836, að amtmenn megi löggilda umboðsmenn í kauptúnum fjarri bústað lögreglustjóra, þá er alls ekki víst, að lögreglustjórarnir vilji láta löggilda slíka umboðsmenn, og amtmaður mun ekki löggilda þá, nema með samþykki sýslumanns. Jeg álít hverjum lögreglustjóra heimilt að mæla móti því, að honum sje settur umboðsmaður á þessum eða þessum stað, ef hann ekki þekkir þar neinn, er hann veit að er þeim starfa vaxinn. Vjer verðum að gæta þess, að umboðsmennirnir hljóta optast að vera bændur eða iðnaðarmenn, menn, sem enga sjerstaka menntun hafa fengið til þessa starfa. Þetta veldur ókleyfum erfiðleikum að því er snertir framkvæmd á fyrirmælum frumv. og gerir frumv. mjög varúðarvert. Það hefir verið bent á að frumv. miðaði að því að lækka vörur í verði, með því að kaupmenn þyrftu ekki að leggja á vörurnar kostnað þann, sem leiddi af fyrirframgreiðslu tollsins. Kann vera; en þó held jeg þessi ljettir komi ekki niður á meira en á 2—3 stöðum á öllu landinu. En bezt gæti jeg trúað, að hið gagnstæða yrði uppi á teningnum víðast hvar. Jeg skal taka dæmi, en forðast að taka verstu dæmin; jeg skal setja, að kaupmaður búi einar tvær dagleiðir frá lögreglustjóra — sleppa því alveg, þar sem dagleiðirnar geta verið 6 —; þegar nú kaupmaður vill fá umráð yfir vörum sínum, sem í tollveði eru, þarf hann í hvert sinn að senda til lögreglustjóra og skýra honum frá því; kostnaður við slíka sendiför getur varla orðið minni en 20—30 kr. Þetta verða nokkuð háir vextir, sem kaupmenn verða að greiða fyrir frestinn á tollgreiðslu, máske af einum 1000 kr. eða þaðan af minna; jeg get ekki trúað því, að þetta verði ljettari byrði á kaupmönnum en sú byrði, að verða að greiða tollinn þegar er þeir fá vöruna, og að þar af leiðandi mundu vörur ekki lækka í verði, þótt frumv. þetta yrði lög.

Vjer megum hjer ekki miða allt við stærri kaupstaðina, vjer verðum einnig að taka tillit til hinna smærri, og frá því sjónarmiði er frumv. þetta óframkvæmanlegt, og eigi líkindi að slík lög sem þessi komi hjer að haldi fyr en vörugeymsluhús hafa verið reist á landsins kostnað og tollgæzla er komin á, enda er í sjálfu ávarpi kaupmanna bent á, að lög þessi mundu hafa minni þýðing af því að landið eigi hjer engin vörugeymsluhús. Hvernig sem á er litið, er frumv. þetta of snemma borið upp. Það hefir verið bent á að þetta fyrirkomulag mundi valda lítt kleyfum erfiðleikum, með tollreikningafærslu, og sama er að segja um endurskoðun tollreikninganna; það munu ekki öfgar að segja, að nái ákvæði frumv. lagagildi, muni þessir erfiðleikar aukast um helming við það sem nú er.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal ekki tefja tímann mikið að þessu sinni, en jeg vil spyrja: Hví hafa lögin, tollgreiðslulögin frá 1889, verið notuð svo

lítið? Svarið liggur beint við: Af því að kaupmönnum hefir ekki þótt tilvinnandi, að nota þau, fyrir þennan þriggja mánaða frest á tollgreiðslunni. Það sjá allir, að langeðlilegast er, að tollurinn sje þá fyrst greiddur, er vörurnar eru teknar til sölu. Það hefir verið talað um, að kaupmenn hefðu ekki þörf á tollgreiðslufresti. En hví hafa gjaldheimtumenn þá upp á eigin ábyrgð gefið þeim opt talsverðan gjaldfrest? Af hverju öðru en því, að þeir hafa sjeð, hvílíkt óhagræði kaupmönnum var að því að þurfa að greiða tollinn þegar í stað, og fylgja tollgreiðslulögunum bókstaflega. En þetta er ekki annað en tilhliðrunarsemi af þeirra hálfu, að fresta tollheimtunni lengur en lög leyfa. (*G. G.*: Þeir gjöra það ekki nærri allir); flestallir munu það þó vera. Einmitt þetta atriði er næsta þýðingarmikið, að tollheimtumönnunum sjálfum finnst, að þeir ekki geta fylgt lögunum, vilji þeir sýna nokkra mannúð. H. þm. V.-Sk. (G. G.) kannaðist við, að þetta frumv. gæti þó verið mikils virði fyrir stærri kaupstaðina og stærri kaupmennina, og jeg játa að sjálfsagt mundi þeir hafa mestan hagnað af því, en eigi að síður yrði það líka til hagnaðar fyrir hina smærri.

Mjer heyrðist h. þm. V.-Sk. (G. G.) drótta því að sumum tollheimtumönnum, að þeir væru ekki færir um að hafa tollreikningana í lagi, ef þetta frumv. yrði að lögum. (*G. G.*: Misskilningur). Ef þetta er misskilningur, þá á h. þm. (G. G.) kost á að leiðrjetta hann. Jeg tek undir með h. þm. Snæf. (J. Þork.), að jeg mun fús á að breyta frumv. þannig, að kaupmenn hafi greitt hvers árs toll allan fyrir árslok; það er eigi að síður mikið unnið fyrir þá, því að haustaðflutningar á tollskyldum vörum eru ekki miklir, en þá kæmist allur tollreikingur hvers árs inn í þess árs landsreikning alveg eins og nú.

Það er þegar búið að ræða svo mikið um þetta mál, að öllum ætti að vera ljóst, um hvílíkt hagræði hjer er að tala fyrir kaupmenn og landsmenn yfir höfuð, því að eins og h. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) tók fram, hljóta kaupmenn að taka hærra verð fyrir vörur sínar, af því, að þeir verða að greiða tollinn fyrir fram; þeir verða þó að hafa sínar rentur af tollinum eins og af öðru fje, sem þeir leggja fram, og skaðlausir eru þeir varla nema þeir leggi á svo sem svarar þriðjungi af tollupphæðinni sjálfri. Það sjá allir, að slíkt eru ekki litlir peningar fyrir allt landið.

Jeg vona að frumv. fái að ganga til 3. umr. og mun jeg fús á að ganga að þeim breytingum á því, sem mjer sýnast til bóta.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal leyfa mjer að leiðrjetta eitt atriði í ræðu h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.); það voru ekki lögreglustjórarnir, sem jeg talaði um, heldur umboðsmenn þeirra. Jeg sagði að þegar búið væri að löggilda 5—6 kauptún í lögsagnarumdæmi, þá mundi ekki alstaðar á þessum stöðum verða hægt að fá umboðsmenn hæfa til að hafa tollgæzluna á hendi, og þetta staðhæfi jeg enn. Jeg er líka viss um, að lögreglustjórar mundu ekki almennt trúa umboðsmönnum fyrir þessum starfa, heldur hafa hann sjálfir á hendi, en af því leiddi, að í hvert skipti sem kaupmaður vill fá vörur úr tollgæzlu, þá verður hann að senda til lögreglustjóra, en þær sendifarir mundu hafa þann kostnað í för með sjer, að langt yrði frá að tilvinnandi væri að nota þá ívilnun, sem frumv. þetta á að veita. Eptir skoðun minni á þessu máli get jeg eigi mælt með því, að það sje látið ganga til 3. umr.; jeg álít það ofsnemma borið upp og ófram-

kvæmanlegt, þangað til vjer höfum fengið fast tolleptirlit og vörugeymsluhús.

Björn Bjarnarson: Það er opt viðkvæðið, þegar um eitthvert þingmál er ræða, að hjer hafi verið kvartað eða ekki kvartað, óskað eða óskað ekki, og venjulega eru það talin meðmæli er hlutaðeigendur láta í ljósi, að verið sje að bera fram áhugamál þeirra. Það þótti mikill stuðningur öðru máli, sem hjer var rætt í deildinni, að kaupmenn höfðu ekki haft á móti því. Hví skyldi það þá ekki vera stuðningur fyrir þetta mál, að þeir, sem það snertir, hafa látið í ljósi, að hjer sje um hagsmunamál að ræða fyrir þá?

Jeg get eigi verið sammála h. þm. Snæf. (J. Þork.), að hjer í deildinni sje meiri tregða á að hlynna að kaupmannastjettinni en vera bæri. Jeg viðurkenni að vísu, að jeg var ekki meðmæltur frumv. um varnarþing í skuldamálum, en jeg vona, að það vegi það upp, að jeg er með þessu frumv., og það þykist jeg vera af góðum og gildum ástæðum. Allir þeir kaupmenn, sem jeg hefi talað við, hafa látið í ljósi óánægju sína yfir hinu núverandi tollgreiðslufyrirkomulagi; og sí og æ kveður það við hjá kaupmönnum, að þeir geti ekki látið viðskiptamenn fá peninga, því að tollarnir liggi svo þungt á verzluninni, þegar þá þurfi að borga að mestu fyrirfram. Nú kemur mönnum saman um, að það sje illa farið, að peningar fáist ekki í verzlunum, og verzlunarmálanefndin hefir látið það álit í ljósi, að þörf væri á, að það kæmist á, að kaupmenn greiddu verkamönnum sínum kaupgjald þeirra í peningum, og það mundu kaupmenn eiga hægra með ef þeim væri gert hægra fyrir með tollgreiðsluna, eins og hjer er farið fram á í frumv.

Mjer virtist h. 2. þm. Eyf. (J. J.) ganga út frá því, að kaupmennirnir sjeu tómir fáfræðingar, sem ekki þekktu svo mikið sem lög þau, er nánast tækju til þeirra sjálfa. Þetta er þung ákæra gegn þeim mönnum, sem undir ávarpið hafa ritað, (*J. J.*: Lesi þm. ávarpið), mönnum, sem reka einna stærstar verzlanir hjer á landi; væru þeir slíkir fáfræðingar, sem h. þm. virðist ætla, þá er ólíklegt að þeir gætu staðið í svo vandasamri stöðu sem þeir gjöra. Hjer í salnum er enginn af kaupmannastjettinni til að bera hönd fyrir höfuð henni, og því finnst mjer það eiga enn miður við, að fara um hana niðrandi orðum.

H. þm. V.-Sk. (G. G.) er einlægt að klifa á þeim mikla kostnaði, sem frv. þetta muni hafa í för með sjer, en jeg verð að ætla að kaupmenn muni ekki svo skyni skroppnir, að þeir hafi ekki vit á að nota ívilnun þessa því að eins, að þeir sjái sjer hagnað af því, og það hefir h. þm. V.-Sk. (G. G.) viðurkennt að stundum mundi geta orðið.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: H. þm. Rvík (H. K. Fr.) tók fram í ræðu sinni, að kaupmönnum þætti 3 mánaða frestur á greiðslu tollsins til einkis gagns, og því væri ástæða til að breyta þessu; þm. er þó á því að breyta frv. í þá átt, að allur tollur skuli vera greiddur fyrir 31. des. ár hvert. Að minni hyggju væri með því alveg raskað tilgangi frumv., því þyki kaupmönnum þessi 3 mánaða frestur of stuttur, þá hlýtur það sjerstaklega að vera hvað haustbirgðir snertir, því þær vörur sem þeir fá á haustin geyma þeir lengst óseldar, en þá verður þeim það til lítilla bóta, ef þeir þurfa að borga alla upphæðina fyrir 31. des. Jeg fæ því ekki betur sjeð en með þessu ákvæði verði þetta frumv. til einkis gangs.

Hvað snertir ræðu h. þm. Borgf. (B. B.), þá var sannarlega hver setning hennar mjög veil. Í fyrsta lagi tók

hann fram, að það væri stuðningur fyrir frumv., að kaupmenn hjer mæla með því, þar sem það væru þeir sem ættu að lifa eptir þeim; það get jeg alls ekki sjeð, því hjer kemur að eins til skoðunar, hvað bezt hentar fyrir landið í heild sinni, og það er ekki saman berandi, hvernig tilhagar í kaupstöðum, þar sem lögreglustjóri er á staðnum og þar sem langt er til hans, eins og á sjer stað víðast út um land, og þess vegna er engin ástæða til að taka aðaltillit til þess, sem kaupmenn æskja hjer í Reykjavík, sem ekki einu sinni skilja eða þekkja gildandi lög.

Í öðru lagi áleit þm. hin gildandi lög hættuleg og skaðleg vegna þess, að menn fengju síður peninga út úr búð. Kaupmaðurinn gæti ekki látið viðskiptamenn sína fá aura, því þeir yrðu að spara þá saman í tollinn. Þetta kann satt að vera, að kaupmenn hafi þessar viðbárur; en það er ekki rjett sem þm. heldur fram, að þær bendi til þess að nauðsynlegt sje að frumv. gangi fram. Því jeg skal benda honum á, að þó frumv. gengi fram og þeir eptir því borguðu smátt og smátt tollinn, þá gæfi það þeim miklu fremur ástæðu til að nota viðbáruna: nú get jeg ekki látið aura, jeg er að spara í tollinn. Og jafnstór er upphæðin, sem þeir eiga að borga í allt, hvort sem þeir borga hana í einu eða 12 sinnum. Í þriðja lagi þótti h. þm. það of hart sem jeg sagði um kaupmennina, að þeir þekktu ekki lögin. Hann mótmælti því reyndar ekki, en sagði, að þetta væru svo merkilegir menn og það í þessari stöðu, að ekki mætti tala svo óvirðilegum orðum um slíka stórhöfðingja. Jeg hefi ekki talað neinum óvirðilegum orðum, en jeg stend við það sem jeg hefi sagt og jeg skora á h. þm. að lesa nákvæmlega yfir ávarp frá þessum mönnum, sem jeg sje að hann hefir ekki gjört, og segja mjer svo, hvort það er ekki satt sem jeg segi, að það beri með sjer að þeir þekki ekki lögin.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætlaði mjer alls ekki að tala í þessu máli, en það var eitt atriði í ræðu h. þm. Borgf. (B. B.), sem jeg vildi athuga lítið eitt.

H. þm. lagði svo mikla áherzlu á þetta skjal frá þeim háu herrum kaupmönnunum, og jeg skal ekki með mínum orðum rýra virðing þeirra í neinu, en að eins leyfa mjer að benda á, að þeim hefir víst ekki verið þetta neitt mjög mikið áhugamál. Þeir hafa vitanlega eins og hverjir aðrir kjósendur leyfi til að láta skoðanir sínar í ljós á þingmálafundum og annarsstaðar og mæla fram með sínum áhugamálum. Kaupmönnum hjer var því innan handar að koma fram með þetta á þingmálafundinum, sem hjer var haldinn fyrir þingbyrjun, hefði þeim verið þetta áhugamál þá; en það gerðu þeir alls eigi. En fyrst þegar einstakir þm. hafa komið fram með frumv. í þessa átt, þá rísa þeir upp og lýsa því yfir, að þetta sje bráðnauðsynlegt, og þeim mjög mikið áhugamál. Jeg vil í sambandi við þetta benda á, að alveg eins er ástatt með annað skjal, sem hefir komið frá þeim sömu háu herrum; fyrst þegar aðrir hafa hreift málinu, vakna þeir eins og af draumi, og segja: »Þetta er einmitt það sem við þurfum að fá«. Þetta virðist mjer benda á, að þessar skoðanir sjeu ekki djúpt festar í hugsun þeirra.

Jón Þorkelsson: Það hefir verið af h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) fundið að því, að þetta mál sje of snemma upp borið, og studdi hann sig við það, sem kaupmenn segja í ávarpi sínu, að opinber vörugeymsluhús vanti. En kaupmenn segja alls ekki, að þetta sje ógjörlegt, eins og stendur, heldur geta hins, að

betra væri, að opinber vörugeymsluhús væru hjer. Jeg vil benda á, að í lögum þeim, er nú gilda, er alveg samskonar ákvæði, að eins ekki eins víðtækt, svo það mætti þá eins segja, að þau hefðu of snemma komizt á.

Sami h. þm. (G. G.) áleit þetta ókleyft vegna kostnaðarins, sjerstaklega upp til sveita, þar sem lögreglustjóri býr langt frá kaupstöðunum. Þetta get jeg ekki samþykkt með honum, en hitt er rjett, að það er ekki tekið fram, hver eigi að borga þennan kostnað, og mætti auðveldlega breyta því, ef það væri nauðsynlegt.

Þar sem h. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagði, að ef ákvæðið um, að allur tollur skyldi vera greiddur fyrir 31. des., yrði lögleitt, þá missti frv. alveg tilganginn, þá er þetta ekki rjett, því það er auðsætt, hvort það er þó ekki nokkurt hagræði, að þurfa ekki að borga toll af vörum, sem koma í marz, apríl og maí, fyr en eptir 7—9 mánuði; það er þó töluverður frestur.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) sagði, að ekki væri ástæða til að taka sjerlega mikið tillit til vilja eða ávarps kaupmanna. En þetta virðist mjer koma nokkuð undarlega við hjá h. þingm. Jeg man ekki betur en hann vitnaði einmitt sjálfur í nokkuð lík skjöl rjett áðan um verð á þjóðjörðinni Akri í Húnavatnssýslu. Það liggur hjer líka frammi áskorun frá einmitt hinum sömu kaupmönnum, sem undir ávarpið hafa ritað, þar sem þeir biðja þingið að samþykkja ekki toll á »margarine«. Við skulum sjá, hvort menn vitna ekki í þá áskorun, þegar farið verður að ræða um »margarine«-tollinn. Beiðni kaupmanna um rýmkun á tollgreiðslu ætti einmitt að hvetja þingið til að samþykkja þetta frumvarp, þótt það gjöri það líklega ekki.

Jens Pálsson: Af því að h. sessunautur minn, þm. V.-Skaptf. (G. G.), er búinn að tala tvisvar og má því ekki optar taka til máls, þá vildi jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um, að það er óyggjandi rjett, sem hann sagði, að það sje mjög erfitt að hafa eptirlit með tollgreiðslu og gæzlu fyr en vörugeymsluhús eru gerð af því opinbera. Það ætti sannarlega að vera orðið ljóst af umræðunum, að þetta fyrirkomulag er hugsanlegt að eins í kaupstað, þar sem lögreglustjórinn er á staðnum, en ómögulegt í þeim stöðum, þar sem hann er langt frá í fjarlægð. Á þessum stöðum yrði því annaðhvort frágangssök að nota sjer þau hlunnindi, sem lögin veita, eða þá að það kostaði mjög mikið, því annaðhvort yrði yfirvaldið að koma við og við til að láta vöruna af hendi, eða hann yrði að hafa umboðsmann, sem líka kostaði eitthvað, og getur þó opt farið svo, að hann vildi engan nota, þeirra manna, sem völ væri á, til þess að gegna þessu vandaverki. Af þessu leiddi það, að frumv. þetta yrði ýmist ekki framkvæmanlegt, eða þá yrði framkvæmdin mjög kostnaðarsöm, nema í kaupstöðum, þar sem lögreglustjóri á heima á staðnum; en af þessu leiddi aptur, að kaupmenn þeir, er ekki gætu notið þessara hlunninda, yrðu að selja hinar tollskyldu vörur dýrara en hinir, og þá kemur fram ójöfnuður. Þessi lög, sem eiga að ljetta undir með kaupmönnum, yrðu því mestu ójafnaðarlög, og af því jeg álít, að öll ójafnaðarlög sjeu skaðleg, þá get jeg ekki verið með þessu frumv., og mun sitja fyrir því.

Björn Bjarnarson: Það er varla ómaksins vert að vera að minnast á veil-

ur þær, sem h. 2. þm. Eyf. (J. J.) þóttist finna í ræðu minni, og sá sjer færi á að ráðast á.

Það getur verið, að umsögn verzlunarstjettarinnar um þingmál hafi ekki mikið gildi í sumra augum. (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.: Hún er ógild, ef hún er vitlaus, eins og orð þm. — B. B. — ef þau eru það!). En það hefir verið venja, að álíta það ekki þýðingarlaust, er hlutaðeigendur sjálfir láta í ljósi, hvers þeir óska um það, er þá sjálfa áhrærir; að minnsta kosti hefir svo verið hvað bændur snertir, og þá álít jeg það svo megi einnig vera, þó kaupmenn eigi í hlut.

Þó að kaupmenn þurfi jafn mikla peninga í tolla, er þeir borga mánaðarlega, eins og nú, þá liggur hverjum rjettskygnum manni í augum uppi, að hver hlunnindi sem þeir njóta, gerir þeim hægra fyrir með að bæta verzlunarlagið og greiða fyrir viðskiptamönnum sínum.

Að segja, að kaupmenn þeir, er ávarpið sendu, þekki ekki tollgreiðslulögin, er fjarstæða; en ekki er von, að þeir skoði þau sem nýt lög, úr því þeir álíta þau óframkvæmanleg.

Jeg ætla annars ekki að gerast talsmaður neinnar stjettar sjerstaklega, en mjer finnst það eigi eiga við, að ráðast með ósæmilegum orðum á þá menn, sem ekki eru við staddir og geta því ekki varið sig.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumv. felld með 13 atkv. gegn 7. Frumv. þar með allt fallið.

Frumv. til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í ísl. málum, úr lögum (C. 243, 302, 308); 2. umr.

Björn Bjarnarson: Það er út af breyt.till. á þingskj. 203, sem jeg vildi leyfa mjer að tala fáein orð.

Jeg felli mig ekki við frumv. eins og það er orðað, og skal nú leyfa mjer að minnast á það, sem jeg hefi að athuga við það.

Jeg skal þá byrja á fyrirsögninni. Venjulega mun vera svo til ætlazt, að fyrirsögnin bendi til efnisins í frumv. En hjer er mjög fjarri því, að svo sje. Fyrirsögnin segir, að frv. sje um, »að nema dómsvald hæstarjettar úr lögum«. Hjer verður eiginlega ekki sagt, að fyrirsögnin eigi við nema 1. gr., og þó að eins $1\frac{1}{2}$ línu; því þegar í 2. línunni kemur undantekning frá þessu. En þegar til 2. gr. kemur, er ein línan um skipun dómsvaldsins, þar sem landsyfirrjetturinn á að fá hið æðsta dómsvald í íslenzkum málum; svo er hálf 2. línan um embættaskipun; þar er gert ráð fyrir, að tala dómenda skuli aukin um tvo; síðari helmingur sömu línu er launalagafrumvarp; þar eru ákveðin laun hinna væntanlegu nýju embættismanna. En til þessa bendir fyrirsögnin alls ekki.

Þá er 3. gr.; hún á alls ekkert skylt við afnám hæstarjettar; í henni er talað um, hverja leið fara skuli til að leita samþykkis á ákvæðum 1. gr., samkvæmt stöðulögunum, sem vitnað er til. Jeg kann nú ekki við að setja í lagafrumvarp grein, sem ekki inniheldur annað en þetta: »Samkvæmt lögum skal farið að lögum til að reyna fá lög þessi gerð að lögum«. Mjer virðist auk þess ekki þýðingarmikið að hafa í lögum þeim, er ríkisþing Dana á að fjalla um, þá grein, sem er orðin þýðingarlaus áður en lögin geta náð fullnaðarsamþykki, auk heldur staðfestingu konungs, eins og er um þessa 3. gr. Og jeg ætla, að vjer þurfum ekki að segja

ráðgjafanum fyrir Ísland til í embættisfærslu. Óeðlilegt þykir mjer einnig að láta lög, sem ríkisþingið danska á að ræða, innihalda ákvæði um embættaskipun hjá oss, eða um embættaveitingar til embættismanna hjá oss. Það virðist mjer heyra til vorra einstöku mála.

Breyt.till. mín fer nú fram á að nema þessa agnúa af frumv. Hún fer fram á að gera það að einni grein, er inniheldur fyrri hlutann af 2. gr. frumv. og 1. gr. þess, og verði slíkt frumv. samþykkt sem lög frá alþingi, álít jeg það beina lagaskyldu fyrir ráðgjafann fyrir Ísland, að leggja það fyrir ríkisþingið, og þurfum vjer hvorki að minna forseta þingsins nje stjórnina á, að það sje leiðin, sem þau lög verða að ganga.

Breytingin á fyrirsögninni er í samhljóðun við breyt. á frv.

Flutningsm. (*Skúli Thoroddsen*): Það hafa komið fram 2 breyt.till. við frv. þetta, og skal jeg stuttlega minnast á þær. Fyrri breyt.till. er á þingskj. 208 frá h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.), og fer hún í þá átt, að tala dómendanna í yfirdóminum skuli haldast óbreytt eins og nú er, þar sem í 2. gr. frv. var gjört ráð fyrir 2 nýjum dómendum með 3500 kr. launum. Eins og jeg þegar gat um við 1. umr., hef jeg ekkert að athuga við þessa breyt.till. og get lýst því yfir, hvað sjálfan mig snertir, og jeg held mjer sje óhætt að fullyrða, að jeg megi segja hið sama fyrir hönd hinna annara flutningsmanna, að við aðhyllumst breyt.till. og greiðum atkvæði með henni. Hvað hina breyt.till. á þskj. 203 snertir, þá get jeg ekki aðhyllzt hana, og heldur eigi ráðið h. deild til að gefa henni atkv.

Þar sem h. þm. Borgf. (B. B.) tók það fram, að hann áliti óþarft að bera það undir ríkisþing Dana, hvernig vjer skipum dómsvaldinu hjer innanlands, eða hvað vjer greiðum dómendunum í landsyfirrjettinum í laun, þá er jeg honum fyllilega samdóma um þetta; en þar sem hann segir, að þetta standi í frv., þá vil jeg benda honum á, að hann hefir alls eigi lesið frumv. til hlítar, því að það stendur hvergi í því, en aptur á móti hefir h. þm. Borgfirðinga einmitt flaskað á þessu skeri í sinni eigin breyt.till., og gert sig sjálfan sekan í þeirri ónákvæmni, sem hann órjettlátlega beinir til okkar flutningsmannanna, því að breyt.till. hans byrjar einmitt á þeim orðum, að landsyfirrjetturinn skuli vera æðsti íslenzki dómstóll, og þetta ætlast hann til, að lagt verði fyrir ríkisþing Dana; en hvað kemur það ríkisþinginu við, hvort vjer látum landsyfirrjettinn eða einhvern annan dóm fara með hið æðsta dómsvald innanlands? Enn fremur vil jeg taka það fram, að mjer finnst það eiga miður vel við í breyt.till. á þingskj. 203, að láta ákvæðið um, að landsyfirrjetturinn skuli vera æðsti dómstóll, standa á undan ákvæðinu um afnám hæstarjettar, þar sem það er þó aðalatriðið. Að svo mæltu sje jeg ekki ástæðu til að taka fleira fram viðvíkjandi ræðu h. þingm. Borgf. (B. B.); en hvað ummælum hans um 3. gr. viðvíkur, þá játa jeg, að sú grein er eigi sem heppilegast orðuð, og hefi því hugsað mjer að koma fram með breyt.till. við hana til 3. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal hvorki halda langa ræðu í þessu máli nje fara út í neina stór-pólitík, en vil að eins leyfa mjer að taka það fram, að jeg mun greiða atkvæði með breyt.till. á þingskj. 208. Breyt.till. á þingskj. 203 sje jeg enga ástæðu til að fallast á.

Hvað frumv. sjálft snertir, þá skal

jeg taka það fram, að jeg felli mig ekki við 3. gr. eins og hún er orðuð og vil skjóta því til flutningsmanna, hvort þeir vildu ekki heldur breyta henni þannig: Lög þessi öðlast gildi, þegar hið almenna löggjafarvald ríkisins hefir samþykkt fyrirmæli þau, sem gerð eru í 1. gr. Þá yrði 3. gr. eðlilegur endir á frumv., og jafnframt væri óbeinlínis tekið fram, að þetta mál skuli leggjast fyrir ríkisþingið.

Sighvatur Árnason: Jeg vil lýsa því yfir, að jeg fyrir mitt leyti er fús til að taka till. h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) til íhugunar til 3. umr., en af því h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) hefir svo rækilega tekið fram skoðun okkar viðvíkjandi breyt.till., þá sje jeg ekki ástæðu til að fara um þær fleirum orðum.

Björn Bjarnarson: Jeg verð að lýsa ánægju minni yfir því, hve vel flutningsmenn frumv. og h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) hafa tekið breyt.till. minni. Flutningsmenn hafa fullkomlega viðurkennt, að hún hafi við rök að styðjast, með því að lýsa því yfir, að þeir muni aðhyllast breyt.till. á þingskjali 208, sem vill fella hið sama úr 2. gr. sem jeg, og enn fremur með því að fallast á tillögu h. þm. V.-Skaptf. (G. G.), er fer hinu sama fram viðvíkjandi 3. gr. Jeg get því látið mjer vel líka, að ná tilgangi mínum, þó breyt.till. sjálf verði felld.

Viðvíkjandi þeim orðum h. þm. Isf. (Sk. Th.), að jeg hafi gert mig sekan í sömu ósamkvæmni, sem jeg væri að finna að í frumv., þá get jeg ekki fundið að svo sje. Úr því hæstirjettur í Khöfn nú hefir hið æðsta dómsvald í íslenzkum málum, og ríkisþing Dana á, samkvæmt stöðulögunum, að hafa atkvæði um það, hvort vjer skulum fá þenna rjett inn í landið eða eigi, virðist mjer eðlileg afleiðing af þessu, og í fullri samkvæmni við það, að ríkisþingið þykist hafa rjett til að ákveða um það, hvað gert er við þetta dómsvald, þegar það er tekið af hæstarjetti, og það er eðlilegt, að vjer fáum þetta fremur með því að leggja æðsta dómsvaldið um leið í hendur yfirdóminum, en ef ekkert væri ákveðið um, hvað við það skyldi gera.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. á þingskj. 203 felld með 14 : 1 atkv.; 1. gr. frumv. óbreytt samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 208 samþ. með 13 samhlj. atkv.; 2. gr. frv. með áorðinni breyt. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 3. gr. óbreytt samþ. með 17 samhlj. atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 19 samhlj. atkv.

Tuttugasti og fjórði fundur, föstudaginn 28. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til laga um breyting á tilsk. 26. febr. 1872, um kennslu heyrnar- og málleysingja o. fl. (C. 203); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþykkt orðalaust með 18 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Frumv. til laga um breyting á opnu brjefi 29. maí 1839, um byggingarnefnd í Reykjavík (C. 192, 315); frh. 2. umr.

Flutningsmaður (*Halldór Kr. Friðriksson*): Jeg skal sannarlega ekki vera langorður. Eins og h. deild sjer, hefir nefndin orðið sammala og samhuga um að ráða deildinni til að samþykkja frv. án breytinga. Þetta mál kemur því Reykjavík einni við, og jeg get ekki ímyndað mjer annað en að deildin samþykki það umræðulaust.

ATKV.GR.: Allar frumv.greinarnar 4 samþykktar, sú 3. með 17 atkv., og hinar með 18 atkv. samhlj.

Málinu vísað til 3. umr. með 21 samhljóða atkv.

Frumv. til laga um breyting á 2. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi, 26. maí 1863 (C. 105, 278); 2. umr.

Framsögumaður meiri hlutans (Einar Jónsson): Jeg finn ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um mál þetta, fyr en jeg heyri umræður h. þingm.

Nefndarálitið (C. 278) er talsvert ítarlegt og skýrir stefnumun þann, er fram hefur komið í nefndinni og ráðið því, að hún hefir eigi getað orðið sammála, og munu menn vel geta áttað sig á tillögunum, án sjerstakrar skýringar.

Sighvatur Árnason: Jeg skal ekki vera langorður. Hjer liggja ekki aðrar breytingar fyrir en þær er komið hafa frá nefndinni, en þær ganga sitt í hvora áttina, svo að vjer verðum að íhuga þær vel og vandlega. Jeg fyrir mitt leyti felli mig bezt við breyt.till. meiri hlutans. En eitt atriði er þó, sem jeg álít viðsjárvert, nefnilega ákvæðið um ábyrgð þá, er lausamaður á að útvega sjer hjá húsbónda sínum. Jeg álít það óheppilegt fyrir báða. Eins og gefur að skilja, munu húsbændur verða tregir til að taka þessa ábyrgð upp á sig, og er hætt við, að þeir muni leggja einhverjar kvaðir á lausamenn í staðinn, og getur þetta þannig óbeinlínis haft ófrelsi í för með sjer.

Guðlaugur Guðmundsson: Af því að meiri hlutinn hefir að nokkru leyti klofnað, finn jeg ástæðu til að fara nokkrum orðum um breyt.till. þeirra manna, sem eru í meiri hluta meiri hlutans. Í fyrsta lagi fara þeir fram á, að lausamönnum sje gert að skyldu, að hafa fast ársheimili, og í öðru lagi, að húsbændum þeim, sem lausamenn eiga heimilisfang að, sje gjört að skyldu að borga gjöld þeirra. Það er engin eðlileg ástæða til að heimta, að lausamenn sanni ársheimili, og það er ekki lítil skerðing á frelsi þeirra. Sje vistarskyldan band, þá er þetta það líka. Hitt atriðið er mjög athugavert. Ef t. d. lausamaður hjeðan er 4 mánuði á Seyðisfirði, 4 mánuði í kaupavinnu í sveit, og 2—3 mánuði heima, þá þarf húsbóndi á tveim stöðum að borga sveitarútsvar fyrir hann. Þetta getur orðið háskalegt fyrir húsbændur, ef þeir gæta sín eigi, en hafi þeir vara á sjer, þá getur vel svo farið, að næsta erfitt veiti að verða lausamaður. Það er engin brýn nauðsyn til að gera þessi ákvæði, því að gildandi lög veita næga trygging fyrir því, að lausamenn gjaldi til sveitar þar, sem þeir verða útsvarsskyldir.

Gagnvart minni hlutanum vil jeg og taka það fram, að verði vistarbandið leyst eða svo mikið losað, að engir erfiðleikar væru á að fá lausamennskuleyfi, þá væri það sama sem að eyðileggja landbúnaðinn. Menn mundu streyma til sjáfarins og bændur mundu verða í vandræðum með vinnuafla á búunum. Eða þá þessir lausamenn mundu hola sjer niður á milli bænda sem húsmenn, eins og h. 2. þm. Rangv. (S. Á.) tók fram. Hvorttveggja mundi rýra landbúnaðinn.

Meðan sjáfarútvegur vor Íslendinga ekki er svo tryggur atvinnuvegur, að þessum lausalýð sje borgið, svona rjett þegar bezt árar, þá finn jeg enga ástæðu til, að styðja að eyðilegging landbúnaðarins, til þess að fjölga þeim, sem að fiskiverunum sækja, því enn, sem komið er, er landbúnaðurinn helzti, fjölmennasti og tryggasti atvinnuvegur vor Íslendinga.

Jeg vildi að ekki yrði farið lengra út í breytingar en jeg hefi lagt til. En sjerstaklega vil jeg leggja það til, að niðurlag 1. gr. falli burt, því að það

ákvæði, sem þar stendur, er í raun og veru nærri því sama sem leysing vistarbands.

Um aðrar smábreytingar, sem nefndin hefir lagt til að gjörðar væru, skal jeg ekki fjölyrða, en þess vil jeg biðja h. deild, að hún felli till. minni hlutans og viðaukatill. frá meira hluta meiri hlutans.

Þórarinn Böðvarsson: Eins og jeg tók fram við 1. umr., mundi jeg hafa verið nefndinni þakklátur, hefði hún komið með ein lög um húsmenn, þurrabúðarmenn og lausamenn. Þau lög, sem hjer er um að ræða, eru einn hluti af þeim lögum, sem ættu að vera til um alla þessa flokka í sameiningu. Nú eru þrenn lögin og verður að hlaupa úr einu í annað. En jeg verð nú að taka því eins og það er, og jeg er því nefndinni engan veginn vanþakklátur. Hún hefir óefað lagt mikla alúð á málið, og það svo, að hún hefir klofnað í þrennt. Má ætla að það komi af því, að hver hafi íhugað svo ítarlega þann kafla, sem honum var úr skiptur, að hinir hafi ekki getað fylgt með.

Hvað breytingar frumv. snertir á tölum, svo sem að lausamennskuleyfi fái að eins fullveðja menn, ekki 20 ára, þá má það gjarnan standa fyrir mjer. Sama er að segja um hitt, að gjaldið verði 10—20 kr. í staðinn fyrir 5—10 kr.; það má líka vera. En jeg er nú þakklátur þeim, sem vilja taka endann af 1. gr. burt, því að hann er allsendis óbrúkandi. Það er ljett fyrir sveitamanninn að geta sagt: Látum þenna fara og vera ómaga þeirra sjáfarbændanna. Mælum með því, að hann þurfi ekkert að greiða fyrir lausamennsku sína. Þá eiga þeir hægt með losast við hvern sem þeir vilja.

Þegar nú til aukatill. kemur, þá vil jeg mjög mæla fram með henni. Sje ekki ársheimili gjört að skilyrði, þá verður allt á rugli, allt í óskilum, og lendir allt á flakki. Einhver h. þingm. hefir sagt, að það væri ófrelsi, oflítið frelsi. En það má ekki blanda saman »frelsi« og sjálfræði. Frelsi er ávallt lögum bundið, en takmarkalaust sjálfræði er óöld. Það er sjálfsagt, að menn hafi fast ársheimili.

Jeg álít 4. gr. með öllu sjálfsagða og nauðsynlega. Það er opt mjög erfitt að segja, hvað sje lausamenn, hvað húsmenn og hvað þurrabúðarmenn. Gild lög banna ekki, svo jeg viti, að lausamaður og lausakona taki saman og búi saman. Það þyrfti ákvæði um það. Eins er um iðnaðarmenn, sem búa í kaupstöðum. Það er opt illhægt að segja, hvort þeir eru húsmenn eða lausamenn, og verður opt vafi um, hvort þeir hafa kosningarrjett eða eigi. Í frumv. um þetta efni, sem jeg bar fram 1889, en varð of seinn með, voru einmitt ákvæði um þetta.

Mjer dettur ekki í hug að fara út í þessi lög nú, en þegar borið er saman, sjest, að til að giptast þarf engan eyri, til að verða lausamaður þarf 10—20 kr., lausakona 5—10 kr., en til að geta verið þurrabúðarmaður þarf að eiga 400 kr., og þó getur lausamaður og lausakona slegið sjer saman. Þeir sem finna samkvæmni í þessu, geta verið ánægðir með það. Jeg get það ekki, og jeg get ekki átt við neitt af því, ef till. meiri hlutans af meiri hlutanum nær ekki fram að ganga.

Það bezta við það er, að jeg ætla, að þó að frumv. þetta yrði að lögum, þá mundi það ekki gjöra mikla breytingu. Mörg hjú eru svo skynsöm, að þau sjá, að þeim líður betur í góðri vist.

Framsögumaður minni hlutans (Skúli Thoroddsen): Mjer þykir það auðvitað

leitt, að álit minni hlutans skuli eigi hafa fundið náð í augum hins h. varaforseta (Þ. B.). Hann dróttaði því að nefndinni, að hún mundi hafa skipt með sjer störfum, og tekið sinn kafla frumv. hver, en hirt lítið um annað; en þetta eru óþarfar ásakanir; vjer í huguðum frumv. nákvæmlega á fundum, og það, að nefndin hefir klofnað, enda þótt hún væri skipuð jafn samvinnufúsum mönnum, sem alkunnugt er, það ber einmitt vott um, að vjer munum hafa íhugað frumv. nákvæmlega.

En það var einkum viðvíkjandi nokkrum atriðum í ræðu h. þingm. V.-Skaptf. (G. G.), sem jeg þurfti að taka til máls. Jeg skildi h. þm. svo, sem hann áliti, að ef eins langt væri gengið, eins og minni hlutinn ræður til, þá mundi það verða landbúnaði öllum að niðurdrepi. En h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) láðist að rökstyðja þessa skoðun sína, og það er auðvitað hægt, að setja spádóm á móti spádóm; en það sannar ofur-lítið; það er framtíðin ein, sem úr því verður að skera, hvaða áhrif rýmri rjettur til lausamennsku hefir á landbúnað vorn. Hefði frv. farið fram á, að vistarbandið væri algjörlega leyst, þá hefði jeg fremur getað skilið getgátur og spádóma þingmannsins. En þegar að eins er um rýmkun vistarbandsins að ræða, en vistarskyldunni haldið sem aðal-reglu, þá munu menn hugsa sig vel um — þótt ekki sje um nema 10 eða 5 kr. gjald að ræða —, áður en þeir ráðast í lausamennskuna; og þó að sá spádómur rættist, að menn streymdu til sjávarins, þá get jeg eigi sjeð, að það væri svo skaðlegt, því að það er þá að eins af því, að þeir sjá sig hafa þar arðsamari atvinnu. Og þó að það tímabil kæmi í sögu vorri, að meira væri hugsað um sjóinn en um landbúnaðinn, þá er jeg ekki svo hræddur um, að það yrði landinu til tjóns. Jeg held þvert á móti, að með því mundi velmegun vaxa í landinu, og gæti það einmitt orðið til þess, að reisa og styðja landbúnaðinn, því að þeir, sem hafa sjáfarútveginn að aðalatvinnuvegi, geta eigi án landvörunnar verið.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) tók fram ástæður fyrir því, að hann væri á móti ákvæðunum um heimilisfang og ábyrgð húsráðanda, og er jeg honum samdóma um þessi atriði. Á síðasta þingi var jeg að vísu viðriðinn við frumv., sem hafði sömu ákvæði inni að halda, en þá var talað um gjörsamlega leysing vistarbandsins, og þá gátu þessi ákvæði, að minni ætlun, átt vel við, til þess að ekki kæmist allt á ringulreið, en þar sem hjer er að eins farið fram á, að rýmkað sje um rjettinn til lausamennsku, álít jeg ákvæði þessi óþörf, og ákvæðin í núgildandi lögum fullnægjandi.

Bæði h. varaforseti (Þ. B.) og h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) höfðu mikið á móti því ákvæði stjórnarfrumv., að það skuli vera á valdi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, að gefa gjaldið eptir; en í mínum augum er þetta einmitt stór kostur á stjórnarfrumv., því að jeg treysti því, að sú frelsishugmynd sje ríkjandi orðin til sveita, að þetta ákvæði yrði einmitt töluvert notað, og að sem fæstir þurfi að greiða þetta, að mínu áliti, óeðlilega gjald, til þess að mega leita sjer atvinnu á þann hátt, er þeir sjá sjer hentast.

H. varaforseti (Þ. B.) var hræddur um, að sumar hreppsnefndir til sveita myndu misbrúka þenna rjett, til að gefa gjaldið eptir, til þess að koma vandræðamönnum af sjer og láta þá setjast að sem lausamenn í sjáfarsveitunum; en jeg fæ ekki sjeð, að þessu þurfi neinn vandi af að stafa, því að

gæti mennirnir komizt þar betur áfram, þá er það gott og blessað, en ef þeir verða til þyngsla, þá er innanhandar að senda þá aptur á sveit sína.

Þorlákur Guðmundsson: Það verð jeg að segja, að nú fer mjer að þykja málið vandast, er nefndin sjálf hefir svo ólíkar skoðanir á því. Jeg get sagt um mig, að jeg get verið með öllum og engum í þessu máli. Eins nú og fyr, get jeg verið með stjórninni að nokkru leyti, meiri hlutanum get jeg líka verið með í sumu. Jeg get verið með stjórninni í því að rýmka þetta óeðlilega ánauðarhelsi, sem lagt hefir verið á verkmannalýðinn. En þó hafa komið fram ýmsar athugasemdir, er sýna, að hjer sje bezt varlega að fara. Stjórnin segir í ástæðum sínum fyrir frumv., að hjú muni, þótt þau á tvítugsaldri losni við vistarskylduna, eigi að síður hafa lært og læra algeng hjúastörf. Reyndar má færa margt bæði með því og móti, hvort menn læri meira að verkum í hjúastöðu eða í lausamennsku. En hvað sem því líður, þá stendur sú setning í gildi um aldur og æfi: Verður sá sem víða fer, vísari en sá sem heima er, og drafna heima durna börn. Lausamennirnir sjá jafnvel margbreyttari vinnu en föstu hjúin, að minnsta kosti sjá þeir algenga vinnu víðar unna en hjúin, og þar af leiðandi eru líkindi til, að þeir sjái fleiri aðferðir hafðar við hana, og eiga þeir þá betri kost að velja þá aðferðina, sem bezt er við hverja vinnu. Daglaunamenn læra líka reglubundna vinnu eigi síður en hjú, og áframhald er ekki minna hjá þeim, nema meira sje.

En eitt aðalatriði er það sem jeg held fast við, að tekið sje til greina í lögum þessum, og það er fast heimilisfang. Jeg álít ólíku saman að jafna að hafa fast heimilisfang og fasta vist. Þótt maður hafi fast heimilisfang, getur hann verið einn hluta ársins í Færeyjum og leitað sjer þar atvinnu, annan á Ísafirði og hinn þriðja austur á Seyðisfirði. Fast heimilisfang er óumflýjanlega nauðsynlegt, til þess að halda reglu við í mannfjelaginu, og gera mögulegt að ná inn gjöldum af lausamönnum. Það má búast við því, að lausamenn deyi eins og annað fólk, og þá getur það vel komið fyrir, að þeir láti eptir sig svo litlar eigur, þar sem þeir andast, að þá verði að jarða á kostnað sveitarinnar, þótt þeir máske láti eptir sig nægja fjármuni, en sem enginn veit hvar niður eru komnir. Ættu þeir aptur á móti fast heimili, þá er líklegt að þeir ættu þá nokkurn hlut af eigum sínum þar, eða að húsbóndinn vissi, hvar þær væru niður komnar. Allt mundi og komast á rugling og ringulreið með sveitfesti, ef lausamenn þyrftu ekki að hafa neitt fast heimilisfang. Ekki get jeg trúað því, að nokkur sjerleg vandræði yrðu fyrir lausamenn að fá sjer heimili; ef þeir á annað borð eru færir um að vera í lausamennsku, þá mun þeim ekki vera svo illa trúað, að bændur leyfi þeim ekki að telja sig til heimilis hjá sjer. En ef þeir eru svo miklir slóðar, að þeir hafi ekki það traust á sjer, að þeir fái heimilisvist, þá eru þeir ekki heldur færir um að vera í lausamennsku, og er því rjettast, að þeir sjeu hjú eptir sem áður. Jeg held þetta ákvæði yrði einmitt til að bæta hugsunarhátt þjóðarinnar. Jeg býst við, að hver sem laus vill verða, sjái, að það sje um að gera að gera sig svo gildandi, að sjer sje trúað, og það enda beinasta hvöt fyrir þá, að keppa eptir að læra sem bezt fjölbreyttustu vinnubrögð. Jeg skal taka fram eitt atriði, sem minni hlutinn hefir borið fram máli sínu til stuðnings; hann segist fara fram á það, sem er í samræmi við það, er tíðkast í nágranna-

löndunum og í Ameríku. Þetta er alls eigi þýðingarlítið atriði. Einmitt það, að í Ameríku er fullt atvinnufrelsi, en hjer eigi, er máske ein af aðalhvötunum fyrir suma til að fara til Ameríku, en vjer játum allir, að mjög miklir flutningar til Ameríku sjeu ekki hollir fyrir landið, og því ættum vjer heldur að gera fýsilegra en ófýsilegra, að svo miklu leyti sem í voru valdi stendur, fyrir menn að búa kyrrir hjer á landi, og vistarbandið getur þó ekki haldið mönnum föstum lengur en eitt ár hjer, og þau bönd gera þá, ef til vill, heldur fúsari en ófúsari að fara. Mjer þykir það undarlegt, að vjer sem erum að biðja um stjórnfrelsi, og förum jafnvel svo langt í því, að vjer jafnvel viljum fá frestandi neitunarvald, að vjer skulum ekki vilja hafa frelsi, þegar vjer lítum niður fyrir oss. Þeir sem hærra standa vilja draga þetta gull til sín, en umkomuminnsta hluta þjóðarinnar vilja þeir ekki gæða á því nema í litlum mæli.

Jeg er á sama máli og h. varaforseti (Þ. Böðv.) um ákvæðin í niðurlagi 1. gr., að lausamennskugjald megi upp gefa, þegar hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn mæli með því. Þetta ákvæði er að minnsta kosti óþarft og getur jafnvel verið skaðlegt. Að vísu á hreppsnefnd kost á að neita að taka menn inn í hrepp sinn, en þó getur það bakað henni erfiðleika. Ef gjaldið er sett eins lágt og stjórnarfrumv. fer fram á, þá á það ekki heldur að geta verið þröskuldur í vegi fyrir nokkurn, sem á annað borð er fær að gerast lausamaður eða lausakona, að geta orðið það.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) minntist á, að hann væri hræddur um, að menn mundu mjög streyma að sjónum, ef mjög yrði auðveldur aðgangur að lausamennsku; en meira mundi það þó ekki verða, ef það hefði fast heimilisfang; það mundi fremur verða hemill á það en hitt.

Þórður Guðmundsson: H. deild er að nokkru leyti kunn skoðun mín á þessu máli; jeg ljet hana í ljós við 1. umr. Jeg álít að h. nefnd hafi íhugað mál þetta ítarlega, eptir því sem hún hefir haft krapta til. En á hinn bóginn verð jeg að skoða það óheppilegt fyrir málið, hve sundurleitar skoðanir nefndarinnar hafa orðið; það sýnir, að hjer er um vandamál að ræða, enda munu skoðanir h. deildar í heild sinni næsta skiptar í því, hvaða stefnu eigi að taka.

Jeg gæti aðhyllzt frumv. stjórnarinnar, ef ekki vantaði í það ákvæði um heimilisfang. Jeg legg mikla áherzlu á það, að fram sje tekið í lögunum, að hverjum lausamanni sje gert að skyldu að eiga fast heimili. Ef þetta atriði vantar í lögin, fæ jeg ekki betur sjeð, en að til stórvandræða leiði, bæði um sveitfestu og greiðslu á opinberum gjöldum. H. þingdeildarm. má vera kunnugt, hversu mikið stríð og málaflækjur það hefir kostað hingað til, að sanna sveitfestu manna, en hvað mundi þá verða, ef enginn af þessu lausafólki væri skyldur að eiga fast ársheimili? Jeg fæ jafnvel ekki betur sjeð, en að sveitfesti hljóti að miklu leyti að hverfa úr sögunni.

Það hefir verið borið fram sem ástæða, að sje vistarbandið ekki leyst, þá muni menn streyma til Ameríku. En þeir mundu ekki síður gera það, þótt það væri leyst. Formælendur vistarbandsleysingar telja henni það til gildis, með öðru fleiru, að lausafólk eigi hægra með að afla sjer fjár, heldur en í fastavistum. Nú er svo háttað, að ýmsir vilja fara til Ameríku, en komast ekki sakir fjárskorts. Ef svo færi, að vistarbandsleysingin yrði til þess, að verk-

menn öfluðu sjer meira fjár, þá ættu þeir um leið hægra með að komast af landi burt, og geti þá svo farið, að straumurinn til Ameríku yxi en minnkaði ekki við leysing vistarbandsins.

Yfir höfuð felli jeg mig bezt við álit meiri hlutans, því eins og jeg tók fram við 1. umr., þá vil jeg fara meðalveg milli stjórnarfrumv. og þess sem nú er, og mun greiða atkvæði með tillögum meiri hlutans, verði ákvæðinu um heimilisfangið haldið, en að öðrum kosti get jeg ekki veitt þeim atkvæði mitt.

Framsögumaður meiri hl. (Einar Jónsson): Það er auðheyrt á orðum þeirra, sem talað hafa, að nefndin er víst mjög sönn »miniatur«-útgáfa af deildinni, að því er snertir skoðun á þessu máli. Eins og skoðanir urðu mjög skiptar í nefndinni, eins lítur út fyrir að hver hafi sína sjerstöku skoðun, því enginn virðist geta aðhyllzt að öllu leyti skoðanir annarshvors hluta nefndarinnar. Sumir aðhyllast nokkur ákvæði meiri hlutans, aðrir nokkur ákvæði minni hlutans og enn aðrir hallast helzt að frv. stjórnarinnar. Þetta er líka eðlilegt um h. þm., því þjóðin sjálf er ekki komin að neinni fastri niðurstöðu, ekki búin að ná neinni fastri stefnu í málinu. Það er því varhugavert að setja lög, þegar svona stendur á. Jeg verð að álíta, að það sje þess vegna fyrir tímann, að vera að breyta þeim lögum, sem hjer ræðir um að breyta. Það mundi hollara að draga þessa lagabreytingu þangað til vilji þjóðarinnar verður skýrari, og hefir fengið fastara form.

Af þeim, sem talað hafa um málið, sýnist mjer þó fleiri hallast að þeirri skoðun meiri hluta nefndarinnar, að rjett sje, að leysa ekki vistarbandið að svo stöddu, en rýmka að eins nokkuð um lausamennskuna. Þess vegna hygg jeg, að aðalstefna meiri hlutans fái framgang hjer í þingd.; þó hefir ýmislegt verið fundið að ákvæðum, sem meiri hlutinn hefir stungið upp á.

H. 2. þm. Rangv. (Sighv. A.) talaði um, að lausamenn ættu að hafa ábyrgðarmann, er sveitarstjórnin tæki gildan fyrir þeim gjöldum, er þeir ættu að greiða að lögum; en það vakti fyrir meiri hluta nefndarinnar, sjerstaklega okkur tveimur, sem skrifað höfum undir viðaukatillögurnar, að það væri ný hindrun fyrir þann, sem vildi vera laus, að þurfa að útvega slíkan ábyrgðarmann. Hann þyrfti þá fyrst að leita til sveitarstjórnar sinnar, og fá að vita hjá henni, hvort hún sje ánægð með þann ábyrgðarmann, sem hann hefir fengið; ef hún þá ekki er það, verður hann að fara að útvega annan. Þetta eru hindranir, ekki sízt til sveita, sem við ekki vildum leggja fyrir lausamenn. Eptir núgildandi lausamennskulögum er ætlazt til, að lausamenn eigi aðeins við lögreglustjórana eða hreppstjóra um lausamennskuleyfið, og við álítum rjett, að víkja eigi frá því, úr því við tókum eigi fyrir, að breyta lögunum öllum. Við höfum þess vegna stungið upp á því, að setja inn í þau ákvæði, að húsráðandi, er lausamaður á heimili hjá, skuli skyldur að greiða fyrir hann öll lögboðin gjöld, ef hann ekki sjálfur greiði þau á rjettum gjalddaga. Þetta ákvæði höfum við tekið óbreytt upp úr frumv., sem samþ. var hjer í deildinni í hitt eð fyrra, og var sama ákvæðið, þó með nokkurri breytingu samþykkt einnig í h.efri deild. Við vonum þess vegna, að þetta ákvæði verði einnig nú samþykkt hjer í deildinni.

H. þm. V.-Skapt. (G. G.) sagði, að lítill munur væri á því að vera skyldur til að hafa fast ársheimili og að vera í ársvist. Það finnst mjer þó vera töluverður munur, úr því lausamaður má leita sjer atvinnu, hvar sem hann vill.

Sami h. þm. (G. G.) sagði líka, að ákvæðið um fast ársheimili væri í ósamkvæmni við fátækralöggjöfina, því er lausamaður dveldi 4 mánuði á hverjum stað, þá ætti hann gjöld að greiða á fleirum en einum stað; en jeg fæ eigi betur sjeð en það sje samrýmanlegt við ákvæði okkar. Við gjörum húsbóndanum að skyldu að greiða gjöld hans án tillits til þess, hvar þau eiga að greiðast, og hví skyldi hann ekki geta greitt þau eins þótt þau eigi að greiðast á fleirum en einum stað? Þá tók sami h. þm. það fram, að lausamenn mundu hola sjer niður sem húsmenn. Það held jeg líka, en þeir gætu það eins, þótt viðaukatill. okkar yrði sleppt. Til þess að losast við lausamennskugjaldið geta menn auðvitað farið í kringum lögin, ekki einungis þau, sem hjer er farið fram á, ef þetta frumv. með viðauka okkar yrði samþykkt, heldur einnig þau lög, sem nú gilda.

H. varaforseti (Þ. B.) vildi fá lög um alla húsmenn og þurrabúðarmenn í einu. Það kom til tals í nefndinni að semja almenn lög, en nefndin varð ekki ásátt um að taka fyrir meira en þetta að sinni. Hún vildi rýmka talsvert til um lausamennskuna og sjá, hvernig sú rýmkun reyndist. Ef það kæmi í ljós, að menn notuðu vel þessa rýmkun, þá væri meiri hvöt til að rýmka enn meira síðar.

H. framsögum. minni hl. (Sk. Th) áleit, að 10 og 5 króna gjald fyrir lausamennskuleyfi væri ofmikið hapt á menn, og að menn mundu hugsa sig um, áður en þeir greiddu þetta gjald til að geta orðið lausir. En jeg get ekki sjeð að þetta gjald sje þær skorður, sem menn ekki ættu að geta stígið fyrir, og jeg held að þeim væri hollast að vera ekki lausir, sem ekki hefðu svo mikil peningaráð, að þær gætu greitt þetta gjald.

H. sami þm. (Sk. Tk.) sagði, að lausamenn mundu leita til sjávarins og það ætti ekki að meina þeim, af því að þar fengju þeir betri atvinnu. En meðan sjávarútvegurinn er á því stigi, sem hann er nú, veit jeg ekki hvort það yrði svo heppilegt, að menn leituðu mjög til sjávarins, til að fá þar álitlegan stundarhag. Sjávarútvegurinn er ekki enn kominn í það horf, að hann geti tekið móti mikið fleiri mönnum en nú er kostur á, til stöðugrar atvinnu og mundi því mörgum verða dýr stundarhagurinn, þó að hann væri nokkuð álitlegur í fyrstu. Það er stundum talað um, að það sje gott að menn reki sig á; menn hverfi aptur til þess staðar, er þeir hafi horfið frá, ef þeim líki ekki á þeim stað, er þeir hafi leitað til. En jeg held nú samt að menn geti stundum fengið nóg af árekstrinum, og keypt hyggnina nógu dýrt, og sje ekki vert, að gjöra gildringar til þeirrar reynslu með lögum.

Hann talaði um, að sjávarútvegurinn styddi landbúnaðinn. Það er sjálfsagt satt; en landbúnaðurinn styður líka sjávarútveginn. Það styður hvor atvinnuvegurinn annan. En jeg hygg að landbúnaðurinn eigi þó enn sem komið er meiri rjett á sjer en sjávarútvegurinn, það er, að landbúnaður eigi að sitja í fyrirrúmi, þegar um þetta mál er að ræða, því að það snertir hann vissulega mest. Landbúnaðurinn er atvinnuvegur meiri hluta þjóðarinnar, og því á að taka meira tillit til hans en annara atvinnuvega í þessu efni. Það er nú mín fasta sannfæring, að landbúnaðurinn líði mjög við það, að leysa algjörlega vistarbandið snögglega, og því vil jeg halda því, en þó rýmka það nokkuð. Það er ekki gott að gjöra

stórar breytingar í einu, heldur að færa sig smátt og smátt áfram.

Þá sagði hann, að eptirlit lögreglustjóra ætti að vera nóg að því er snerti vistfang lausamannsins, en jeg vil spyrja: hvernig er þetta eptirlit nú? Það er víst ekki mikið í það varið, og mikið vafamál, að það verði betra eptirleiðis. Jeg hygg að ný ákvæði þurfi um þetta eptirlit, einmitt af því, að eptirlit lögreglustjóra hefir reynzt ónógt. Jeg held að allir, sem þurfa að skipta eitthvað við lausamenn vildu óska, að eptirlit með þeim yrði betra hjer eptir en hingað til. Það kemur mörgum illa, hversu allt er laust og óákveðið um þá í reyndinni. Jeg skal geta um eitt nýtt atvik í þá átt. Jeg átti í gær erindi hjer í sölubúð, og jeg var ekki fyr kominn inn fyrir dyrnar, en jeg heyrði kaupmann segja: »Það eru vandræði að eiga við þessa menn, sem ekkert heimili eiga«. Jeg spurði kaupmann, hver væri svo bágstaddur, að eiga ekkert heimili. »O, það er einn lausamaðurinn« sagði hann.

Viðaukaatkvæðið við 1. gr. stjórnarfrv. um, að gjaldið fyrir lausamennskuleyfi megi falla burt, ef hreppsnefnd eða bæjarstjórn mæla með því, vilja sumir fella burtu, en aðrir halda. Jeg sæi nú ekkert á móti að halda því, ef sveitarstjórnin notaði það einungis í þeim tilfellum, þegar um einhvern mann væri að tala, sem væri bersýnilegur hagur að því að geta fengið lausamennsku, en mætti engan eyri missa, til að kaupa sjer hana, eins og t. a. m. ekkjan, sem h. samþingism. minn (J. J. N.-M.) talaði svo hjartnæmt um við 1. umr. En þau tilfelli eru nú víst heldur fá. En af því að jeg er hræddur um, að sveitarstjórnirnar noti þetta leyfi ekki eingöngu á þennan hátt, og nú þegar hafa 2 h. þm. (Þ. B. og H. Kr. F.) látið í ljósi skýrt og greinilega, að þeir hafi vonda reynslu fyrir því, að slík leyfi væri vanbrúkuð, þá hefir meiri hlutinn álitið rjett að fella þetta ákvæði úr frumv.

Jeg sje ekki að það sje að rýmka lítið til um lausamennskuna, eins og h. framsögum. minni hl. (Sk. Th.) sagði, þó ákvæði meiri hlutans komist að, þar sem gjaldið fyrir lausamennskuleyfisbrjefið yrði eptir því $^2/_3$ minna en það er nú. Annars kom þessi h. þm. með orð um stöðu vinnuhjúa, sem mjer líkaði mjög illa, en sem nokkuð opt er haft á vörunum af þeim, sem vilja afnema vistarbandið. Hann talaði um »tjóður«, sem vinnufólkið væri í, eins og það sje í ánauð eða þrældómi hjá húsbændum sínum. Jeg veit nú ekki betur en ýmsir kvarti yfir hinu gagnstæða og segi, að húsbændur sjeu um of bundir við vilja hjúa sinna. Mjer finnst rangt að menn láti það koma fram í ræðum sínum hjer á þingi, að vinnufólkið sje hart haldið hjer á landi, eða sje eins og þrælar húsbændanna, einkum þar sem hið gagnstæða á sjer opt stað. Jeg hygg helzt að vinnulýðnum líði hvergi betur í heiminum en á góðu sveitaheimili á Íslandi. Að vísu verða vinnuhjú að vinna það sem fyrir kemur á heimilinu, en að öðru leyti er farið með þau á góðu heimilunum nokkuð líkt og börnin bæði með aðhjúkrun og ýmisleg lífsþægindi. Jeg vildi því svo gjarnan að ástandið gæti haldizt eins og það er á slíkum stöðum. Það kemur sjer vel á Íslandi, þar sem er svo sjálbyggt, að búsbændur, börn og hjú geti verið eins og eitt venzlamannafjelag. Það má kannske segja, að það sje ekki nema á sumum heimilum, að hjúunum líði eins vel eins og jeg hefi bent á; en það er víðar en menn hyggja, að þeim líður vel, og opt og tíðum ekki síður á hinum fátækari og smærri heimilum en hinum, og jeg vildi

óska, að þeim liði alstaðar og ætíð vel, og því meiri þroska sem mannúð þessara tíma nær, því líklegra er, að heimilislífið fari batnandi. Og þar sem það er nú sagt, að hjúin setji sig opt upp yfir húsbændur sína, þá vona jeg að þetta lagist við vaxandi menning, svo að húsbændur fari almennt að hafa kjark í sjer, til að láta taka til sín eins og vera ber gagnvart hjúunum, án þess þó að beita nokkurri harðstjórn við þau.

H. framsögum. minni hlutans (Sk. Th.) þótti vistarbandið óeðlileg kvöð, en mjer finnst það ekki óeðlilegri kvöð en ýmsar aðrar skyldur, sem menn verða að ganga undir til þess að geta útvegað sjer atvinnu.

H. 1. þm. Árn. (Þ. G.) hjelt, að vinnulýðurinn lærði miklu meira í lausamennsku en í hjúastöðunni. Það er satt, að sá fræðist talsvert og kynnist fleiru sem víða fer, en hinn sem heima situr. En til þess að læra vel algenga sveitavinnu, held jeg að bezt sje að vera lengi á góðu heimili, enda eru þau verk, sem koma fyrir í landbúnaðinum hjá oss, svo svipuð alstaðar, að þau má læra á hverju almennu heimili. Jeg fyrir mitt leyti vil leggja mikla áherzlu á að menn venjist við reglubundna vinnu. Vinna lausamannsins, sem er sinn tímann á hverjum stað, verður ekki nærri eins reglubundin eins og vinnuhjúsins, sem tekur þátt í allri vinnu á heimilinu, smárri og stórri. Lausamaður vinnur helzt að eins einhverja vissa vinnu, sem hann er tenginn til að vinna á heimilinu, en tekur aptur ekki þátt í því smálega og aukalega. Þetta gjöra hjúin aptur á móti, og venjast við það á reglusemi og hugsunarsemi um smátt og stórt, sem er svo áríðandi að hafa til að bera, þegar maður fer að eiga með sig sjálfur. Út af þessu vil jeg enn minnast á eitt atriði, og það er, hvað daglaunamenn standa miklu fjær húsbændum sínum en hjúin. Ef lausamennskan yrði mjög almenn, þá mundi það verða til þess að mynda djúp á milli húsbændanna og vinnulýðsins, sem jeg held að ekki sje neitt heppilegt eða eptirsóknarvert, sízt á voru landi. H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) vildi bera okkur í þessu tilliti saman við nágrannaþjóðirnar. Þar veit jeg vel að vistarskyldan á sjer ekki stað, en þar er líka þetta djúp milli vinnulýðsins og vinnuveitendanna nú orðið talsvert mikið, en hvort það muni sjerlega heppilegt, er annað mál. Það stríðsefni, sem sprottið hefir af því, hvernig sambandið er milli vinnulýðsins og vinnuveitendanna erlendis, er víst nú eitt af mestu vandaspursmálum heimsins, sem enginn veit, hvernig muni ráðast fram úr.

Með því að leysa vistarbandið, erum við nú að stíga spor í þessa átt. Jeg segi ekki að málið komist út í aðrar eins öfgar eins og það er komið í útlöndum, en það getur komizt í nægilegar öfgar á Íslandi, þótt það verði í minni stíl. Það hefir verið tekið fram, að ef vistarbandið yrði laust, þá mundu vinnulaunin lækka sumstaðar, þar sem mikið flykktist að af lausafólki; en ef vinnuveitendur fara að lækka launin, þá getur leitt af því tvennt: annaðhvort að vinnulýðurinn fari að gjöra skrúfur sem kallað er, til að fá verkalaunin hækkuð, eða fari til Ameríku, er jeg tel hvorugt gott.

Að svo mæltu óska jeg að h. þingd. samþykki sem mest af tillögum meiri hluta nefndarinnar og viðaukatill. okkar tveggja meirihlutamanna.

Björn Sigfússon: Jeg hafði nálega fallið frá orðinu, því h. framsögumaður 1. þm. N.-Múl. (E. J.) hefir svarað flestu því, sem haft hefir verið á móti álitu meiri hluta nefndarinnar, en það eru

þó nokkur atriði enn, sem jeg vildi fara fáeinum orðum um.

H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) tók það fram, að óeðlilegt væri, að þeir, sem lausamenn vildu verða, yrðu að kaupa sjer rjettinn til þess. Það er tæplega hægt að segja, að þeir kaupi þenna rjett, eptir því, sem tillaga okkar tveggja fer fram á, því það fje, sem þeir greiða, um leið og þeir taka lausamennskubrjefið, á að leggjast í alþýðustyrktarsjóðinn, í stað þess að renna í vasa hreppstjóranna eða í sveitarsjóð. Það er að eins heimtað, að um leið og einhver gengur í lausamennskustöðuna, þá leggi hann fram nokkrar krónur, sem gæti orðið honum sjálfum til framfærslu síðar meir, ef á þyrfti að halda, eða með öðrum orðum kaupi sjer lífeyri. Tilgangur tillögunnar er einmitt sá, að tryggja framfærslu lausamannanna sjálfra, með því að láta þá borga þetta.

H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) og h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) hafa komið með þá mótbáru, að vistarbandið hefði rekið marga til Ameríku. Þessu get jeg ekki verið samdóma. Jeg er úr því hjeraði landsins, sem Ameríkustraumurinn var fyrir nokkrum árum sterkastur úr, og er þess vegna talsvert kunnugur þeim helztu ástæðum, sem knýja menn til að leita þangað. Jeg hefi eigi fundið eitt einasta dæmi upp á það, að vistarbandið sje orsök þess. Í fyrstu voru það harðindin, sem dundu yfir, einkum 1882, sem ráku menn á flótta vestur um haf, en það sem síðan einkum við heldur straumnum — þó hann sje miklu minni — er það, að menn hjer á landi eiga þar nú orðið svo marga vini og vandamenn, sem skrifa stöðugt hingað upp, eggja menn á að koma þangað, og jafnvel senda þeim fargjald; svo er og hólið mikla, sem sett er upp á þetta mikla frelsis- og gæðaland, sem sumt er satt, sumt logið, en hefir þó eigi að síður áhrif. Flestir þekkja líka veiðimennina að vestan og þeirra veiðibrellur; það eru þeir piltar, sem hafa lag á að beita því agni á öngul sinn, sem margur fáfróður gín yfir. Þetta, sem jeg nú hefi drepið á, hygg jeg að sjeu aðalorsakirnar til vesturflutninganna, en alls ekki vistarbandið.

Jeg skildi það á ræðu h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) og fleirum þingm., að þeir telja hvergi til annað eins ófrelsisband eins og vistarbandið hjer, en þeir hafa eigi fært neina sönnun fyrir máli sínu, nema þá eina, að vistarbandið eigi sjer hvergi stað annarstaðar. Þetta er eigi rjett. Það eru til ýmisleg önnur bönd hjá öðrum þjóðum, þó ekki sje kölluð vistarbönd, sem jeg er viss um, að vinnufólk hjer vildi eigi taka á sig í stað vistarskyldunnar. Jeg vil í sambandi við þetta spyrja, hvort vinnufólk mundi vilja skipta á vistarbandinu og herþjónustuskyldunni, sem aðrar þjóðir hafa. Þeirri spurningu þori jeg fyrir mitt leyti hiklaust að svara neitandi.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) sagði hreint út það, sem er í huga margra manna, að allt sje frjálsara og betra í Ameríku en hjer. Ojæja — það getur vel verið, en þó skal jeg leyfa mjer að benda á það, að í Ameríku eru nýkomin út lög, sem mundu þykja hörð og óviðfeldin, ef alþingi Íslendinga hefði gefið út slík lög. Það eru Kínverjaútilokunarlögin, sem öðluðust gildi í Bandaríkjunum 5. maí í vor. Eptir þessum lögum á að reka út úr ríkjunum hvern einasta Kínverja, sem ekki hefir þegar látið »registrera« (skrásetja) nafn sitt, og fengið ljósmynd af sjer í hendur embættismönnum sambandsstjórnarinnar í bæ þeim, er hann hefst við í. Hver einasti Kínverji, sem á ólöglegan hátt hefst við í landinu, á eptir þessum lögum að sæta harðri hegningarhússvist. Þessi lög eru sem sagt ný-samþykkt og ný-út-

komin í frelsislandinu Ameríku, og mundi frelsisgörpunum miklu þykja ófrjálsleg hjer á Íslandi.

Eins og jeg tók fram í upphafi ræðu minnar, þá hefir h. framsögum. meiri hlutans (E. J.) svarað öllum helztu mótmælum, og finn jeg enga ástæðu til þess að taka neitt af því upp aptur.

Landshöfðingi: Nefndarálit það, sem hjer er til umræðu, sýnir, að það er einn aðalágreiningur á milli meiri og minni hluta nefndarinnar, sem sje um það, hvort landsháttum hjer á landi sje þannig varið, að vistarband sje nauðsynlegt eða ekki. Meiri hluti nefndarinnar hyggur, að það sje nauðsynlegt, en minni hluti hennar heldur því fram, að það sje eigi leidd næg rök að því, að nauðsynlegt sje, að fólk, sem er af bændastjett, sje skyldað til þess að vera í ársvistum. Jeg fæ eigi betur sjeð en að það sje eðlileg afleiðing af skoðun meiri hlutans, að þingið eigi ekki að aðhyllast stjórnarfrumv., heldur fella það. En meiri hlutinn hefir þó ekki farið fram á þetta beinlínis, heldur vill hann laga frumv. eptir sinni skoðun, og greiða úr með því að gera mönnum hægra fyrir að leysa vistarbandið, heldur en núgildandi lög heimila. En jeg fæ eigi sjeð, að ákvæði þau, sem meiri hluti nefndarinnar vill leiða í lög, sjeu í nokkru aðgengilegri en ákvæðin í tilskipun 26. maí 1863, um lausamenn og húsmenn á Íslandi. Meiri hlutinn vill að vísu lækka lausamennskugjaldið úr hundraði á landsvísu niður í 20 kr. fyrir karlmenn og úr ½ hundraði á landsvísu niður í 10 krónur fyrir kvennmenn, en svo bætir hann nýrri kvöð við, þar sem meiri hluti meiri hlutans vill, að þau hjú, sem í lausamennsku eru, skuli vera skyldug eigi einungs að hafa fast ársheimili, heldur og til að hafa ábyrgð húsráðandans, að borguð verði öll lögboðin gjöld, sem lausamaðurinn á að inna af hendi. Þetta, að hafa fast ársheimili og ábyrgð húsráðandans, er miklu erfiðari þröskuldur fyrir vistarbandsleysingunni heldur en það, að borga 40 kr. fyrir karlmenn og 20 kr. fyrir kvennmenn. Mjer finnst því tillögur meiri hluta meiri hlutans mjög óaðgengilegar og verri aðgöngu en hin núgildandi lög um þetta afni. Viðvíkjandi viðaukagreinunum skal jeg ennfremur taka það fram, að mjer er eigi ljóst, hvernig eigi að framfylgja því, að lausahjú hafi fast ársheimili. Jeg sje ekki, að sett sjeu nein ákvæði, sem gjöri lögreglustjóra mögulegt að halda þessum lausamönnum til að hlýðnast fyrirmælum laganna í því efni. Því til þess að honum sje það mögulegt, verður einhver hegning að liggja við, ef móti er borið, en það er ekki svo eptir nefndaruppástungunum, og ákvæðin í tilskipun 26. maí 1863 9. gr., leggja að eins sektir við flakki, svo þau geta eigi heimfærzt upp á vanrækslu, að tilgreina heimilisfang og húsráðanda.

Það er eðlilegt frá mínu sjónarmiði, að mjer falli betur við álit minni hlutans, að halda sjer við stjórnarfrumv., enda finnst mjer eigi vera nema um tvennt að gera, annaðhvort að fylgja tillögu minni hlutans og stjórnarfrumv. eða þá að fara að ráðum meiri hlutans og láta sitja við það sem nú er, eða jafnvel herða á.

Þar sem tekið hefir verið fram, að það væri kostur við tillögu meiri hlutans, að gjaldið væri borgað í styrktarsjóð alþýðu, og að menn með því keyptu sjer nokkurs konar lífsábyrgð, þá skal jeg benda á það, að það hefir enginn, sem greiðir fje til þess sjóðs, neina tryggingu fyrir því, að hann verði nokkurs aðnjótandi úr þeim sjóði.

Það hefir verið fundið að því ákvæði í stjórnarfrumv., að sá sem vill leysa

vistarband geti fengið leyfisbrjef til þess kauplaust, ef hann útvegar sjer meðmæli sveitarstjórnarinnar, þar sem hann hefir framfærslurjett, til að vera í lausamennsku. En jeg skal taka það fram, að þetta ákvæði er að eins frekara spor í þá átt að leysa vistarskylduna að öllu leyti, og byggt á því, að það sje eðlilegt, að sveitarstjórnin þar, sem hlutaðeigandi er sveitlægur, hafi atkvæði með um lausamennsku hans, þar sem það lendir á henni að taka við honum, ef hann verður ósjálfbjarga, en hins vegar getur opt svo staðið á, að maður, sem á börn fram að færa, geti betur unnið fyrir þeim í lausamennsku en í vinnumennsku, og þá er rjett, að honum sje gert ljett fyrir að fá lausamennskuleyfi.

Jeg ímynda mjer, að sveitarstjórnir og bæjarfjelög mundu eigi mæla með slíkri undanþágu nema þau álitu, að það mundi styðja að því, að hlutaðeigandi yrði þeim síður að handbendi.

Jeg fyrir mitt leyti álít heppilegra, að stjórnarfrumv. sje fellt, heldur en að menn aðhyllist tillögur meiri hlutans.

Framsögumaður minni hlutans (Skúli Thoroddsen): Af ræðu hæstv. landsh. skildist mjer, að hann bæri kvíðboga fyrir því, að tillögur meiri hlutans og þar með stjórnarfrumv. myndi ekki fá góðan byr hjer í deildinni, en jeg treysti því, að margir h. deildarmenn muni enn eiga eptir að taka til máls, og að þeir muni styðja þá stefnu, sem minni hluti nefndarinnar ræður til að fylgja; skal jeg svo fara nokkrum orðum um ræður þeirra framsögum. meiri hlutans (E. J.), og hinna annara, sem talað hafa á móti tillögum minni hluta nefndarinnar.

Það var þá fyrst h. 1. þm. Rangv. (Þ. G.) sem jeg þurfti nokkru að svara; hann tók það fram, að ef rýmkað væri um lausamennskuheimildina, þá myndu margir gjörast lausamenn, og ef þeim færi þá að líða betur, þá mundi það verða til þess, að það losnaði um þá og þeir færu til Ameríku. En þessu verð jeg algjörlega að mótmæla. Það er þvert á móti reynslan, að Ameríkuhugurin er mestur, þegar mönnum líður illa, þegar t. d. illa árar, en hverfur svo, eða liggur niðri, þegar þeim líður heldur betur; og þó að það sje auðvitað ekki allt af viðkvæði vesturfara, að þeir fari af landi burt vegna vistarskyldunnar, þá hefi jeg, og sjálfsagt fleiri, heyrt það, hve mjög menn kvarta yfir vistarskyldunni, og álíta betra að lifa í Ameríku, því þar sje maður þó frí og frjáls, og þurfi ekki að kaupa það ærnu gjaldi, að mega leita sjer atvinnu. Það er því frá mínu sjónarmiði einmitt mjög nauðsynlegt, að leysa vistarbandið, til að sporna við því, að menn streymi svo mjög til Ameríku, því að jeg treysti því, að því frjálsari og betri daga, sem menn eiga í sínu eigin landi, því kærara verði mönnum það, og því síður vilji þeir yfirgefa það.

Eptir því sem h. framsögum. meiri hlutans (E. J.) fórust orð, þá virðist mjer hann skoða þetta um of frá sjónarmiði bænda; en það er ekki alls kostar rjett; mjer skilst hann líta svo á, að bændur hafi rjett til að nota sjer vinnukrapt almúgans sem takmarkalausast, og því eigi að eins að hafa það fyrir augum, hvernig þeir geti það sem bezt; en þennan rjett hafa bændurnir því að eins, að þeir borgi vinnuna sem vert er; og lausamennska á einmitt að skapa þann rjetta kaupgjaldsmælikvarða.

Það er satt, og því neitar enginn, að mörgum líður vel í vistum; en hinir eru líka margir, sem heldur vilja vera sínir eigin herrar, og geta svo varið sínum tíma eptir sinni vild, geta verið

frjálsir og engum háðir, en eigi bundnir í ársvistum árlangt, þó að þeir kunni með því móti að fara einhvers góðs á mis, eða eiga örðugra uppdráttar en ella.

H. framsögum. meiri hlutans (E. J.) tók það og fram, að lausamennskugjaldið væri svo lágt, að það mundi ekki verða því til fyrirstöðu, að þeir, sem vildu leysast úr vistum, leystu leyfisbrjef; og jeg skal líka játa, að upphæðin er í sjálfu sjer lítil; en jeg vil þó benda á það, að þess eru mörg dæmi, að þeir, sem samkvæmt tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi, frá 26. maí 1863, geta eptir 20 ára vinnumennsku fengið leyfisbrjef fyrir einar 2 kr., láta þó opt bíða, jafnvel mörg ár, að leysa leyfisbrjef, þó að gjaldið sje ekki hærra, því að það er aðgætandi, að einmitt þessir menn, sem við nú erum að ræða um lög fyrir, eignast mjög sjaldan nokkra peninga, eða að minnsta kosti hafa þá ekki mikið handa á milli; kaupið fá þeir alloptast í innskript í kaupstað, eða í einhverjum munum, og þess vegna getur mjög lágt peningagjald orðið fráfælandi, eða að minnsta kosti orðið til að aptra því, að menn fari úr vistum í sjálftsæða stöðu.

H. framsögum. meiri hlutans (E. J.) tók það fram, að í þessu máli yrði að taka meira tillit til landbúnaðarins, en til sjávarútvegsins; en þessu get jeg alls ekki verið samdóma; það er mikið rjett, að landbúnaðurinn er góð og nauðsynleg atvinnugrein; en það sannast, að það verður þó ekki *hann*, sem kemur landinu upp í efnalegu tilliti; land vort er af náttúrunnar hendi fremur hrjóstrugt og fátækt, en sjórinn, umhverfis strendur lands vors, geymir gnægð auðæfa, og því verður aðaláherzlan og aðaltillitið að takast til sjávarútvegsins. Landbúnaðurinn er góður og nauðsynlegur stuðningur, en »kapítölin« skapar hann eigi. Lítum til útlendinganna, sem árlega flykkjast að ströndum Íslands svo þúsundum skiptir, og sækja þangað auð og afla. Þetta getum vjer Íslendingar líka, ef vjer höfum vit og krapta til þess, og það er þá fyrst, að landið kemst upp í efnalegu tilliti, og þá er líka vonandi, að landbúnaðurinn komist í gott horf, en tæplega fyr.

Hvað viðvíkur ábyrgðarákvæðinu, þá get jeg tekið undir með hæstv. landsh., að það er í alla staði óeðlileg kvöð, sem getur orðið mjög þung og tilfinnanleg fyrir lausamanninn, því að þegar hann fer að semja við bóndann um að ábyrgjast fyrir sig gjöldin, þá getur bóndinn sett honum stólinn fyrir dyrnar, t. d. sagt sem svo: »Jeg skal gera þetta fyrir þig, kunningi, en þú verður þá að róa á vertíðinni á bátnum mínum«, og þar fram eptir götunum; þetta getur í reyndinni orðið þyngri kvöð en þó að lausamaðurinn ætti, í eitt skipti fyrir öll, að borga 1 hndr. eða ½ hndr. á landsvísu, svo að jeg álít mjög athugavert, að lögleiða þessi ákvæði.

Að leggja lausamennskugjaldið í alþýðustyrktarsjóðinn sje jeg heldur enga ástæðu til, enda er þess að gæta, að eptir 15. gr. í tilskipuninni frá 26. maí 1863, þá ber hreppstjórum helmingurinn af slíkum gjöldum, og tillaga þessi fer þannig fram á það, að lækka laun hreppstjóranna, sem illa mega þó við því, ekki sízt þar sem störf þeirra verða aukin að mun, ef hinar aðrar till. meiri hlutans ná fram að ganga.

H. framsögum. meiri hlutans (E. J.) ljet í ljósi kvíða fyrir því, að ef fylgt væri sjórnarfrumv., þá væri stórt spor stigið til þess, að innleiða hið sama ástand, eins og væri í öðrum löndum, að því er snertir afstöðu verkamanna

við vinnuveitendurna, svo að hjer kynnu að fara að koma fyrir verkföll o. fl., sem þeim fylgir; en jeg vil svara þessu á þá leið, að jeg tæki því með fögnuði, að verkmannalýðurinn færi að hugsa nokkru meira um sig og sinn hag en verið hefir að undanförnu; og jeg er alls eigi hræddur við það, að það yrði almennt hjer á landi, að menn fari að gera »skrúfu«, að minnsta kosti myndi það, eptir því sem hjer til hagar, að eins verða í stærstu kaupstöðunum, og svo verður að taka tillit til þess, að hvar sem slík lífsmerki koma í ljós, þá leiðir þó optast eitthvað gott af þeim, því að ekkert er verra en deyfðin og áhugaleysið.

Þá tók h. framsögum. meiri hlutans (E. J.) það fram, að strjálbyggð landsins gerði það að verkum, að menn yrðu að fara varlega í það, að rýmka um rjettinn til lausamennsku, því að vegna hinna örðugu og slæmu samgangna yrði bændum svo örðugt, að fá sjer næga vinnukrapta; og það er líka vitanlegt, að strjálbyggðin er eitt af okkar aðal-meinum; en hún á að hverfa, og það er einmitt eitt af aðal-ætlunarverkum þings og stjórnar með vegabótum á landi og auknum samgöngum á sjó, að gera hana sem minnst tilfinnanlega. Aðalbótin verður vitanlega strandferðir, og því er nauðsynlegt, að styðja þær sem mest. Yrðu þær viðunandi, þá hverfur þessi erfiðleiki að miklu leyti, og þá ættu bændur hægra með, að fá sjer daglaunamenn úr fjarlægari hjeruðum.

H. framsögum. meiri hlutans (E. J.) hneyxlaðist mjög á því, að jeg nefndi vistarskylduna *tjóður*, eins og hjúunum væri haldið í þrælastöðu; en hann hefir misskilið orð mín, því að jeg hefi aldrei haft á móti því, að hjúin gætu átt góða daga og að þeim gæti liðið vel á góðum heimilum. Jeg nefndi vistarbandið að eins »tjóður« með tilliti til þess, hve óeðlilegt mjer finnst það, að lögin leggi haft á atvinnufrelsi einstaklingsins, og skyldi menn til að greiða fje, til þess að mega nota vinnukrapta sína, sem þeim þykir bezt henta.

Þá held jeg, að jeg hafi svarað því helzta, sem mjer fannst athugavert í ræðu h. framsögum. meiri hlutans (E. J.), og vil að lokum að eins láta þá von mína í ljósi, að ýmsir deildarmenn muni enn taka til máls, og styðja þá frjálslyndari stefnu, sem felst í tillögum minni hluta nefndarinnar og stjórnarfrumv., svo að það nái fram að ganga.

— Þegar hjer var komið, var eptir uppástungu forseta samþykkt, að hætta umr. og slíta fundi.

Tuttugasti og fimmti fundur, laugardaginn 29. júlí. Allir á fundi.

Frumv. til laga um breyting á 2. gr. á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 (C. 105, 278); frh. 2. umr.

Þorlákur Guðmundsson: H. framsögumaður meiri hlutans (E. J.) hefir misskilið orð mín í gær, þar sem jeg talaði um ófrelsi; það meinti jeg eingöngu til vistarbandsins út af fyrir sig, en alls ekki til almenns ófrelsis, eða miður góðrar meðferðar á hjúum almennt frá húsbænda hálfu. Það er ekki af því, að það sje skoðun mín, að meðferð á hjúum sje svo slæm hjer á landi, hún er stórum betri en á næstliðinni öld og fyrri hluta þessarar aldar, og hefir hagur þeirra því að mörgu leyti verið bættur. Menn gjöra meiri kröfur til lífsins nú í seinni tíð, og hafa kjör hjúa batnað við það, og frá því stafar það að nokkru leyti, að menn almennt kvarta nú á tímum yfir því, að hjúa-

haldið sje dýrara nú en fyr. En það er vistarbandið, sem hamlar. Jeg skoða þetta að eins frá sjónarmiði almennra mannrjettinda; það er skylda þessara tíma, að leysa þetta band að minna eða meira leyti.

En verður sá sem er í vist betur að sjer en sá, sem laus er? Verður hann færari hvað snertir verkhyggni og annað? Hjer á landi eru menn opt í vist á afskekktum stöðum fleiri ár allt frá barnæsku, þar sem lífið er fáskrúðugt og einstrengingslegt með tilliti til atvinnu og vinnubragða, en getur þar fyrir liðið allvel til fata og matar; en sálin er í nokkurs konar einhýsi. Þar að auki eru búnaðarhættir nokkuð misjafnir í hinum ýmsu hlutum landsins. Það mætti skoða þetta frá öðru sjónarmiði, og gjöra bændum enn þá erfiðara að halda daglaunamenn en nú er gjört, með því leggja á þá eitthvert gjald til þess að þeir mættu halda daglaunamenn, og binda það enn fremur við víst aldurstakmark, og að þeir hefðu búið svo eða svo lengi; það væri í líku hlutfalli og vistarbandið er hjúum nú; en engum mun þó detta í hug að gjöra þetta.

H. 2. þm. Húnv. (B. S.) hefur misskilið mig á sama hátt og framsögumaður (E. J.), þegar jeg minntist á ófrelsið í gær í ræðu minni. Tilvitnun hans í amerísk lög frá í vor, sem munu vera frá 5. apríl þ. á., stendur því alls ekki í neinu samræmi við orð mín eða þetta mál.

Hjer er talað um að rýmka um frelsi verkamanna hjer á landi, en hin amerísku lög eru sett til þess að vernda atvinnurjett innborinna þegna gegn útlendingum, er keppa við þá um vinnuna, og er hvorttveggja mikilsvert. En það er sitt hvað. Setjum svo, að Kínverjar kæmu hingað til Reykjavíkur og byðu niður alla vinnu; vjer yrðum þá að setja hin sömu lög eða önnur því um lík. Það hefur verið kvartað yfir, að Færeyingar gjörðu sjer nokkuð dælt t. d. á Austfjörðum, en löggjöfin um bátafiski á fjörðum er gefin út að nokkru leyti með tiliti til þeirra.

En heimilisfang verður að vera; án þess getum vjer ekki verið. Það væru miklar missýningar af gömlum bændum og hreppsstjórum, ef þeir gætu eigi sjeð, hverja þýðingu heimilisfangið hefir; það þarf ekki að fara að kenna mjer og h. þm. Rangv. (Þ. G. og Sighv. Á.) og mörgum fleirum í þessari h. deild, bæði bændum og prestum, sem lengi hafa fengizt við sveitarstjórn, þetta. Við höfum praktiska þekkingu í þeim efnum. Frá hverju sjónarmiði, sem jeg lít á málið, þá álít jeg aðalskilyrðið fyrir því, að frumv. þetta verði til bóta, að mönnum sje gjört að skyldu að hafa fast ársheimili, og væri eins gott að fella frumvarpið algjörlega, sje því sleppt.

Jeg vil að endingu benda á, hvaða þýðingu það hefur í framkvæmd núgildandi laga um óskilgetin börn, og meðgjöf með þeim frá feðrum þeirra, að mönnum er gjört að skyldu að hafa fast ársheimili o. m. fl.

Jón Jónsson, 2. þm. N.-Múl.: Jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, að mín skoðun væri sú, að rjett væri að leysa alveg vistarbandið á þann hátt, að afnema alveg lausamannagjaldið, en þó með því skilyrði, að lausamenn yrðu skyldaðir til að hafa fast ársheimili. En þrátt fyrir það, þó jeg álíti í sjálfu sjer rjett að leysa svona vistarbandið, eins og jeg hefi bent til, þá hef jeg ekki viljað koma fram með breytingaratkvæði, þess efnis, að afnema alveg lausamannsgjaldið. Jeg vil taka tillit til þess, að það er talsverður hluti þjóðarinnar, sem óttast afleiðingarnar af því, ef svona langt

væri gengið í vistarbandsleysingunni, og sjerstaklega vil jeg taka tillit til þess, að það eru mjög margir í mínu kjördæmi, sem eigi vilja afnema vistarbandið. En jeg er samdóma h. þm. V.-Skaptf. (G. G.), að með ákvæðinu í síðari málslið 1. gr. sje vistarbandið að mestu leyti leyst. Jeg treysti því, sem þegar er búið að sýna sig í verkinu, undir hinum núgildandi lögum, að það sje svo ríkt í rjettarmeðvitund þjóðarinnar, að lausamannsgjaldið sje óeðlilegt gjald, að það mundi verða svo í flestum tilfellum, að lausamenn fengju leyfisbrjef borgunarlaust. Jeg vil því halda mjer til stjórnarfrumv. óbreytts, eins og minni hlutinn ræður til.

Jeg vil með fáum orðum minnast á mótbárur þær, sem komið hafa fram gegn ákvæðum frumv. Í stjórnarfrv. er gjört ráð fyrir, að lausamennskuleyfið sje bundið við 20 ára aldur, og jeg álít það aldurstakmark mjög hæfilegt, af því að á því reki munu allflestir vera búnir að fá þann andlegan þroska, að þeir geta nokkurn veginn sjeð fyrir ráði sínu, eins vel og þótt þeir væru 25 ára.

Svo er líka þess að gæta, að það hafa komið fram sterkar raddir hjá þingi og þjóð um það, að fullveðja aldur eigi að vera bundinn við 21 ár, og fer því stjórnarfrumv. í þessu tilliti í sömu átt og vilji þings og þjóðar stefnir.

Jeg vil taka það fram, að það er föst sannfæring mín, að margir muni verða í fastri vist eptir sem áður þó leyst sje vistarbandið, því það eru og verða ætíð til margir menn, sem er það eðlilegra að vera allt af kyrrir á sama heimilinu, og aptur aðrir, sem eru svo gerðir, að þeir vilja heldur vera lausir, og gera hvorttveggja: vinna sjálfum sjer og öðrum meira gagn með því, að vera eins og þeim er eðlilegast, og þess vegna verður það að mínu áliti rjettast og hollast fyrir þjóðina, að láta engin lagabönd hindra verkamenn frá að leita sjer atvinnu sinnar á hvern hátt, sem þeim er eðlilegast, og þeir álíta sjálfum sjer hollast og arðmest.

Aptur er jeg samdóma meiri hluta meiri hlutans hvað ákvæðið í 3. gr. snertir, því jeg hefi jafnan haft þá skoðun, að það væri rangt, að lausamenn hættu við að hafa fast ársheimili; hafa umræður ekki sannfært mig um hið gagnstæða.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) sagði, að ef ársvistin væri band, þá væri ársheimilið það líka. En þetta er mjög villandi og rangt hjá h. þingm., og mjer er óskiljanlegt, að hann, svo skarpur maður, skuli leyfa sjer að koma fram með slíka fjarstæðu. Með því að vera í ársvist er verkmaður skyldur til að vinna hjá húsbónda sínum fyrir ákveðið árskaup öll þau verk, sem húsbóndinn skipar. En með því að hafa ársheimili, er verkamanni frjálst að vinna hvar sem hann vill, á heimilinu, eða utan heimilis, fyrir hvert það kaup, sem honum kann að bjóðast. Hann þarf að eins að eiga heimili til þess að einhversstaðar sje aðgangur að honum, til að ná gjöldum þeim, er lögboðið er að hann greiði, og til þess að hafa einhversstaðar höfði sínu að halla, ef hann þrýtur vinnu, eða brestur heilsu til að vinna.

Ef þetta er athugað, þá liggur það í augum uppi, hve mikill munur er á ársvist og ársheimili. Ársheimilisskyldan er að mínu áliti ekkert atvinnuband, en ársvistarskyldan er mikið og óeðlilegt atvinnuband. Það hafa ýmsir h. þingm., þar á meðal h. samþingismaður minn, framsögumaður meiri hlutans (E. J.) sagt, að þeir hefðu aldrei heyrt

nokkurn verkamann segja, að hann færi til Ameríku fyrir það, að hann þyrfti að borga lausamannsgjald, ef hann mætti eigi leita atvinnu sinnar á þann hátt sem hann áliti hollast. En jeg verð að lýsa því yfir, að jeg hef opt, margopt, heyrt hið gagnstæða. Jeg hef heyrt bæði konur og karla af verkmannalýðnum segja: »Ef jeg fæ ekki að vera í lausamennsku, þegar jeg vil, þá fer jeg óðara til Ameríku, því þar hef jeg fullt atvinnufrelsi, það eitt er víst, hvað sem um Ameríku er að segja að öðru leyti. En þó mjer sje gjört að skyldu að hafa heimili, það er ekkert hapt á atvinnu minni. Jeg vil eiga heimili til þess, að geta verið þar, en ekki á fláekingi, þegar jeg annaðhvort get ekki fengið vinnu, eða get ekki unnið vegna heilsulasleika«. — Jeg skal ekki neita því, að það geta verið til þeir menn, sem eru þeir slæpingar og að svo miklu illu kunnir, að húsbóndi vilji ekki ábyrgjast skyldugjöld þeirra, en öllum nýtum mönnum verður alhægt að fá ársheimili og ábyrgð húsbænda fyrir skyldugjöldum sínum, og jeg get svo greitt atkvæði með 4. gr. í breyt.till. meiri hluta meira hlutans, því þó að jeg sje hlynntur atvinnufrelsi, þá geta verið til þeir slæpingar, sem hafa allra manna vantraust, og sem af öllum eru svo illa þokkaðir og sem ekki er vert að styðja að, að geti verið lausir; en ekki er 4. gr. mjer kappsmál, en það er mjer 3. gr.

Það hefur verið sagt, að verkamenn mundu leita meira að sjónum í góðu árunum, ef bandið væri leyst. Það getur vel verið að svo verði. Hver getur aptrað því nú? Dugir vistarbandið til þess að hindra menn frá að fara að sjónum, þegar góð aflaár koma? Nei, alls ekki. Það er svo og verður svo, hvernig sem lögin eru, að vinnufólk dregst mest þangað, sem það hefir bezta atvinnu. En ef vinnufólk bindur sig í ársvist í sjáfarplássunum, þá getur það orðið tilfinnanlegur skaði fyrir það, ef ekkert aflast næsta ár.

H. samþingismaður minn (E. J.) sagði, að eptirlitið frá lögreglustjórninni hefði verið svo sljótt í þessu efni hingað til. En af hverju hefur eptirlitið verið svo sljótt? Af því það hefur verið rótgróið í meðvitund þjóðarinnar, að þessi lög væru eigi samkvæm þessum tímum, nje þeirri frelsisstefnu, sem smátt og smátt er að ryðja sjer rúm. Jeg er samþykkur h. meiri hluta meiri hlutans í því, að það mundi verða mjög svo óþægilegt, ef menn hefðu eigi fast ársheimili, þar sem mjög er erfitt að fást við heimilislausa menn eptir núgildandi lögum.

H. samþingismaður minn (E. J.) kom með dæmi, sem hann hefði verið heyrnarvottur að í gær, um það, hve óþægilegt, væri að fást við heimilislausa menn, þegar um þeirra viðskipti væri að ræða. En þetta dæmi, að kaupmaður kvarti undan því, að eiga viðskipti við menn, sem ekki eiga heimili, það sýnir einmitt, hve ársvistarskyldan er gagnslaus, og lagaákvæðin um hana fótum troðin.

Og hví vilja menn þá vera að halda í lög, sem eru svo bersýnilega brotin? Það hefur verið talað um, að mikið djúp mundi verða staðfest milli húsbænda og hjúa, ef leyst yrði um vistarbandið; en þetta djúp er nú þegar farið að myndast, og það á eigi rót sína í því, að búið sje að losa um vistarbandið, heldur í því, að húsbændur og hjú hafa með menntuninni orðið sjálfstæðari en fyr og hvorir fyrir sig farið að hugsa meir um sinn hag, hefir þeim því optar borið á milli og sambandið þess utan eigi orðið eins innilegt og það var áður. Það er skoðun mín, að sje vist-

arbandinu haldið, þá muni eptir því djúpið stækka.

Jeg vil að endingu lýsa því yfir, að jeg þrátt fyrir allar þær umræður, sem hjer hafa orðið, greiði atkvæði með stjórnarfrumv., eins og minni hlutinn ræður til, því það er mikilsvert spor í þá átt, sem jeg álít að stefna eigi.

Sighvatur Árnason: Mjer verða manna dæmi, þótt jeg tali fáein orð í máli þessu og gjöri grein fyrir atkvæði mínu. Þegar jafn misskiptar eru skoðanir um eitthvert mál eins og þetta bæði á þingi og heima í hjeraði, því að þar má heita, að eins margar skoðanir hafi komið fram í því eins og þingmálafundir hafa verið margir á landinu, þegar svo er ástatt með eitthvert mál, segi jeg, þá má heita að það sje ótímabær burður. En líklega fær það þó framgang á einhvern hátt, nú á þessu þingi.

Jeg vil að eins í stuttu máli taka það fram, hvernig jeg muni greiða atkvæði í því, án þess að fara að mun út í ástæður mínar; því ræður manna eru þegar orðnar svo langar og ítarlegar á báða bóga, að málið er orðið vandlega skoðað frá hinum ýmsu hliðum þess.

Sný jeg mjer þá að frumv. og er þess þá að geta, að jeg er með breytingunni á aldurstakmarkinu, að miða það við fullveðja aldur. Aptur á hinn bóginn er jeg með stjórnarfrumv. um upphæð borgunarinnar fyrir leyfisbrjefið 10 kr. og 5 kr. Þar næst er jeg með því, að haldið sje síðasta lið 1. greinar, þó jeg hefði að vísu kosið, að niðurlagið hefði verið öðru vísi orðað, en ekki hef jeg þó borið fram breyt.till. í þá átt.

Jeg er ekki heldur mikið á móti 2. gr. og að hún sje samþykkt eins og hún er, því að ef menn eru ekki búnir að átta sig á því, að fá lausamennskuleyfi frá krossmessu til manntalsþings, þá er ekki mikil hætta fyrir þá hina sömu, að vera í vist næsta ár.

Þá sný jeg mjer að breyt.till. meiri hlutans, og er þá fyrst að ræða um, hve nær leyfisbrjefið skuli tekið, það er atriði sem ekki hefir mikla þýðingu, þó er ef til vill rjettara að halda sjer að fyrra takmarkinu, því að vinnuhjúaskildagi er sumstaðar haldinn fyrri en 14. maí.

Að því er 1. lið viðaukatillaganna snertir, held jeg að rjettast sje, eins og þar er ætlazt til, að gjaldið renni í styrktarsjóð handa alþýðufólki, því að úr því þessir styrktarsjóðir eru komnir á löglegan fót, þá álít jeg rjett að hlynna að þeim, svo að þeir geti því fyr farið að ná tilgangi sínum, því að annars mega menn þess lengi bíða fram í tímann.

Þá kem jeg að þeirri grein, sem á að verða 3. gr. frumv. Jeg er fullkomlega með því sem hún fer fram á, því að eigi lausafólkið ekki fast ársheimili, má segja um það, að það sje innan lands og utan laga.

Á þessu þingi er verið að ræða um að leggja nefskatt á menn handa kirkjum; frá þessu lausafólki mundi sá skattur verða fremur ljettur á metunum, ef það ætti ekki fast ársheimili; jeg veit ekki hvar ætti að taka hann af því, ef það hefir hvergi fast heimili; það getur þó ekki gengið að taka hann af því í öllum þeim kirkjusóknum, sem það vinnur í, máske ekki nema 1—2 daga. Jeg segi þetta engan veginn til þess að gera gys að nefskattinum, heldur til þess að sýna fram á, hvílíkum vandkvæðum það yrði bundið, að heimta hann af ársheimilislausu lausafólki, og svo mundi verða líkt með önnur gjöld, sem því bæri að greiða, sveitfesti o. fl., sem allt yrði á ringulreið.

Mjer sýnast ekki vel samrýmanleg-

ar skoðanir þeirra manna, sem ekki vilja hafa fast ársheimili lausamanna, en vilja þó láta leggja nefskatt á fólk yfir höfuð; mjer finnst þar brotið niður með annari hendinni, það sem byggt er upp með hinni.

Þá kem jeg til 4. gr. viðaukatillögunnar. Þar hefir verið talað um, að ábyrgð húsbændanna legði svo mikið haft á lausamennina til að geta fengið fast heimili. Jeg játa, að hjer sje um töluvert atriði að ræða, ef húsbóndinn á beinlínis að ábyrgjast gjöld lausamannsins, án þess að hafa neinn annan fyrirvara um það. En húsbóndinn þarf ekki annað en setja lausamanninum strax þetta einfalda skilyrði, að selja sjer í hendur fáeinar krónur, svo að hann hafi þær til taks, ef hann þarf að greiða gjöld lausamannsins, þegar hann er í fjarveru eða ekki viðstaddur; þetta er ekki, með þessu ráði, fráfælandi fyrir lausamanninn, og með því er girt fyrir að húsbóndinn bíði halla við ábyrgð sína, og þá er það litlum vandkvæðum bundið fyrir bændur, að lofa lausamanninum að telja sjer heimili hjá sjer.

Mjer getur ekki dulizt að ástæður hafa verið teygðar nokkuð langt með og móti í máli þessu, þar sem t. d. var sagt um atriði það, er jeg minntist síðast á, að nálega væri loku skotið fyrir að lausamenn fengju fast heimili, ef þetta ábyrgðar-ákvæði hjeldist.

Jeg hefi þegar stuttlega athugað þau atriði, sem umræðurnar hafa einkum snúizt um, og sem mesta þýðingu hafa í máli þessu, því að þær greinir sem á eptir fara, og tala um brot gegn lögum o. fl., hafa ekki valdið ágreiningi.

Framsögumaður meiri hlutans (Einar Jónsson): Í gær kom fram við umr. málsins ein athugasemd almenns eðlis, sem jeg ætla að minnast á. H. framsögum. minni hlutans (Sk. Th.) kvað ekki eiga að gera landbúnaðinum hærra undir höfði í þessu máli en sjáfarútveginum, af því að það væri viðurkennt, að auðmagn það, er Ísland gæti ödlast, lægi í sjónum. Þetta er alls eigi sannað enn; þó get jeg gengið inn á, að þetta sje skoðun, sem hafi mikil líkindi við að styðjast, og að sú reynd verði á, að sjáfarútvegurinn blómgist svo, að hann dragi vinnulýðinn frá landbúnaðinum, svo að hann bíði hnekki af, og hann, ef til vill, býsna tilfinnanlegan, en jeg vona, að hann rjetti þó við aptur, og get vel hugsað mjer, að það verði með styrk frá sjávarútveginum, eptir að hann hefir tekið verulegum þroska. Þetta er að vísu spádómar einir, sem geta rætzt og ekki rætzt; en víst er það, að eins og nú stendur, er landbúnaðurinn atvinnuvegur langtum fleiri manna en sjáfarútvegurinn, og því er rjettara að taka meira tillit til hans í þessu máli, er snertir hann svo mjög. Sjáfarútvegurinn er enn ekki kominn í það horf, eins og jeg hefi fyr tekið fram, að næg ástæða sje til að leysa vistarskylduna, í þeim tilgangi að fólk geti streymt að sjónum; það er fyrst ástæða til þess, þegar hann er kominn í það horf, að sjáfarsveitirnar geta tekið á móti straumnum þangað, án þess að hafa skaða af honum, og án þess að þurfa að senda hópa manna með 2 hendur tómar af höndum sjer upp í sveitirnar, hvað lítið sem á bjátar. En þrátt fyrir þá skoðun, sem jeg hefi látið hjer í ljósi um sjáfarútveginn og landbúnaðinn, vildi jeg óska, að það sannaðist aldrei, að eins lítið auðmagn liggi í landbúnaði Íslendinga eins og h. 1. þm. Ísf.(Sk.Th.) virtist gera ráð fyrir, og hann gæti staðið sem lengst að miklu leyti jafnfætis sjáfarútveginum, og hefi jeg líka góða von um það.

Að svo mæltu vil jeg minnast sjer-

staklega á eitt atriði, sem er mjög athugavert í sambandi við þetta mál, og það er strjálbyggð þessa lands; hún leiddi oss meirihlutamenn nefndarinnar meðal annars til að fara þann veg, sem vjer höfum farið. Ef vistarbandið er leyst, þá má gera ráð fyrir að bændur hafi ekki almennt fast vinnufólk, og þó getur það optsinnis orðið mikill tímamissir og talsvert fjártjón, sökum strjálbyggðarinnar, að leita upp verkafólk til vinnunnar; vjer höfum sjeð, að þar sem bændum einhverra orsaka vegna hefir gengið illa að halda vinnufólk og orðið mestmegnis að bjargast við daglaunamenn, þar hefir búskapurinn viljað ganga skrykkjótt, og þess eru dæmi, að hann hefir rjett við þegar þessum sömu mönnum hefir farið að heppnast að halda föstu vinnufólki. Þetta er glöggt þæmi þess, hve skaðlegt það muni vera fyrir bændur, ef föst ársvist er afnumin. Strjálbyggðin er líka töluvert íhugunarverð, skoðuð frá sjónarmiði lausamannanna. Vegna hennar hlýtur einatt að ganga allmikill tími og fje í súginn fyrir þeim við það, að leita sjer atvinnu. Í sambandi við þetta datt mjer í hug flakkið, sem ýmsir ætla að mundi aukast, væru menn almennt lausir. Það mun erfitt að mótmæla því með rökum, að afnám vistarskyldunnar mundi leiða til þess, því að það eru mikil líkindi til þess, að lausamenn mundu á þeim tíma, sem þeir ættu óhægt með að fá atvinnu, eða kærðu sig ekki um að fá vinnu, fara að ferðast um landið undir því yfirskyni, að þeir sjeu að leita sjer atvinnu. En ekki mundi jafnan auðvelt að ná í slíka umferðarmenn og fara með þá sem flakkara, því að ekki mun þykja gott að meina lausamönnum að fara um hjeruð og leita sjer atvinnu. Þetta ferðalag kemur í bága við hina alkunnu íslenzku gestrisni, mönnum er ekki sýnt um að úthýsa nje selja greiða, og jeg býst við að almenn greiðasala muni seint komast hjer á; það skyldi vera að það yrði þegar umferðin er orðin þyngri byrði en svo, að bændur geti risið undir henni. Í sveitum er ekki heldur hægt að vísa á veitingahúsin eins og í kaupstöðum; bændur neyðast opt til að gera eitt af tvennu, annaðhvort veita ferðamanninum beina og gistingu, eða að úthýsa honum, og þannig, ef til vill, stofna lífi hans í háska. En sú mundi raun á verða, að margur úr lausamannaflokki hefði ekki fje til að borga beina og gistingu með. Það má að vísu segja, að bóndinn geti látið hann vinna það af sjer, en vel má vera að hann beri þá að garði, er bóndi hafi enga þörf fyrir vinnu hans, en eigi sje hægt að ná í hann, þegar hennar er þörf; og vonandi er að þess sje langt að bíða, að bændur gangi svo hart að gestum sínum, að þeir taki af þeim plögg þeirra eða sokka fyrir næturgreiðann, eins og ferjumaðurinn gerði forðum. Einmitt þetta er mjög veruleg ástæða móti algerðri leysing vistarbandsins. Það má að vísu segja, að í stjórnarfrumv. sje ekki farið fram á fulla leysing vistarbandsins, en verði niðurlagsákvæði 2. gr. samþykkt, þá álíta formælendur afnáms vistarbandsins, að það sje að mestu leyst, og því álít jeg rjett að tala hjer um fullt afnám vistarskyldunnar og afleiðingar þær, sem það mundi hafa í för með sjer.

Hæstv. landsh. tók það fram í gær, að viðaukatill. okkar tveggja meiri hl. manna mundu gera lögin næsta óaðgengileg, og að ábyrgð sú, sem í 4. gr. er heimtuð, mundi verða lausamönnum dýrari en svaraði þeim 40 kr., er lausamennskugjaldið lækkaði. Jeg get ekki fallizt á að þessi ákvæði sjeu svo ströng, því að það mun verða svo yfir höfuð

eins og h. samþingism. minn (J. J.) tók fram, að áreiðanlegum mönnum mun ekki veita erfitt að fá ársheimili, þótt húsbændur þeirra sjeu skyldir að greiða lögboðin gjöld fyrir þá, ef þeir bregðist; en jeg veit ekki hvort einu sinni minni hlutinn vill; að óreiðumennirnir sjeu lausir, að minnsta kosti mun hann óska, eigi síður en meiri hlutinn, að þeir greiði sín lögboðin gjöld; og lítil ástæða virðist til að hlynna að óáreiðanlegum mönnum, svo þeir geti sloppið undan gjöldum. Ef það er viðurkennt, eins og jeg vona að hljóti að vera, að áreiðanlegir menn eigi hægt með að vera lausir þrátt fyrir ákvæði 4. gr., þá er ekki um þá að tala; en það er einmitt vegna óáreiðanlegu mannanna, að það er sett, og jeg vona að menn viðurkenni líka, að þeirra vegna sje þörf á því. Við ætlum húsbændum og lausamönnum að eigast við um gjald þetta. Jeg álít að húsbændur yfir höfuð hafi svo mikinn þroska, að þeir geti sett lausamönnunum þau skilyrði, að þeir bíði ekki tjón við lausamannahaldið.

Hæstv. landsh. tók það fram, að ákvæðin um refsingar lausamanna væru óglögg. Jeg kannast við, að svo geti verið; mun jeg taka það til íhugunar til 3. umr.

Mjer er ekkert kappsmál með ákvæði meiri hlutans um það, hve nær lög þessi skuli öðlast gildi, nje um það, hve nær lausamenn skuli hafa leyst leyfisbrjef sitt; oss þótti að eins eðlilegt, að lögin kæmust í gildi á næsta ári, áður en hjúaskildagi byrjar, svo að lausamenn gætu verið búnir að fá lausamennskuleyfið fyrir þann tíma, og bændur fá fregnir um, hverjir lausir mundu verða, og löggildingartímann vildum vjer ákveða fyrir maíbyrjun, af þeirri ástæðu, að vinnuhjúaskildagi er 3. maí á miklum hluta landsins, þótt hann sje 14. maí annarsstaðar. Jeg get líka sagt, að okkur tveimur úr meiri hlutanum er ekkert kappsmál um lausamennskugjaldið, hvort það er heldur 10 kr. eða 20 kr., og 5 kr. eða 10 kr., ef að eins ákvæðin í viðaukatillögunni fá framgang, því að jeg álít gjaldupphæðina ekki aðalspursmálið, heldur trygging þá, sem í viðaukatillögunum er fólgin. Vjer hölluðumst að vísu fremur að hærri upphæðinni, og það vildum vjer láta koma fram.

H. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) minntist á það djúp er vaxandi þekking og vaxandi sjálfstæði mundi gera milli húsbænda og verkmanna. Jeg vona, að aukið sjálfstæði hafi ekki vond áhrif á samband milli húsbænda og verkmanna, og jeg verð að álíta það ranga menntun og villtan þroska, er slíku yrði ollandi. Hann áleit og eptirlitsskort lögreglustjóra sprottinn af því, að það lægi í rjettarmeðvitund þeirra, eigi síður en annara, að lausamannalögin væru ekki rjettlát. Það getur satt verið, að nokkuð sje til í þessu, enda höfum við viðurkennt að gjaldið sje of hátt, og því viljað láta færa það niður í 10 kr. og 20 kr., en þá er jafnframt komin ný ástæða til að herða á eptirlitinu, og hún eiginlega því meiri, því lægra sem gjaldið er sett. Það er ekki gott að segja, hvaða áhrif þessi lög kunna að hafa á húsmennskutöku lausamanna, en hingað til munu menn þó stundum hafa ráðizt í húsmennsku, af því að lausamennskugjaldið hefir fælt þá frá lausamennsku, og fái tillögur meiri hlutans framgang, þá hygg jeg að lausamannalöggjöfin verði ekki meiri annmörkum bundin en húsmannalöggjöfin er nú. En satt er það, að nú er hægra í peningalegu tilliti að verða húsmaður en lausamaður.

Að endingu skal jeg geta þess, að prentvilla hefir slæðzt inn í 4. lið viðaukatillögunnar. Þar stendur: »þau« í staðinn fyrir: »hana«. Í raun og

veru er þetta að eins orðabreyting, sem mundi mega laga við atkvæðagreiðsluna.

Halldór Kr. Friðriksson: Það er búið að tala mikið í máli þessu, og hafa menn eigi orðið á eitt sáttir. Þetta, að skoðanir manna í máli þessu geta eigi samrýmzt, og eru svo ólíkar, sýnir það og sannar, að það er ekki búið að hugsa þetta mál svo vel sem þarf, að það er ekki búið að ræða það og skoða út í æsar, eins og þörf er á. Einn þingmálafundurinn vill leysa vistarbandið, annar ekki. Einn þingmaðurinn vill það, hinn ekki; þetta sýnir, að málið er ekki þjóðarvilji, sem menn núna á tímum eru ávallt að staglast á, svo mjer liggur við að greiða atkvæði á móti því öllu saman eins og það liggur fyrir.

Það er eitt, sem er undarlegt við þetta allt saman, og það er það, að það eru bændurnir sjálfir, sem eru að berjast fyrir, að þessari vistarbandsleysingu verði komið á, en ekki þeir, sem eiga að njóta þessarar rjettarbótar, sem þeir nefna. En hver er að biðja bændurna að vera að því að vista til sín hjú? Hver skyldar þá til þess að vera að því að ráða vinnuhjú til sín í ársvist? Ef þeir endilega vilja ekkert vistarband hafa, þá held jeg, að þeim sje innan handar að hafa ekkert vistráðið hjú, en láta daglaunamenn vinna allt fyrir sig. Þetta er ekki komið frá hjúanna hendi. Nei, það er komið frá þessum frelsisgörpum, sem ávallt eru að tala um frelsi, um bönd á frelsi manna; þeir þola engin bönd nema þau, sem þeir leggja sjálfir á. Það er opt einkenni á þessum frelsisgörpum, sem stöðugt þykjast vera að berjast fyrir frelsi þjóðanna og einstaklinganna, að þeir verða verstu harðstjórarnir, þegar þeir hafa tekið stjórnartaumana og völdin eru komin í þeirra hendur.

Það er alveg rjett, sem Bismarck sagði við mótstöðumenn sína: »Hverju eru þið að berjast fyrir? Þið eruð að eins að berjast fyrir því að ráða sjálfir«. Slíkt og því líkt kemur mjög opt fram. Jeg get eigi sjeð, að neitt hafi komið fram, sem sýni, að nauðsyn þessa hjúafrelsis sje komin inn í hugsunarlíf þjóðarinnar. Jeg skal að vísu játa það, að tilskip. 26. maí 1863 setur þeim, sem verða vilja lausamenn, nokkuð harða kosti, og það gæti verið ástæða til að lina þá nokkuð, en það er annað en að nema þá tilskip. alveg burt. Jeg ætla, að þessi tilskipun sje alveg numin burt og vistarbandið alveg leyst, ef þau ákvæði, sem þetta frumv. fer fram á, verða að lögum. Það ákveður 10 kr. fyrir karlmenn, en 5 kr. fyrir kvennmenn; en hvað er það? Það er svo sem alls ekki neitt. Jeg er á því máli, að rjett sje, að nokkuð sje rýmkað til fyrir hjúunum núna fyrst, en að taka slíkt stökk sem þetta er, get jeg eigi verið samþykkur. Jeg er ekki fyrir stóru stökkin. Jeg er sannfærður um það, og hef reynslu fyrir því, að ef nú er allt gefið laust, þá muni hljótast af því allmikil vandræði. Þeir, sem segja, að úr því verði engin vandræði, segja það af því, að þeir þekkja ekkert til þess og vita því eigi hvað þeir segja. Þeir sem hafa lengst af æfinni verið við sjó ættu að þekkja það eins vel og 2. h. þm. N.-M. (J. J.), sem aldrei hefir verið við sjó, varla sjeð sjó. Það mundi hljótast af því stór vandræði við sjóinn, en einkum yrðu þó sveitabændur hart úti, því undir eins og slík lög kæmu eins og þessi, þá mundi hver, sem vetlingi gæti valdið, streyma að sjónum og bændur standa uppi ráðalausir og vinnukraptalausir, til þess að reka sína atvinnu, landbúnaðinn. Það hefir verið sagt, að mikill auður væri í sjónum, og það er

satt; en það er líka mjög mikill auður í landinu, ef jörðin er vel ræktuð, og sá auður er, ef skynsamlega er að farið, miklu vissari og áreiðanlegri en hinn, sem svo opt hefir brugðizt og mun bregðast, eins og reynslan hefir sýnt. Það hefir verið tekið fram, að auðurinn væri fljótteknari úr sjónum; en hvernig stendur þá á því, að þeir, er við sjóinn búa, eru eigi efnaðri en sveitabændur? Sjáfaraflinn getur verið mikill, ef heppnin er með; en það verða þó allir að játa, að það eru líka margir, sem eigi bera þar mikið úr býtum. Af þessu getur hver maður sjeð, að það er öldungis fráleitt að sleppa gjaldinu með öllu og gefa allt laust. Jeg skal eigi vera á móti því, að það sje nokkuð lækkað, og þess vegna felli jeg mig helzt við tillögu meiri hluta nefndarinnar, og ætla jeg þó, að stigið sje stórt spor. Jeg get eigi skilið, að ef lausamennskugjaldið kæmist niður í 20 kr. og 10 kr., að það þurfi að fæla nokkurn frá því að ganga í lausamennsku. Jeg ætla eigi að tala neitt um síðari hluta 1. gr., þar sem ákveðið er, að menn geti sloppið við gjaldið, ef sveitarnefndin mælir með; en mig furðar stórlega á því, að hæstv. landshöfðingi skyldi fara að afsaka það, eða mæla þeirri grein nokkra bót. Það gefur hverjum manni að skilja, að ef einhver lítilfjörlegur ónytjungurinn, sem jeg kalla »slóða« eða »slæping«, biður sveitarnefndina um meðmæli sín til þess að losast við gjaldið, þá gefur hún honum það undir eins. Hún hugsar sem svo, að þeir með því einu móti geti losnað við hann, því þá geti svo farið, að hann festist annarstaðar. Þm. þurfa eigi að brosa að því, því þegar heiðvirðir menn svo þráfaldlega gefa nestu slóðum vottorð um, að þeir sjeu beztu og duglegustu menn — þetta kemur fyrir á hverju ári í Reykjavík —, þá má sjá, hvernig það verður, þegar í sveitina kemur, og þegar sveitarnefndirnar hugsa sem svo: getur verið, að hann bjargist áfram, meðan hann er á bezta skeiði og meðan hann er að ná sveitfesti annarstaðar, og vjer svo losnum við hann. Jeg held því fast fram, að gjaldið sje eigi sett minna en meiri hluti nefndarinnar leggur til, og að síðari hluti 1. gr. falli burt. Um afleiðingar þær, sem leysing vistarbandsins hefði í för með sjer, á enginn hægra með að dæma um en Reykjavík.

Þegar talað er um, að það þyki of hátt aldurstakmark að hafa það 25 ára aldur, og því haldið fram, að 20 ára aldurinn sje heppilegri, þá get jeg eigi skilið, að 8—9 ára eða tímabilið frá 16—25 ára aldurs sje of langur tími fyrir hjúin til þess að læra almenn verk á, og undirbúa sig undir lífsstöðu sína. Enn fremur var það sagt í gær, að hjú lærðu ekkert í slæmri vist. En hver biður hjúin að vera í 8—9 ár í slæmri vist? Þeim er innan handar að skipta um verustað og vist á hverju ári, og þeim er þá innan handar að velja þá staði, sem beztir eru og þau læra mest á. Það er engin samkvæmni í því, að binda við 20 ára aldur; það er miklu eðlilegra, að binda það annaðhvort við 18 ára aldur, þegar þau eru hálfmyndug, eða við 25 ára, þegar þau eru fullveðja. Jeg álít, að hjúin hafi gott af að vera í föstum vistum í 8—9 ár, því ef þau fara undir eins burt úr vistum, munu þau lítið hafa lært og minna reynt. Jeg ætla því 25 ára aldurinn hæfilegan, því að það getur hver og einn sjeð, að hjú innan 20 ára snerta ýms verk aldrei og læra þau því aldrei, ef þau verða laus, og þess vegna get jeg ekki betur sjeð en að 25 ára aldurinn sje hið rjetta takmark.

Að því er hinar þrjár viðaukagreinir meiri hlutans snertir, þá eru þær alveg bráðnauðsynlegar, ef ætlast á til,

að hreppsnefndirnar eigi nokkurn eyri vísan hjá honum. Hann getur farið burt, og hreppsnefndin veit svo ekkert, hvert hann er kominn. Húsbóndinn veit, hvert hann fer, en sveitarstjórnin ekki, og hann getur náð þeim gjöldum, sem lausamaður á að inna af hendi hjá honum áður en hann fer. Það er t. a. m. í Reykjavík. Við missum mörg bæjargjöld, af því að þegar á að fara að ná þeim hjá mönnum, þá hafa þeir verið komnir austur á land eða eitthvað út í buskann, og vitum ekkert, hvar þeir eru niður komnir, og enginn getur sagt til þeirra. Ef einhver ætti að ábyrgjast borgun þessara gjalda, þá munu þeir síður sleppa; þó þetta væri auðveldara viðfangs í sveitum en það er hjer, þá yrði það örðugt samt. Þetta þarf engum vandkvæðum að vera bundið fyrir húsbóndann; hann þarf eigi að sleppa lausamanninum fyr en hann hefir borgað honum það, sem honum ber. Þessar greinar líta í fljótu bragði nokkuð hart út, en þegar betur er að gætt, þá sjest, að þær eru eigi harðar í raun og veru. Jeg ætla svo eigi að fjölyrða meir um þetta. Jeg hef þegar lýst minni skoðun, sem er öldungis eins og jeg tók fram við 1. umr. Jeg sje eigi neitt í tillögum meiri hlutans, sem jeg geti fellt mig við, en ef því verður breytt, vildi jeg helzt fleygja því öllu burt.

Framsögum. meiri hl. (*Einar Jónsson*): Jeg ætla að eins að taka það fram, að það ákvæði, að hafa fast ársheimili, eins og viðaukatill. gerir að skyldu, höfum við sett af því, að í tilskip. 26. maí 1863 er eigi talað um annað en að lausamenn eigi að hafa fast heimili. En þegar þetta er borið saman við vinnuhjúalögin, þá er auðvelt að sjá, að lausamenn þurfa eigi eptir þeirri tilsk. að vera skrifaðir sem heimilismenn allt árið á sama staðnum, því eptir vinnuhjúalögunum mega vinnuhjú eiga 12 heimili á ári eða 24, ef svo ber undir. Eins opt getur lausamaður haft heimilaskipti, ef eigi er nákvæmar ákveðið en í tilskip. 26. maí 1863. Þetta er því verra viðfangs, þar sem hreppsnefndin eigi má taka tillit til minni en 4 mánaða atvinnutíma, þegar hún jafnar niður gjöldum, og eigi leggja útsvar á lausamann, nema hann hafi dvalið í sama hrepp um langan tíma. Af þessu gæti leitt það, að lausamaður gæti smokkað sjer undan að greiða þau gjöld, sem honum ber, en tilgangur greinarinnar er, að tryggja það, að lausamaður borgi öll lögboðin gjöld. Ennfremur höfum við sett 25 ára aldurstakmark, af því okkur fannst það eðlilegt, að það, að hann yrði laus og liðugur, færi saman við það, að hann yrði fullveðja. Það var talað um á þingi 1890, að færa fullveðja aldurinn, og ef það yrði gert, þá væri heldur ekkert á *móti* því, að eins væri gjört við aldurstakmark til lausamennsku.

Björn Bjarnarson: Umræðurnar í þessu máli hafa verið þannig, að mjer dettur í hug þetta orð: »Spámaður mikill er upp risinn meðal vor«; en hjer má hafa það í fleirtölu, því spámaður er ekki einn, heldur eru þeir margir. Allar umræðurnar hafa verið spádómar um óorðna hluti, um ástand, sem verða mun á ókomnum tíma, án þess byggt hafi verið á sönnum rökum, leiddum af ástandi því, sem nú er, eða eðlilegum líkum byggðum á því. Þó jeg hafi nú um stund setið hjer mitt á meðal hinna mörgu »stóru spámanna«, hefi jeg enn enga spámannlega andagipt öðlazt, og verð því að líta á málið frá veruleikans sjónarmiði, byggja skoðun mína á því, sem jeg hefi sjeð og reynt, og verð var við daglega.

Jeg sje það þó daglega, að hver maður sem vill, karl eða kona, sem unnið

getur fyrir sjer, er vistlaus að nokkru eða öllu, og fer hvert á land sem er, án þess að hirða um lög nje lof í því tilliti, og án þess að gjalda fyrir það 5 eða 10 kr., því síður hálft eða heilt hundrað á landsvísu. Þannig er það að minnsta kosti hjer á suðurlandi, þar sem jeg er kunnugastur. Lausamannalögin eru því orðin dauður bókstafur, sem hvorki yfirboðnir nje undirgefnir hirða um hið minnsta, sem enginn virðir að neinu. Af þessu dreg jeg þá ályktun, að slík lög, sem svo eru fyrirlitin, sjeu ekki hafandi lengur; úr því lögin eiga sjer engan stað í rjettarmeðvitund manna, eru þau orðin úrelt og sjálfdauð, og ætti þá jafnframt að afmá þau af blöðum lögbókanna.

Sama er að segja um vistarbandið; það er orðið fúið og slitið, svo ekki er lengur hægt að hanga í því. Það mundi því vera hyggilegra, að breyta þessu í það horf, sem betur á við þennan tíma. Að halda óbreyttum þeim lögum, sem almenningur brýtur, án þess að álíta það vanza, og löggætendur treystast eigi að beita, er þjóðspillandi. Betra er að afnema þau, svo menn sjeu frjálsir að því að gera það, sem þeir gera, samkvæmt eðlilegri tilfinningu um sjálfsögð rjettindi sín.

Það er alkunnugt, að nú ráða menn hjú til sín með samningum; aðrir, sem engan vistarsamning gera við neinn húsbónda, eru lausamenn — og borga það engu. Jeg tæ ekki sjeð, að neitt sje því til fyrirstöðu, að slíkir samningar takist eptir sem áður milli húsbænda og hjúa, þó að lausamannalöggjöfinni verði breytt eða gjaldið lækkað. Ef það er ekki nema 5—10 kr., er líklegt að nokkuð fáist inn af því; það væri þá ekki tilfinnanlegt og minni ástæða til undanbragða en nú; og lítið er betra en ekki neitt.

Jeg get aðhyllzt það, að í frumv. sje bætt ákvæði um heimilisfang lausafólks, í það minnsta að svo sje ákveðið, að það borgi þar lögboðin gjöld, sem það dvelur ákveðinn tíma af árinu.

Að öðru leyti skal jeg ekki tefja tímann með því að lesa upp fyrirfram, hvernig jeg muni greiða atkvæði um breyt.till.; það sjest þegar þar að kemur.

Benedikt Kristjánsson: Það var að eins stutt athugasemd, sem jeg vildi leyfa mjer að gjöra áður gengið væri til atkvæða í þessu máli. Það hafa þegar verið teknar fram hinar helztu ástæður með og móti frumv. og breyt.till. þeim sem komið hafa við það, svo að jeg finn ekki ástæðu til að fara frekara út í flest atriðin; en að eins vil jeg snúa mjer að því einu, hvort sje rjettara að binda lausamennskuleyfið við fullveðja aldur eða 20 ára aldurstakmarkið, eins og gjört er í stjórnarfrumv. Það kom fram fyrir nokkrum árum síðan og var samþykkt af þinginu frumv. um að færa fullveðja aldurstakmarkið niður og binda það við 21 árs aldurinn, en stjórnin synjaði því staðfestingar. Af hvaða ástæðum hún gjörði það má á sama standa; en afleiðingin er, að þetta takmark er enn bundið við 25 ára aldur. Þó þetta takmark sje svo hátt, þá eru þó svo mikil lagaleg ákvæði og rjettindi, sem standa í sambandi við það, að nægileg ástæða er til að binda þetta leyfi við fullveðja aldurinn. Þeir sem ekki eru fullveðja hafa ekki rjett til að gjöra samninga svo gildir sjeu, nje takast á hendur ábyrgð og annað slíkt, og þessvegna getur það verið ýmsum erfiðleikum bundið fyrir þá, og óeðlilegt að láta þá hafa þetta leyfi þar sem þeir eru bundnir við umsjón annara hvað eignir o. fl. snertir. Gera má ráð fyrir að lausamenn fari víða um land og eigi ýmisleg viðskipti við menn, sem ekki

vita annað en að fullveðja sjeu og geti því gert löglega samninga; má þá svo verða, að þeir bíði mikið fjártjón af. Breytist fullveðja aldurstakmarkið, þá sje jeg ekkert á móti því að þetta leyfi fylgi með, og álít jeg því rjettast eins og meiri hluti nefndarinnar stingur upp á, að binda það ekki við víst aldursár, heldur að eins við fullveðja takmarkið.

Jens Pálsson: Mál þetta hefir fengið þær undirtektir hjer í deildinni, að óvíst þykir, hvort hún vilji fylgja með h. stjórn í því, að stíga þetta stórmikla spor fram til frelsisnota og framfara fyrir þjóðfjelagið, þetta spor, sem stjórnin á sannarlega þakkir skilið fyrir að stíga, samkvæmt því sem bent var á á síðasta þingi. Það hafa komið fram ýmsar skoðanir á þessu máli og það hefir verið rætt frá ýmsum hliðum, eins og líka er rjett, nauðsynlegt og eðlilegt, þegar um slíkt stórmál er að ræða. Jeg stóð upp til að benda á eina hlið þessa máls, sem ekki hefir verið skoðuð eða rannsökuð svo, að komið hafi ljóslega fram í umræðunum.

Jeg ætla þá að byrja á því, að íhuga hvernig vjer Íslendingar erum staddir móts við aðrar þjóðir, það er kemur til þjóðfjelagslegs þroska, sjálfstæðis og sjálfbjörgunar eða í einu orði sjálfstæðrar baráttu fyrir tilverunni og framförunum. Þegar jeg kem að þessu atriði, þá verð jeg að skoða, hvað Íslendinga sem einstaklinga og sem þjóð vantar, hvað tilfinnanlegast, og af hverju það stafar. Jeg vil segja: oss vantar hvað tilfinnanlegast þrek og kjark, samfara sjálfstæðisanda, því ef vjer hefðum meir af þessum dyggðum þá stæðum vjer sannarlega betur að vígi, þá værum vjer betur færir um að heyja baráttu lífsins. Öll vor starfsemi og allt vort stríð er barátta fyrir lífinu, eins og lífið er í sínum stóru dráttum barátta fyrir tilverunni. Þessi barátta er þess lögmál, hún er það lögmál sem vjer allir verðum að beygja oss undir, og í þessari baráttu er það lífsspursmál að duga sem bezt, en þá er og nauðsynlegt að hver einstaklingur geti neytt sem bezt krapta sinna, og til þess þarf hann að hafa sem lausastar og óbundnastar hendur, sem mest má verða annara vegna, svo hann með öllum sínum kröptum óskertum geti starfað sem mest, aflað sjer sem mestu.

Hjer í h. deild bryddir nú á töluverðum ærðisskorti og kjarkleysi til að leysa þau bönd, sem hefta þetta. Það bendir einnig greinilega á lítilsigldan hug, hversu lengi vjer höfum haldið í þetta band, sem allar menntaþjóðirnar í kringum oss fyrir löngu hafa losað sig við, og hversu ýmsum er sárt um það, þegar reynt er til að losa það af oss. Af því svona er ástatt, að sjerhver er skyldugur til að vera í ársvist, nema hann borgi fje mjög mikið í samanburði við efnahaginn, leiðir það, hve erfitt ungir menn eiga með að koma sjer í sjálfstæða stöðu og eignast nokkuð. Ungmenni, sem annaðhvort ekki sjálf vilja ganga í vist til að vinna hvað sem fyrir fellur, eða sem foreldrar af einhverjum ástæðum ekki vilja láta í vist, þarf að hlaða undir fram eptir öllum aldri. Hinum unga manni er ekki frjálst að leita sjer atvinnu öðruvísi en sem hjú, fyrr en seint og síðar meir, og það fyrir ærna borgun, ef til vill mestan hlut af því fje, sem hann hefir dregið saman. Þetta, að menn eiga svo illt með að fá að beita kröptum sínum sem sjálfstæður liður í keðju þjóðfjelagsins, að menn erú háðir þessu óeðlilega bandi, (jeg segi ekki þjóðurbandi, svo það hneyxli engan, heldur bandi), þetta dregur úr mönnum dug til að ráðast í að berjast áfram upp á eigin spýtur, í öruggu trausti til sinna

eigin krapta. Jeg álít að það sje rangt »princip«, að hafa allt svona þvingað. Principið í lífinu ætti að vera þetta:

»Ráddu þjer sjálfur, vertu frjáls, en annastu þig sjálfur og ábyrgztu þig sjálfur«.

Þetta er skilyrðið fyrir því að einstaklingnum geti vaxið þrek og áræði, en það vantar mikið á að þjóðin sje vel stödd að þessu leyti. Það þarf eigi annað en líta til skýrslnanna um fjölda sveitarómaganna, og þess, hve mörg heimili hjer á landi leita fátækrastyrks þá er að þrengir, eða á þann hugsunarhátt, að menn geti eigi lifað nema að vera skuldugir, að menn þurfi að skulda til þess að geta lifað. Jeg segi að þetta sje eigi þreklegur andi hjá þjóðinni. En þó jeg setji þetta sem princip, þá má enginn skilja orð mín svo, að jeg vilji nema burt úr stjórnarskránni þau mannúðarákvæði, sem tryggja mönnum hjálp annara í nauðum, enda er það fjarskamikið millibil milli þess, að geta krafizt hjálpar af fátækrasjóði nær sem skort ber að hendi, hversu sem hann er tilkominn, og hins, að fara á mis við allan rjett til fátækrastyrks, hversu sem á stendur. — Fátækrastyrkur innan vissra takmarka er í sínum fulla rjetti.

Þegar jeg lít á þá hlið þessa máls, sem jeg nú hef leitazt við að draga fram, þykir mjer með frumv. þessu mikilvægt spor stigið, er leiða mundi til sjálfstæðis og þroska einstaklinga þjóðfjelagsins. Þetta spor vill h. stjórn nú stíga, samkvæmt þeim vilja þjóðarfulltrúanna, er fram kom á síðasta þingi, og er það viðurkenningarvert.

Það hafa komið fram mörg andmæli gegn þessu frv., sem eigi virðast hafa mikið við að styðjast. Sumir álíta vistarbandið ekkert band, aðrir álíta að það hafi engin áhrif á hugi manna, er til þess kemur að velja á milli þess, hvort menn vilja vera hjer heima kyrrir eða flytja vestur um haf. Enn eru þær ástæður, að þetta komi of snemma; en ætti að taka þessar mótbárur til greina, þá mundi þetta spor seint stigið. Að þetta sje eigi komið inn í hugi manna og meðvitund, er hægra að segja en sanna; að minnsta kosti er það fjöldi hjúa, eigi að eins karlmenn heldur einnig konur, þ. e. þau sem hafa krapt og dug til þess að hugsa um sín eigin og þjóðarinnar mál, sem hafa undarlega þráð það, að þetta yrði leyst af þeim. Þau hafa verið að tala um þetta við mig, spyrja mig hvort jeg hefði ekki von um, að þetta fengist bráðum, og látið í ljósi að þau þráðu það, og beðið mig að styðja að því. Jeg er sannfærður um, að ef þessi flokkur væri kallaður til að greiða atkvæði í þessu máli, þá yrði yfirgnæfandi meiri hluti, sem vildi fá leyst af sjer þetta band. Það hefur verið haft sem ástæða, að þm. hefðu svo skiptar skoðanir í þessu máli, og þar sem þeir sýndu að nokkru leyti almannaviljann hver í sínu kjördæmi, þá mætti af því ráða, hversu mjög svo sundurleitar skoðanir væru á þessu máli víðsvegar á landinu. Jeg geng inn á það, að vilji þingmanna í þessu máli sýni vilja kjósenda, og af því að meiri hluti bænda í sumum kjördæmum vill halda hjúaflokknum í landinu, þá er eðlilegt að sumir fulltrúarnir sjeu og tregir til að leysa það gersamlega. En hjúin eru ekki kjósendur til þings, og fyrir því sanna skoðanir þingmanna hreint ekkert um vilja hins fjölmenna vinnuhjúaflokks í þessu tilliti, — og þar eð sá flokkurinn þráir leysing bandsins og meiri hluti bænda mun líka aðhyllast lausnarstefnuna, þá er þó sannarlega kominn tími til að leysa margnefnt vistarband.

Út af því, hvort vistarbandið eigi

ekki allmikinn þátt í því, að gjöra menn óánægða með þetta land og beina hug þeirra til Ameríku, dettur mjer í hug að segja dálitla sögu af mjer og gömlum greindum bónda í Mýrasýslu. Jeg var á ferð vestur í Dali fyrir mánuði síðan, og kom til hans. (*G. G.* o. fl.: Nú, hver var það?) Jeg get gjarnan nefnt nafn hans, það var merkisbóndinn, hreppstjóri Sigurður í Litlu-Gröf. Jeg átti stutt tal við hann um landsmál og þar á meðal þetta, og spurði hann um álit hans á því. Hann sagði: »það *á* að leysa vistarbandið og það sem fyrst«; hann kvað það reka fólkið til Ameríku.. Þessu til sönnunar kvaðst hann nýskeð hafa fengið brjef frá ungum efnismanni vestan úr sýslunni. Þessi maður hafði verið fyrirvinna hjá ekkju, sem bjó áfram búi sínu eptir lát manns síns. Nú ljezt ekkja þess í vor fyrir krossmessu, og var búinu sundrað eða selt. Maðurinn vildi þá ekki ganga í venjulega ársvist og sótti til sveitarstjórnar um leyfi til að vera lausamaður án borgunar, en það gat hann auðvitað ekki fengið. Þá segir hann: nú fer jeg til Ameríku, það er ekki annað fyrir mig að gjöra, því jeg vil ekki ganga í vist, og hjer fæ jeg ekki án þungra útgjalda að vinna fyrir mjer sem frjáls maður. Síðan fór hann vestur ásamt tveim systrum sínum, eða að minnsta kosti ætlaði sjer það, er jeg talaði við Sigurð.

Þó Ameríka sje mikið gyllt fyrir sakir landgæða og frjósemi, hærra kaupgjalds og annara hluta, þá er það sjerstaklega eitt, sem gengur mikið í augu manna, og það er frelsið, atvinnufrelsið, gjaldfrelsið; það er það hnoss sem glóir sem gull, og sem flestir girnast og leita að. Þó Íslendingar fyrir vestan haf geti aldrei setið á sárshöfði, þá er það eitt — einungis eitt — sem þeir eru einhuga um að standi þjóð vorr fyrir þrifum — þeir kalla það kúgun; mjer óar við að nefna það svo; eitt mikilvægt atriði í þeirri hugmynd er vistarbandið. Það er sannarlega eðlilegt, þó vinnulýðurinn standi illa að vígi, þar sem mönnum á þennan hátt er fyrirmunað fram eptir öllum aldri að geta grætt fje, hverjum eptir því sem honum bezt líkar; þeir verða óánægðir og álykta sem svo: vistarbandið hvílir á mjer og mjer er þar með meinað að græða fje; fari jeg til Ameríku, þá er jeg þar óbundinn og get frjáls beitt kröptum mínum.

Það hefir verið tekið fram, að ef vistarbandið væri leyst, þá mundi kaupgjaldið hækka; en jeg er ekki sannfærður um að svo muni fara; það kynni ef til vill að verða svo í byrjuninni, en brátt mundi sú hækkun taka við sjer aptur, og með vaxandi sjálfstæði, frelsi og þroska, mundi samvinnan milli bænda og verkmanna, eða vinnuviðskiptin, ná eðlilegri rás.

Með hinum auknu rjettindum mundu verkmennirnir vakna til að taka meiri þátt í almennum málum og fyrirtækjum, og finna sjer skylt að bera fjelagsbyrðar með bændum; þá færu þeir líka að hugsa um að leggja upp fje til að nota það síðar sem borgarar og liðir í mannfjelaginu.

Þar sem jeg er á þessari skoðun, þá er eðlilegt að jeg hallist að skoðun minni hlutans, að bezt væri að afnema vistarbandið með öllu, en þar eð það þó er nauðsynlegt að ganga eigi svo langt í þetta sinn, þá verður það svo að vera; það er »malum necessarium« sem verður að beygja sig fyrir, þó það sje á móti »principinu«. Hvað snertir viðaukatillögur meiri hlutans í 3. gr., að menn skuli skyldir til að hafa ársheimili, þá get jeg ekki sjeð neina þörf á því, og þar sem í 4. gr. er tekið fram, að húsráðendur skuli ábyrgjast

gjöld fyrir lausamenn, þá er jeg hæstv. landshöfðinga samdóma um, að slíkt sje ógjörlegt, og gjöri mönnum mjög erfitt fyrir, svo að fjöldinn færi þá á mis við þau gæði sem lögin annars veita, enda er það alveg á móti því principi, sem jeg áður tók fram, að lögbjóða mönnum að kasta ábyrgðinni af sjer yfir á aðra. Þegar ungir menn vilja verða sjálfum sjer ráðandi, og fúslega taka að sjer skyldur mannfjelagsins jafnframt þeim rjettindum, sem það veitir, þá eru þeir tortryggðir fyrir fram; það er að tilefnislausu heimtuð af þeim ábyrgð, að þeir ekki svíkist undan að bera byrðarnar; þetta er til að drepa niður sjálfstæðis- og sómatilfinningu þeirra; það ætti þó helzt að vera hlutverk laganna að byggja hana upp og auka sem mest. Þetta finnst mjer alveg óhafandi, jeg get ekki kallað það annað en að með þessu sje það tekið burt með vinstri hendi, sem gefið er með þeirri hægri, og mun jeg því greiða atkvæði á móti þessum viðaukum.

Jeg hef svo eigi meiru við að bæta, en er sessunaut mínum (J. J. N.-M.) alveg samdóma um ástæður þær, sem hann tók fram, og get gjört þær að mínum.

Jón Jónsson, þingm. A.-Skaptf.: Jeg skal ekki tala margt, en vil þó gera eina athugasemd við ræðu h. þm. Dal. (J. P.). Ræða hans fannst mjer vera full af fögrum hugsjónum, en að miklu leyti fyrir utan og ofan hið verulega líf.

H. þm. Dal. (J. P.) talaði mikið um frelsi og vildi fylgja fram þessari setningu: »Ráddu þjer sjálfur, en ábyrgztu og annaztu þig sjálfur«. Hún lætur mjög vel í eyrum. En hann talaði nú mest um fyrri liðinn, að menn ættu að fá að ráða sjer sjálfir. Hitt kom ekki eins greinilega fram hjá honum, hvernig ætti að haga þessu svo, að þjóðfjelagið biði eigi þyngsli af. En það er þó mestur vandinn, að sjá, hversu það má verða, eða hvort það er unnt hjer á landi, að fylgja setningunni út í yztu æsar. Það er almenn regla, að þegar aukin eru rjettindi, þá aukast einnig skyldurnar að sama skapi. Væri það eigi, mundi nokkur hluti manna bíða halla af og það verða þjóðfjelaginu til skaða. Það er fallegt að heyra menn lofa frelsið, en því má eigi gleyma, að það getur aldrei verið ólögbundið. Það er band á sjálfræði manna að vera í þjóðfjelagi, þar sem lögbundið skipulag ræður fyrir því, hvernig afstaða einstaklingsins er gagnvart heildinni.

Þegar jeg nú lít á vistarbandið, þá dylst mjer það ekki, að þörf er á að losa nokkuð um það samkvæmt kröfum tímans. Allur vandinn er að minni hyggju, að segja, hvort allt skuli leysa í einu, eða hve mikið skuli losa um það. Væri vistarbandið nú leyst allt í einu, er jeg hræddur um, að af því mundu standa mörg vandræði. Mundi þó einkum verða rugl á gjöldum til landssjóðs og sveitarsjóða o. s. frv., ef enginn vissi um heimili svo margra manna, sem lausamenn mundu verða. Mjer þykir því full ástæða til að reisa ríkar skorður við því, að allt komist á ringulreið. Um leið og vinnufólki er gefið meira frelsi, þá verður að auka skyldur þess. Nú hafa húsbændur margar skyldur gagnvart hjúum sínum, eiga að halda þau og hjúkra þeim, ef þau verða veik, og fleira þess háttar. Þetta fyrirkomulag er nú orðið rótgróið í meðvitund þjóðarinnar, og hitt ekki síður, að veita beri vegfarendum húsaskjól og fæði, þótt þeir hafi lítið fyrir að gefa, og styrkja þá af sveitarsjóði, er hafa ekki annað athvarf. Það er því alls ekki sjálfsagt, að allir lausamenn mundu svo fljótt finna til sjálfsábyrgðar þeirrar, sem frelsinu þarf að

fylgja, heldur gæti auðveldlega farið svo, að vistlausir ráðleysingjar og ónytjungar yrðu hinum starfsamari og ráðsettari meðbræðrum sínum að byrði. Jeg veit ekki vel, hvernig fátækramálum er skipað í öðrum löndum, en víst er um það, að þar er meiri eymd fátæklinga og fleiri þjást þar af bjargarskorti. Þótt þeir lifi án vistarbands þar, þá líður þeim víða engu betur, og lítur helzt út fyrir, að skyldurnar, sem fylgja frelsi þessu, sjeu of þungar fyrir mikinn fjölda manna.

Af því að jeg álít mál þetta mjög þýðingarmikið fyrir land og lýð, þá er það mitt ráð að hrapa ekki að breytingum. Vegur meiri hlutans þykir mjer heppilegastur, þegar á allt er litið. Gjaldið er raunar nokkuð hátt, og mun jeg þar hallast að minni hlutanum, en rjett er það að minni hyggju, að það falli í almennan styrktarsjóð verkamanna. Af þeim sjóði geta auðvitað lausamenn fengið styrk, engu síður en vistráðið vinnufólk. Í flestum greinum er jeg samþykkur meiri hluta meiri hlutans, og mun jeg greiða atkvæði samkvæmt því.

Framsögumaður minni hlutans (Skúli Thoroddsen): Umræðurnar eru orðnar all-langar um þetta mál, og er það eðlilegt, því að mál þetta er mjög svo þýðingarmikið, og nátengt öllum hag þjóðarinnar; það er því mjög mikið undir því komið, að því verði vel og hyggilega ráðið til lykta.

Það var tekið fram af einum h. þm. við umræðurnar um mál þetta í gær, að það væri ótímabær burður, af því að skoðanir þjóðarinnar um það væru enn svo mjög á reiki; en jeg hefi nú kynnt mjer nokkuð skoðanir þær, sem fram hafa komið á þingmalafundunum í þessu efni, og skal jeg ekki neita því, að skoðanir manna eru mjög misjafnar; en eitt kemur þó all-flestum þingmálafundunum saman um, og það er um það, að eitthvað verði að gjöra, að breyta verði til, með því að það ástand, sem nú er, þykir öllum óþolandi. Ja, jeg sje, að h. forseti hristir höfuðið, en það er þó satt, sem jeg segi. (*Forseti*: Jeg má biðja h. þm. að blanda mjer ekki inn í ræðuna. Jeg á ráð á höfði mínu eptir minni eigin vild). Auðvitað; en jeg vildi að eins láta þess getið, að það er eitt kjördæmi, kjördæmi h. forseta, sem ekki hefur á þingmálafundi sínum minnzt á þetta mál með einu orði; öll sú hreifing, sem gengið hefir eins og vekjandi loptsvali yfir öll önnur kjördæmi landsins, hún hefur farið þar alveg fyrir ofan garð eða neðan; Norður-Þingeyingar hafa beina leið látið svo, sem þeir ekki vissu, að mál þetta var ofarlega á dagskrá, og að það hlyti að koma til umtals á alþingi.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) þótti það óeðlilegt, að bændur skyldu nú hreifa þessu máli, en ekki hjúin. En einmitt í því atriði, að það eru bændurnir, sem á þingmálafundunum krefjast þess, að losað sje um vistarbands-hlekkina, felst sterkasta sönnunin fyrir því, að vistarbandsskyldan hafi lifað yfir sinn tíma. Bændur finna það, að ársvistarskyldan er óeðlilegt hapt á atvinnufrelsi manna, og að það muni verða báðum pörtum í hag, að löggjöfinni sje breytt í þessu efni.

Sveitarfjelögin hljóta líka opt og einatt að kenna á því, hve óþjáll fjötur ársvistarskyldan er; hve mörg börn koma t. d. eigi á sveitarsjóðinn, af því að foreldrar þeirra eru neyddir til að ganga í ársvistir? Vinnumaðurinn, og einkum vinnukonan, sem fengið hefur sjer krakka í lausakaupum, sem kallað er, á örðugt með að greiða barnsmeð-

lag af litlu kaupi, kannske 30—40 kr., en mundi leggja meira af mörkum, til þess að fullnægja framfærsluskyldu sinni, ef hún mætti basla fyrir barni sínu sem bezt hún gæti, og vera sjálfrar sín.

Jeg þekki þess mörg dæmi, að menn hafa leitað til mín sem sýslumanns, og spurt, hvort þeir mættu ekki vera í lausamennsku, án þess að leysa leyfisbrjef, þar sem þeir treystust eigi til að hafa ofan af fyrir börnum sínum á annan hátt. En jeg hefi auðvitað orðið að svara, að lausamannatilskipunin 26. maí 1863 gerði alls ekki ráð fyrir því, að menn gætu leyst sig undan vistarskyldunni með því, að geta barn í lausaleik. En jeg hygg, að flestir muni verða að játa, að þetta sje hart og óeðlilegt.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) tók það fram, að það væru að eins »þessir frelsisgarpar«, sem flyttu þetta mál; en sje svo, þá verð jeg að segja, að mig furðar það stórum, hvernig h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) hefir snúizt í þetta mál, því að mig minnir ekki betur en að jeg hafi lesið það í einhverju blaði, að á þingmálafundum þeim, sem voru haldnir hjer í bænum í fyrra haust, á undan alþingiskosningunni, hafi h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) verið farinn að lofa því, að styðja hvers konar frelsi; og þessum ummælum blaðanna hefur h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) ekki mótmælt, svo að jeg verð að ætla, að orð hans hafi verið rjett hermd; og þegar fregnin um þetta barst út um landið, fögnuðu menn og urðu glaðir yfir því, að »gamli Gladstone« væri upprisinn meðal vor, því að allir vita, að stjórnmálaskoðanir Gladstone's hafa gengið í frelsis- og framfaraáttina.

H. 1. þingm. N.-Múl. (E. J.) áleit, að landbúnaður, annar aðal-atvinnuvegur þjóðarinnar, myndi bíða stórtjón af leysingu vistarbandsins, og þess vegna þykir honum það ósvinna, að losa um hnútana; en þingm. gætir þess ekki, að einmitt í þessum orðum hans felst játning fyrir því, að vistarbandið sje ranglátt gagnvart vinnulýðnum, því að því að eins myndi vinnufólkið sækja að sjónum, að sjáfarútvegurinn borgi því betur stritið en landbúnaðurinn er fær um.

Meiri hlutinn færir það sem eina aðal-ástæðu fyrir þeirri tillögu sinni, að binda aldurstakmarkið við fullveðja aldur, að komið hafi til tals, að færa fullveðja aldurinn ofan í 20 ár; en nú er þetta lítil meðmæling í augum minni hluta nefndarinnar, því að þó að farið sje að skrafa um það hjer á þinginu, að hafa lögaldurstakmarkið 20 ár, þá getur nú liðið ár og dagur, áður en það kemst í kring, eða fær samþykki landstjórnarinnar, ef miða má við það, hvernig lagastaðfestingarnar ganga í ýmsum öðrum málum; það er því bezt að halda óbreyttu því ákvæði, að lausamennskuleyfið skuli fást, þegar maður er 20 ára, en ætla ekki upp á hina óvissuna. Jeg álít líka, að menn á þeim aldri hafi náð nógum þroska, til að ráða sjer sjálfir, og sjá sjer farborða. Eptir þeim lögum, sem nú gilda, er hverjum manni heimilt, að ráða sig í vist, þegar hann er fullra 16 ára, og hver tvítugur maður má kvongast; en hafi 16 ára unglingur þroska til að velja sjer vist, og tvítugur maður sje talinn bær um að ganga í þá »heilögu hjúskaparstjett«, og sjá fyrir konu og börnum, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að tvítugur maður hafi og nægan þroska til að vera lausamaður, og leita sjer atvinnu, þar sem honum líkar.

Það er enn eitt atriði í máli þessu, sem enginn hefir tekið fram, en sem mjer finnst þó þess vert, að tekið sje til íhugunar; ef vjer látum öllum frjálst,

að neyta krapta sinna á þann hátt, sem þeim er eðlilegast, þá munu fleiri komast í álnir. En því fleiri sem verða sjálfbjarga í efnalegu tilliti, því fleiri munu festa ráð sitt og kvongast. Myndi þá fjölga fólki í landinu, og á því er sannarlega full nauðsyn, til þess að fylla að nokkru leyti í þau skörð, sem Ameríkuferðirnar höggva í tölu landsmanna. Vistarbandið er þröskuldur, sem hindrar menn frá að afla svo mikils, að þeir geti orðið sjálfstæðir, og getið börn og buru ættjörðinni til uppbyggingar; en lausamaðurinn, sje hann ráðsettur og reglusamur, á hægra með að afla sjer fjár, festa ráð sitt, og færa landinu nýja vinnukrapta.

Þess vegna vona jeg, að h. þm. sjái, að einnig frá þessu sjónarmiði er nauðsynlegt, að leysa band þetta, eða að minnsta kosti að losa sem mest um hnútana.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) sagðist vera hræddur um, að leysing vistarbandsins, eða mikil rýmkun á rjettinum til lausamennsku, myndi auka flakk, og drepa niður hina alkunnu gestrisni í landinu. En þessi orð þingm. eru auðvitað ekki nema spádómur, sem óvíst er hvort rætist; og þó að jeg játi, að þetta sje ekki óhugsandi, þá finnst mjer, að sá mögulegleiki sje ekki næg ástæða til að fara styttra en minni hlutinn leggur til. Komi spádómurinn fram, þá koma dagar og ráð, og þá má reisa skorður við flakkinu með lögum.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) þótti þetta frumv. grípa fram fyrir hendur á rjettum málsaðilum, af því að engar óskir hefðu komið frá vinnufólkinu í þá átt. En þess verður að gæta, að vinnulýðurinn hefur enga hlutdeild í skipun laga og landsmála. (*H. Kr. Fr.*: Það hefir heimild til að senda alþingi bænarskrár). Það er satt, sem h. þm. segir, en vistarbandið hefir einnig í þessu efni sín lamandi áhrif, og skapar andlegt ósjálfstæði og hugsunarleysi hjá þessum samborgurum vorum. Alla þá stund, sem vinnulýðurinn hefir engan rjett til að eiga atkvæði um opinber málefni, þá verður hann eðlilega hirðulaus um þau mál, og lætur þau afskiptalaus, eða skapar sjer enga sjálfstæða skoðun; en aptur á móti myndi það verða ein af hinum heillavænlegu afleiðingum af vistarbandsleysingunni, eða af ríflegri rýmkun á rjettinum til lausamennsku, að tala hugsandi og sjálfstæðra borgara í landinu myndi aukast, því að þegar vinnulýðurinn, jafnframt atvinnufrelsinu, verður hluttakandi í borgaralegum rjettindum, þá mun honum og smám saman lærast að nota þessi rjettindi. En það má ekki búast við miklu af vinnulýðnum, eins og hagur hans er nú, og er það því engin sönnun móti nauðsyninni á leysing, eða rýmkun, vistarbandsins, þótt vinnufólk hafi ekki látið til sín heyra, eða sent alþingi áskoranir.

H. þm. A.-Skaptf. (J. J.) þótti sveitarsjóðum hætta búin af svo ríflegri rýmkun á rjetti til lausamennsku, sem minni hluti nefndarinnar fer fram á; mjer skildist hann gera ráð fyrir, að mikill fjöldi lausamannalýðsins myndi lenda á hreppnum; en jeg held, að þetta sje ástæðulaus ótti. Jeg held þvert á móti, að maður eigi, og geti, gert ráð fyrir því gagnstæða, því að hjá sjálfstæðum og frjálsum mönnum, sem hafa ýms borgaraleg og politisk rjettindi, er hugsunin og hvötin meiri, til að verndа sjálfstæði sitt, heldur en hjá hinum, sem fá rjettindi hafa að missa, eins og vinnufólk nú, þótt það fari á hreppinn. Að öllum líkindum mundi verkalýðurinn læra að koma sjer upp styrktarsjóðum og sjúkrasjóðum, eins og tízka

er í öðrum löndum, því að það myndi þykja vanzi, að fara á sveitina, þó að sjúkdóm eða atvinnubrest bæri að höndum. Leysing vistarbandsins myndi því miklu fremur verða til þess, að ljetta á sveitasjóðum, en til að þyngja á þeim.

Viðvíkjandi ákvæðum þeim um ársheimili, og ábyrgð húsráðanda á gjöldum lausamanna, sem meiri hluti meiri hlutans (E. J. og B. S.) vill koma inn í frumv., skal jeg taka það fram, að jeg hefi ekki svo mikið á móti ákvæðinu um ársheimilið; en hitt þykir mjer aptur á móti ísjárvert, því að jeg hygg, að það kunni að verða misbrúkað; þegar lausamaður biður bónda að taka sig í heimilisvist, þá mun bóndinn opt og einatt gera sig kostbæran, af því að hann beri þá ábyrgð á gjöldum lausamannsins, og segja sem svo: »Róðu þá á bátnum mínum, ef jeg á að ganga í ábyrgð fyrir þig«; eða bóndinn mundi setja upp einhver önnur skilyrði, eptir því sem á stæði, sem ef til vill eigi væru hagkvæmarí.

H. framsögum. meiri hlutans (E. J.) sagði, að þetta ákvæði um ábyrgðina ætti að setja inn í frumv. vegna óreiðumannanna, en ekki vegna skilamannanna; og eptir þessu eiga þá skilamennirnir að gjalda þeirra, sem eru óáreiðanlegir. Og hvaða gjöld eru það svo, sem stuðningsmenn þessa ábyrgðarákvæðis vilja tryggja? Ræður þeirra hafa mjög snúizt um það, að lausamennirnir myndu flestir verða á hvínandi kúpunni, eða því sem næst verða sveitarmatur, og það verða því líklega, eptir þeirri kenningu, engin ýkjamikil útgjöld til sveitar, eða annara opinberra þarfa, sem á þeim hvíla, svo að frá þessu sjónarmiði myndi ábyrgðar ákvæðið einkum hafa þá þýðingu, að gera þessum vesalingum erfiðara fyrir að bjarga sjer, þar sem það mundi neyða þá til að ganga að óhagkvæmum skilyrðum. Mundi því ógagn eitt af því standa fyrir sveitarsjóðina.

Loks skal jeg taka það fram, að þegar maður lítur á þingmálafundina, sjer maður það, að margir þeirra vildu leysa vistarbandið að öllu leyti, en aðrir rýmka um það að mun; og sumir setja aldurstakmarkið 20 ár, en aðr. 25; en á engum þeirra hefir verið farið fram á, að gjaldið væri sett eins hátt, eins og meiri hlutinn vill vera láta. Í kjördæmi h. framsögum. meiri hlutans vildu 7 kjósendur, að mig minnir, leysa vistarbandið til fulls, en 5 voru á móti; að minnsta kosti sýna fundargjörðirnar úr kjördæmi hans, að skoðanir kjósenda hans eru hjer um bil jafnskiptar með og móti. Jeg hefi bent h. þm. á þetta, af því að jeg þykist vita, að hann muni meta mikils vilja kjósenda sinna, og vona jeg því, að h. framsögum. meiri hlutans (E. J.) muni ekki vilja beita sjer mjög gegn hinum hóflegu tillögum minni hlutans, sem eflaust er í fullu samræmi við vilja margra kjósenda hans.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla að eins að taka upp nokkur atriði, sem komið hafa fram í umræðum um þetta mál, til þess þau gleymist ekki. Það er viðurkennt af minni hlutanum, að algerð leysing vistarbandsins mundi verða til að eyðileggja nærfellt algerlega allan landbúnað, að minnsta kosti um stund; það bið jeg menn að hafa fast fyrir augum við atkvæðagreiðsluna. Að vísu hafa þeir gert ráð fyrir, að landbúnaðurinn myndi rísa aptur úr rústum, þegar sjávarútvegurinn yrði kominn á eitthvert ofur-hátt stig, eptir, ef til vill, nokkra mannsaldra; en jeg geri harla lítið úr þeirri hugsjón.

Það hefir enn fremur verið tekið fram, að fólk myndi streyma til sjávar, vegna þess, að »atvinna sje það betri«,

Þetta er ekki alls kostar rjett. Það streymir þangað af því, að atvinnan er öðruvísi. Við sjó er arður og auður fljóttekinn, þegar gott er í ári, en þegar illa árar, þá eru menn, að heita, atvinnulausir við sjóinn; allflestir jeta jafnóðum upp allan ágóðann í góðu árunum, og eru svo bjargarlausir strax, ef fiskur bregzt eina vertíð eða svo, og þá verður sveitin að taka við. Landbúnaðurinn er miklu tryggari atvinnuvegur, en ágóðinn seinteknari. En það er einmitt ein aðalhugsun margra manna, að vilja heldur leggja á tvísýnu, til þess, ef heppni er með, að græða fljótt, og eiga það jafnvel á hættu, að fara alveg á höfuðið, ef illa tekst til, heldur en að stunda með þolinmæði þá iðju, sem að vísu gefur ætíð vísan arð, ef sá arður er seintekinn. Það hafa allir dálitla tilhneiging til »lukkuspils«, einkum fólk af þessum flokki, og það er einmitt þetta, sem dregur menn að sjónum. En fyrir þessu fólki, allflestu, endar »lukkuspilið« með því, að það fer fyrst á höfuðið og svo á sveitina. Enn ein afleiðingin af því, að þessir menn leita til veiðistöðvanna, verður sú, að þeir verða óvanir landvinnu og óhæfir til hennar.

Annað atriði, sem jeg skal taka fram, er það, að afleiðingin af leysing vistarbandsins mundi verða þessi. Það mundi koma upp nýr flokkur öreiga manna, sem hvergi ættu vísan forsjárstað; það mundi koma upp íslenzkur skríll (proletariat). Eins og nú er, getur það ekki orðið, því að samningar milli húsbænda og hjúa eru nú undir sjerstakri lagavernd. Það er kveðið skýrt á um skyldur húsbænda gagnvart hjúunum, hvað þeir skuli leggja þeim til og hve lengi þeir skuli ala önn fyrir þeim, ef þau verða sjúk. Þessi rjettindi hafa lausamenn ekki. Fyrir þeim liggur ekki annað en sveitin. Leysingin mundi því skapa skríl (proletariat) hjer á landi, og þá um leið þyngja ábyrgð sveitarsjóðanna.

H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) talaði um, að leysing vistarbandsins mundi verða til þess, að fólki fjölgaði. Það má vel vera, að þörf sje á því, og hitt er víst, að það er hæg aðferð til mannfjölgunar og fljót, að láta lausamenn og lausakonur búa saman og auka kyn sitt. En á hvers kostnað mundi það verða? Þetta fólk mundi ekki geta staðið straum af þeim sjálft, og mundi því öll brúgan lenda á sveitinni, búendunum. Hina siðferðislegu hlið þessháttar mannkynsfjölgunar ætla jeg ekki að minnast á; h. sessunautur minn, þm. Dal. (J. P.), sem er prestvígður maður, tekur sjálfsagt að sjer nánari útskýring þess atriðis.

H. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði í gær að deildin yrði ófrjálslyndari nú en 1891, ef hún aðhylltist till. meiri hlutans. En það er aðgætandi, að málið horfði öðruvísi við þá. Það hefir verið efazt um, að málið sje nú komið inn í hug þjóðarinnar, og jeg fyrir mitt leyti er nær þeirri skoðun. En það er víst, að 1891 var þjóðin ekki búin að átta sig á því. Síðan hefir verið rætt mikið og ritað um málið, og nú er það orðið kunnara. Og það er eptirtektavert, að því meira, sem talað hefur verið um málið, því fleiri raddir heyrast á móti því. Það má og kalla einkennilegt, að sá maður, sem fyrstur manna vakti máls á þessu, hefir síðan aldrei látið til sín heyra, en það var Hermann Jónasson búfræðingur.

Það hefir verið talað um, að í lausamennsku mundu menn læra betur sjerstakar atvinnugreinir; en jeg veit, að í vinnumennsku læra menn alla vinnu, sem venjuleg er hjer á landi. Í lausamennsku mundu menn bæta við þeim

einum atvinnuvegi, sem nefnist fiakk, og það getur verið álitamál, hversu ábatasamur hann er fyrir landið.

H. þm. Dal. (J. P.) vildi afnema öll bönd og fylgja til hins ýtrasta þessari setningu: »Ráddu þjer sjálfur, en ábyrgztu þig sjálfur«. Þessi lausalýður getur sjálfsagt alloptast ráðið sjer sjálfur, en í harðærisköflum getur hann ekki fullnægt hinu, að annast sig sjálfur; hann fer á vonarvöl og kemst í hungursneyð strax þegar eitthvað ber út af. Í hörðu árunum eptir 1880 voru þeir landspartar, þar sem mest var af slíku fólki, tæpast staddir, og þar voru mest hallærislánin tekin til að bjarga frá hungri. Það var og verður þessi fjeþrota lausalýður, sem neyðir byggðirnar til að taka lánin, til að forða hallæri, en búendur verða eptir á að borga. H. þm. Dal. (J. P.) hefir víst aldrei heyrt getið um hallærislánin í Gullbringu- og Kjósarsýslu, því að annars mundi hann þar hafa virkilega sönnun fyrir því, að þessi lýður liggur flatur strax, þegar harðæri ber að höndum. En á hverjum lendir svo öll súpan? Á hreppssjóði eða bændum. Nú er svo háttað náttúru þessa lands, að alltaf má búast við 3—4 harðindaárum í rennu. Mundi þá landbúnaðurinn og yfir höfuð velmegun landsins standa fastari á fótum fyrir því, þótt lausamenn skipti hundruðum eða þúsundum? Nei, það er öðru nær. Það myndi alls eigi tryggja líf nje auð landsmanna, heldur verða hin fyrsta og helzta orsök til horfellis og hungurdauða. Þetta er engin hrakspá frá minni hendi, en á að styðjast við reynslu fyrri alda, og harðindin eptir 1880. Sýslunefndir eru eptir lögunum skyldar til að fyrirbyggja hungurdauða í harðæri. En hvað sem bókstaf laganna líður, þá gerir enginn meira en hann getur, og hvernig eiga sýslunefndirnar að fara að, þegar almennt harðæri dynur yfir? Hvar eiga sýslunefndir að taka fje til þess að bjarga? Þær verða að fara í landssjóð, taka lán upp á sýslufjelagið, ef það fæst. Og hver borgar þá, þegar öllu er á botnin hvolft? Það gera bændur.

Þetta er því, frá hvaða hlið, sem það er skoðað, enn eitt nýtt ráð til þess, að iðju- og fyrirhyggju-lausir ónytjungar, eða, eins og h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) nefndi þá, slóðar og slæpingar geti í lagaleysi farið enn dýpra í vasa bænda og annara dugandi manna en verið hefir.

Jeg skal ekki ganga fram hjá því, sem sagt hefir verið, að vistarbandið sje ein af ástæðunum til vesturferð anna. Það getur vel verið, að einhverjir vesturfarar hafi borið það fyrir sig. En hefði nú ekki verið neitt vistarband, þá mundi það einnig hafa verið haft að ástæðu. Það er eins og þar stendur: »þú fær utan undir, hvort sem þú tekur hattinn ofan eða hefir hann á höfðinu«. Það er víst eigi vistfrelsið, sem dregur menn til Vesturheims. Og þótt svo væri, þá er oss það til einkis, að vera að reyna að sníða okkar siði eptir þeim löndum, sem eru langt um betur úr garði gerð af náttúrunnar hendi en vort land. En þau lönd hafa og annað eðli en Ísland og þar á annað við en hjer. Það er lítil skynsemd í því, að semja sig að siðum annara þjóða, þegar þeir geta eigi átt við hjá oss, og væri oss þá illa farið, ef vjer stofnuðum atvinnuvegum vorum í háska af þeirri ástæðu einni. En þar að auki háttar nú þessu þveröfugt við það, sem h. þm. hafa haldið fram. Það er einmitt vistlosið, en ekki vistarbandið, sem hefir gefið og mun framvegis einnig gefa hvað mest til-

efni til vesturferðanna. Þetta er auðvelt að sanna með dæmum, og skal jeg strax nefna eitt.

Eptir harðindin 1882 streymdi fólk úr sunnanlands-sveitunum til Austfjarða, af því að þar var þá greiður aðgangur að atvinnu við fiskveiðar, og mikill gróði í aðra hönd. Þetta stóð um 2—3 ár, en svo fór þessi atvinna minnkandi. En af því svo margir höfðu tekið sig upp og flutt austur, einkum af einhleypu fólki, sem svo var þar í húsmennsku, lausamennsku, eða svo kallaðri vinnumennsku, þá hafði atvinnubresturinn þau áhrif, að algjört los varð á þessu fólki, bæði heimilisfangi og öðrum högum þess. Þetta ljetti einmitt undir með vestansmölunum, og nú er mikill flokkur þessa fólks farinn til Vesturheims og er úr sögunni hjer. Þegar svona er komið fyrir mönnum, þá liggur ekki annað fyrir þeim en sveitin. En smalarnir segja þeim, að í Vesturheimi sje nóg vinna og nógir peningar, og þá er þetta fólk mikið auð-unnara til að flytja úr landi. Leysing vistarbandsins mundi koma losi á fólk og með því gera vestrænum mannsmölum ljettara fyrir. Hún mundi því ekki hamla vesturferðum, heldur þvert á móti auka þær. Menn munu og skjótt komast að raun um, að kjör hjúa eru betri en lausamanna í öllu tilliti, og þau eiga hægra með að græða, þegar jeg tek undan ráðleysingjana, sem vitanlega ekkert verður að fje.

Jeg skal verða manna seinastur til að bera á móti því, að í sjónum sje falinn mikill auður, en í landinu felst engu síður mikill auður og miklu meiri en menn halda. En hitt veit jeg, að það þarf afarmikinn kostnað til að ná því fje, sem fólgið er í sjónum, því að til þess þarf mikinn gufuskipaútveg. Og væri svo mikið fje lagt í landbúnaðinn, eins og þarf til að gera út mörg gufuskip til fiskjar, þá mundi einnig þaðan spretta meiri arður en menn nú geta gert sjer nokkra hugmynd um.

Að því er kemur til aldurstakmarksins, skal jeg geta þess, að jeg mun greiða atkvæði móti frumv., ef aldurstakmarkið verður sett 20 ár. Það geri jeg bæði af þeim ástæðum, sem h. þm. Mýr. (B. Kr.) tók fram, og eigi síður af hinu, að vinnukunnátta mundi minnka, ef menn færu að eiga með sig sjálfir svo ungir og áður en þeir hafa lært að vinna til fullnustu.

Það er enn eitt atriði, sem jeg vil minnast á, og það er mjer verulegt kappsmál, að því sje ráðið til lykta á þann hátt, sem jeg hygg vera hinn eina rjetta. Það sem jeg á við er niðurlag 1. gr. Það á að falla. Jeg mun og greiða eindregið atkvæði móti till. þeim, sem meiri hluti meiri hlutans hefir komið fram með. Það hefir verið hermt upp á mig, að jeg hafi sagt, að ársheimili væri sama sem vistarband. En það hefi jeg aldrei sagt. Jeg sagði, að væri vistarskyldan band, þá væri þetta líka band. Þetta ákvæði er líka þýðingarlaust eins og það liggur fyrir fyrir, því að þótt menn ættu að hafa ársheimili, þá mundi það að eins verða í orði kveðnu eða »pro forma«. Það hefir verið sagt, að það væri nauðsynlegt vegna sveitarútsvaranna. En það er engin þörf á að bera svo mikla umhyggju fyrir því. Menn eru þó ekki fæddir eingöngu til þess að borga til sveitar. Hitt ákvæðið, að húsráðandi skuli ábyrgjast gjöldin, er engu betra, og mundi koma að litlu gagni. Ef einhver ráðleysinginn segist hafa heimili hjá þessum og þessum bónda, en bóndi þrætir, þegar til kemur, hver á þá að

sanna? Af þessu hljótast vafningar og ekkert annað. Það verður skilvísum mönnum til óþæginda, en engin trygging gagnvart ráðleysingjum og óskilamönnum. Jeg skal að endingu benda á, að í öllu falli á einum þingmálafundi var það lagt til, að ekki væri hreift við þessari löggjöf, og það álít jeg að hefði verið sanni næst.

Jón Jónsson, 2. þm. N.-Múl.: Út af ræðu h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) vildi jeg að eins fá að tala nokkur orð.

Hann sagði, að ef vistarskyldan væri band á frelsi manna, þá væri ársheimilisskyldan það líka. Jeg sýndi áðan með gildum ástæðum fram á, að þetta væri röng skoðun. Jeg skal ekki taka þá sönnun mína upp aptur, því að h. þm. bar ekki við að reyna að hrekja hana með einu orði. Jeg sýndi áðan fram á, að ársheimilisskyldan væri ekkert ófrelsisband, og að það gæti ekki verið neinum verulegum vandkvæðum bundið að skylda húsbóndann til að ábyrgjast gjöld lausamannsins. Þetta síðara er augljóst, því að þegar húsbóndinn þarf að takast á hendur ábyrgð á gjöldum fyrir efnalausan lausamann, sem er hið versta tilfelli, þá er það mjög lítið, sem hann þarf að ábyrgjast. Það er að eins lítið gjald í sveitarsjóð og svo gjöldin til prests og kirkju. Ef lausamaðurinn er efnaður, þá er áhættan því minni fyrir húsbóndann að takast ábyrgðina á hendur, því eign lausamannsins er þá nægileg trygging fyrir húsbóndann. Lausamaðurinn mun optast hafa eign sína þar, sem hann á ársheimili, og er þá fyrst gengið að eign hans, ef brestur verður á greiðslu gjaldanna, en ábyrgð húsbónda mun, þegar svo á stendur, sjaldan koma til greina. Þetta ákvæði getur því alls ekki verið hapt á atvinnufrelsi lausamannsins. Annars var það margt fleira, sem þessi h. þm. hafði á móti málinu, en ræða hans var, eins og ræður margra annara, sem talað hafa móti leysing vistarbandsins, eintómur spádómur. Margt af því, sem h. þm. talaði svo snjallt, sannaði einmitt hið gagnstæða því, sem hann vildi sanna. Hann minntist á hallærislán Gullbringu- og Kjósarsýslu, og apturför þá, sem orðin væri í vinnubrögðum, en hvorttveggja þetta hefir orðið einmitt meðan vistarskyldan var í blóma, og sannar þannig hið gagnstæða því, sem h. þm. ætlaðist til. Hann sagði, að menn lærðu fjölbreyttari vinnu með því að vera í ársvistum. Það hef jeg aldrei sagt, en hitt hef jeg sagt, að lausamenn mundu læra betur, að minnsta kosti vissa vinnu, þá vinnu, sem hver legði sig helzt eptir, því það liggur í hlutarins eðli, að sá sem er í kaupavinnu, hann hlýtur að vanda sem bezt verk sitt, til þess að fá álit á sig, og það verði eptirsóknarvert að fá vinnu hans, til þess að hann geti átt vísa atvinnu allt árið.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) sagði, að í hörðum vetrum mundi falla fje þessara lausamanna, en fall þess fjár mundi draga með sjer fjárfelli hjá bændum. En það mun ekki verða tíðara að fje falli hjá lausamönnum en að fje vinnumanna falli, og fje lausamanna mun alls ekki þrengja meira að húsbændum en fje vinnumanna, því það er tíðara, að vinnuhjú eigi fje en að lausamenn eigi það. (*Forseti* kvaðst vona, að þm. takmörkuðu ræður sínar svo mikið sem þeir gætu, með því umræðurnar væru orðnar ærið langar).

H. sami þm. sagði enn fremur, að kjör hjúa væru almennt betri en lausamanna. Það getur vel verið; um það skal jeg ekki þræta; en vill hann þá

neita því, að lausamenn hafi svo mikla skynsemi, að þeir sjái, hvað þeim er sjálfum fyrir beztu? Heldur hann ekki, að lausamenn mundu kjósa hjúastöðuna, ef þeir sæi, að hún væri sjer hollari og betri en lausamennskan.

Jeg hefi fengið bendingu frá h. forseta um að takmarka ræðu mína, og þó mjer þyki það ekki frjálslegt að mega ekki ræða málið eins og mjer finnst við eiga, þá skal jeg samt hætta, í þeirri von, að mótbárur h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) snúi ekki hugum manna móti þessu máli.

Framsögum. meiri hl. (*Einar Jónsson*): Jeg vildi að eins gera stutta athugasemd út af orðum h. framsögum. minni hlutans (Sk. Th.). Hann vitnaði til þingmálafundar á Seyðisfirði og gat þess til, að jeg hefði ekki verið þar staddur. Jeg var staddur á fundinum, og held jeg megi fullyrða, að h. þm. hafi vitnað skakkt í fundargjörðina. Þar mun afnám vistarbandsins hafa verið samþykkt með 12 : 10 atkvæðum af öllum sem þar voru staddir, en fellt af kjósendunum sjálfum með 7 : 5 atkv. En þessir þingmálafundir í Norður-Múlasýslu voru mjög fámennir, og jeg vona, að h. samþingismaður minn (J. J.) gefi mjer rjett í því, að hinn almenni vilji kjósenda okkar í þessu máli hafi alls ekki komið fram á þessum fundum. Fundurinn, sem jeg nefndi áðan, var líka haldinn í kaupstað, en jeg hefi áður látið það í ljósi, að kaupstaðarbúar muni heldur vilja, að vistarskyldan verði afnumin.

Jens Pálsson: Jeg benti á það áðan, að hjer væri að ræða um mikilvæga frelsisgjöf til handa vinnulýðnum á Íslandi, atvinnu-frelsisgjöf, sem mundi miða til að efla sjálfsábyrgð, dug og þrótt til sjálfstæðis hins sjálfbjarga manns. Þetta sagði h. þm. V.-Skaptf. (G. G.), að væri að eins fögur hugsjón, sem lægi yfir og fyrir utan hið virkilega líf. Jeg skil ekki hvernig h. þm. getur látið sjer slíkt um munn fara. Þetta er þó setning, sem hefir gildi um allan hinn menntaða heim. Það er alstaðar viðurkennt um allan hinn menntaða heim, að persónulegt frelsi efli sjálfsábyrgð manna, þrótt og þrek, en hjer á landi á það að vera hugsjón ein, að svo sje. Erum vjer Íslendingar þá öðruvísi en allir aðrir menn? Jeg sagði, að löggjafarvaldið ætti að segja við hvern fullveðja mann: »Ráddu þjer sjálfur, ábyrgztu þig sjálfan«. H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) sagði, að jeg hefði lagt sjerstaka áherzlu á fyrri setninguna, en litla eða enga áherzlu á hina. Jeg sagði, að hin síðari setningin væri eðlileg afleiðing af hinni fyrri. Lengra fór jeg ekki út í það mál.

H. þm. (G. G.) beindi ýmsu að mjer í ræðu sinni. Hann vildi meðal annars að jeg útlistaði, hvaða siðferðislega þýðingu mannkynsfjölgunin mundi hafa. Jeg ætla ekki að fara út í þetta spursmál hjer; en jeg vil taka það fram, að eptir því sem nú stendur á, er ómögulegt fyrir hjú að forsorga börn sín, ef þau eignast fleiri en 2.

Þá minntist hann á hallærislán Gullbringu- og Kjósarsýslu. Það gleður mig að geta svarað honum rækilega út af því máli. Hallærislán Gullbringu- og Kjósarsýslu er ekki sveitarstyrkur. Landssjóður fær allt aptur með vöxtum.

Þá talaði hann um, hve mikil ógæfa gæti leitt af þessu losi, sem frv. mundi koma til leiðar á þjóðtjelaginu. Honum virðist þetta los svo ískyggilegt, líkt eins og að á bak við þetta los lægi eitthvert mikið traust til tjóðurs eða

banda. Jeg hef ekki það traust til tjóðurs eða banda, sem h. þm. (G. G.) virðist hafa.

Þá dró h. sami þm. fram tvær ályktanir, sem voru mjög veilar, og nær rjetti sínum í munni málfærslumanns en í munni dómara. Hann spurði, hvers vegna ætti að halda í ársheimilið, en ekki eins vel stíga sporið út og gefa það eptir líka. En jeg vil spyrja: Er það sjálfsagt, að óþarft sje að gjöra heimilisfang að skyldu, þótt óþarfi sje og jafnvel tjón að gera ársvinnumennsku að skyldu, eða er víst, að þeir vilji verða af með öll bönd, öll fjelagsbönd, sem slíta vilja eitt úrelt band? Langt frá. — Hann spurði í öðru lagi, hvaða ástæða það væri til að halda í ársheimilið, þó að ná þyrfti í útsvar hjá lausamanninum, þar sem menn væru þó ekki fæddir eingöngu til þess að gjalda sveitarútsvör. Það er satt að vísu, að menn eru ekki beinlínis skapaðir til þess, en þeir eru skapaðir til að gegna skyldum þjóðfjelagsins og þess vegna líka útsvarsskyldunni. Þessi ályktun er því ekki síður röng en hin fyrri.

Skal jeg svo ekki svara fleiru, sem h. þm. beindi að mjer, enda eru umræðurnar orðnar nokkuð langar.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr., fyrri lið (þgskj. 179) samþ. með 13 : 5 atkv.; breyt.till. við 1. gr., síðari lið, orðin: fyrir »10 kr.« o. s. frv. (179), felld með 13 : 9 atkv.; breyt.till. við 1. gr., síðari lið, orðin: »þó fellur — sveitfesti« talli burt, samþ. með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakall, og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Bj. Sigfússon,	Ben. Kristjánsson,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Bjarnarson,
H. Kr. Friðrikss.,	Bogi Melsteð,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Jens Pálsson,
Jón Þórarinsson,	Jón Þorkelsson,
Jón Jakobsson,	Ól. Briem,
J. Jónss., þm. N.-M.,	Sighv. Árnason,
Sig. Gunnarsson,	Skúli Thoroddsen,
Þór. Böðvarsson,	Þórð. Guðmundsson,
Þorl. Guðmundsson.	

Þá var viðaukatill. við breyt.till. meiri hl. við 1. gr., síðari lið, samþ. með 14 : 9 atkv.; síðan var 1. gr. með áorð. breyt. samþ. með 20 samhlj. atkv.; þá var breyt.till. við 2. gr. (179) samþ. m. 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Ben. Kristjánsson,	Bj. Bjarnarson,
Bj. Sigfússon,	Bogi Melsteð,
Guðl. Guðmundsson,	J. Jónss., 2. þm. Eyf.,
H. Kr. Friðriksson,	J. Jónss., þm. N.-M.,
Jens Pálsson,	Jón Þórarinsson,
Jón Jakobsson,	Sig. Gunnarsson,
J. Jónss., þm. A.-Sk.,	Skúli Thoroddsen,
Jón Þorkelsson,	Þór. Böðvarsson,
Ólafur Briem,	
Sigf. Árnason,	
Sighv. Árnason,	
Þórður Guðmundss.,	
Þorl. Guðmundsson.	

Þá var 2. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 21 samhlj. atkv., og viðaukatill. um 3 nýjar greinir allar samþ., með 17 : 2, 15 : 3 og 14 : 1 atkv.; breyt.till. við 3. gr. (nú 6. gr.) samþ. með 21 atkv. samhlj.; 3. gr. með áorðinni breyt. samþ. m. 22 atkv. samhlj.; breyt.till. við fyrirsögnina samþ. m. 18 atkv. samhlj.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Tuttugasti og sjötti fundur, laugardag 31. júlí kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess að honum hefði borizt tilboð frá skipstjóra á »Ernst« J. J. Randulff, um að taka að sjer strandferðir fyrir næsta fjárhagstímabil.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. 1, 344); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg finn enga ástæðu til að tala mikið um frumv. að þessu sinni, en skal leyfa mjer að fara nokkrum yfirlitsorðum um þau áhrif, sem breytingar nefndarinnar hafa á aðalupphæðirnar.

Breytingar þær, sem nefndin leggur til að gerðar sjeu á tekjubálkinum, hækka hinar áætluðu tekjur um 8000 kr. Nefndin hefir sömuleiðis lagt til að ýmsir útgjaldaliðir sjeu lækkaðir eða felldir og nemur sú breyting alls 8800 kr. og er þá sparnaðurinn og tekjuhækkunin samanlagt nærfellt 17000 kr. — Annarsvegar leggur nefndin til að ýmsar breytingar sjeu gerðar, sem hækka útgjöldin, og nemur sú hækkun alls tæplega 50,000 kr. Mismunurinn á áætluðum tekjuafgangi frá frumv. er því nálægt 33,000 kr. Þegar litið er til þess, í hverju hin auknu útgjöld einkum eru fólgin, sjest það, að af þeim ætlar nefndin 27,000 til samgöngubóta á sjó og landi, en 7,400 kr. til eflingar búnaði. Á hinum undanfarandi þingum hafa þessi 2 mál, landbúnaðar- og samgöngumálið, haft gott fylgi, og þjóðin virðist því betur vera vöknuð til vitundar um, að fje því, sem gengur til eflingar búnaði og samgöngum, sje vel varið. Þess vegna vonum vjer nefndarmennirnir að þetta fái góðan byr á þessu þingi, og að þm. líti mildum augum á þessar aðgjörðir nefndarinnar.

Jeg finn svo eigi ástæðu til þess að fara um það fleirum orðum að þessu sinni.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. (C. 358, 375); 3. umr.

Framsögum. (*Guðlaugur Guðmundsson*): Jeg ætla að eins að vekja athygli h. þingdm. á því, að breyt.till. á þingskjali 271 hefir komið fram eptir bending hæstv. landshöfðingja, því byrjunin á 1. gr. hefir þótt óviðkunnanleg þar sem hún byrjar á »nú«. Annað hef jeg eigi að athuga; málið hefur gengið greiðlega gegnum deildina og vona jeg að það verði nú samþykkt núna, án sjerstakra umræða.

ATKV.GR.: Breyt.till. samþ. í e. hlj.

Frumv. með áorðinni breyt. samþ. í einu hlj. og afgreitt til efri deildar.

Frumv. til laga um hafnsögugjald í Reykjavík (C. 217, 379, 380); 3. umr.

Framsögumaður (*H. Kr. Friðriksson*): Jeg hjelt að h. deild mundi ekki fara að gjöra neinar breytingar á frv. þessu. Jeg hjelt, að hún mundi trúa þeim, sem fjallað hafa um þetta mál, sem er bæjarstjórnin, hafnarnefndin, landshöfðingi og efri deild alþingis. Þessir hafa allir látið það ganga óbreytt í gegn, og jeg ímynda mjer, að þeir sjeu eins kunnugir ástæðunum fyrir máli þessu. Þar að auki kemur þetta mál að eins Reykjavík við, og gjörir engum hluta landsins neitt mein. Samt sem áður hafa komið fram 2 breyt.till.; önnur gengur út á það, að lækka gjaldið úr 10 og 5 aurum ofan í 5 og 3 aura, sem er langt of lítið til þess að borga einum hafnsögumanni, auk heldur 2 eða 3, svo þetta er alveg sama og að fella frumv. Jeg er sannfærður um það, að h. þm. sjá það, að þeir menn

sem fjallað hafa um þetta mál, hafa verið færastir til þess starfa, því að þeir eru kunnugastir. Hin breyt.till. fer fram á það að þetta nái einnig til Ísafjarðarkaupstaðar. Það getur vel verið að slík lagaákvæði vanti einnig fyrir Isafjörð, en það kemur Reykjavík alls ekkert við. Vilji Ísfirðingar fá það þá geta þeir komið fram með lagafrv. þess efnis; því hef jeg ekkert á móti, þeir eru sjálfráðir um það, hvaða gjald þeir vilja hafa. En það stendur öðruvísi á á Ísafirði en hjer; þeir nota þar hafnsögumann miklu meira en hjer, því það eru mjög fá skip, sem fara inn á höfnina þar leiðsögumannslaus, enda er þar mjótt sund um að fara til þess að ná á höfnina. Þar þurfa þessvegna flestöll skip hafnsögumann með, og þeir fá því næga borgun, en hjer eru að eins fáein skip, sem hafnsögumann taka, og með því að hjer þurfa að vera einn eða 2 hafnsögumenn, sem ávallt sjeu til taks, þá þarf eitthvað að gjalda þeim, þegar þeir ekki geta fengið nægilega mörg skip til að leiðbeina inn á höfnina.

Jeg vona því, að h. deild lofi frumv. þessu að komast óbreyttu hjeðan burt. En ef h. þm. Ísf. (Sk. Th.) vill koma með nýtt frumv., sem gildi fyrir Ísafjarðarhöfn, þá skal jeg ekki vera neitt á móti því; en því á þá ekki að taka með allar hinar stærri hafnir? Jeg álít rjettast að sín ákvæði gildi fyrir hverja höfn, því höfnunum háttar á eins marga vegu, eins og þær eru margar.

Jón Jakobsson: Þar sem mitt nafn er eitt af þeim sem standa undir breyt.-till. á þingskj. 280, þá finn jeg ástæðu til að lýsa því yfir að jeg er einn af þeim, sem álít þetta gjald óheppilegt. Jeg skal taka það fram, að meðaltali hafa á síðustu 5 árum komið á Reykjavíkurhöfn verzlunarskip, sem voru öll til samans 17827 smálestir að stærð, og fiskiskip öll til samans 7691 smálest. Í þessari samtölu er stærð sumra skipa reiknuð oftar en einu sinni, eptir því hve opt þau hafa komið á höfnina. — Þar af í fyrsta sinn verzlunarskip til samans 8200 smálesta og fiskiskip að mig minnir 6900. Ef nú væri borgað 5 aurar af hverri smálest af verzlunarskipi og 3 aurar af hverri smálest af fiskiskipum eins og breytingartill. fer fram á, þá yrði það til samans hjer um bil 600 kr., sem þá yrði fast hafnsögumannsgjald og sem jeg álít að væri viðunanleg þóknun fyrir mann, sem gæti haft samhliða ýmislega aðra arðsama atvinnu fyrir stafni.

Jeg skal nú sýna með dæmi að það er eigi lítill arður sem Reykjavík hefði af útlendum verzlunarskipum eptir ákvæðum frumv. Eitt skip sem er 380 tons fer í ár 6 ferðir til Íslands og borgar í hafnsögugjald 15 aura fyrir hvert »ton«. Í fyrsta sinn borgar það þá kr. 56,93 og hinar 5 ferðirnar kr. 42,75; eða samtals allar ferðirnar c. 270 krónur. Jeg álít að Reykjavík hafi svo mikinn hag beinan og einkum óbeinan af verzlunarskipunum, að hún ætti ekki að setja meira haft á þau en nú er. Ef maður tekur minni upphæðina á þg.sk. 280 þá verður gjaldið um 600 kr. til hafnsögumanns fyrir utan það sem hann fær, ef skipin taka aptur »lóðs«, því eptir 1. gr. fæ jeg ekki annað sjeð en að skipin megi borga hafnsögugjald optar en einu sinni á ári. Og ef það er satt af hafnsögumaðurinn sje mjög lítið notaður, þá get jeg ekki annað skilið en að hann geti rekið atvinnu annaðhvort á Seltjarnarnesi eða í Reykjavík að miklum mun og þar að auk haft 600 krónur í fastalaun.

Jeg tek það fram, að þar sem jeg

stend undir breyt.till., þá er það ekki af þeirri ástæðu, að jeg álíti frv. þetta, sem gengur í þá átt að íþyngja skipsferðum til Reykjavíkur, svo heppilegt, að jeg óski, að það taki bótum, en þar sem jeg ekki býst við, að það verði hægt að fella þetta frumvarp, þá kýs jeg að fylgja þeirri meginreglu, sem segir, að af tvennu illu skuli kjósa hið minna, og þess vegna verð jeg að ráða h. deild til að aðhyllast breytingartill. mína og annara h. þingmanna um að lækka gjaldið.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta mál, heldur einungis að síðustu taka það fram, að jeg get mjög vel skilið það, að h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) sje því meðmæltur að leggja bönd á frjáls verzlunarviðskipti manna, þar sem jeg þekki frá öðrum málum hjer í deild, hvílíka náttugluskoðun hann hefir á lífinu.

Forseti: Þetta virðist mjer ósæmileg orð; þm. mega reyndar brúka samlíkingar, en það er ósæmlegt að viðhafa þau orð á þingi, sem menntaðir menn geta eigi verið þekktir fyrir að brúka í daglegu tali.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg verð að lýsa því yfir að mjer er mjög illa við, ef frumv. þetta nær eigi fram að ganga óbreytt. Frumv. er svo undirbúið, sem mögulegt er af öllum: bæjarstjórn, hafnarnefnd og landshöfðingja. Mjer finnst eigi alveg rjett af óviðkomandi mönnum utan af landinu — er hjer eru og eigi þekkja hinar sjerstöku ástæður —, að blanda sjer inn í þetta mál, sem að eins snertir Reykjavíkurbæ. Jeg álít að gjaldið megi ekki minna vera, því eptir frumv. þá verður það að upphæð, sem svarar um 11—12 hundruð krónur, og með því á að borga 2, jafnvel 3 hafnsögumönnum. Jeg tek það fram og legg mikla áherzlu á það, að nú sem stendur er ástandið í bænum þannig, að til þessa starfa fæst enginn, jafnvel ekki óvalinn maður. Og það er ekki heldur von, þar sem ekkert er til að bjóða þeim fyrir þann atvinnumissi, sem þeir hljóta að verða fyrir, ef þeir stunda hafnsögustarfið með alúð og kostgæfni. Það má segja að margir skipstjórar sjeu svo kunnugir, að þeir rati inn á höfnina og þurfi þess vegna ekki hafnsögumanns með, en hjer koma líka margir sem ekki eru kunnugir, og þurfa hans með, og það væri sannarlega illa farið, ef það bærist út, að í höfuðstað landsins, Reykjavík, væri enginn hafnsögumaður til, og ef svo væri lúalega lagt til, að engin hafnsögumaður væri hjer, þá væri það landinu til mikillar vanvirðu.

Jeg finn heldur eigi ástæðu til þess, að samþykkja breytingartillöguna á þingskj. 280, því frumv. fer svo lágt sem mögulegt er, og er eigi unnt að hafa gjaldið lægra en það ákveður.

Jeg veit það líka, af því jeg er hjer kunnugur, að hjer stendur svo sjerstaklega á, að það er ómögulegt að láta þau ákvæði, sem heppilegust eru fyrir Reykjavík, ná víðar. Jeg skyldi fyrstur maður vera með í því, að koma með frumv. sem snerti Ísafjörð og jafnvel Hafnarfjörð.

Jeg skal taka það fram, að það er ekki lítið í það varið, að í kaupstöðum eða í grennd við þá sjeu duglegir og skylduræknir hafnsögumenn, því það getur kostað líf margra skipverja eða stórt tjón fyrir skipa- og vörueigendur, ef þeir eru eigi nýtir menn eða eru alls eigi til. Mundi það líka geta orðið orsök til þess, að ábyrgðargjald yrði hærra.

Jeg er sannfærður um það, að öllum þorra h. þingdeildarm. þykir það rjett-

ast, að frumv. þetta kæmist óbreytt gegnum deildina, eins og það kom frá h. efri deild.

Jeg skal svo eigi fara fleirum orðum um þetta í þetta skipti.

Skúli Thóroddsen: Þegar við 2. umr. þessa máls lagði jeg það til, að skipuð væri nefnd til að íhuga það, og vakti það þá fyrir mjer, að heppilegt væri að ákvæðin næðu einnig til Ísafjarðar, og, ef til vill, til fleiri hinna stærri kaupstaða; en deildin vildi ekki aðhyllast þá tillögu mína, og afleiðingin er sú, að jeg hefi leyft mjer að koma fram með breytingartillögu þess efnis, að Ísafjörður verði hins sama aðnjótandi, sem álitið er, að sje svo nauðsynlegt fyrir Reykjavík.

Jeg skil heldur ekki, hvað h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) getur haft á móti breytingartillögunni, því að þó að hann sje vel kunnugur þar vestra, þá veit hann, ef til vill, ekki eins vel, eins og jeg um það, hve mörg skip taka þar hafnsögumann.

Þar háttar til alveg eins og hjer, að innsigling er góð, og nýlega hefir hafnarnefndin látið gera hafnarmerki glögg, svo að flest skip, sem koma, taka ekki hafnsögumann, heldur leggjast út á firðinum, því að þar er höfn góð, er að eins þau fáu skip, sem fara inn fyrir tangann, inn á »pollinn«, sem svo er kallaður, taka hafnsögumaun. Enn fremur er eitt, sem gerir þetta nýmæli enn nauðsynlegra fyrir Ísafjörð, heldur en fyrir Reykjavík, og það er það, að þar sem hafnarsjóðurinn í Reykjavík er vel auðugur, og gæti því borið nokkurn kostnað til að launa hafnsögumanni, þá er hafnarsjóður Ísafjarðar enn mjög lítill, sem eðlilegt er, þar sem hann er ný-stofnaður, og hefir þegar orðið að hafa ýms útgjöld. Jeg sje því ekki annað en að það sje sanngjarnt, að Ísafjörður fái að njóta sömu rjettinda eins og Reykjavík; en að fara að koma með sjerstakt frumv. að því er Ísafjörð snertir, sá jeg ekki ástæðu til, enda er orðið svo áliðið þingtímans, að slíkt frumv. mundi tæplega ná fram að ganga; en jeg get ekki betur sjeð, en að vel fari á því, að frumv. þetta sje látið ná bæði til Reykjavíkur og Ísafjarðar.

Klemens Jónsson: Jeg vildi að eins segja fá orð út af ummælum h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) móti þessu frumv., sem lýstu því, að hann áleit það haft á verzlunina, ef frumv. yrði að lögum, og hann þess vegna yrði að vera því algerlega mótfallin. Mjer finnst það vera nokkuð mikil ósamkvæmni hjá h. þm. (J. Jak.), þar sem hann hefir þessa skoðun á málinu, og þó stendur nafn hans hjer undir 2 breytingartillögum. Hina fyrri tillöguna á þingskj. 280 gæti hann ef til vill varið með því, að ef gjald ætti endilega að vera, þá væri betra lægra gjaldið en það hærra, en hina síðari á þingskj. 279 getur hann ómögulega varið, því hún fer í þá átt að auka þetta haft á verzluninni, með því að bæta öðrum stað við. Þennan »inconseqvents« er þm. ómögulegt að verja, og væri fróðlegt að heyra, hvernig hann ætlar að samrýma þetta tvennt, að álíta hafnsöguþvingun haft á verzlunina og vilja þó hafa hafnsöguþvingun á mörgum stöðum.

Hvað málinu sjálfu viðvíkur, þá datt mjer í hug, þegar jeg heyrði hreift að taka fleiri staði með, að bæta Akureyri inn í, en af því málið er þar alveg óundirbúið, og mjer finnst eðlilegast og næstum sjálfsagt, að slík ákvæði, sem þessi, sjeu lögð fyrir bæjarstjórnina og hafnarnefndina áður en þau eru gjörð að lögum, þá hætti jeg við það í þetta sinn. En það getur vel verið, að Akureyrarbúar vilja fá einhver lík ákvæði, en þó það kæmi fram

jafnvel á næsta þingi, ætti það ekki að tefja neitt fyrir framgangi þessa máls hvað Reykjavík snertir, því ákvæðin um Akureyri, Ísafjörð, og þá fl. kaupstaði, sem þau þætti nauðsynleg, gætu þá komið sem viðauki við lögin.

Jón Jakobsson: Jeg vildi að eins vekja athygli h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) á því, að þó jeg hafi skrifað undir breytingartillöguna á þingskj. 279, og sömuleiðis tillöguna á þingskj. 280, þá er eigi víst að jeg greiði atkv. með þeim. Þm. þekkir það víst, að það er alvanalegt, að lána nafn sitt á breytingartillögur til 3. umr., svo að þær komist að, og deildinni gefist kostur á að íhuga þær. Af þessum ástæðum stendur nafn mitt á þessum breytingartill., en alls ekki af því að jeg væri þeim samþykkur, enda sagði jeg h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.), að jeg mundi greiða atkvæði móti hans tillögu. *(Kl. Jónsson*: Þá er allt gott).

Landshöfðingi: Jeg hefi ekkert sjerlegt að athuga við breytingartill. á þingskj. 279, að svo miklu leyti sem það álítst nauðsynlegt, að leggja sama gjald á skip til Ísafjarðar og til Reykjavíkur. Það hefir reyndar verið tekið fram að málið sje óundirbúið, þó hitt hefði verið æskilegast; en jeg vil trúa því að bæjarstjórnin þar hafi ekkert á móti að fá þennan tekjuauka. Aptur á móti er jeg algjörlega mótfallinn breytingartill. á þingskj. 280, af því sem áður hefir verið tekið fram, enda álít jeg frumv., eptir að gjaldið hefði verið lækkað svo mikið, eigi aðgengilegt, því jeg tel það víst, að með því gjaldi yrði ekki hægt að fá 1 hafnsögumann, hvað þá 2, og það enda alveg óvalda menn, til að taka að sjer hafnsöguna.

Það er tekið fram í ástæðunum fyrir stjórnarfrumv., hversu mikið lestamál komi hingað árlega í verzlunarskipum og fiskiskipum, og má eptir því reikna út, hversu hátt gjaldið verður með 5 aur. á hverri smálest.

Það verður ekki öllu meir en 500 kr. á ári, og það sjá allir, hvort það er ekki ónógt til hafnsögumanns.

Jeg get ekki verið á þeirri skoðan, að sá sem væri hafnsögumaður hjer í Reykjavík, gæti rekið aðra atvinnu, jafnframt því; þó að það sje, ef til vill, ekki svo langur tími, sem hann eyðir til hafnsögunnar í sjálfu sjer, þá kemur það ekki til greina, þegar hann hann er skyldugur til að vera allajafna til taks, þegar eitthvert skip dregur upp veifu, og með því gefur til kynna, að það vilji njóta hans aðstoðar. Sje hann þar á móti einhversstaðar í vinnu, og ekki til taks þegar skip hefir dregið upp veifu, þá er það óforsvaranlegt gagnvart skipinu, sem hefir heimting á að fá leiðsögu hafnsögumanns þegar það æskir þess. Jeg get heldur ekki skilið, hversvegna h. þm. sem komið hafa með þessa breytingartill., hafa fundið ástæðu til að lækka svo mjög gjaldið á útlendum fiskiskipum; það hefir þó víst ekki verið meining þeirra, að vilja hæna þá að með því.

Jeg tek það upp aptur, að jeg álít, að gjaldið eptir breytingartill. sje allt of lágt, og yrði því að litlum sem engum notum, og þá væri betra hreinlega að fella frumv., sem jeg reyndar get búizt við að verði, því jeg sje að það hafa menn úr öllum fjórðungum landsins valizt saman til þess, að breyta þessu gjaldi, frá því sem kunnugir menn álíta hæfilegt, sem vel ættu að vita hvort þetta gjald mundi stofna verzlun Reykjavíkur í nokkra hættu; jeg verð að álíta, að ætla megi að hafnarnefnd og bæjarstjórn Reykjavíkur, öll embættisvöld, sem um málið hafa fjallað, efri deild alþingis,

þar sem margir málefninu kunnugir menn eiga sæti, og loks þingm. Rvík. hjer í deild beri skynbragð á þetta mál, og jeg vil bæta því við, að verzlunarstjett bæjarins mælir ekki á móti því, að þetta gjald verði lögleitt, svo ekki álítur hún það stórt haft á verzlunina, því það er þó hún sem ætla má að sje sjerstaklega »interesseruð« í þessu máli.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Það voru orð h. varaforseta, sem komu mjer til að biðja um orðið. Hann sagði að sjer sýndist eigi rjett af mönnum utan af landi, að blanda sjer í mál Reykjavíkur. Þar til liggja þessi svör. Menn, sem eru fulltrúar þjóðarinnar á löggjafarþingi hennar, eiga eigi einungis heimilt að hugsa og tala um öll þau mál, sem rædd eru á þinginu, heldur er það skylda þeirra. Í annan stað er það ekki Reykjavík ein, sem þetta frumv. snertir; það snertir alla þá, sem koma sjóveg til Reykjavíkur. Það snertir allt landið að því leyti, sem hjer er um það að tala, hvort hjer á landi skuli leggja skyldukvöð á skip þau, er koma til landsins, hvort setja skuli hafnsöguskyldu hjer á landi. Að það sje vilji manna, að gera þessa skyldu almenna, sjest bezt á því, að þegar hefir verið lagt til, að lögin næðu yfir Ísafjörð eigi síður en Reykjavík, enda mundu aðrir kaupstaðir skjótt gera hið sama. Jeg legg sáralitla áherzlu á þenna mikla undirbúning, sem h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) talaði um og sagði vera svo framúrskarandi. Það er ekki annað en vanagangur málanna. Fyrstu upptökin eru hjá einstökum mönnum, síðan kemur undirbúningur í hjeraði, og þá kemur málið á þing, og fer gegn um báðar deildir, ef því verður svo langs lífs auðið. Neðri deild er nú síðasti liðurinn, sem mál þetta gengur gegn um, og það væri hart, ef hún mætti ekki finna að frumv. eða ætti að taka því blindandi. En það var að skilja á orðum h. varaforseta (Þ. B.). Hann vildi láta Rvík. ráða sjálfa, en þegar kom til Ísafjarðar, þá kom annað hljóð í strokkinn. Þeir máttu ekki ráða. Þetta kalla jeg ósamkvæmni.

Hæstv. landshöfðingi sagði, að lækkun gjaldsins mundi verða til þess, að hæna útlend fiskiskip að bænum. En það held jeg þurfi ekki að verða, því að það verður nógu þungt á þeim samt. En jeg skal benda á eitt þjóðráð til að synda fyrir öll þessi sker og losna við allan ágreining, og það er að fella frumv.

Hæstv. landsh. sagði, við 2. umræðu þessa máls, að tilsk. þá, sem nú gildir um þetta, mætti nema úr gildi með konungsúrskurði? En hann ljet þess ekki getið, hvort það væri einstök atriði eða öll tilsk. Því þá ekki fara þá leiðina og skipa öllu þessu máli með konungsúrskurði. Það er bezt að fella frumv. og láta málið bíða. Þá er og nægur tími til undirbúnings og mætti setja almenn lög um þetta á næsta þingi. Því að það er all-líklegt, að aðrir kaupstaðir vilji hafa sama rjett sem Reykjavík.

Þetta er ekki sagt af því, að jeg sje á móti frumv., en jeg kunni ekki við það sem h. varaforseti (Þ. B.) gaf í skyn, að við hinir ættum að hafa vit á að þegja.

Landshöfðingi: H. 2. þm. Eyf. (J. J.) sem nú settist niður, kallaði þjóðráð að fella frumv., og láta skipa máli þessu með konungsúrskurði. Jeg held hann hafi ekki meint það, sem hann sagði. Það á ekkert skylt hvað við annað, að nema burt ákvæði reglugjörðarinnar frá 1841 um tölu hafnsögumanna, og hitt, að leggja á almennt gjald eða skatt, en það er hafnsögugjaldið eins og því

er komið fyrir í frumvarpinu. Hafnartaxta, sem kallað er, má setja með konungsúrskurði, en almennt hafnsögugjald má ekki leggja á með konungsúrskurði.

Það sem jeg hefi á móti, að þetta frumv. sje talið ná til margra eða allra kaupstaða á landinu, er það, að sinn er háttur á hverjum stað, og er eigi víst, að sömu lög geti átt við þá alla. Það er engu spillt, þótt hinir kaupstaðirnir sjeu látnir bíða.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagðist ekki vera mótfallinn stefnu frumv., en mjer skildist þó á honum, að hann mundi greiða atkvæði móti því, einkum sökum ummæla, sem einhver h. þingm. hefði haft við 2. umr. málsins.

Jeg vil geta þess, að mjer finnst það ekki vel farið undir fötin við frumv., að láta ummæli einstakra manna hafa áhrif á atkvæðagr. einungis af því, að þau eru þingm. móti skapi.

Guðlaugur Guðmundsson: Það hefur verið sagt, að frumv. færi fram á, að leggja hapt á verzlun hjer í bænum. En hitt er miklu meira hapt á henni, ef ókunnugir geta engan hafnsögumann fengið, og verða að stofna sjer og skipum sínum í voða. Mjer finnst nauðsyn bera til, að koma betra skipulagi á þetta hjer í Reykjavík, því að mjer er það ljóst, að það fer illa á því, sem nú er, enda er mjer kunnugt um, að menn hafa kvartað undan því. Þetta gjald, sem til er tekið, er alls eigi of hátt, og er engin ástæða til að lækka það, og það því síður, sem hlutaðeigendur verzlunarmenn sjálfir hafa lýst yfir því, að það sje ekki of hátt.

Það var talað um ósamkvæmni í því, að vilja láta Reykjavík ráða, en ekki Ísafjörð. En það er allt öðru máli að gegna með Ísafjörð. Þaðan hefur eigi komið nein umsögn frá bæjarstjórn eða hafngæzlumönnum, en það er allt komið fram hjer. Mjer þykir því rjettara, að láta Ísafjörð bíða, svo framarlega sem þetta er eigi lífsnauðsyn fyrir bæinn.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagði, að leggja mætti hafnsögugjald á með konungsúrskurði. Hæstv. landsh. tók það fram, að gjald þetta væri eptir eðli sínu skattur, og það er rjett. Það mundi því háskaleg skerðing á rjetti þingsins, ef svo væri farið að, sem þm. benti á, og verð jeg harðlega að mótmæla því, að hans skoðun eigi við nokkur rök að styðjast. Þingið hefur vald til að gjalda neikvæði við nýjum sköttum, og væri það hinn mesti háski, að láta það vald skerðast eða ganga úr höndum sjer. Jeg vona að h. þingm. sjái þetta við nánari íhugun. (*J. J., 2. þm. Eyf.*: Það hefi jeg allt af sjeð). Þá er mjer ómögulegt að skilja, hvernig h. þingm. gat látið sjer þessi orð um munn fara.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg þarf að minnsta kosti að standa upp til þess, að auðmýkja mig fyrir h. 2. þm. Eyf. (J. J.) og um leið til þess að reyna til að rjettlæta mig. Það var alls ekki meining mín, að mál þetta væri mönnum úti um landið óviðkomandi, heldur það, að málið snerti meir Reykvíkinga, heldur en þá og jafnvel oss, sem búum hjer í nándinni, og að þeir vissu betur hvað þeim hagaði en við, eins og jeg álít, að jeg og h. sami þm. viti betur, hvað okkur hagar en þeir. Jeg álít, að þetta sje sjerstakt mál fyrir Reykjavík, nauðsynjamál, sem jeg með engu móti vil hindra. Það er öllum kunnugt, að bæjarstjórnin hefur verið í vandræðum með að fá hafnsögumann, og það er ljóst, að eitthvað þarf til bragðs að taka. Það hefur verið gripið til þeirra óyndisúrræða að gjalda hafnsögumanni af hafnarsjóði, en það er

nú sannarlega nóg annað við hann að gjöra.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagði, að mál þetta snerti alla, sem hingað koma, þ. e. að segja alla skipaútgjörðarmenn og skipstjóra; en fæstir þeirra munu vera ofan úr sveit á Íslandi, og munu allflestir vera útlendir menn.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) þótti það ósamkvæmni, að jeg skyldi vera á móti því, að Ísafjörður væri tekinn með í frumv. þetta. Þar hefur hann eigi farið rjett með orð mín. Jeg hafði eigi á móti því, að nýtt frumv. væri samið fyrir Ísafjörð, en jeg vildi að eins ekki blanda öðrum kaupstöðum landsins saman við Reykjavík, ef það kynni að spilla fyrir, enda hefur málið engan undirbúning fengið frá Ísafjarðar hálfu. Vjer höfum eigi annað að styðjast við en sögn þm. þeirra.

Jeg þekki höfn hjer í nándinni, Keflavík, sem jeg álít alls eigi rjett, að sömu ákvæði gildi um og Ísafjörð, og þannig mun um fleiri hafnir; þótt einhver ákvæði sjeu hentug fyrir eina höfnina, þá er alls ekki þar með sagt, að þau sjeu hentug fyrir hina.

Hjer í Reykjavík hefur mál þetta fengið svo góðan undirbúning, sem unnt er. Hafnsögugjaldið getur ekki verið lægra en hjer er ákveðið. Ef þá mótbáru móti frumv. skal hafa, að það verði til þess, að leggja hapt á verzlunina, þá er jeg samdóma h. þm. V.-Skaptf. (G. G.), að það væri enn þá voðalegra hapt, ef enginn hafnsögumaður er til. Þá eru menn nauðbeygðir til að stofna sjer í voða; má vel vera, að slys hljótist af, og er það illt afspurnar fyrir höfuðstaðinn.

Þar sem h. þm. Ísf. (Sk. Th.) bar saman Ísafjörð við Reykjavík, vil jeg engan veginn gjöra lítið úr þekkingu h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.). En þess má geta, að málið hefur gengið í gegn um efri deild, án þess að h. 2. þm. Ísf. (S. St.) hreifði því þar, að frv. næði einnig yfir Ísafjörð.

Eins og jeg hefi tekið fram, álít jeg heppilegast, að hver kaupstaður hafi sín eigin lög í þessu efni; og jeg get eigi sjeð, að nokkur ósamkvæmni sje í því, sem jeg hefi sagt.

Jeg vil að endingu lýsa því yfir, að jeg hefi aldrei sagt, að þingm. ættu að þegja í þessu máli, og vona jeg, að enginn annar þingm. en h. 2. þingm. Eyf. (J. J.) hafi misskilið svo orð mín.

Sighvatur Árnason: Jeg vil nú ekki tefja umr. með því að tala um breyt.-till. þær, er fram hafa komið við frv. þetta, af því svo mikið er búið að ræða um þær. Jeg vildi að eins taka undir með h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) viðvíkjandi þjóðráði því, er h. 2. þm. Eyf. (J. J.) gaf í máli þessu, að fella málið og láta það liggja undir konungsúrskurð.

Jeg get eigi verið h. þm. Eyf. (J. J.) samdóma í því efni, því þótt ef til vill mætti nægjast með konungsúrskurð í máli eins og þessu, þá álít jeg, að þingið eigi ekki að kasta frá sjer því, sem undir það er lagt, og sem það hefir atkvæðisrjett um. Jeg vil með engu móti rýra vald þingsins, heldur efla það á allan hátt, og vona jeg, að h. þm. Eyf. (J. J.), svo frjálslyndur sem hann er, hafi sagt þetta að gamni sínu, en ekki í alvöru.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Jeg vil að eins geta þess, að ef h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) heldur, að það sje vilji minn, að konungsúrskurður sje látinn nægja í máli þessu, þá er fjarri því. (*Guðl. Guðm.*: Það voru orð þm.). Nei, jeg spurði að eins, hvort eigi mundi það mögulegt, að konungsúrskurður væri látinn nægja. Var það tilgangur minn, að fá frekari skýringu á ummælum hæstv. landsh. við 2. umr. þessa máls, er eigi gáfu mjer fyllilega ljósa hug-

mynd um, hver meining hans var, því mjer fannst þau hafa nokkurs konar málsfærslumannsbrag á sjer. Jeg hirði eigi um að svara hvísli h. þm. Rvík. (*H. Kr. Fr.:* Hef ekki sagt eitt orð). Vilji hann eiga orðastað við mig, þá gjöri hann það upphátt; þá mun jeg reyna að svara, ef mjer sýnist þörf til.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) og h. varaforseti (Þ. B.) tóku það fram, að það mundi verða enn þá voðalegra hapt á viðskiptum, ef enginn hafnsögumaður væri til í kaupstaðnum, heldur en ef gjald þetta væri lagt á. Jeg held ekki, að það sje neitt hætt við því, að hjer sje enginn hafnsögumaður, því samkvæmt hinni núgildandi reglugjörð sje jeg ekki betur en að það sje brýn skylda, að hafa hafnsögumann. Ef svo er ekki, þá þykir mjer fara að vandast málið, og mundi ei af veita, að jeg fengi upplýsingar á ný.

Hæstv. landshöfðingi sagði, að ef gjaldið væri lækkað, þá mundi upphæð sú, er fengist, jafnvel verða allt of lítil, og eigi nægja til þess að gjalda einum hafnsögumanni. Það mun að vísu satt, að það mundi eigi nægja, ef hafnsögumaður mætti eigi hafa aðra atvinnu, en til þess sje jeg enga ástæðu, þar sem það er »in confesso«, að þau skip eru mjög fá, er hafnsögumann nota hjer í Reykjavík. Jeg veit ekki hvers vegna hann á að ganga með hendurnar í vösunum. Og mjer finnst þessar 600 krónur, sem búast má við að upphæðin verði, vera nægilegt gjald.

Mjer finnst það sæta furðu, hve snarpar umræður hafa orðið um þetta mál, ekki mikilvægara en það er. Það sem jeg hefi sagt við þessa og fyrri umr. þessa máls, er eigi sprottið af því, að jeg sje á móti stefnu málsins, heldur af því, að margir hafa látið sjer þau orð um munn fara, er jeg get eigi látið ómótmælt. En nú hef jeg lokið máli mínu og má ekki tala optar.

Landshöfðingi: Það er að eins ein athugasemd, er jeg vildi gera út af því, er h. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagði, að það væri skylda stjórnarinnar að hafa hafnsögumann í Reykjavík. Það yrði þá að fylgja ákvæði um það, að hver Reykvíkingur væri skyldur til að vera hafnsögumaður, ef hann væri til þess kjörinn, því að, ef enginn hafnsögumaður fæst upp á þá kosti, er ákveðnir eru í reglugjörðinni frá 1841, þá er eigi samkvæmt henni hægt að skylda menn til þess. Enda virðist mjer það harla hart, ef amtmaður gæti skyldað hvaða útvegsbónda, sem hann vill, til þess að vera hafnsögumaður, og með þeim launum, er hann til tekur.

Jeg skil ekki í því, að h. 2. þm. Eyf. (J. J.) skyldi þykja það svo undarlegt, er jeg sagði við 2. umr., að breyta mætti reglugjörðinni frá 1841 með konungsúrskurði; þessi reglugjörð er að eins bráðabirgðareglugjörð, og að sínu leyti líks eðlis eins og hafnartaxti. Eptir reglugjörðinni er hverju skipi frjálst, hvort það notar hafnsöguna eða ekki; noti það hana ekki, þarf það ekkert hafnsögugjald að greiða, en ef það notar hana, þá á það að borga hafnsögugjald. Þess vegna þarf ekki lög til þess að ákveða um borgun fyrir þess konar hafnsögu, á sama hátt og ekki þarf lög til að setja hafnartaxta. Sama er um afnot af hafnar-»böju«, eða þess háttar, því það er hverjum skipstjóra í sjálfsvald sett, hvort hann vill nota hana eða ekki. Aptur á móti þarf lög til þess að ákveða, að hvert skip, sem kemur inn á einhverja höfn, skuli borga eitthvert ákveðið gjald, hvort sem það notar hafnsögumann eða ekki, því það er skattur, sem leggst á öll skip, sem á höfnina koma.

Að stjórnin hefir lagt þetta frumv.

fyrir þingið, sýnir, að hún hefir álitið, að hún hefði eigi rjett til að leggja slíkt gjald á án íhlutunar löggjafarvaldsins, og hún mun heldur ekki gera það, hversu mikið sem einstakir þingmenn kynnu að gefa henni undir fótinn, því það mundi ekki verða samrýmt við 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg get sagt eins og fleiri, að jeg skrifaði undir þessar breyt.till. meðfram fyrir uppástungumenn, svo þær gætu komizt að, en það eru umræðurnar, sem hafa gefið mjer tilefni til að tala fáein orð.

Jeg er þeim samdóma, sem vilja sem allra minnst leggja höpt á verzlunina og íþyngja henni, og því er jeg með því, að hafnsögugjaldið sje haft svo lágt sem fært er. Það þarf ekki blöðum um um það að fletta, að öll þau gjöld sem lögð eru á kaupmenn eða verzlun þeirra, koma niður á verzluninni, og hafa verðhækkun útlends varnings eða verðlækkun innlendrar vöru í för með sjer eða þá hvorutveggja. En aptur að öðru leyti er ekki ólíklegt, að lækkuð gjöld á verzlun hafi í för með sjer hagfeldara vöruverð fyrir viðskiptamenn kaupmanna.

H. 2. þm. Skaf. (J. Jak.) og h. 2. þm. Eyf. (J. J.) kváðu 600 kr. mundu vera næg laun handa hafnsögumanni í Rvík, því að hann gæti jafnframt hafnsögunni haft annað starf á hendi. Jeg er þeim alveg samdóma í þessu, því að þótt jeg sje ekki Reykjavíkurbúi, þá er jeg máli þessu nokkuð kunnugur, og mjer hefir um alllangan tíma ekki verið alls ókunnugt um hafnsögumannsstarf í Reykjavík. Fyrir 30—40 árum voru hjer tveir hafnsögumenn og bjó annar þeirra á Seltjarnarnesi; þeir voru bæði duglegir formenn og sjósóknarar, og sóttu þeir sjó ósleitilega samhliða hafnsögustarfi sínu. Annar þeirra, hreppstjóri og dannibrogsmaður Ásgeir Finnbogason, gerði hvorttveggja, að stunda smíði, bókband og vera formaður, og þó var hann meir notaður sem hafnsögumaður. Á þeim dögum notuðu þó flest skip, er til Reykjavíkur komu, hafnsögumann; væri það ekki, var það undantekning. Jeg álít því, að nú megi vel komast af með einn hafnsögumann, og annan til vara, sem þá gegndi í forföllum hans, en þá fengi hann og tiltölulegan hluta af hafnsögumannslaununum, þegar hann gegndi. Jeg er á því, að hjer eigi ekki að leggja á hærri skatt en þörf krefur, og það gæti jafnvel komið til mála, hvort þörf sje á að leggja á nokkurt sjerstakt hafnsögugjald; gjaldið til hafnarsjóðs er svo hátt, og sá sjóður svo auðugur, að óvíst er, hvort honum væri ofvaxið að launa hafnsögumanni, þar sem hann á nú, samkvæmt ástæðum fyrir frumv. stjórnarinnar, í sjóði full 35000 kr. Jeg mun því með atkvæði mínu hallast að því, að færa 10 aura gjaldið ofan í 5 aura.

Jens Pálsson: Jeg tek hjer til máls af því, að jeg þykist sjá galla á frumv. þessu, sem enn hafa eigi verið nefndir; það er sá galli, að mjer virðist gjald þetta koma ærið misjafnt niður, og þar að auki óþarflega misjafnt. Einn flokkur skipa, sem hafnsögugjaldið á að greiða, eru verzlunarskip. Það er sjálfsagt, að gjaldið af þeim verður að leggja á verzlunina, og þar kemur ójafnaðurinn fram. Þegar sama vöruskipið kemur hingað hlaðið vörum 3—4 sinnum á ári, þá þarf ekki að greiða hafnsögugjald af því nema einu sinni. En svo kemur það fyrir, að verzlunarmaður fær sama skip að eins einu sinni á ári, og þó þarf að greiða jafnhátt gjald af því, að tiltölu við stærðina, sem af hinu. Með öðrum orðum, þar leggst fjórum sinnum þyngra gjald á. — Þetta er ásteytingarsteinn, sem vel hefði mátt komast hjá, og jeg hafði hugsað mjer

að koma með breyt.till. nú til 3. umr., en af vissum ástæðum gat það ekki orðið. Tilfinnanlegast kemur gjald þetta niður, þegar um fjenaðarskip er að ræða og mest ber þar á ójöfnuðinum; þau skip hafa venjulega hátt tonnatal, og sá verður stórum harðar úti, sem að eins sendir sama skipið eptir einum fjenaðarfarmi, en hinn, sem lætur það flytja 3—4 farma sama árið. Á meðan jeg sannfærist ekki um, að skoðun mín sje röng á þessu, get jeg ekki gefið frumv. atkvæði. Jeg vil yfirhöfuð ekki gefa neinu ójafnaðarfrumv. atkvæði, og því sízt þessu, þar sem svo auðvelt er að sigla fyrir ójafnaðarskerin.

Úr því það hefir verið fullyrt, að sárfáir taki hjer hafnsögumann, þá bendir það á, að innsiglingin muni ekki vera vandasöm eða hættuleg. Það mun því ekki vera stór hætta, þótt það dragist til næsta þings, að hafnargjaldsskyldan sje lögð á; þá vona jeg þó, að hægt verði að búa svo um, að siglt verði fyrir ójöfnuð þann, sem jeg hef bent á, þótt jeg reyndar verði að játa, að ekki sje gott að sjá, hví það skuli ekki vera gert nú þegar á þessu þingi. Með breyt.till. á þingskj. 179 get jeg ekki vel verið, af því að mjer þykir viðsjárvert að innleiða almennt hafnsögugjald á landi hjer, að minnsta kosti á meðan höfnum er ekki meiri sómi sýndur en enn er. Jeg sá seinast í morgun, að skip var lagt hjer upp í sandinn og heyrði skipstjóra kvarta yfir, að ekki væri svo mikið sem hringur fastur hjer í fjörunni til að bregða í pertlínu; meðan eigi er gert meira fyrir hafnir hjer en nú er, þá er naumast gerandi, að leggja há gjöld á skip, sem hafnanna leita.

Jeg get eigi verið með breyt.till. á þskj. 180, af því að jeg er hræddur um, að hún nái ekki tilganginum.

Skúli Thoroddsen: Jeg skal leyfa mjer að svara með fám orðum mótmælþeim, sem komið hafa fram gegn breyt.till. minni, og skal jeg þá strax játa, að það er satt, að málið um fast hafnsögugjald á Ísafirði er ekki svo vel undirbúið heima í hjeraði, sem æskilegt hefði verið, með því að hvorki hefir verið leitað álits bæjarstjórnar nje hafnarnefndarinnar um það. En af annari hálfu hafa Ísfirðingar þó opt látið í ljósi, að þeir teldu fast hafnsögugjald mjög æskilegt. En eins og kunnugt er, var frumv. um fast hafnsögugjald fellt í efri deild 1891, og fyrir þá sök töldu Ísfirðingar ekki til neins að leita til þingsins í þessu efni. En þegar fregn sú barst til Ísfirðinga, að stjórnin hefði lagt fyrir þingið frumv. um hafnsögugjald í Reykjavík, þá gerði hafnsögumaðurinn á Ísafirði sjer för hingað suður til þess að minna okkur þingmenn sýslunnar á það, að nota nú hinn »hentuga tíma«, og reyna að fá komið á föstu hafnsögugjaldi á Ísafirði. Jeg skal og geta þess, að kaupstaðarbúar á Ísafirði hafa að undanförnu neyðzt til að greiða hafnsögumanninum á Ísafirði 150 kr. úr hafnarsjóði árlega, til þess að geta fengið hann til að halda áfram starfi sínu. Það hefir að vísu átt að heita svo, að hann fengi þessa þóknun fyrir að líta eptir hafnarmerkjum, en vitanlega hefir fjeð verið veitt honum, til að bæta honum upp hið ónóga hafnsögugjald. En hafnarsjóður má illa við því að greiða fje þetta, því að hann er lítill, og tekjur hans ekki nema um 1000 kr. á ári.

Hvað breyt.till. á þingskj. 280 snertir, þá er jeg henni meðmæltur, af því að jeg álít gjaldupphæðina þar nægilega, því að þess er að gæta, að enda þótt gjaldið sje ekki sett hærra, þá fá þó hafnsögumennirnir töluverð föst laun, og

auk þess má þess vænta, að þeir hafi þó meiri eða minni óvissar tekjur, því að opt mun það koma fyrir, að sama skip noti hafnsögumann optar en einu sinni á ári. Aðalatriði í máli þessu er, að mínu áliti, einmitt það, að eitthvert fast gjald sje ákveðið, svo að hafnsögumenn þurfi ekki að renna alveg blint í sjóinn með það, hvort nokkurt skip noti þá eða ekki, og hvort þeir fái nokkuð eða ekkert fyrir það að hafa hafnsögumannsstarfið á hendi; þegar á ekkert fast gjald er að vísa, getur það orðið örðugt, eða jafnvel ómögulegt, að fá fastan hafnsögumann. Ef gjaldið aptur á móti væri sett 10 og 5 aurar, eins og í stjórnarfrumv., þá hefir svo verið talið til, að það mundi hjer í Reykjavík nema um 1200 kr. á ári; en þetta er óþarflega hár skattur, því að jeg ætla, að hafnsögumaður muni auðfenginn hjer í Reykjavík fyrir töluvert lægri laun, allra helzt, ef hann er ekki notaður meir en orð hefir verið á gjört.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Þótt nafn mitt standi á breyt.till., þá er jeg ekki með þeim fyrir það; jeg vildi að eins stuðla til þess, að þær kæmust undir álit deildarinnar, en hefi alls ekki skuldbundið mig til að greiða atkvæði með þeim, þótt margt mæli að vísu með því að leggja sem minnst höpt á verzlunina. Jeg hef af umræðunum sannfærzt um, að hentugast sje að hafa Reykjavík eina sjer í þetta sinn, og eins hygg jeg, að gjaldupphæðin sje hæfilega sett fyrir þennan kaupstað eins og hún er í frumv.

Hæstv. landshöfðingi tók það fram, að það liti út eins og vjer vildum hæna að oss útlend fiskiskip. Því fer fjarri, að svo sje fyrir mjer; jeg vildi þvert á móti óska, að stjórnin fyndi ráð til að vèrnda oss fyrir yfirgangi þeirra. Jeg hef fengið áreiðanlegar fregnir um, að um 30 útlendir gufabátar hafi í vor legið fyrir Breiðamerkursandi og út af Ingólfshöfða, stundað þar botnvörpuveiði í landhelgi og slætt upp allt kvikt, sem fundizt hefir á því svæði. Jeg veit að þetta snertir málið að eins óbeinlínis, en orð hæstv. landsh. gáfu mjer tilefni til að minnast á það.

Guðlaugur Guðmundsson: Það hefir verið sagt, að hafnsögumenn væru lítt notaðir í Reykjavík; en þar liggur það svar beint við, að þeir eru ekki mikið notaðir af þeirri einföldu ástæðu, að það er ekki hægt að nota það, sem ekki er til.

Jeg held að það sje ekki rjett eða heppilegt, að gjöra það að borgaralegri skyldu, að vera hafnsögumaður, eins og t. d. að sitja í sveitarstjórn. Jeg tek þetta fram, af því mjer virtust orð h. 2. þm. Eyf. (J. J.) fara í þá átt, er hann kvað það vera undarlegt, að hjer væri enginn hafnsögumaður, þótt svo væri fyrirskipað í reglugjörðinni, að hann skyldi vera. Það hefir verið talað um, að hjer sje verið að leggja nýtt gjald á verzlunina, og nýtt haft fært á hana. En það er einmitt verið að fyrirbyggja með því, að annað og líklega hærra gjald leggist á hana. Það getur vel farið svo, að sje hjer enginn hafnsögumaður, þá verði hækkað ábyrgðargjald á vörum og skipum hingað, og það gjald mundi að líkindum töluvert tilfinnanlegra fyrir verzlunina en hafnsögugjaldið. Það getur því verið hættulegt að bíða enn með frumv. þetta, eins og h. þm. Dal. (J. P.) lagði til, því að það er hægra að koma á hækkuðu ábyrgðargjaldi, en að koma því af aptur. Það hefir verið sagt, að launa mætti hafnsögumanni úr hafnarsjóði; en þess er að gæta, að sá sjóður er ætlaður til aðgjörðar höfninni, og sje eytt árlega af honum, þá verður lítið hægt að afreka með honum.

H. þm. Dal. (J. P.) var að tala um ójafnaðarsker í frv. þessu, sem hann

vildi sigla fyrir, en það mun ekki auðgert nema með því að koma á lóðsþvingun, og það hygg jeg vafasamt að hann telji heppilegra fyrirkomulag.

Þórður Guðmundsson: Jeg ætlaði mjer ekki að tala í þessu máli, en úr því sem komið er, verð jeg að gjöra grein fyrir, hvers vegna jeg hefi skrifað undir breyt.till. á þingskjali 280. Jeg gjörði það ekki einungis til þess, að breyt.till. gæti komizt að, heldur af því, að jeg áleit og álít 5 aura gjald í stað 10 aura gjalds af hverri smálest í verzlunar- og mannflutningaskipum vera sæmilega hátt gjald, til að kosta hafnsögumann, einkum þar sem jeg á hinn bóginn álít, að hafnsögumaðurinn gæti rekið aðra atvinnu meira eða minna við hliðina á hafnsögunni. Það er kunnugt, að mikinn part vetrar þarf ekki á neinum hafnsögumanni að halda, og hann þarf heldur ekki að vera til staðar alltaf á sumrin. Vegna þessa skrifaði jeg undir breyt.till., en ekki af því, að jeg væri því mótfallinn, að hafnsögumaður væri til hjer í Reykjavík, því það álít jeg mjög nauðsynlegt, en aptur á hinn bóginn vil jeg ekki leggja óþarflegan skatt á verzlun og strandferðir landsins.

Flutningsmaður (Halldór Kr. Friðriksson): H. 1. þm. Árn. (Þorl. Guðm.) sagði, að áður fyr hefðu tveir hafnsögumenn haft fullgóða atvinnu við hafnsöguna hjer í Reykjavík, en jeg vil benda honum á, að þá tók hjerumbil hvert skip hafnsögumann. Nú aptur á móti taka örfá skip hafnsögumann, en samt verður hann að vera eins bundinn eins og þó öll skip tækju hann. Þetta er sá mikli munur á fyr og nú. Það er og eðlilegt, að færri skip taki hafnsögumann nú, þar sem búið er að setja út »böju« hjá Akurey til að vara farmenn við grynningum, og ljósker er komið á Engey til að lýsa skipum inn á höfnina. Áður gátu menn ekki án hafnsögumanns verið, en nú er búið að greiða svo fyrir siglingum inn á höfnina, að menn þurfa ekki hafnsögumann eins og áður. Þó getur það stundum komið fyrir, að skip þurfi hafnsögumanns, og því þarf hjer endilega að vera einn hafnsögumaður, eða öllu heldur tveir.

Menn hafa verið að tala um, að hjer væri verið að leggja gjald á verzlunina; en hvernig halda menn að færi, ef skipaábyrgðarfjelögin neituðu að taka skip, sem hingað ætla að fara, í ábyrgð nema fyrir miklu hærra gjald en nú, af því að hjer væri enginn hafnsögumaður? Legðist þá ekki einmitt gjald, og það tilfinnanlegt gjald, á verzlunina, ef ábyrgðarfjelögin annaðhvort neituðu algjörlega að tryggja skip hingað, eða þá að eins gegn margfalt hærra ábyrgðargjaldi en annars? Það hefir enda komið til tals, að »assúrandörar« heimtuðu meira ábyrgðargjald af skipum, sem hingað eiga að fara, at allt öðrum ástæðum. Ef það bættist nú við, að þeir fengju að vita, að hjer væri enginn hafnsögumaður, þá held jeg að þeir gætu sagt: »Nei, við tökum ekki í ábyrgð skip, sem til Reykjavíkur eiga að fara, nema þá fyrir afarhátt gjald, því þar er enginn hafnsögumaður«.

Að því er snertir hafnsögugjald af skipum, sem koma til Ísafjarðar, þá segi jeg sama og h. varaforseti (Þ. B.) að jeg er fús á að samþykkja frumv í þá átt, ef h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) vildi bera það fram sjerstaklega. Jeg get ekki ætlað, að ekki sje nægur tími til þess enn.

H. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) var að benda einhverju að mjer. Mjer heyrðist hann segja, að jeg væri ekki með verzlunarfrelsi. Jú, jeg er sannarlega með verzlunarfrelsi, en jeg vil ráða honum að nota það rjettilega, en hlaupa eigi út í bláinn í því efni

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) þarf ekki að senda mjer nein ónot, því jeg hefi ekki talað nokkurt eitt orð honum til miska; jeg vitna til forseta og hinna heiðruðu þingmanna um það.

Jeg vona að h. þingd.m. játi, að þeir, sem um þetta mál hafa fjallað, eru einmitt þeir, sem því hljóta að vera kunnugastir. Þess vegna treysti jeg því líka, að h. þingd. samþykki frumv. óbreytt. Jeg vona að menn hljóti að viðurkenna það, sem jeg og h. varaforseti (Þ. B.) höfum tekið fram, að þeir, sem búa í fjarlægum hjeruðum, geti ekki haft eins ljósa hugmynd um þetta mál, eins og þeir, sem um það hafa fjallað.

ATKVGR.: 1. stafl. í breyt.till. (279) við 1. gr. felld m. 19:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli vegna óglöggrar atkvæðagr., og sögðu

Já:	*Nei:*
J. Jónss., 2. þm. Eyf.,	E. Jónsson,
J. Jónss., 2. þm. N.-M.,	Kl. Jónsson,
Sighv. Árnason,	B. Kristjánsson,
Sk. Thóroddsen,	Bj. Bjarnarson,
	B. Sigfússon,
	B. Melsteð,
	Guðl. Guðmundsson,
	H. Kr. Friðriksson,
	Jens Pálsson,
	Jón Jakobsson,
	J. Jónss., þm. A.-S.,
	Jón Þórarinsson,
	Jón Þorkelsson,
	Ól. Briem,
	Sigf. Árnason,
	Sig. Gunnarsson,
	Þ. Böðvarsson,
	Þórður Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundsson.

Breyt.till. (280) við 1. gr., að í stað orðanna: »10 aura«, komi »5 aura«, samþ. með 12 : 10 atkv., en síðari liður hennar, að í stað orðanna: »5 aura« komi »3 aura«, felld með 12 : 7 atkv. Breyt.till. (279) undir tölul. 2, 3, 4 álitnar fallnar með atkvæðagr. um 1. lið sömu breyt.till.

Frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 20 atkv. samhljóða. Endursent efri deild.

Frumvarp til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, úr lögum (C. 365, 371); 3. umr.

Flutningsmaður (*Skúli Thóroddsen*): Breyt.till. sú, sem jeg hefi leyft mjer að koma fram með á þingskjali 264, er að eins orðbreyting á 3. gr. frumv., sem jeg leyfi mjer að vona, að h. þingd. samþykki, með því að betur fer á því, að orða 3. gr. eins og gjört er í breyt.till. Að öðru leyti hefi jeg ekki annað að segja um þetta mál. Jeg vona, að það gangi fram hjer í deildinni nú, eins og áður.

ATKV.GR.: Breyt.till. 264 samþ. með 21 atkv. Frumv. þannig breytt samþykkt með 22 atkv. Sent efri deild.

Frumvarp til laga um breyting á opnu brjefi 29. maí 1839, um byggingarnefnd í Reykjavík (C. 192, 315); 3. umr.

Framsögumaður (*H. Kr. Friðriksson*): Jeg finn ekki ástæðu til að bæta neinu við það, sem jeg hefi áður talað með þessu máli. Það hefir ekki mætt neinni verulegri mótstöðu í þingdeildinni, og vona jeg því, að það verði nú samþ.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í einu hlj. Sent efri deild.

Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum árin 1890 og 1891 (C. 40, 294); framh. 1. umr.

Framsögumaður (*Ól. Briem*): Jeg finn ekki ástæðu til að tala neitt um frumv. nú, en óska að eins að því verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Tuttugasti og sjöundi fundur, þriðjudaginn 1. ágúst kl. 12 á hádegi. Allir á fundi nema þm. Dal. (J. P.) sem tilkynnt hafði forföll sín.

Frumvarp til laga um þinglýsing afsalsbrjefa og annara heimildarskjala fyrir fasteignum, svo og um afnám fasteignarsölugjaldsins (C. 197, 271); 2. umr.

Landshöfðingi: Mjer getur eigi dulizt, að þetta frumv. er töluvert ísjárvert. Það eru, eins og nefndin tekur fram, 2 atriði sem felast í því: hið fyrra að gera mönnum að skyldu að þinglýsa öllum afsalsbrjefum og öðrum heimildarskjölum fyrir fasteignum innan 2 ára, og hið síðara, að afnema gjald af fasteignasölu.

Að því er snertir fyrra ákvæðið, þá er jeg nefndinni samdóma um, að illt sje að lögleiða þinglýsingarskyldu, og með því sje gengið of nærri þeim eðlilega rjetti, sem hver maður á að hafa til þess, að ráða sjálfur gjörðum sínum, og þó jeg verði að vera því samþykkur, sem nefndin enn fremur tekur fram, að æskilegt væri, að slíkum afsals- og heimildarskjölum ávallt væri þinglýst til þess að tryggja það, að hinar lögskipuðu kaup- og veðmálabækur væru sem fullkomnastur, þá get jeg ekki sjeð, að nefndin með því, sem hún síðar segir í áliti sínu, hafi hrakið það, sem hún áður sjálf segir. Jeg álít það nægja hvöt fyrir þann sem kaupir jörð, til að annast um að eignarheimild hans sje þinglýst, að eptir íslenzkum lögum, sjer í lagi opnu brjefi 28. apríl 1841, verður eignarrjettur hans ekki til fyr en við þinglesninguna, og enn fremur það, að hann hvorki getur veðsett hann nje selt, svo órækt sje, fyr en hann sýnir með vottorði eptir afsals- og veðmálabókinni, að hann sje rjettur eigandi.

Með öðrum orðum: Hann hefir ekki full umráð eignar sinnar að þessu leyti, nema henni sje þinglýst. Sá sem vildi lána honum út á jörðina getur alltaf heimtað, og ætti alltaf að heimta, að hann sýni veðbókarvottorð um eignarheimild sína, og þó það hafi reyndar af sumum opinberum sjóðum verið nokkuð linlega gengið eptir þessu, jeg á við Landsbankann, sem hefir látið sjer nægja að sýslumenn gefi yfirlýsingu, að þessi maður vitanlega eigi þessa jörð, þá er það í sjálfu sjer eigi rjett, að nokkur slíkur sjóður láni fje, nema eptir skýlausu eignarvottorði úr afsals- og veðmálabókinni. Þegar slíkt eignarvottorð ekki verður gefið, hljóta sýslumennirnir að rita á veðsetningarskjalið, að það sjáist ekki á afsals- og veðmálabókinni, að veðsetjandi sje eigandi þess, sem hann veðsetur, og þá er veðbrjefið ekki lögfullt sönnunarskjal. Þetta álít jeg að ætti að vera nægilegt aðhald, eptir núgildandi lögum, til þess að menn láti þinglýsa eignarheimildum sínum, svo að þeir, hve nær sem á þarf að halda, geti sannað eignarrjett sinn; en að skylda menn til þessa, og leggja sekt við, ef út af er brugðið, finnst mjer, eins og nefndarálitið tekur fram, ganga of nærri rjetti, sem hver fullveðja maður á að hafa yfir eigum sínum.

Það getur líka komið fyrir, að sá, sem eignast jörð, vilji, af einhverjum ástæðum, eigi láta lýsa eignarheimild sinni strax, en samkvæmt frumv. má hann ekki fresta því, heldur er skyldur til að gera það innan árs.

Stundum getur líka verið erfitt fyrir eiganda að útvega regluleg heimildarskjöl fyrir eign sinni, og þá er hart að skylda hann til að hafa þinglýst henni innan 1 eða 2 ára eptir breyt-

inguna. Það getur opt verið mjög erfitt að útvega slík heimildarskjöl; vjer vitum t. d., að á erfingjaskýrslum er ekki alla jafna svo formlega búið um hnútana, að hægt sje að leggja fram til þinglýsingar eignarheimild fyrir hverjum þeim jarðarparti, máske fáum áln. eða hvað það er, sem hverjum erfingja kann að hlotnast. Yrði þetta frumv. að lögum, þá þyrfti hver sá sem svona stæði á fyrir, hversu lítil sem eign hans væri, að fá leyfisbrjef til að gefa út opinberá rjettarstefnu með árs og dags fresti, og því næst að fá dóm til staðfestingar eignarheimild sinni. Jeg fæ alls ekki sjeð, að nein nauðsyn sje á slíku. Hitt væri rjett, að lána aldrei út á jörð þar sem veðsetjandinn gæti ekki sýnt veðmálabókarvottorð.

Hvað síðara ákvæðið snertir, að nema burt fasteignasölugjaldið, þá er jeg ekki mótfallinn því, því jeg álít, að það sje svo lítið, að engan muni um það. Hitt rengi jeg ekki, sem nefndin segir, að gjaldið fæli marga frá að þinglýsa eignum sínum.

Jeg vil að endingu geta þess, að jeg kann ei við orðalagið sem haft er í 2. gr. með þessa 1% eða ½%, sem á að greiða í landssjóð af ákvæðisverði fasteignarinnar, ef ákvæðunum í 1. gr. er eigi fullnægt. Jeg sje ekki annað en þetta gjald verði að skoðast sem sekt, og sýslumaður verði því í hverju einstöku tilfelli að rannsaka málið, og kveða upp dóm. Væri ekki svo, þá hefði þurft að ákveða í frumv., hvenær greiða skyldi þetta gjald, að taka mætti það lögtaki, ef hlutaðeigandi vill ekki greiða gjaldið góðfúslega. Jeg vildi helzt ráða til að fella 1. og 2. gr. frv. 3. gr. leggur nefndin til að falli burt, og næði þá frumv. aðeins yfir ákvæðin í 4. gr., enda geta þau vel staðið sem sjerstakt frumv.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Fyrir hönd nefndarinnar þakka jeg hæstv. landshöfðingja fyrir bendingu hans, sjerstaklega af því skoðanir hans á þessu máli koma svo vel heim við álit nefndarinnar. Hann lagði aðaláherzluna á ákvæðin í 4. gr., um að afnema ½% gjald af fasteignasölu, og það gerði nefndin einnig.

Það sem kom nefndinni til að fara lengra, sem sje að vilja lögleiða almenna þinglýsingarskyldu, var sjerstaklega það, að henni var kunnugt um, að ekki er ávallt fylgt þeirri reglu, að heimta skýlaust veðbókarvottorð, þegar lánað er úr opinberum sjóðum gegn fasteignarveði. Ef það væri föst regla við alla þá sjóði, sem undir umráðum landsstjórnarinnar, þá væri það mjög mikið aðhald, því eptir því sem nú á sjer stað, þá eru veðsetningar mjög tíðar, og mundi því mega ætla, að með þessu yrði flestum fasteignakaupum þinglýst.

Hvað því viðvíkur, sem hæstv. landsh. tók fram um 2. gr., að það væri óeðlilegt að leggja sekt við, ef eignaheimild væri eigi þinglýst á rjettum tíma, þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, að samkvæmt áliti nefndarinnar ber ekki að skoða gjald það, er þar ræðir um, sem sekt, heldur skatt. Var svo til ætlazt, að þetta yrði aðhald að mönnum til að þinglýsa, þar sem þeir væru gjaldfríir, er gerðu það innan þessa tiltekna tíma.

En sem sagt, ef skýlaus eignarvottorð væru ávallt heimtuð við veðsetningu, eins og hæstv. landsh. gaf í skyn, þá mundi það einmitt miða til þess, sem nefndin hefir ætlazt til með 3 fyrstu greinum frumvarpsins. Nefndinni er því ekkert kappsmál að halda þeim, og vildi jafnvel láta þær falla, ef það gæti orðið til þess, að hæstv. landsh. fremur gæti aðhyllzt frumv.

Það er ekki ný uppástunga að afnema fasteignasölugjaldið; það kom til tals í fjárlaganefndinni 1885, og nefndin kom með frumv. í þá átt, er var samþykkt í neðri deild með miklum atkvæðafjölda, en fjell fyrir sjerstakt atvik í efri deild, af því að landssjóður hafði þá fyrir skömmu fengið allmiklar tekjur af því, sem ekki þarf að vonast eptir að öllum jafnaði. Fari svo, að háttv. deild þóknist að fella allar greinarnar nema 4. gr., þá má með atkvæðagreiðslunni skipta fyrirsögninni.

Landshöfðingi: Jeg vil bæta því við út af orðum h. framsögum. (Ól. Br.), að jeg hefi ekkert á móti því, að því ákvæði sje bætt inn í frumv., að gjaldið fyrir þinglestur falli burtu, ef þinglestur eða innritun í veðmálabók fer fram innan árs, en ella skyldi greiða gjaldið. Jeg get þessa, ef nefndin vildi íhuga það til 3. umr., en það er ekki nóg, að tiltaka aðeins þinglestur, heldur ætti að fylgja með: »eða innritun í veðmálabækur«, og þá ímynda jeg mjer að eiginlega sje allt fengið sem farið var fram á með frumv., að ýta undir menn með þinglestur og aftaka gjaldið. — Þetta getur komið inn við 3. umr., ef mönnum sýnist svo.

Björn Bjarnarson: Mjer finnst það vera agnúi á frumv., þar sem lögð er sekt við, ef ekki er búið að þinglýsa innan árs frá því samningur var gerður, því það getur opt orðið ómögulegt; jeg vil taka til dæmis, þó ekki sje annað, þá getur þing verið haldið fyr annað árið en seinna hitt, og ef t. d. kaup á jörð hefði farið fram rjett eptir þing fyrra árið, getur verið ómögulegt að þinglýsa innan árs, t. d. þing haldið fyrst í júní í ár, kaupsamningur gerður næsta dag eptir, en þing að ári ekki fyr en í miðjum júní eða seinna, þá væri meir en ár liðið frá því kaupsamningarnir voru gerðir og þangað til þeim var þinglýst. Þá er annað atriði það, að hundraðsgjaldið á að miða við mat jarðar, ef verð er ekki ákveðið í heimildarskjali. Til að fá þetta atriði framkvæmt, verður að skipa fyrir um mat á eigninni. Á hvers kostnað verður þetta mat? og hver annast um það? Þetta verður nýr skattur, ef eigandi á að borga matið. Þó að mjer þyki þetta athugavert við frv., mun jeg greiða atkv. með því, svo að nefndinni gefist kostur á að breyta þessu til 3. umr.

En hafi frumv. þá ekki tekið breytum, er mjer þyki til bóta, er þá ekki víst, að jeg gefi því atkv. við 3. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Af því jeg er einn í þessari nefnd, þá vildi jeg fara fáeinum orðum um málið. Það vita allir, að þessi brestur á þinglýsingu eignarheimilda er mjög óþægilegur og getur opt valdið vafa og flækjum, og eins vita menn, að hann er mjög almennur, enda hefur landsbankinn og fleiri sem lán veita, eigi tekið svo hart á því, þó hana vantaði; rjettast væri eins og hæstv. landshöfðingi tók fram, að framfylgja strangt kröfunni um þinglýsta heimild, og veita engin lán nema slíkt eignarvottorð fylgdi. Þetta væri líka nægilegt, ef allir gjörðu sjer það að reglu; en reynslan sýnir, að svo er eigi. Einstakir menn kaupa jarðir án þess að aðgæta nokkuð, hvort seljandi hefur þinglýsta eignarheimild á þeim, og þetta er komið svo fast inn hjá mönnum, orðinn svo rótgróinn vani, að ekki er auðið að fá þessu breytt, fyr en viðskipti manna eru komin á allt annað stig og menn fara að reka sig á. Þetta er málið frá annari hlið sjeð, en á hina hliðina sýnist það ísjárvert, að leggja beina skyldu á menn, að láta þinglýsa eignum sínum strax, er þeir hafa eignazt þær, enda var

það skilningur okkar á frumv., að það færi ekki fram á það, heldur eins og hæstv. landshöfðingi síðast tók fram, að menn með því að fresta þinglýsingunni eigi meir en 1 eða 2 ár, sleppa við gjald, en jeg skal fúslega játa, að frá því sjónarmiði er greinin eigi heppilega orðuð, og get jeg verið með breytingum í þá átt til 3. umr.

Það var minnzt á, að gjaldið væri miðað við matsverð. Ef gjald á að vera, þarf að miða það við eitthvað, og jeg get eigi skilið, hvernig h. þm. Borgf. (B. B.) vill fara að því á annan hátt. Eða hvað getur legið nær en miða það við matsverð? Að það sje nokkrum sjerlegum vandkvæðum bundið að láta meta jörðina, get jeg eigi sjeð. Hjer mundi auðvitað verða farið að eins og vanalega þegar þarf að leggja matsverð til grundvallar fyrir gjaldi. Sje engin upphæð tiltekin í afsals- eða kaupbrjefinu, gefur kaupandi upp verð eignarinnar undir eiðstilboð; það kostar hann að eins fáeinar línur og nafnið sitt; sje engin sjerstök ástæða til að rengja framburð hans, er látið við það sitja, og svo mundi einnig verða í þessum tilfellum.

Jeg skil því ekki hvað þm. hefur á móti þessu. (*B. B.*: Jeg hef ekkert á móti því!) Jeg sje ekki annað en að það liggi í hlutarins eðli, að ef meta þarf, þá greiði sá sem halda á kaupi til laga, þennan kostnað. Þetta sýnist mjer vera mjög einfalt.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Jeg vil að eins geta þess út af orðum h. þm. Borgf. (B. B.), þar sem hann talaði um, að meir en ár gæti liðið milli manntalsþinga, svo að fyrir þá sök væri ómögulegt að framfylgja ákvæði frumv. Þá gekk nefndin út frá því, sem er að fyrir-fram-bókun í kaup- og veðmálabækur hefur að öllu leyti sama gildi og þinglýsing, svo á þann hátt væri engin hindrun fyrir hvern sem vildi, að tryggja sig að þessu leyti.

Jeg er h. meðnefndarmanni mínum, þm. V.-Skaptf. (G. G.), samdóma um, að aðaltilgangi frumvarpsins sje nú að miklu leyti fullnægt með því, að samþykkja 4. gr., og því hef jeg eigi neitt á móti, að 3 fyrstu greinar frumvarpsins falli, því það má laga frumv. til 3. umr.

Björn Bjarnarson: Jeg vil leyfa mjer að gjöra þá stuttu athugasemd, viðvíkjandi ræðu h. þingm. V.-Skaptf. (G. G.), að það, sem jeg hef á móti matsverðinu, er, að kostnaðurinn við matið, sem getur verið talsverður, er skattur, sem lagður er á eigandann. Virðing eiganda sjálfs undir eiðstilboð getur þó naumast náð til fasteigna, sem eru eign sveitarfjelaga eða annara stofnana.

ATKV.GR.: Breyt.till. við 1. gr. að í stað »2 ár« komi »1 ár«, samþ. með 12 : 1 atkv.; 1. gr. með áorðinni breytingu felld með 13 : 6 atkv.; breyt.till. við 2. gr. að í stað »1%« komi »½ %« samþ. með 15 : 1 atkv.; 2. gr. með áorðinni breytingu felld með 15 : 2 atkv.; 3. gr. þar með fallin; 4. gr. samþ. m. 20 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. þannig orðuð: »Frv. til laga um afnám gjalds af fasteignarsölu«, samþ. með 20 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 20 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um kirkjur (C. 153, 275, 336, 394); 2. umr.

Framsögumaður (*Þórarinn Böðvarsson*): Jeg finn enga ástæðu til að tala um frumv. þetta í heild sinni, stefnu þess, tilgang og efni, en vil fara nokkrum orðum um einstakar breytingartillögur, og ætla jeg engum virðist það óþarfi. Það sem einkum gefur mjer ástæðu til

þess, er að, þingmenn hafa lítinn tima til lesturs, og get jeg því hugsað mjer, að þeir sjeu enn eigi orðnir gagnkunnir tillögum nefndarinnar, sem eru margar. Þess vegna mun jeg í fám orðum segja, í hverju þær eru fólgnar.

Í 1. tölulið er gjörð sú breyting á 1. gr., að á eptir »ljóstollur« er sett »legkaup«, og í 2. tölul. er bætt aptan við sömu grein: »svo og skylduvinna við kirkjur og kirkjugarða«. Það er hjer farið fram á, að fella þessa skyldukvöð niður, og er það eigi lítill ljettir fyrir almenning. Það er líka með ákvæðum nefndarinnar ljett af tvenns konar böli, fyrst því, að sókn eigi að sjá um kirkjugarð eptir reglugjörð 1782, og hinu, sem stafar af því, hve óljós þessi tilskipun er; eru vandræði út af þessari kvöð, hvernig niður skuli koma skylduvinnan. Jeg segi að í 1. grein, sje miklu ljett af sóknarmönnum og þyrfti mikið fyrir að koma. Hið upphaflega frumv. fór fram á eina krónu, en nefndin setti það niður í 75 aura. Jeg er ekki óttalaus um, að það verði í minnsta lagi, sjerstaklega þegar til þess er litið, hve mikil ný útgjöld bætast við, sem og þurfa að bætast við, svo sem hitun kirkna og fleira. En 1 kr. yrði fyllilega næg, um það er jeg sannfærður. En öll nefndin var á því máli, að ekki væri rjett að íþyngja almenningi að þarflausu. Af því nú að flestir nefndarmenn hugðu 75 a. nægja, þá varð það úr, að hún lagði til, að það yrði hið ákveðna gjald, til þess hún gæti verið viss um, að setja það ekki of hátt. Þar sem í 3. tölul. er bætt við 2. gr., að eindagi gjaldsins sje 31. október, þá er það einkum gert með tilliti til þess, að þá eru markaðir nýlega um garð gengnir og má því ætla, að almenningi verði ljettast að greiða gjaldið þá.

Í 4. tölul. er gjörð sú breyting á 3. gr., að hún er gjörð ljósari. Það sem nefndin hefir lagt til að verði skýrt ákveðið í 3. gr., var í frumv. ákveðið nánar í 5. gr., en nú hefir nefndin fellt þá gr. úr, af því að hún var óþörf, þegar breytt var 3. gr. í þessa átt. 4. gr. er óbreytt, en 5. og 6. gr. eru felldar úr og breytist greinatalan því samkvæmt. Sú breyting sem í tölulið 9 er gjörð á 7. gr. frv., sem nú verður 5. gr., er góð fyrir kirkjurnar, en lakari fyrir innheimtumennina. Undir 11. og 12. tölul. er töluverð óþörf upptekning; því að undir 13. tölul. stendur, að ákvæðið skuli því að eins ná til bændakirkna, að þeir samþykki. En jeg álít sanngjarnt, að móti þessum rjetti bænda komi sá rjettur fyrir yfirstjórn kirkju vorrar, að hún megi eiga úrskurðarvald í því, hverjar bændakirkjur sjeu tækar í sjóðinn. Þetta er rjett sjeð, því að sú mundi raunin á verða, að ríkum bændakirkjum mundi haldið utan við sjóðinn, en þær fátæku mundu fegnar vilja njóta hans. Undir 16. og 17. tölul. er eiginlega um orðabreytingar að ræða, undir 19. tölul. er felld burt málsgrein um viðskiptabækur, er það afleiðing af þeirra sameiginlega sjóði. Undir 20. tölul. er það lagt til, að stiptsyfirvöldin hafi yfirumsjón sjóðsins í stað bankastjórnar. Jeg skal játa, að jeg hefi enn þá skoðun, að það sje eigi skylda stiptsyfirvalda eða samkvæmt stöðu þeirra, að hafa svo mikla reikningsfærslu á hendi, og vildi jeg helzt, að svo væri, sem farið er fram á í frumv.

Þar sem undir 21. tölul. er lagt til, að 5. málsgrein falli burt, þá er það að eins eðlileg afleiðing af ákvæðinu um stofnun sameiginlegs kirkjusjóðs, sömuleiðis tölul. 22. og 23. Undir tölul. 24 er að eins orðabreyting. Tölul. 25.

er enn afleiðing af sjóðinum. Það sem fellt er úr í 28. tölul. er óþarft, af því að það er komið áður í upphafinu. Tölul. 29. 30. 31. 32. og 33. fara að eins fram á orðabreytingar, 35.—37. afleiðingar af ákv. um kirkjusjóðinn almenna. Einhver impraði á því, hve þá skyldi fara með bændakirkjur. Ja, það er augljóst, að þær verða að hlýða sömu lögum sem nú gilda.

Það sem talað er um að fella burt undir tölulið 39, þótti mjer langrjettast að fella. Því að þegar umráðamenn verða að skila hverjum eyri, þá er nú ekki meira heimtandi af þeim, og engan veginn að þeir svari álagi. Þótt prestum þyki ef til vill gengið nokkuð nærri sjer hjer, þá er hitt þó miklu meiri ávinningur fyrir þá, að losna við hina miklu ábyrgð, sem þeir hafa haft á tollheimtu. Þegar litið er á tölulið 38, getur það litið svo út í fljótu bragði, sem raska eigi lögum frá 1882, en það er ekki meiningin. Jeg álít að það hafi við mikil rök að styðjast, að söfnuðir fái sem flestar kirkjur. Því að jeg verð að líta svo á málið, að söfnuðirnir eigi í raun og veru kirkjurnar, og víst er um það, að því meiri umráð sem þeir hafa yfir þeim, því kærari verða þær þeim.

Við 43. tölul. skal jeg geta þess, að eptir mínu áliti væri ljósara viðvíkjandi greiðslu fjárins, að ákveða í frumv., hvenær hið nýja fyrirkomulag skuli byrja, og þætti mjer þá eðlilegast að það væri við byrjun þess árs, sem lögin öðlast gildi á.

Aðalbreytingin sem nefndin hefur gert á frumv. er, að hún hefir aðhyllzt bendingu þá, sem hæstv. landshöfðingi gaf við 1. umræðu, og lagt það til, að stofnaðnr verði almennur kirkjusjóður, sem er sameiginlegur. Jeg vil mæla stórmikið með því, að þetta komist á. Jeg hafði opt hugsað um það áður, en það sem hamlaði mjer að koma fram með það í frumv. var, að jeg óttaðist, að menn mundu spara minna fje kirkna. En nú álít jeg næga trygging fengna fyrir því, að ekki verði það. Því að nú er svo fyrir mælt, að hin háu stiptsyfirvöld landsins skuli skammta kirkjunum fje sem næst samkvæmt tekjum hverrar kirkju. Og þegar svo er, get jeg ekki sjeð, að voði geti af staðið, því að stiptsyfirvöldin munu hafa alla varúð í þessu efni.

Um breytingartillögur þær, sem fram hafa komið, skal jeg ekki fara mörgum orðum. En þó vil jeg geta þess, að mjer þykir sú, sem kom í dag, eiga við mikil rök að styðjast. Jeg veit að prestum muni finnast jeg fylla flokk þeirra, er svipta vilja þá gömlum rjettindum, jeg, sem annars hefi reynt að hlynna að þeirri stjett. En jeg get ekki hlífzt við að ganga nokkuð nærri gömlum rjetti, þar sem mjer þykir nauðsyn til bera, að breyta frá því, sem verið hefur. Eptir þessu frv. eiga prestar að gjalda til kirkju, en áður voru þeir lausir við það gjald. Hin breyt.till. er þýðingarlítil.

Jeg skal þá ekki fara fleirum orðum um málið að sinni, en þakklátur mun jeg verða hverjum þeim, sem heldur leggur með en móti. Jeg skal alls eigi vera mótfallinn breyt.till., ef þær að eins verða til þess, að styðja að því, að aðalstefna frv. nái fram að ganga. En hún er sú, að betur verði farið með fje kirkna en verið hefur, og að gera kirkjur svo úr garði, að þær sjeu í alla staði sæmileg guðshús og þar megi framkvæma þá hátíðlegu athöfn, sem þær eru ætlaðar til. En sú athöfn er dýrkun safnaðanna á guði sínum.

Jeg vona að h. deild taki þessu máli vel og láti frumv. ná fram að ganga.

Landshöfðingi: Mjer þykir vænt um að nefndin hefir tekið til greina till.

þá, sem jeg kom fram með við 1. umr. þessa máls, því að jeg er sannfærður um, að sú breyting á fjármálastjórn kirkjunnar, sem hjer er áformað að lögleiða, geti orðið til mikils góðs. Það hefir allt af verið mín hugmynd, að til þess að ljetta af hinum mikla mismun á efnahag kirkna, og þar af leiðandi ásigkomulagi þeirra, væri það eina ráðið, að stofna almennan kirkjusjóð. Jeg vona, að h. þingdeildarmönnum sje það ljóst, hver áhrif þetta ráðgerða fyrirkomulag mundi hafa á fjárhagsstjórn kirknanna hjer á landi. Það hefir í sjer fólgna meiri breytingu í því efni, en orðið hefir í undanfarnar 6 aldir. Síðan á ofanverðri 13. öld, á dögum Staða-Árna, hafa verið tveir flokkar af kirkjum hjer á landi: ljenskirkjur og bændakirkjur. Prestar hafa haft allar tekjur ljenskirknanna að ljeni og tekið ekki að eins á móti ljóstollum og tíundum og þess konar, heldur öllum afrakstrinum af kirknagóssinu, en haft aptur á móti þá skyldu að standa straum af öllum útgjöldum kirknanna. Í framkvæmdinni hefir það samt orðið svo, að munur hefir verið gerður á hinum eiginlegu kirkjugjöldum og afrakstrinum af kirkjueignunum. Hið síðarnefnda hefir lengi verið skoðað sem einn hluti af tekjum prestsins, og kirkjugóssið því sem eign brauðsins, en hin eiginlegu kirkjugjöld sem sjerstakar tekjur kirkjunnar. En afleiðingin af því, að presturinn hafði allar kirkjutekjurnar að ljeni, hlaut að verða sú, að hann varð skyldur að annast viðhald kirkjunnar og endurbygging, hvort sem kirkjusjóðurinn, sem myndaðist af hinum eiginlegu kirkjugjöldum, hrökk til eða ekki. En af því tekjur kirkna eru svo misjafnar, getur ekki hjá því farið, að mikill munur sje á efnahag þeirra, og þá jafnframt á ábyrgð prestanna gagnvart viðhaldi kirknanna. Og einmitt vegna þessa aðskilnaðar á hinum eiginlegu kirkjutekum og afrakstrinum af eignum þeirra, vegna þess, að afraksturinn af eignum þeirra hefir verið álitinn ein af tekjugreinum prestsins, einmitt vegna þess þykir það ósanngjarnt við prestana, að þeir þurfi að annast viðhald og endurreisn kirkna á eigin kostnað, sem þó, eins og jeg áður sagði, er eðlileg afleiðing af því, að presturinn hefir allt kirkjugóssið að ljeni, án þess að þurfa að gera reikningsskil fyrir tekjunum af því, og enn fremur hefir kirkjusjóðinn undir hendi, án þess að þurfa að gjalda lagavexti af honum. Eptir uppruna sínum er þessi skylda prestsins við kirkjuna þannig ekki ósanngjörn, en það hefir gleymzt smátt og smátt, af hverju þessi skylda er sprottin. Í annan stað hefir meðferðin á hinum eiginlegu kirknatekjum verið óheppileg. Klerkar hafa tekið móti þeim, en þeir hafa mátt láta þær renna inn í bú sitt og ekki verið heimtuð nein skil fyrir þeim fyr en að prestinum látnum, eða við burtför hans frá brauðinu. Þar sem árlegar nettotekjur kirkna eru t. a. m. 50 til 60 kr., sem gjaldast í ýmsum gjaldeyri, þá munar prestinn það litlu, þótt þær renni inn í búið árlega. En þegar það hefir safnazt saman um 20 ára skeið og borga á það allt í einu, þá getur honum orðið það tilfinnanlegt, að borga yfir 1000 kr. En það er afleiðingin af þeirri meðferð, sem höfð hefir verið á tekjum kirknanna.

Með bændakirkjur hefir það verið svo, að þótt kirkjan hafi átt hlut í heimalandi eða aðrar eignir, þá hefir bóndi farið með það sem sína eign. Hann hefir raunar þurft að gera grein fyrir hinum eiginlegu tekjum kirkjunnar, en ekki þurft að gera nein önnur skil fyrir sjóði kirkjunnar en að standa straum

af hinum árlegu útgjöldum hennar, og kosta viðhald hennar og endurbyggingu, og því til tryggingar stendur öll eignin í veði, bæði kirkjuhluti og bóndahluti, sem aldrei má aðskilja. Hjer er því líkt ástatt og með ljenskirkjurnar hjá prestinum. Það, sem er beinlínis kirkjutekjur, er talið eign kirkjunnar sjálfrar, en eignir hennar eru taldar eignir bóndans. Tekjurnar renna inn hjá honum og safnast fyrir, en svo getur rekið að því, að hann verði að svara stórfje í einu til að byggja hana upp.

Á seinni tímum er kominn upp þriðji flokkurinn. Því að eptir lögum 12. maí 1882 eru komnar upp safnaðarkirkjur. Þar er nokkuð líkt á komið. Söfnuður tekur tekjurnar og gerir reikning fyrir þeim, en leggja skal hann fram fje til viðhalds kirkjunni, ef sjóður nægir ekki.

Frumv. þetta fer þá fram á, að gera algerða breytingu á þessu. Þar sem um ljenskirkjur er að ræða, verða kirkjueignir allar frjáls eign prestsembættisins, og presturinn losnar við alla ábyrgð á viðhaldi og endurreisn kirkjunnar, en tekjur allar renna í hinn almenna kirkjusjóð, sem tekur við áminnztri ábyrgð. Tekjurnar verða settar á vöxtu jafnóðum og þær falla til, og mun það verða stórum arðsamara fyrir kirkjuna, en að þær liggi vaxtalausar hjá prestinum.

Þegar um bændakirkjur er að ræða verður það nokkuð á sama hátt. Kirkjuhluti í heimalandi og aðrar jarðeignir kirkju verða frjáls eign bónda, sem einnig losnar við ábyrgð á viðhaldi og uppbygging kirkjunnar, en árlegu tekjurnar borgar hann í hinn almenna kirknasjóð, sem hefir sömu skyldur við þær eins og ljenskirkjurnar.

Loks verður sama ofan á með safnaðarkirkjur. Tekjurnar renna í kirknasjóð, en sjóðurinn annast viðhald kirkna.

Þegar þessi breyting kemst á, munu að líkindum allar kirkjur smátt og smátt verða safnaðarkirkjur, því að þá verður fjárhald kirkju ekki gróðavegur fyrir einstaka menn, og söfnuðir eiga ekkert á hættu, þótt þeir taki kirkjur að sjer, því að öll ábyrgð af þeim fellur á kirknasjóð. Jeg get ekki hugsað mjer, að eigendur bændakirkna muni hafa nokkuð á móti því, að kirkjur þeirra verði með í sjóðnum. Mjer finnst það vera hvöt fyrir þá, að þeir fá full eignarráð yfir því, sem þeir höfðu áður að eins einskorðuð eignarráð yfir. Sama er að segja um presta þá, sem ljenskirkjur hafa.

En það er eitt atriði í þessu máli, sem er mjög athugavert, og það er spursmálið um, hvort sjóðurinn geti borið allan þann kostnað, sem honum er ætlaður, með því gjaldi, sem til er tekið í nefndarálitinu. Jeg fyrir mitt leyti vona, að hann geti það, því að allar tekjur kirkna verða arðberandi þegar í stað, og það er mesti munur. Jeg verð því að mæla örugglega með þessari stóru breytingu, og óska, að hún finni náð fyrir augum h. deildar.

Jeg skal að lokum benda á einstök atriði í nefndarálitinu til íhugunar fyrir nefndina til 3. umr. Það er þá fyrst, að mjer finnst nefndinni ekki hafa tekizt alstaðar að samrýma hin einstöku ákvæði frumv. við þá aðal-breyting, sem gerð er með stofnun hins almenna kirknasjóðs. Það er strax breyting sú, sem í 4. tölulið er gerð á 3. gr. Hún er óþörf, því að það sama stendur í 2. gr. Þá skal jeg og geta þess, að nefndin hefir fellt úr tvær greinir, en ekki fært sæti eptirfylgjandi greina nema um einn. 7. gr. verður ekki 6. gr.; hún verður 5. gr. Þetta mun nefndin þeg-

ar sjá, er hún lítur á nefndarálitið. 11. og 12. töluliður mega falla úr, því að það, sem þar er bætt við, felst allt í því, sem 13. tölul. bætir við greinina. Í 10. gr. er setningin »hin stærri útgjöld« etc. að mínum dómi óþörf og ekki alls kostar rjett, því að í rauninni lenda öll útgjöld kirknanna á kirknasjóði. Seinni kafli 11. gr. á að falla burt, og væri þá rjettast, að steypa 11. og 12. gr. saman. En þá ætti að tengja fyrri hluta 11. gr. aptan við 12. gr., því að það, sem þar er sagt, verður að styðjast við, að búið sje að tiltaka stærð og gerð kirkjunnar.

Jeg vil spyrja h. nefnd, hvernig hún skilji ákvæðin í 16. gr. Er meiningin, að prófastur skuli fá borgun, hvort sem hann skoðar kirkjuna eða eigi? Mjer þætti rjettast, að hann fengi að eins borgun fyrir þær kirkjur, sem hann skoðar. Það væri hvöt fyrir hann, að skoða þær allar. Þá þykir mjer óþarft að taka upp í frumv. þessa kafla úr lögum 12. maí 1882, eins og nefndin ætlast til að gert sje í 17. gr. Það er engin þörf á því, þar sem þau lög eiga að standa, en illt að hafa í mörgum stöðum sama ákvæði misjafnt orðað. Annaðhvort er að fella lögin úr gildi og taka upp það, sem framvegis á að gilda af þeim, eða taka þau öll upp í frumv.

Jeg skal að endingu óska, að frumv. þetta geti orðið að lögum, og að margt gott megi af þeim leiða.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Jeg get tekið undir með h. framsögum. (Þ. B.), að það sje mjög torvelt fyrir þingmenn með því annríki sem þeir hafa, að setja sig inn í svona stórt og margbrotið mál. Jeg hefi þó leitazt við að setja mig inn í þetta mál og skal því leyfa mjer að fara um það nokkrum orðum. Jeg skal taka það fram nú þegar, til að koma í veg fyrir misskilning, að þó jeg finni ástæðu til að greiða atkvæði á móti málinu, þá er jeg því samt ekki óvinveittur, heldur jafnvel meðmæltur því í aðal-»principinu«. Jeg tek þetta fram, til þess að afstaða mín til málsins verði ekki misskilin.

Hjer er að ræða um stórt mál, að því leyti, að það snertir flesta menn á landinu meira eða minna. Málið er stórt í eðli sínu og hjer er stórt í ráðizt. Hjer er um það að ræða, að bylta gömlum og rótgrónum grundvelli, en byggja upp annan nýjan. Hjer er farið fram á að innleiða kirkjulega sameign, þannig, að ein kirkja hjálpi annari. Að þessu leyti er málið »radicalt«; en það er ekkert á móti því; það getur verið gott fyrir því. En jeg ætla þó, eins og sakirnar standa nú, að málið sje ekki vel »praktiskt«.

Jeg skal svo ganga inn á einstök atriði málsins. Setjum nú svo, að það yrði að lögum, og allar ljenskirkjur og margar bændakirkjur legðu í einn sameiginlegan sjóð, þá óttast jeg, að hinn árlegi kostnaður til viðhalds þessara kirkna yrði miklu meiri en hann er nú. Eins og nú stendur, er það í »interesse« hinna einstöku kirkna og umráðenda þeirra, að spara hin árlegu útgjöld sem mest, enda er það ótrúlega lítið, sem sumar kirkjur komast af með árlega. Þær eru ekki svo fáar, sem komast af með 10—20 kr. á ári. En eptir þeirri reynslu, sem menn hafa með landssjóðskirkjur eða þær kirkjur, sem kostaðar eru af opinberu fje, þó jeg ekki taki tillit til dómkirkjunnar í Reykjavík, sem er nokkuð sjerstaks eðlis, þá eru útgjöld þeirra margfalt meiri en hinna. Ef nú það yrði að lögum, að stofna sameiginlegan sjóð af tekjum kirkna, þá óttast jeg, að umboðsmenn þeirra, hvort heldur væru bændur eða prestar, mundu hugsa sem svo: kirknasjóðurinn er nógu ríkur —

hann á kannske 100,000 krónur — við verðum þess vegna að hafa kirkjuna okkar hreina og fágaða, fá ofn í hana, til þess vjer getum haldizt þar við á vetrum; svo verðum við líka að fá gott orgel í kirkjuna og mann til að leika á það. Þannig hygg jeg, að árlegar tekjur fjölda kirkna muni ekki hrökkva til árlegra útgjalda, sem þó er ekki hægt að segja, að sjeu ónauðsynleg. Sjóðurinn mundi þannig fljótt þverra og eyðast eða hverfa með öllu. Hvaðan ætti þá að taka fje til viðhalds og endurbyggingar kirknanna?

Þetta frumv. fer líka fram á að breyta þeim hag eða skaða, sem umráðamenn kirkna hafa af þeim. Sumar kirkjur hafa svo miklar tekjur, að sjóðurinn hefði hag af þeim; aðrar hafa svo litlar tekjur, að þær hafa ekki nóg fyrir sig. Gildir þetta bæði um bændakirkjur og ljenskirkjur. Ef nú frumv. þetta verður að lögum, þá gerir það það að verkum, að prestar á þeim brauðum, þar sem kirkjurnar eru til þyngsla, fá uppbót á tekjum sínum. Sama er að segja um bændur, sem hafa umráð yfir fátækum kirkjum; þeir fá fje úr hinum almenna kirkjusjóði, ef kirkjur þeirra álítast verðar að komast í sjóðinn.

Mjer skildist h. framsögum. (Þ. B.) gera ráð fyrir að koma með viðaukatill. til 3. umr., þess efnis, að stiptsyfirvöldin mættu synja kirkjunum um inntöku í sjóðinn, og þá líklega þeim kirkjum, sem mikil skuldabyrði hvíldi á Þetta gæti verið gott á aðra hliðina, en á hina hliðina aptur mjög slæmt, að leyfa ekki öllum kirkjum, sem vilja, að komast í sjóðinn. Það er líka auðsjeð, að eptir hinum ráðgerðu breyt.till. nefndarinnar við 9. gr., og synjunar valdi stiptsyfirvaldanna, ef það fær framgang, og stiptsyfirvöldin beita því, þá er það sama sem að segja, að engar bændakirkjur geti fengið að vera með í hinum almenna kirkjusjóði.

Það eru fleiri ákvæði í frumv., sem miða til að gera allar kirkjubyggingar dýrari en þær eru nú. Skylduvinna sú, sem nú hvílir á bændum við bygging kirkna og kirkjugarða, er tekin af þeim; en eptir frumv. getur kostnaður við kirkjubyggingar orðið stórkostlegur. Ef t. d. þarf að byggja timburkirkju upp í landi, 10 mílur frá sjó, hvað halda menn þá að sjóðurinn verði að borga fyrir flutning á öllu efni til þeirrar byggingar? Þegar um það er að ræða, að gera reikninga til stórra opinberra sjóða, þá hlífast menn ekki við að setja þá nógu hátt. En þegar um skylduvinnu er að ræða, þá hjálpast margar hendur að því, að gera verkið ljett og ódýrt.

Jeg benti á það áðan, að sumar kirkjur væru svo tekjulitlar, að prestar hefðu óhag af því að vera umsjónarmenn þeirra. En nú eru líka aðrar kirkjur, sem þurft hefir að taka lán til að byggja upp. Þetta lán, sem prestur annars ætti að standa skil á, hlyti að verða eptir gefið eptir þessu frumv., og aukast þá tekjur prestsins við það.

Þegar jeg tala um frumv. og einstakar greinar þess, þá tala jeg um leið um breyt.till. þær, sem fram eru komnar við hinar einstöku greinar.

Jeg skal sjerstaklega geta þess, að jeg skil ekki 10. gr. frumv. í samanburði við 14. gr. Í 10. gr. er tekið fram, að árleg útgjöld kirkna sjeu: lýsing, brauð og vín, þvottur og hirðing á kirkju og skrúða, útgjöld til graftóla, innheimtulaun, endurskoðunarlaun kirkjureikningsins, gjald til prófasts, borgun fyrir orgelspil og söng, viðhald kirkjugarðs og hitun kirkna. Svo er í greinum þeim, sem síðar koma, að mjer skilst, gjört ráð fyrir, að sóknarnefnd

eða umráðamaður kirknanna ráði mestu um þessi útgjöld, en í 14. gr. er aptur ákveðið, að biskup geti veitt þeim, sem leika á orgel kirknanna, allt að 100 kr. á ári úr kirkjusjóði. Jeg get nú ekki fundið annað en að í 10. gr. sje talað um sjálfsögð útgjöld, sem hlutaðeigendur geti sjálfir ráðið, og að þetta, sem 14. gr. gerir ráð fyrir, sje byggt á því, að allar árlegar tekjur kirknanna hrökkvi ekki til hinna árlegu útgjalda, svo taka verði það, sem á vantar, úr hinum sameiginlega kirknasjóði. Þess vegna finnst mjer nefndin sjálf gefa mönnum tilefni til að ætla, að hinar árlegu tekjur kirkna hrökkvi ekki fyrárlegum útgjöldum þeirra. Hvernig á viðlagasjóður þá að myndast? Eins og jeg hefi áður tekið fram, sje jeg mjer því ekki fært að greiða atkvæði með frumv., þótt jeg sje meðmæltur því »principi«, að leggja ákveðið gjald á hvern mann í þarfir kirkna, og jeg vildi leggja tekjurnar í sameiginlegan kirknasjóð, ef jeg sæi, að það yrði praktíserað.

Loks vil jeg benda á, að þar sem er að ræða um svona ákaflega gömul lög, þá finnst mjer það nokkuð fljótráðið, ef alþingi nú í sumar færi að breyta þessum lögum. Jeg álít rjettara, að láta málið bíða og leita umsagnar hjeraðsfundanna um, hvernig þeim geðjast að þessari breytingu. Þetta er mikilvægt mál, sem enginn ætti að vilja hrapa að. Er það ekki rjett »pólitík« yfir höfuð að tala, að fara hægt og gætilega í að breyta stórvægilega rótgrónum, gömlum lögum og venjum? Og þarf ekki vel að vanda það, sem byggt er upp í staðinn fyrir slík gömul og rótgróin lög? — Ef það er, þá finnst mjer ekki rjett að ráða þessu stórmáli til lykta, svona allt í einu. Jeg vil þess vegna leggja það til, að mál þetta verði látið bíða til næsta þings.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg játa, að tilgangurinn með frumv. þessu er í sjálfu sjer góður, og að frumv. í líka stefnu og þetta fer er nauðsynlegt, eptir því sem hjer er ástatt með kirkjur og kirkjugjöld. Það er nauðsyn bæði fyrir gjaldendur og gjaldheimtendur, að núgildandi gjaldhætti sje breytt. En af því að hjer er um stórmál að ræða og stórt fjárhagsspursmál, er snertir alla landsmenn, þá þarf það, eins og h. 2. þm. Eyf. (J. J.) tók fram, ítarlegan undirbúning. Þegar skattalögum vorum var breytt síðast, þá var skipuð nefnd milli þinga, til að undirbúa málið, og þótt jeg sje yfir höfuð ekki með slíkum millíþinganefndum eða hafi sjerlega trú á nytsemd þeirra, þá verð jeg þó að játa, að það mál skýrðist vel í höndum þessarar nefndar, enda voru nefndarmenn vel valdir og mikið var byggt á þeim grundvelli er hún lagði. Jeg nefni þetta ekki í því skyni að jeg ætlist til, að hjer sje eins að farið, heldur til að minna h. deild á, að hrapa ekki að þessu vandamáli, en reyna að undirbúa það sem bezt. Jeg er því samþykkur, að æskilegt væri, að hin margháttuðu kirkjugjöld væru dregin saman í eitt gjald, og þessu munu flestir samdóma, bæði þeir sem gjald eiga að taka og að greiða. Líka held jeg að landssjóður þurfi ekki að sjá eptir, þótt hann missi kirkjur sínar úr umsjón sinni.

Í 1. grein frumv. er farið fram á, að kirkjutíund af fasteign og lausafje, ljósstollur, kirkjugjald af húsum, lausamannsgjald til kirkju og sætisfiskur skuli vera afnumið; en nefndin hefir farið lengra; hún vill láta þetta eina gjald afnema öll gjöld og kvaðir til kirkju. Jeg er h. nefnd samdóma í þessu, að einu fráskildu, og því er þannig háttað, að eigi er gott að reikna út, hve mikil gjöld það mundi baka kirkju-

sjóði, en mikil mundu þau verða; jeg á hjer við aðflutninga og skylduvinnu við kirkjubyggingar og aðgjörðir. Það er víst, að sumstaðar og undir ýmsum kringumstæðum yrði að leggja út stórfje í staðinn fyrir þessa skylduvinnu, væri hún afnumin. Jeg sje enga nauðsyn bera til, að fría söfnuðina við þessa skyldu; hún er ekki tilfinnanleg fyrir hvern einstakan bónda, þótt safnist þegar saman kemur; ekki eru það peningaútlát, heldur að eins vinna, og verkfærabrúkun, það er hestaslit m. fl., sem hver bóndi varla þarf að leggja fram optar en einu sinni í búskap sínum, og ef til ekki einu sinni það. Þetta er eins og jeg sagði ekki tilfinnanlegt fyrir bændur, en mundi muna kirkjusjóð stórkostlega. Jeg get ekki gjört mjer í hugarlund, hve háir aðflutninga- og skylduvinnureikningar mundu verða; hitt er víst, að háir yrðu þeir víðast.

Aptur vil jeg að kostnaður við kirkjugarðabyggingu sje lagður á kirkjusjóð, ekki þó af því, að hann sje svo þung kvöð, heldur af því, að svo miklar þráttanir hafa risið út af því starfi.

Jeg gæti verið með að stofna almennan kirkjusjóð, ef ekki væru eins miklir agnúar á því eins og h. 2. þm. Eyf. (J. J.) benti svo glögglega á að væru. Jeg býst við, að það sje rjett athugað, að öll þau gjöld, sem á sjóðnum eiga að hvíla, mundu verða honum ofvaxin. Jeg get eigi betur sjeð en að hinn almenni kirkjusjóður eigi að greiða allar skuldir, sem á kirkjum hvíla, og nú vitum vjer, að ekki fáar kirkjur eru nýbyggðar og að allmiklar skuldir hvíla á þeim. Að vísu eiga margar kirkjur fje í sjóði, en spursmál er, hvort rjett muni þykja, að vjer tökum það ráð, að fylgja bókstaflega orðtækinu: »að taka frá einni kirkjunni og leggja til annarar«.

Framsögumaður (Þ. B.) kvað það vera trygging fyrir kirkjusjóðinn, að stiptsyfirvöld ættu að hafa hönd í bagga með greiðslur úr honum; jeg játa, að svo sje að nokkru leyti og eigi vantreysti jeg þeim til þess starfa. En þó held jeg að þetta sje starfi, sem ekki sje gott að ákveða fyrir fram, hve hægur muni verða eða framkvæmanlegur. Það kemur fyrir á hverju ári, að byggja þarf eða gjöra við eina eða fleiri kirkjur. Nú fá stiptsyfirvöldin áætlun byggingarfróðs manns um kostnaðinn, og leggja fram fje úr kirkjusjóði samkvæmt henni. En nú vitum vjer að áætlanir vilja opt reynast oflágar; og gæti svo vel farið, að þótt 3—4000 kr. hefðu átt að nægja til byggingarinnar, þá vanti 500—1000 kr. til að fjeð hrökkvi, þegar farið er að byggja, og getur svo verið, að alveg óhjákvæmilegt sje að leggja þetta fje fram, t. d. ef þak skyldi vanta á kirkjuna. Þá sje jeg ekki annað en stipsyfirvöldin neyðist til að gefa út eins konar fjáraukalög. Þetta sýnir, að stiptsyfirvöldin geta ekki, hve fegin sem þau vildu, haldið í sporðinn eins og þyrfti og eins og til er ætlazt. Sama er að segja um viðgerðir; það kemur einatt í ljós, þegar farið er að róta við húsum, að þau eru meira gölluð en í fyrstu sýndist; og gæti svo farið, að viðgjörðarkostnaður yrði hálfu meiri en í fyrstu var ætlað. Allt þetta gæti orðið til þess, að smásaxaðist á kirkjusjóðinn meira en góðu hófi gegndi.

Hjer er yfir höfuð á svo margt að líta, að svo gjarna sem jeg vildi að sameiginlegur kirkjusjóður væri stofnaður, þá sýnist mjer það eigi að síður mjög varúðarvert. Það er hægra að halda í sporðinn, ef hver kirkja hefir sinn sjóð út af fyrir sig. Þegar um það er að ræða, að fara að hita upp kirkjur, þá má búast við því, að fengi

ein kirkja ofn, þá mundu allar hinar koma og telja sjer sama rjett til upphitunar sem þessari einu kirkju. Hjer er á svo margt að líta, að torvelt er að sjá fyrir allar afleiðingarnar af breytingu þessari.

Ef h. nefnd er sannfærð um, að gjaldupphæðin sje byggð á sanngjörnum grundvelli, og vegi á móti núverandi kirkjugjöldum, en hækki þó ekki stórum álögur á gjaldendur, þá sje jeg ekkert á móti að gjaldið sje ákveðið þetta: 75 aurar fyrir hvern fermdan mann, og jafnvel þó það eitt sjer verði að lögum. Enn er eitt atriði, sem mjer þykir athugavert; það eru ákvæðin um bændakirkjur.

Í upprunalega frumv. er svo að sjá, sem ákveðið sje að eitt skuli ganga yfir allar kirkjur, en nefndinni hefir þótt þetta ísjárvert og þótti með því skertur eignarrjettur einstakra manna, og því hefir hún undanskilið eigendur bændakirkna frá, að leggja fje þeirra í kirkjusjóð. En þá hefði mjer sýnzt rjettast að sleppa bændakirkjum alveg, og láta þær hafa engan aðgang að kirkjusjóði, eða taka þær alveg í flokk með öðrum kirkjum, ef það hefði sýnzt fært. En að láta þetta vera svona laust og bundið, sýnist mjer viðsjárvert; því að það er auðsætt, að þeir einir mundu leggja fje kirkna sinna í kirkjusjóð, er sæju að þeir mundu hafa hag af því, en hinir láta það vera, svo að kirkjusjóði er með þessum fyrirmælum lögð ný byrði á herðar. Reyndar verð jeg að ætla, að það sje ekki hagur fyrir kirkjueigendur almennt, að halda kirkjum sínum með öllum þeim kvöðum, sem á hvíla, og þeim veðböndum, sem hvíla á eign þeirra, kirkjunnar vegna. Þó getur það verið, að einstöku menn hafi hag af kirkjum sínum; en þó því að eins, að þeir leggi sem minnst í sölurnar fyrir þær.

Jeg tek það að endingu fram, að svo hlynntur sem jeg er hugmynd þeirri, sem í frumv. þessu er fólgin, get jeg ekki gefið því atkvæði, eins og það nú liggur fyrir.

Einar Jónsson: Það hafa nú þegar verið teknar fram ýmsar athugasemdir, sem jeg finn eigi ástæðu til að taka upp aptur, þó jeg hefði áður ætlað mjer að koma fram með þær; en það er eitt atriði, sem jeg vil minnast á, og það er gjaldhæðin, sem í frumv. er tiltekin að sje 1 kr. af hverjum fermdum, en nefndin hefir lækkað það niður í 75 aura. Nefndin hefir tekið það fram í áliti sínu, að tekjur kirkna hafi að undanförnu verið að meðaltali á ári hverju um 30,000 kr., en með því að leggja 1 krónu kirkjugjald á hvern fermdan mann mundu tekjur kirkna verða um 48,000 kr., en það hefir sumum þótt óþarflega mikið. Jeg held að það sje ekki rjett. Útgjöld kirknanna vaxa mikið við það, að þau ákvæði, sem frumv. þetta fer fram á, verða að lögum. Í því er bætt ýmsu við, sem á að taka úr kirkjusjóði, sem eptir núgildandi lögum eigi er heimild til að borga af fje kirknanna, svo sem efnisflutning til kirkjubyggingar eða viðgjörðar, kirkjugarðshleðslu og fleira; og þetta getur orðið enn meira með tímanum. Þegar á að breyta gamalli, rótgróinni venju, þá verða menn vel að gæta að öllum ástæðum, hvernig á stóð þegar þessi lög voru sett, og hvernig á stendur nú. Þegar þetta gjald var ákveðið, þá gjörðu menn minni kröfur til kirknanna, og þó þær væru álitnar þá í sæmilegu standi, þá mundu menn nú á tímum ekki gjöra sig ánægða með slíkt ástand þeirra; þess vegna mundu þessar tekjur eigi verða tiltölulega meiri fyrir kirkjur nú, eins og h. 2. þm. Eyf. (J. J.) benti á, og jeg er því fyllilega samþykkur. Jeg held, að það

sje gjörður ofmikill munur á tekjum kirkna eptir hinni gömlu reglu og á þeim, sem mundu verða eptir því, sem frumv. fer fram á, ef tekið er tillit til þess, hversu mikið fje þarf nú á dögum til viðhalds kirkna og bygginga. Jeg get því eigi álitið, að þessi tekjuhækkun úr 30 þús. upp í 48 þús. sje ofmikil: gott ef hún verður nóg. Jeg verð því fremur að hallast að 1 kr. gjaldinu. Það gæti líka komið sjer mjög illa, ef gjaldið yrði oflítið; það væri betra, að það yrði ofmikið í fyrstu, því það er hægra og vinsælla að færa það niður síðar, en hækka það. Það kann, ef til vill, að vera, að margt mæli með því að breyta gjaldsgrundvellinum, með því að láta hvern fermdan mann borga jafnmikið, í stað hinnar gömlu reglu, að leggja það á eptir efnum og ástæðum; en það er víst, að tilfinnanlegra verður það að borga þetta gjald fyrir hinn efnalitla heldur en hinn efnaða, þar sem báðir eiga að gjalda jafnmikið, einkum þegar þess er gætt, að kirkjan hefir verið og verður að álítast þarfleg stofnun í þjóðfjelaginu, án þess tekið sje tillit til gagns, sem hver einstakur maður út af fyrir sig hefir af henni.

Það er og athugandi, að þetta gjald er ætlazt til að borgað sje í peningum. Það er nú öllum kunnug hin mikla peningaþröng, sem nú er, svo það er hægt að sjá það, að þetta yrði mjög tilfinnanlegt gjald einnig að því leyti. Það er að vísu gjört ráð fyrir, að gjalda megi í öðrum gjaldgengum landaurum í peninga stað; en þó svo sje, þá verður þó þetta fje á endanum að borgast í peningum í sjóðinn frá innköllunarmanni. Þess vegna álít jeg varhugavert að leggja peningagjald á. Þó mönnum finnist ýms vandkvæði á því, að láta sóknarmenn annast flutninga á efnivið til kirkju og kirkjugarðshleðslu, þá hygg jeg það yrði samt vinsælla en peningaútgjöldin, og ef því fyrirkomulagi, sem nú er, yrði haldið í því tilliti, þá gæti það stutt að því, að gjaldið mætti lækka úr 1 krónu niður í 75 aura. Það er að eins eitt, sem mælir á móti gamla fyrirkomulaginu, að flutningur kemur að eins niður á þá, sem eru í sókninni þegar byggja þarf, en hinir, sem ekki eru þar þá, en koma inn í hana síðar, sleppa við það. Það yrði því jafnara, að hafa gjaldið líkt því sem hjer er farið fram á; en það er athugandi, hvort bændum mundi eigi þykja tilfinnanlegra að borga það út ár eptir ár, en þótt þeir yrðu að leggja til 1 eða 2 hesta til efnisflutninga eða 3—4 dagsverk í kirkjugarða svo sem einu sinni á 50 árum.

Jeg ætla svo að minnast nokkuð á breyt.till. þá, sem jeg og annar h. þm. höfum komið fram með. Hæstv. landshötðingi tók fram sögulegt yfirlit yfir tekjur kirkna, og skal jeg ekki fara að taka neitt upp af því aptur, en að eins bæta nokkru við það. Það hefir frá upphafi verið álitið, að kirkjan stæði gagnvart prestinum eins og bæjarhúsin á prestsetrinu. Honum hefir verið gjört að skyldu, að leggja ofan á kirkjuna, ef hún hefir eigi verið í forsvaranlegu standi, þegar hann hefir yfirgefið kall sitt. Fyrst mun því ekki hafa verið haldinn neinn reikingur yfir tekjur og gjöld kirknanna, en þegar fram liðu stundir var farið að halda sjerstakan reikning yfir tekjur og gjöld kirknanna, og hefir það komið í ljós, að sumar gátu safnað fje í sjóð, aðrar ekki. Sumar voru prestinum byrði, aðrar tekjur fyrir hann, því að presturinn mátti njóta kirknafjárins, án þess að greiða vexti af því. Þetta leiddi eðlilega til þess, að þegar prestur sótti um brauð, þá leitaði hann upplýsinga um, hvernig fjárhagur viðkom-

andi kirkju stæði. Hann hlaut að athuga, hvort kirkjan væri í góðu standi eða ekki, hvort á hann mundi leggjast það, að byggja hana upp eða halda henni við með miklum kostnaði. Þetta hlaut að gjöra honum brauðið aðgengilegra, ef vel stóð á; en óaðgengilegra, ef hið gagnstæða átti sjer stað, því prestar urðu að skoða það sem tekjugrein fyrir sig, að hafa fje kirkna vaxtalaust. Það er t. d. eigi svo lítil hlunnindi fyrir prest, ef kirkjan á 3000 kr. í sjóði, að hafa það allt án þess að borga af því vexti. Þessu hefir hingað til verið framfylgt, og geta menn á ýmsan hátt sannfærzt um það. Jeg get getið þess til bendingar í þá átt, að háyfirdómari Jón Pjetursson hefir tekið það skýrt fram í Kirkjurjetti sínum, og einnig er þess getið í umburðarbrjefi biskups til prófasta 18. marz 1867, að prestar hafi fullan rjett til þess að hafa kirknafjeð til afnota, án þess að greiða vexti af því. Eptir þessu hafa prestar haft fullkominn rjett til að njóta þessara hlunninda. Nú er álitin orðin nokkur breyting á þessu. Eptir að lög 22. maí 1890 öðluðust gildi, þá voru þau skilin svo, að þeir sem þá voru orðnir prestar skuli missa þessi hlunnindi jafnóðum og þeir greiða sjóðinn af hendi. En vafasamt getur verið, að það hafi verið tilætlun þingsins, eptir því sem orðin liggja í lögunum.

Það hefir verið venja þingsins, að hlífast við að svipta aðra embættismenn þeim tekjum og hlunnindum, sem þeir hafa verið búnir að öðlast rjett til, annaðhvort samkvæmt lögum eða með fastri og gamalli venju. Þess vegna væri líklegt, að það væri ekki tilætlun laganna 22. maí 1890, að gjöra prestunum rangt til, með því að svipta þá þeim rjetti, er þeir höfðu öðlazt til að njóta ávaxta af sjóði kirkju sinnar. Þetta mætti leiða út af orðunum í 5. gr. í nefndum lögum. Þar er ekki gjört ráð fyrir, að aðrir vextir leggist við sjóð kirkjunnar en vextir af hinum árlegu tekjum, er til falla eptir það, að lögin komu í gildi, en um vexti af sjóðnum, sem greiddur er af hendi, eru engin ákvæði gjörð, og mætti leggja það svo út, að ætlazt væri til, að vextir af honum skyldu greiðast prestinum, samkvæmt þeim rjetti, er hann hafði áður öðlazt til vaxtanna. En, eins og jeg hefi sagt, hefir þetta þó víst verið skilið öðruvísi, ef til vill af því, að orðalag greinarinnar hefir eigi verið nægilega athugað, eða af því, að enginn hefir berlega krafizt vaxtanna, þó að hann hafi byrjað að greiða sjóðinn af hendi.

Breyt.till. okkar fer fram á það, að það verði nú skýrt tekið fram í lögunum, að prestur haldi vöxtunum af sjóði kirkju sinnar, því það virðist öll sanngirni mæla með því, að fyrst prestur hefir rjett til að hafa þann hluta sjóðsins vaxtalaust, sem hann hefir undir hendi, að hann þá fái vextina af sjóðnum, þó hann sje annarsstaðar. Í breyt.-till. er farið fram á, að presti sje aðeins borgaðar 3%, svo við það græðir þó sjóðurinn 1%. Hún fer heldur ekki fram á, að presturinn fái vexti af því, sem árlega fellur til, því í 9. gr. er skýrt tekið fram í upphafinu, að það fje leggist við höfuðstólinn, og því er ekki breytt í breytingartill. Jeg vona því, að allir sjái það, að í breyt.till. er ekki farið fram á neitt annað en, að prestar haldi þeim rjetti, sem þeir áður hafa haft, og það ætti þeim að veitast því ljúfara, sem þeir sleppa þeim rjetti, að hafa það fje vaxtalaust, sem árlega tilfellur. Hæstv. landshöfðingi hafði nokkuð á móti 16. gr., og tók það fram, að þar væru ákveðnar próföstum 10 kr. fyrir hverja kirkju á ári hverju, án tillits til þess, hvort þeir

»visiteruðu« eða ekki. Það er alveg rjett, að greinin ætlazt beinlínis til þessa, og jeg álít líka, að það eigi svo að vera. Prófastar hafa mörg störf fleiri en vísitazíur á hendi, án þess að hafa nokkra borgun fyrir, og þau störf mundu þykja töluverð kvöð fyrir aðra embættismenn, og þeir þurfa að fá borgun fyrir þau; en próföstunum er eigi ætluð slík borgun. Þó álít jeg það vera eins rjett um þá sem aðra, og jeg hneigist mjög að því, að þeir hefðu föst laun,' þó að þau væru eigi há. Jeg verð því að fallast á það, að þetta 10 kr. gjald af hverri kirkju veitist prófasti árlega, þó að hann »visiteri« ekki, því að jeg kann ekki við að setja þessar 10 kr. sem agn fyrir prófast til þess að hann »visiteri«. Það er stundum sagt að þeir »visiteri« að eins til þess að fá peninga, en ef prófastalaunin yrði fast gjald, þá fjelli sú hneyxlunarhella burtu. En þó að föst laun yrðu ákveðin á þennan hátt, þá mundi heppilegt, að hafa þau ekki jöfn í öllum prófastsdæmum, því að þau eru talsvert ólík. Mundi því vera heppilegra og sanngjarnara, að hafa vissa upphæð í hverju prófastsdæmi. Eptir þeirri venju, sem nú gildir um gjald fyrir að »visitera«, þá fer borgunin eptir því, hversu kirkjurnar eru margar, en erfiðið og fyrirhöfnin er ekki að öllu leyti undir því komin, því að ferðalög geta verið miklu erfiðari í prófastsdæmi, sem hefir fáar kirkjur, en í öðru, sem hefir margar kirkjur. Jeg skal t. d. bera saman prófastsdæmi Skagafjarðar og Norður-Múlasýslu. Í Skagafirði eru mjög margar kirkjur og stutt á milli þeirra, og engan fjallveg yfir að fara, en í Norður-Múlasýslu eru þær fáar og strjálar, og yfir stóra fjallgarða að fara á milli sumra þeirra. Aptur eru sum önnur hin almennu störf prófasta nokkuð lík, svo sem skýrslugjörðir og önnur skrifstofustörf, þó að auðvitað sje einnig nokkur munur á þeim. Jeg verð því að álíta rjettlátt, að hver prófastur hafi ákveðin laun, þó að þau væru eigi mjög há.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg þykist eigi þurfa að tala mikið um þetta mál, eða svara nákvæmlega þeim mótbárum, sem komið hafa gegn frumv. þessu. Jeg vonast til að menn sjái það, að frumv. þetta hefir tekið verulegum bótum, eptir það að nefndin hefir fjallað um það. Jeg er opt á móti breytingum, en þegar jeg sje, að þær eru til verulegs gagns, þá er jeg ekki öndverður þeim; en jeg skal taka það fram, að jeg er mjög mikið á móti öllu káki, sem hefir lítið eða ekkert gagn í för með sjer.

Jeg held, að nefndin — að mjer meðtöldum — hafi rækilega íhugað þetta mál, frá öllum hliðum.

Jeg tel það mikinn kost á frumv. þessu, að það fer fram á það, að goldið sje allt í einu lagi, en eigi þurfi að heimta þetta kirkjugjald eins í mörgum pörtum, sem ávallt er verið að þrætast um, hvort rjett sje eða ekki. Jeg get því eigi skilið, að neitt sje því til fyrirstöðu, að deildin samþykki þetta frumv. Jeg er alls eigi hræddur við að breyta þessu, þó gamalt sje, sem ávallt er nú verið að vitna í, því að jeg sje, að þessi breyting er til verulegra bóta, enda get jeg ekki ætlað, að hjer sje um gamalt að ræða, því síðan 1874 hafa komið 30 lög, sem snerta presta, kirkjur og prestaköll; jeg held miklu fremur, að hjer sje nýju að breyta. Þessar breytingar hafa eigi verið til verulegra bóta; þær hafa verið eintómt kák; en ef menn finna einhverjar þær bætur, sem eru verulegar og eigi þarf að breyta undir eins aptur, þá finnst mjer að ekki ætti að mótmæla þeim fyrir þá sök, að með því væri breytt

gömlum vana eða gömlum lögum. Jeg get heldur eigi kallað þetta gamalt; jeg vil miklu fremur segja, að það sje nýtt, því síðustu lög um þetta efni eru eigi eldri en frá 1890.

Því hefur og verið haldið fram af mótstöðumönnum þessa frumvarps, að kostnaður við kirkjur mundi aukast við það, að þær hefðu sameiginlegan sjóð, en það get jeg ekki sjeð, að geti átt sjer stað. Það virðist og vera rjett, að þar sem kirkjan er ein, þá hafi hún og einn sjóð, svo þegar eitt guðshúsið getur eigi staðið straum af sjer, þá er það ekki nema kristileg skylda fyrir annað, sem betur er statt, að hlaupa undir bagga og hjálpa hinu, þegar þess gjörist þörf. Þess verður og einnig að gæta, að sóknarnefndir eru eigi einráðar; þær verða að sýna fram á það, að umbætur þær, sem þær vilja að gjörðar verði, sjeu til bóta, og að nægilegt fje sje fyrir hendi til þess. Þegar yfirvöldin sjá, að hjá þessu verður eigi komizt og önnur skilyrði eru fyrir hendi, þá eiga stiptsyfirvöldin eða sjóðsstjórnin, hver svo sem hún verður, að verða við beiðni sóknanna, en að öðrum kosti neita þeim um hjálp.

Þess verður einnig að gæta, að eignir kirkna eru um 107 þúsundir fram yfir skuldir, og af þessu eru þó leigurnar um 4000 kr. og með þeim krónum má eitthvað gjöra. Tekjurnar verða líka meiri eptir þessu frumvarpi en áður, því að þegar sagt er að tekjurnar sjeu nú 30,000 kr., þá eru þær í rauninni minni, því að það eru aðrar tekjur, sem ekki eru teknar upp í þetta frv. og eigi taldar með í því, en þær verða eptir sem áður, þótt þessi lög komist á, en það eru gjafir, áheit og ýmislegt annað. Það er því ekkert á móti því, að ímynda sjer að 75 aurar sje nægilegt gjald af hverjum manni.

Vjer sjáum það, að þegar kirkjur eiga núna í sjóði 107 þús., þá eru 4% rentur af því rúmlega 4000 kr., og jeg get ekki skilið annað en að kirkjustjórnin geti látið sjer nægja það, til þess að koma öllum ljenskirkjum í viðunanlegt horf. Og þó gjört sje ráð fyrir ýmislegum kostnaði, þá verður að gá að því, að hann kemur smátt og smátt, en ekki allur í einu, svo að það er naumast hætt við, að skerða þurfi sjóðinn; ef menn væru hræddir við það, þá mætti setja eitthvað takmark, sem sjóðurinn mætti eigi fara niður fyrir, t. d. 50, 60, 70, 80, 100 þúsundir, því að þá er með einu orði girt fyrir það, að kostnaðurinn við kirkjur eyddi sjóðnum, eins og menn eru hræddir um, og þá mætti bæta og laga kirkjurnar eptir efnum og ástæðum þeirra og sjóðsins.

Viðvíkjandi bændakirkjum, þá verður það að vera komið undir samkomulagi, hvort þeir, sem þær eiga, vilja leggja þeirra fje í hinn sameiginlega kirknasjóð, því að það má alls ekki svipta bændur eignarrjetti yfir kirkjum sínum. Það verður að vera komið undir samkomulagi, hvort þeirra sjóðir verða sameiginlegir sjóð ljenskirknanna; t. d. gæti það komið fyrir, að menn vilji koma í sjóðinn þeim kirkjum, sem hafa eigi nógar tekjur, en eru eigendunum til byrðar, og bæta til, til þess að losast við þær, og aptur gæti komið fyrir, að menn vildu líka koma þeim, sem vel stæðu sig, inn í hinn sameiginlega sjóð, en þá gætu þeir sett saman skildaga.

Jeg skal ekki fara út í einstakar greinar frumv., en að eins taka það fram, að þó þessar skýrslur sjeu eigi fullkomnar, þá eru þær þó svo, að menn þurfa varla að vera í vafa um það, að þær sjeu sanni nær, og þurfa

því eigi að láta það fæla sig frá að samþykkja frumv.

Niðurstaðan hjá mjer er, ef jeg tek skýrslurnar og fer eptir þeim, að sjóðnum sje engin hætta búin.

Jeg skal einnig taka það fram, að það eru þingmennirnir, sem eiga að gjöra sjer ljósa hugmynd um málin, sem liggja fyrir þinginu, en það eru ekki hjeraðsfundir, sem eiga að koma vitinu fyrir þingmennina. Jeg get því ekki sjeð, að það hafi nokkra þýðingu að draga mál þetta lengur, því ef farið væri að leita álits hjeraðsfunda, mundi það þó koma í ljós, að sín skoðunin kæmi úr hverju hjeraði.

Jeg álít því rjettast fyrir deildina að fylgja ráðum landshöfðingja.

Jeg skal taka það fram, að jeg veit, að nefndin er fús að íhuga þær breytingar, sem hann benti á, og taka þær til greina. Þær ástæður, sem móti frv. hafa komið, eru ekki svo á sig komnar, að þær þurfi að koma því til leiðar, að máli þessu sje frestað.

Þórður Guðmundsson: Umræðurnar um þetta mál eru orðnar svo langar, að jeg get verið stuttorður. Jeg vil að eins taka það fram, að jeg er á sömu skoðun, sem h. 2. þingm. Eyf. (J. J.) í þessu máli.

H. varaforseti (Þ. B.) hjelt yfir mjer heilmikla áminningarræðu við 1. umr. þessa máls, fyrir þá dirfsku mína, að jeg taldi þetta frumvarp eigi aðgengilegt, eins og það þá lá fyrir. Meðal annars taldi hann frumv. það til gildis að stiptsyfirvöldin, síra Eiríkur Briem, síra Þorkell og hann sjáltur hefðu samið frumv. og getað skrifað undir það í öllum greinum.

Jeg skal játa það, að jeg ber mikla virðingu fyrir þessum herrum, en að frumv. hafi haft sína galla, sýna bezt þær 48 breytingartillögur nefndarinnar, sem hún hefur komið með. Já, og þar með talinn h. varaforseti (Þ. B.) sjálfur.

H. varaforseti (Þ. B.) mótmælti því, sem jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, að tíundarfrelsi, sem einstaka jarðir hafa, nefnilega stólsjarðirnar, hverfi ef þetta yrði að lögum; en jeg er þakklátur h. varaforseta, ef hann getur sýnt mjer annað, þar sem farið er fram á algjörlega að breyta grundvelli gjaldsins. Hverja breytingu þetta gjörir, get jeg tekið dæmi upp á til skýringar. Í sókn þeirri, er jeg bý í, þekki jeg einn bónda, sem ekki þarf að borga annað til kirkju en ljóstoll og lausafjártíund, og nemur það gjald frá 4 krónum til 4 kr. 50 au. Bóndi þessi hefur 12 menn í heimili fyrir ofan fermingaraldur.

Ef hann nú á að gjalda eptir því, sem ákveðið er í þessu frumv., verður það þá, ef 75 aura gjaldinu er haldið, 9 kr., en ef 1 króna er ákveðin, þá 12 kr. Þetta sýnir, hvort breytingin þessi er ekki mikil.

H. varaforseta (Þ. B.) þótti það smásmygli af mjer, að jeg minntist á kirkjugjald fyrir gamalmenni, og gat eigi fellt mig við, að það væri borgað. Þetta mætti satt vera, ef hjer væri einungis um efnamenn að ræða; en hann verður að gæta að því, að hjer er um marga fátæklinga að ræða; álít jeg mjög ósanngjarnt að heimta þetta gjald af bláfátækum manni, sem berst fyrir fólki sínu máske karlægu, og sem aldrei kemur í kirkju ár eptir ár.

Það er búið að ræða mál þetta svo ítarlega, að það er engin þörf á, að fara langt út í það, einkanlega hvað snertir hinn almenna kirkjusjóð. Það lítur vel út, að hafa almennan kirkjusjóð, og það væri æskilegt að mörgu leyti, að hann kæmist á, en það er búið að sýna fram á, til hvers það mundi leiða.

En það er eitt, sem jeg vildi benda á; jeg er ekki samdóma h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), þar sem hann sagði, að sóknarneíndir og hjeraðsfundir hefðu ekkert við mál þetta að gjöra. Jeg veit ekki, hvað sóknarnefndir og hjeraðsfundir eiga að gjöra, ef ekki einmitt það, að íhuga málefni eins og þetta. Mjer finnst það beinlínis heyra undir þeirra starf. Svona mál þarf einnig að íhuga rækilega heima í hjeruðum, áður en það fer inn á þing, og það dugar ekki að hlaupa til að samþykkja lög, sem alla varðar, án þess að leita umsagna og án ítarlegs undirbúnings.

Jeg hefi því komizt að hinni sömu niðurstöðu og h. 2. þm. Eyf. (J. J.), að ráðlegast sje, að máli þessu sje frestað til næsta þings og rækilega búið undir á milli þinganna.

Sighv. Árnason: Jeg ætla með fám orðum að víkja mjer að hinum almenna kirkjusjóði, og þeim umræðum, sem fallið hafa um málið. Jeg fyrir mitt leyti álít sjóðinn mjög nauðsynlegan, og skil jeg ekki í, að nokkur prestur eða söfnuður muni hafa á móti því, að láta af hendi kirkjusjóðinn og leggja hann í þennan almenna kirkjusjóð, því að, að því leyti sem jeg þekki til, eru það að eins örfáir af þeim, sem kirkjuhald hafa á hendi, sem eigi skaðast á því, þegar öllu er á botninn hvolft. Breyt.till. á þingskj. 291 gerir ráð fyrir, að prestar haldi þeim rjetti, er þeir hafa haft til þess að njóta vaxta kirkjusjóðsins. En þótt prestar og kirknaeigendur hefðu nú dálítinn hagnað af þessu, þá skil jeg ekki í öðru en að þeir mundu fúsir á að leggja sjóð kirkjunnar í hinn almenna kirkjusjóð; því það mun ekki vera meining þeirra að halda sjóðnum, en kasta ábyrgðinni yfir á hinn almenna kirkjusjóð. Ábyrgðin getur haft mikið í för með sjer. Slys getur viljað til, enda þótt kirkjan sje í góðu standi; hún getur fokið, brunnið og af ýmsum atvikum stórskemmzt, og þá yrði sjóðurinn ekki lengi að ganga til þurðar, og máske hrykki ekki til, og þá yrðu kirkjuhaldarar að lána það fje, sem upp á vantar. Það hefir mikið verið talað um, að sjóðurinn mundi eigi nægja til þess, sem á hann verði lagt. Mjer sýnist það ekki svo hæpið; því þá mætti, eins og h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) tók fram, setja viss takmörk fyrir því, hvað sjóðurinn mætti verða minnstur, og hika þá við með stór lán úr sjóðnum á meðan safnaðist í hann á ný, og ef svo 75 aura gjaldið reyndist of lágt, þá mætti hækka það upp í krónuna, og yrði það þá 1/4 meira. Þetta finnst mjer mætti athuga á báða bóga, og mjer finnst menn hljóta að geta gert sjer ljóst, að það er ekki svo hætt við þessum sjóðþurð.

Jeg skal játa, að mál þetta er vandamál og nær til allra manna á landinu. Það er auðvitað vel meint hjá þeim mönnum, sem leggja það til, að mál þetta sje lagt fyrir hjeraðsfundi; en jeg efast um, hvort það yrði málinu til bóta, og jeg óttast fyrir, að skoðanir manna yrðu þar mjög sundurleitar; að minnsta kosti hefir sú raunin orðið á áður, og mundi svo málið verða jafnerfitt viðfangs eptir sem áður, þegar til þingsins kasta kæmi.

En ef það er skoðun þingsins, að nauðsynlegt sje að fresta málinu, þá vil jeg að vísu ekki setja mig þvert á móti því. En jeg vil taka það fram, að mjer finnst málið ítarlega ljóst, með því líka, að ef það yrði að lögum nú á þessu þingi, þá er það skoðun mín, að eigi sjeu þeir stórgallar á því, sem gætu orðið að nokkrum verulegum skaða, en ef það reyndist, að smáagnúar væru á því, þá má ætíð laga þá eptir því sem reynslan bendir á, en mjer þykir skaði, að láta málið bíða.

Svo jeg snúi mjer snöggvast að breyt.-till. á þingskj. 291, þá skil jeg naumlega í því, þegar prestar og kirkjueigendur færu að athuga þetta nánar, að þeir þá mundu víla fyrir sjer að láta af hendi sjóð kirkjunnar, þótt töluverður væri, til þess að losna við þá ábyrgð, sem þessu fylgir. Jeg skal játa, að þegar gengið er út frá þjónandi prestum, að þá mælir að vísu sanngirni með því, að láta þá vera sjálfráða um þetta, en það er æði-tvísýnt, að þeim verði það til happs yfir höfuð að tala. En á hinn bóginn ber að gæta að því, að ef þjónandi prestar og kirkjueigendur fengju að halda sjóðnum, þá mundi það eigi lítið rýra hinn almenna kirkjusjóð. Það mun vera æðimikið kirknafje, sem liggur þannig í höndum presta og eigenda bændakirkna.

Að endingu skal jeg að eins minnast á breyt.till. á þingskjali 233. Jeg þarf ekki að vera margorður, því h. framsögumaður tók svo vægilega á henni, og vil jeg að eins geta þess, að ef niðurlag 4. gr. fær að standa, að víkja megi út fyrir verðlagsskrána með verðlagið á gjaldeyrinum, ef gangverðið er hærra á gjalddaga, þá gerir það rjettaróvissu í lögunum. En menn verða að gæta að því, að óhagræðið af þessu kemur mest niður á fátæklingunum; þeim er ómögulegt að greiða gjöld sín í peningum. Efnamenn greiða aptur á móti optast nær í peningum, og sama er að segja um manntalsbókargjaldið; þeim þykir brotaminnst að láta það þannig af hendi, heldur en eiga það á hættu, að landauragjaldinu verði kastað undir uppboð. Menn verða líka að gá að því, að þetta gangverð, sem kemur í ljós á gjalddaga, er einmitt það gangverð, sem næsta verðlagsskrá á að byggjast á. Verðlagsskrárnar eiga vissulega að vera mælikvarði opinberra gjalda; annars veit jeg ekki hverja þýðingu þær eiga að hafa.

Framsögum. (*Þórarinn Böðvarsson*): Jeg hefi setið og þagað um stund og hlustað á sem lærisveinn þeirra, er talað hafa. Jeg get sagt, að jeg er öllum þakklátur, eða næstum öllum, sjerstaklega hæstv. landshöfðingja fyrir það, að slíkur maður sem hann vill vinna að þessu máli og koma því fram. Jeg er þakklátur h. þm. Rvík., því hann hefir svarað mörgu því, er jeg annars hefði þurft að svara. Jeg er jafnvel þakklátur öllum, sem talað hafa í máli þessu, því jeg ímynda mjer, að þeir hafi tekið fram þá agnúa, er þeim þóttu vera á frumv., og það er þakkarvert, og það er gott og ánægjulegt, að þessir agnúar eru ekki svo stórvægilegir, eru sem einkis virði.

Jeg get verið þakklátur h. 2. þm. Eyf. (J. J.), þar sem hann sagðist vera meðmæltur frumv. í principinu. Hann sagði, að þetta væri mjög stórt mál; að vísu er svo, en ekki svo ákaflega, ekki svo, að það sje óviðráðanlegt. Vitanlega er gerð breyting á sumu, sem lengi hefir staðið, jafnvel svo öldum skiptir, en ýmsu er þar einnig breytt, sem eigi hefir staðið lengi. Og jeg vil taka það fram, að margt af því, sem stendur í frumv. þessu, er ekki nýtt, heldur úr lögunum 1890, og þegar þeim lögum er breytt, þá er breytt því, sem nýtt er, en eigi gamalt.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) óttaðist fyrir, að útgjöld sjóðsins mundu verða svo mikil, að sjóðurinn gæti ekki staðizt. Hann hefir ekki tekið rjett vel eptir frumv. Það er ekki gert ráð fyrir, að sjóðurinn kosti ofn, organleikara o. s. frv., fyr en hann er orðinn svo efnaður, að hann getur staðizt þau útgjöld, eða »efni hans leyfa«, og hvað kirkjusöng snertir, þá eru þau lög, sem nú

gilda í því efni, eigi numin úr gildi með þessum lögum, og höfum vjer álitið, að rjett væri að láta þau standa enn um sinn, einmitt þangað til efni sjóðsins eru orðin svo, að hann geti tekið þann kostnað að sjer. Jeg verð að játa, að jeg álít það ísjárvert, að ljetta af skylduvinnunni við kirkjubyggingar og kirkjugarðshleðslu, en meðnefndarmenn mínir hjeldu því fram, og vildi jeg því eigi setja mig á móti því. Það hefir verið sagt, að þetta sjeu gömul lög, og rjett væri að bera undir hjeraðsfundi, áður en þeim sje breytt. Jeg vil gera þá athugasemd, að hjeraðsfundir hafa sjeð tillöguna, ekki einungis um breyting á tekjum kirkna, heldur og um breyting á tekjum presta. Held jeg að enginn hafi orðið klókari eptir en áður. Mál þetta heyrir ekki undir hjeraðsfundi, enda þótt einn h. þm. haldi því mjög fram. Hvað geta þeir líka gert? Hvaða skýringar geta þeir gefið? Biskup landsins hefir safnað skýrslum um ástand og tekjur kirkna um land allt, og vjer höfum þær nú í höndum. Sömuleiðis manntalsskýrslurnar. Hvað vantar þá? Getur hver hjeraðsfundur haft allt þetta? Jeg segi nei. Það vantar ekki neitt, sem hjeraðsfundur getur útvegað oss, og álít jeg því alveg tilgangslaust, að senda mál þetta til þeirra, enda hefir það og áður orðið árangurslaust í líkum málum.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) játaði, að nauðsyn bæri til að breyta, og það munu flestir játa. En hann sagði líka, að nauðsynlegt væri að undirbúa málið; mig vantar að eins að vita, hvað á að undirbúa. Allt er fyrir hendi. Hjer liggja fyrir skýrslur frá próföstum um land allt, um tekjur kirkna; á þeim sjest, hverjar þær hafa verið á hinum síðustu 5 árum; og að þar auki hefir það verið reiknað út, hvað tekjurnar eru án tillits til þessara skýrslna.

Hvaða undirbúningur getur verið meiri?

Hann gat og þess, að þegar skattalögum landssjóðs var breytt, hafði verið sett nefnd manna í málið til að íhuga það. En það var þó ekki borið upp í hjeruðum, eins og menn nú vilja gera. Hjeraðsfundir voru ekki spurðir að, hvað mönnum þóknaðist. En þegar lögin komu út, urðu allir allt fyrir það ánægðir.

H. sami h. þm. (Þorl. G.) taldi það vafasamt, hvort rjett væri að taka frá einni kirkjunni og gefa hinni. Kirkjan er ein, þó húsin sjeu mörg; allir eiga að gjalda hið sama gjald; hvað er svo eðlilegra en að sú eina almenna kirkja hjálpi hinum einstöku, sem eru fjeþurfar? Jeg álít það rjett, að sú kirkja, sem er betur stödd, hjálpi hinni, sem er hjálparþurfi.

Það hefir verið gjört annað, sem er miklu meira; löggjafarvaldið hefir leyft sjer að taka eignir, sem kirkjum hafa verið gefnar, og leggja þær undir aðrar kirkjur. Þetta er ísjárvert, en hitt alls ekki.

Áætlanir um kirkjubyggingar hafa opt reynzt of lágar. En hjer er farið fram á að stiptsyfirvöldin ákveði fjeð, og taki um leið tillit til, hve mikið kirkjan á í sjóði. Sú kirkja, er hefir meiri tekjur, er eigi svipt þeim rjetti, að geta verið veglegri en þær, er minni tekjur hafa. Að því leyti er sjóður kirkju, sem lagður er í hinn almenna kirkjusjóð, sjereign.

Bæði í frumv. og nefndarálitinu er svo ákveðið, að hver kirkja skuli fá svo mikið úr sjóði, að hún geti verið í sómasamlegu standi, og getur því aldrei verið að ræða um fjáraukalög.

H. þm. (Þorl. G.) vildi gera annað tveggja, að sleppa bændakirkjum eða taka þær með að öllu leyti. Jeg fyrir mitt leyti kysi nú heldur hið síðara; en

meiri hluta nefndarinnar þótti það varhugavert, og jeg man ekki betur en að einn nefndarmanna segði á fundi, að það gengi næst því að vera gjörræði, og ljetum vjer oss því nægja með að gefa þeim kost á að vera með. Og jeg er sannfærður um, eins og hæstv. landsh. og h. þm. (H. Kr. Fr.) tóku fram, að brátt muni flestar ef ekki allar kirkjur eiga fje sitt í þessum sameiginlega sjóð.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) sagði, að 75 aura gjaldið væri of lágt. Það var nú líka skoðun mín, að það væri í lægsta lagi, því það er betra að lækka það seinna, heldur en þurfa að hækka það; en með því að meðnefndarmenn mínir álitu það nóg, og jeg gat ekki sannað hið gagnstæða, þá vildi jeg ekki gera það að neinu kappsmáli. En jeg er sannfærður um, að sjóðþurður verður ekki, svo það kemur ekki til.

Sami h. þm. (E. J.) sagði, að eptir eldri lögum hefðu eldri prestar rjett til að njóta vaxta af kirkjusjóði. Það hefir að vísu verið svo og er svo enn, meðan þeir ekki greiða sjóðinn af hendi. En nú er allri ábyrgð ljett af þeim, hvað kirkjuna snertir. En það er líka annar galli á, því með lögum 1890 er búið að afnema þessi fornu hlunnindi presta. Honum þótti það vafasamt, hvort þau væru numin úr gildi. En mjer þykir það ekki vafasamt. Ef það fyrst nú með þessum lögum er numið úr gildi, þá ættu þeir prestar, er goldið hafa síðan 1890, að hafa heimting á vöxtum síðan.

Jeg er samdóma h. sama þm. um, að rjettast væri að prófastar hefðu föst laun fyrir störf sín, því það getur engum blandazt hugur um, að þeir eiga þóknun fyrir öll störf sín.

H. 1. þm. Rangv. (Þórð. G.) kvartaði yfir því, að jeg hefði haldið yfir honum áminningarræðu við 1. umr. þessa máls. Ekki gat það nú heitið hirting. En mjer heyrðist h. þm. segja, að frv. hið upphaflega væri ekki til að líta á, og þótti mjer það fremur sterk orð, sterkari en jeg hefi heyrt um nokkurt frumv. Hann sagði, að rjettur konungsjarða yrði skertur, ef frumv. þetta yrði að lögum. Jeg skil ekki í því, hvernig sá rjettur skerðist með lögum þessum, þrátt fyrir sannanir hans. Þær voru tíundarfríar eptir hinum eldri lögum og eru það enn. Hann ætti heldur að reyna að sanna, að rjettur þessi hafi verið sanngjarn eða eðlilegur. En það hefir hann ekki reynt að gera og getur ekki gert. Hann talaði um mann fyrir austan, sem ekki þyrfti að gjalda til kirkju annað en lausafjártíund og ljóstoll. Jeg þekki líka í mínu prófastsdæmi eina kirkju, sem eigi fær tíund nema af 2 bæjum í sókninni. En að það sje rjettlátt, það segi jeg ekki. Sami h. þm. talaði einnig um, að það væri eigi eðlilegt að kaupa sæti í kirkju handa gamalmenni, sem aldrei getur notað það. Það getur verið mikið satt í því; en flestir koma þó í kirkju að síðustu, og jeg efast ekki um, að margir mundu með frekari ánægju horfa á síðustu kirkjuför aldraðra foreldra sinna, ef þeir hefðu goldið til kirkju fyrir þá.

Hann talaði og um, að það ætti að bera mál þetta undir sóknarnefndir. Það hefir ekki verið gert áður með lík mál, enda mundi það algerlega árangurslaust.

H. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) talaði af hlýjum hug til málsins, og er jeg honum þakklátur fyrir orð hans.

Að síðustu vil jeg koma með þá tillögu, að þar sem nú er áliðið dags, og allir þm. búnir að fá nóg að sinni, en atkvæðagreiðslan margbrotin, þá sje umr. þessari frestað, svo að nefndinni gefist kostur á, að koma fram með skýrari og færri tillögur, er valdi minni

vafningi við atkvæðagreiðsluna, og vona jeg að allir fallist á það.

Forseti fann ástæðu til, að taka till. til-greina, og bar það undir atkvæði.

ATKV.GR.: Umr. frestað með öllum þorra atkvæða.

Frumvarp til laga um toll á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá (C. 197, 311, 374); framh. 1. umr.

Framsögumaður meiri hlutans (*Sighvatur Árnason*): Á þessu stigi málsins finn jeg ekki ástæðu til að tefja umræðurnar. Það var rætt svo mikið um þetta mál við fyrri hluta þessarar umræðu, að jeg ímynda mjer að óþarft sje að tala frekar almennt um málið nú, án þess að taka það upp, sem þegar er búið að segja. Um nefndarálitið skal jeg heldur ekki tala nú, nema andmæli komi fram gegn því.

Framsögumaður minni hlutans (*Jón Þórarinsson*): Seinast þegar mál þetta var fyrir deildinni, urðu um það töluverðar umræður; þá var líka nefnd kosin; en eins og menn hafa sjeð, þá klofnaði hún, og liggja nú hjer fyrir deildinni álit beggja hluta hennar. Það kom ýmislegt fram við síðustu umræðu, sem jeg hefði viljað svara, en mjer var það ekki unnt þá, af því að umræðunni var slitið. Sjerstaklega máttum við flutningsmenn heyra hörð orð frá hæstv. landsh. Hann lagði hinn harðasta dóm á frumv., harðari dóm en hann hefir lagt á nokkurt annað mál á þessu þingi.

Það, sem mjer virtist hæstv. landsh. leggja sjerstaka áherzlu á, og aðrir sem tóku í sama strenginn og hann, voru ákvæði frumv. um sjerstakan brúarsjóð. Það kann að geta verið álitamál, hvort rjettara sje að stofna sjerstakan sjóð af brúartollinum, eða láta hann renna inn í landssjóð. Við flutningsmenn álitum heppilegra, að leggja tollinn í sjerstakan sjóð, ef ske mætti að brýrnar fyrir þann sjóð gætu með tímanum orðið sjálfstæðar stofnanir. En hvort tollur sá, sem stungið er upp á, nægi í þessu skyni, verður reynslan að sýna. Jeg held enn, að það sje heppilegra að hafa það, sem inn kæmi í brúartoll, í sjerstökum sjóði, heldur en að láta það renna saman við eyðslufje landssjóðs. Það sem þannig kæmi inn í landssjóð smámsaman, væri svo lítill tekjuauki, að þess yrði varla vart; en eptir langan tíma getur það numið mikilli upphæð, og þá getur einmitt verið tilfinnanlegt fyrir landssjóð að svara út svo miklu í einu, sem þurfa mundi til stóraðgerða, eða endurbyggingar.

Þó það sjálfsagt heyri fremur til 2. umr., vil jeg þó nú benda á aðra aðalástæðu hæstv. landshöfðingja móti frv. Önnur aðalástæða hans var sú, að seðlarnir væru óheppilegur gjaldeyrir. Hann tók dæmi af manni, sem færi úr Reykjavík og ætlaði upp í Mosfellssveit; en er þangað kæmi, dytti honum í hug, að hann þyrfti endilega að fara austur yfir brú; hann yrði því að snúa aptur til Reykjavíkur til þess að kaupa sjer farseðil. Landshöfðingjans sjálfs vegna þarf jeg varla að taka það fram, að þetta er ímyndaður ótti; en jeg tek það fram ýmsra annara vegna, því að þessi orð h. landsh. hafa ef til vill hneyxlað einhverja smælingjana. Landsbankinn á samkv. frumv. að hafa aðal-útsöluna á hendi; en það er auðvitað, að hann mundi ekki aleinn hafa útsölu á seðlunum, heldur mundu seðlarnir vera til sölu á ýmsum stöðum, og þá sjálfsagt við brúna sjálfa. Líka mætti hafa þá til sölu t. d. á Kolviðarhóli, og jafnvel á einhverjum bæ í Mosfellssveit. Það yrði þá líkt með seðlana

eins og frímerkin. Þau eru seld víðar en á pósthúsum, og þykir það víst ekki hættulegt.

Hæstv. landsh. og fleiri með honum lögðu enn fremur sjerstaka áherzlu á þá mótbáru, að gjald það, sem tiltekið væri í frv., væri svo lágt, að það mundi ekki nægja til þess, sem það væri ætlað; það mundi varla nægja til umsjónar með brúnum. Jeg skal engu um það spá, en jeg get gert ráð fyrir, að tollurinn fyrst um sinn nægi að eins til öruggrar og full-tryggilegrar gæzlu á brúnni. Gjöri hann það, álít jeg mikið unnið, því brúargæzlan þarf að vera í góðu lagi, miklu betri og fullkomnari en hún er nú. Úr því nú þarf brúarverði, þá álít jeg landssjóð góðu bættan, ef hann gæti losast við útgjöld til þeirra á þennan hátt. Þó þess vegna ekkert safnist í sjóð, þá væri samt tilvinnandi, að leggja þennan toll á, til þess að fá eptirlitið glöggt og gott, því það er það sem mest á ríður. Það er lífsnauðsynlegt fyrir framtíð brúnna.

H. þm. Árnesinga og Rangv. sögðu á dögunum, að það mundi sannast, að ef slíkur tollur, sem hjer ræðir um, yrði lagður á umferð um brýrnar, þá mundu menn hætta að fara yfir þær, að minnsta kosti á vorin. Jeg segi fyrir mig, að ef jeg hjeldi að þetta væri á rökum byggt, þá hlyti jeg að álíta alveg óþarft, að fara nú að brúa Þjórsá fyrir ærið fje. Ef hlutaðeigendur ekki vilja vinna til að borga 15—20 aura fyrir að fara yfir brýrnar, þá verður þeim 75,000 kr., sem ætlaðar eru til að brúa Þjórsá, illa varið, og þá hefur þeim tugum þúsunda verið illa varið, sem gengið hafa til að brúa Ölvesá.

Það, sem jeg nú hefi tekið fram, virðast vera aðalástæður mótmælenda þessa máls. Þegar jeg lít á þessar ástæður í einum hóp, þá eru þær í mínum augum svo ljettvægar, að jeg get ekki skilið, að h. þingd. verði almennt á móti málinu þeirra vegna.

Jeg væri ótilhlýðilega vanþakklátur hæstv. landsh., ef jeg kannaðist ekki við, að hann hefði þó látið í ljós ánægju með nokkuð í frumv. þessu. Hann kannaðist þó við, að, að minnsta kosti, 2½ lína í frumv. væru frambærilegar, það er ákvæðið í 5. gr. um, að endurgjaldið úr sýslusjóðum Árnes- og Rangárvallasýslna, og úr jafnaðarsjóði Suðuramtsins, 20,000 kr., til byggingar Ölvesárbrúarinnar, skuli og falla niður, en landssjóður borgi allt saman.

Ef frumv. hefði ekki verið lengra en þetta, þá hefði jeg ekki viljað flytja það. Það frumv. hefði getað verið gott fyrir Árnesinga og Rangvellinga, en fyrir landssjóð hefði það ekki verið gott.

Hæstv. landshöfðingi sagði það sjálfsagt í hrósskyni til okkar flutningsm. frumv., að ýms ákvæði þess bæru vott um mikið traust til stjórnarinnar. Jeg skal heldur ekki neita því, að jeg ber traust til hennar, en ekki hjelt jeg það væri neitt oftraust.

Við höfum nú samt sem áður tekið tillit til orða hæstv. landsh. og stungið upp á ýmsum breytingum við frumv. Jeg skal ekki fara út í þessar breytingar nú, en þær miða í þá átt, að einskorða meir einstök atriði, sem jeg annars hefði viljað að landsstjórnin sjálf rjeði.

Um meiri hluta nefndarinnar hefi jeg ekki mikið að segja. Hann gaf út sitt álit ásamt okkar áliti, en hefir nú »við nákvæmari íhugun« komið með nýtt álit, um leið og hann hefur sjeð sig um hönd og tekið aptur hið fyrra. Af því að mjer finnst þetta hin skynsamlegasta tillaga, sem fram hefur komið af hálfu meiri hlutans, þá vildi jeg nú óska, að

hann hjeldi áfram sínu vel byrjaða verki og tæki aptur einnig þetta seinna álit sitt.

Landshöfðingi: Það var tekið fram, meðal annars af þeim, sem hjeldu fram tolli á Ölvesá og Þjórsá við fyrri hluta þessarar umr., að með þessu frv. væri verið að slá föstu því »principi«, að tolla allar brýr, sem landssjóður byggði. Það er nú spursmál, hve langt menn vilja ganga í því að tolla brýr. Er það meiningin að tolla allar brýr á landinu, sem landssjóður leggur fje til? Jeg skal nefna til dæmis, að nú í sumar hefir verið gjörð brú yfir Hvítá í Borgarfirði. Sú brú þarf líka eptirlits við. Á þá ekki líka að tolla hana? Mjer virðist eins mikil ástæða til þess að tolla hana, eins og brýr yfir Ölvesá og Þjórsá. Hjer eru líka brýr miklu nær okkur, yfir Elliðaárnar. Til aðgjörðar á þeim var nýlega kostað nálægt 700 krónum úr landssjóði. Það var skaði, að þær brýr voru ekki tollaðar, meðan þær voru undir umsjón sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu; þá hefði landssjóður ekki þurft að kosta fje til þeirra.

Jeg vil allt af skoða brýr líkt og vegi, sem landssjóður er skyldur til að viðhalda. Jeg játa, að það stendur nokkuð sjerstaklega á með brúna á Ölvesá og hina tilvonandi brú á Þjórsá, að því leyti, að þær þurfa sjerstaka gæzlu. Það, sem því þyrfti sjerstök ákvæði um, er um kostnaðinn við gæzlu þeirra. En nú er einmitt komin fram tillaga frá meiri hluta nefndarinnar um það, að landssjóður skuli ekki kosta brúargæzluna, heldur að hlutaðeigandi sýslufjelög gjöri það, og því er bætt við, að landstjórnin skuli segja fyrir um, hvernig gæzlunni skuli komið fyrir. Það þarf því ekki að óttast, að sýslufjelögin geti haft gæzluna í lakara lagi eða sjer sem kostnaðarminnsta. Eins og nú stendur á, er ekki mögulegt fyrir landstjórnina að hafa eptirlit með, hvernig brúarverðirnir gæta skyldu sinnar; hún verður að trúa sýslumönnum fyrir þessu eptirliti. Eptir framhaldsáliti meiri hlutans verður sama niðurstaðan, að sýslumönnum verður trúað fyrir eptirlitinu, og þá er tryggingin sama, hvort sem það er landssjóður, sem kostar gæzluna, eða ekki. Ef þingið nú vildi ganga að uppástungu meiri hluta nefndarinnar í framhaldsáliti hennar, þá álít jeg mikið fengið. Þá yrði að eins eptir fyrir landssjóð að kosta viðhald brúnna, en jeg verð að hafa svo gott traust á brúnum, að viðhaldskostnaðurinn yrði ekki mjög tilfinnanlegur landssjóði. Hinni helzti kostnaður verður fólginn í því, að mála brýrnar og leggja við og við á þær slitpalla. Þessi kostnaður yrði ekki þungbær í samanburði við kostnaðinn til viðhalds vegunum.

H. framsögumaður minni hlutans (J. Þór.) fór nokkrum orðum um það, að jeg hefði talað óvirðulega um frumv., en hann talaði þá ekki síður óvirðulega nú um álit meiri hluta nefndarinnar. Hann sá engan mun á hinu fyrra áliti meiri hluta nefndarinnar og framhaldsáliti hennar; en þar er þó sá mikli munur, að eptir hinu fyrra áliti ætlast meiri hluti nefndarinnar til, að nokkuð af landssjóðsláninu, sem hvílir á sýslufjelögum Árness- og Rangárvallasýslna, falli burt, en í síðara álitinu er hann alveg fallinn frá þessari tillögu.

Jeg tók það fram á dögunum um fargjaldsseðla þá, sem frumv. ákveður að landsbankinn skuli gefa út, að opt gæti orðið erfitt að fá þá keypta, og jeg tók dæmi af manni, sem færi úr Reykjavík og ætlaði að eins upp í Mosfellssveit, en þyrfti svo, þegar hann væri þangað kominn, að bregða sjer

austur yfir brú. Sagði jeg þá að hann yrði að fara aptur til Reykjavíkur til þess að kaupa farseðilinn. Þessu vildi h. framsögum. minni hlutans (J. Þór.) mótmæla. En hann minntist ekki á það, sem jeg bætti við þessa ástæðu mína móti farseðlunum. Jeg gekk út frá því sem sjálfsögðu, að brúarverðirnir gætu alls ekki haft á hendi sölu seðlanna. Því ef þeir væru ekki sem vandaðastir menn, þá gætu þeir auðveldlega selt mörgum sama seðilinn. En ef brúarverðirnir samt sem áður geta selt seðlana, hversvegna má þá ekki eins trúa þeim fyrir að taka á móti peningum hjá þeim, sem vilja fara yfir brúna, án þess að afhenda þeim um leið farseðla? Jeg verð þess vegna enn að álíta þetta seðlafyrirkomulag óhentugt. H. sami þm. (J. Þór.) hjelt að hafa mætti seðlana á boðstólum víðar en við brúna og í Reykjavík. Jeg held það yrði heldur ekki heppilegt. Að minnsta kosti væri það óheppilegt, ef útsalan yrði mikið úr leið. Sjerstaklega vildi jeg ráða landsbankanum til að hafa útsöluna ekki á Kolviðarhól.

Jeg vil nú ráða h. þingd. til að láta sjer nægja boð þm. Árnesinga og Rangvellinga í framhaldsáliti meiri hluta nefndarinnar, að kostnaðurinn við brúargæzluna verði borgaður af hlutaðeigandi sýslufjelögum, en falla frá tollhugmyndinni. Jeg get ekki skilið annað en að farartálmi og ýms önnur óþægindi hlytu að leiða af brúartolli.

Það á ekki við að fara út í einstök ákvæði frumv. eða breytingartillaganna við þessa umræðu; en jeg skal þó leyfa mjer að taka það fram, að það er fjarstætt, að hugsa sjer, að brúarvörður fáist við Ölvesá fyrir 500 kr. á ári. Þegar nú búið er að ákveða með lögum, að laun brúarvarðar skuli vera 500 kr. og enginn fæst til að taka starfið að sjer fyrir þessi laun, þá rekur að því, sem tekið var fram í öðru máli nýlega, að út þarf að gefa skikkunarlög um þetta starf. Það gæti hugsazt að þessi þóknun gæti dugað, ef brúin ætti ekki að vera opin nema part úr degi, en jeg ímynda mjer að allir hljóti að vera sannfærðir um, að slíkt væri mjög óhentugt, þar sem t. d. lestamenn þurfa að geta farið ferða sinna óhindraðir bæði á nóttu og degi. En ef brýrnar eiga að vera alltaf opnar, þá nægir ekki einn brúarvörður, heldur þyrftu þeir að vera tveir eða þrír.

Af því þetta er 1. umr. skal jeg ekki fara lengra út í einstök ákvæði, en jeg vona að h. þingd. átti sig betur á málinu til 2. umr. Þá vona jeg að hún líti mildari augum á framhaldstillögur meiri hluta nefndarinnar, en h. framsögumaður minni hlutans hefir gjört.

Bogi Melsted: Það eru að eins nokkrar athugasemdir, sem jeg ætla að gjöra. H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) og einkum 1. þm. sama kjördæmis (Þ. B.) tóku það fram við fyrri hluta 1. umr. þessa máls, að það væri almennt í útlöndum, að tollaðar væru brýr. En jeg verð að taka það fram, að þetta á sjer varla stað á Norðurlöndum. Jeg hefi sjálfur farið víða um Danmörk, Norveg og Svíþjóð og hvergi orðið var við brúartoll. Jeg hefi ennfremur leitað mjer upplýsinga um þetta að því er Norveg snertir hjá þeim manni sem því er vel kunnugur, en það er Sigurður Thoroddsen verkfræðingur, og segir hann að það eigi sjer ekki stað þar. Á Englandi og Skotlandi eru heldur eigi brýr tollaðar nú nema ein í London, að því sem kunnugur maður hefir sagt mjer. Það voru að vísu áður tollaðar þær brýr á Skotlandi, sem sveitarfjelög höfðu byggt, en nú er það afnumið, því það þótti mjög óhagfellt. Að því er snert-

ir Þýzkaland, þá verða menn þar ekki varir við brúartolla, þótt menn fari þar víða; bendir það á, að brúartollar sjeu þar næsta fágætir og þyki ekki hagkvæmir. Jeg kem fram með þessar leiðrjettingar vegna þess, að skakkt var skýrt frá þessu á dögunum, svo sem til þess að styðja að því að tollur væri lagður á Ölfusár- og Þjórsárbrúna. Annars er það skoðun mín, að þótt almennt væri ytra að hafa brúartolla, þá væri það engin ástæða til þess að lögleiða þá hjer, ef þeir eru óhagfelldir fyrir oss, og væru þeir í annan stað hagfelldir fyrir oss, þá gætum vjer lagt þá á, enda þótt þeir væru eigi notaðir erlendis. Það sem er hagfellt fyrir land vort, það á að gjöra eptir því hægt er, án tillits til þess, hvort það á sjer stað í öðrum löndum eða eigi.

Svo er annað atriði sem tekið var fram á dögunum, um það hvað ferjur á Ölfusá gæfu af sjer, og var þá sjerstaklega tiltekinn Óseyrarnesferjustaður, og var vitnað til hinna gömlu munnmæla að sá ferjustaður gæfi af sjer eins miklar tekjur og Árnessýsla. Jeg skal því taka það fram, að jeg hefi síðan talað við bóndann í Óseyrarnesi, og kvaðst hann hafa haldið nákvæman reikning yfir það sem ferjan gæfi af sjer. Segir hann það aldrei hafa farið fram úr 600 kr. á ári, en ekki nema 200 kr. síðan brúin kom á. Jeg er hræddur um að h. þm. sem halda fram brúartolli, gjöri sjer of glæsilegar vonir um brúartollinn, því ef dýr brúarvörður væri tekinn, er mjög efasamt að það borgaði sig. Jeg hefi skilið meðmælendur brúartollsins svo, að það væri einkum tvennt sem þeir berðust fyrir með brúartollinum. Hið fyrra er að ljetta brúargæzlunni af landssjóði og hið síðara að reyna að safna í sjóð, svo að byggja mætti upp brúna aptur fyrir sjóð þennan, er til þess kemur. Að því er brúargæzluna snertir, þá býðst meiri hluti nefndarinnar til þess að ljetta henni af landssjóði, eins og minni hlutinn óskar, og jeg sje ekki að það verði verulegur munur á brúargæzlu meiri og minni hlutans, þar sem báðir leggja þetta undir vald landshöfðingjans og ætla honum yfirumsjónina. Mönnum ætti því að geta komið saman um þetta atriði. En þá er hitt atriðið, að safna í brúarsjóð. Ef alþingi hugsar um það, þá vil jeg óska að þingið hafi það hugfast að leggja á þannig lagaðan toll, sem gefur hreinar tekjur af sjer, en ekki etur upp sjálfan sig og ef til vill meira til, og hefir auk þess ýmsa ókosti í för með sjer, eins og tollur sá, sem minni hlutinn stingur upp á. Jeg vil því benda á það, hvort eigi mundi vera rjettara að leggja gjald á hlutaðeigandi sveitarfjelög, en sleppa brúartolli og dýrum brúarvörðum; gjaldi þessu ætti að jafna niður á sveitarfjelögin og sýslumennirnir gætu krafið það inn á þingum á vorin; þyrfti það engan sjerstakan kostnað að hafa í för með sjer, þótt þeir tækju við því af sveitarsjóðum. Gjald þetta yrði ljettara og hagfelldara en brúartollur, og þar að auki yrði það hreinar tekjur. Ef t. d. árlega væru lagðar 300 kr. á sveitarfjelögin, þá yrði það með rentum og renturentum orðið eptir 60 ár 71,339 kr., en 300 kr. gjald er ekki nema 1/3 kr. á hvert heimili í Árnessýslu, en árangurinn af þessu gjaldi yrði miklu meiri en af brúartolli með brúarverði. Meðan jeg var fyrir austan var töluvert rætt um toll þennan og vildu þá allir sem við mig ræddu um þetta, heldur láta borga úr sveitarsjóðum, heldur en að leggja toll á brúna, því þeir álitu að með því yrði tilganginum betur náð, auk annara þæginda sem það hefði í för með sjer. Ef þetta

gjald yrði lagt á, þá er auðvitað að afnema yrði ákvæðin í lögum 3. maí 1889 um að Árnessýsla og Rangárvallasýsla skuli ásamt jafnaðarsjóði endurgjalda landssjóði lánið, er veitt var til byggingar Ölfusárbrúarinnar, eins og minni hlutinn fer fram á. Flestir sem mæla með brúartolli tala um að stofna af honum sjóð, en sá sjóður stækkar þá fyrst að mun, að árlega verði afgangur af brúartollinum, er hægt sje að leggja í sjóðinn. Það hefir einnig verið tekið fram, að það væri ekki rjett að láta útlendinga fara endurgjaldslaust yfir brúna, en þess ber að gæta að þeir eru mjög fáir, svo það borgar sig ekki að halda brúarverði sökum þeirra, og svo er nú verið að tala um heldur að hæna útlendinga að landinu en ekki, þótt þetta auðvitað hafi litla þýðingu í því efni. Enn fremur hefir það verið þyrnir í augum margra, að hrossakaupmenn skuli ekki verða að borga brúartoll; en jeg skal taka það fram, að það gjald leggst ekki á þá, heldur á bændurna, sem selja hrossin.

Ef menn vilja leggja ákveðið gjald á sig, þá kemur það í sama stað niður.

Framsm. minni hl. (*Sighv. Arnason*): Jeg þarf ekki að svara miklu, því bæði hefir hæstv. landsh. ítarlega tekið fram skoðun meiri hluta nefndarinnar og ástæður hans fyrir málinu, og sömuleiðis h. 2. þm. Árnes. (B. Th. M.); jeg þarf því ekki að vera langorður, en að eins geta þess, að það má hvað meiri hluta nefnarinnar snertir segja, að þetta er hans álit og skoðun, og fyrir mjer er þetta hreint »princip«-spursmál engu síður en fyrir h. flutningsmönnum, en alls ekki tillit til sjerstaks hags fyrir þau sýslufjelög, sem hjer eiga hlut að máli. Ef h. flutn.m. þessa frumv. álíta það stóran hag að tolla þessar brýr, þá ætta þeir, svo þeir væru sjálfum sjer samkvæmir, — því jeg vil ekki gjöra þeim þær getsakir, að þeir gjöri þetta til að hefnast á þessum brúm —, að láta jafnt ganga yfir allar þær brýr sem gjörðar hafa verið á landssjóðs kostnað, en þeim hefir að minnsta kosti gleymzt það. (*G. G.*: Svo?). Jeg er hræddur um að það verði ofan á, þó brúartollur verði lagður á, að landssjóður komist að því fullkeyptu, því jeg trúi því ekki, að sá sjóður sem við það kynni að myndast, verði svo voldugur, að hann geti aðstaðið bæði viðhalds og endurbyggingar-kostnaðar, auk gæzlu, eins og h. flutningsm. gjöra sjer svo stórar vonir um. Vegna þess er jeg á móti því principi, að tolla brýr, og þar með af því jeg er handviss um, að þetta verður mikill farartálmi og ónot fyrir ferðamenn, og það er eigi gott, fyrst búið er að fá slík nauðsynleg stórvirki, sem gjöra mikið hagræði, fái þau að standa öllum opin, að fara að spilla þeim með því að loka þeim fyrir mönnum annað dægrið; þá vil jeg heldur að sýslutjelögin leggi þennan kostnað á sig. Því það sannast, að ef brúnum er ekki lokað, þá verður nauðugur einn kostur að vaka yfir þeim, og þá þurfa aðrar eða máske þriðju 500 kr. í þann kostnað, og þá geta menn sjeð hvernig fara muni.

Jeg vil biðja menn vel að athuga, að þar sem hjer er nú loksins fengið það, sem svo lengi hefir verið barizt fyrir, í 20 næstl. ár, að fá brýr á þessar stórár, að þá á alls ekki við, að setja skorður í móti frjálsri umferð yfir brýrnar. Það hlýtur þó öllum að vera ljóst, að á vorin þurfa lestamenn, þegar slæmt er veður á daginn, iðulega að fara um nætur yfir brýrnar, og ef þær eru lokaðar, þá verður það þeim til mjög mikils farartálma; úr þessu verður ekki bætt, nema með vökumanni.

En sjeu þær lokaðar, eins og minni

hluti nefndarinnar mun ætlast til, þá verður þeirra ekki hálf not, og jeg er hissa á, að hann skuli fara fram á, að meiri hlutinn taki aptur breytingartill. sínar, þar sem í þeim felst tilboð, sem gerir sýslufjelögunum töluverðan kostnað, — þó hann verði ekki mjög tilfinnanlegur, af því hann jafnast niður á svo marga —, fram yfir lánið sem þegar hvílir á þessum sýslufjelögum.

Hvað gæzluna snertir, þá skil jeg ekki, að það geti verið alvara minni hlutans, að halda því fram, að hún verði ónóg eða verri fyrir það, þó enginn tollur sje, þar sem fyrirskipað er að landshöfðingi hafi yfirumsjónina, og jeg sje enga ástæðu til að tortryggja sýslumenn hvað eptirlitið með gæzlunni snertir, að þeir geri það ekki sem bezt, þrátt fyrir það þó sýslufjelögin beri kostnaðinn, og slíkt verður falið sýslumönnunum í hvoru tilfellinu sem er. Þar eð ekki má fara út í hin sjerstöku atriði þessa máls við þessa umr., finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða meir um það að sinni, meðan ekki koma fleiri mótbárur, sem þarf að svara, en treysti því, að h. þingdeildarm. athugi vel, hvort ekki er hyggilegra að tolla ekki brýrnar, og halla sjer að áliti meiri hlutans.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls við þessa umr. eða framhald hennar, en það var eitt atriði í ræðu h. 2. þm. G.-K. (J.Þ.), sem kom mjer til að standa upp.

Hann sagði, að Árnesingum mundi þykja mjög vænt um að losast við lánið. (*Jón Þórarinsson:* Þetta er tilgáta!) Það hefir mjer vitanlega ekki komið nein bænarskrá frá Árnesingum til þingsins um að losast við þetta gjald, og sízt með þessum dilk, og mjer finnst það hálf-hjákátlegt, að koma fram með frumv. um að losa menn við þau gjöld, sem þeir ekki hafa kvartað undan, eða að minnsta kosti enga ósk látið í ljósi um að losast við; en neyða upp á þá toll eða skatt, sem flestum hinum hyggnari mönnum er mjög illa við, einkum sökum farartálmans, sem tollurinn hlýtur að hafa í för með sjer. H. sami þm. (J. Þ.) endaði ræðu sína með því að beina því að meiri hlutanum, að taka aptur framhalds-tillögur sínar síðari, eins og þm. áleit að hann hefði gert með þær fyrri. Mjer sýnist það sannarlega lofsvert af meiri hlutanum, hafi hann gert það, að ganga á undan minni hlutanum með góðu eptirdæmi, og vil taka það fram, að jeg vonast eptir að minni hlutinn fylgi hinu góða dæmi meiri hlutans., enda skal jeg vera honum þakklátur fyrir það. Jeg treysti því, að þrátt fyrir allt þetta spaug verði þetta mál tekið til alvarlegrar íhugunar, áður en það fer hjeðan út úr deildinni.

Það er öldungis ekki af persónulegum ástæðum, að við viljum ekki láta tolla brýrnar, eins og sjá má, þar sem við ætlumst til að nýr skattur verði lagður á sýslufjelögin, en það er sannfæring okkar, sem byggð er á fullum rökum, að þetta verði mjög til hindrunar umferð um brýrnar, og margir hiki sjer við að nota þær tollsins vegna. Jeg get t. d. frætt h. þingdeildarm. á því, að verði tollur lagður á, þá þarf ekki að gera ráð fyrir að stórt fje fáist inn fyrir stóðrekstra um brúna, því trúverðugir menn, sem þekkja til hrossakaupa, hafa sagt mjer, að meðan þeir voru óvanir, þá hafi þeir misst stöku hross í árnar á sundinu, af því þeir höfðu þá ekki fulla kunnáttu á að haga rekstrinum eins hyggilega eins og má, en nú hafi þeir komizt upp á að reka fáa í einu, og síðan missi þeir aldrei neitt; þeir muni því ekki taka sjer svo nærri, að sundleggja hrossin, þegar tollur verði á lagður, að þeir vildu borga

brúartoll til að losa þau við sundið, og þegar þar við bætist, að eptir þeim reglum, sem nú gilda um brúna, verður að flokka hrossinn í vissa tölu. Það er því víst óþarfi að gera sjer sterkar vonir um miklar tekjur af stóðhrossarekstrum um brýrnar, og svo mun verða um fleira.

Þessi aukna gæzla og tolleptirlit mun jeta upp allar tekjurnar, ef ekki meira, svo að lítið yrði unnið annað en eyða fje. Jeg vona að h. deild skilji þetta og aðhyllist því tillögur meiri hluta nefndarinnar, sem vissulega mega heita aðgengilegar.

Guðlaugur Guðmundsson: Mjer datt satt að segja ekki í hug, að slíkar umr. mundu rísa á þessu stigi málsins, en fyrst svo er komið, þá verð jeg í fám orðum að geta þess, sem mjer hefir þótt athugavert við ræður manna. Það er þá fyrst að minnast á orð h. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.), er hann talaði um grundvallarstefnuna. Það er einmitt um grundvallarstefnuna í þessu máli, sem meiri hlutann og minni hlutann greinir á, um það, hvort þeir eigi að borga, sem yfir brýrnar fara, eða þeir sem aldrei hafa heyrt eða sjeð neitt þeim viðvíkjandi. Meiri hlutinn vill láta þá menn bera kostnaðinn, sem aldrei líta brýrnar augum sínum, en minni hlutinn vill láta hann lenda á þeim, sem einhverjar nytjar hafa brúnna. En nú getur fyrir komið, að brýr sje á þeim stöðum, sem slíkt getur ekki átt við á, eða borgað sig. Þar vil jeg auðvitað ekki hafa toll. Jeg fylgi eigi þessu tollmáli af þeirri ástæðu, að jeg vilji hafa toll hvernig sem á stendur; mín grundvallarregla er sú, að jeg vil hafa hann þar sem honum verður við komið, og hann mundi borga sig.

Þar sem um þessar tvær stórár er að ræða, er óhætt að fullyrða, að koma má tolli við. Það eru allar horfur á, að hann muni ekki einungis borga gæzlu og viðhald, heldur muni einnig verða talsverður afgangur, og fje muni græðast á þann hátt til nýrra fyrirtækja.

Ef spurt er um, hvort tolla eigi aðrar brýr, þá verður að íhuga, áður en svarað er, hvort nokkur hagur muni verða að því. Hæstv. landsh. talaði um brú á Hvítá í Borgarfirði og brýrnar á Elliðaánum. Þar mundi jeg hiklaust segja óráð að leggja toll á.

Að stöðugt eptirlit verði dýrara við það að landsh. skipar umsjónarmann, en það mundi verða, ef hann væri ráðinn af sýslunefnd, það get jeg ekki skilið. (*Landshöfðingi*: Það hefir enginn sagt). Ja, þá hefi jeg misskilið orð hæstv. landsh. Jeg get heldur eigi verið hæstv. landsh. samdóma, um að engin trygging móti tollsvikum sje í því, að selja seðla þeim sem yfir brúna fara. Eins og jeg tók fram áður, ættu brúarverðir, þegar þeir selja miðana, að vera skyldir að afhenda hverjum manni »kontrollmiðann«. Þá yrðu þeir að hafa fleiri með sjer í vitorði, ef þeir ættu að geta svikið.

Það hefir verið sagt, að fyrir 500 kr. mundi enginn fást til að gæta brúarinnar. En jeg held þvert á móti að það væri auðvelt, að fá dyggan, trúan og duglegan mann fyrir það. Eins og tekið var fram um hafnsögumanninn í Reykjavík, að hann gæti haft aðra afvinnu utan hjá, eins gæti þessi. Og þá eru 500—600 kr. svo góð þóknun, að margur mundu gangast fyrir þeirri aukagetu, þegar hann hefir tíma til að stunda aðra atvinnu við hliðinna á hinni. (*Bj. Bjarnarson:* T. d. vínsölu). Jeg geri ekki ráð fyrir að hún þurfi að vera lögum gagnstæð, eða maður fremji lagabrot, eins og h. þm. Borgf. (B. B.) gaf í skyn. H. 2. þm. Árn. (B. M.) fór um öll Norðurlönd og allt England að leita

að tolluðum brúm, en fann ekki nema eina einustu á allri þeirri leið. En hún var í Lundúnum. Það er nú ekki mín ætlun, að elta hann allan þenna óraveg, til þess að gá að, hvort hann hefir sjeð rjett, eða eigi. En hins skal jeg láta getið, að mjer stendur á sama, hvort þar eru þúsund brýr tollaðar eða engi. Það er endileysa að vera að semja sig að siðum þeirra þjóða, sem okkur er varnað að jafnast við, varnað af hendi náttúrunnar. Í þessu máli hafa margir komið með vitnisburði »á aðra hönd« sem maður kallar. H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.), kom með þesskonar vitnisburð um tekjur Óseyrarferjunnar o. fl. (*Þorlákur Guðmundsson*: Það var 2.þm. Árn., ekki fyrsti). Ja, 1. h. þm. Árn. kom þó með þesskonar vitnisburð um, hvað hrossakaupmenn mundu gera, ef tollur væri lagður á. Þessir vitnisburðir þykja aldrei mikils virði, og ekki þykir kviðdómur dæmandi eptir þeim. Jeg vona að h. deild kunni að meta þá eins og þeir eiga skilið, og skal því ekki fara fleirum orðum um þá. Þó er eitt atriði enn, sem jeg þarf að minnast á. Vitnisburður bóndans á Óseyrarnesi um tekjur ferjunnar er engin ágætis-sönnun, því að það er enginn búmaður, sem ekki kann að berja sjer, enda mun engin frýja þeim bónda kunnáttu í búmennsku. En ef byggt er á því, að skýrsla hans sje rjett, og tekjurnar hafa verið 600 kr. (*Bogi Melsteð*: Brúttó), en nú 200 kr., þá sjest, að jeg hefi eigi gert of mikið úr því, hvað leggjast mundi til brúarinnar af þeirri ferju, þegar jeg gat til, að það mundi verða helmingur. Því að þetta sýnir, að það eru $^2/_3$, sem undir hana eru fallnir.

Jeg skal taka fram, að allflestir munu álíta, að skipa þurfi nú þegar fastan eptirlitsmann við brúna, hvort sem tollur verður lagður á eða ekki. Ef það er rjett, sem jeg hygg vera muni, þá get jeg ekki sjeð, að kostnaðarauki þurfi að standa af því, að umsjónarmaður, sem verður að vera við brúna hvort sem er, selji farmiða. Vinna hans eykst harla lítið við það. Það skyldi þá vera að þessi tálmun, sem talað hefir verið um, væri til fyrirstöðu. En jeg held það gæti gengið hennar vegna, því að hún er ekki mikil. (*Sighvatur Árnason:* Jú). Það er satt, það má koma því við hennar vegna, óhætt er að játa því. H. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) sagði, að við mundum vilja hefnast á þessum brúm með því, að leggja toll á þær. En jeg skil ekki, hvernig það er hugsað.

Ef þessi brúartollur kæmist á, mætti búast við töluverðum arði af honum til viðhalds og endurreisnar brúnni. Það mundi greiða götu fyrir nýjum og stærri mannvirkjum í þá átt.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) tók fram, að engin hefði gert tilraun til að losast við gjaldið, sem lagt var á Árness- og Rangárvallarsýslur 1890. Jeg veit að óskum í þá átt hefir verið hreift, þótt ekki hafi þær komið opinberlega fram.

Jeg sje nú ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta mál að sinni.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætlaði ekki að tala í þessu máli að þessu sinni. En mjer heyrðist hæstv. landsh. segja, að jeg hefði sagt, að rjettast væri að tolla allar brýr. Það held jeg, að jeg hafi aldrei sagt; jeg held mig minni það rjett, að jeg tæki það fram um þær brýr er vörður er við, og í beinu sambandi við brúargæzluna, og hæstv. landsh. hefur haft sömu skoðun, þar sem hann hefur sett gæzlumann við Ölvesárbrúna. Að vísu hefur mjer verið sagt, að þessi gæzla væri að eins $^1/_4$ sólarhringsins, og finnst mjer það engan veginn nóg, því mikið má skemma á hinum $^3/_4$ hlutunum. Jeg fyrir mitt

leyti vildi kosta svo miklu til gæzlunnar, að hún gæti orðið sem bezt og fullkomnust, og því verður eigi náð öðru vísi en að hún sje stöðug. Jeg held að brúnni væri það samt stór bót, þótt sjaldan væri opin á nóttu, eða aldrei. En mjer hefur aldrei komið til hugar að leggja toll á brýrnar yfir Hvítá eða Elliðaárnar.

H. 2. þm. Árn. (B. M.) bar mjer á brýn, að jeg hefði sagt, að brýr væru almennt tollaðar á Englandi, en jeg efast um, að hann muni það rjett. (*Bogi Melsted*: Jeg hef skrifað það). Ef hann hefur skrifað það, þá dugar víst ekki að þræta; þó gæti hugsazt, að h. þm. Árn. (B. M.) hafi misheyrzt. Jeg sagði að það væru til brýr á Englandi, sem tollaðar væru, og h. þingm. var líka svo góður að minna á eina í London. Þegar brúargjörð er að byrja, þó er títt í öðrum löndum að leggja toll á. Eins gætum vjer gjört, og þegar vjer svo erum orðnir eins ríkir og Londonarbúar, þá má vel taka hann af. Mjer þykir það merkilegt, að menn skuli vera að tala um, hvort tolla skuli eður eigi. Ef eigi, þá ættu auðvitað sýslufjelögin og jafnaðarsjóður að vera laus við að borga þessa árlegu upphæð. Því jeg get eigi með neinu móti skilið, að það sje annað en tollur. En hvort sje eðlilegra, að jafnaðarsjóður og sýslufjelögin borgi tollinn, eða tollur sje beinlínis lagður á brúna, það skal jeg eigi fara út í, en læt hvern einn dæma um það sjálfan, en ætla þó að dómur sá geti ekki fallið nema á einn veg, að það sje rjett, að láta þá, sem fara yfir brúna, greiða lítið gjald, en hina vera lausa við það, sem aldrei sjá hana.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að gjöra stutta athugasemd út af orðum h. þm. V.-Skaptaf. (G. G.). Hann byrjaði ræðu sína á því, að hjer væri um grundvallarreglu að ræða, þá grundvallarreglu, hvort þeir ættu að borga brýr hjer á landi, sem hvorki heyrðu þær nje sæju, eða hinir, sem notuðu þær, og niðurstaðan varð sú hjá h. þm. V.-Skaptf. (G. G.), að þeir skyldu borga sem notin hefðu. Ef þessari grundvallarreglu væri fylgt, þá er og hætt við, að lítið yrði um samgöngubætur hjá oss. Ef þeir einir ættu að borga vegi, sem um þá færu, og þeir einir standast kostnað af gufubátaferðum, sem hefðu beinlínis gagn af þeim, þá er jeg hræddur um, að tollarnir yrðu æði margir, væri reglu h. þingm. V.-Skaptf. (G. G.) fylgt. Ef þetta er annars ekki hreppapólitik, þá veit jeg ekki hvað hreppapólitik er.

H. þm. V.-Skaptaf. (G. G.) misskildi orð mín um eptirlitið á brúnum. Jeg sagði, að eptirlitið yrði að því leyti hið sama, hvort sem landssjóður kostaði það eða sýslurnar, og að landsstjórninni sjálfri væri ekki hægt að framkvæma eptirlitið, heldur yrði hún að trúa sýslumönnunum fyrir umsjón með brúargæzlunni, hvort sem kostnaðurinn af henni væri greiddur úr landssjóði eða úr sýslusjóðum. Annars fannst mjer h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) ekki hafa fullkomlega rjett eptir mönnum ræður þeirra, en að hann eignaði sumum það, sem þeir höfðu ekki sagt, og hefði ekki nema hálfa söguna upp, þegar hann talaði um ræður annara.

Jeg álít ekki til neins að tala meir um þetta mál nú, að það sje t. d. ekki til neins að tala um, hvort 500 krónur muni vera næg laun handa brúarverðinum eða ekki; en jeg get þó ekki stillt mig um að nefna, að líkt tilfelli þessu hefur komið fyrir. Þegar vitavörður var skipaður á Reykjanesi, þá voru honum upphaflega veittar 1000

kr. í laun og ókeypis bústaður. Þessi maður hefur frí þrjá mánuði af sumrinu, og þó liðu ekki nema 1—2 þing, þangað til ástæða þótti til að hækka laun hans upp í 1200 kr. Nú ætla jeg að það muni ekki vera erfiðara að vera vitavörður en brúarvörður, og sje það rjett álitið, þá má gjöra sjer í hugarlund, hve langt 500 kr. laun sjeu frá því að vera nægileg handa brúarverði.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) sagði, að það gjörði ekki svo mikið til, þótt 500 kr. reyndust ónóg laun; það mætti allt af hækka þau. En hvernig á að fara að, ef enginn fæst brúarvörðurinn fyrir þessi laun, á að bíða eptir því, að þingið gefi út lög um hærri laun, og láta því brýrnar vera gæzlulausar?

ATKV.GR.: Þegar hjer var komið höfðu 6 nafngreindir þingm. beiðzt þess skriflega, að umræðunum væri hætt, og var það samþ.

Því næst var málinu vísað til 2. umr. með 21 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um vegi (C. 186, 305); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og sýnir sig, er allmikill áhugi vaknaður á því, að bæta vegi um landið. Framlög úr landssjóði til vegagjörða hafa að undanförnu farið sívaxandi, og á næsta fjárhagstímabili er ætlazt til, að meiru fje verði varið til þeirra en nokkru sinni hefur áður verið, og öll líkindi virðast til að þingið í heild sinni muni hallast að þessu. En úr því mönnum kemur saman um, að verja svo miklu fje til vegabóta, þá er því fremur áríðandi, að fjenu sje vel varið, og það í tvennum skilningi. Í fyrsta lagi, að vegirnir sjeu vel gjörðir, og hefur nú löggjafarvaldið í sameiningu við landsstjórnina leitazt við að fá sjer tryggingu fyrir, að svo yrði, með því að útvega vegfróðan mann til að vera í ráðum um vegagjörðina og hafa eptirlit með þeim. Í öðru lagi ríður á, að vegafjenu sje fyrst og fremst varið þar til vegagjörða, sem umferð er mest, og þá sjerstaklega þar, sem flutningar eru mestir.

Eins og kunnugt er hefir landssjóður hingað til kostað tvo flokka af vegum, aðalpóstleiðir og fjallvegi; en hjer er bætt nýjum flokki vega við, það er að segja flutningabrautum til kaupstaða, þótt eigi sjeu þær jafnframt aðalpóstvegir. Um leið og þannig er lagt á landssjóð, að kosta nýjan flokk af vegum og honum aukin útgjöld með því, þá er um leið gjört ráð fyrir, að ekki skuli kosta eins miklu til aðalpóstleiða eins og gildandi vegalög mæla fyrir, því að allmiklum köflum af aðalpóstleiðum er svo í sveit komið, að ekki er um að tala, að þeir geti verið flutningabrautir, og í frumv. er gjört ráð fyrir, að á þeim köflum skuli ekki vera gjörðir akvegir, heldur að eins vegirnir bættir svo, að þeir verði greiðir yfirferðar, en við það sparast ekki lítið fje.

Hingað til hefir það að vísu sýnt sig, að framkvæmdarvaldið hefur þannig hagað vegagjörðum, að akvegir hafa einkum verið lagðir þar, sem samfara hafa verið aðalpóstleiðir og flutningabrautir, en eigi að síður er betra, að lögákvæði sjeu um það. Jeg skal nú benda á, að nefndarálit fjárlaganefndarinnar ber það með sjer, að h. fjárlaganefnd hefur verið sömu skoðunar og nefndin í þessu máli; hún vill takmarka kostnaðinn við þá vegi, sem ekki eru flutningavegir. Þar sem er að ræða um að gjöra veg beggja megin Hvítár í Borgarfirði, segir hún svo í nefndaráliti sínu, að hún vilji láta þess getið, að hún álíti, að sá vegur verði

aldrei eiginlega flutningavegur, og því virðist rjettast, að eigi sje kostað fje til að gjöra þar reglulegan akveg, heldur að eins góðan reiðveg.

Nefndinni í vegamálinu þykja mikilsverð þessi ummæli h. fjárlaganefndar, en henni þykir ekki vel við eiga, að slíkar athugasemdir þurfi að koma í fjárlögunum frá hverju þingi, og að heppilegra sje, að vegalögin sjeu þannig úr garði gjörð, að slíkra leiðbeininga þurfi þar ekki með.

Það getur hugsazt, að sumum sem síður eru hlynntir því, að flutningavegir sjeu bættir, þyki það fremur hjeraðamál en landsmál. Nefndin tók þetta atriði sjerstaklega til íhugunar, og komst að þeirri niðurstöðu, að í næstu framtíð mundi það óframkvæmanlegt fyrir hjeruðin, að koma upp akvegum af eigin rammleik. Eins og menn vita, er það fje, sem sýslunefndir hafa yfir að ráða til vegagjörða, lögákveðið, og það fje er ekki meira en svo, að það hrökkvi til að halda sýsluvegunum við slarkfærum; það er ekki hægt að gjöra stórar vegabætur fyrir það; og af annari hálfu áleit nefndin ekki ráðlegt, að leggja það til, að sýsluvegagjaldið væri hækkað að mun; henni þótti ísjárvert, að fara geyst í þær sakir; henni sýndist því ekki annað ráð vænna en bæta þessum nýja vegaflokki á landssjóð, og henni þótti það ekki svo varúðarvert, þar sem jafnframt er sjeð fyrir útgjaldaljetti á honum til sumra annara af vegum þeim, er hann hefur kostað.

Frumv. þetta er að vísu ekki ókunnugt, þar sem samskonar frumv. var lagt fyrir h. deild á síðasta þingi; og fjekk það þá hinar beztu undirtektir, og eins vona jeg að nú verði, og að málið fái greiðan framgang.

Landshöfðingi: Jeg hefi tekið það fram áður, að jeg er samþykkur aðalstefnu frumvarpsins og álít, að rjett sje, að hugsa ekki um akvegi á aðalpóstvegum, heldur þar sem umferðin er mest. Þó vil jeg skjóta þeirri athugasemd til nefndarinnar, að sumt í frumv. er ekki þarft, því það er tekið úr eldri vegalögum og þegar framkvæmt; þar á meðal er það, að landshöfðingi ákveði hvar aðalpóstvegir skuli liggja, því það er gjört, eins og lesa má í Stjórnartíðindunum. Ákvæðin um umsjón veganna eru ekki hentug, þar sem ákveðið er, að aðalpóstvegir skuli vera undir umsjón amtsráða. Því amtsráðin, sem að eins koma saman einu sinni á ári, geta ekki haft nægilegt eptirlit með þeim. Jeg álít hentugra, að sýslumenn og hreppstjórar hafi það eptirlit.

Ákvæðin um úttekt á vegum bakar óþarfa kostnað og er hún óþörf, þegar vegur er gjörður undir umsjón vegfræðings, enda er sú úttekt ónýt, þegar hún er framkvæmd af mönnum sem ekki kunna vegagjörð. Í frumv. er sagt, að kostnað við vegagjörðir megi ekki borga út fyr en verkið sje fullgjört og vegurinn tekinn út, en þetta getur alls ekki átt við um vegagjörðir, sem framkvæmdar eru að tilhlutun landsstjórnarinnar undir forstöðu vegfróðra manna, því þá er ekki unnt að skylda verkamenn til að bíða eptir borguninni, heldur er venja, að verkamönnum sje borgað jafnóðum, enda hefir vegfræðingurinn ábyrgð á því, að verkið sje vel af hendi leyst. Jeg get því ekki sjeð neitt því til fyrirstöðu, að þetta ákvæði sje fellt úr frumv.

Nefndin vill fella eina grein úr frv. um brýr á vegum, en jeg veit ekki hverja ástæðu nefndin hefir fyrir því; jeg vona þó að nefndin vilji, að brúaðar sjeu ár á fjölförnum vegum, eins og núgildandi vegalög mæla fyrir. Stefna frumvarpsins er góð, og það

hefir að minni hyggju í sjer fólgna allmikla rjettarbót.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg er þakklátur h. landshöfðingja fyrir bendingar þær, er hann hefir gefið í þessu máli. Að því er snertir það ákvæði, hvar aðalpóstvegir skuli lagðir, þá ímyndaði nefndin sjer, að breyta þyrfti legu aðalpóstvega á ýmsum stöðum, þegar vegfræðingur hefði skoðað þá. Jeg er samþykkur hæstv. landshöfðingja, að ákvæðin um úttekt veganna sje ekki heppileg, og sömuleiðis um eptirlitið með aðalpóstvegunum, enda veit nefndin það fullvel, að því ákvæði hefir ekki verið fylgt stranglega, þótt það standi í eldri lögum, og mætti það því missa sig úr frumvarpinu, enda mun landsstjórnin hlutast til um það, þegar henni þykir ástæða til að úttekt fari fram. Þar sem h. landshöfðingi minntist á, að nefndin hefði fellt greinina um brýr á ám úr frumv. þá fer fjarri því, að nefndin vilji draga úr því, að brýr sjeu gjörðar, því brúagjörðir eru einn liðurinn úr vegabótunum; en nefndin áleit það ákvæði óþarft, því fyr í frumv. er talað um brúargjörðir, enda leiðir það af sjálfu sjer, að smábrýr sjeu gjörðar um leið og aðrar vegabætur; aptur á móti þarf sjerstakar ráðstafanir til þess að byggja brýr á stór-ár landsins, og má búast við, að til þess þurfi sjerstök lög í hvert skipti.

Að endingu skal jeg geta þess, að nefndin mun gjöra breytingartill. við frumvarpið til 2. umræðu, samkvæmt bendingum þeim, er fram hafa komið.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 22 samhlj. atkv.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 73, 300); frh. 1. umr.

Málinu orðalaust vísað til 2. umræðu einu hljóði.

Frumv. til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hlutöku safnaða í veitingu brauða (C. 303, 385); ein umr.

Einar Jónsson: Jeg vil fara nokkrum orðum um breyt.till. á þingskj. 288. Efri deild hefir gert mjög miklar breytingar á frumv., en jeg vil ekki samþykkja frumv. með þeim breytingum nema breyt.till. þessi komist að. Efri deild gengur að vísu miklu lengra en hið upphaflega frumv., en breyt.till. fer fram á að draga aptur nokkuð úr ákvörðunum hennar. Efri deild ákveður, að umsækjandi verði að fá $^2/_3$ atkvæða til þess að vera rjett kosinn, og hef jeg eigi sjeð ástæðu til að breyta því, þó að það takmarki kosninguna, því að, þegar þess er gætt, að í breyt.till. er tarið fram á, að »biskup skuli senda meðmæli sín með þeim umsækjanda, sem hann telur hæfastan og verðugastan til að fá embættið«, þá eiga söfnuðirnir kost á að sjá, hverjum biskup vill veita brauðið, og vilji söfnuðurinn annað, þá sýnir hann ekki mikinn áhuga, geti hann ekki safnað $^2/_3$ atkvæða — og geti hann það ekki, sýnist mjer hættulaust, þótt biskup ráði, hver embættið fær. — Jeg er viss um, að málið gengur fram í efri deild með þessari breytingu, en ekki ef 2. grein fellur burt; og álít jeg þá þó breytt til bóta, því að höfuðatriði frumv. er þá fengið, nefnilega það, að söfnuðir fái að kjósa um alla umsækjendur. Jeg legg því til, að deildin samþykki frv. með breytingu þeirri, er stendur á þingskj. 288.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr. á þingskj. 288 samþ. með 14 samhlj. atkv. Frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 16 samhlj. atkv. og endursent til efri deildar.

Frumv. til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði (C. 236, 395); 2. umr.

Flutningsmaður (Einar Jónsson): Jeg fann ástæðu til að gera breyt.till. þá við frumv., er stendur á þingskj. 290, út af bendingum h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), en fór þó ekki eins langt og hann fór fram á; hann vildi eigi, að lóðargjald yrði lagt á grunna í Firði og Fjarðarseli, en til þess er eigi ætlazt með frumv. Jeg hefi eptir tillögu hans gert þá breytingu, að í stað þess að lagt sje 10—20 aura lóðargjald á hvern ferhyrningsfaðm í grunnum undir íbúðarhúsum, þá komi nú 1—2 aurar á hverja ferhyrningsalin í grunnum undir íbúðarhúsum og geymsluhúsum, og $^1/_{10}$ —$^1/_5$ eyris á hverja ferhyrningsalin í óbyggðri, útmældri lóð kaupstaðarins, svo gjaldið verður hjer um bil hið sama og upphaflega í frumvarpinu. — Jeg vil ekki einskorða neitt fast gjald, heldur láta bæjarstjórnina ráða því að miklu leyti, enda óska Seyðfirðingar þess, að gjaldið af grunnum sje af sumum meira, en sumum minna. Engar skýrslur eru að vísu fyrir hendi um, hvað hæfilegt gjald væri, en jeg vil ekki binda hendur þeirra með frumv., að því er gjaldið snertir; jeg hefi farið eptir samskonar lögum fyrir Ísafjarðar- og Akureyrarkaupstað, en í reglugjörð Ísafjarðar er einmitt haft hæsta og lægsta mark fyrir gjaldinu. Breyt.till. mín gerir frumv. aðgengilegra fyrir h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), og vona jeg, að hún verði samþykkt, og að frumv. í heild sinni fái eins góðan byr nú hjá h. deild eins og það fjekk við 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg geri ráð fyrir, að h. flutningsm. (E. J.) sje það ljóst, að fái frumv. þetta framgang, þá leggur það ný störf á sýslumanninn í Norður-Múlasýslu, án launa, en hann er ekki skyldur að taka við þessum störfum launalaust, og þarf því nauðsynlega, ef frumv. þetta verður að lögum, og kemst til framkvæmdar, að koma með nýtt frv. um sjerstök laun handa bæjarfógetanum á Seyðisfirði. Það er engin ástæða til, að hann sæti öðrum kjörum en bæjarfógetarnir á Akureyri og Ísafirði.

Flutningsmaður (Einar Jónsson): Hvað laun handa hinum tilvonandi bæjarfógeta snertir, þá var okkur flutningsm. það ljóst, að sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu þyrfti aukin laun, er hann tækist bæjarfógetastörfin á hendur, en við höfðum í huga, að koma ekki með sjerstakt lagafrumv. um það efni fyr en við sæjum, hvernig þessu máli reiðir af. Bæjarfógetinn á Akureyri hefir 500 kr. laun, og mundi sanngjarnt, að bæjarfógeti á Seyðisfirði hefði svipuð laun.

Jeg þykist viss um, að h. deild hefir það í huga við meðferð þessa máls, að það hlýtur að valda nokkrum útgjöldum úr landssjóði, og greiðir atkvæði sitt samkvæmt því.

Björn Bjarnarson: Mjer virðist ýmislegt athugavert við þetta frumv. Af skjölum málsins má sjá, að Seyðfirðingar hafa að miklu leyti verið ásáttir um það, að skipta hreppnum í tvö sveitarfjelög; einkum hafa íbúar ytri hlutans eða þess hlutans, sem framvegis er ætlazt til að nefnist Seyðisfjarðarhreppur, verið einhuga á því, að vilja losast við hinn hlutann, sem nú á að fá bæjarrjettindi með frumv. þessu. En í þeim hlutanum hafa skoðanir verið skiptar um þetta; þar er skiptingin að eins samþ. af talsverðum meiri hluta. En aptur á móti virðist svo, sem hinir tilvonandi borgarar sjeu flestir með því, að biðja um bæjarrjettindi handa innri hluta hreppsins.

Eptir þessum undirbúningi málsins virðist reyndar svo, sem allt sje í góðu lagi, en jeg hygg þó, að menn muni reka sig á talsverða annmarka við þetta fyrirkomulag. Eptir hnattstöðu hreppsins að dæma verður ytri hlutinn,

eða Seyðisfjarðarhreppur, í tvennu lagi, sinn hlutinn hvoru megin fjarðarins yzt, og það að eins fáir bæir í hvorum hluta. Hinn tilvonandi Seyðisfjarðarbær verður afarlöng og mjó ræma með sjó fram fyrir botni fjarðarins og langt út með honum beggja vegna. Þetta verður mjög einkennilegur bær, og sjálfsagt hinn langviðáttumesti bær landsins að flatarmáli móts við mannfjöldann. En þetta má nú telja smáatriði, ef bæjarbúar vilja leggja á sig gjöld þau og kvaðir allar, sem af því leiðir, ef verzlunarstaðurinn fær kaupstaðarrjettindi, og sem þörf er á til þess að halda uppi heiðri hans sem bæjar.

En það sem veldur því, að jeg ekki aðhyllist frumv. þetta, er, að mjer virðist margt benda til, að Seyðisfjörður eigi ekki að verða og muni ekki verða aðal-kaupstaður eða höfuðbær austurlands, og skal jeg leyfa mjer að láta uppi, hvað jeg hefi fyrir mjer í þessu.

Seyðisfjörður er afskekktur mjög frá öðrum sveitum, umkringdur háum fjöllum, og er lítill landbúnaður í sveitinni sjálfri. Byggðin hefir aukizt þar mest af sjávarútvegi, og að nokkru leyti af verzlun. Þess er getið í skjölum málsins, að hann sje nú að ná sjer aptur eptir hnekki, er hann hafi beðið af fiskileysi fyrir nokkrum árum. Þetta virðist mjer bending um, að hagur sveitarinnar standi og falli með fiskiaflanum, en hann er, eins og allir vita, stopull. Að því er verzlun og samgöngur snertir, er þess að gæta, að aðal-vörumagn Austfjarða kemur úr Hjeraðinu, en vegurinn milli Hjeraðsins og Seyðisfjarðar er ekki árennilegur samgönguvegur til sjávar, eptir því sem kunnugir menn segja frá og eptir skýrslu Hovdenaks vegfræðings. — Þar er yfir há fjöll að fara, sem ætíð eru þakin snjó nema lítinn hluta sumarsins, svo akvegur kemur ekki að tilætluðum notum, auk þess sem bratti mikill og ýmsir fleiri annmarkar eru á samgöngum þar í framtíðinni, þó þær hafi vanizt þangað nú um tíma, vegna þess, að verzlunin dregur Hjeraðsbúa þangað, meðan þeir verða, eins og nú, að ferðast með klakkburð. — Landslag og annað bendir á, að samgöngur úr Hjeraði til sjávar sjeu greiðastar til Reiðarfjarðar, ekki til Eskifjarðar, því þar eru sömu annmarkar eins og til Seyðistjarðar. Eptir því sem jeg hefi kynnt mjer landslag og aðrar ástæður þar, er Fagridalur bezta leiðin úr Hjeraði til sjávar, og kaupstaður við Reiðarfjörð innanverðan ætti góða framtíðarvon, ef akvegur yrði lagður yfir Fagradal; þá mundi brátt rísa þar upp aðalkaupstaður á Austfjörðum. Mjer dettur í hug, þó það kunni máske að þykja of háfleyg hugsjón til að láta hana birtast hjer í þessum sal, að hvergi mundi járnbraut borga sig betur hjer á landi, heldur en á milli Hjeraðsins og Reiðarfjarðar, og kynni þá höfuðbær Austurlands að vera bezt settur við Lagarfljót. En hvað sem þessu líður, sje jeg ekki ástæðu til að samþykkja þetta frumv. að þessu sinni. Seyðisfirði hnignar sem verzlunarstað jafnsnart sem samgönguleið kemst á milli Hjeraðs og sjávar, og þá verða þar sjómannabúðir einar, og bregðist svo sjórinn um tíma, geta þær eyðzt að mönnum. — Jeg get ekki sjeð neitt móti því, að hreppnum sje skipt að ósk Seyðfirðinga, og til þess þarf ekki lagaboð, en þá álít jeg að hreppsmenn nái tilgangi sínum.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Jeg skal ekki tala langt erindi að þessu sinni. Jeg vona að mótmæli h. þm. Borgf. (B. B.) hafi ekki snúið huga h. deildar frá frumvarpinu. — Hann var að bera saman Reiðarfjörð og Seyðisfjörð. Jeg veit það fullvel, að ekki verður akvegur lagður til Seyðisfjarðar,

en vegna þess, að akvegurinn þangað er helmingi til tveim þriðju styttri heldur en til Reiðarfjarðar. Frá miklum hluta hjeraðsins fara menn heldur til Seyðisfjarðar, þangað til járnbrautin er komin á, sem þm. talaði um, en það mun nú eiga svo langt í land, að það mun ekki geta orðið þessu frumvarpi að fótakefli. — Þó vagnvegur komi milli Hjeraðsins og Reiðarfjarðar, munu menn heldur kjósa að fara til Seyðisfjarðar úr öllum ytri hluta Hjeraðsins, því að það er svo miklu skemmra. En þó svo færi, að kaupstaður kæmi einnig með tímanum við Reiðarfjörð, þá mun þess svo langt að bíða, að ástandið á Austfjörðum mundi þá orðið svo breytt, að Austfirðingum mundi ekki vera ofurefli að eiga tvo kaupstaði. — Jeg vil láta Seyðisfjörð sitja fyrir, því hann er fjölmennasti bær á Austurlandi sem stendur, og líkur til að hann þrífist lengi og vel, því bæði er þar verzlun mikil og sjávarútvegur góður, svo hvergi fæst líklega fiskur eystra, fáist hann ekki þar. Undanfarin ár hafa þar verið margar verzlanir, smáar og stórar, jafnvel orðið 12—15.

H. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) getur betur en jeg skýrt frá því, hvort Upphjeraðsmenn mundu ekki heldur sækja til Seyðisfjarðar lengi enn, því það get jeg sagt, að Úthjeraðsmenn gera það vafalaust sakir vegalengdarinnar. Mótbárur h. þm. Borgf. (B. B.) vona jeg því að verði ekki til að fella frv.

Björn Bjarnarson: Auk þeirra ástæðna, er jeg taldi áðan gegn frumv., átti jeg þó ógetið einnar, sem ein út af fyrir sig nægir til þess, að jeg get ekki gefið frumv. atkv. mitt, en það er aukinn kostnaður fyrir landssjóð, sem leiðir af því, ef Seyðisfjörður fær kaupstaðarrjettindi, en þau álít jeg ekki þess virði, að til þess sje kostandi 500 kr. árlega handa bæjarfógetanum þar. Jeg sje ekki, að Hjeraðsmenn geti ekki verzlað á Seyðisfirði og verzlunin blómgazt þar, meðan þeir hafa ekki betri verzlunarvegi en nú, þó bæjarrjettindi vanti, og er það því engin ástæða til þess, að þau sjeu veitt.

Það er stefna þessara tíma, að draga verzlunina sem mest í hendur bænda sjálfra, svo ekki þurfi að hafa kaupmenn fyrir milliliði. — Hjeraðsbúum á Austurlandi mætti þykja vænt um, að greitt væri fyrir því; en hugmynd mín er einmitt að greiða veg fyrir þessari verzlunarstefnu; vil jeg því ekki gera neitt til að tefja fyrir því, sem greitt geti henni sem hraðastan framgang.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 2. gr. samþ. með 16 atkv.; 3.—5. gr. samþ. með 17 atkv. hver; 6.—18. gr. bornar upp í einu lagi og samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. við 19. gr. (þgskj. 290) samþ. með 18 samhlj. atkv.; 19. gr. með áorðinni breyt. samþ. með 16 atkv.; 20.—32. gr. samþ. í einu lagi með 17 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um að landstjórnin láti verkfróðan mann rannsaka brúarstæði á ám hjer á landi (C. 229); fyrri umr.

Landshöfðingi: Jeg tók það fram í efri deild þegar tillaga þessi var þar til umræðu, að landstjórnin mundi eigi vera á móti því að framkvæma það, sem hún fer fram á, en jeg tók það þá einnig fram, að þetta mundi ekki kosta all-litla peninga. Það er sem sje farið fram á eigi að eins að verkfræðingur skuli ferðast um og skoða brúarstæði á öllum stærri ám, heldur og að sveitarstjórnir geti leitað ráða og leiðbeininga til þess að brúa smærri vatnsföll. Verkfræðingurinn verður þá að ferðast

um allt land og skoða nákvæmlega hverja á, stóra og smáa, til þess að geta framkvæmt það, sem fram á er farið. Þessi starfi verður ekki falinn á hendur þeim verkfræðing, sem gjört er ráð fyrir í fjárlögunum að standi fyrir vegagjörðum fyrir landssjóð, því hann hefir engan tíma til að framkvæma það. Til þess því að koma þessu til leiðar, sem hjer er farið fram á, verður þá að ráða einn eða fleiri verkfræðinga auk þess, sem ráðgjörður er í fjárlögunum, og að veita nægilegt fje úr landssjóði til að launa þeim.

ATKV.GR.: Málinu vísað til síðari umr. með 18 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um að neðri deild alþingis setji nefnd til að íhuga sundurskipting jarða hjer á landi, svo og um leigumála jarða þeirra, er liggja undir hina opinberu kirkjustaði (C. 261); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.: Eptir uppástungu forseta samþ., að hafa eina umr. um málið.

Forseti gat þess, að hann hefði bætt við 2 innanþingsskrifurum í neðri deild, kennara Bjarna Jónssyni og Hjálmari Sigurðssyni realstúdent og ritstjóra.

Tuttugasti og áttundi fundur, miðvikudag 2. ágúst kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frv. til laga um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum (C. 366); ein umr.

Flutningsmaður (Sigfús Árnason): Jeg finn ekki ástæðu til, að fara mörgum orðum um frumv. þetta, því jeg hefi áður skýrt það hjer í deildinni.. Breytingar þær, sem h. efri deild hefir gjört á frumv., sem eru á þingskjali 244, eru að eins orðabreytingar, en alls ekki neinar efnisbreytingar. Og með því jeg yfir höfuð aðhyllist þessar breytingartillögur, þá skal jeg ekki fjölyrða um þær, en óska, að h. deild samþykki frumv. með áorðnum breytingum, eins og það nú liggur fyrir.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um gjaldþrotaskipti (C. 316); 1. umr.

Halldór Kr. Friðriksson: Þegar jafnmörg mál berast að deildinni í einu, eins og nú berast henni, er eigi auðið fyrir þingmennina að rannsaka þau eða hugleiða til nokkurrar hlítar, áður en þau koma til umræðu. Jeg legg því til, að kosin sje 5 manna nefnd í þetta mál.

ATKV.GR.: Nefndarkosningin samþykkt með 21 samhlj. atkv. og hlutu þessir kosningu:

Klemens Jónsson	með	16 atkv.
Guðl. Guðmundsson	—	16 —
H. Kr. Friðriksson	—	15 —
Ólafur Briem	—	14 —
Benidikt Kristjánsson	—	13 —

Fyrstu umr. síðan frestað.

Frv. til laga um eptirlaun (C. 303); 1. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Frumv. það, sem nú er til umr., er ekki eins langt og annað frumv. líks efnis, sem legið hefir fyrir þinginu áður. Þetta frumv. hefir verið rætt og athugað í nefnd í h. efri deild. En þó frumv. þetta sje ekki langt, er það samt þýðingarmikið fyrir alþýðu manna, og hún hefir mikinn áhuga á því, ef dæma skal eptir því, sem fram hefir komið á þingmálafundum. Jeg vil samt, þótt h. nefnd í h. efri deild hafi ýtarlega íhugað frumv. þetta, stinga upp á, að kosin sje 5 manna nefnd í þetta mál.

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. með 13 samhlj. atkv. og hlutu þessir kosningu:

Jón Jónsson, 2. þm. N.-M. með 10 atkv.
Þorlákur Guðmuudssou — 9 —
Ólafur Briem — 8 —
Sighvatur Árnason — 8 —

Fleiri höfðu ekki hlotið nægan atkvæðafjölda og varð því að kjósa 5. manninn í nefndina á ný, og hlaut þá Björn Sigfússon kosningu með 8 atkv.

Fyrstu umræðu frestað.

Frumv. til laga um greiðslu á daglaunum verkamanna (C. 235); 1. umr.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Þetta frumv., sem hjer liggur fyrir h. deild, er komið frá »verzlunarmálanefndinni«, og er vonandi, að þingdeildin taki því vel.

Eins og kunnugt er, er það venja í kaupstöðum og verzlunarstöðum hjer á landi, að kaupmenn borgi verkamönnum daglaun sín í vörum, en mjög sjaldan í peningum. Það kann að vera, að verkamenn fái með herkjum eina eða 2 krónur á sumri, þegar sjerstaklega stendur á; en vanalega er það viðkvæði kaupmannsins, að peningar sjeu ekki til, og afleiðingin af þessu verður sú, að verkamenn verða háðir kaupmönnum, og geta ekki snúið sjer til neinna annara, til þess að sæta hagkvæmari viðskiptum, svo sem til lausakaupmanna eða kaupfjelaga. Þeir verða að sætta sig við, að verzla við atvinnuveitanda sinn, og sæta þeim verzlunarkjörum, sem hann býður þeim.

En sjeu það sannmæli, sem öllum h. þingdm. mun kunnugt um, að verzlunarkjör þau, sem almenningur á við að búa, sje all-óhagstæð, þá á það ekki hvað sízt við, þegar fátæklingar eiga hlut að máli; það eru einmitt þeir, sem harðast verða úti; þeir fá vörurnar skrifaðar í reikning sinn með hæsta verði, en efnamennirnir geta heldur komizt að hagkvæmari kjörum; en þegar kaupmaðurinn vilnar efnamanninum í, þá nær hann sjer aptur niðri á fátæklingunum.

Afleiðingin af því, að verkamenn fá eigi laun sín borguð í peningum, er því sú, að þeir neyðast til að taka nauðsynjar sínar með uppskrúfuðu verði, og verkalaunin ganga að mestu til að lifa yfir sumartímann, og á haustin standa verkamenn svo allslausir hópum saman með fjölskyldu sína. Þeir eru þá búnir með sumarkaupið. Ekkert er sparað til vetrarins, svo að þá tekur við baslið og bágindin, og verkalýðurinn verður þá ef til vill að leita á náðir sveitarsjóðanna.

Þá er það og enn ein afleiðingin af þessu fyrirkomulagi, að verkamenn í kaupstöðum geta eigi átt skipti við landbændur öðru vísi en í gegnum verzlanirnar, ef þeir þá eru svo vel staddir, að geta fengið innskript til bænda, og landvaran verður þeim þannig mun dýrari en ella, því að kaupmaðurinn leggur optast eitthvað á hana, ef verkamenn kaupa landvöruna af þeim; og bændur láta hana vanalega einnig nokkru dýrari gegn innskript, en á móti peningum. Verkamenn lifa því margir hverjir að kalla má eingöngu á því, sem þeir taka út úr búð, og hafa þannig bæði dýrari og jafnframt óhollari fæðu en ella.

Þá er það og enn ein afleiðingin af því fyrirkomulagi, sem nú er, að verkmenn fá opt ekki að vita, hver verkalaun þeirra hafa verið yfir sumarið, fyr en komið er fram á vetur, og eru því í óvissu ekki að eins um það, hve mikið þeir fá á degi hverjum, heldur og um það, hvað vinnudagarnir hafa verið margir; jeg þekki mörg dæmi þess at Ísafirði, að þegar verkamaðurinn fær reikning sinn frá kaupmanninum

þá stendur dagatalan eigi heima við það, sem verkamaðurinn þykist hafa unnið, og út úr þessu spinnst svo ýmiskonar óánægja, en jafnaðarlegast fær verkamaðurinn þó enga leiðrjettingu síns máls, af því að hann er minni máttar, og verður að eiga gott við kaupmanninn, svo að honum sje eigi neitað um alla náð og alla vinnu framvegis.

Þetta frumv. gjörir nú þá breytingu frá núgildandi lögum, að daglaunavinna skuli goldin í peningum; og skal jeg ekki neita því, að frá sjónarmiði kaupmanna sje þetta máske nokkuð hörð ákvæði, því að vinnan verður þeim auðvitað töluvert dýrari heldur en ef þeir borguðu kaupið út í vörum, því að það er að gætandi, að þegar daglaunin eru 2—3 kr., borguð í vörum, þá kemst kaupmaðurinn þannig að 25—30% ódýrari vinnukaupum, heldur en ef hann borgaði í peningum; en jeg vona, að enginn láti þetta aptra sjer frá því, að veita máli þessu fylgi, er þeir hugsa til þess, hve mikið mál þetta skiptir verkalýðinn.

Ef verkamenn fengju kaup sitt í peningum, þá yrði afleiðingin sú, að þeir yrðu frjálsari efnalega og andlega, og ekki almennt eins háðir kaupmönnum, eins og nú gerist, því að þeir gætu þá verzlað hvar sem bezt kjör byðust; og þegar þeir hefðu peningana milli handa, myndi hjá mörgum þeirra vakna löngun til sparnaðar; þeir myndu þá reyna að spara fje til þeirra tíma, þegar þeir hafa ekki atvinnu, svo að þeir þyrftu eigi að vera upp á aðra komnir; og sjerstaklega myndi þetta gjöra verkmannalýðinn sjálfstæðari í andlegu tilliti, og er þess engin vanþörf, eins og nú hagar til víða hjer á landi; jeg get borið um það nokkuð af reynslunni, að ástand verkalýðsins í sumum kaupstöðum vorum er síður en ekki beisið; þeir þora t. d. ekki að greiða atkvæði á hreppsfundum eða bæjarkosningafundum öðruvísi en kaupmanninum þóknast; og kaupmenn út um landið vilja gjarnan ráða nokkru um það, hverjir sitja í sveitarnefnd, leggja á útsvarið, og áætla tekjuskattinn o. s. frv.

Tilgangur þessa litla frumv. er nú sá, að leysa verkamenn úr þessum læðingi. Menn kunna að vísu að hafa það á móti frumv. þessu, að það takmarki um of eðlilegt samningsfrelsi manna; en jeg bið menn að gæta þess, að slíkt er ekkert einsdæmi; löggjöfin verður opt og einatt að setja ýms ákvæði, til þess að tryggja rjettindi þeirra, sem sjerstaklega þurfa lagaverndunar við, til þess að vernda lítilmagnann, svo að aðrir misbrúki ekki ósjálfstæði hans og fáfræði; jeg skal taka til dæmis hin nýju lög um lögskráningar á þilskipum; þar eru settar sjerstakar reglur, til að tryggja rjettindi sjómanna.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta frumv., en jeg vil vona, að allir h. þingdm. sjái, að frumv. þetta hefir mikla þýðingu. Þeir, sem hafa alið allan aldur sinn í sveit, eru eðlilega ekki eins gagnkunnugir þörfinni á þessu nýmæli, eins og við hinir, sem í kaupstöðum búum; en hefðu þeir glögga þekkingu á hag þessara manna, þá er jeg viss um, að þeim væri það áhugamál, að frumv. í þessa stefnu yrði gjört að lögum.

Jón Þórarinsson: Það er stundum sagt, þegar frumv. koma hjer inn í deildina, að þau hafi verið samin í góðum tilgangi, og svo held jeg hafi verið hvað frumv. þetta snertir. Þeir sem samið hafa frumv. hafa sjeð og þekkt, að hjer er ólag á viðskiptum manna, sem ástæða er til að reyna að lagfæra: Þetta, að kaup er ekki gold-

ið í peningum, hvorki hjá kaupmönnum nje öðrum.

En þó jeg sje samdóma hvað þetta snertir, þá álít jeg að frumv. þetta eins og það hjer liggur fyrir, komi ekki að tilætluðum notum, enda er það óheppilegt að taka eina stjett — einn flokk út úr öðrum vinnuveitendum, eða jafnvel órjettlátt. Af þessu leiðir, að jafnvel þó jeg viti, sem sagt, að þetta er af góðum vilja framborið, þá get jeg ekki sjeð, að verzlunarmálanefndinni, þrátt fyrir góða samvinnu og eindreginn áhuga, hafi heppnazt að koma með frv. sem geri nokkuð verulega »reform« frá því sem er, og af því jeg get heldur ekki búizt við, að frumv. taki bótum, þá get jeg ekki verið með því að láta það ganga lengra, enda þó að jeg játi það, að þörf væri á að reyna að bæta eitthvað ástandið, sem nú er.

Framsögumaður (Sk. Th.) tók það fram að kaupmenn fari með verkamenn sína nær því eins og þræla, að því er viðskiptin snertir, og því væri æskilegt að kaupmenn borguðu í peningum; við það yrðu menn sjálfstæðari, og kaupmönnunum ekki eins háðir. En jeg álít, að það sje hreint ekki víst, að ástandið breyttist þó þessu yrði fram komið, sem hjer er farið fram á.

Framsögumaður (Sk. Th.) lagði líka áherzlu á það, að menn mundu læra að spara, ef þeim væri borgað í peningum í stað þess að færa þeim það til reiknings og borga þeim út úr búð. Jeg held maður hafi sýnishornið af þessu í kaupstöðunum; jeg skal reyndar játa, að það kunni að verða betra, þegar menn læra að brúka peninga, en nú sem stendur þekki jeg það af eigin reynslu, að þeir sem peninga fá af verkmönnum fara allt annað en sparlega með þá; kunna ekki að nota þá. Framsögumaður (Sk. Th.) sagði einnig, að af því að ekki væri borgað í peningum, heldur vörum, þá væru verkamennirnir þrælbundnir við sömu verzlanina; þetta er eigi rjett, þeir geta víst venjulega fengið ávísanir til annara verzlana, og svo mun einnig vera á Ísafirði, og geta tekið út á þær hvað eina í þeim staðnum þar sem það er ódýrast. Þó þeir fengju peninga, þá yrði verðmunurinn á vörunni aldrei mjög mikill, ef til vill gætu þeir fengið 4, 5—6% afslátt.

Það stendur ekki alstaðar svo á, að menn sem peninga hafa milli handa, geti farið til annara kauptúna, til að sækja þar betri kjörum. Verða menn því venjulega neyddir til, að verzla við vinnuveitandann sjálfan með þá peninga, sem hann hefir greitt. En þess ber líka að gæta, að eigi að greiða kaupgjaldið í peningum, þá verður það lægra, og það er engin hætta á því, að kaupmenn sjái sjer ekki farborða.

H. framsögumaður (Sk. Th.) tók það fram, að það gæti komið fyrir, og hefði komið fyrir þar sem hann þekkti til, að kaupmönnum og verkmönnum komi ei saman um, hve marga daga þeir unnið hafa, og stafi þetta af því, hvernig kaupgjaldið er greitt. En mjer finnst þetta næsta óliklegt, og liggja svikum næst. En jeg get ekki gert ráð fyrir að h. framsögum. hafi ætlað sjer að koma með svo ískyggilegar getsakir, nema hann gæti stutt þær sterkum rökum.

Jeg veit að h. flutningsm. þessa máls (Sk. Th.) er góður málaflutningsmaður og honum er þetta áhugamál. Jeg veit að hann hefir reynt að gera þetta frv. sem bezt úr garði, þannig, að sem örðugast væri að fara kringum það, ef það yrði að lögum.

Víst stendur það skýrt framtekið í frumv. að kaupið skuli greitt í peningum, og kaupmaðurinn megi ekki færa það inn í reikninginn t. d. upp í

skuld viðkomandi verkmanns. En jeg er mjög hræddur um, að sú verði raun á, þegar kaupmaður á föstudagskvöldin samkvæmt ákvæðum frumv. færi að borga kaupið, að hann þá legði peningana fram á borðið, og segði við verkmanninn: »Gjörðu svo vel; hjer eru vikulaunin, en af því þú skuldar mjer, verðurðu að borga mjer að minnsta kosti þessa upphæð upp í skuldina«; og jeg er enn fremur hræddur um, að optast færi svo, að verkmaðurinn ljeti sjer þetta lynda, gæti ekki varnað því, að kaupmaðurinn sópaði peningunum ofan í skúffuna sína aptur. Það er að minnu hyggju engin vandræði fyrir kaupmanninn að fara í kring um lög þessi, og þau koma því aldrei að þeim notum sem til er ætlazt. Vegna þessa get jeg ekki gefið þeim atkvæði mitt.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg hefi sömu von og h. framsögum. (Sk. Th.), að deildin taki þessu frumv. vel, en þannig að hún sje ekki lengi að murka úr því lífið, því jeg held að allir muni sjá það, að þetta frumv. er eigi auðið að samþykkja. Jeg get heldur ekki skilið, hvernig frelsismennirnir geta fundið upp á því, að vilja útiloka allt samningsfrelsi, enda er að mínu áliti engin von til þess, þótt þetta frumv. yrði samþykkt hjer, að það gæti nokkurn tíma náð staðfestingu; stjórnin gengi aldrei inn á það. Það væri sannarlega hart, ef jeg fer til kaupmanns í vinnu, að jeg megi ekki semja við hann að fá kaupgjaldið goldið í hverri helzt gjaldgengri vöru sem jeg vildi. Það er ekki allt af, að menn vilja fá peninga. Það eru fyrst og fremst þeir, sem ekki skulda, að þeir geta sagt við kaupmanninn: jeg vil hafa svo eða svo mikið í peningum, en hitt í vörum; en það eru ekki að eins þessir menn, sem geta þannig samið við kaupmanninn, heldur jafnvel hinir, sem skulda; þeir geta sagt: »Jeg skal láta svo eða svo mikið ganga upp í skuldina; en hitt verð jeg að fá í peningum; annars vinn jeg ekki«.

Hins er líka að gæta, að meðan verðmunur er svo mikill á peningum og vörum, þá segir kaupmaðurinn: »Þú getur fengið 25 aura um hverja klukkustund í vörum; en viljirðu hafa það í peningum, færðu ekki nema 20 aura um tímann; og þegar allt er frjálst, þá er báðum innan handar að ganga að eða frá, og allt getur komið í sama stað niður.

En ef, eins og gert er ráð fyrir í frumv., kaupmönnum er gert að skyldu að borga í peningum einum, þá getur svo farið, eins og tekið hefir verið fram, að kaupmaðurinn, þegar hann borgar hvort heldur 4, 6 eða 8 kr. til verkmannsina, að hann sópi því ofan í skúffuna aptur, og taki það upp í skuldina, eða, ef verkmaðurinn tekur peningana, að hann sendi honum þá stefnu næsta dag fyrir skuldinni og neyði hann til að borga skuldina, og hverju er þá verkmaðurinn bættari? Jeg skal svo ekki fara frekari orðum um frumv., en vona, að h. þingdm. sjái, að það, að útiloka allt samningsfrelsi, getur ekki staðizt. Jeg get heldur ekki skilið, að þessi lög geti samrýmzt því frelsi, sem allir eiga að hafa og allir vilja hafa. Sem sagt, stefnan í þessu frumv. er þannig, að það er alls eigi auðið að samþykkja það.

Jeg vona því, að menn sjeu eigi að tefja tímann lengi með því að teygja umræður um málið, en lofi því að deyja sem fyrst.

Björn Sigfússon: Jeg þarf ekki að vera langorður, því 2 h. þm. hafa nú þegar talað og tekið fram ýmislegt það, sem mjer þótti athugavert við frumvarp þetta. Jeg skal fúslega játa, að frumv. þetta er sprottið af góðum

hug frá hálfu verzlunarnefndarinnar, og jeg þykist vita, að flutningsmenn þess þekki ýms óþægileg dæmi upp á það, að verkmannalýðurinn eigi við bág kjör að búa, og þá sjer í lagi hinn h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.). En þó það sje játað, að tilgangurinn sje góður, og vert sje að reyna að bæta úr þessu, þá álít jeg ekki gjörlegt að fara til þess að ná því takmarki þann veg, sem farinn er í frumv. Eptir því sem frumv. fer fram á, er samningsfrelsi vissra stjetta mjög mikið takmarkað og það er ekki gjörandi vegna þess, að það hlýtur að takmarka of mjög persónulegt frelsi hinna sömu. Þetta frelsi ímynda jeg mjer þó að margir í nefndinni vilji sízt skerða. Orðið »frelsi« hefur svo opt komið fram á varir þeirra; »frelsi! frelsi« er hið stöðuga orðtak þeirra.

Jeg gæti hugsað að það væri varasamt fyrir þessa menn, að halda því fast fram, sem frumv. fer fram á, því mjer er ekki grunlaust um, að það gæti orðið til þess, að setja dálítinn skuggablett á hinn mikla frelsisbjarma sem nú þegar er farinn að stafa af þeim um land allt, og það væri mjög leiðinlegt fyrir þá. Þó þannig sje litið á frumv., þá er ekki sjeð nema finna mætti einhvern meðalveg, sem bætti kjör þessa bágstadda flokks, sem líklega er helzt í verzlunarbæjum, svo sem Reykjavík og Ísafirði og öðrum kaupstöðum, þar sem fjöldi manna lifir á atvinnu þeirri einni, sem fæst hjá kaupmönnum, mætti laga frumv. svo, að það bæði bætti kjör þessara manna og gengi ekki of nærri neinni einstakri stjett manna.

Jeg hef því hugsað mjer að gefa frumv. atkvæði mitt til annarar umr., ef ske kynni að það yrði eitthvað bætt, þó jeg sje að vísu mjög vonlítill um, að það heppnist. Það skyldi sannarlega gleðja mig, ef það ráð yrði fundið, sem bætti úr kjörum þessara manna, hins bágstadda flokks, en gengi þó ekki of nærri öðrum.

Þórður Guðmundsson: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þetta frumvarp nú. Jeg er á sama máli með það, áð þetta sje gjört af góðum huga, en jeg skal að eins benda á einstök atriði, sem ekki ná tilgangi sínum.

H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) tók það fram, að þetta væri gjört til þess að bæta kjör hinna fátæku, en það get jeg ekki fengið út úr frumv., að það bæti kjör þeirra, heldur verður það að eins efnamönnunum til góðs. Þegar menn gætu fengið peninga fyrir vinnu sína, þá mundu fátæklingarnir að eins fara með þá til kaupmannsins, annaðhvort að kaupa fyrir þá matbjörg til dagsins eða þá til þess að borga einhverja skuld, en aptur á móti gætu efnamenn með þessu móti fengið peninga, sem að vísu gæti verið mikið gott. En ef þessi lög kæmust á, þá yrðu þau fyrst og fremst til þess, að vinnulaun mundu lækka, því það má búast við því, að þegar peningar verða í boði, að þá muni fleiri sækja að. Það gæti vel verið, að menn úr kringum liggjandi sveitum kæmu þá, þegar peningar væru í boði og vildu vinna, þó kaupgjaldið væri ekki hátt, dag og dag í bili. Þetta yrði til þess, að lækka kaupið, og það væri mjög óheppilegt.

Jeg ætla ekki að fara að taka það upp aptur, sem áður var sagt, að það gengi of nærri samningsfrelsi manna, og gæti orðið til þess, að spilla ástandinu milli vinnuþiggjenda og vinnuveitenda. Jeg mun þó gefa því atkvæði mitt til 2. umr., ef ske mætti, að það tæki þeim umbótum, að hægt væri að taka það til greina.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Það hafa því miður komið fram all-

mikil mótmæli gegn þessu litla frumv., og undrar mig það eigi, því að það er nýmæli, og þarflegustu nýmælin verða opt að sæta allmikilli mótspyrnu í fyrstu. En það er sannfæring mín, að hvað sem deildinni þóknast að gjöra við frv. þetta í þetta sinn, að þá muni það rísa upp aptur, og að sá tími muni koma, er þingmenn líta allt öðrum augum á það, en þeir gjöra nú.

Þeir h. þingm., sem talað hafa, hafa einkum tekið það fram, að frv. kæmi í bága við samningsfrelsi manna; og jeg skal líka játa það, að það er mjög fallegt, að hafa þetta orð »frelsi« einatt á vörunum; en orðið »frelsi«, og sú hugmynd, sem við það er bundin, er þó því að eins fagurt, að það eigi komi fram sem ótakmarkað sjálfræði, heldur sje bundið vissum lögskipuðum takmörkum.

H. þingm. Rvík. (H. Kr. Fr.) tók svo djúpt í árinni, að hann sagði, að það væri eigi auðið að samþykkja það, stjórnin mundi aldrei geta gengið að því, og h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) kvaðst vona, að deildin ekki yrði lengi að murka úr því lífið, og hló h. þm. um leið sjálfur að vanda mikið dátt að þessum orðum sínum; en hvort sem h. þm. nú fær ósk sinni framgengt, að frumv. þetta verði fellt, þá þykist jeg hafa sýnt fram á, að frumv. þetta sje þörf og nauðsynleg rjettarbót, og gagnvart þeim ummælum h. þingm. Rvík. (H. Kr. Fr.) og fleiri, að frumv. þetta riði í bága við samningsfrelsið, skal jeg leyfa mjer að benda h. þm. á það, að samskonar lög eru eigi óþekkt í öðrum löndum, t. d. á Englandi, og mun þó hvorki h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) nje aðrir vilja bregða ensku þjóðinni um það, að hún kunni eigi að meta frelsið á við hverja aðra.

H. 2. þm. Húnv. (Bj. Sigf.) var ofurkvíðafullur yfir því, að þetta frumv. kynni að setja einhvern óþægilegan blett á þann frelsisbjarma, er væri yfir flytjendum þessa máls, og tór hann um það eigi all-fáum orðum; en jeg er hræddur um, að ef h. 2. þingm. Húnv. (B. S.) hefði staðið upp á einhverju öðru löggjafarþingi, t. d. á enska þinginu, að ræða hans hefði kannske þótt nokkuð einkennileg og skrítin; eða hefir þingm. eigi heyrt þess getið, að um mestan hluta hins menntaða heims stendur verkmannamálið einmitt mjög ofarlega á dagskrá, og að þar er einmitt verið að berjast um það, að tryggja rjettindi verkalýðsins gagnvart atvinnuveitendunum, með því að lögákveða ýmislegt, er samningsfrelsi um vinnu snertir, t. d. um 8 tíma vinnudag? Og áður en h. þm. fer að bera kvíðboga fyrir því, að frelsisbjarminn fari af öðrum, mætti máske líka skjóta því að honum, hve annt honum var um samningsfrelsið, þegar um leysing vistarbandsins var að ræða.

H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) tók það fram, að sjer væri það áhugamál, að bæta kjör verkalýðsins, en hjer væri ekkert hægt að gjöra af löggjafarvaldsins hálfu; hann hneyxlaðist og á því, að kaupmönnum væru settir harðari kostir en öðrum mönnum. En þetta er ekki alls-kostar rjett, því að þegar t. d. embættismenn hjer í Reykjavík láta vinna eitthvað fyrir sig, ekki borga þeir þá í vörum, eða í skjaldaskriflum og baugabrotum; nei, þvert á móti, heldur borga þeir í peningum. Þeir segja ekki, þegar verkmaðurinn kemur, til þess að fá vinnuna borgaða: »Hjerna hefur þú »bílæti« til þess að fá þjer brauð í bakaríinu; þú þarft þess með«, heldur borga þeir verkamanninum alloptast vinnuna í peningum, því að þeir viðurkenna það, að verður er verka-

maðurinn launanna. Hjer er því ekki verið að ræða um það, að taka kaupmenn út úr og láta þá verða harðara úti en aðra, heldur að eins um hitt, að setja þau lög, sem tryggi sjerstökum flokki manna, verkmönnunum, það, að þeir fái laun fyrir erfiði sitt í gjaldgengum eyri, og sem setji skorður fyrir því, að þeir verði annaðhvort neyddir til þess að taka það út úr búð, eða þá ekkert að öðrum kosti.

Sami h. þm. tók það líka fram, að verkmenn færu opt illa með þá peninga, sem þeir hefðu handa á milli, og kynnu ekki að brúka þá, og því væri ekki vert að stuðla til þess, að þeir fengju of mikið af þeim í hendur. Jeg skal nú að vísu eigi neita því, að þeir sjeu sumir meðal verkmanna, er eigi fara sem bezt með fje sitt; það er misjafn sauður í mörgu fje meðal verkalýðsins, eins og annarsstaðar. Það getur vel verið; það eru svo margir, sem ekki kunna að fara með peninga. En vill þá þm. láta kaupmenn hafa fjárhald verkmanna á hendi? Álítur hann, að kaupmenn sjeu betri fjárhaldsmenn verkamanna, en verkamaðurinn sjálfur? Álítur hann það verkalýðnum til heilla, að kaupmenn skrifi kaupið inn í reikninginn, og skamta svo verkamönnum úr hnefa eptir þörfum eða eptir eigin vild og hentugleikum verzlunarinnar? Nei, jeg held, að það muni reynast happasælla, að hver stjórni sínum efnum, og að hver sje sjálfs sín hollasti fjárhaldsmaður og ráðanautur.

Þá tók h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) það fram, að hann vissi ekki til annars en að menn gætu fengið ávísanir úr reikning sínum, ef þeir vildu; en jeg held að þetta sje dálítil missögn hjá þingm., eða að minnsta kosti er því ekki svo háttað þar, sem jeg þekki til; og mjer er nær að halda, að þeir sjeu færri kaupmennirnir, sem segja við verkamenn sína: »Hjerna hefirðu ávísun, góðurinn minn, ef þú kynnir að geta fengið vöruna þína ódýrari annarsstaðar«. Kaupmenn eru eins og aðrir menn, sem vilja gjarnan sjá sinn hag, og það er þeirra hagur, að koma sem mestu út af vörum sínum.

H. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) tók það einnig fram, að það munaði ekki svo miklu, þó að verkamenn fengju laun sín í peningum, því að það væru þó aldrei nema 5—6%, sem þeir fengju vöruna ódýrari gegn peningum, en ella; en þó að þm. máske ekki muni mikið um annað eins, þá get jeg sagt honum, að fátæklinginn munar um það. Ef verkamenn fengju peninga fyrir vinnu sína, þá gætu menn út um landið t. d. pantað vörur frá Reykjavík; því að þó að verzlunin hjer í kaupstaðnum þyki máske eigi sem heppilegust, þá er hún þó komin í það horf, að oss sem búum fjarri höfuðstaðnum finnst, að vjer sjeum komnir í nýjan heim, þegar vjer heyrum um vöruverð hjer í Reykjavík. Þar að auki gætu verkamenn og skipt við kaupfjelög, sem vanalega munu gefa 25—30% betri kjör, en kaupmenn; og yfir höfuð álít jeg það auðsætt, að frv. þetta hlyti að geta gert verkamönnum mjög mikið hagræði í verzlun og viðskiptum.

Það hefur einnig verið fundið frumv. þessu til foráttu, að það mundi leiða til kaupgjaldslækkunar; og það getur verið, að svo færi fyrst í stað, að daglaun lækkuðu t. d. úr 3 kr. ofan í 2 kr. 50 a.; en jeg held, að verkalýðurinn mætti þó sannarlega þakka fyrir það; það mundi samt sem áður borga sig margfaldlega. Þar að auki yrði sú lækkun ekki nema í svipinn, því að afleiðingin af því, að frumv. þetta yrði að lögum, mundi verða sú, að verkmannalýðurinn yrði miklu sjálfstæðari eptir en áður, og færari, eins og vinnu-

menn í öðrum löndum, að hugsa sjálfir um hag sinn. Vinnuveitendurnir mundu þá ekki ráða kaupinu einir, eða skammta verkamönnunum úr hnefa það eina, sem þeir vildu »gefa«, eins og hjer á landi er að orði komizt, heldur myndu verkamennirnir sjálfir vilja eiga og þátt í því, að leggja verð á vinnu sína.

Jeg held þá að ekki hafi komið fram neinar fleiri verulegar mótbárur gegn frumv. þessu, og vil að endingu að eins láta þá von mína í ljósi, að háttv. deild fari ekki að kæfa í fæðingunni þennan litla vísi til þess að tryggja hag verkmannalýðsins, sem felst í frv. þessu.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg hefi ekki mikið að segja, því h. meðnefndarmenn mínir, 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) og þm. Dal. (J. P.), hafa tekið fram margt af því, sem jeg ætlaði að minnast á, og hafa fært fram varnir fyrir þessu frv.

Það byrjaði snemma mótlætið fyrir verzlunarnefndinni. H. 2. þm. G. K. (J. Þ.) mótmælti þegar kosningu hennar. (*Jón Þórarinsson:* Það er ekki satt). Jeg skal játa, að afreksverk nefndarinnar sjeu lítil enn sem komið er, og muni verða lítil, en það lítur líka svo út, sem að sumum þingm. sje ekki annt um að styðja nefndina til framkvæmda, en viljann hefir hún þó haft góðan, og það sýnir þetta frumv. En h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) mótmælir því þó eigi að síður; því getur hann þó ekki neitað. (*Jón Þórarinsson*: Auðvitað mótmæli jeg slíkri vitleysu). Getur verið að honum, þeim h. þm., þyki það vitleysa, og hann finni enga þörf á slíku. Mig furðar ekki á því, þótt h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) mótmæli frumv. sem ófrjálslegu frá hans sjónarmiði; en á hinu furðar mig, hve litla áherzlu hann leggur á verðgildi peninga til móts við það, að verða að taka út á vinnu sína upp-skrúfað, og máske óþarft. Hann má þó vita, að það getur orðið gróði, sem nemi 10 %, að kaupa nauðsynjar sínar fyrir peninga, og allt að 20 %, ef menn geta keypt þar sem bezt gegnir.

H. sami þm. (J. Þór.) talaði um, að verkalýðurinn mundi fara illa með peningana, og hann hefir sjeð þá fara illa með peninga. En það brennur nú víðar við; það gera menn af öllum stjettum. Þá er og eðlilegast, að þeir fari verst með þá, sem verst eru menntaðir og verstri meðferð eiga að sæta. En það er ekki rjett, að setja þeim fjárhaldsmann, og allra sízt kaupmann. Ef barni er gefin 1 króna, og það fer ráðlauslega með hana, ætti það þá aldrei að verða fjár síns ráðandi? Nei, það mundi enginn gera, því að það þarf æfing til að kunna að fara með fje. En einmitt þessi mótbára þingm. sýnir, að það er þörf á að bæta kjör verkalýðsins, ef ekki með þessu, þá með öðru hagfeldara ráði. Máske að þm. vildi benda á eitthvert betra ráð. Það hafa margir sýnt fram á, að verkalýður eigi hjer við bág kjör að búa, og jeg ímynda mjer, að það sje ekki betra í Hafnarfirði og Keflavík, það er að segja í hans kjördæmi. Flestir þeir, sem mótmæla þessu frumv., gera það af því, að þeir kunua ekki að meta peningana rjett.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) sagði, að það hlyti allt af að ganga eins og nú, af því að allir væru svo skuldugir og kaupmenn tæki vinnulaunin upp í skuldina. Jeg er sammála h. þm. Dal. (J. P.) í því, að mig furðar á, að svo gamall og ráðsettur maður sem þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) skuli láta sjer slíkt um munn fara, að allir þeir, sem eru í vinnu hjá kaupmönnum, sjeu stórskuldugir. En svo gerir frumv. ráð fyrir skuldum, og því er það ákvæði sett, að skuldajöfnuður eigi sjer ekki stað. Það

er svo íjarri sanni, sem mest má verða. Auðvitað eru sumir skuldugir, en skuldir þeirra minnka ekki við það, að binda þá við eina verzlun og meina þeim að verja fje sínu á þann hátt, sem er arðsamastur. Margir af þessum verkamönnum eru einhleypir, og munu allir sjá, að það er hentugra fyrir þá að fá kaup sitt í peningum, og geta lagt afganginn af því, sem þeir þurfa til lífsviðurhalds, í sparisjóð og ávaxtað það þar. Hvað sem menn segja um anda þessa frumv., hvort sem hann þykir frjálslegur eða ófrjálslegur, þá verða þó allir að játa, að stefnan er mannúðleg og samkvæm því, sem tíðkast í öðrum löndum nú. Allar þjóðir eru nú að reyna að bæta kjör verkmanna, en vandamál þykir það hvervetna, hvernig það skuli gera. Það mætir því víða miklum andmælum, auðvitað mest frá hálfu þeirra, er vinnuna veita, og þeirra er skildi vilja halda fyrir þann sem meiri máttar er, og er því við að búast að svo verði hjer. Við verðum auðvitað á eptir í því sem öðru.

Komi einhverjir með breyt.till. sem eru málinu til bóta, þá er það auðvitað mál, að við tökum því með þökkum. En eigi það að verða forlög frumv. að falla nú þegar, þá vil jeg taka undir með h. framsögum. og minna á, að það er eitt af þeim málum, sem rísa upp aptur á næsta þingi, og næsta þingi og næsta þingi.

Jón Þórarinsson: Jeg ætla að eins að koma með nokkrar leiðrjettingar við það, sem h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði. Hann vildi sýna fram á, að það væri rangt, er jeg sagði, að kaupmönnum væri gert lægra undir höfði en öðrum með því, er frumv. þetta fer fram á. En rök hans reyndust of veik, og gátu ekki sannfært mig eða aðra. Hann talaði um, að embættismenn borguðu í peningum, en það sannar ekkert. Fyrir það fyrsta eru embættismenn ekki skyldir að borga í peningum, eins og frumv. þetta skyldar kaupmennina til þess, og í annan stað borga þeir margir með ávísun í verzlanir, og fá svo sjálfir þá 6 %, sem kaupmenn láta þá fá, er borga þeim í peningum. Ef vinnuveitendur borga í peningum, þá verða þeir auðvitað að lækka kaupið um 6 %. Annars kaupa þeir peningana dýrara en þeir selja þá, og því mega þeir ekki við. Ef þetta frumv. kæmist fram, þá mundi kaupmaður standa öðruvísi að vígi en aðrir vinnuveitendur. Jeg á frjálst að semja um borgun við daglaunamann minn; jeg má borga honum hvort jeg vil með peningum eða ávísun á vörur út úr búð, en kaupmaðurinn, sem býr við hliðina á mjer, má það ekki.

Mjer þótti h. þm. Dal. (J. P.) taka ómjúkt á mjer í þessu máli. H. vinur minn brúkaði tvö »slagorð«, sem mjer leiðast og þykir þingm. enga heimild hafa til að brúka. Hann sagði, að mótmæli mín byggðust á vanþekkingu og ókunnugleik. (*Jens Pálsson*: Nei, því var beint til annara þingm.). En jeg hefi búið í kaupstað í 10—11 ár, og er þessu víst eins kunnugur og hann. Í öðru lagi sagði hann, eða jeg vil segja gaf hann í skyn (því að jeg þori ekki lengur að herma neitt ákveðið eptir honum), að jeg hefði sagt á þá leið, að það væri háskalegt að láta verkmenn fá peninga í hendur, af því að þeir kynnu ekki með að fara, og mundi heppilegra að láta kaupmenn skammta þeim úr hnefa, eða gera þá fjárráðamenn þeirra. Það hefi jeg aldrei sagt á æfi minni; ekki einu sinni hugsað það. Aptur á móti hef jeg sagt, að mjer sje kunnugt um, að menn kunni ekki að fara með peninga, og að jeg viti þess mörg dæmi, að menn eyði einmitt fje af því, að þeir hafa það

undir höndum, og það öllu fremur verkmannalýðurinn en aðrir. Þegar þetta bætist við hitt, að kaupgjald verkmanna eðlilega lækkar við peningaborgunina, í hverju er þá hagur þeirra bættur? Jeg skal taka það fram, að það hefir verið sagt og sýnt fram á, að nú sem stendur sjeu of margir verkamenn í kaupstöðum, og kaup því lægra en ella mundi. En ef ákveðið væri, að borga skyldi í peningum, þá mundu koma til kaupstaðanna nýir keppinautar úr sveitunum. Mundi þá kaup lækka enn meir við það. Verkmenn mundu því hafa skaða af öllu saman, þegar upp væri staðið.

H. sami vinur minn sagði ennfremur, að frumv. færi að eins fram á að banna kaupmönnum að taka kaup verkmanna undir sjálfum sjer upp í skuldir. Jú, það gerir meira; það bannar verkmanni að vinna af sjer skuld hjá kaupmanni. Hvað mundi h. þm. segja, ef sóknarbörnum hans væri bannað að vinna af sjer skuld til hans, t. d. með því að slá hjá honum tún, eða honum bannað að gera slíkan samning við skuldunauta sína? Hann mundi víst eigi una því vel.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) minnti mig á, að jeg hefði eigi tekið nefndinni vel, jafnvel verið mótfallinn því, að hún væri kosin. Það er ekki rjett. En jeg hjelt að eins, að á þessum hlutum yrði eigi ráðin bót með lögum, og þetta frv. sannar þá tilgátu mína. Ef það er efnilegasta afkvæmið nefndarinnar, þá sýnist mjer lítil framfaravon að því, að hún aukist og margfaldist og upp fylli jörðina.

Sighvatur Árnason: Það hefir þegar verið tekið fram margt á móti frumv. þessu. Jeg er einn af þeim, sem þykir það ísjárvert. og er það ein athugasemd, sem jeg vildi gjöra. Eins og mönnum er kunnugt, er þannig ástatt hjer á landi, að hjer er optastnær peningaekla mikil, og eru menn almennt í vandræðum með að borga skyldugjöld sín, sem greiða á í peningum. Niðurstaðan verður optast sú fyrir mörgum, að þeir verða að fara til kaupmannsins og fá sjer nokkrar krónur hjá honum í gjöldin, og kemur það mörgum að liði. En ef nú er farið að leggja á herðar kaupmönnum mikil peningaútgjöld, auk þeirra, sem þeir þegar bera, í alla tollana sem vjer allir vitum, að eru tilfinnanlegir í svipinn, þá færi peningaeklan yfir á aðra hönd, og því fleiri skyldugjöld í peningum sem eru lögð á kaupmennina, því erfiðara verður það fyrir hina, bændurna, að fá hjá þeim peninga. Jeg álít því, að það eigi að fara varlega í þetta, og ekki að nauðsynjalausu skylda kaupmenn til að borga daglaun í peningum; jeg ímynda mjer, að það yrði æðimiklir peningar, sem til þess gengju.

En jeg skal gjarnan gjöra h. framsögum. (Sk. Th.) það til geðs, að greiða atkvæði með máli þessu til 2. umr., ef ske kynni, að umbætur kæmu fram, er gerðu málið viðunanlegt. En eins og það liggur fyrir, gef jeg því alls ekki atkvæði mitt.

Jens Pálsson: Mótbárur þær, er komið hafa fram gegn frumv. þessu, eru ekki mikils virði, og ekki get jeg rjettlætt þær með nokkru móti, nema ef vera skyldi með ókunnugleik og þekkingarleysi manna á því, hvernig viðskiptum í kaupstöðum er varið, og á afleiðingum þess fyrir daglaunamenn. Þessar mótbárur eru svo, að mjer þykir leiðinlegt að þurfa að eyða tíma þingsins til þess að svara þeim

H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) þótti hættulegt að lögleiða ákvæði þessi, vegna ráðleysis verkmannalýðsins. (*Jón Þór.*: Ekki satt; jeg hef aldrei sagt það!) Eins og h. framsögum. tók fram, liggur

þar á bak við, að betra sje að kaupmenn sjeu fjárhaldsmenn verkamanna, heldur en að þeir venjist við að ráðstafa fje sínu sjálfir. H. sami þm. og sömuleiðis h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) og 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) töluðu margt um það atriði, sem eitthvað sjerlega ískyggilegt, að kaup mundi lækka, ef frumv. þetta næði fram að ganga. Það hefir verið sagt, að í staðinn fyrir 25 aura í vörum munu kaupmenn borga 20 aura í peningum. En eptir núverandi kringumstæðum má í allflestum verzlunum fá meira fyrir 20 aura í peningum en fyrir 25 aura í vörum, og álít jeg, að sú mótbára sje fallin með þessu. Það er þó eitt við hana, að hún greinir talsverð frá sönnu verði. Það hjálpar ekki að segja: »Vinn þú hjá mjer, þú skalt fá 25 aura fyrir tímann«, ef þetta kaup svo í raun rjettri er ekki meira en 16 aurar.

Það hjálpar verkamönnum ekkert að otað sje fram við þá gamla hneyxlinu — uppgerðarverðinu ósanna, eða þessu falska nafnverði, sem flaggað er með í verzlunum hjer á landi árs árlega. Það er sívillandi, þetta; og almenningur er orðinn svo vanur að láta villa sjer sjónir með því, að honum dylst villa sín með öllu. Dæmi þessu til sönnunar er ekki fjarri oss nú. Það er hjer í sjávarsveitunum hákauptíð núna; spyrji menn um verð á saltfiski nú, er svarið: verð á bezta Spánarfiski er 36 kr. En þetta verð er þó ekki á þessari vöru nú í raun og veru. Verðið er að vísu fært í reikninga mót vöruúttekt með þessari upphæð, en vilji maður selja fisk fyrir handbæran eyri, þ. e. peninga, þá er verðið 32 kr. Það er hið sanna verð, hitt er falsverð. Hvað hjálpar hið hærra nafnverð, þegar áskilin er á móti vöruúttekt sem er 25—30% of dýr? — Nei, burt með falska verðlagið. Jeg tel nú með þessu fullsannað, að kaupgjaldið þarf í reyndinni alls ekki að lækka, þótt það verði lægra að nafninu til, eða auratali.

H. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) þótti það ótilhlýðilegar getsakir, sem h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði, að það yrði að koma í veg fyrir óánægju þá, er leiðir af samtíningi vinnutíma í reikninga sem verkmaður hefir enga hönd í bagga með, því opt bæri kaupmanni og verkmanni ekki saman um vinnudagafjöldann. Jeg held það sje alveg óþarft, að kalla þetta getsakir, því þeir, sem kunnugir eru í kauptúnum, vita, að mistryggging og óánægja í þessu efni á sjer mikinn stað. Þessi ágreiningur er optast nær kominn til af því, að verkamönnum er sagt að vera til taks. Þeir bíða kannske hálfa dagana þannig, og álíta að þeir eigi kaup fyrir það, þótt eigi sje þeim skipaður neinn viss starfi. En kaupmaður skoðar þetta ef til vill öðruvísi. Jeg veit til þess, að það hefir verið stappað í verkamenn stálinu með að heimta sjerstaka vinnuviðskiptabækur, en þeir hafa eigi þorað það.

H. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) sagði, að eigi væru aðrir verkamenn hjá kaupmönnum en stórskuldugir menn. Þá datt yfir mig.» Að hann ráðinn og roskinn og aldraður maður skuli segja annað eins og þetta. Hann sagði líka að kaupmenn mundu segja: hjer eru 10 kr., en jeg sópa þeim niður í skúffuna og tek þær upp í skuldina þína. Jeg verð að bera at kaupmönnum þennan yfirgang. Þeir mundu álíta það ósamboðið sóma sínum, sjerstaklega ef skýrt væri ákveðið með lögum um þetta atriði. H. sami þm. sagði og, að kaupmenn mundu ógna mönnum með stefnu daginn eptir, ef þeir eigi borguðu þá þegar. Látum þá gjöra það; jeg skal aldrei lá þeim, þótt þeir lögsæki skuldaþrjóta.

Þá var 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) að

benda á, að þetta gerði kaupmönnum erfiðara fyrir með að láta bændur fá peninga. Jeg ætla mjer ekki að fara að spá í þær eyðurnar, en hitt er það, að jeg skil ekki hvernig þetta á að vera ástæða móti lögunum. Ef bændum er þörf á peningum, þá er verkamönnum enn þá meiri þörfin; því ef þeir geta ekki fengið peninga fyrir vinnu sína, þá eru þeim allar bjargir bannaðar. En bóndinn á aptur á móti ætíð í búi sínu ýmislegt það, sem er peningavirði.

Ef nokkur þvingun er falin í frumv. þessu, þá er það máske það, að kaupmönnum er gert að skyldu að hafa til taks í annari mynd en tíðkazt hefir, þá upphæð, er verzlunin þarf að verja til verkkaups, þeir verða að hafa hana á takteini í peningum en ekki vörum; það er allt og sumt. En þeir munu efalaust sjá sjer farborða og lækka kaupið þannig, að þetta verður þeim eigi til hnekkis. En verkamenn geta skipt með peninga sína sem frjálsir menn, og þannig smátt og smátt fengið æfingu í að útvega sjer góð kaup, og spara og ávaxta smáar upphæðir. Og kaupmenn mega ekki taka kaup verkamanna upp í skuld að þeim nauðugum. Þetta er allt bannað.

Kaupmenn tapa ekki á lögum þessum; en þau hefja verkmannalýðinn og gjöra hann sjálfstæðari, og hefir þetta allstóra þýðingu í siðferðislegu tilliti, einmitt fyrir þann flokk landsmanna, sem mesta þörf hefir á því. Jeg ætla ekki að tala meira að sinni, og vona að h. þm. láti ekki þær ástæður, er komið hafa fram, afvegaleiða sig til þess að fella frumv. þetta.

Jón Þorkelsson: Það er nú þegar búið að segja töluvert af því, sem jeg vildi hafa sagt í móti þessu, og veit jeg þó eigi um allt sem talað hefir verið í því, því að jeg hefi verið úti um hríð og því ekki hlýtt á allar umræðurnar um það. En samt ætla jeg nú ekki að falla frá orðinu.

Mig furðar stórlega á því, að h. framsögum. (Sk. Th.) skuli koma fram með frumv. slíkt sem þetta. Fyrir nokkru síðan kom fram hjer í deildinni frumv. sem fer í svipaða átt, sem þetta, en þó nokkuð á annan veg. Sumir kímnir menn hafa kallað það frumv. um »að lasta ekki landið«. Það hefir fyrir skemmstu verið minnzt á frumv. þetta í blaði einu, er nú sem stendur kemur út hjer í Reykjavík, og sagt, að það væri ekki á vetur setjanda; hið sama get jeg sagt um þetta frumv., er nú liggur hjer fyrir. Það mundi ekki bæta mikið úr skák fyrir verkamönnum, en til verra eins gæti það orðið fyrir hvorutveggja hlutaðeigendur. Í frumv. því, sem jeg nefndi fyr, var farið fram á það að gera tilraun til að stemma stigu fyrir útlendum flökkuagentum, sem koma hjer til landsins til þess að æsa menn af landi burt og gera hjer landauðn að vinnanda fólki; en hjer er farið fram á að þröngva að persónulegu frelsi landsmanna sjálfra, með því að þvertaka fyrir samningsfrelsi tveggja stjetta í landinu, sem sje kaupmannastjettarinnar og fátækustu og umkomuminnstu stjettarinnar, sem eru verkamennirnir. Þar sem hinn virðulegi þm. (Sk. Th.) er að tala um útflutningafrumv. sjer maður því á honum frelsishliðina, en hjer veit hin hliðin að, uppmáluð með hinu svartasta ófrelsi. En jeg vil samt þó að þm. sje nú svona tvíhliða í frelsinu, óska að aldrei verði kveðið um hann, eins og mann einn, sem nefndur var Hannes hróðrarflón:

> Aldrei meiri fiskifæla *frelsishvikul*
> skinna borið hefir hökul
> heims um aldur kringum Jökul.

Jeg skal forðast að fara mörgum orðum um frumv., en skal þó geta þess,

að fyrst slíkt frumv. er komið fram, þá gæti verið ástæða til að láta það ná lengra en til kaupmanna einna. H. framsögum. (Sk. Th.) hefir víst einhverntíma heyrt getið um stórbændur og kotunga á landi hjer, og hann hefir víst líka heyrt orð leika á því að sumir stórbændurnir hjeldu lífi í kotungunum, en notuðu þá óspart til vinnu fyrir. Mundi það vera úr vegi, að láta frumv. einnig ná til þessara manna, og lofa þeim að borga í peningum? H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) tók það skarplega og rjettilega fram, að frumv. þetta hvetti menn til óskilsemi. Ef menn skulda verzlun og eiga ekki annað til en höndur sínar, þá mega þeir ekki borga skuld sína, þótt þeir guðsfegnir vildu; kaupmaðurinn er skyldur að borga þeim í peningum, og skuldajöfnuður má ekki eiga sjer stað og verkamenn mega heldur ekki borga í »öðru« eða með öðrum orðum, þeim er þverbannað að borga. Ef kaupmenn nú verða skyldir að borga verkamönnum vinnu þeirra með peningum, þá fer sjálfsagt svo, eins og svo margir hafa tekið fram, að kaupið verður nafnlega lægra, en þetta leiðir aptur annað af sjer, og það er, að kaup hjá embættismönnum þeim, sem láta daglaunamenn vinna hjá sjer og borga þeim í peningum, lækkar líka. Ekki græða verkamennirnir mikið á því.

Jeg man ekki betur en að öll h. verzlunarmálanefnd væri með frumv. um varnarþing í skuldamálum, og að hinn virðulegi 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) greiddi atkvæði með því, en þar var meðal annars farið fram á það að gera kaupmönnum hægra fyrir að ná skuldum hjá fjarrum skuldunautum. Hjer er farið þvert ofan í það frumv. og klippt fyrir, að kaupmenn geti náð skuldum hjá þeim sem næstir eru, þótt þeir megi samkvæmt áðurnefndum lögum stefna mönnum hvaðanæfa af landinu til sín, til þess að heimta af þeim skuldir.

H. framsögum. (Sk. Th.) sagði að oss yrðu manna dæmi, og að lög sem þessi væru ekki eins dæmi á Íslandi, því að á Englandi væri siður við ýmsar verksmiðjur, að greiða kaup allt í peningum. En jeg get ekki talið það heppilegt, að bera oss saman við Englendinga; peningar eru litlir hjer í landi og við lifum peningalega tekið mestmegnis á peningum frá Englandi, og einmitt þegar peningaverzlunin við England rjenaði, hófust hjer hin miklu peningavandræði. Þetta eitt sýnir að ólíku muni vera saman að jafna með peningaforða hjer og á Englandi, og að hæpið muni vera að segja að það sje heppilegur gjaldháttur hjer sem þar tíðkast.

Án þess að fara nú út í einstakar greinar málsins verð jeg að geta þess að jeg skil ekki í, hví verkakaupseindagi er settur í frumv. á 6. degi vikunnar, en ei á hinum 7., eins og venja hefir verið. Jeg ætla að það sje ekki skakkt með farið, þótt sagt sje að þetta sje ekki rjett aðferð, að taka þannig höndum á málinu, og að þetta frumv. verði ekki til þess að laga verkmannamálið. Jeg hefði heldur kosið að h. þm. Ísf. (Sk. Th.) hefði komið fram með frumv. um að »laga landið«, og lagt þar sektir við t. d. frá 10—100 kr., væri það ei gjört.

Mun jeg svo ekki tala meira að sinni, en hlusta mun jeg með mikilli ánægju á skemmtilegt svar frá margnefndum virðulegum 1. þm. Ísf. (Sk. Th.).

Jens Pálsson: Jeg verð að taka til máls sjerstaklega til að mótmæla ýmsu í ræðu vinar míns h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.). Hann kvað mig hafa borið ýmislegt það fram í ræðu minni sem ekki hefði rjett verið, t. d. það, að hann væri ókunnugur máli þessu. En því verð

jeg að neita, að jeg hafi borið honum það á brýn; hinn h. þm. (J. Þ.) hefir þar ekki tekið rjett orð mín. Jeg man vel að jeg hagaði orðum mínum svo, að þau áttu við þrjá aðra h. þingd.m. er búa allir í sveit; þeir máttu og áttu að taka til sín ummæli mín um vanþekking og ókunnugleik á máli þessu og ástandinu í kaupstöðum. H. þm. (J. Þ.) bar mjer líka á brýn, að jeg hefði fært það til sem orð hans, að hann vildi láta kaupmenn vera fjárhaldsmenn verkmanna. Það sagði jeg ekki, heldur hitt, að það lægi á bak við orð hans, að hann áliti það betra fyrir verkmenn, að kaupmenn væru fjárhaldsmenn þeirra. (*J. Þ.*: Hver munur er svo á því?). Sá munur sem jeg var að taka fram. — Eptir frv. eru verkamenn frjálsir að verja kaupi sínu eins og þeir vilja, en heftir frá því eins og nú stendur. H. þm. (J. Þ.) fannst kaupmönnum gjört hjer lægra undir höfði en öðrum; jeg játa að svo sje að nokkru leyti, en nefndin fann ekki önnur ráð tiltækilegri til að kippa þessu máli eitthvað í lag; og sje þeim gjört lægra hjer undir höfði, þá var þeim gjört hærra undir höfði í öðru máli, sem nýlega var samþykkt hjer í deild, í málinu um varnarþing í skuldamálum, og því máli gaf þm. (J. Þ.) atkvæði að því er mig minnir bezt; — en þar sem þeim er gjört hærra undir höfði í sumu, hvað skyldi þá á móti, þótt löggjöfin gripi inn í, og gjörði þeim aptur hóti lægra undir höfði í öðrum greinum, þar sem nauðsyn ber til?

H. þm. (J. Þ.) gat þess, að sumir embættismenn borguðu verkamönnum sínum með því, að gefa þeim ávísanir til kaupmanna; þeir græddu við það 6%. Þeir eru víst fáir, og svo mikið mun víst að embættismenn hjer í Reykjavík nota varla þennan gróðaveg, þeim mun þykja hann of auðvirðilegur. En þótt þeir drægju 6% af kaupi verkmanna og gyldu svo hitt í peningum, þá mundu verkmenn eigi að síður betur haldnir, fá í raun rjettri hærra kaup en ekki lægra, því að hverjum manni, sem verzlar t. d. í kaupfjelagi Reykvíkinga, mun auðvelt að fá vörur sínar meira en 6% ódýrari, en út í reikning hjá kaupmönnum. H. þm. (J. Þ.) talaði annars mikið um þessa kauplækkun. En í fyrri ræðu minni sannaði jeg, að hún mundi ekki koma fram í raun og veru, heldur þvert á móti, svo mikill væri munur á hinu falska vörðuverði hjá kaupmönnum, og sannvirði vörunnar, en þess mundu menn geta notið, ef þeir hefðu peninga í höndunum. H. þm. Snæf. (J. Þork.) og jafnvel h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) kváðu þetta frumv. banna mönnum að borga skuldir sínar. En þó jeg gangi inn á, að bannað sje í frumv. að gjöra samninga fyrir fram um að borga skuldir með vinnu, þá er ekki bannað í því að greiða skuldina með peningum þeim, sem fyrir vinnuna fást. Að minnsta kosti munu flestir sem peninga hafa í höndum greiða skuldir sínar með þeim, þegar krafizt er, eða ókrafið eptir atvikum, þótt ekki hafi fyrir fram verið gjörðir samningar um það.

H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) bar tekjur presta saman við frv. þetta, og kvað það ósanngjarnt að þeir ljetu menn vinna af sjer gjöld sín, í stað þess að greiða þau í peningum. En þetta kemur ekki til greina hjer, því að fyrst og fremst er það löghelgað, að dagsverk sje goldið í vinnu, og í annan stað getur presturinn snúið sjer allt annað til þess að ná tekjum sínum; hann getur látið taka þær lögtaki, og þarf þá ekki að þiggja annað en peninga. H. þm. Snæf. (J. Þork.) tók það fram, að þetta frumv. mundi verða til þess, að verkkaup mundi almennt lækka, og

ekki einungis hjá kaupmönnum. Embættismenn sem mikið vinna nú á seinni árum að jarðabótum, og greiða verkmönnum viðlíka hátt kaup í peningum eins og kaupmenn í vörum, mundu lækka kaupið jafnframt og kaupmenn. Getur verið að svo verði. En ef þeir greiða í raun og veru hærra kaup en kaupmenn, hver ástæða er þá til að halda þeim ójöfnuði framvegis? og þótt afleiðingin kunni að verða sú, að kaupið lækki að auratali, þá hefi jeg margsannað, að fjarri sje að það muni lækka í raun og veru; því að ekki verður á móti því mælt að reikningsverð kaupmanna er 25—30% hærra en peningaverð á vörum getur verið, og svo mikil sem því svarar mun þó kauplækkunin fráleitt verða.

Framsögumaður (*Skúli Thoroddsen*): Umræðurnar eru nú orðnar nokkuð langar um þetta mál, en jeg verð þó að svara h. þm. Snæf. (J. Þork.) nokkrum orðum, án þess að jeg þó ætli mjer, að vera jafn spaugsamur, eins og hinn virðulegi þm., enda álít jeg mál þetta alvarlegra og þýðingarmeira en svo, að menn eigi að gjöra að því gaman.

H. þm. Snæf. (J. Þork.) setti frumv. þetta í samband við annað frumv., sem kallað hefir verið »frumv. til laga um að lasta ekki landið«, en jeg fæ ekki sjeð, hvaða samband er á milli þessara frumv.; en hitt hefi jeg að vísu einhverstaðar hlerað, að þm. Snæf. (J. Þork.), sem mun vera aðal-höfundur þessa svo nefnda »landslöstunarfrv.«, mun hafa tekið sjer nærri ummæli, sem birtust hjer í blaði einu, um þetta virðulega afkvæmi hans. Í þessu frv. hans eru meðal annars þau ákvæði, sem gjöra mönnum nær því ókleyft, að fara af landi brott, þótt þeir sjeu þess einráðnir. Svona stórkostlega vill þetta »landslöstunartrumv.« hepta hið persónulega frelsi manna, og jeg fæ ekki betur sjeð, en að í þessu frumv. þm. felist einmitt mesta trúleysi á viðreisn og framfarir landsins, þegar grípa skal til slíkra óyndis-úrræða, til að halda vinnulýðnum í landinu; en í þessu frv. verzlunarmálanefndarinnar sem hjer liggur fyrir er einmitt gert ráð fyrir, að neyta annars, og að jeg ætla hyggilegra ráðs, til að halda verkmönnum í landinu, og það ráð er í því fólgið, að reyna að gjöra tilraunir til að bæta hag þessara manna, svo að þeir verði ánægðari, og vilji vera kyrrir í landinu.

Það er líka dálítill misskilningur hjá h. sama þm. Snæf., að jeg sje ósamkvæmur sjálfum mjer, þó að jeg væri hlynntur frv. um varnarþing í skuldamálum, er miðar að því, að gjöra kaupmönnum hægra fyrir, að ná inn skuldum sínum, og efla skilsemi í landinu, því að í frumv. um borgun til verkmanna felst engin hvöt til óskilsemi, og kaupmönnum er eigi á neinn hátt bannað, að neyta löglegra meðala, til að ná inn skuldum sínum hjá verkmannalýðnum, þó að þeir eigi geti tekið verkakaup þeirra upp í skuldir, nema verkmaðurinn greiði það góðfúslega eptir á; en það er vitaskuld, að laganýmæli þessa frumv. geta ekki haft mikla praktiska þýðingu fyrir þá, sem eru stórskuldugir; því að slíkum mönnum er illa viðhjálpandi; en hinir myndu þó verða miklu fleiri, sem hefðu mikinn hag af lögunum.

Þá þótti hinum virðul. þm. Snæf. (J. Þork.) það undur mikil, að frumv. skuli ákveða, að föstudagurinn skuli vera eindagi verkakaupsins; en það vakti fyrir nefndinni, að með því að laugardagurinn væri virkur dagur, og menn þá myndu ganga að vinnu, eins og aðra virka daga, þá væri minni freisting fyrir verkmennina til að sólunda kaupi sínu, en ef helgur dagur væri daginn

eptir að þeir fá kaupið í hendur; og vona jeg, að h. þm. Snæf. (J. Þork.) þyki þetta hyggilega ráðið.

ATKV.GR.: Eptir ósk 8 þingdm. var samþ. með 17 : 2 atkv. að hætta umræðum.

Frumv. síðan felt frá 2. umr. með 12 : 11 atkv., að nafnakalli viðhöfðu vegna óglöggrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	B. Kristjánsson,
Björn Bjarnarson,	Klemens Jónsson,
Björn Sigfússon.	G. Guðmundsson,
Bogi Melsted,	H. Kr. Friðriksson,
Jens Pálsson,	Jón Jakobsson,
J. Jónss. þm. Eyf.	J. Jónss., þm. A.-S.,
Sighv. Árnason,	J. J., þm. N.-M.,
Skúli Thoroddsen,	Jón Þórarinsson,
Þór. Böðvarsson,	Jón Þorkelsson,
Þ. Guðmundsson,	Ólafur Briem,
Þorl. Guðmundss.,	Sigfús Árnason,
	Sig. Gunnarsson,

Frumv. til laga um sameining amtmannaembættanna (C. 282); 1. umr.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Síðan á þingi 1887 hafa á hverju þingi komið fram tillögur og frumv. um aðra ráðstöfun á eða afnám amtmannaembættanna. Stefnan hefir optast verið sú, að afnema bæði, eða í þá átt hafa tillögurnar farið að minnsta kosti. Afnám þessara embætta hefir mætt mjög verulegum mótmælum, og sumar þær ástæður hafa verið mjög verulegar, sem færðar hafa verið gegn algerðu afnámi. Þetta hefir leitt mig til að koma með frumv. í þá átt, að gera landið að einu amtmannsdæmi. Tilgangur frumv. er sá, að spara landsfje, og það hefir líka legið bak við hin fyrri frumv. Vjer erum fátæk þjóð, og þurfum að spara; ef nokkur þúsund krónur sparast, þá er það mikilsvert. Vjer þurfum á miklu fje að halda, og það er skylda vor að spara landsins fje. Einn örðugleikinn er sá, að landið er svo strjálbyggt, og því verður embættismannahaldið svo dýrt. Það fje sem sparast, verði frv. að lögum, gerum vjer ráð fyrir að verði um 5400 kr., og það er verulegt fje, meira fje en varið hefir verið til allra barnaskóla til samans á ári og meira en allur styrkurinn til sveitakennara saman lagður. Þetta er verulegt fje eptir vorum hag.

Jeg verð að álíta, að frumv. þetta sje framkvæmanlegt, að því er aðalefnið snertir; einn amtmaður getur gegnt þeim störfum, sem báðir amtmennirnir hafa nú, þegar honum er ætlað nægilegt fje til þess að halda næga starfsmenn.

Jeg ætla að bera saman amtmannsembættið og biskupsembættið. Biskupar voru forðum tveir, en nú er ekki nema einn biskup og á að hafa eptirlit með öllu. Amtmenn hafa verið hjer þrír, þegar þeir voru flestir, en fyrst var að eins einn, en ástandið var nú annað þá, svo það getur ekki komið hjer til greina, en biskupsembættið og hið fyrirhugaða amtmannsembætti vil jeg bera saman, til þess að sýna, að sennilegt sje, að amtmannsembættið sje eitt, eins og biskupsembættið er hjer eitt.

Biskup landsins hefir eptirlit með prófföstum og prestum; undir hans umsjónarafskifti falla og sóknarnefndir, hjeraðsfundir og synodus, sem hann situr sjálfur. Amtmenn hafa að sínu leyti eptirlit með sýslumönnum og hreppstjórum, hreppsnefndum og sýslunefndum, og eru forsetar amtsráða. Hjer svarar hvað til annars. Prófastar eru nálega jafnmargir sýslumönnum, prestar hreppstjórum, og áminnztar nefndir eða fulltrúasamkomur eru jafnmargar biskups megin

og amtmanna megin. Einum amtmanni, landsamtmanni, er þetta eptirlit því ekki ómögulegra en einum biskupi, landsbiskupi vorum, er það eptirlit, sem hann hefir.

Verið getur, að menn komi með þá mótbáru, að það tefji fyrir framgangi mála, ef amtmannaembættin sjeu sameinuð; en með batnandi samgöngum mun það mein æ meir og meir læknast; — enda getur það nú tafið fyrir máli, að amtmennirnir eru tveir, t. d. er þeir verða að leita samkomulags hvor við annan, svo sem um fátækramálefni, þegar sjerstaklega stendur á. Aðalgallinn á því, að afnema amtmannaembættin með öllu, er sá, að þá er tekinn verulegur liður úr umboðsstjórninni, eða, ef jeg má svo að orði komast, ein rim úr umboðsstjórnarstiganum, en um leið sú rim, þar sem ýms mikilvæg mál geta fengið síðustu úrslit, og þurfa ekki að fara lengra. Jafnframt hefir það þótt veikja tryggínguna fyrir vandlegri meðferð mála, að fækka stjórnarvöldum, er um þau fjalla. — Þetta hefir orðið afnámi amtmannaembættanna, að því er jeg veit, til tálmunar.

Með frumv. þessu er nú ekki farið fram á að taka burt þennan lið umboðsstjórnarinnar; það er ekki gengið svo langt.

Jeg býst við, að út á það megi setja, hversu sameining amtmannaembættanna sje fyrir komið í frumv. — Enda stendur slíkt til bóta, eins og líka orðfæri á frumv. og niðurskipan greina þess. En því treysti jeg, að h. deild leyfi frumv. að ganga til 2. umr.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Jeg stend ekki upp til að vinna þægilegt verk, þar sem jeg stend upp til að lýsa yfir því, að jeg verð að greiða atkv. móti þessu frumv.

Flutningsmaður (J. P.) skýrði frá, að tilgangur frumv. væri einkum sparnaður. Það kann að líta svo út, en sá sparnaður er varla svo mikill, eins og þingmaðurinn ljet í ljósi. Jeg lít svo á, að kostnaður aukizt við það eins og hjer er háttað, að einn amtmaður hafi eptirlitið, því að þó þingm. voni, að samgöngurnar batni, svo að úr því greiðist, þá er það ekki fengið fje, nú sem stendur, sem fæst fyrir þær. Ein ástæða flutningsmanns kom mjer á óvart, en hún var sú, að nú væri hann kominn af þeirri skoðun, að afnema amtmannaembættin, og væru þau afnumin, þá væri mikilsverðum lið kippt úr umboðsvaldinu. Þetta er nú nokkuð nýtt, því að menn hafa allt af viljað afnema amtmannaembættin.

Jeg hefi fylgt afnámi amtmannaembættanna, og því, að störfum þeirra væri skipt með öðrum stjórnarvöldum, og hygg, að það kæmi að beztu haldi. Ef hjer yrði einn amtmaður og byggi hann í Rvík, þá sýnist mjer, að hann mundi gera minna gagn rjett við hliðina á landshöfðingja en amtmaður, er búsettur væri á Norðurlandi, og þar ætti því amtmaðurinn að sitja, ef ekki væri nema einn. En jeg býst við, að því fyrirkomulagi sje það til fyrirstöðu, að amtmaður verði að sjálfsögðu að vera í Reykjavík sem stiptsyfirvald, því ekki ræðir þetta frumv. um breyting á störfum stiptsyfirvaldanna.

Höfuðástæða mín á móti frumvarpinu er þó sú, að jeg álít það alveg »ópólitiskt«, að koma með málið fram á þennan hátt. Jeg get ekki skilið, hví flutningsmanni hefir snúizt hugur, og jeg hef ekki heyrt nokkuð í þá átt, sem hann fer, hvorki á þingmálafundum nje í blöðum, þar sem rödd þjóðarinnar á að heyrast.

Því fer svo fjarri, að jeg sje því samþykkur, að löggjafarvaldið staðfesti með því að samþykkja þetta frumv., að þessi liður í umboðsstjórninni, amtmannaembættin, sje nauðsynlegur, og skuli standa sem löghelgaður á ný, um, hver veit, hve langan aldur. Jeg finn enga ástæðu til, að þingið hafi breytt skoðun sinni um afnám amtmannaembættanna.

Vera má, að frumv. geti tekið bótum, en eins og það er nú, þá er það ekki samþykkjandi.

Jeg skal að lokum lýsa því yfir, að jeg hika ekki við, að láta í ljósi skoðun mína, jafnvel þótt jeg eigi það á hættu, að sumir blaðamenn og annað velviljað fólk kunni að nota það á sinn hátt gegn mjer. Jeg veit vel, að það getur verið hættulegt að greiða atkv. móti þessu frumv.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Mjer fjellu illa undirtektir hins frjálslynda 2. þm Eyf. (J. J.), þar sem hann vildi ekki einu sinni gefa frumv. atkvæði sitt til 2. umr.

Hann tók það fram, að jeg hefði sagt, að það væri varúðarvert, að afnema amtmannaembættin algerlega. Já, jeg segi það, að það er varúðarvert og enda barnalegt, að slá því fram, að afnema embætti, og gera engar ráðstafanir fyrir, hverjir taka skuli við störfunum. Jeg játa það hreinskilnislega, að jeg var með afnámi amtmannaembættanna og biskupsembættisins á þingi 1891, án þess að störfum þessara embættismanna væri þá á nokkurn hátt ráðstafað, en síðan hefi jeg hugsað þetta mál rækilega og þykist nú sjá, að mikilsverður liður hverfur úr umboðsstjórninni, ef þessi embætti eru afnumin og ekkert sett í staðinn. Þau mál eru svo mörg, sem amtmaður leggur fullnaðarúrslit á, að meðan það úrskurðarvald er engum fengið, ekkert sett í staðinn, þá tel jeg ógjörning að afnema amtmannaembættin með öllu.

Þar sem þingmaðurinn talar um, að amtmaðurinn, ef hann væri einn, mundi gera meira gagn á Norðurlandi en á Suðurlandi, þá er ekkert á móti því, að hann eigi heima á Norðurlandi, ekki frá mínu sjónarmiði.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) kvaðst vera með því, að afnema amtmannaembættin. En hvað hjálpar frumv. um afnám þeirra á pappírnum, ef það fæst ekki staðfest? Hvað ávinnst þá, hvað sparast þá? Ef þingið með eindæmi sínu gæti ráðið því máli til lykta, það væri annað mál.

Ekki get jeg sjeð, að frumv. þetta sje hættulegt af því, að sje »ópólitískt« eða fylgi öfugri pólitískri stefnu. Frv. er eptir minni skoðun að eins bráðabirgðarráðstöfun, og sem slíkt kom jeg með það. Það er nokkur bót hjá því sem er, en í því er engri pólitískri stefnu slegið fastri. Það er í öðru frv., að vorri pólitísku stefnu er slegið fastri, stjórnarskrárfrumv., enda er það mikla frv. gengið í gegn um þessa h. deild á þessu þingi, og hlaut einhuga alvarlegt fylgi.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 : 7 atkv.

Frumv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla (C. 242); 1. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á þriggja manna nefnd, því það munu vera margir, sem vilja koma breyt.till. að, og svo hef jeg líka hitt fyrir augum, að næsta máli megi vísa til sömu nefndar.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 18 : 3 atkv., og í hana kosnir:
Jón Jónsson, þm. A.-Sk., með 8 atkv.
Sigurður Gunnarsson — 8 —
Þar eð fleiri höfðu eigi fengið næg atkvæði, var kosið aptur óbundnum kosningum, og þá hlaut kosningu:
Björn Sigfússon með 11 atkv.
Fyrstu umr. frestað.

Frumv. til laga um breyt. á 1. gr. í lögum 27. febr. 1889 um skipun prestakalla (C. 257); 1. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að þessu máli sje vísað til nefndar þeirrar, er kosin var í næsta máli á undan.

ATKVÆÐAGR.: Till. samþ. með 15 : 1 atkv.
Umræðunni frestað.

Frumv. til laga um afnám athugasemdar um lögdagslegging í stefnum (C. 198); 1. umr.

Flutningsm. (*Klemens Jónsson*): Þetta frumv. er eigi langt á pappírnum, og jeg þarf því eigi að þreyta deildina með langri ræðu til að gera grein fyrir því.

Jeg geng út frá því, að flestir h. þm. hafi sjeð stefnu, og þá muni þeir hafa sjeð, hvers konar sem stefnan er, hvort heldur það er rjettarstefna eða eiðstefna, að hún ávallt endar með þessum orðum: »Lögdagur er úr lögum numinn með tilskip. 3. júní 1796«. Jeg ímynda mjer nú, að flestir, að minnsta kosti menn út um land, viti ekki, hvernig á þessu stendur, en þó er það svo þýðingarmikið atriði, að stefnu getur orðið »ex officio« vísað frá, standi þetta ekki.

Á þessu stendur í stuttu máli þannig að í Norskum lögum 1—4—32 er fyrirskipað, að ef sá stefndi ekki mæti, þá skuli hann fá lögdag til næsta þings og er þetta kölluð lögdagslegging, og var það bókað af dómaranum eins og annað. Stefnandinn fjekk þá hjá dómara afrit úr bókinni og sakborningi var stefnt á ný, að mæta á næsta þingi. Þessi frestur tafði mjög mikið fyrir málum manna, og það var orðið svo síðast, þegar þingið stóð við Öxará á 17. og 18. öldinni, að nálega var ómögulegt að koma málum fram. En með tilsk. 3. júní 1796, 1. gr., var þessi lögdagur eða lögdagslegging numin burtu, og málið dæmt hvort sem hinn stefndi mætti eða mætti ekki samkvæmt því sem tekið er fram í 2. gr. í sömu tilskipun, en af því að hjer var að ræða um að afnema fasta gamla venju, sem orðin var rótgróin í hugum manna, einkum í Danmörku, þá var það tekið fram í 4. gr., að á hverja stefnu skyldi með berum orðum rita, að hinn stefndi gæti eigi vænzt lögdagsleggingar samkvæmt þessari tilskipun, og síðan hefir þetta haldizt.

Það er reyndar nokkurt vafamál hvort það er nauðsynlegt eða ekki, að taka þetta fram á stefnum í þeim málum sem átt er við í tilskipun 15. ágúst 1832, sem er yngri tilskipun. Þar er fyrirskipað um sjerstakan rjettargangsmáta í einkamálum og hvað það snertir er tilskipunin úttæmandi, en hún nefnir hvergi »lögdag«, en hvernig sem þetta yrði skoðað, þá er enginn sem hefur vogað að fella burtu hin tjeðu orð úr stefnunum. Hið sama átti sjer stað í Danmörku fyr meir, þar var lögdagur, sem hjelzt til 1796, og þar var sama ákvæðið að lögdags-afnámið skuli rita á stefnuna. Þar er litið svo á, að í þeim málum sem fyrirskipaður hefur verið sjerstakur rjettargangsmáti í síðan, þar þurfi ekki að taka þetta fram; jeg skal taka til dæmis lögin 19. febr. 1861, sem settu á stofn sjerstakan rjettargangsmáta í sjó- og verzlunarmálum;

í þeim lögum er engin athugasemd að þessu leyti gjörð og þó líta lögfræðingarnir þar svo á, að við slík mál þurfi ekki að þaka það fram. Sem sagt, þó nokkur spurning kynni að vera um, hvort mætti sleppa þessu ákvæði eða eigi, þá hafa menn ekki þorað það. En það að menn skuli vera í þessari óvissu, þannig, að hvorki dómarar, málaflærslumenn nje hinir aumustu »lummu-procuratorar« hafa þorað að hreifa þessu, er mjög óþægilegt, og þó þetta sje ekki mikilvægt atriði, álít jeg rjett, að fara fram á, að afnema þessa »Antiquitet«, sem á miklu fremur heima á forngripasafninu en í gildandi lögum, enda mun nú vera svo langt um liðið, að hennar sje engin þörf.

Jeg orðlengi svo ekki um þetta frekar, og vona, að málið fái fram að ganga.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Tillaga til þingsdlyktunar um sveitastjórn (C. 342); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.: Eptir uppástungu forseta var samþ. ein umræða.

Tuttugasti og níundi fundur, fimmtudag 3. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um breyting á 2. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Islandi 26. mai 1863 (C. 378, 395, 415); 3. umr.

Framsögumaður meiri hlutans (*Einar Jónsson*): Jeg þarf ekki að vera langorður, því jeg hef látið skoðun mína á þessu máli í ljósi við hinar fyrri umr. þessa máls, en það var að eins eitt atriði í ræðu h. framsögumanns minni hlutans (Sk. Th.) við 2. umr., sem jeg get ekki alveg gengið fram hjá. Hann tók það nefnilega fram, að ekki ætti að styðja landbúnaðinn með því, að gjöra hjúunum rangt til. En það hefir aldrei verið meining okkar, að halda fremur fram rjetti bænda en hjúa; jeg verð að mótmæla því. Vjer höfum haft það fyrir augum, að gjöra hvorugum rangt til, og þeim hefur heldur ekki verið gjört það. Jeg þykist vita það með vissu, að bændum líður ekkert betur að tiltölu en vinnuhjúum, að því er snertir hin hversdagslegu kjör þeirra. Sama er að segja um fjárhag hvorratveggja. Jeg hef aldrei getað sjeð, að bændurnir græði meira að sínu leyti en hjúin, undir þeim lögum sem eru, svo að hægt sje að segja, að hjúin standi þar tiltölulega ver að vígi. Það er þess vegna í þessu frumv. alls ekki hallazt á hjúin, heldur er farið fram á, að halda ástæðum hvorratveggju í sanngjarnlega jötnu horfi. En aptur á móti álít jeg, að ef lausamennskan væri skilyrðislaust leyfð, þá væri gefið tilefni til að halla á bændurna.

Það var h. þingm. Dal. (J. P.), sem sagði, að með því að afnema vistarskylduna, væri aukið sjálfstæði hjúanna. Það er að vísu gott, ef slíkt ynnist við það, en sjálfstæði annars flokksins má ekki aukast á kostnað hins flokksins, og það hygg jeg að þó yrði hjer, ef vistarskyldan væri afnumin eða því sem næst. Það er ekki heppilegt, að gjöra stórfelld umskipti snögglega í slíku máli, sem þetta er. Ef lausamennskan yxi snögglega mjög mikið úr því sem er, án þess að verð vinnunnar lækkaði, mundi það leiða til þess, að velmegun bændanna hnignaði og þar með sjálfstæði þeirra, og það mundi jafnvel fara svo, að sumir þeirra yrðu að gefa upp búskapinn og gefa sig í vinnumennsku eða lausamennsku, og þá sje jeg ekki annað en hlynnt sje að sjálfstæði hjúanna á kostnað bænd-

anna, og það ætti þó vissulega ekki að vera; bezt er að hlynnt sje að báðum jafnt.

Jeg skal svo ekki fara meira út í þetta mál, því jeg hef tekið fram það, sem er mitt álit áður, en jeg ætla að víkja að breyt.till. sem jeg og annar h. þm. höfum komið fram með. Hún er skýr og glögg og fljótt hægt að átta sig á henni. Við höfum með henni viljað taka til greina bendingar hæstv. landshöfðingja og h. þm. V.-Skaptf. (G. G.). Breyt.till. við 3. gr. fer fram á, að lausamenn sanni fyrir hreppstjóra eða bæjarfógeta, með skýrteini frá húsráðanda, hvar heimilisfang þeirra sje, ef þeir krefjast þess.

Við höfum komið með þetta af því, að h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) gat þess, að lausamenn gætu sagt ósatt til heimilis síns, svo að bændur ef til vill vissu ekkert fyrr en farið væri að krefja þá um gjöld þau, sem lausamenn ættu að borga. Við höfum ekki farið lengra en það, að lausamenn þurfi að eins að sanna þetta, ef þess yrði krafizt, því til sveita veit hreppsstjóri opt vel um það, hvort lausamenn hafa þar heimilisfang og hvar þeir hafa það, eða geta fengið að vita það á hreppaþingum. Þess vegna höfum við ekki farið lengra en svo, að þeir eigi að sanna þetta ef þess er krafizt, annars ekki.

Breyt.till. við 4. gr. gjörir frumv. þetta líka aðgengilegra. Hún fer fram á það, að bóndinn sje ekki skyldugur til þess að borga gjöld lausamannsins, ef hann getur vísað á einhverja eign, sem lausamaður á, sem verði tekin lögtaki. Það hefði nú reyndar mátt álíta það sjálfsagt, hvort sem var, en þetta er þó til að gjöra það ótvírætt.

Í breyt.till. við 3. gr. höfum við tiltekið 4—20 kr. sektarupphæð fyrir brot gegn því að hafa ekkert fast heimili, þó slíkt brot gæti heimfærzt undir 9. gr. í tilsk. 26. maí 1863.

H. þingm. V.Skaptf. (G. G.) fann að frumv., að þar vantaði, að bæjarfógeti væri nefndur, ef um bæ væri að ræða. Jeg get ekki sjeð, að hann hefði þurft að álíta frumv. nokkuð óaðgengilegra fyrir það, þar sem hann fann ekki ástæðu til að breyta lögum þeim, sem nú gilda í því efni, því að þar er nú hvergi nefndur bæjarfógeti. En samt þótti okkur rjett að koma með viðbót í þessa átt.

Í 15. gr. hinna núgildandi lausamannalaga er ákveðið, að sektir skuli renna til hreppstjóra, en í bæjum er þetta ekki sjerstaklega ákveðið, en mjer er kunnugt um það, að hjer í Reykjavík munu þær vera látnar ganga til fátækrastjóra, og því höfum við tekið upp sams konar ákvörðun í breytingartillöguna.

Þegar frá er skilin 3. gr., þá er engin ákvörðun í frumv., sem gjörir sektarákvæði nauðsynlegt, nema 1. gr. Nú kemur hún að vísu í staðinn fyrir 2. gr. í tilsk. 26. maí 1863, og mætti því álíta, að sama sekt lægi við að brjóta 1. gr. í þessu frumv., eins og þar er ákveðið fyrir það að brjóta 2. gr. í nefndri tilsk., en þó þótti okkur rjettara, að taka það fram með berum orðum í breytingartill.

Aptur á móti fundum við ekki ástæðu til að leggja sekt við því að brjóta 2. gr., þar sem stjórninni hefur ekki þótt ástæða til að leggja sekt við sams konar ákvörðun í sínu frumv.

Breyt.till. minni hlutans um að þeir, sem eru fullra 30 ára fái leyfisbrjefið ókeypis, hef jeg ekkert sjerlegt á móti, því að það kemur ekki verulega í bága við aðalstefnu meiri hlutans.

Framsögumaður minni hlutans (*Skúli Thoroddsen*): Jeg hefi leyft mjer að

koma fram með breyt.till. við frumv. þetta, sem jeg vona, að hin háttv. þingdeild taki vel í, með því að hún miðar að eins til þess, að gera frumv. nokkru aðgengilegra, en raskar ekki þeirri grundvallarstefnu, sem samþykkt var hjer í deildinni við 2. um.

Eptir hinni núgildandi löggjöf geta þeir, sem verið hafa í vinnumennsku í 20 ár, og fengið jafnan góðan vitnisburð, fengið ókeypis leyfisbrjef til lausamennsku, það er að segja, þeir greiða að eins 2 kr. til landssjóðs fyrir leyfisbrjefið. Í »praxis« mun ákvæði þessu vanalegast beitt svo, að þeir, sem eru orðnir 36 ára að aldri, geta fengið þetta 2 króna brjef; en nú hefi jeg, og fleiri h. þm., komið fram með þá breyt.till. við þetta frumv., að menn, sem eru 30 ára, geti öðlazt leyfisbrjef, án þess að borga fyrir það annað gjald en þessar 2 kr. til landssjóðs. Viðvíkjandi því sem h. 1. þm. N.-M. (E. J.) sagði, að jeg hefði sagt við 2. umr., að vinnuhjúum væri gert rangt til með vistarskyldunni, þá skal jeg geta þess, að jeg sagði þetta eptir því tilefni, sem ræða h. framsögum. (E. J.) meiri hlutans gaf mjer til þess, því að í ræðu hans kom fram megn kvíðbogi fyrir því, að landbúnaðurinn myndi eyðileggjast, ef gengið væri langt í þá átt, að rýmka um rjettinn til lausamennsku; hann var hræddur um, að bændum myndi þá veita svo örðugt, og verða svo kostnaðarsamt, að fá sjer næga vinnukrapta, að þeir yrðu ef til vill að hætta við búskap. En eptir þessum orðum h. framsögumanns meiri hlutans fæ jeg ekki betur sjeð, en að meiri hlutinn álíti vistarskylduna nauðsynlega, til þess að bændur geti »speculerað« í því, að fá sem ódýrasta vinnukrapta; en þar af leiðir það aptur, að vinnulýðnum er með vistarskyldunni gert rangt til, þar sem vistarskyldan þá er því til tálmunar, að verkalýðurinn geti fengið vinnu sína eins vel borgaða, eins og hún í raun og veru er virði. En að bera þannig umhyggju fyrir bændunum á kostnað vinnulýðsins álít jeg ekki rjett, enda verð jeg að mótmæla því, að þúnaðurinn sje svo illa staddur, að grípa þurfi til slíkra örþrifsráða, sem vistarskyldan er, til þess að halda honum uppi. Lausamennskan mun, að mínu áliti, þvert á móti einmitt verða til þess, að bændur geti í mörgum tilfellum einmitt fengið sjer hagkvæmari vinnukrapta, því að þeim mun smámsaman lærast að nota meira daglaunamenn en nú tíðkast, og losa sig við of mikið hjúahald þann tímann, sem lítið er til að starfa á heimilunum.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleirum orðum, því að hin háttv. neðri deild hefir þegar slegið fastri þeirri stefnu, sem hún vill fylgja í þessu máli; og við, sem lengra viljum fara, verðum að sætta oss við það, en lifum þó í lengstu lög í þeirri voninni, að efri deild muni breyta frumv. þannig, að það verði ögn aðgengilegra og frjálslegra, og samboðnara kröfum nútímans, heldur en það nú er, eins og neðri deildin skilst við það.

Björn Sigfússon: Það er breyt.till. á þingskjali 296, sem mjer er ekki fullljóst hvað meint er með, þar sem farið er fram á að þrítugur maður fái leyfisbrjef ókeypis, hvort það er meiningin að hann eða hún skuli að eins laus við að borga 10 eða 5 kr. gjaldið, eða skuli einnig laus við að greiða 2 kr. til lögreglustjóra fyrir leyfisbrjefið. Mjer finnst þetta þannig orðað, að það gæti orðið misskilið, og vildi því gjarnan fá skýring á því. Það er í sjálfu sjer kannske ekkert á, móti að hann fái ókeypis brjefið hjá lögreglustjóra; það miðar að því að gera mönnum nokkru ljettara fyrir með að fá leyfið. En jeg

vil vekja athygli manna á einu, sem kom fram í gær við umr. um frumv. sem fellt var þá, og var um kjör verkmanna. Í umræðunum um það frumv. sagði h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.), að kjör verkmanna í kaupstöðum væri mjög bágborin og kaup þeirra bæði illt og lítið. Hann lýsti eymd þeirra með átakanlegum orðum, sem jeg ímynda mjer, að hafi hrært fleiri en mig til meðaumkvunar. En sje nú þessu þannig varið, sem jeg alls ekki efast um, þar sem þingmaðurinn er því nákunnugur, þá hlýtur það að stafa af því, að það eru of margir verkamenn við sjávarsíðuna. Ef það væri ekki, mundu kaupmenn ekki geta þröngvað kosti þeirra eða ráðið kaupgjaldi.

Sami h. þm. hefir áður játað, að ein afleiðingin af leysingu vistarbandsins mundi verða sú, að verkmannalýðurinn mundi streyma meira til sjáfarsveitanna og til kaupstaðanna, og verða til hnekkis fyrir landbúnaðinn, en það yrði nú svo að vera, og gerir — eptir hans skoðun — ekkert til. En er það þá heppilegt fyrir verkmennina sjálfa, að draga sem flesta í eymdina? Það liggur þó í augum uppi, að því fleiri verkmenn sem safnast saman í kauptúnum, til að keppa hver við annan um þessa ljelegu atvinnu, því verra verður það, ekki einungis fyrir þá sem koma að, heldur líka fyrir þá sem fyrir eru, og því hægra verður kaupmönnum að undiroka þá. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, því að flestir munu vera orðnir leiðir á þessum löngu umræðum. Þó vil jeg gera örstutta athugasemd við eitt, sem hæstv. landsh. sagði við 2. umr. Hann taldi það efasamt, hvort lausamenn nyti nokkurs af sjóði þeim til styrktar fátækum og örvasa verkamönnum, sem við viljum leggja lausamennskugjaldið í. Auðvitað fá þeir ekkert, ef þeir deyja strax, en ef þeir lifa nokkur ár, munu þeir geta fengið styrk úr sjóðinum, og þess verður ekki langt að bíða. Það eru ekki nema hjerumbil 8 ár þangað til verður farið að borga út úr honum og þá á að borga út árlega helming gjaldsins og helming vaxtanna. Og þessum styrk eiga hreppsnefndir að úthluta meðal ellihrumra og fátækra manna. Það er engin ástæða til að halda, að fátækir lausamenn verði settir hjá. Það eru allar líkur til, að þetta geti fljótt komið þeim að notum og mun verða góður styrkur, einkum þegar fram líða stundir.

Framsögumaður meiri hlutans (*Skúli Thóroddsen*): Jeg ætla aðeins að gera stutta athugasemd, út af ræðu h. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.). Meiningin með breytingar.till. á þingskj. 296 er ekki sú, að þrítugir menn skuli vera lausir við 2 króna gjaldið, sem 5. gr. tilskip. 26. maí 1863 áskilur, að greiða skuli fyrir leyfisbrjefið til lögreglustjóra, og sem nú rennur til landssjóðs, heldur fer breytingartill. fram á, að losa þá við 5 kr. og 10 kr. gjaldið, sem frumv. ákveður. Breytingartill. er í fullu samræmi við önnur ákvæði frumv., því að frumv. talar að eins um 5 kr. og 10 kr. gjald fyrir lausamennskuleyfið, en jafnframt standa ákvæðin í 5. gr. tilskip. 26. maí 1863 óhögguð, svo að kostnaðurinn verður því eptir frumv. 10 + 2 kr. fyrir karlmann og 5 + 2 kr. fyrir kvennmann.

Þá verð jeg að víkja nokkrum orðum að ummælum þm. um frumv. það um kaupgjaldsborgun til verkmanna, sem fellt var hjer í deildinni í gær, enda þótt það frumv. hefði mátt vera umræðum þessum óviðkomandi.

Þm. Húnv. (B. Sigf.) sagði, að jeg hefði sagt, að kaupgjald í kaupstöðunum væri bæði illt og lítið, en aldrei voru það mín orð; jeg fjekkst ekkert

um kaupgjaldsupphæðina, heldur um hitt, hve lítfð verklýðnum yrði úr því kaupi, er eingöngu væri borgað út úr búð í »dönskum vörum«; og jeg sýndi fram á, að það væri skylda þingsins, að bæta hag þessara manna, svo að ok atvinnuveitandanna eigi lægi jafnþungt á þeim, eins og nú gerist. Það er ekki auðgert fyrir hinn fátæka, að skapa hinum efnaða skilyrðin, og þess vegna verður löggjafinn að vernda þá gegn því, að aðrir misbrúki efnalegt ósjálfstæði þeirra.

Það var og eigi rjett hermt, að jeg hafi sagt, að verkalýðurinn mundi streyma til sjáfarsveitanna, ef leyst væri vistarbandið, (*Björn Sigfússon*: Jú, það hefir þingmaðurinn sagt, þó hann kannist nú ekki við það), heldur hefi jeg að eins eigi neitað því, að slíkt gæti komið fyrir, með því að hver vill auðvitað sitja við þann eldinn, sem bezt brennur; en treysti verkalýðurinn sjer til þess, að hafa þar betri og arðsamari atvinnu en í landsveitunum, þá get jeg ómögulega annað álitið, en að það sje ósanngjarnt og ranglátt, að meina mönnum að nota krapta sína þar sem þeir þykjast bezt geta komizt af. En að segjast vilja halda í vistarskylduna eins og framsögumaður meiri hlutans (E. Jónss.) segir, af því að vinnan verði landbændum ella of dýr, það er einmitt að játa, að það sje tilgangur vistarskyldunnar, að halla á verkalýðinn. Fullkomið jafnrjetti til atvinnu skapar aptur á móti hinn rjetta mælikvarða fyrir kaupi því, sem hver á heimtingu á fyrir vinnu sína.

Í sambandi við það, er h. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.) vildi væna mig um ósamkvæmni í verkmanna- og vistarskyldumálunum, skal jeg láta þess getið, að ósamkvæmnin er öll á þeirra hlið, sem greiddu atkvæði móti verkmannafrumv. í gær, því að aðalástæða þeirra á móti því frumv. var þá sú, að það gengi of nærri samningsfrelsinu; en þegar vjer í dag ræðum um það, að ljetta vistarbandinu af íslenzkri alþýðu, þá hljóma frelsistónarnir nokkuð öðru vísi frá vörum þessara þingmanna. Þetta sýnir, að varhugavert er, að vera »slá mikið um sig« með orðinu »frelsi«, (*Björn Sigfússon*: Þetta heilræði ætti þm. að kenna sjálfum sjer), með því að skilningur manna á því orði er, og hlýtur einatt að vera, allmisjafn.

Framsögumaður meiri hlutans (*Einar Jónsson*): Mjer þykir leiðinlegt, að mjer hefir eigi heppnazt að gera aðalskoðun mína á máli þessu ljósa með öllu því, sem jeg hefi sagt. En jeg sje að h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) hefir þó eigi skilið hana rjett, þar sem hann segir, að við munum eigi sjá í að halla á vinnufólkið. Það viljum við alls eigi; þvert á móti viljum við breyta þeim ákvörðunum þeim í hag, sem við álítum ósanngjarnar. En væri farið að eins og minni hlutinn helzt vill, og vistarskyldan snögglega leyst alveg, þá mundi reynast, að hallað væri á bændurna, vinnan mundi þá verða þeim of dýr og þeir eigi fá haldið efnahag sínum í því horfi sem hann er nú; og má þó eigi á hann halla. Það er vor aðalástæða, og þess vegna er það, að vjer viljum fara varlega. Jeg skal svo eigi fara meira út í það að sinni, því að þess ætti eigi að vera þörf. Það er heldur ekki vert að fara neitt út í »frelsið« sem h. þm. minntist á, því að jeg hygg að frelsið hans í gær, og frelsið okkar í dag, muni nokkurn veginn vega salt, eða að minnsta kosti ekki ganga nær frelsinu í þessu frumv., en hann gerði í frumv. því sem rætt var í gær.

ATKVÆÐAGR.: Br.till. við 1. gr. frumv. (296) samþ. með 15 atkv. : 2;

Br.till. við 3. gr. frumv. (321) samþ. með 15 atkv. : 2; Br.till. við 4. gr. frumv. (321) samþ. með 16 atkv. : 1; Br.till. við 5. gr. frumv. (296) samþ. með 16 samhlj. atkv.; Br.till. við 5. gr. síðari lið (321) samþ. með 15 samhlj. atkv.; Br.till. við fyrirsögn frumv. (293) samþ. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. með 20 atkv. : 2.

Frumvarp til laga um afnám gjalds af fasteignarsölu (C. 397); 3. umr.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Jeg vil að eins geta þess, að nefndin hefir eigi fundið ástæðu til að koma með breytingartill. við þetta frumvarp. Jeg vona að það sje svo stutt og laggott sem þörf er á, og að h. deild samþykk það.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt með 20 samhlj. atkv. og afgreitt síðan til efri deildar.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891 (C. 300); 2. umr.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Jeg get að mestu leyti vísað til nefndarálitsins hvað snertir 2. og 4. gr. frumv. Jeg ætla ekki að tala um þær, enda hefir nefndin ekki álitið neitt því til fyrirstöðu, að þær sjeu samþykktar óbreyttar. En þar sem neðri deild í ummælum sínum um 3. gr. lætur þess getið, að deildar skoðanir hafi komið fram um það, hve haganlega vegur sá, er sameinar Ölfusárbrúna við aðalpóstveginn, sje lagður, þá er það sprottið af því, að á síðasta hausti urðu talsverða umræður um þetta mál, og var því haldið fram í einu blaði, að vegurinn hefði orðið dýrari en þörf var á. En hvað sem um það er, þá er landsstjórnin vítalaus; því hún hefir að eins farið eptir tillögum verkfróðs manns. Neðri deild álítur því, að það sje ekki vafi um, að rjett sje að samþykkja þessa fjárveiting í fjáraukalögunum.

Hvað viðvíkur viðaukum þeim, sem nefndin hefir komið fram með, þá skírskotar hún til álitsskjals nefndarinnar um athugas. og tillögur yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikningana fyrir 1890 og 1891, og eins og menn sjá, fer nefndin ekki fram á annað en það sje samþykkt, sem þeir leggja til. Jeg skal geta þess, viðvíkjandi staflið a., að eins og tekið er fram í svörum landshöfðingja, þá er það regla, að landssjóður borgi aðalviðgjörðir á húsum embættismanna þeirra, er frían bústað hafa. Samt sem áður þótti nefndinni það viðkunnanlegra, að það væri eigi á hendi landsstjórnarinnar einnar, að ákveða upphæðina, heldur að þingið væri þar einnig með í ráðum, og það því fremur sem kostnaður þessi getur orðið töluverður.

Viðvíkjandi staflið b., um peningaskáp úr járni handa Kjósar- og Gullbringusýslu, var það álit nefndarinnar, að embættismönnum yfir höfuð gæti eigi orðið gert að skyldu, að kaupa á sinn kostnað svo dýra hirzlu, þó þær álítist nauðsynlegar fyrir embættin. En þá væri ekki önnur ráð en að kaupa þær á kostnað landssjóðs. Viðvíkjandi þessu atriði kom það til orða í nefndinni, hvort eigi væri ráðlegt að lagðar væru til slíkar hirzlur, eigi að eins þeim embættismanni er hjer ræðir um, heldur einnig öllum þeim embættismönnum, sem mikil peningaábyrgð hvílir á, eða hafa á hendi mikilsvarðandi bókfærslu. Því að annað er eigi sjáanlegt, en ef slys vildi til, eldsvoði, eða þess háttar, að þá gæti eigi að eins mikill peningaskaði af hlotizt, heldur einnig mjög mikil vandræði, ef áríðandi bækur, eins og t. d. veðmálabækur, færust. Samt sem áður hefir nefndin eigi fundið ástæðu til, að koma

með tillögu í þá átt, en hún skýtur því til landsstjórnarinnar, hvort henni fyndist ekki ástæða til þess.

Með staflið c. og d. er nokkuð öðru máli að gegna. Í svörum landshöfðingja er því haldið fram, að fje það, sem veitt er í fjárlögunum til óvissra útgjalda, sje einnig ætlað til þess háttar fyrirtækja, enda sjeu til eldri ákvæði um það. En nú hittist svo á, að hjer er ekki eiginlega um bókmenntalegt fyrirtæki að ræða. Þessi styrkur, til að gefa út bækling um sullaveiki og ritling um leiðir og lendingar, er eiginlega ekki veittur þeim mönnum, sem gefið hafa út bækur þessar, heldur er það eptir ráðstöfun landsstjórnarinnar, að þær hafa verið gefnar út, og gæti það því heyrt undir hana að kosta útgáfu bókanna. En nefndin hefir samt sem áður álitið rjettast að taka þetta með upp í fjáraukalögin.

Að endingu skal jeg fám orðum minnast á viðaukatill. þá, er komið hefir frá fjárlaganefndinni um 300 kr. styrk til fornleifafjelagsins fyrir hvort af þeim árum, sem um er að ræða, 1890 og 1891, samtals 600 kr. Þess ber að geta, að þessi styrkur hefir áður verið veittur fyrir þessi sömu ár, þó með því skilyrði, að árbækur kæmu út fyrir þessi 2 ár, 1890 og 1891. En þar eð þær eigi komu út þau árin, var fjenu haldið eptir. Nú er nýlega búið að gefa út árbækur fyrir 5 síðastliðin ár í einu lagi, svo að það sýnist svo sem hinu upphaflega skilyrði sje fullnægt, og finnst nefndinni því engin ástæða til að neita nú um styrkinn. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að þessar árbækur hafa kostað fjelagið allt að 900 kr. og að nú er í ráði að gefa út árbækur fjelagsins með ljósprentuðum myndum af hinum merkustu munum í forngripasafninu, sem hlýtur að kosta mjög mikið.

Bogi Th. Melsted: Jeg ætla að eins að minnast á breyt.till. þá, er komið hefir frá fjárlaganefndinni. En h. framsögum. hefir tekið fram flest af því, er jeg ætlaði að segja, og hefi jeg litlu við að bæta.

Fornleifafjelagið gengur að mestu leyti út á, að styðja aðra þjóðlega stofnun, forngripasafnið, sem kostað er af landssjóði, og hefir það ráðið einn góðkunnan fræðimann fyrir lítið kaup til þess að safna munum handa forngripasafninu. Þessi maður er Brynjólfur Jónsson á Minna-Núpi, og á hann að halda því starfi áfram, er Sigurður fornfræðingur rak með miklum dug, svo að það hafði hina mestu þýðingu fyrir safnið. Tekjur fjelagsins eru mjög rýrar, og ef það fær eigi þennan styrk, á það mjög erfitt uppdráttar.

Það er og annað fyrirtæki, sem fornleifafjelagið hefir í huga, og er það mjög mikilvægt og þýðingarmikið fyrir menningarsögu Íslands og allra Norðurlanda; það er að gefa út myndir af helztu og fegurstu gripum forngripasafnsins. Norræna safnið (Nordiska Museum) í Stokkhólmi hefir nýlega gefið út myndir af íslenzkum gripum, sem það á, og hafa þær vakið allmikla eptirtekt meðal manna erlendis; þó á safn þetta hvergi nærri jafngóða gripi og forngripasafnið.

Margir útlendir vísindamenn hafa opt kvartað yfir því, að engar myndir hafa verið gefnar út af munum, sem eru hjer á safninu. Þeir þurfa opt á þeim að halda við ýmsar rannsóknir, þar sem þeir geta eigi sjeð hlutina sjálfa. Þetta hefir því ákaflega mikla þýðingu bæði fyrir menn erlendis og þjóðina sjálfa; myndirnar mundu styðja að því erlendis, að breiða þar út þekkingu á Íslandi, og menn hjer á landi munu hafa bæði gagn og gaman af þeim, ef þær verða vel gerðar. Jeg þarf ekki að mæla

fleiri orð um þetta mál, enda ímynda jeg mjer, að allir sjeu á eitt sáttir, að sjálfsagt sje að veita fjeð.

ATKV.GR.: 2. gr. samþykkt með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. við 3. gr. (196) samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. við 3. gr. samþ. með 22 samhlj. atkv.; 4. gr. samþ. í einu hljóði; breyt.till. 1 á þingskj. (322) samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. 2 á þingskj. (322) samþ. með 22 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskjali (322) II. b. samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj (322) II. c. samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. (322) II. d. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 5. gr. samþ. með 22 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1890 og 1891 (C. 40, 294); 2. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og sjá má á nefndarálitinu hefir nefndin ekki komið með neinar breyt.till. við frumv., og vonar að það verði nú samþykkt í þessu formi.

ATKV.GR.: Tekjubálkurinn (1.—22. liður) samþ. í einu hljóði. Gjaldabálkurinn (1.—12. liður) sömul. samþ. í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hljóði.

Frumv. til laga um toll á brúm yfir Ölvesá og Þjórsá (C. 197, 311, 374); 2. umr.

Framsögumaður minni hlutans (Sighv. Árnason): Jeg skal leyfa mjer með fáum orðum að minnast á þetta mál h. þingdeild til athugunar áður en gengið verður til atkvæða um það.

Eins og h. þingdm. mun vera ljóst, eru breyt till. meiri hluta nefndarinnar við 1. og 2. gr. frumv. sprottnar af þeirri grundvallarstefnu, að vilja hvorki tolla þessar nje aðrar brýr á landinu, en að þau sýslufjelög, sem mest not hafa af brúnum, leggi sinn skerf til þeirra, því, eins og tillögur meiri hlutans sýna, ætlast hann til að þau sýslufjelög, sem hjer eiga hlut að máli, Árness- og Rangárvallasýsla, kosti gæzlu Ölvesár- og Þjórsárbrúarinnar. Af hinni sömu grundvallarstefnu er það sprottið, að meiri hluti nefndarinnar leggur það til að 3. og 4. gr. frumv. falli burtu, og sömuleiðis að 5. grein falli burtu, því meiri hlutinn ætlast til að brúarlánið til sýslufjelaga Árness- og Rangárvallasýslna standi óhaggað. En eins og jeg tók fram áðan, ætlast meiri hluti nefndarinnar til, að gæzlukostnaðurinn komi ofan á þetta lán.

Þá vildi jeg víkja fáum orðum að h. þm. V.-Skapt. (G. G.) og óska þess, að hann haldi ekki fast fram þessu brúartollsmáli, því jeg efast um, að kjósendum hans sje það kærkomið eða að þeir verði honum þakklátir fyrir þessa frammistöðu hans í málinu, því ef brúin kemst á Þjórsá, þá geta allir getið því nærri sem til þekkja, að hún muni verða mikið notuð af Vestur-Skaptfellingum, þar sem enn er ekki útlit fyrir, að verzlunin í Vík fullnægi kröfum þeirra. Þeim, sem þekkja til ferðalaga austan af Fljótshverfi og Síðu og vestur á Eyrarbakka, mundi ekki þykja það æskilegt, að hitta brýrnar lokaðar að minnsta kosti annað dægrið, sem tálmaði ferðum þeirra, og verða svo að borga brúartoll í tilbót. Ef. h. þm. (G. G.) hefði sjálfur reynt lestaferðir í slæmu veðri alla þessa leið, þá mundi hann varla halda slíku fram.

Þá vildi jeg víkja fáum orðum að h. framsögum. minni hlutans (J. Þór.), og þá fyrst benda honum á, að viðskipti manna í Árness- og Rangárvallasýslu við menn í hans kjördæmi eru mjög mikil. En hverjir eru það, sem kosta mestu til þeirra viðskipta? Eru það ekki einmitt Árnesingar og Rangvell-

ingar? Jú, það eru einmitt þeir, sem hafa allt fyrir þessum viðskiptum. Þeir sækja hingað suður fiskætið og flytja bændum hjer syðra aptur smjör, tólg, skinnavöru, sauðfje og aðrar nauðsynjar. Jeg vil nú alvarlega vara h. framsögumann minni hlutans við því, að gjöra mönnum þessi viðskipti erfiðari en þau eru. Þau eru báðum nauðsynleg, bæði þeim, sem búa hjer við fljótann, og eins sveitamönnum þar eystra. Jeg vona að h. þm. sjái, að þetta er varhugavert atriði.

Ef nú þetta brúartollsmál gengur fram hjer á þinginu og tollur verður lagður á afnot þessara tveggja brúa, þá er mjög vikið frá grundvallarstefnunni í samgöngumálum vorum frá upphafi. Vjer vitum það, að enginn sjerstakur tollur er lagður á þau sýslufjelög landsins, sem mest not hafa af gufuskipaferðunum með ströndum landsins. Fram á það hefir heldur ekki verið farið á þessu þingi; þó væri það í fullu samræmi við þetta brúartollsmál. Það er þó mjög svo mismunandi, hvaða not sýslufjelögin hafa af gufuskipunum. Sum hafa þeirra mikil not, sum nokkur, en sum engin.

Fjögur sýslufjelög má nefna, sem ekki hafa þeirra nein not. Þau eru: Árnessýsla, Rangárvallasýsla, Skaptafellssýsla og Strandasýsla. Jeg get ekki vikið frá þeirri grundvallarstefnu, að í samgöngumálum eigi að miða við hið almenna gagn alls landsins, en ekki við gagn einstakra hjeraða; en í þessu máli er vikið frá þessari grundvallarstefnu. Mjer þykir það merkilegt, að menn skuli vilja víkja frá þessari grundvallarstefnu einmitt á þeim stöðum, sem ekkert gagn hafa haft og geta ekki haft af strandferðunum. Jeg skil ekki sjálfur, hvað mönnum getur gengið til þess, úr því »aðalprincipinu« í samgöngumálum vorum ekki er breytt að öllu leyti.

Nú um næstliðin 5 fjárhagstímabil mun vera búið að leggja til hinna föstu gufuskipaferða um 360,000 kr. Þetta er þó nokkuð meira fje en varið hefir verið og verja á til brúnna yfir Ölvesá og Þjórsá, og þó hefir engum dottið í hug að tolla afnot manna af gufuskipunum. Annaðhvort virðist mjer að öllu eigi að halda eins og er, lausu og frjálsu, eða þá að taka fyrir allar verulegar upphæðir, sem varið verður til samgöngubóta, og tolla afnot þeirra. Jeg vona að menn skilji mig, og álíti þetta rjetta hugsun.

Að svo stöddu skal jeg svo ekki fjölyrða meira um málið. Jeg er búinn að lýsa reglulega grundvallarstefnu meiri og minni hluta nefndarinnar í þessu máli, og svo er það auðvitað á valdi hinnar h. deildar, hvað hún ræður af við atkvæðagreiðsluna.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að víkja nokkrum orðum að hinni fjárhagslegu hlið þessa máls. Það kom fram við 1. umr. um þetta frumv., að þetta fyrirtæki, að leggja toll á brýrnar yfir Ölvesá og Þjórsá, mundi útvega landssjóði talsverða peninga. Jeg ljet þá í ljósi efa um, að þetta fyrirtæki mundi gefa mikinn afrakstur fram yfir það, sem gengi til að borga innheimtu tollsins.

Að öðru leyti finnst mjer það svo mikið, sem landssjóður leggur í sölurnar fyrir brúartollinn, að jeg sje ekki að hugsandi sje að leggja hann á.

Í fyrsta lagi á landssjóður eptir 5. gr. frumv. að gefa eptir brúarlánið, sem er 20,000 krónur. Það er sama sem að landssjóður gefi þessa upphæð burtu. Í öðru lagi á landssjóður að byggja eða kaupa bústað handa báðum brúarvörðum. Það er ekki gott að segja, hvað þessir bústaðir mundu kosta,

en ef jeg man rjett, þá hefi jeg lesið í einhverju blaði, að eigandi hússins við Ölvesá vildi selja það fyrir 3000 krónur. Hús brúarvarðar við Þjórsá mundi þá sjálfsagt líka kosta 3000 kr. Þá kemur að auk viðhald á þessum húsum, því eins og brúarverðir eiga að hafa ókeypis hús, eins hlýtur að minnsta kosti aðalaðgjörð á þeim að hvíla á landssjóði. Þessar 26,000 kr. ættu nú að vinnast upp á brúartollinum á nokkuð stuttum tíma, því annars yrði landssjóður fyrir töluverðu rentutapi, ef hann yrði að bíða eptir fjenu nokkuð lengi.

Þessi gróðagrikkur, sem frumv. fer fram á, er þessvegna ekki vel hugsaður.

Jeg skal enn taka það fram, að laun þau, sem minni hluti nefndarinnar vill ákveða brúarvörðunum, eru alveg ónóg, og landsstjórnin getur ekki tekið að sjer að framkvæma lögin, ef hún fær ekki meira fje til umráða en 500 krónur handa hverjum brúarverði. Því það getur þó ekki verið meining uppástungumanna, að landsstjórnin eigi að taka hvern, sem býðst, án tillits til þess, hvort hún hefir traust á honum eða ekki. Landsstjórnin verður að dæma um, hvort umsækjandi er hæfur eða ekki; hún verður að geta gengið í valið.

Auk þessa, sem jeg hefi tekið fram, eru ýms ákvæði frumv. og meiri hlutans ógreinileg. Svo er t. d. ákvæðið um, hverjir eiga kost á að kaupa rjett til afnota af brúnum fyrir allt að 5 kr. um árið. Þeir, sem »næstir« brúnum búa, eiga að fá þennan rjett. En þetta orð »næstir« er nokkuð óákveðið. Hve langt austur í Flóa og vestur í Ölves nær þessi rjettur að því er Ölvesárbrú snertir? Eru það kannske að eins tveir eða þrír næstu bæirnir, sem rjetturinn nær til, svo sem Selfoss og Árbær? Jeg held það verði erfitt álitamál, hve langt þessi rjettur má ná.

Ákvæðið um að póstar skuli undanþegnir tolli er líka nokkuð óákveðið. Meiningin er líklega sú, að brúin skuli frjáls fyrir póstsins eigin persónu og hest eða hesta þá, sem póstflutningur er á. En nú vita menn að póstar hafa opt fólk með í för sinni og stundum annan flutning um skamman veg. Ætli það verði þá ekki opt erfitt að sjá um, að póstar laumi ekki fólki og hestum kauplaust yfir brýrnar, og fari þannig í kringum brúarvörðinn?

Jeg skal víkja aptur að kostnaðinum við að framkvæma brúartollinn.

Jeg ímynda mjer, að það mundi verða töluverður kostnaður við tilbúning farseðlanna. Það er víst ekki meiningin, að það megi prenta þá í hverri prentsmiðju, sem vera skal. Jeg ímynda mjer, að það verði að fara eitthvað líkt með þá eins og seðla landsbankans að því er prentun og pappír snertir, svo ekki verði hætt við seðlafölsun. Af því seðlar þessir yrðu talsvert brúkaðir, þá yrði kostnaðurinn við þá ekki lítill. Margir muna sjálfsagt, hve mikið tilbúningur seðla landsbankans kostaði, og þó nokkuð öðru máli sje að gegna með þessa seðla, þá mundu þeir þó kosta töluvert fje.

Það er föst sannfæring mín, að brúartollurinn mundi ekki gefa mikið í aðra hönd, því hann mundi tæplega hrökkva til brúargæzlunnar.

Þegar nú þess er gætt, að sýslunefndir Árness- og Rangárvallasýslna vilja taka að sjer brúargæzluna að öllu leyti, og að þeir, sem mest halda fram brúartolli, hafa byggt á því, að hann væri sjerstaklega nauðsynlegur til þess að fá upp örugga brúargæzlu, og þegar þess er ennfremur gætt, að ekki er farið fram á að landssjóður gefi sýslufje-

lögunum eptir brúarlánið, þó þau ljetti gæzlukostnaðinum af landssjóði, þá sje jeg ekki, hvaða ástæða getur verið til að halda þessu brúartollsmáli fram.

Framsögum. meiri hl. (*Jón Þórarinsson*): Það var talað svo mikið í máli þessu við 1. umr. þess, að jeg vonaði, að umræður um það mundu verða stuttar nú, og svo vona jeg enn að verði. En umræðulaust getur það þó ekki gengið, því enn af nýju hafa verið hafin andmæli gegn grundvallarstefnu okkar minni hlutans.

H. 1. þm. Rvell. (Sighv. Á.) hefir enn tekið til máls gegn henni, en flest í ræðu hans voru að eins almennar athugasemdir, og þótt þær hafi verið komnar frá hjarta h. þm. og verið hjartnæmar, vona jeg, að þær hafi ekki áhrif á atkvæði b. deildar í máli þessu, því að jeg veit, að atkvæði muni verða greidd í því eptir skilningnum, en ekki eptir hjartanu.

H. þm. (Sighv. Á.) sagði, að það væri ekki rjett af mjer, að halda fram brúartollinum, af því að íbúar Gullbringu- og Kjósarsýslu hefðu svo mikil viðskipti við menn úr Árness- og Rangárvallasýslum, og að austanmenn færðu þeim nauðsynjavarning og sæktu aptur til þeirra vörur, sem þeim kæmi vel að selja. Það er satt, að þessi viðskipti eru mikil, og jeg vona, að þau muni fremur aukast en hitt, en fyrir það sje jeg enga fullnægjandi ástæðu til að hafna brúartolli, og eigi er það fullkomlega rjett, að brúartollurinn komi eingöngu niður á austanvjerum, því að þótt fleiri þeirra fari yfir brýrnar en sunnanmenn, þá munu þó nokkrir af mönnum úr Gullbringu- og Kjósarsýslu einnig eiga leið um þær.

H. þm. (Sighv. Á.) kom með samanburð, er hann kvaðst vona, að h. deild skildi, en hvað sem því líður, þá skildi jeg ekki, að hann gæti verið á rökum byggður; hann kom með þann samanburð, að sama væri að borga toll af brúm, sem að borga toll af strandferðaskipum. En hefir h. þm. (Sighv. Á.) nokkru sinni farið kauplaust með skipum kring um landið, eða veit hann til, að menn geti komizt það? Sje eigi svo, þá er líka samanburðurinn nokkuð haltrandi.

Hæstv. landshöfðingi tók fram tvær hliðar málsins, sem vitanlega eru merkilegar og íhugunarverðar. En þó komst hann að þeirri niðurstöðu í ræðu sinni, sem jeg ætla, að eigi sje ástæða til að komast að. Auðvitað er það reynslan ein, sem getur skorið úr því, hvað brúartollurinn muni gefa í aðra hönd, og vitaskuld er það, að við höfum aldrei búizt við, að hann mundi verða stór gróðahnikkur fyrir landssjóð; við höfum aldrei ætlazt til annars, en að tryggileg og góð gæzla fengist á brúnum, án þess að landssjóður þyrfti að kosta fje til þess.

Hæstv. landsh. tók það fram, að við vildum leggja 26000 kr. kostnað á landssjóð. Reyndar vil jeg ætla, að hann sje ekki fullkomlega svo mikill. Að vísu er það rjett, að telja það sem kostnað fyrir landssjóð, að vjer viljum að landssjóður sleppi tilkalli til þeirra 20000 kr., sem hann á tilkall til sem borgun upp í Ölvusárbrúna, en jeg hygg, að hann hafi reiknað bústaði brúarvarðanna óþarflega hátt. Jeg hef heyrt, að hægt muni að fá hús það, sem til er, fyrir lægra verð en hann nefndi til; þó þori jeg ekki að fullyrða það; en að öllum líkindum mætti koma upp ódýrara húsi handa brúarverðinum við Þjórsá.

Hæstv. landshöfðingi tók fram enn annað atriði, sem er íhugunarvert. Hann treysti ekki landsstjórninni til að útvega duglegan brúarvörð fyrir 500 kr. á ári. Víst er það agnúi á tillögunni, ef laun

brúarvarðar hafa verið sett of lágt, en í raun og veru er það hæstv. landsh. sjálfum að kenna, því að upphaflega vildum vjer fela honum sjálfum á vald að ákveða laun brúarvarðarins, svo að hann gæti haft sem óbundnastar hendur, til að velja vel hæfan mann; en þá hóf hann mótmæli gegn því, og tókum við það tillit til orða hæstv. lundshöfðingja, að við fastákváðum launin. En þrátt fyrir orð hæstv. landsh. hef jeg góða von um, að fá megi duglegan brúarvörð fyrir 500 kr., leigulausan bústað og önnur hlunnindi, sem sjálfsagt gætu fylgt starfi hans. Jeg tel víst, að hann mundi hafa talsverðar tekjur af gistingum og veitingum, yrði honum veitt veitingaleyfi. Vjer vitum allir, að bóndinn á Kolviðarhóli hefir ekki lítlar tekjur af því að hýsa menn og veita þeim beina, og líkt mundi verða um brúarverðina.

Þá nefndi hæstv. landshöfðingi nokkur ákvæði hjá okkur, er honum þótti ekki skýr og skiljanleg; þar á meðal þótti honum ekki greinilega að orði komizt, að þeir sem næstir búa brúnum skyldu eiga kost á að kaupa afnot þeirra fyrir 5 kr. árgjald; kvaðst hann eigi vita, hve marga ætti að telja búa næsta brúnum. Jeg hugsa mjer það ekki öðru vísi en að með næstir sje átt við einn bæ á hvorri hlið árinnar, því að fleiri geta ekki verið næstir; en það álitum vjer sjálfsagt, að þeir fengju þessa ívilnun, því að til þess að geta notað þessar jarðir, þurfa ábúendur þeirra einatt að fara daglega yfir ána, og það jafnvel optsinnis á dag.

Hæstv. landsh. taldi það sem agnúa á tillögum okkar, að póstar mundu geta komið samferðafólki sínu og hestum, sem ekki væru hafðir til póstferðarinnar, gjaldlaust yfir árnar. Jeg er ekki hræddur um, að mikil brögð geti orðið að þessu. Póstflutningur er svo auðþekktur frá öðrum flutningi, að ekki er hætt við, að á verði villzt. Það er sjálfsagt, að opt eru menn í för með póstum, einkum kvennfólk, en það sjer hver maður, að ekki er það pósflutningur. Það verður því ekki nema við einstök atvik, að póstar geti, þótt þeir vildu, komið því, sem í för með þeim er, undan því að greiða fyrir það lögboðinn brúartoll. Hið sama og þetta má annars hafa á móti öllum lögum, því að það er ekki hægt að girða fyrir, að á einhvern hátt sje hægt að fara í kring um þau, ef gert er ráð fyrir undirferli og óráðvendni hjá þeim, sem lögunum eiga að hlýða.

Þá taldi hæstv. landshöfðingi það mundu kosta mikið að búa til farseðlana, en jeg held hann hafi gert nokkuð mikið úr þeim kostnaði. Að vísu mega þeir ekki vera alls óvandaðir, eins og seðlar, sem að eins eitt nafn er prentað á, en þó er það víst, að svo vandaðir þurfa þeir ekki að vera, að tilbúningur þeirra kosti nærri eins mikið eins og tilbúningur landsbankaseðlanna.

Þá skal jeg loks víkja fám orðum að frumv. sjálfu og nefndarálitinu, og er þess þá að geta, að breyting minni hlutans er einkum fólgin í því, að hann hefir fært tollinn fyrir lausríðandi mann úr 20 aur. niður í 15 au., og fyrir hverja sauðkind úr 5 au. niður í 3 a. Vitanlega munar þetta nokkuð miklu, en þó hef jeg þá trú, að þetta gjald muni nægja í bráð; það er líka allt af innan handar að hækka það síðar, ef reynslan sýnir, að þess gerist þörf. Sömuleiðis höfum við skipt 2. gr. sundur í 3 gr. Þá leggjum við og til, að felld sje aptan af 4. gr. orðin: »Svo og aðalviðgerðir og endurbygging þeirra«. Við höfum gert það af því, að við vildum ekki vera að gefa undir fótinn með að við færum með þá spádóma, að brúar-

tollurinn mundi einnig nægja til þess sem þar er farið fram á; reyndar hef jeg ekki svo litla von um, að svo muni verða, þrátt fyrir allar grýlur þær, sem leiddar hafa verið fram.

Það eru ýmsir þeir agnúar á framhaldsáliti meiri hlutans, að þótt jeg gæti aðhyllzt stefnu þá, sem það hefir, þá er það svo úr garði gert, að mjer sýnist naumast hægt að samþykkja það eins og það er; og fyrir utan formgalla sem á því eru, þá virðist mjer stefna þess all-varúðarverð fyrir sýslufjelög þau, sem hlut eiga að máli. Jeg hefði að vísu átt að ganga út frá því, að h. meiri hluti hefði haldið hlífiskildi yfir elskulegum kjósendum sínum, svo að jeg þyrfti ekki að gera það. En mjer sýnist þó ekki betur en að nokkur brestur hafi orðið á því. Mjer virðast þeir ætla að leggja þeim alþungan skatt á herðar; fyrst og fremst þær 20000 kr., er við vildum ljetta af þeim, og auk þess kostnað við brúargæzluna; hæstv. landshöfðingi hefir tekið það fram, að sú gæzla þyrfti að vera tryggileg, og að hann treysti sjer ekki til að fá mann til hennar fyrir 500 krónur. (*Landsh.*: Þetta er ekki rjett). Það er satt, að þá gerði hæstv. landshöfðingi einnig ráð fyrir, að brúarvörðurinn innheimti líka tollinn; en það er ekki mikill ómaksauki fyrir hann; hann þarf hvort sem er að vera daglega við brúna, til að gæta hennar, og þá munar hann minnst um að taka við tolli hjá þeim, sem yfir brúna fara; og fyrst þeir nú ætla að fela hæstv. landsh. á hendur að sjá um brúargæzluna, þá geta þeir eptir orðum hans ekki búizt við, að hún kosti minna á ári en 500 kr.; að öllum líkindum ætti hún að kosta talsvert meira, því að við gerðum ráð fyrir, að brúarvörðurinn hefði ókeypis bústað auk 500 kr. launa. Þetta er svo þungur skattur á sýslufjelögin, að jeg verð fyrir þeirra hönd að biðja h. deild að samþykkja ekki tillögur meiri hlutans. Jeg hefði reyndar búizt við, að h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) og h. 2. þm. Rvell. (Sighv. Á.) hefðu borið fram þessa bæn, en fyrst þeir ekki hafa gert það, þá verð jeg að gera það í þeirra stað.

Þórður Guðmundsson: Það er vonandi, að hin háttvirta deild sje búin að átta sig á þessu máli og sjái, að ástæður þær, er við færum fyrir því, að vilja ekki brúartoll, sje á rökum byggðar; þar sem meiri hluti nefndarinnar vill leggja á sýslufjelögin í Árness- og Rangárvallasýslu, með því að borga þær 20,000 kr., sem hvílir á þeim af byggingarkostnaði Ölfusárbrúarinnar, og þar að auki borga brúargæzlu, þá sýnir þetta, að hjer er ekki verið að skora sig undan, að taka þátt í kostnaði við brýrnar. Það hefur komið fram í umræðunum, að þannig löguð hluttaka í gæzlu brúanna væri óeðlileg og órjettlát, þar sem þeir borguðu eins, sem aldrei fara brýrnar, eins og þeir, sem nota þær.

Hinn hæstv. landshöfðingi benti og glögglega á, við 1. umr. málsins, að það væri ekkert nýtt, þótt þeir borguðu, sem aldrei notuðu samgöngurnar, bæði hvað snertir strandferðirnar og þá vegi á landi, sem landssjóður kostar.

Hinn h. 2. þm. Gullbr.- og Kjósars. (J. Þ.) vill halda uppi hlífiskildi fyrir sýslufjelögunum; jeg vil hugga þingmanninn með því, að þær afleiðingar, sem verða af því fyrir sýslufjelög Árness- og Rangárvallasýslu, að fá ekki brúartoll, verða ekki tilfinnanlegri en þótt brúartollurinn væri lagður á, og er því vonandi, að það þurfi ekkert samvizkuspursmál að vera fyrir þingm., þótt hann samþykki tillögu meiri hluta nefndarinnar.

Það er líka á það að líta, að hjer er um ekkert nauðungarverk að ræða

fyrir mönnum þeim, sem eiga að bera kostnað þann, sem hjer er farið fram á, því alls engan hefi jeg heyrt kvarta yfir því í Rangárvallasýslu, þó að þeir eigi að taka tiltölulegan þátt í kostnaði þeim, sem á þeim hvílir nú út af byggingu Ölfusárbrúarinnar, nje heldur þó þeir ættu að taka einhvern þátt í gæzlu brúanna, en yfir brúartolli og þar af leiðandi heptingu á veginum hafa nú megnar mótbárur komið.

Jeg ber það traust til hinnar háttv. deildar, að hún vilji ekki þrengja tollinum inn á sýslufjelög þessi móti vilja þeirra, og innleiða þar með þetta toll-»princip« fyrir aðrar brýr. Jeg vil ekki ætla formælendunum, að þeir ætli sjer að eins að tolla þessar einu brýr, því þá hefðu þeir gjört þær að óforsvaranlegum olnbogabörnum.

Ætla jeg mjer svo ekki að fjölyrða meira í þessu máli, en láta atkvæðagreiðsluna skera úr því, hvað ofan á verður.

Þorlákur Guðmundsson: Umræðurnar um mál þetta eru nú orðnar svo miklar, að jeg álít ekki þörf á, að fjölyrða um það meir, sjerstaklega þar sem framhald 1. umræðu var svo langt, að það gat gilt fyrir 2. umr.; en þó hafa umræðurnar nú gefið mjer tilefni til, að fara nokkrum orðum um ýms atriði málsins.

Jeg þarf nú ekki að tala margt um það frá fjárhagslegu sjónarmiði, því hinn hæstv. landshöfðingi hefur ljóslega liðað það í sundur frá svo mörgum hliðum allt, sem að kostnaði lýtur. Hann hefur sýnt fram á, að kostnaðurinn muni varla verða minni en 6,000 krónur fyrir utan farseðlana, og lítið í aðra hönd, og jeg þykist vera viss um, að kostnaðurinn verði varla minni, en kannske meiri. Jeg er því samþykkur hæstv. landshöfðingja í því, að farseðlarnir þurfa að vera sjerstaklega gerðir líkt og bankaseðlar. Það dugar ekki að hafa þá eins og óvandaða kaupmannaseðla, sem hver óvandaður getur eptirmyndað; þá gæti svo farið, að þessi umtalaði tollasjóður safnaðist seint.

H. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) hristir höfuðið! Jeg gæti þá eins hrist höfuðið yfir þeirri von h. framsögumanns minni hlutans (J. Þ.), að brúarvörðurinn gæti haft tekjur af vínveitingum.

Jeg get saunfært h. þm. G.K. (J. Þ.) um það, að það verður aldrei leyft, að gert sje óreglubæli við brúna, því sýslunefnd Árnesinga samþykkir það ekki, hverjir sem í henni sitja, enda er nú engin þörf á veitingastað þar; það væri að eins til þess, að ferðamenn drykkju sig svo fulla, að þeir steyptust í ána. Þar mundi heldur enginn standa við til að bíða eptir veitingum, sem væri í lestaferð. Það er allt öðru máli að gegna á Kolviðarhóli, þar sem menn koma af fjalli og eru á fjalli á örðugum og illviðrasömum fjallvegi og langt er til bæja, en það er engin þörf á veitingastað í miðri sveit, þar sem nú bæir eru á báðar hendur rjett hjá: Selfoss að neðan og austan og Árbær og Hellir að utan, og byggðir á báðar hendur, enda yrðu ekki miklar inntektir af því. Brúarvörður hefur líka allt annað að gjöra á sumrin en fást við veitingar; hann hefir víst nóg að gera að taka á móti tollinum, þar sem hann verður að skipta orðum og handsölum við hvern mann, sem um brúna fara; hann gæti ekki stundað neitt aukreitis nema ef vera skyldi lítilfjörlega handvinnu á vetrum, ef hann kynni það. Það er allt annað, gæzla sú á brúnni, sem nú er og landshöfðingi hefir sett, eða ef settur væri fastur brúarvörður, sem yrði að heimta peninga af hverjum

manni eða þá farseðil, sem um brúna færi, því þar gildir ekki annað en hönd selji hendi.

H. 2. þm. G.-K. (J. Þ.) bar kvíðboga fyrir því, að innleiða kostnað þann, sem að brúargæzlan hefði í för með sjer eins og meiri hlutinn hefir hugsað sjer hana, á sýslufjelögin í Árness- og Rangárvallasýslum. Beri hann enga áhyggju fyrir því, því jeg tek að mjer ábyrgðina hvað mína kjósendur snertir, —beri hann áhyggjur fyrir sínum kjósendum—jeg hugsa um mína.

Jeg vona, að hin háttv. deild sjái, að það er varhugavert, að samþykkja tollinn; það er búið að leiða mörg og ljós rök að því.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) gat þess í ræðu sinni við framhald 1. umræðu, að amtsráðið hefði með 5 atkv. móti 2, eða 4 móti 2, því mjer er óljóst hvort aðoddvitinn hefur greittatkvæði eða ekki, samþykkt brúartollinn. En hverjir voru það, sem samþykktu hann? Það voru amtsráðsmennirnir úr sýslufjelögunum, þar sem brýrnar eru ekki til, og gerðu það að eins til að losast við jafnaðarsjóðsgjaldið, þetta litla gjald. Þar á móti samþykktu það ekki amtsráðsmennirnir úr Árnes- og Rangárvallasýslum, og var annar þeirra sýslumaður Rangæinga, Páll Briem, en hinn sjera Valdimar Briem. Þeir voru okkur samdóma, meiri hluta mönnunum, og sje stefna vor röng, þá eru þeir í sömu fordæmingunni sem amtsráðsmenn og við sem þingmenn.

Jeg vil forðast langar umræður og óþarfa kappyrði, en annars hefði jeg þurft að svara h. þm. V.-Skaptf. (G. G.), þar sem hann var að tala um Gróu á Leiti við 1. umræðu, en jeg ætla að láta það ógert nú, ef hann ekki getur mjer neitt tilefni til þess.

Landshöfðingi: Jeg ætlaði að eins að gjöra dálitla athugasemd og minna h. flutningsmann á, að til þess að frv. sje framkvæmanlegt undir eins og það öðlast gildi sem lög, verða þeir að sjá landsstjórninni fyrir fje fyrir húsnæði handa brúarverði, því hann getur ekki tekið til starfa fyr en hann hefir fengið húsnæði, og ekki verður tekið til brúartollanna fyrir fram, og verður því að veita fje til þess á þessu þingi.

H. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) hjelt því fram, að jeg mundi hafa áætlað kostnaðinn fyrir bústaði handa brúarvörðum of hátt, þar sem jeg gjörði hann 6000 kr.; þó er jeg sannfærður um, að jeg hefi líklega fremur áætlað of lágt heldur en of hátt; því þeir, sem lönd eiga að brúnni, munu ekki vilja verða fyrir átroðningi þeim endurgjaldslaust, sem leiðir af dvöl ferðamanna við innheimtu tollsins, enda er sanngjarnt, að þeir fái skaðabætur fyrir þann usla, er ferðamenn kunna að gjöra. Nú kvarta búendur á Selfossi sáran yfir átroðningi af þeim, sem fara um brúna, og það mun ekki verða minna, þegar brúarvörðurinn er kominn.

Jeg þekki engin lög, sem heimili, að taka lóð undir hús handa brúarverði endurgjaldslaust, og verð því að biðja h. flutningsmenn, að útvega fje til að greiða kostnað þann, sem af öllu þessu leiðir.

Framsögumaður meiri hlutans (*Sighv. Árnason*): Jeg vil að eins stuttlega minnast á orð h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.), þar sem hann var að bera saman kostnaðinn við brúargæzluna eins og hún er nú og hún verður, þegar fastur brúarvörður er settur, með því að vaka nótt og dag að minnsta kosti vor og haust. Þegar hann er settur, verður hann annaðhvort að vaka á nóttunni eða loka brúnni. En það er nú ærinn farartálmi, ef loka ætti brúnni á nótt-

um. Hvers vegna er það, að við viljum ekki tollinn? Það er af því, að hann veldur svo miklum farartálma. Ef brúin væri lokuð um nætur, þá gæti það orðið mjög óhagkvæmt fyrir ferðamenn, er þá gætu ekki haldið áfram ferð sinni, meðan næturnar eru bjartar að minnsta kosti, enda er veðrátta hjer á Suðurlandi einatt svo, að bið er ill hennar vegna, þegar styttir upp að kvöldi dags. Ætti því ekki að loka brúnni.

Að því er snertir kostnaðinn við brúargæzluna eins og hún er nú og hina tilvonandi brúargæzlu, þá er hann svo ólíkur, að honum er ekki jafnandi saman. Það er sitt hvað, að gæta brúarinnar á daginn eða vaka yfir henni þar á ofan á nóttunni, enda yrði munurinn á þeim tilkostnaði stórkostlegur. Vestur-Skaptfellingar óska ekki eptir, að tollur sje lagður á brúna; það hlýtur h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) að vita, og þeir mundu una því illa, sem von er, að hitta brýrnar lokaðar.

Það er nú búið að ræða þetta mál svo ítarlega, að jeg vona, að h. þm. sje orðið það ljóst, og jeg vona að þeir greiði atkvæði með tillögu meiri hlutans.

Einar Jónsson: Það hefir ávallt verið sannfæring mín, að það sje eitthvert hið mesta velferðarmál landsins, að samgöngurnar verði gerðar sem greiðastar, og er jeg því mótfallinn öllu því sem hindrar þær; ekkert slíkt ætti að ná fram að ganga. Jeg er því á móti því yfir höfuð, að brýr sjeu tollaðar, því að komist tollur á sumar brýr, þá liggur beint við, að hann verði lagður á þær allar, að minnsta kosti á allar þær brýr, er byggðar eru á kostnað landssjóðs. En þetta er harla óhentugt og myndi það reynast ærið víða óframkvæmanlegt, að heimta toll af brúm. Auk þess er svo, að þó að tollurinn væri ekki hár, þá yrði hann þó til töluverðs farartálma.

Jeg vil heldur, að landssjóður leggi fje til viðhalds á brúnum, en að tollur sje lagður á þær, hvort sem það eru þessar brýr, sem hjer um að ræða, eða aðrar. Jeg vildi því yfir höfuð óska, að þingið setti sjer aldrei þá grundvallarreglu, að leggja toll á brýr, hvorki smáar nje stórar.

Þau hjeruð, sem hjer er um að ræða, njóta ekki þess hagnaðar, sem strandferðirnar veita öðrum hjeruðum landsins, að minnsta kosti ekki beinlínis, eins og opt hefir verið bent á. Mjer þykir því sanngjarnt, að láta landssjóð taka verulegan þátt í að greiða samgöngur þeirra, t. a. m. í þessu máli með því að taka að sjer gæzlu brúnna, því að til strandferða leggja þó þessar sýslur sinn skerf eins og önnur hjeruð landsins, og virðist þá sanngjarnt, að önnur hjeruð taki þátt í þeirra sjerstaklegu samgöngumálum aptur á móti.

Þá vil jeg minnast nokkrum orðum á farseðlana, sem á að borga brúartollinn með. Jeg skil ekki vel, hvernig fyrirkomulagið á að vera. Eitt er full-ljóst, og það er það, að þeir, sem um brúna fara, eiga að hafa þá í höndum og afhenda þá brúarverði, sem einskonar frímerki, er gjöra þeim frjálst að fara yfir brúna. En handhafi seðilsins getur þá ekki hafa fengið seðilinn hjá brúarverði, heldur einhverjum öðrum, og þá er það ein dvölin, er leiðir af því að útvega sjer þessa seðla hjá þeim manni, er þá hefir til sölu.

Það er svo fyrir mælt, að landshöfðingi skuli gefa út seðlana á kostnað landssjóðs, en þá verður líka jafnframt, að setja einhvern til að hafa á hendi sölu seðlanna. Verðirnir hafa það ekki á hendi; þeir eiga að eins að taka móti seðlunum um leið og þeir veita tollgjaldinu móttöku, eða jeg skil ekki, að

það hafi nokkra verulega tryggjandi þýðingu, ef vörðurinn ætti fyrst að útbýta mönnum seðlum og síðan ættu þeir að skila verði seðlunum aptur, þegar þeir væru búnir að fara yfir brúna.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Jeg ætla að eins að tala fáein orð og minnast á það, er h. 1. þm. Rangæ. (Þórður G.) sagði, að það liti svo út, sem vjer flutningsm. þessa frumv. vildum gera hlutaðeigandi sýslubúa að olnbogabörnum með þessum brúartollum. Jeg vil minna h. þm. á, að það stendur sjerstaklega á um þessar tvær ár, sem alltaf hafa verið ferjuvötn og jafnaðarlegast óreiðar, og brýr yfir þær eru ákaflega dýrar, og það eru ekki nema tvö stórvötn önnur á landinu, er jeg get ímyndað mjer að komið geti til mála, að leggja brýr á með sama hætti. Það eru Jökulsá í Axarfirði og Lagarfljót. Engin vötn á landinu geta komizt í samjöfnuð við þessar fjórar stórár, að því leyti, hvað ferjur hafa verið almennt notaðar til flutninga yfir þær, og tollur yrði varla lagður á brýr á fleiri ám.

Þeir, sem fara yfir Þjórsá og Ölfusá, hafa allt af orðið að borga ferjutoll og hann eigi all-lítinn. Hví eru þeir þá algjörlega móti brúartollinum? Hann er ekki meira gjald í sjálfu sjer en ferjutollurinn var áður og er nú sem stendur á Þjórsá.

Vegur sá, sem vjer flutningsmennirnir höfum tekið, og h. minni hluti aðhyllzt, ætla jeg að sje hentugri og sanngjarnlegri en tillögur meiri hlutans í þessu máli. Jeg get verið fáorður um þær, með því að svo margt hefir verið rætt um málið með og móti, að það hlýtur að vera orðið h. deildarm. nægilega ljóst, en jeg vil að eins benda á, að það er ekki sanngjarnt, að leggja brúargjald á alla íbúa suðuramtsins, sízt Austurskaptfellinga, er aldrei fara yfir þessar brýr. Jeg vil helzt að gjaldið úr jafnaðarsjóðnum sje afnumið, og gjaldið frá sýslufjelögunum sje lagt í sjerstakan brúarsjóð, eins og á sjer stað á Austurlandi um brúna á Jökulsá að Brú. Sjóður þessarar brúar á að kosta viðhald hennar og byggja hana upp, þegar þar að kemur.

H. 2. þm. Árn. (B. M.) drap einmitt á þennan veg við 1. umr. Ef tillaga minni hlutans nær ekki fram að ganga, þá mætti koma með breyt.till. í þessa átt til 3. umr.

Bogi Melsted: H. þm. A.-Skapt. (J. J.) nefndi fjórar stórár, er brýr yrðu lagðar á, sem vert væri að tolla, en jeg held, að það mætti telja nokkrar fleiri, sem tolla mætti brýr á, ef menn byrja á því að ganga þann veg. Jeg ætla að minnast á annað atriði í þessu máli, en það er, að þær brýr, sem hjer er um að ræða, eru í þeim hjeruðum, sem fjölmennust eru á landinu, og gjalda mest í landssjóð, en fara þó varhluta af strandferðunum, en þó þau leggi sinn skerf í landssjóð til þeirra, kemur þó engin beiðni fram frá þeim, að leggja sjerstakt gjald á þau hjeruð, sem einkum hafa gagn af strandferðunum. Það er því ekki nema kaup kaups, að landsjóður hlaupi undir bagga með þeim, og kosti brýrnar, til að bæta þeim upp, að þau fara varhluta af strandferðunum. Jeg minnist nú á þetta ekki til þess að telja eptir það fje, sem varið er til strandferðanna, langt frá því, heldur einungis mönnum til athugunar, af því að svo opt hefir verið talað um — og enda talið eptir — fje það, sem varið hefir verið til brúargjörðarinnar á Ölfusá.

Það gladdi mig að heyra h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) segja, að aðalatriðið fyrir honum væri að fá gæzlu á brúna. Jeg sje þá, að hann fer að nálgast það,

sem meiri hlutinn býður, og nálgast samkomulag.

Þá verð jeg að minnast ofurlítið á það, sem h. þm. V.-S. (Guðl. G.) sagði við 1. umr. þessa máls. Hann sagði að jeg hefði sagt, að það mætti fá brúarvörð fyrir 300 kr. um árið, en jeg nefndi það alls ekki. Jeg taldi það hyggilegra af þinginu, að leggja beint gjald á hlutaðeigandi sýslufjelög en brúartoll, og nefndi að eins 300 kr. í sambandi við það. Annars virðist h. sami þm. annaðhvort hafa heyrt illa, hvað menn sögðu, eða þá ekki verið búinn að ná sjer eptir »principa-gandreið« þá, sem hann talaði um, því að hann hermdi svo skakkt eptir orð manna, að hæstv. landsh. varð að gefa honum áminningu fyrir það. Þetta var þeim mun undarlegra, af því að þm. (G. G.) talaði um í sömu ræðu, hve varlega menn skyldu nota vitnisburði á 2. hönd; og af því mætti ætla, að hann mundi leggja alla alúð á, að herma rjett eptir orð manna.

Hann gaf lítið fyrir það, sem jeg hafði eptir merkisbóndanum á Óseyrarnesi um ferjutollinn þar, en sjálfur notaði hann þó þenna vitnisburð, þótt hann væri á 2. hönd. Jeg skal annars geta þess, að jeg viðhafði alla varfærni í þessu máli, því jeg spurði bóndann um ferjutollinn, án þess að láta hann vita, hvers vegna jeg spurði hann um þetta, og ritaði eptir honum það, sem hann svaraði mjer. Síðan las jeg það upp fyrir honum og spurði, hvort rjett væri, og sagði hann það vera, og þá ljet jeg hann vita, hvernig á þessu stæði. Þm. V.-S. (G. G.) notaði og sjálfur vitnisburð á 2. hönd þá í ræðu sinni, vitnisburð eptir amtmanninum.

Minni hluti nefndarinnar hefir sett niður tolla þá, sem hann stingur upp á, en það sýnist mjer hafa verið ófyrirsynju gert, því að lítil líkindi eru til þess, að svona lágur tollur borgi gæzlukostnaðinn. Hæstv. landsh. hefir annars sýnt ljóslega fram á það, að engar líkur væri til þess að tollurinn borgaði sig, og framsögum. minni hlutans (J. Þór.) gat alls ekki hrakið það. Ef aðalatriðið hjá framsögum. minni hlutans væri að fá brúartoll, þá verður hann að gæta þess, að tollurinn yrði svo hár, að brýrnar verði ekki landssjóði til byrði, því þá yrði tollurinn í alla staði meiningarlaus og til ógagns eins, eins og hætt er við að hann verði. Jeg vil ekki fara út í að jafna því saman, hve miklu dýrara það yrði, að hafa brúarverði til þess að taka toll af mönnum, en sú gæzla, sem nauðsynleg er til þess að verja brúna skemmdum, því að slíkt hlýtur öllum að vera ljóst.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar að mun; það eru að eins örfáar og örsmáar athugasemdir, sem jeg þarf að gera við ræður sumra þeirra, er talað hafa.

H. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) ógnaði mjer með því, að jeg mundi missa náð og hylli kjósenda minna með því, að flytja þetta mál; honum svara jeg því, að jeg læt það ekki hafa nein áhrif á mínar skoðanir, hvort kjósendum mínum líkar betur eða ver, eða hvaða skoðun þeir hafa á þessu eður hinu, heldur fer að eins eptir sannfæringu minni, og hið sama ræð jeg honum til að gera.

Hvað það snertir, sem h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) tók fram, að Vestur-Skaptfellingum mundi þykja það kvöð, að borga brúartoll, er þeir færu að sækja nauðsynjar til Eyrarbakka, þá vil jeg benda h. þm. á, að Vestur-Skaptfellingar sækja mjög lítið nú orðið til Eyrarbakka, en verzla flestir í Vík.

Eins og h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) tók fram, get jeg ekki skilið, hvernig þingið getur farið að leggja ný gjöld á

sýslufjelögin, án beinnar yfirlýsingar frá þeim, um að þær vilji takast þessa byrði á hendur. (*Þorl. Guðmundsson*: Þingmálafundirnir hafa lýst því yfir!) Jeg gef ekki mikið fyrir yfirlýsingar þingmálafunda eða annara funda, sem eru saman sigaðir, liggur mjer við að segja; þeirra skoðanir hafa næsta litla þýðingu í skattamálum; það er sýslunefndin ein, sem nokkuð hefir að segja í því máli, og hún hefir ekki látið neitt til sín heyra í þá átt. Þó að þessi upphæð sje ekki svo mjög mikil, þá verður það eigi alllítið, sem sýslurnar þurfa að borga alls til brúnna; það kann vel að vera, að þeim sje ekkert nauðungargjald það sem þegar hvílir á þeim, og það er engin sönnun fyrir því, að þeir taki fúslega á móti þessu nýja gjaldi; en að þingið geri rjett í að slengja því á þá án þeirra samþykkis, það fæ jeg ekki skilið.

Því hefir áður verið mótmælt, að samkvæmt þessu ætti að leggja toll á allar brýr, og jeg þarf ekki að taka það upp aptur, en jeg vildi leyfa mjer að biðja h. 1. þm. N.-M. (E. J.) að benda mjer á, hvaða óbeinlínis hag þessi hjeruð hafa haft af strandferðunum. Að útskýra fyrir h. sama þm., hvernig nota eigi fargjaldseðla, þarf jeg ekki; það hefir verið gert svo rækilega.

Hæstv. landsh. tók fram fjárhagslega hlið þessa máls, og flutningsmönnunum hefir aldrei dulizt, að kostnaðurinn yrði nokkur, það er sjerstaklega kostnaðurinn til að byggja skýli við brúna, og kaup brúarvarðar sjálfs, auk eptirgjafarinnar á láninu, en jeg get eigi skilið, og fæ eptir ítarlega yfirvegun ekki sjeð annað, en að tollurinn muni vel geta borgað þetta allt, bæði árlegar rentur og afborgun af kostnaðinum við að koma þessu í lag, og gæzlukaup til brúarvarðar.

Jón Þórarinsson: Jeg skal ekki teygja umræðurnar um þetta mál mikið, því þær eru orðnar nógu langar. Jeg ætla að eins að gjöra fáar athugasemdir við orð nokkurra, sem talað hafa.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) tók fyrstur til máls og sagði, að það væri engin nauðung fyrir sýslufjelögin, að borga 500 krónur úr sýslusjóði árlega til brúargæzlunnar. En hefur h. þm. Árn. (Þ. G.) spurt kjósendur sína að því, hvort þeir vildu það, heldur en borga lítinn brúartoll, eða hefir hann nokkuð umboð til þess, að halda því fram fyrir þeirra hönd? (*Þorl. Guðm.*: Já). Jeg neita því að það sje satt, meðan hann ekki sannar það, því að fyrir þinginu liggur ekkert í þá átt.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) er ávallt mjög skemmtilegur. Hann sagði, að eigi væri mögulegt að hafa veitingu við brúna, því sýslunefndin væri skipuð þeim mönnum, sem mundu ekki leyfa veitingar þar. Skárri eru það nú »tírannarnir«, lá mjer við að segja, að vilja ekki leyfa brúarverði að selja gestum beina. (*Þorl. Guðm.*: Vínveitingu —). Jeg neita því, að orðið vín hafi komið fram fyrir mínar varir. Þá get jeg skilið af hverju menn áttu að hlaupa í ána! eptir skoðun h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.), eptir að þeir höfðu keypt sjer beina hjá brúarverðinum. (*Þorl. Guðm.*: Jeg meinti vínandasölu). Jeg hef aldrei nefnt vínanda á nafn; hann er að eins í höfði þm.

Hæstv. landsh. tók það fram, að nauðsyn væri að leggja fram fje til þess að byggja skýli fyrir brúarvörð, því að það yrði ekki borgað af tollinum, þar sem það þyrfti að innast af hendi áður en nokkuð kæmi inn af tolli. En það er sjálfsagt að fara fram á það við þingið, ef frumv. nær fram að ganga.

H. 2. þingm. Rangv. (Sighv. Á.) tók það fram, að brúin mætti ekki vera lokuð á nóttunni til. Það er nú alveg rjett. En það má búa svo um hnútana, að engan vökumann þurfi. Hjer eins og annarsstaðar má láta streng liggja frá húsi brúarvarðar, sem taka má í og vekja á þann hátt vörðinn.

H. 2. þm. N.-Múl. (E. J.) vonaðist til að þingið tæki aldrei þá stefnu, að tolla brýr; en tilfærði enga ástæðu aðra en þá, að hann væri hræddur við seðlana, en játaði líka, að hann skildi ekkert, hvernig ætti að brúka þá. En jeg skal með ánægju útskýra það fyrir honum seinna við tækifæri; jeg álít að það væri misbrúkun á tímanum, að gjöra það hjer.

Jeg get ekki sjeð neina agnúa á því, að viðhafa seðla, en þeir eru nauðsynlegir og nægileg trygging gegn svikum við innheimtu tollsins.

Einar Jónsson: H. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) kvaðst hafa fundið þá eina ástæðu hjá mjer fyrir því að vera á móti tollinum, að gert væri ráð fyrir, að hann ætti að greiðast með seðlum, en þetta er stór misskilningur, því jeg tók það skýrt fram í ræðu minni, að jeg væri á móti tollinum af því, að það væri að mínu áliti rangt, að leggja nokkrar hindranir fyrir afnot þeirra fyrirtækja, sem einmitt eru gjörð til að bæta samgöngur og taka burtu farartálma; þetta vona jeg að hver hafi skilið, sem orð mín heyrði.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) spurði, hvern óbeinlínis hag þessi hjeruð hefðu af strandferðunum. Jeg skil ekki, hvers vegna hann er að spyrja að þessu, því jeg sje ekki annað en það sje svo ljóst og skiljanlegt, sem það getur verið, að ef það er viðurkennt, að landið í heild sinni hafi beinlínis gagn og hag af strandferðunum, þá leiði þar af, að þessi hjeruð hafi óbeinlínis hag af því, sem öllu landinu er til gagns.

Jeg varð ekki mikið fróðari eptir en áður, þótt h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) reyndi til að útskýra notkun fargjaldsseðlanna; það er eina bótin, að hann lofaði að útskýra það betur seinna. Ef þetta er borið saman við leikhússseðla, þá er þar vaninn, að seðlarnir eru keyptir á einum staðnum og afhentir svo við leikhússdyrnar sem aðgöngumiði; með þessu móti get jeg skilið, að hafa megi »control« með tollgreiðslunni, því að þá mætti bera saman, hversu mikið selt hefir verið af seðlum, og hversu mikla peninga brúarvörðurinn hefir að afhenda. En aptur á móti eigi brúarvörðurinn sjálfur að selja seðlana, þá gæti jeg hugsað mjer þá líkt og frímerki. Hann gæti t. a. m. haft eina örk og selt af henni seðil og seðil, og ritað svo ómerkingu á seðilinn. Þá væri að vísu örkin einum seðli minni í hvert skipti og tryggingin ætti að vera fólgin í því að sjá, að það stæðist á, tala þeirra seðla sem vantar og peningar þeir, sem hann afhendir. En í þessu get jeg eigi sjeð neina verulega meiri tryggingu en að hann beinlínis tæki á móti peningunum sjálfum seðlalaust. Verði honum ekki trúað fyrir því af ótta fyrir, að hann hleypi mönnum yfir án þess að borga eða dragi peninga í sinn sjóð, þá getur hann eins hleypt mönnum yfir þótt seðlarnir sjeu; hann getur látið vera, að gefa þeim seðilinn. Og eins getur hann tekið við peningunum hjá þeim en látið vera að gefa þeim seðilinn. (*G. G.*: Það getur hann ekki nema annar sje í vitorði með honum). Og stungið svo peningunum í sjálfs síns vasa. Jeg sje ekki, að með þessu fáist verulega meiri trygging en að manninum beinlínis væri falið að taka á móti borguninni seðlalaust.

ATKVÆÐAGR.: Eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þm. var samþykkt að hætta umræðum. Þá var breyt.till. við 1. gr. á þgskj. 269 samþ. með 17 : 5 atkv.; breyt.till. um nýja gr., er verði 2. gr., samþ. með 17 atkv. samhljóða; 3. og 4. gr. frumv. þar með fallnar; breyt.till. um að 5. gr. falli samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. um nýja 5. gr., er verði 3. gr., samþ. með 13 samhlj. atkv.; breyt.till. við fyrirsögn frumv. samþ. með 16 atkv. Þar með var frv. á þingskj. 280 fallið.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um kosningar til alþingis (C. 359); 1. umr.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að þessu máli verði vísað til nefndar þeirrar, er sett var fyrr í kosningarlagamálinu.

ATKVÆÐAGR.: Sú tillaga var samþ. með 15 samhlj. atkv., og 1. umr. síðan frestað.

Frv. til laga um aukatekjur og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl. (C. 377); 1. umr.

Bogi Th. Melsteð: Það koma svo mörg mál inn á þing, að það er varla tími til fyrir þingmennina að geta athugað þau rækilega, en þar eð þetta mál er þýðingarmikið og umfangsmikið, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

Klemens Jónsson: Jeg sting upp á 3 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþ. með 16 atkv.; að hafa 3 menn í nefndinni samþ. með 16 atkv. Í nefndina voru þessir kosnir:

Bogi Th. Melsteð við fyrstu kosningu með 8 atkv.

Benedikt Kristjánsson með 12 atkv., og Ólafur Briem með 8 atkv., að vörpuðu hlutkesti milli hans og Jóns Jakobssonar, er sömuleiðis fjekk 8 atkv. við 2. kosningu.

Umr. frestað.

Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á brúarstæðum á ám hjer á landi (C. 229); síðari umr.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vil gera grein fyrir því, hvers vegna jeg get eigi verið með þessari þingsályktunartillögu nje breyt.till., og það er af því, að hjer getur verið um svo stórmikinn kostnað að ræða, sem alveg er ómögulegt að reikna út fyrirfram, eða gera sjer neina vissa hugmynd um. Jeg verð að álíta, að minnsta kosti skil jeg tillöguna svo, að sá sem á að rannsaka öll brúarstæði á ám á landinu, hann verði að fara um land allt, ekki að eins meðfram ströndunum hringinn í kring, heldur þvert og endilangt yfir landið sjálft, ef hann á að geta gefið upplýsingar um hverja á og hvern læk, sem þarf að brúa.

Jeg fæ heldur eigi sjeð, að þetta yrði á annan betri veg framkvæmt, eða með öðru móti hægra, en að láta hinn fasta lands-ingeniör, sem vjer nú höfum fengið, smátt og smátt skoða þetta. Jeg óttast hjer sem sagt, að til þess að þetta ætti að fara í nokkru lagi, þá þurfi svo mikið fje fram að leggja til þess, að vjer sjeum varla færir um það sem stendur; viljum eigi heldur láta það af hendi.

Einar Jónsson: Það stendur hjer í tillögunni, að landsstjórnin láti að eins skoða brúarstæði á stærstu ám, en lækir eru alls ekki nefndir, og jeg verð að álíta, að þetta sje mjög nauðsynlegt, og þurfi að gerast sem fyrst, enda sje vel til þess vinnandi, þó það kostaði nokkuð; því meðan ekki er afgjört um það, hvar sje heppilegast að leggja brýr á stórárnar, á meðan er mjög erfitt að ákveða stefnu þjóðveganna, og þeir

svo ef til vill lagðir óhentuglega. Því er það alls ekki of fljótt upp borið, að maður, sem vit hafi á, skoði, hvar hentugast og bezt sje að brúa árnar. Jeg vil taka til dæmis þjóðveginn milli Jökulsár á Brú og Lagarfljóts. Það er almennt viðurkennt, hve nauðsynlegt sje að brúa Lagarfljót, en brúarstæðið á því er enn ekki ákveðið. Á Jökulsá er þegar komin trjebrú, og þaðan verður vegurinn auðvitað að liggja yfir að brúarstæðinu á Lagarfljóti. Stefnu þessa vegar er því alveg ómögulegt að ákveða, fyrr en brúarstæðið á fljótinu er ákveðið. Nú er til ætlazt; að fje verði veitt á næstu árum til að bæta þennan veg, eins og líka er alveg nauðsynlegt, og það er þess vegna, að við höfum gert þá breyt.till., að þessa rannsókn skuli hefja í Múlasýslum á næsta vori. Jeg er alveg samþykkur aðalstefnunni í tillögunni sjálfri, og vona því, að hún gangi í gegn ásamt breyt.till., því jeg álít, sem sagt, mjög mikla nauðsyn á, að ákveða brúarstæði á ánum, því að til þess verður auðvitað að taka mikið tillit, þegar ræða skal um stefnu þjóðveganna og flutningabrautanna.

Jens Pálsson: Jeg vil manna sízt mæla á móti því, að samgöngubætur sjeu gjörðar sem mestar og allar samgöngur efldar og auknar sem mest, en allt um það sje jeg mjer eigi fært, að greiða atkvæði með þessari tillögu einmitt af því, að orðatiltæki hennar eru svo víðtæk, að það er nærri því eins og allt ætti að gjörast í einu.

H. varaforseti (Þ. B.) tók það fram, að þetta hlyti að verða mjög kostnaðarsamt, því þessi verkfræðingur þyrfti að fara um land allt, en jeg get ekki sjeð, að þetta gæti orðið, nema nýr verkfræðingur yrði fenginn til þessa, sem ekkert annað hefði á hendi en að ferðast um og leiðbeina mönnum, en nú sem stendur er enginn Íslendingur, sem þá grein hefur stundað, nema þessi eini maður, sem þegar er fastráðinn hjá stjórninni til að hafa umsjón með landssjóðsvegagjörðunum, svo til þessa yrði þá að fá útlending. Ætti þetta að vera í nokkru lagi, ætti hann að geta gefið sveitarstjórnum og sýslunefndum áætlanir yfir kostnað með teikningu yfir brúarstæðið og brúna, og til alls þessa þyrfti hann að hafa kontor einhversstaðar á þeim tímum árs, er hann gæti ekki ferðazt, svo hann gæti gefið út svör upp á allar slíkar fyrirspurnir. Sem sagt, það er auðsætt, að ef leitast ætti við að fullnægja þessu, yrði að fá nýjan ingeniör, því þessi hefur nóg að gjöra, og yrði það ekki svo lítill kostnaður á ári hverju, því þessir menn eru mjög dýrir.

Þó vitanlega aðalstarf þess ingeniörs, sem stjórnin hefur ráðið, sje annað en að skoða brúarstæði á ám víðsvegar á landinu, þá ætti það að geta vel samrýmzt, að hann gæti skotizt einstöku sinnum á einn og annan stað til þessa, sjerstaklega þar sem hann þyrfti ekki að verja mjög löngum tíma til ferðalaga, t. d. gæti hann farið sjóveg fram og aptur mestan part, og það tæki að eins stuttan tíma fyrir hann.

Þessi tillaga gengur of langt og því get jeg ekki aðhyllzt hana.

Björn Bjarnarson: Jeg er nú yfir höfuð mjög hlynntur máli þessu, því það er álit mitt, að samgöngur hjer á landi komist ekki í viðunanlegt horf, fyr en vjer að staðaldri höfum hæfa innlenda verkfræðinga til að gjöra áætlanir um vegalagning, skoða brúarstæði á ám, hafnarstæði o. s. frv., og vonast jeg til, að hjer á landi verði aldrei svo ástatt eptirleiðis, að vjer ekki höfum að minnsta kosti einn slíkan mann. Jeg skil eigi tillögu þess svo, að það sje meiningin, að hafa marga verkfræðinga í einu nú þegar

við starfa þennan, og get jeg ekki betur sjeð, en að vjer verðum fyrst um sinn að láta oss nægja að nota sama manninn, sem vjer höfum til þess að standa fyrir vegagjörðum, til að líta eptir hentugum brúarstæðum á stóránum og skoða hafnarstæðin við kauptúnin, og yrði það þá nokkurs konar aukaverk frá aðalstörfum hans. Það er eins og með till. þessari sje gjört ráð fyrir, að útvegaðir sjeu fleiri menn en einn til slíkra verkfræðingsstarfa, og að það þyki ekki nóg, að láta hafa þetta í hjáverkum. Þótt mjer þætti æskilegast að vjer gætum haft fleiri slíka menn og unnið með meiri krapti að samgangnabótunum, þá býst jeg ekki við, að meira en einn verkfræðingur verði hafður fyrst um sinn, og er það þegar mikil bót frá því sem verið hefir. Jeg get því eigi fallizt á, að farið sje fram á meira að sinni en það, er samrýmzt getur við önnur störf þess manns, sem vjer nú höfum. Jeg hefi því leyft mjer að koma fram með rökstudda dagskrá, sem hljóðar þannig:

«Í því trausti, að landstjórnin sjái svo um, að verkfræðingur sá, sem ráðinn verður til að veita vegagjörð hjer á landi forstöðu, verði einnig, að því er við verður komið, látinn rannsaka brúarstæði á stærstu vatnsföllum landsins, og hafnarstæði, þar sem þörf krefur, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni«.

Og vil jeg biðja h. forseta að bera hana undir atkv. h. deildar.

ATKV.GR.: Hin rökstudda dagskrá samþ. með 14 samhlj. atkv., og var tillagan sjálf (C. 229) þar með fallin.

Tillaga til þingsályktunar um nefnd til að íhuga sundurskipting jarða þeirra, er liggja undir hina opinberu kirkjustaði (C. 261); ein umr.

Flutningsmaður (*Sighvatur Árnason*): Ef h. deild vildi gefa málinu gaum með því að setja nefnd í það, þá er jeg viss um, að finna mætti ráð til að bæta út því skaðræði á landbúnaði, sem þessi till. bendir til. Um 1. lið hennar vil jeg taka það fram, að alla þá tíð, sem jeg hefi tekið þátt í sveitarstjórnarstörfum, en það er um 30 ár, hefi jeg komizt að raun um, að mikill hluti af sveitarþyngslunum stafar af kotakranzinum og smábýlum yfir höfuð. Þeir, sem á þessum kotum búa, eiga aldrei málungi matar, og til þess að bjarga þeim við verður það eina ráðið, að fara aptur og aptur í vasa þeirra, er betur búa. Þessi kotakranz er þyrnirunnur, sem stingur sveitirnar. En menn hafa haft það ráð, að reyna allt af hvað ofan í annað, að safna meiru og meiru fje til að græða sár þau, sem hann gerir, en ekki dettur mönnum í hug að uppræta hann, og þó er það eina ráðið. Kotungar gera sjaldan eða aldrei jarðabætur, svo að skæklar þeir, sem þeir búa á, verða ekki að hálfu gagni. Jarðabæturnar eru allar hjá hinum bændunum, sem eru atorkusamir og hafa hug á að geta framleitt meira og meira á býlum sínum, og það eru einmitt þeir, sem taka við skellunum frá kotungunum. Þá skal jeg geta þess viðvíkjandi miðhluta till., að það er æðilangt síðan hreift hefir verið við leigumála á opinberum jörðum, og er jeg hræddur um, að hann sje sumstaðar ósanngjarn, sumstaðar máske of lágur og sumstaðar of hár. Það vil jeg og benda á, að sumstaðar liggja kvaðir á leiguliðum þeirra jarða, sem skerða atvinnufrelsi þeirra, og mætti ljetta þeim af með lögum.

Þriðji hluti till. býst jeg við að mönnum þyki erfiðastur. En þó má það vel takast, að fá lagfært ýmislegt, sem er í ólagi á þeim jörðum, t. d. ýmsar kvaðir á leiguliðum, sem skerða atvinnufrelsi

þeirra samkvæmt 51. gr. stjórnarskrárinnar.

Jeg skal svo ekki á þessu stigi málsins fara fleirum orðum um þetta, en vona að h. deild þyki ástæða að setja nefnd í málið. Jeg vil þó eigi stinga upp á nefndarkosning að svo stöddu, heldur lofa mönnum að ræða málið nú þegar.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg get skilið, hvað nefnd í máli þessu á að gjöra. Jeg get skilið að hún á að íhuga sundurskipting jarða og rannsaka leigumála og fleira í þá áttina. En jeg fæ með engu móti skilið, hvaða árangur getur orðið af því. Það getur sjálfsagt orðið fróðlegt og skemmtilegt, og vafalaust getur það orðið til frekari íhugunar síðarmeir. En jeg held ekki, að það geti haft neina verulega verklega þýðingu og það því síður, sem nú er orðið liðið á þingtímann og margt og mikið er eptir ógjört. Jeg held því ekki, að jeg geti greitt atkvæði með nefnd í þetta skiptið.

Skúli Thoroddsen: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að málinu sje vísað til nefndar þeirrar, er sett hefir verið hjer í deildinni til þess að íhuga búnaðarmálefni landsins.

Flutningsmaður (Sighvatur Árnason): Út af því, er h. varaforseti (Þ. B.) sagði, þá vil jeg leyfa mjer að taka fram, hvað jeg hefi hugsað mjer að nefnd í þessu máli gæti komið fram með, og er það í fyrsta lagi ákvæði um sundurskipting jarða og smábýli, sem takmarka mætti með lögum. Í öðru lagi, að því er snertir jarðir hinna opinberu kirkjustaða, þá mætti skipa fyrir um að meta þær til afgjalds og taka af þeim óeðlilegar kvaðir, sem hvíla á leiguliðum þeirra jarða. Og í þriðja lagi má samkvæmt 51. gr. stjórnarskrárinnar afnema með lagaboði kvaðir, sem hvíla á jarðeignum einstakra manna, og sem skerða atvinnufrelsi leiguliða.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg vildi að eins gjöra þá fyrirspurn, hvort nefnd sú, er kosin var til þess að íhuga búnaðarmálefni landsins, hafi eigi lokið störfum sínum.

Forseti bað þm. eigi láta það villa sig, þótt nefndarálit væri komið frá nefndum þeim, er deildin hafi sett; stæði nefndirnar jafnt fyrir það.

ATKV.GR.: Málinu vísað til búnaðarmálanefndarinnar með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sakir óljósrar atkvæðagr., og sögðu

já:	*nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Bogi Melsted,	B. Kristjánsson,
H. Kr. Friðriksson,	Björn Bjarnarson,
Jón Jakobsson,	Björn Sigfússon.
J. Jónss., þm. A.-S.,	G. Guðmundsson,
J. Jónss. þm. Eyf.	Jens Pálsson,
J. J., þm. N.-M.,	Jón Þorkelsson,
Jón Þórarinsson,	Ólafur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Sigfús Árnason,
Skúli Thoroddsen,	Sighv. Árnason,
Þór. Böðvarsson,	Þorl. Guðmundss.,
Þ. Guðmundsson.	

Þrítugasti fundur, föstudag 4. ágúst kl. 12 á hád. — Allir á fundi, nema 1. þm. Skagf., Ólafur Briem, sem hafði tilkynnt forföll.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893 (C. 376, 409); ein umr.

Bogi Melsted: Af því að háttv. forseti vildi ekki leyfa mjer að tala í þessu máli síðast, er það var hjer til umræðu, ætla jeg nú að tala nokkur orð.

Jeg ætla þá að taka það skýrt fram, að forseta Bókmenntafjelagsins í Kaupmannahöfn hefir aldrei dottið í hug, að banna útgefanda fornbrjefasafnsins að

nota við útgáfu safnsins það handrit, sem hann hefir búið undir prentun, þótt búið hafi verið að borga það, og hann afhent það. Útgefandanum sjálfum er fullkunnugt um það, að það hefir aldrei verið meining forseta Bókmenntafjelagsins að hindra hann frá, að nota neitt handrit, en að eins að gæta rjettar fjelagsins og sjá um, að safnið kæmi út og yrði að gagni.

Jeg get ekki skilið, hvað útgefandanum hefir getað gengið til með öllu þessu vastri, annað en það, að reyna að koma í veg fyrir, að aðrir gætu fengið að nota handrit það, sem búið er að borga, fyr en það væri prentað.

Fjárlaganefndin hefir nú stungið upp á að deild hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn yrði veittur 500 kr. styrkur á ári, til að gefa út fornbrjefasafnið, og því hefir það minni þýðingu að vera nú að tala um geymslu á handriti til safnsins.

Jeg vona að þessi styrkveiting fái að haldast, því eins og h. fjárlaganefnd getur borið vitni um, er mjer mikið áhugamál, að fornbrjefasafnið sje gefi út, og að jeg styð það mál.

Það sem mjer hefir gengið til að tala eins og jeg hef talað í máli þessu, er ekkert annað en það, að jeg vil reyna að koma í veg fyrir, að Bókmenntafjelaginu verði sett svo hörð skilyrði, að það geti ekki haldið útgáfu fornbrjefasafnsins áfram, því ef hörð skilyrði eru sett eða því neitað um styrk til útgáfunnar, þá má líka búast við, að það hætti að gefa fornbrjefasafnið út, og afleiðingin af því yrði þá sú, að allur kostnaðurinn lenti á landssjóði, því að þess konar rit verða ekki gefin út styrklaust, og það mundi nema hjer um bil 1200 kr. á ári.

Jeg er samþykkur h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) í því, að handritið væri vel geymt á háskólabókasafninu, því þar er það bæði tryggt fyrir eldsvoða og menn eiga greiðan aðgang að því þar.

Viðvíkjandi því, sem h. sami þm. talaði um »textaútgáfu«, þá hefir það litla þýðingu gagnvart orðinu »að vinna að«. Jeg ætla mjer ekki að fara að skýra orðið »textaútgáfa«. Við vitum báðir, að það er útgáfa án athugasemda neðanmáls.

Jeg skal loks geta þess, að það er ranghermi, að útgefandinn hafi að eins 25 kr. fyrir örkina, því auk þess sem hann fær þetta fje úr landssjóði, fær hann einnig fje úr ríkissjóði til að vinna að útgáfu fornbrjefasafnsins. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um frumv., en óska að eins, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. í einu hljóði og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumvarp til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði (C. 398); 3. umr.

Flutningsmaður (Einar Jónsson): Jeg vona að frumv. þetta fái eins framgang nú við 3. umr. eins og áður. Það hefir ekki mætt miklum mótmælum hingað til; þó sá jeg fleiri sitja fyrir því við 2. umr. en við 1. umr., en jeg vona, að sú seta fari ekki vaxandi nú við 3. umr.

Einn h. þm. tók það fram við 2. umr., að hentugra mundi að bíða með að veita nokkrum verzlunarstað á Austurlandi kaupstaðarrjettindi, þangað til búið væri að bæta veginn ofan úr Hjeraði til sjávar, því þá mundi verzlunin aukast svo við Reiðarfjörð, að hann ætti að sjálfsögðu að verða kaupstaður á Austfjörðum. Þessari mótbáru svaraði jeg þá fáum orðum, en jeg skal nú bæta því við, að ein hin mesta ástæða til þess að fá kaupstað með lögreglustjórn á Seyðisfirði er það, að þangað koma mjög mörg skip. Jeg hygg, að

þangað komi fleiri skip en í nokkurn annan stað á landinu, að Reykjavík undantekinni, þar á meðal fjöldi útlendra fiskiskipa, svo öll þörf er á, að hafa þar fasta lögreglustjórn. En því að eins að bæjarstjórn verði sett á Seyðisfirði, getur komizt þar upp nægileg lögreglustjórn. Eins virðist rjett að flytja þangað heilbrigðiseptirlit það, sem nú er á Eskifirði, einmitt af því, að á Seyðisfjörð koma langtum fleiri skip en á Eskifjörð. Ef einhverjum hefir blandazt hugur um, að mál þetta ætti að fá framgang, þá vona jeg, að sá hinn sami sje því nú ekki lengur í neinum vafa um, að samþ. frumv.

Sami h. þm. talaði um, að velferð Seyðisfjarðarkaupstaðar stæði og fjelli með fiskiveiðunum. Það er auðvitað að fiskiveiðarnar hafa mikla þýðingu fyrir Seyðisfjörð, og jeg sje ekki, hvernig það getur spillt fyrir máli þessu. En jeg vil minna á það, að verzlunin hefir eigi minni þýðingu fyrir Seyðisfjörð. Þar er langmest verzlun á Austurlandi; þar eru 5 eða 6 stórar verzlanir auk ýmsra smærri.

Jeg hygg því, að enginn sje sá kaupstaður á Austfjörðum, sem hefir eins mörg skilyrði til að geta þroskast sem bær eins og hann. Það eru engin líkindi til, að verzlunin aukist neitt verulega á Eskifirði, þótt vegurinn batni ofan að Reiðarfirði, því Búðareyri hefði fremur hag at því.

Björn Bjarnarson: Jeg skal leyfa mjer að fara fáum orðum um mál þetta, og þótt jeg búizt varla við, að orð mín hafi þau áhrif, að frumv. verði hafnað, vil jeg enn láta uppi álit mitt á málinu.

H. framsögum. (E. J.) tók það fram, að öll þörf væri á fastri lögreglustjórn á Seyðisfirði, því að þar væri verzlun svo mikil og siglingar. En þess er að gæta, að þar er þegar lögreglustjóri búsettur, og jeg get varla búizt við að hann yrði duglegri fyrir það, þótt hann bæri fógetanafn, og fengi 500 kr. í launaviðbót. Hvað eptirlit með heilbrigðisástandið snertir, þá vill svo vel til, að á Seyðisfirði er bæði læknir og lyfjabúð, svo að ekki er líklegt að framförin yrði mikil, þótt bærinn yrði gerður að kaupstað, enda getur hreppsnefndin skipað heilbrigðisnefnd, ef henni þykir þörf á, alveg eins þótt verzlunarstaðurinn sje ekki gerður að sjerstöku lögsagnarumdæmi.

H. framsögum. (E. J.) sagði, að allt mælti með því, að Seyðisfjörður mundi halda áfram að vera höfuðverzlunarstaður á Austurlandi. Jeg er þar á annari skoðun. Það mun algild regla að verzlun flytjist þangað, er samgöngur leiða hana, og því sama lögmáli er Seyðisfjörður sjálfsagt háður. Nú býst jeg við, að samgöngur muni með tímanum verða greiðari til annara staða á Austurlandi en til Seyðisfjarðar, og að því sje honum hnignunar von. Vjer vitum að Seyðisfjörður hefir ekki verið höfuðverzlunarstöð á Austurlandi frá aldaöðli eins og hann er nú, en að verzlun hefir dregizt þangað um stund, af því að samgöngum hefir verið svo háttað sem þeim er. Það er styttra úr Hjeraðinu til Seyðisfjarðar en Eskifjarðar, og því hafa menn sótt þangað, en eigi er hægt að leggja flutningabraut þangað, en aptur á móti til Reiðarfjarðar, og þegar hún er komin á, mun hún hafa áhrif á Seyðisfjörð, og þau ekki honum til eflingar. Staðurinn er hættupláss, og snjóflóð hafa þegar eytt þar húsum, og bæði snjóflóð og skriður geta framvegis valdið þar stórtjóni, og ógnað tilveru þessa tilvonandi kaupstaðar Austfirðinga.

Jeg skal taka það fram um Búðareyri, að jafnvel kaupmenn af Eskifirði hafa flutt þangað verzlun sína nú þeg-

ar; þetta bendir á að þar muni álitlegt verzlunarstaðarstæði, og má telja það víst, að verði samgöngur þangað greiðar, muni rísa þar upp álitlegur verzlunarstaður, er dragi verzlun bæði frá Seyðisfirði og Eskifirði.

Jeg skal ekki neita því, að þrif Seyðisfjarðar sjeu bæði komin undir verzluninni og fiskiveiðunum. Þegar fiskiveiði brást þar nú fyrir skömmu, bárust fregnir um, hve sveitinni hefði hnignað, og enn meiri mundi hnignunin verða, ef þar færi saman fiskileysi, og hitt, að verzlunin drægist þaðan. Þá mundi þar ekki talið lengur höfuðkauptún á Austfjörðum.

Þótt frumv. hafi ekki mikinn útgjaldaauka í för með sjer, þá dregur það sig þó saman með tímanum, og sje ekki veruleg nauðsyn til að gera Seyðisfjörð að kaupstað, þá er ekki kostandi til þess hálfu þúsundi á ári, því það hálfa þúsund er þó orðið eptir tvö ár að heilu þúsundi, og eptir eigi alllangan tíma skiptir kostnaðaraukinn tugum þúsunda.

Jeg hefi ekki getað sannfærzt af ástæðum h. framsögum. (E. J.) að veruleg þörf sje á, eða hagsýni í því, að veita Seyðisfirði kaupstaðarrjettindi, og mun jeg því sem áður greiða atkvæði gegn frumv. þessu.

Sigurður Gunnarsson: Jeg vona, að mótmæli h. þm. Borgf. (B. B.) hafi ekki talið mörgum hughvarf í þessu máli. Eins og öllum er kunnugt, sem þekkja til á Austurlandi, þá er Seyðisfjörður langfjölmennastur verzlunarstaður þar; enginn annar verzlunarstaður þar eystra hefir jafnmörg skilyrði fyrir því, að öðlast kaupstaðarrjettindi, eins og hann er nú. Virðist mjer rjettara að byggja á því sem er, en spám einum, eins og h. þm. Borgf. gerði.

Að því er snertir verzlunarstaðinn Búðareyri við Reiðarfjörð, þá mun það eiga langt í land, að þar verði eins fjölbyggt og á Seyðisfirði. Nú eru þar ekki nema fá hús, því að það eru að eins fá ár síðan, að þar var reistur verzlunarstaður. Höfnin er og ekki jafn góð þar, sem á Seyðisfirði, og útgrynni talsvert. En á Seyðisfirði er ein hin bezta höfn á Austfjörðum; þar er aðdýpi mikið.

H. þm. Borgf. (B. B.) *tók það fram,* að það væri hætta mikil að byggja við Seyðisfjörð, því að þar gætu menn bæði átt von á skriðum og snjóflóðum. En jeg vil benda þm. á, að reynslan er nú búin að kenna mönnum það, hvar óhætt sje að byggja, og þótt það svæði sje undanskilið, þar sem hætta er búin, þá er þar nægilegt bæjarstæði eins fyrir því.

Jeg vona því, að mótbárur hins h. þm. hafi ekki haft þau áhrif á hina h. þingdeildarmenn, að þeir hafni nú frv., þar sem það fjekk jafn góðan byr við 2. umræðu.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 18 samhljóða atkv. og sent til efri deildar.

Frumv. til laga um vegi (C. 186); 2. umr.

Forseti: Þetta mál verður tekið út af dagskrá af þeirri ástæðu, að við það hafa verið gerðar breyt.till., sem þingm. hafa ekki fengið færi á að átta sig á.

Frumv. til laga um afnám athugasemdar um lögdagslegging í stefnum (C. 198); 2. umr.

Flutningsm. (*Klemens Jónsson*): Jeg sje enga ástæðu til, að bæta neinu við það, sem jeg sagði um frumv. þetta við 1. umr., enda hafa engin mótmæli komið fram gegn því, en óska þess að eins, að h. þingm. láti það ganga umræðulaust gegn um þingið.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um stofnun lagaskóla (C. 199, 371, 419); frh. 1. umr.

Framsögum. meiri hlutans (*Guðlaugur Guðmundsson*): Það er ekki ástæða til að hefja miklar umræður um mál þetta nú; jeg skal að eins taka það fram, að meiri hluti nefndarinnar í þessu máli mun koma fram með sundurliðaðar breyt.till. við 2. umr. Jeg vona, að málið verði látið ganga til 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breyt. á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaganna 17. des. 1875 (C. 313); 1. umr.

Flutningsm. (*Jón Þórarinsson*): Jeg býst nú við því, að sumum h. þingdm. muni ekki þykja frv. þetta stórvægilegt; en jeg vona samt, er þeir hafa íhugað það vel, að þeir þá játi, að þetta mál eigi skilið, að því sje veitt eptirtekt. Það er nú eigi svo að skilja, að jeg beri kvíðboga fyrir, að málið fái ekki góðar undirtektir, því að jeg veit, að h. þingdm. sjá, að það er ekki lítið í það varið, að menntun yfirsetukvenna sje sem bezt.

Ákvæðin í núgildandi yfirsetukvennalögum eru ekki heppileg. Þar er tekið fram, að yfirsetukvennaefni eigi að menntast á ýmsum stöðum: annaðhvort á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn, eða hjá landlæknunum í Reykjavík, eða hjeraðslæknunum á Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri eða Eskifirði, og yfirsetukonurnar í Reykjavík eiga að hafa notið kennslu á hinni konunglegu fæðingarstofnun. Það sýnist nú liggja í augum uppi, að allir þessir kennslustaðir geta ekki verið jafngóðir. Um það hlýtur og flestum að koma saman, að við fæðingarstofnunina í Kaupmannahöfn og við læknaskólann í Rvík fari þessi kennsla viðunanlega fram. En það hlýtur að vera komið undir sjerstökum atvikum, hvort kennsla hjá hjeraðslæknum á þeim stöðum, sem jeg nefndi, er bærileg eða ekki. Það getur staðið svo á, að þar sjeu læknar, sem leysa þetta vel af hendi, en það getur líka staðið svo á, að þeir sjeu óhæfir til að kenna þessa námsgrein, svo vel sje; og praxis hjá þeim er allt af svo lítil, að yfirsetukonur fá vanalega enga verulega æfingu, sem þó varðar mestu.

Verði aptur á móti þetta frumv. að lögum, er fengin sú trygging, sem hið opinbera getur heimtað, fyrir því, að allar yfirsetukonur landsins verði sæmilega undir búnar starf sitt; því að út frá því mun mega ganga sem sjálfsögðu, að sá, sem kennir yfirsetukvennafræði við læknaskólann eða hjer í Reykjavík, að hann sje öðrum kennurum læknaskólans færari í þeirri grein, og því hinn færasti, er kostur er á. Auk þess er mögulegt að veita yfirsetukvennaefnum nokkra verklega æfingu hjer; en hún er, eins og jeg áður sagði, svo afarþýðingarmikil í þessu efni. Um þetta atriði frumv. býst jeg, sem sagt, við, að allir sjeu mjer samdóma. En það er annað atriði, sem jeg er ekki eins viss um, að menn verði mjer samdóma um. — H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) er allt af að píska; hann getur beðið með það þangað til jeg er búinn, og beðið þá um orðið á eptir mjer. — Þetta atriði, sem jeg ætlaði að minnast á, var, að hækka laun yfirsetukvenna; en jeg vona, að h. þingdm. verði mjer samdóma við nákvæmari íhugun málsins, enda er þetta ekki nema rjett og sanngjarnt, að jafnframt því, að heimtað er meira af yfirsetukonum, þá fái þær frekari laun, og jeg vona, að 20 kr. á ári verði ekki þyrnir í augum h. þingdm.; enda

geta þeir komið með breyt.till. til 2. umr., ef þeim svo sýnist, sem fellur ekki þessi tillaga í geð. Þrátt fyrir þessa hækkun eru launin svo lág, að hvergi í heimi mun yfirsetukonum vera boðin önnur eins laun. Jeg vona, að h. þingdm. taki málinu vel, og láti það ganga til 2. umr.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er samdóma h. flutningsm. (J. Þ.), að tilgangur frumv. er góður, og sömuleiðis er jeg honum samdóma um, að hið opinbera eigi að fá tryggingu fyrir, að kunnátta yfirsetukvenna sje næg. En eigi kennslan að fara eingöngu fram í Reykjavík, verður að leggja fram meira fje úr landssjóði, því kennslan yrði kostnaðarsamari þar; en það játa jeg, að í Reykjavík yrði kennslan bezt, því hjer er svo margt fyrir hendi, sem ekki er hægt að fá annarstaðar. — En þar á móti er jeg ekki samdóma h. flutningsm. (J. Þór.) um launahækkunina, og að sýslusjóðunum sje íþyngt með henni, enda hvíla nóg önnur útgjöld á þeim, þó ekki sje bætt við þau. Eptirlaun yfirsetukvenna mundu og hækka að sama skapi, sem laun þeirra hækkuðu. Jeg skal fúslega játa, að laun þeirra eru lág, en það mun nú lengst viðgangast, að þeir hafi lægst launin, sem lægst standa í mannfjelaginu, þó vinna þeirra sje alveg eins nauðsynleg eins og hinna, sem ofar eru og meiri laun fá, en menn verða að sætta sig við það eins og á stendur hjer á landi, það dugar ekki að láta hálaunahugmyndina ganga gegn um allt, mögulegt og ómögulegt.

Landshöfðingi: Jeg vil taka undir með h. flutningsm. (J. Þór.), að hjer þurfi að ráða bót á. Það er viðurkennt af öllum, að þekking yfirsetukvenna sje ónóg, og það dylst víst engum h. þingdm. Starf yfirsetukvenna er mjög áríðandi og jeg hef opt heyrt talað um, að börn hafi dáið af því, að yfirsetukonur hafi eigi haft næga þekkingu. Það er líka viðurkennt, að hvergi sje jafnmikill barnadauði eins og hjer á landi, og jeg verð að álíta, að það komi af því, að góðar yfirsetukonur vantar til að hjúkra börnum. Það tjáir ekki að horfa í það, þó kostnaðurinn við kennslu yfirsetukvenna og ferðakostnaður þeirra yrði nokkuð hærri en nú, því ef kennslan yrði svo góð, að yfirsetukonur yrðu vel vaxnar sínu starfi, þá yrði ávinningurinn ekki metinn til peninga; og eina ráðið til að veita þeim slíka kennslu er, að gera þeim að skyldu að taka próf við fæðingarstofnunina í Kaupmannahöfn eða við læknaskólann hjer í Reykjavík. Það er því ekki ástæða til að horfa í kostnaðarhækkunina, því að hún er lítils virði hjá hinu.

Færi kennslan fram hjer í Reykjavík, myndu yfirsetukvennaefni fá hina beztu kennslu, sem hægt er að fá hjer á landi, því að hjer við læknaskólann geta þær notið kennslunnar hjá þeim kennaranum, sem hæfastur er. Þar að auki gæti þeim gefizt kostur á að afla sjer praktiskrar þekkingar hjer, með því að láta þær ganga til sængurkvenna með yfirsetukonunum. Alstaðar annarsstaðar en hjer á landi myndi það þykja hneyksli, ef sú yfirsetukona fengi erindisbrjef, er aldrei hefði sjeð fæðingu, nje nokkru sinni setið yfir konu. Það þætti slæmur undirbúningur hvervetna annarsstaðar.

Jeg minntist á, að sú breyting á kennslu yfirsetukvenna, sem hjer er farið fram á, mundi hafa nokkurn kostnaðarauka í för með sjer, en jeg er þó ekki svo viss um, hvort kostnaðaraukinn yrði svo mikill, þótt yfirsetukonur læri hjer, heldur en þó þær læri út um landið. Læknar út um landið fá 50 krónur fyrir að kenna hverri yfirsetu-

konu, en landlæknirinn fær 600 krónur á ári fyrir kennsluna.

Mjer er því til efs, að kennslan yrði dýrari, þó að hún væri eingöngu í Reykjavík. Reyndar kynni ferðakostnaðurinn að verða meiri, en jeg hefi nú ávísað svo mörgum ferðakostnaðarreikningum yfirsetukvenna hjer úr Suðuramtinu, að jeg tel óvíst, að þeir yrðu hærri annarsstaðar af landinu. Yfirsetukvennaefnin notuðu strandferðirnar til að koma og fara með þeim.

Mjer eru nú heldur ekki ókunnugir ferðakostnaðar-reikningar þeirra yfirsetukvenna, sem læra hjá læknum út um landið. Þeir eru sumir fullháir. En kostnaðurinn er ekki aðal-atriðið, heldur hitt, að kennslan verði sem bezt og þekking yfirsetukvennanna sem mest.

Jeg bið háttv. þingd. að íhuga vel þetta mál, því að það er mjög mikilsvarðandi fyrir komandi kynslóðir, því við vitum, að mörg sængurkona hefir dáið eða ekki beðið bætur af því, að yfirsetukonu hefir vantað næga kunnáttu.

Sigurður Gunnarsson: Jeg get nú í rauninni fallið frá orðinu, því h. flutningsmaður (J. Þ.) og hæstv. landshöfðingi hafa tekið það fram, sem jeg hefði viljað segja og meira en jeg hefði að líkindum sagt; en jeg vil að eins lýsa því yfir, að jeg er af öllu hjarta samþykkur stefnu frumv., og óska þess eins, að það fái sem beztan byr í gegn um deildina, því að málið er nauðsynjamál sannarlegt.

Flutningsmaður (*Jón Þórarinsson*): Jeg vildi svara h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) nokkrum orðum, þar sem hann sagði, að kostnaðurinn kæmi þyngra niður á landssjóði, en jeg held það mætti sanna, að þetta gæti orðið sparnaður fyrir landssjóð.

Hæstv. landsh. gat þess, að nú fengju læknar út um landið 50 kr. fyrir að kenna hverri yfirsetukonu, en ef nú kennslan færi eingöngu fram í Reykjavík, þá ímynda jeg mjer að hún kostaði ekki meira en þær 600 kr. sem landlæknirinn hefir nú fyrir þann starfa. Því þó hann kenni nokkuð fleirum, er fyrirhöfnin hin sama, og sje jeg því ekki, að þurfi að hækka þessi laun landlæknisins. Hvað ferðakostnaðurinn hingað til Reykjavíkur verður mikill, er óvíst, hvort hann verður meiri eða minni en sá ferðakostnaður, sem greiddur er til yfirsetukvenna út um land eins og nú stendur. Jeg gef mig ekki heldur út fyrir neinn spámann um það. En þó svo væri, að ferðakostnaðurinn yrði eitthvað hærri, þá ber á það að líta, að margar 50 kr. sparast landssjóði í kennslukaupinu.

Hitt gat jeg vel skilið, að h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) vill ekki auka gjöld sýslusjóðanna; hann mun vera búinn að búa svo um hnútana, hvað sýslusjóð Árnessýslu snertir, að hann er ekki fær um mikið í viðbót, en jeg er þó sannfærður um, að þeir eru færir um, að bera þann kostnað, sem þetta frumv. leggur á þá.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg held að h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) hefði nú getað sparað sjer þessa ræðu, því allt, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni, hlynnti einmitt að frumv. Jeg var því einmitt hlynntur, og það var óþarfi, að taka svona óstinnt upp fyrir mjer það, sem jeg sagði, þó að jeg benti á, að það gæti kostað landssjóð nokkuð meir en nú.

Jeg skal taka það fram, að það er ekki ólíklegt, að landlæknirinn eða hver, sem kenndi hjer, vilji hafa meiri laun en hann hefir nú, ef öll yfirsetukvennakennslan lendir á honum, eins og h. þm.

K.-G. (J. Þ.) sjálfur þekkir, frá skóla þeim, sem hann hefir sjálfur stjórnað, að eptir því hefir þurft meira fje, sem nemendurnir hafa fjölgað, án þess jeg telji eptir landssjóði að leggja meira fram, af því jeg tel þetta til stórra bóta.

Enn fremur hefði h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) mátt spara sjer að fara að senda mjer hnútu út úr brúartollsmálinu, og fara að vekja upp við umræður þessa máls gamlan draug, sem búið er nú að kveða niður hjer í deildinni. Ef þm. heldur, að jeg með framkomu minni í brúartollsmálinu hafi brotið af mjer hylli kjósenda minna, þá vil jeg ráðleggja honum, þegar hann þarf að sækja fram næst í sínu kjördæmi, og máske sæi tvísýni á að komast að, að sækja fram þar eystra til móts við mig, ef jeg þá verð til.

Björn Bjarnarson: Í frumv. þessu, er svo gert ráð fyrir, að hjálp-konur læri í Reykjavík eða á fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn. Jeg vil leyfa mjer að benda á, hvort ekki mundi vera ástæða til, að fella burtu ákvæðið um, að hjálp-konur í kaupstöðum sje skyldar að stunda nám í Kaupmannahöfn; jeg sje enga ástæðu til, að þær læri þar fremur en aðrar, sem eiga að verða hjálp-konur í sveit, því þar sem þetta ákvæði nær til, eru læknar ætíð við höndina, ef á þarf að halda, en í sveitum er optast langt til þeirra. Jeg sje enga ástæðu til að gera mismun á námi hjálp-kvenna, hvar í landinu sem þær eiga að starfa.

Þá er annað atriði, sem jeg vil benda á, að jeg held, að heppilegt sje, að til aðstoðar við kennsluna sjeu konur, sem stunda þetta starf. Ef nú skólinn væri í Reykjavík, þá gæti slík kona verið aðstoðarkennari í þeim skóla, eða með öðrum orðum haft tímakennslu þar. Einnig væri æskilegt, að hjálp-konur gætu notið meiri verklegra æfinga meðan á náminu stendur en nú á sjer stað. Það blandast víst engum hugur um, að það mundi hafa mikla þýðingu.

Það hefur verið bent á, hve óheppilegt það sje, að hafa 5 hjálpkvennaskóla hjer á landi, en þetta fyrirkomulag stafar frá þeim tíma, þegar samgöngur voru ógreiðari en nú, og ógjörlegt þótti að gjöra þeim að skyldu, að ferðast á einn stað.

Mjer þykir líklegt, að ferðakostnaðurinn verði ekki mikið meiri en verið hefur, þó þær komi af öllu landinu til Reykjavíkur, ef þær ferðast með strandferðaskipunum. En af því staða þeirra er svo þýðingarmikil, vil jeg ekki horfa í, þó eitthvað lítið yrði að kosta meiru til, að gjöra þær fullkomnari í henni. Af því jeg einnig er hlynntur því, að auka og bæta læknaskipunina og það sem stutt getur að betri hjúkrun sjúkra, þá vil jeg því fremur hlynna að þessu. Hjálp-konurnar eru nokkurskonar sveitalæknar, þar sem ekki eru homöopaþar eða aðrir »praktíserandi« læknar.

Það kemur því iðulega fyrir, að þeirra er fyrst leitað í öllum smærri kvillum og sjúkdómum, bæði manna og dýra, ef ekki er eins hægt að ná til læknis. Væru þær betur menntaðar, yrði þeirra fremur leitað og þá fremur sneitt hjá »humbugistum« eða ónýtum skottulæknum, og væru skilyrðin fyrir því að komast í stöðuna þyngri, yrðu þær betur valdar í stöðu þessa, eða hinar óhæfari mundu þá síður komast að, en til þessa munu þær hafa verið teknar af handahófi, sem boðizt hafa. En svo ættu þær þá einnig að geta haft betri kjör en nú, og að því er snertir launahækkunina samkvæmt frumv., þá tel jeg hana ekki eptir.

Flestum mun og kunnugt, að hjálp-

konur til sveita græða ekki á þeim starfa sínum, því þær verða opt að gefa meðul sín og vinnu sína fátæku fólki, sem stundum nemur meiru en þeim 40 kr. er þær hafa í laun. Ef jeg ekki áliti sýslusjóðunum það ofvaxið, mundi jeg mæla með því, að laun þeirra væru hækkuð upp í 100 kr. Það er í rauninni engin mynd á, að bjóða þeim minna.

Þær mega opt ferðast um miðjar nætur á öllum tímum árs, hvernig sem veður er, og verða að ferðast margar mílur, og margir aðrir örðugleikar fylgja starfi þeirra, svo engum mun geta dottið í hug, að öfunda þær af 60 kr.

Enn er eitt ákvæði þessa frumv. sem jeg get ekki fellt við, og það er ákvæðið um eptirlaun handa hjálpkonum, því þó hjer sje um lágt launaða starfsmenn að ræða, þá kann jeg ekki við að eptirlaun sje ákveðin handa þeim, eða að verið sje að koma nýjum flokki starfsmanna á eptirlaun, þegar almenningi er orðið svo illa við allt slíkt. (*Forseti*: Jeg verð að minna h. þm. á, að þetta er 1. umr. málsins, svo það má ekki fara út í einstakar greinar).

Jeg þykist ekki heldur hafa farið út fyrir takmörk þessarar umræðu, svo jeg þurfi að taka við áminningu. Jeg man ekki eptir meiru, er jeg þurfi að athuga við frumv. að þessu sinni. Mál þetta er svo þýðingarmikið, að jeg álít það engu minna þjóðhagfræðilegt atriði sem það áhrærir, en jafnvel vesturflutningarnir og »agentarnir«, og hjer er miklu meira í húfi, og málið meira »national«-velferðarmál en mál vesturflutninga-agentanna.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg get á engan hátt sjeð, að þetta frumv. sje til neinna verulegra bóta. Jeg skal fúslega játa það, að það er mjög áríðandi að yfirsetukonur sjeu góðar, en til þess þurfa þær meira en hinn bóklega lærdóm; þær þurfa einnig að fá verklega æfingu, áður en þær takast á hendur þennan mikilvæga starfa. Þótt þær sjeu sendar til Rvíkur og læri hjer nokkurn tíma, þá efast jeg um, að þær verði betri en þótt þær hefðu lært hjá öðrum læknum, því jeg efast um, að hjer verði ávallt eins góður læknir í þessari grein og landlæknirinn, sem nú kennir yfirsetukonum, og jeg efast um að þær mundu læra meira hjer en hjá öðrum læknum úti á landinu. Þær sem koma hingað, hafa mjer vitanlega enga »praxis« fengið eða að minnsta kosti mjög fáar. Til þess að þær geti fengið næga verklega æfingu, þá yrði hjer að vera fæðingarstofnun. Jeg ímynda mjer, að það sjeu ekki margar, sem fara til yfirsetukvennanna hjer, þegar þær eru sóttar til sængurkvenna og biðja þær að lofa sjer að vera með til þess, að sjá og læra af því — (*J. Þ.*: Jú.) — Nei, þær verða mjög fáar. Og þó þær komi hingað, þá er engin vissa fengin fyrir því, að þær fái meiri »praxis« heldur en þær gætu fengið í hinum 3 stærri kauptúnum landsins. Ef frumv. væri til bóta, yrði það að vera stýlað þannig, að vissa fengist fyrir því að þær fengju æfingu í þessu starfi áður en þær tækjust yfirsetukvennastarfa á hendur. Ef breyta á lögum 17. des. 1875, svo að gagni verði, þá verður að koma í staðinn með einhver þau lagaákvæði, sem setja tryggingu fyrir því, að þær læri meira en þær hafa gjört hingað til. Ef flutningsmenn geta komið með eitthvað í þá átt, að þær læri meira og fái meiri æfingu eptir þessu lagafrumv. en þær gjöra nú, þá skal jeg undir eins gefa því atkvæði mitt. En að breyta því, sem engar líkur eru fyrir að sje til bóta, því er jeg alls ekki með. Jeg get ekki annað en risið öndverður gegn

því, að breytingar sjeu gjörðar að eins í þeim tilgangi að breyta; til þess að nokkur breyting nái mínu fylgi verður hún að vera til bóta. En þessi breyting er ekki til bóta, heldur er hún, eins og hún nú er löguð, að eins gjörð til þess að breyta. Jeg er eins vel kunnugur öllu ástandi hjer, eins og það er og hefir verið, eins og h. 2. þm. K.-G. (*J. Þór.*: Sannar ekkert). Jú, jeg þekki það mjög vel. Ef flutningsmennirnir vilja vera svo góðir og gefa fulla vissu fyrir góðum árangri af þessu, þá skal jeg ekki horfa í krónurnar, sem þetta útheimtir, en þetta frumv. er alls ekki til gagns. Kostnaðurinn er miklu meiri eptir þessu frumv. en eptir núgildandi lögum, því það er ekki lítið óhagræði og kostnaður fyrir yfirsetukonuefni að verða að ferðast langar leiðir, t. d. austan úr Múlasýslum, suður til Reykjavíkur, en jeg skal ekkert horfa í þann kostnað, ef þetta væri til verulegra bóta, en jeg get ekki sjeð að það sje því að heilsa.

Landshöfðingi: Það var út af orðum h. þm. Borgf. (B. B.), að jeg tek til máls. Hann tók fram, að það væri skrítin ákvæði í frumv. þessu, að engar yfirsetukonur nema þær, sem skipaðar eru til þess að vera í Rvík, þurfi að hafa stundað nám sitt við fæðingarstofnunina í Kaupmannahöfn. En hann hefir ekki lesið vel lögin frá 17. des. 1875, því þar er einmitt gjörð þessi hin sama krafa til yfirsetukvenna þeirra, sem ætla sjer að hafa þann starfa á hendi í Reykjavík. En þetta ákvæði er þó ekki þýðingarlaust. Ef það verður ofan á, að yfirsetukonur skuli læra í Reykjavík, þá ættu þær yfirsetukonur, sem eru í Reykjavík, að hafa svo fullkomna þekkingu í því efni, að þær gætu verið til aðstoðar við kennsluna.

H. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) og þm. Borgf. (B. B.) tóku það fram, að þær fengju hjer enga »praktiska« leiðbeiningu. Það er ekki hægt að búast við því enn, því aðferðin við kennsluna verður að vera fyrirskipuð með reglugjörð. En orsökin til þess að það hefir eigi verið gjört, er sú, að það hefir verið ómögulegt hingað til, vegna þess, að kennslan hefir farið fram víðsvegar út um landið. Ef kennslan yrði einungis í Reykjavík, þá væri mögulegt að láta kennsluna fara fram eptir fyrirskipaðri reglugjörð, og þar væri hægt að láta yfirsetukvennaefni fá praktiska æfingu, en annarsstaðar ekki. Jeg get ekki verið sammála h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) um það, að þær fái hjer enga verklega æfingu, því þær hafa margar verið hjer til húsa hjá yfirsetukonum bæjarins, og hafa svo gengið með þeim til sængurkvenna, svo þær hafa ekki fengið minni æfingu en þær, sem hafa lært út um landið. Jeg tek það upp aptur, að þetta verður að eins gjört með reglugjörð, og því, að kennslan verði á einum stað.

Þórður Guðmundsson: Jeg get ekki verið á sömu skoðun og h. þm. Rvík (H. Kr. F.) um það, að þetta frv. sje ekki til neinna bóta. Jeg get ekki annað skilið, en að kennsla yfirsetukvenna hljóti að vera fullkomnari í Reykjavík en annarsstaðar. Þó að læknir sá, sem kennir, verði eigi ávallt eins fullkominn, þá verð jeg að leggja áherzlu á það, að landlæknirinn er í Reykjavík, sem heldur próf yfir þeim áður en þær eru sendar burt, og það er miklu meiri vissa fyrir því að þær fái fullkomna menntun í þeirri grein hjer en annarsstaðar. Þegar er um kostnað þann og erfiðleika að ræða, sem það, að senda yfirsetukonur utan af landinu til Rvíkur, þá get jeg ekki horft svo mikið í hann. Jeg er sannfærður, um að það borgaði sig, því það að fá fullkomna yfirsetukonu er svo

mikils virði, að til þess er ekki horfandi aurana, sem hún útheimtir, og jeg get heldur ekki fundið ástæðu til að horfa í þann kostnað, sem á landssjóð legðist við þetta.

En það er einn útgjaldaliður í þessu frumv. sem mætti komast hjá, og það er, að þær yfirsetukonur, sem nú eru, njóti hinna sömu launahækkunar, sem hjer er farið fram á. Jeg get ekki sjeð neina ástæðu til þess að fara að hækka laun þeirra; það mætti þá eins hækka laun embættismanna, sem þykjast hafa of lág laun. En þeir eru margir, sem finnst laun sín vera af skornum skammti, svo það mundi æra óstöðugan, ef fullnægja ætti þeim kröfum. Yfirsetukonurnar hafa, þegar þær tókust þennan starfann á hendur, gengið að þessum kjörum, sem þær hata, og við það ættu þær að geta unað eins nú og þá.

Jeg mun koma með breytingartill. við þetta atriði til annarar umræðu.

Þórarinn Böðvarsson: Það hefir verið tekið fram, hve mjög áríðandi það er, að hafa góða yfirsetukonu, og er það eitthvert hið þýðingarmesta mál.

Menn hafa byrjað á að tala um kostnað, sem af þessum umbótum leiddi, en jeg tek undir það með hæstv. landsh., að hjer sje um það að ræða, er eigi geti orðið matið til peningaverðs. Þær umbætur sem hjer er farið fram á eru nauðsynlegar, og kostnaðurinn ekki saman berandi við þau gæði sem af þeim geta hlotizt. Það er ekki gott að meta til peningaverðs líf eins barns, hvað þá heldur tugi eða hundruð, eins og það er heldur ekki gott, að meta einnar konur líf, hvað þá heldur þúsunda. Og hver efast um, að eitthvað slíkt gæti sparast, ef yfirsetukonur vorar fá meiri og betri þekking og æfingu í starfi sínu?

Það er einnig ýmislegt, sem gæti sparast við þetta; jeg legg áherzlu á, að það gæti sparast að sækja lækni, þegar þess er ekki þörf, sem þó er ei fátítt; jeg vil segja, það eru 100 af tilfellum þar sem vorar lítt lærðu yfirsetukonur hafa ekki haft vit á, hvort sækja ætti lækni eða ekki, og bakað heimilunum kostnað, en konunum langar og erfiðar þjáningastundir, og stundum kostað líf beggja, þegar læknir hefir verið svo fjarri, að til hans hefir ekki náðzt, en dugleg yfirsetukona hefði getað hjálpað. Þetta væri óendanlega mikill sparnaður, sem mun vera öllum auðsær.

Það er alveg nauðsynlegt fyrir yfirsetukonur, að geta fengið nokkra verklega æfingu, áður en þær takast á hendur hina vandasömu stöðu sína, og jeg þarf víst ekki að taka það fram, að það er þó helzt hjer í Reykjavík, sem þeim gæti gefizt kostur á því.

Hæstv. landsh. tók það fram, að kæmist þetta á, þá mundi ávallt sá kennari við læknaskólann, sem þar kenndi þessa grein, og ætla mætti, að bezt væri að sjer í þeirri grein, verða valinn til þessarar kennslu.

Það skiptir engu, hvernig þetta hefir verið hingað til, og þó er það sannfæring mín, að það hafi verið, að miklum mun, fullkomnara nám, sem yfirsetukonum hefir veitzt hjer en út um land.

Jeg hef svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta mál, en treysti því, að h. deild láti það ganga til 2. umr. Þeir, sem athugasemdir hafa að gera, geta þá komið með þær.

Bogi Th. Melsteð: Jeg er samdóma h. þm. R.vík. (H. Kr. Fr.), að það eigi aldrei að breyta aðeins til þess að breyta en að öðru leyti get jeg ekki verið honum samþykkur í þessu máli.

Mig furðar annars mjög á því, hve miklar umræður hafa orðið þegar við 1. umr. um þetta mál.

Aðalatriðið í þessu máli er, að hjer

á landi er ómögulegt að fá góðar yfirsetukonur, eptir því fyrirkomulagi sem nú er; læknarnir hafa kvartað yfir þessu, og bent á, að hjer þurfi eitthvað við að gera. Jeg veit að landlæknirinn hefir talað um þetta við mig, eins og líka sjálfsagt við ýmsa fleiri þingmenn, að það væri ekki að undra, þó yfirsetukonurnar væru ekki vel að sjer, þar sem læknarnir, sem ættu að kenna þeim, væru sumir ekki hæfir til að kenna, og í annan stað hefðu hvorki spítala, nje neitt annað, sem nota þyrfti við kennsluna.

Það koma bænarskrár úr öllum áttum til þingsins í hvert sinn, er það kemur saman, um að stofna aukalæknishjeruð, og aðalástæðan sem tilfærð er, er vanalegast sú, sjerstaklega þegar um fámenn hjeruð er að ræða, að svo erfitt sje að sækja lækni handa sængurkonum.

Ef þessi breyting yrði samþykkt, og eins og hæstv. landsh. tók fram, kennslunni komið í betra horf, sjerstaklega með því, að gefa yfirsetukonunum tækifæri á að fá verklega æfingu, þá er enginn vafi á, að þetta er til verulegra bóta.

Jeg vona að menn sjeu máli þessu hlynntir, og það fái að ganga til annarar umræðu.

Flutningsmaður (*Jón Þórarinsson*): Jeg stóð upp til að þakka þeim, sem talað hafa, fyrir þeirra hlýju og góðu undirtektir.

Fyrst og fremst þakka jeg hæstv. landsh. fyrir, hve rækilega hann hefir útskýrt málið, — miklu betur en jeg hefði getað gert —, h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) á, ef til vill minnstan hluta þessa þakkarávarps, en seinast en ekki sízt þakka jeg h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) fyrir sín ummæli um frumv., sem gefa mjer fullkomna tryggingu fyrir því, að þessu máli muni byrja vel hjer í deildinni, og miklar líkur til að það komist farsællega gegn um allt þingið.

ATKV.GR.: Samþ. að hætta umr. eptir ósk 8 nafngr. þm.

Málinu síðan vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um breyting á lögum um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, 14. jan. 1876, og viðauka við þau (C. 253); 1. umr.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Það var 1876, eins og h. deild mun kunnugt, að sett voru lög um tilsjón með útflutningum, og 1891 kom viðauki við þau. Þessi lög eru sjerstaklega um það, hvaða skilyrði þeir menn skuli uppfylla, sem taka að sjer að vera útflutningsstjórar, og hverja tryggingu þeir skuli setja, ásamt ýmsum reglum um góða meðferð á því fólki, sem út flytur. Þetta er vitanlega mjög þarflegt og gott; kröfurnar til útflutningsstjóranna eru eigi alllitlar og sektirnar háar. Þeim er einnig bannað að tæla menn til útflutnings með ósönnum fortölum, og lagður við leyfismissir, sem fyrir þessa menn er ekki svo lítils virði, og þar að auki sektir.

En nú er hjer kominn upp annar flokkur manna, sem þessi lög ná ei yfir, því þau tala aðeins um útflutningsstjóra; þessir menn koma hingað og ferðast landið þvert og endilangt og hringinn í kring um það, halda fyrirlestra og ginna menn og tæla til að flytja burt, og hin gildandi lög hafa engar ákvarðanir um þá; og þó gera þeir vissulega ekki minna til að fá fólk til að flytja af landi burt, en hinir föstu útflutningsstjórar, og það sýnist full þörf á því, að gera eitthvað til að hindra þá. Það er vegna þessa, að við höfum leyft okkur að koma fram með þetta frumv., ekki til þess að gera neinum rangt til, heldur

til þess að koma þessum mönnum undir svipuð ákvæði, eins og nú gilda um hina föstu útflutningsstjóra, en svo flytur það líka nokkrar ákvarðanir, er snerta útflutningsstjórana beinlínis.

Það mun öllum vera kunnugt, að menn geta hlaupið burt úr landi, og gera það líka, frá stórum skuldum og öðrum óbættum sökum, án þess að hin gildandi lög geti nægilega hindrað það. Til þess að koma í veg fyrir þetta, viljum við leggja á útflutningsstjórana þá kvöð, að ábyrgjast skuldir þeirra, þannig, að hægt sje að ganga að þeim, ef hinir ekki borga.

Mönnum kann ef til vill að þykja þetta hart að gengið, en það er þó eigi svo í raun og veru; útflutningastjóranum er sem sje innan handar að sjá sjer borgið gagnvart þeim sem út flytur; hann þarf ekki annað en láta hann setja nægilega tryggingu, t. d. að fá ábyrgð frá 2 mönnum um það, að þeir skuli annast allar hans útistandandi skuldir, eða votti, að þær sjeu borgaðar. Þetta mundi girða fyrir, að menn hlypu burt án þess að borga skuldir sínar, og utflutningastjórarnir mundu þá ekki hjálpa mönnum til að skjótast undan, sem, ef til vill, stundum hefir átt sjer stað.

Í viðaukalögum 18. sept. 1891 er svo ákveðið, að útflutningastjórinn megi ekki taka innskriptargjald eða neitt fje undir nokkru öðru nafni sem borgun upp í fargjald nema gegn skriflegu loforði um flutning. En hjer er farið fram á, að útflutningastjórinn megi heldur ekki taka ávísanir eða loforð um borgun þegar útfarinn sje kominn í annað land, með því að grunsamt þykir, að sumir af þeim sem hjer fara um, til að tæla menn burtu, jafnvel láni þeim fje til að komast til Ameríku, upp á væntanlega endurborgun, þegar þar er komið, og virðist sannarlega engin vanþörf á því, að einhverjar skorður sjeu reistar við slíku.

Að síðustu er svo ákveðið í hinum gildandi lögum, að hin konunglegu póstskip og seglskip, sem ekki flytji fleiri en 10 útfara, sjeu undanþegin eptirliti, að því er útfara snertir. Þetta virðist oss í alla staði ástæðulaust. Vjer fáum ekki sjeð, hvers vegna á að gera mun á þeim og öðrum skipum, og því gerum við ráð fyrir, að einnig þeir, sem með þessum skipum fara, skuli hafa fullnægt lögunum.

Jón Jónsson, 2. þm. N.-M.: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVÆÐAGR.: Nefnd samþykkt með 15 atkv. Í nefndina kosnir:

Einar Jónsson	með	15	atkv.
Jón Þorkelsson	—	12	—
Skúli Thoroddsen	—	12	—
J. Jónsson 2. þm. N.-M.	—	10	—
Ólafur Briem	—	8	—

Umr. frestað.

Álit (tillögur) yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1890 og 1891 (C. 300); fyrri umr.

Framsögum. (Ólafur Briem): Nefndinni þykir eigi þurfa að fjölyrða um þessar tillögur, og get jeg yfir höfuð látið mjer nægja, að skírskota til nefndarálitsins. Eins og menn sjá, eru 2 fyrstu tillögurnar að nokkru leyti sama eðlis, þar sem þær báðar miða til þess, að fá betri skil fyrir tekjum landssjóðsins, afborgunum af hallærislánum og árgjöldum af prestaköllum. Það hefir sýnt sig að undanförnu, að það hefir verið örðugt að halda hlutaðeigandi sýslufjelögum til þess að standa landssjóði full skil á vöxtum og afborgunum á hallærislánum eptir samningum þeim, er gerðir hafa verið, þegar þau hafa tekið lánið. Samt sem áður er full ástæða til að heimta inn þessi lán, á

rjettum tíma, og getur það haft slæmar afleiðingar að sjá í gegnum fingur við sýslufjelögin.

Nefndin hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að fara með þessi lán eins og önnur lán úr almennum sjóðum, að ef vextir eru eigi borgaðir í tæka tíð, þá sje skuldin fallin í gjalddaga þá þegar. En að því leyti, sem ekki er hægt að koma þessu til vegar með öðru móti en málssókn og lögtaki, þá getur það á stundum verið ísjárvert að beita hörku, einkum þar sem peningaleysi er eins almennt og það hefir verið hjá oss hin síðustu ár, og er því nauðsynlegt að landsstjórnin sje látin hafa frjálsar hendur til þess að fara meðalveg í þessu efni.

Önnur tillagan er sú, að málssókn sje hafin gegn prestum þeim, er eigi standa landssjóði skil á árgjöldum af brauðum sínum, og að við veitingu prestakalla, er slík gjöld hvíla á, sje heimtað veð til tryggingar skilvísri greiðslu árgjaldanna.

Í 3. gr. prestakallalaganna frá 27. febr. 1880 er svo ákveðið, að gjald það, sem greiða skal frá einu prestakalli til annars, skuli sem mest greiða með fasteignum eða afgjaldi fasteigna. Samkvæmt þessu hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að fasteignir, er tilheyrðu brauðum þeim, er árgjöld hvíldu á, yrðu útlagðar öðrum brauðum, er uppbót áttu að fá eptir lögunum. Upp í þessi gjöld frá einu prestakalli til annars hafa einnig, þar sem svo hefir staðið á, verið útlagðar prestsmötur frá annexíubændum eða fyrverandi klaustrum, svo og vextir af innstæðufje. En þar sem ekkert af þessu hefir átt sjer stað, hafa prestar orðið að borga árgjöldin í landssjóð í peningum. Hjer í tillögunni er farið fram á, að ef landssjóður eigi fær full skil fyrir þessum tekjum sínum, þá sje hafin lögsókn gegn hlutaðeigandi presti.

Annað atriði tillögunnar er, að veitingarvaldið skuli heimta veð af prestum til tryggingar greiðslu gjaldanna. Þar sem prestur í því tilfelli er innheimtumaður landssjóðs, þá þykir nefndinni það fullkomlega rjett, að landsstjórnin geti heimtað þetta af þeim, sem öðrum innheimtumönnum.

3. og 4. tillagan fara að eins fram á, að fleiri skilríki fylgi landsreikningunum er áður hefir tíðkazt. 3. tillagan snertir hinar svonefndu versúrur, sem að eins eru fólgnar í peningaviðskiptum milli jarðabókarsjóðs á aðra hlið, og ríkissjóðs á hina. Þessi viðskipti snerta eiginlega hvorki tekjur eða gjöld landssjóðs, og að þessu leyti eru versúrurnar landssjóði alveg óviðkomandi.

En eigi að síður álítur nefndin, að yfirskoðunarmönnum beri einnig að hafa eptirlit með þessum sem öðrum útborgunum úr sjóði landsins, svo að þær blandist ekki saman við hinar eiginlegu tekjur, eða hin endilegu gjöld landssjóðs; og til þess hljóta þeir að fá í hendur þau skilríki, er slíkt eptirlit verður að styðjast við. 4. tillagan fer fram á, að ef gjaldheimtumenn borga meir en þeir eiga að greiða eptir reikningum sínum, sje skýrsla um slíkar ofborganir frá fyrri árum látin fylgja landsreikningunum framvegis. Slíkar ofborganir orsakast af ýmsum atvikum, sem ekki er gott að koma í veg fyrir.

Að því er snertir athugasemdina við tekjubálk reikningsins 1890 undir tölul. II. 2., vil jeg geta þess, að það lágu ekki fyrir yfirskoðunarmönnum skilagreinir fyrir sölu og útsendingu alþingistíðindanna síðan 1886. En eptir að nefndin hefir lokið við álit sitt, hafa forsetar alþingis látið henni í tje skýrslur um þetta efni. Þessar skýrslur bera

það með sjer, að sala alþingistíðindanna gefur mjög lítið af sjer. Eins og menn vita, er 1 expl. af tíðindunum útbýtt í hvern hrepp; en það er óþægilegt, að nota sjer þau, nema maður hafi öll tíðindin í einu lagi, og eru þau því mjög lengi að berast manna á milli. Þess vegna þykir nefndinni ástæða til, að útbýtt væri fleiri expl. ókeypis, eins og t. d. er gert við Stjórnartíðindin.

Þá er eitt atriði í athugasemdunum við sama reikning, sem valdið hefir allmiklum ágreiningi. Þessi athugasemd er undir tölul. 7, og hljóðar um það, hvort rjett sje, að landssjóður beri kostnað af rekstri íslenzkra gjafsóknarmála og sakamála í hæstarjetti. Þetta er nú að miklu leyti viðurkennt rjett að vera af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna, sem báðir eru ágætir lögfræðingar.

En til þess að útgjöld leggist eigi að ófyrirsynju á landssjóð, við ókeypis málfærslu fyrir hæstarjetti, álítur nefndin haganlegt, að meðmæli landshöfðingja verði, að því er kemur til íslenzkra mála, sett sem skilyrði fyrir því, að gjafsókninni sje samfara skipun málfærslumanns til að flytja málið fyrir hæstarjetti, og vil jeg sjerstaklega beina því til hæstv. landsh., hvort hann sjái nokkuð á móti því, að þetta sje sett sem skilyrði.

Þá er ein athugasemd við gjaldabálk sama reiknings, undir tölul. II. 5., er snertir kostnaðinn við eptirlitsferðir embættismanna. Að vísu hafa yfirskoðunarmenn álitið, að leita þurfi aukafjárveitingar fygir umframgreiðslum á þeim gjaldlið kr. 557,55. En nefndin hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að 3. gr. laga 2. nóv. 1877 skeri hjer fullkomlega úr, og að í henni sje fólgin næg heimild til að greiða úr landssjóði kostnað þann, er leiðir af umræddum embættisskoðunarferðum, og sje því óþarft að leita aukafjárveitingar fyrir umframgreiðslunni á þessum gjaldlið. Vildi nefndin gjarnan heyra álit hæstv. landsh. um, hvort ákvæði greinar þessarar sjeu ekki alveg skýlaus.

Finn jeg svo eigi ástæðu til, að fara fleirum orðum um þetta mál, meðan engin mótmæli eru komin.

Landshöfðingi: Það eru í þetta skipti ekki nema 4 till., sem fram hafa komið af hendi yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1890 og 1891. Að því er snertir 1. till. vona jeg, að það sje h. nefnd kunnugt, að stjórnin hefir gert sjer allt far um, að innheimta hallærislánin. En eins og mjer skildist h. framsögumaður (Ól. Br.) kannast við, eru opt miklir erfiðleikar á að standa í skilum með þessar afborganir, því að peningaekla mikil er í landinu, eins og kunnugt er. Það eru þó að eins tvær sýslur, sem ekki hafa getað staðið fullkomlega í skilum, en það er Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Strandasýsla. Þó skal jeg láta þess getið um Snæfellsnesssýslu, að þaðan hafa komið í ár 2000 kr. En frá Strandasýslu er enn ekkert komið, en þó hefi jeg ástæðu til að búast við einhverju þaðan í haust. Stjórnin hefir sagt sýslunefndum það, að láninu verði sagt upp, ef þær sýni megn óskil. Það verður því gert, hvort sem till. verður samþykkt eða ekki. En jeg hefi ekkert á móti, að hún verði samþykkt, því að það er allt af gott fyrir stjórnina, að hafa eitthvað ákveðið til að styðjast við. Tillagan er ekki bráðnauðsynleg, en hún skemmir ekki.

Þá kem jeg að 2. till. Fyrri hluti hennar er óþarfur. Menn vita, að það er jafnaðarlega höfðað mál móti prestum fyrir gjaldtregðu, ef þeir láta sjer ekki segjast við ítarlegar áminningar frá stiptsyfirvöldunum. Það er að eins

eitt prestakall, þar sem gjaldið hefir safnazt fyrir og er orðin stór skuld. En þaðan hefi jeg nýlega fengið þúsund kr. ávísun á verzlun eina í Kaupmannahöfn. En þegar um þessi útgjöld er að ræða, þá verða menn að hafa það hugfast, að gjaldið er mjög ósanngjarnt, þar sem svo stendur ú, að það hefir verið lagt á hlunnindi, sem fylgja prestssetrinu. Þessi hlunnindi geta gengið úr sjer áður en varir, og má vel svo fara, að eptir nokkur ár sje það horfið, sem gjaldið var lagt á, en gjaldið hvíli á prestinum og sje bæði ósanngjörn og óbærileg byrði fyrir hann. Jeg skal leyfa mjer að benda á það, hve mikið dúnn hefir fallið í verði síðan 1880, er árgjald af brauðum var leitt í lög, og hefir kannske ekkert brauð orðið eins hart úti í þessu efni eins og Staður á Reykjanesi, sem nú er í stórri árgjaldsskuld. En hjer við bætist, að því er þetta brauð snertir, að tekjur þess eru rýrar, og að árgjaldið er komið á það af vangá og misskilningi. Hinum brauðunum er minni vorkunn. Síðari lið 2. till. get jeg ekki fallizt á. Prestar eru alls eigi innheimtumenn landssjóðs. Árgjaldið er kvöð, sem hvílir á embættunum. En ef þess á að krefjast, að prestar setji veð, þá verður að semja ný lög um það. Landsstjórnin hefir enga heimild eptir gildandi lögum til að heimta það. Hvað mundi söfnuður segja til þess, ef hann hefði kosið prest, en stjórnin heimtaði veð að honum, og gerði honum ómögulegt að komast að brauðinu? Hugsum oss, að veitingarvaldið hefði ótrú á, að þessi prestur mundi geta staðið í skilum, en söfnuðurinn vildi fyrir hvern mun hafa hann. Það mundi verða litið svo á, að stjórnin vildi meina söfnuði að neyta þess rjettar, sem einmitt þetta þing leggur svo mikla áherzlu á, og það mundi verða mjög óvinsælt og ekki gerandi, nema sjerstök lög væru sett um það, því að nú er engin lagaheimild fyrir því. Það er ekki um annað að gera en málsókn. Ef prestur á ekki fyrir skuldinni, þá verður hann að flosna upp og landssjóður að bíða þann skaða, sem verða vill.

Þegar til 3. till. kemur, þá skal jeg ekki mótmæla því, að yfirskoðunarmenn fái skrá yfir óloknar versúrur. En engin þörf er á því, því að næg trygging er í því efni nú, og geti hin umboðslega endurskoðun ekki sjeð um, að það sje allt í röð og reglu, þá treysti jeg ekki yfirskoðunarmönnunum til þess.

Viðvíkjandi 4. till., þá skal jeg geta þess, að mjer finnst engin nauðsyn á að láta skýrslur um ofborganir fylgja landsreikningnum, því þær sjást allar af fylgiskjölunum við hvern einstakan tekjulið og samanburði við fyrri landsreikninga; en það getur sparað yfirskoðunarmönnunum tíma, og er því ekki neitt á móti því. Framsögumaður kallaði ofborganir óreglu, og jeg hef ekkert á móti því að svo sje, en vænna þykir mjer um þá óreglu en þá óreglu, sem fólgin er í því, að borga of lítið.

Viðvíkjandi því sem h. framsögum. talaði um gjafsóknir, og lagði til, að landshöfðingi rjeði mestu um það, hverjir fengi gjafsókn, skal jeg geta þess, að gjafsókn við hæstarjett er ekki veitt, nema umsóknin gangi í gegn um hendur landshöfðingjans hjer, eða hann hafi mælt með. En ef sækja á mál á hendur ráðgjafanum fyrir hönd landssjóðs, t. a. m. um útborgun launa, og það mál væri höfðað við Hof- og Stadsretten, þá geta engin meðmæli komið hjeðan um gjafsókn í slíku máli, eins og gefur að skilja, en sá kostnaður mundi

heldur eigi falla á landssjóð, heldur á þann sjóð í Danmörku, sem slíkum kvöðum á að gegna. Það má sjá af því, sem nú var sagt, að engin þörf er á neinni ályktun í þessa átt, því að eins og nú er, er það reglan, að gjafsókn við hæstarjett fæst að eins fyrir milligöngu landshöfðingjans.

Það, sem h. framsögum. sagði um endurgjald á kostnaði við eptirlitsferðir embættismanna, var að minni hyggju alveg rjett. Jeg skal taka það fram, að það sem bar yfirskoðunarmönnunum og mjer á milli, var það, hvort þessi ferðakostnaður, að því er snertir biskupinn, ætti að borgast eptir konungsúrskurði 16. maí 1829 eða ekki. En þess vil jeg geta um leið, að sá konungsúrskurður á að eins við embættisferðir amtmanna. Um hitt er jeg alveg samdóma h. framsögumanni nefndarinnar, að heimildina til að útborga það fje, sem hjer ræðir um, sje að finna í 3. gr. laga 2. nóv. 1877.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jafnvel þó hæstv. landsöfðingi ljeti í ljósi, að honum þætti óþarfar flestar þær tillögur, er nefndin hefir leyft sjer að koma fram með eptir áliti yfirskoðunarmannanna, þá skildist mjer svo, sem hann hefði ekki svo mikið á móti því, að þær yrðu samþykktar, nema síðari hluti 2. tillögu, um að heimta veð til tryggingar skilvísri greiðslu árgjalda af brauðum. Þetta atriði út af fyrir sig hlýtur að standa og falla með skilningnum á afstöðu prestanna gagnvart árgjaldinu, sem sje, hvort þeir eigi að skoðast sem gjaldheimtumenn landssjóðs, að því er snertir þessa innheimtu. Nefndin hafði fyrir sjer skýringu tveggja lögfræðinga um þetta efni, þar sem yfirskoðunarmenn voru. En gagnvart yfirlýsingu hæstv. landshöfðingja um, að hann álíti landsstjórninni óheimilt að fram fylgja svo lagaðri tillögu, vil jeg eigi fyrir hönd nefndarinnar halda því fram, að sá hluti till. verði samþykktur.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til síðari umr. í e. hlj.

Tillaga til þingsályktunar um sveitarstjórn (C. 342); ein umr.

Landshöfðingi: H. þingdm. mun kunnugt, hvernig þessi þingsál.till. er til komin. Það var fyrst borin upp í h. efri deild tillaga um, að setja nefnd milli þinga til að íhuga sveitarstjórnar- og fátækralöggjöfina og gjöra uppástungur til breytinga á henni. En það hefir sjáltsagt verið til að spara kostnað, að h. efri deild hefir samþykkt þessa tillögu, sem hjer liggur fyrir, um að skora á landsstjórnina að leita álits sveitarstjórnarvalda landsins um breytingar á sveitarstjórnar- og fátækralöggjöfinni, og síðan að semja frumv. til nýrra sveitarstjórnar- og fátækralaga.

Jeg tók það fram í h. efri deild, og tek það fram enn, að jeg er þeirrar skoðunar, að það sje til lítils gagns fyrir málið, að leita álits sveitarstjórnarvaldanna um það. Skoðanirnar mundu verða mjög margar, og ákaflega erfitt að koma þeim öllum saman, er semja skyldi sveitarstjórnarlagafrumvarp eptir þeim. Slíkt frumv. mundi varla geta komið fram á þessari öld.

Mjer hefir annars ekki verið kunnugt um það fyr en nú, að mikil óánægja væri með sveitarstjórnarlöggjöfina. Jeg veit ekki heldur, í hvaða átt breytingar á henni ættu að fara, því landsstjórnin hefir ekki fengið neinar bendingar um það.

Mjer hefir skilizt, að það sem menn væru mest óánægðir með, væri stjórn fátækramálanna. Jeg held það sje fram-

kvæmd fátækralöggjafarinnar, en ekki löggjöfin sjálf, sem menn eru óánægðir með. Þess vegna ímynda jeg mjer, að ný fátækralöggjöf bæti ekki úr því ástandi sem nú er. Jeg verð þess vegna að leggja á móti því, að þessi þingsál.-till. verði samþykkt, enda get jeg ekki gefið neina von um bráðan árangur af henni.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er á sama máli og hæstv. landsh., að þó það væri nauðsynlegt að endurskoða sveitarstjórnarlög vor og fátækralöggjöf, þá muni undirbúningurinn undir það verk, sem tillaga þessi vill að hafður sje, koma að litlu haldi. Þegar álit væri komið frá öllum þeim stjórnarvöldum, sem hlut eiga að máli, frá hreppsnefndum, sýslunefndum og amtsráðum, þá gæti jeg bezt trúað, að skoðanirnar yrðu nær því eins margar og þessi stjórnarvöld eru. Vjer höfum nú nýtt dæmi fyrir augunum, að leitað var álits sýslunefnda og amtsráða í búnaðarskólamálinu, og vjer vitum, hve mjög álit þeirra fór á víð og dreif, og hve lítið er hægt að byggja á því. Eins er jeg hræddur um, að hjer fari, og að þessi álit, sem hjer er farið fram á að leita, verði ekki neinn fastur grundvöllur til að byggja á; það mundi verða erfiðið og ekki annað, miklar brjefaskriptir og tímatöf.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er eins og hæstv. landsh. sannfærður um, að þessi tillaga muni koma að litlu haldi. Hefði hún komið hingað í því horfi, sem hún var fyrst borin fram í h. Ed., þá er jeg á því, að gagn hefði mátt verða að henni, og þá hefði jeg getað fallizt á hana. Það getur nú verið að ýmislegt ólag á fátækramálum hjá oss sje stjórn þeirra að kenna, en ekki lögunum, og mundi mega bæta þau í sumum greinum, væri nefnd skipuð á milli þinga; þá vona jeg, að hún mundi geta komið með einhverjar haganlegar umbóta-tillögur, eða að minnsta kosti gjört undirbúning til að koma allri fátækralöggjöfinni í eina heild, og væri eigi all-lítið unnið við það.

En móti þessari tillögu verð jeg að leggja; hún mundi að eins baka ómak og fyrirhöfn, en gjöra ekkert gagn.

Guðlaugur Guðmundsson: Mjer þykir tillaga þessi nokkuð óákveðin að orðalaginu, og hætt er við, að tillögur frá sveitarstjórnarvöldunum mundu fara mjög í ýmsar áttir. Það sem jeg hef einkum heyrt þá kvarta undan, sem eiga að beita fátækra- og sveitarstjórnarlögunum, það er, hve lög þessi sjeu á víð- og dreif, og hve erfitt sje fyrir þá að hafa yfirlit yfir þau og þekkja þau öll. En úr þessu mundi nú mega bæta, án þess að færa lagabálk þennan saman í eina heild, ef stjórnin gæfi sveitarstjórnum prentaðan leiðarvísi, líkt og póstafgreiðslumönnum hefur verið gefinn, og mætti þar taka upp í sjerstaklegar leiðbeiningar um reikningsfærslu sveitarsjóðanna, sem mikil nauðsyn er á að batni.

Ef tillagan færi í þessa átt, þá mundi jeg gefa henni atkvæði, en eins og hún nú er orðuð, hygg jeg, að hún komi að sára litlu haldi.

Klemens Jónsson: Jeg er að nokkru leyti samdóma h. þm. V. Skaptf. (G. G.), að eins og tillagan nú er orðuð, þá sje hún ekki heppileg, og að hún sje bæði óákveðin, og of yfirgripsmikil.

Jeg hef ekki heyrt kvartað yfir sveitarstjórnarlöggjöfinni, en aptur á móti hef jeg orðið var við, að menn væru ekki allskostar ánægðir með fátækralöggjöfina, og í mínu kjördæmi hefur það mál verið mjög mikið rætt, og hefur það jafnvel komið til tals, að æskilegt væri, að skipuð væri nefnd á milli þinga, til þess að íhuga hana. En þar sem tillaga þessi er hjer að

eins til einnar umræðu, þá er nú ekki hægt að laga hana að þessu sinni, þótt jeg af annari hálfu hafi góða von um, að henni mætti koma í það horf, að hæstv. landsh. þætti hún aðgengileg. Fyrir þessar sakir vil jeg mælast til þess við h. forseta, að hann taki tillöguna út af dagskrá í dag, svo að kostur gefist á, að laga hana.

Eptir ósk 1. þm. Eyf. (K. J.) var málið þegar hjer var komið tekið út af dagskrá.

Þrítugasti og fyrsti fundur, laugardaginn 5. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1894—1895 (C. 1, 344, 403, 439); 2. umr.

Forseti gat þess, að fyrst yrði tekjukaflinn tekinn til umræðu, og við hann væru fáar breytingartillögur; þá yrði tekinn gjaldabálkurinn, fyrst greinarnar 7—10, síðan 11. og 12. grein, og loks 13. grein til enda frumvarpsins.

Tekjukaflinn.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Það eru ekki margar nje stórar breytingar, sem nefndin hefur stungið upp á við þenna kafla frumv.; það er að eins lausafjárskatturinn og útflutningsgjald af fiski og lýsi, sem hún hefur lagt til, að væri hækkað hvort fyrir sig um 2000 kr. ári. Ástæður nefndarinnar fyrir því, að hækka lausafjárskattinn, eru þær, að hann hefur nú um nokkur ár reynzt hærri en gjört er ráð fyrir í frumv., svo nefndin álítur, að ástæða sje til, að áætla hann 25,000 kr. í staðinn fyrir 23,000 kr. á ári. Árið 1890 var hann 22,992 kr.; 1891 var hann 26,273 krónur og 1892 reyndist hann 29,321 kr., eða að meðaltali rúm 26,000 kr. á ári. Nú er þess að gæta, að árferðið nú er mjög gott, og því fremur ástæða til, að hækka hann, þar sem líkindi eru til, að hann verði ekki miklu lægri, að minnsta kosti fyrra ár fjárhagstímabilsins, en hann er nú.

Hvað útflutningsgjald af fiski og lýsi snertir, þá hefir það um undanfarin 3 ár verið hjer um bil 31,000 kr. að meðaltali á ári. Þegar þess er líka gætt, að þilskipaútvegurinn fer árlega vaxandi, má ætla, að þessi tekjuliður verði stöðugri en áður hefur verið og gefi jafnari arð á ári.

Það hefði til vill verið ástæða til, að áætla toll af áfengum drykkjum lægri en stjórnin hefur gjört í frumv. Árið 1890 var hann 118,000 kr., árið 1891 129,000 og árið 1892 að eins 103,000 kr. eða að meðaltali 117,000 kr. á ári. Nefndin sá ekki ástæðu til, að áætla hann lægri en áður, því ýmsir aðrir tollar munu vera áætlaðir full-lágt í stjórnarfrumv. t. d. tollur af tóbaki, sem var 1890 44,000 kr., 1891 56,000 kr. og 1892 57,000 kr., eða rúmlega 52,000 kr. að meðaltali, og eru ekki líkindi til, að hann muni reynast minni á næsta fjárhagstímabili.

Hið sama má segja um toll á kaffi og sykri, að hann hefur reynzt dálítið hærri en stjórnarfrv. gjörir ráð fyrir. Þó að tollur á áfengum drykkjum verði lægri, má búast við, að aðrir tollar verði ríflegri. Nefndin hefur því ekki sjeð ástæðu til að gjöra neinar breyt.-till. við þessa töluliði, og engar nýjar breyt.till. hafa heldur komið frá öðrum h. þingd.m., svo vona jeg, að ekki verði mikill ágreiningur um þenna kafla fjárlaganna, og jeg hygg, að h. þingd.m. sjái, að nefndin hefir fært góð og gild rök fyrir breytingum sínum.

Landshöfðingi: Jeg hefi mjög lítið

að athuga við það, sem h. framsögum. (J. J.) sagði; jeg vildi að eins gjöra grein fyrir, hvernig tekjurnar eru áætlaðar í stjórnarfrumv. Þar sem nú skatturinn af lausafje er ekki talinn nema 23,000 kr., þá var stjórninni það kunnugt, að verðlagsskrár mundu fremur lækka, og áleit því rjett, að telja ekki þessar tekjur hærri en 23,000 kr. Því eins og kunnugt er, voru íslenzkar vörur í mjög lágu verði árin 1891 og 1892, og stjórnin gjörir ráð fyrir, að þetta verðlag muni hafa áhrif á verðlagsskrárnar nú og hefur það kannske að ári. Sauðfjenaður hefur meðal annars verið í mjög lágu verði, og ýmsar aðrar afurðir landsins.

Það hefur nú reyndar ekki mjög mikið að þýða, hvort lausafjárskatturinn er áætlaður 23,000 eða 25,000 kr., en stjórnin fylgir þeirri reglu, að setja bæði hann og aðrar tekjur heldur lægra en hærra, því þegar menn gjöra sjer hugmynd um háar tekjur, eru menn ríkari á fiskstykkjunum til útgjaldanna. Það er rjett að gjalda varhuga við því, að útgjöldin fari langt fram úr tekjunum, eins og kom fyrir hjer fyrir nokkrum árum, en það var ástæða til þess þá; en nú eru tekjurnar svo ríflegar, að ekki eru ástæður til, að nú reki að því, að útgjöldin fari fram úr tekjunum, svo nauðsyn beri til, að leggja á nýja skatta, eins og kom fyrir núna fyrir nokkrum árum. Þingið ætti að hafa það hugfast, að láta heldur vera afgang af tekjum en tekjuþurð í góðu árunum.

Við útflutningsgjald af fiski og lýsi hefi jeg ekkert að athuga. Jeg fellst á það með hinum háttv. framsögumanni, að það sje áætlað 30,000 kr.

ATKV.GR.: 2. gr. 1. liður samþ. í einu hljóði. Breyt.till. við 2. gr. 1. b. samþ. 18 samhlj. atkv.; 2. gr. 2. liður með áorðinni breytingu samþ. með 22 samhlj. atkv.; 2. gr. 3. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; 2. gr. 4.—8. liður samþ. hver um sig með 22 samhlj. atkv.; breyt.till. við 2. gr. 9. lið samþ. með 22 samhlj. atkv.; 2. gr. 9. liður með áorðinni breyt. samþ. með 22 samhlj. atkv.; 2. gr. 10. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; 2. gr. 11.—14. liður hver um sig samþ. með 22 samhlj. atkv.; 2. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 22 samhlj. atkv.; 3. gr. 1.—2. liður hvor um sig samþ. með 22 samhlj. atkv.; 3. gr. í heild sinni samþ. með 22 samhlj. atkv.; 4. gr. 1. liður samþ. með 22 samhlj. atkv.; 4. gr. 2. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; 4. gr. í heild sinni samþ. með 22 samhlj. atkv.; 5. gr. 1. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; 5. gr. 2. liður samþ. með 20 samhlj. atkv.; 5. gr. 3. liður samþ. með 21 samhlj. atkv.; 5. gr. í heild sinni samþ. með 22 samhlj. atkv.; 6. gr. óbreytt samþ. með 22 samhlj. atkv.; 1. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 22 samhlj. atkv.

Útgjaldabálkurinn.
7.—10. gr.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg tek til máls af því, að jeg sje, að hjer er fyrir hendi sá grúi af breytingartillögum, að jeg segi fyrir mig, að jeg hefi ekki haft tíma til eða tækifæri að átta mig á þeim. Jeg hefi ekki getað svo mikið sem lesið þær allar. Atkvæðaskráin barst mjer í hendur rjett núna í svipinn, svo því fer fjarri, að jeg geti áttað mig á öllu þar enn sem komið er. Jeg vil því leggja það til að frestað sje fundi og umræðum, þangað til síðar í dag, svo að jeg og aðrir geti haft tök á að hugsa dálítið um breytingartillögurnar.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg sje enga ástæðu til, að þingmenn gangi að þessari tillögu, enda eru ekki margar breyttill. við næsta kafla frv., nema fáein-

ar við 10. gr., sín við hvern lið. Og að því er tillögurnar snertirnir sumar, þá hafa þingmenn átt kost á að kynna sjer þær marga daga.

Forseti: Jeg óskaði eptir því, að þm. kæmu í tæka tíð með sínar breyt.till., en þó komu þær sumar um seinan. En að því er atkvæðaskrána snertir, þá hefi jeg lagt drög fyrir að fyrir henni væri flýtt sem mest, svo að hún gæti verið komin til allra þingmanna fyrir kl. 12 í dag. Annars legg jeg það á vald h. deildar, hvern úrskurð hún vill á gjöra í þessu máli, hvort fresta skuli umræðum eða ekki.

ATKV.GR.: Tillagan um að fresta umr. borin undir atkvæði og felld með 21 atkv. móti 2.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg skal fyrst leyfa mjer að vekja athygli h. þingdm. á því, að í breyt.till. nefndarinnar og sömuleiðis á atkv.skránni er prentvilla, sem þarf að leiðrjetta. Það er í breyt.till. við 12. gr. 45. tölulið á atkvæðaskránni. Þar á að koma nýr aðalliður, stórt D., á undan stafl. a. »Til bryggjugjörðar« o. s. frv. Þetta bið jeg h. þm. að leiðrjetta hvern á sinni atkvæðaskrá.

Sömuleiðis vil jeg taka það fram, að nefndin hefir tekið aptur breytingartill. 44. á atkv.skránni, staflið g. og h., sem kemur af því, að nefndin hefir gert aðrar breyt.till. í sömu átt síðar, á þingskjali 318, sem eru fyllri en hinar, og útiloka þær.

Þótt jeg væri ekki með því áðan, að fundi væri frestað, þá kannast jeg við það, að svo mikill fjöldi liggur fyrir af breyt.tillögum, að torvelt er að átta sig á þeim á skömmum tíma, en samt sem áður hygg jeg rjettast að halda áfram, og er einlægast, að fara eptir atkvæðaskránni og taka breyt.-tillögurnar fyrir í sömu röð sem þær eru settar þar, án tillits til þess, hvort þær koma frá nefndinni eða einstökum þingdm.

Breytingartillagan undir 12. tölulið við 10. gr. A. 1. fer fram á, að athugasemdin um veiting amtmannsembættisins falli burt. Að vísu hefir athugasemdin engin fjárhagsleg áhrif, hún gerir hvorki að hækka nje lækka útgjöldin, en nefndin vill þó fella hana burtu, af þeim ástæðum, er fram eru teknar í nefndarálitinu.

Þá kemur næst breyt.till. fjárlaganefndarinnar við 10. gr. C. 1. b., að fyrir 1,591 kr. innan stryks komi 2000 krónur.

Ástæður nefndarinnar fyrir því að hækka þenna staflið voru þær, að Stjórnartíðindin flytja hvergi nærri allar þær skýrslur, sem þörf væri á að prentaðar væri í C.-deild tíðindanna. Nefndin leggur til að sú deild tíðindanna sje framvegis 25 arkir í staðinn fyrir 15, og vill að því skapi auka fje það, er gengur til prentunarkostnaðar, er þá verður meiri en áður.

Næstu breyt.till. 1 4. og 15. á atkv. skránni eru byggðar á hinu sama. Nefndin leggur til, að fje það, sem ætlað er til útsendingar Stjórnartíðindanna, sje hækkað úr 250 kr. upp í 300 kr. og svarar það til hinnar ráðgerðu stækkunar á þeim. Sömuleiðis leggur nefndin til, að fje það, sem ætlað er til þóknunar fyrir að semja skýrslurnar, sje hækkað um 300 kr., en stingur jafnframt upp á, að athugasemdinni sje breytt þannig, að borgunin sje sett »allt að« 40 kr. fyrir örkina, með því að samning sumra skýrslnanna er svo auðveld, að 40 kr. fyrir hverja örk er óþarflega mikil borgun. Vera má aptur á móti, að 40 kr. fyrir örkina sje fremur lítil borgun fyrir samning hinna erfiðustu skýrslna; en þó fann nefndin eigi ástæðu til að færa hámark borgunarinnar upp. Vjer vonum, að þessar

till. nefndarinnar muni þykja hafa við gild rök að styðjast, og fái því fylgi h. þingd.m.

Næstu 8 breyt.till., tölul. 16.—23. á atkv.skr. eru allar um búnaðarskólana. Það er ekki nýtt þótt menn verði ekki á eitt mál sáttir um þá, enda er þar úr vöndu að ráða. Nefndin leggur til, að styrkurinn til Ólafsdalsskólans sje óbreyttur, eins og hann er í frumv. enda hefir nefndin engar skýrslur fengið frá þeim skóla, hvorki um tölu nemanda nje um búnaðarframfarir, eða fjárhag hans, og engin beiðni um styrk hefir komið frá honum. Nefndin getur ekki betur sjeð, en að fjárframlagið, 2500 kr. á ári, sje nægilegt. Stofnunin er privatmanns eign, og þótt annarsvegar allir játi, að skólinn sje góður, og hafi unnið talsvert gagn, þá ber þó þess að gæta, að jörðin er eign skólastjóra, og því meir, sem hún er endurbætt, því arðsamari eign verður hún honum, og sýndist því nefndinni styrkurinn ærinn, þótt eigi væri bætt við hann. Nefndin hefir ekki heldur gert neinar breyt.till. við styrkinn til Hvanneyrarskólans, enda hefir hún engar skýrslur fengið um þann skóla, hvaða nemendafjölda hann hefir, hvað hann hefir unnið, eða um fjárhag hans, svo að hún gæti byggt á því. Jeg kalla það ekki skýrslur, þó hún hafi frjett eitthvað, sem ef til vill er ekkert að marka, um hvað lítið þar hafi verið unnið, og að hann sje í jafnillu ástandi og áður, en nefndin vildi þó ekki lækka styrkinn, því þá óttaðist hún, að skólinn mundi verða að hætta með öllu. — Styrkinn til Hólaskólans vill nefndin hækka úr 3500 kr. upp í 6000 kr., enda hafði hún nákvæma skýrslu frá þeim skóla, og hvað hann þyrfti til að geta haldið áfram, svo henni varð það ljóst, að hann mundi ekki komast af með minna en 6000 kr. Þess má líka gæta, að mjög margir ganga nú á hann, ekki færri en 26 lærisveinar, að því er jeg veit bezt, og það er ávallt mikilsverður »faktor« í þessu máli, hvað margir nemendurnir eru. En það vill nú líka svo vel til, að sá maður úr skólastjórninni, sem kunnugastur er öllum kringumstæðum skólans, er þingmaður hjer í h. deild, og mundi geta skýrt þetta mál eptir þörfum.

Um Eiðaskólann er það að segja, að frá þm. hlutaðeigandi hjeraða hefir komið beiðni um 4000 kr. styrk, en ekki neinar nákvæmar skýrslur um störf hans, nje hvernig fje hans hefir verið varið, eða um það, hvernig hag hans og störfum verði háttað framvegis. Nefndin hefir að eins fengið munnlega skýrslu frá formanni skólastjórnarinnar, h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.), og sem getur gefið nægar upplýsingar. Aðalástæðan til þess, að þeir vilja hækka fjárframlagið til Eiðaskólans, er víst sú, að þeir vilja, að piltar sjeu ekki bundnir við vanaleg bústörf, svo sem heyverk á sumrum, heldur geti gefið sig sem mest við búfræðisnámi og jarðabótastörfum. Önnur ástæða fyrir styrkhækkun til skólans mun vera sú, að það sje álitið nauðsynlegt að gera við hús skólans, því í núverandi ástandi munu þau álítast ófullnægjandi. En þegar verið er að ræða um að verja miklu fje til þess að bæta hús skólans, þá verður einnig að gæta að því, að að undanförnu hefir mikið verið rætt og ritað um það, hvort ekki skuli fækka búnaðarskólunum, og þá kynni að vera, að þessi skóli yrði lagður niður. Þessvegna álítum vjer það varhugavert, að verja miklu fje til húsabygginga skólans, ef hann yrði svo lagður niður eptir skamman tíma. En verði skólum

fækkað, þá er ekki ólíklegt, að Eiðaskóli yrði ekki hvað sízt fyrir því, að verða lagður niður.

Við styrkinn til búnaðarskólanna eru komnar fram allmargar breyt.till. frá h. þm. Borgf. (B. B.) og 1. þm. N.-Múl. (E. J.). H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) vill að Eiðaskóli fái 3500 kr. og að Hvanneyrarskóli fái 3000 kr.; en h. þm. Borgf. vill láta Ólafsdalsskóla fá 3500 kr., Hólaskóla 5000 kr., Eiðaskóla 3000 kr. og Hvanneyrarskóla 3500 kr.

Jeg hefi nú þegar skýrt frá, hversvegna nefndin hagaði svo till. sínum, sem hún hefir gert, og er óþarfi að taka það upp aptur. En af því er auðsætt að nefndin getur eigi fallizt á þessar till. h. þm., nema till. h. þm. Borf. um Eiðaskólann, sem er hin sama og hjá nefndinni. Mjer er ekki ljóst á hverju h. þm. Borgf. byggir till. sínar um styrkhækkun til búnaðarskólanna í Ólafsdal og á Hvanneyri; nefndin fjekk hvorki skýrslur nje beiðnir frá þeim skólum, eins og jeg hefi þegar tekið fram. En ef til vill, tekst h. þm. (B. B) að koma með næg rök fyrir þessum till. sínum í umræðum málsins.

Þá er í 4. lagi viðaukatill. frá h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) við C. 4, að eptir »a« komi nýr stafl. b. um, að Sæmundur Eyjólfsson fái 1000 kr. hvort árið fyrir að leiðbeina í búnaði. Fjárlaganefndin hafði bænarskrá frá þessum manni til meðferðar, sem fór fram á þetta sama. En nefndinni þótti ekki full ástæða til að veita þetta, því fyrst og fremst er allmikið fje veitt til eflingar búnaði og svo veit jeg ekki betur en að þessi maður hafi ferðazt um landið og leiðbeint í búnaði, án þess að hafa fengið borgunina fyrir það úr landssjóði.

Þá kemur breyt.till. frá sama h. þm. á þingskj. 333, 4. b. — að orðin »í Skaptafellssýslu« falli burtu, þar sem talað er um, að búnaðarfjelag Suðuramtsins fái 2000 kr. með því skilyrði, að verja allt að 1000 kr. til vatnsveitinga í Skaptafellssýslu. Nefndin hefir ekkert á móti þessari breyt.till., því hún álítur, að þeir, sem þekki bezt til, hafi líka bezt vit á því, hvernig þessu fje skuli varið.

Því næst er breyt.till. frá þm. Borgf. (B. B.) um að hækkuð sje styrkveiting til búnaðarfjelaga, úr 12000 kr. upp í 15000 kr. Það er nú ávallt hægt að færa fallegar ástæður fyrir því, að þessi styrkur sje hækkaður, og gott að hann væri sem mestur; en nefndin áleit ekki ráðlegt að hækka þennan styrk, því henni fannst hann nú vera nægilegur til þess að styðja viðleitni fjelaganna og halda þeim saman.

Þá er till. um, að á eptir stafl. e. komi nýr stafl., sem fer fram á, að 200 kr. hvort árið verði veittar til laxaklaksins í Dalasýslu. Eins og kunnugt er, hafa verið veittar á hvoru ári þessa fjárhagstímabils 200 krónur til þessa fyrirtækis. En orsökin til þess, að stjórnin hefir ekki tekið þessa styrkveitingu upp í frumv., er sú, eins og sjest af athugas. og ástæðum frumv., að hún hefir ekki verið búin að fá neinar skýrslur um það, og því ekki fundið ástæðu til þess að veita styrkinn. En nefndin hefir haft skýrslu um þetta fyrir sjer, og því lagt það til, að halda áfram að styrkja tilraunir þessar, og hvað sem menn segja með og móti þessu, þá má þó geta þess, að upp úr öllum laxaklaksstofnunum og tilraunum, sem gerðar hafa verið, er þessi hin eina, sem nú er eptir; og þar hefir verið sýndur svo mikill og virðingar verður áhugi á, að láta þetta verða að gagni, að það er vanalega ekki kostur á að finna annan eins, þar sem um landssjóðsstyrk er að ræða, og þesvegna viljum vjer mæla fastlega með því, að þetta verði veitt.

Þá er eptir að eins einn liður á at-

kvæðaskránni, sem er um 500 króna styrk til þess að varna skemmdum á byggingarlóðinni á Sauðárkrók. Lóðin er eign landssjóðsins, og er þegar búið að gera allnákvæma áætlun um starfið af hæfum munni. Þingm. hafa átt kost á að kynna sjer þessa áætlun, og sömul. hafði nefndin hana fyrir sjer; en það var af sjerstöku atviki, að nefndin lagði ekki til að veita þetta fje, þegar hún hafði málið til meðferðar, en nú þykist jeg mega fullyrða að nefndin sje þessu meðmælt, því að hún lítur svo á, að nauðsynlegt muni vera, að vernda þessa eign landssjóðsins fyrir skemmdum, þar sem hún að öllum líkindum verður með tímanum mjög mikils virði.

Jeg hefi nú gengið gegn um allar þessar breytingartill. með fáum orðum, og finn ekki ástæðu til, að fara fleirum orðum um þær, fyr en jeg heyri hvað menn segja.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal geta þess, að jeg skil ekki þá athugas. hjá hinni h. nefnd, að hún vill fella athugas. við 10. gr. A. 1., af því að nú liggi fyrir þinginu frumv. um sameiningu amtmannaembættanna, því að það eru svo mörg frumv., sem ekki ná fram að ganga, og þá er alls ekki víst, að það frumv. verði samþykkt. Mjer sýnist engin ástæða til þess, að fella athugasemdina fyrir það, þótt fram sje komið þetta frumv., sem enginn veit hvort kemst í gegn um þingið. Að því er snertir þessar 2 uppástungur mínar, þá skal jeg ekki vera langorður um þær. Viðvíkjandi þeirri breytingartill. minni við C. 4. b, að styrkurinn til búnaðarfjelags Suðuramtsins sje ekki bundinn því skilyrði, að varið sje 1000 kr., til vatnsveitinga í Skaptafellssýslum, þá er það rjett, sem h. framsögumaður (J. J., 2. þm. Eyf.) tók fram, að jeg vildi alls eigi láta þessar vatnsveitingar vera bundnar við Skaptafellssýslu eina, því það eru víðar sandar en þar, sem þarf að veita vatni á. Og jeg veit, að Búnaðarfjelagið mundi, ef til vill, taka annað stykki fyrir, sem fyrir skemmdum hefði orðið, ef Skaptafellssýslan gæti beðið.

Viðvíkjandi styrkveitingunni til Sæmundar Eyjólfssonar, þá skal jeg geta þess, að hugsun mín með henni er sú, að vjer hefðum einhvern þann mann, sem hefði góða þekkingu á búnaðarmálum, ávallt til taks, hvar sem vildi á landinu, til þess að segja til, hvað gera mætti og gera ætti, þegar eitthvað þarf að framkvæma, sem að búnaðararbótum lýtur. Jeg held því fram, að nauðsynlegt sje, að yfirvöldin hafi einhvern þann mann, sem þau geti leitað ráða til, hvað gera ætti í búnaðarmálum. Jeg álít eins nauðsynlegt, að hafa einn slíkan mann, sem hefði gott vit á þessu, eins t. d. verkfræðing fyrir allt landið.

Framsögum. (J. J., 2. þm. Eyf.) hefir ef til vill skilið það svo, að búnaðarfjelag Suðuramtsins skuli eingöngu hafa hann í þjónustu sinni. En það er ekki svo að skilja. Það er víðar þörf á búnaðarfróðum manni en einungis hjer í suðuramtinu.

Eins og mönnum er kunnugt, þá hefir þetta búnaðarfjelag komið með þá uppástungu, að eitt búnaðarfjelag sje fyrir allt landið; og þótt nú sú uppástunga hafi verið felld, þá er ekki víst nema það komist einhvern tíma á síðar. Og ef það yrði t. d. á næstu 2 árum, þá væri nauðsynlegt að stjórnin hefði einn mann í þjónustu sinni, sem gæti leiðbeint mönnum í búnaðarmálum og lagt ráð á með í ýmsum fyrirtækjum. Jeg vona, að háttv. nefnd hafi misskilið þessa styrkbeiðni þannig, að hún mælist til styrks til þess að nema búnaðarvísindi, því það er alls ekki rjett. Heldur er farið fram á að hafa

mann í fastri stöðu, sem ekki gefi sig við öðru en því, er til eflingar búnaðar horfir, þann mann, sem búnaðarfjelögin gætu leitað ráða hjá, ef á þyrfti að halda. Því til þess að fá slíkan mann, hafa þau ekkert fje til að borga honum með. Búnaðarfjelag Suðuramtsins, þó það sje stórt og öflugast á landinu, þá getur það ekki staðið straum af slíkum manni.

Viðvíkjandi þessu laxaklaki, þá þykist nefndin hafa fengið skýrslu um það. Jeg hef líka sjeð hana, og jeg fæ eigi betur sjeð, en að nefndin hafi viljað veita þennan styrk, af því, að það hafi enginn árangur orðið af þessum tilraunum, og að engar líkur sjeu til þess, að nokkur árangur verði nokkurn tíma framvegis af þeim; þegar búið er að reyna þetta í mörg ár, og enginn árangur verður af því, þá sje jeg ekki ástæðu til þess, að vera að halda lengur í það, og verð að vera á móti því.

Viðvíkjandi búnaðarskólunum, þá skal jeg geta þess, að mjer virðist, að varlega eigi að fara í það, að veita mikið fje til húsabóta á þeim, meðan ekki er afráðið, hvort þeim skuli fækkað, eða eigi að verða eins margir og þeir nú eru. Mjer skildist á h. framsögum., að hann vildi heldur láta þá vera færri og betri. Jeg held, að heppilegra sje, að þeir sjeu 2 heldur en 4, eða einn í hverjum landsfjórðung, eins og nú er. Jeg álít því, að menn eigi að fara mjög varlega í það, að veita þessum skólum fje mikið, meðan ekki er komið að fastri niðurstöðu um það, hvað búnaðarskólarnir skuli vera margir.

Björn Bjarnarson: Jeg vil að eins leyfa mjer að gera stuttlega grein fyrir breyt.till. mínum.

Jeg skal skýrskota til nefndarálits fjárlaganefndarinnar, sem h. þingd. má vera kunnugt, og til búnaðarmálanefndarinnar um búnaðarskólana, sem leggur til, að þessi upphæð (15000) sje veitt til þeirra. Jeg skal ekkert um það segja, hvað jeg hef verið heppinn í að skipta þessum 15000 kr. niður á þessa 4 skóla, en jeg hef ætlað hverjum þeirra það sem jeg hef komizt næst að sanngjarnt væri, og hef jeg lagt til grundvallar fyrir niðurjöfnuninni bæði ástæður skólanna og gagn það, sem þeir gera.

Af því jeg er máske nokkuð kunnugri Hvanneyrarskólanum en aðrir h. þingdm., vil jeg gefa dálitlar upplýsingar um hann. Jeg hef kynnt mjer skýrslur þær og skjöl um þennan skóla, sem amtmaður hefir undir hendi. Þessi skjöl bera það með sjer, að þó skólinn ekki hafi ætíð haft æskilegan framgang síðan hann var stofnaður, sem einkum hefir stafað af óheppni eða vandræðum með skólastjóra, þá er hann þó síðastliðið ár í talsverðri framför. Á yfirliti yfir bústofn hans sjest, að hann hefir aukizt verulega.

Þannig hefir fjenaðurinn eptir virðingu verið hvort árið:

	1892	1893
nautgripir	1199,00	1280,00
sauðfje	1246,00	2090,00
hross	275,00	470,00
Samtals kr.	2720,00	3840,00

Bústofninn hefir þannig aukizt á þessu ári um 1120 kr. Í vor hafa þar verið 17 nautgripir, þar af 13 kýr; sauðfje rúmlega 200, og 8 hross.

Þessar skýrslur bera einnig með sjer, að á síðast liðnu ári hafa þar verið unnin að jarðabótum nokkuð á annað hundrað dagsverk, sem mest liggur í þúfnasljettun, 642 □ faðm., og vatnsveitingaskurðum, 350 faðm. að lengd, sem eptir teningsmáli er nálægt 44 dagsverkum. En auðsætt er, að jarðabótastörfin hafa þar eins og annarsstaðar hlotið að ganga í lakara lagi þetta síðastliðið ár, með því vorið var mjög kalt. Skólinn varð einnig fyrir því óhappi, að 3 lærlingar lágu mikið af vor-

inu og fram á slátt í lungnabólgn, sem hafði mikinn vinnumissi í för með sjer. Þess má geta, að skóli þessi er reistur á þeirri jörð, sem getur gefið mikið af sjer, ef hún yrði yrkt með fullum krapti og þegar búið er að framkvæma þar þær umbætur, sem bráð þörf er á. En eins og öllum er kunnugt, og eðlilegt er, þá eru frumbýlingsárin jafnan erfið, og það hefir Hvanneyrarskólinn mátt reyna í fullum mæli; hans frumbýlingsár hafa verið honum erfið ár. En þar sem fjárlaganefndin sýnist vera sammála búnaðarnefndinni um það, að halda fremur þessum 4 skólum við en að slá þeim saman, þá leiðir það af þeirri stefnu, að það verður að styrkja þá alla og þurfa þeir þess ekki sízt í byrjuninni til að komast á laggirnar, koma fótum fyrir sig; því að eins og því fyr er von um, að þeir geti borið sig, þegar fram í sækir. Hvanneyrarskólinn hefir að eins fengið þann styrk, sem síðustu fjárlög ákváðu honum, auk um 1300 kr. af búnaðarskólagjaldi Suðuramtsins og vöxtum búnaðarskólasjóðs. Það er margt, sem nauðsynlegt er að gera strax, ef skólinn á að geta haldið áfram. Það er t. d. óumflýjanlegt, að honum sje útvegað geymsluhús, og það þegar á þessu ári.

Jeg ímynda mjer, að þeir sem kunnugir eru hinum skólunum, mæli fyrir þeim, og hefðu aðrir máske gert það betur en jeg einnig fyrir Hvanneyrarskólann. Jeg skal bæta því við, að jeg er viss um, að því fje er ekki illa varið, sem lagt er í þessa jörð. Jeg er svo kunnugur henni, að jeg veit það, að hún fellur ekki í verði meðan jarðir í beztu hjeruðum landsins haldast í verði; hún er líklega ein með beztu jörðum á landinu.

Viðvíkjandi styrknum til búnaðarfjelaganna, sem búnaðarmálanefndin fór fram á að aukin væri upp í 15 þúsund, þá vil jeg leyfa mjer einnig því viðvíkjandi að skírskota til álits nefndarinnar, sem var einhuga um, að því fje, sem þannig hefir veitt verið, væri vel varið, og jeg vona, að flestir h. þingdm. sjeu mjer samdóma um það, að það borgi sig margfaldlega. Það sem vakti fyrir nefndinni, þegar hún lagði það til, að hækka styrkinn til búnaðarfjelaganna, var það, að reyna að styrkja til þess, að búpeningsræktin tæki framförum. Það er skýrt tekið fram í nefndarálitinu, hvað nefndin hafi fyrir sjer í því efni, og auk þess er það tekið fram með reglum þeim, sem nefndin leggur fyrir þessa h. deild í þingsályktunarformi. Við það álít jeg því ekki þörf að bæta.

Að því er snertir aðra breyt.till., þá ætla jeg ekkert sjerstakt að athuga við þær, en mun láta mjer nægja að sýna með atkvæði mínu, við atkvæðagreiðsluna, hvort jeg vil hafna þeim eða aðhyllast.

Landshöfðingi: Jeg get verið h. nefnd þakklátur fyrir undirtektir hennar undir fjárveitingar þær, sem farið er fram á í þessum kafla fjárlaganna, en minnast vil jeg á nokkrar breyt.till.

Það er þá fyrst við 10. gr. A. 1., að athugasemdin falli burt. H. framsögum. skírskotaði til nefndarálitsins, þegar hann minntist á þessa till. En jeg verð að ætla, að nefndin vilji feila athugasemdina burt af því, að hún álíti hana óþarfa, því að jeg ímynda mjer, að það sem stendur um þetta í nefndarálitinu, sje spaug. Það getur varla verið alvara nefndarinnar, að vísa til frumv., sem ekki er komið til umræðu í deildinni enn. Jeg hef ekkert á móti, að athugasemdin sje felld burtu, ef hún er felld burtu vegna þess, að hún sje óþörf. Stjórnin hefir sett þessa athugasemd meir fyrir kurteisis sakir, en af því, að það sje nauðsynlegt að fá sam-

þykki fjárveitingarvaldsins til þess, að amtmaðurinn norðan og austan haldi launum sínum, þó hann sje sje skipaður í suður- og vesturamtið. Í 2. gr. laga 9. des. 1889 um breytingar á launalögum 15. okt. 1875 eru amtmannaembættin talin saman, og enginn greinarmunur gerður á þeim; þau eru skoðuð sem eitt embætti. Sje nú 7. gr. borin saman við 2. gr., þá get jeg eigi betur sjeð en að sá sem er í amtmannsembætti, haldi launum sínum óskertum, þó hann sje skipaður í annað amtmannsembætti, án þess að þörf sje á að leita samþykkis þingsins um þetta. Til skýringar þessu máli má taka til samanburðar það, sem sagt er í 3. gr. sömu laga um dómendur í yfirrjettinum, því engum mundi þó koma til hugar, að 2. assessor í yfirdóminum missti í af launum sínum, ef hann væri skipaður 1. assessor.

Því næst er jeg h. nefnd þakklátur fyrir breyt.till. við C.-deild Stjórnartíðindanna. Það er nauðsynlegt að auka útgáfuna, og hefir stjórninni láðzt að gera það. Hefir nefndin því bætt úr skák í þessu efni, og er jeg henni þakklátur fyrir það.

Þegar kemur til búnaðarskólanna, þá hefir verið stungið upp á ýmsum tölubreytingum, hve mikið skuli veita hverjum fyrir sig. Þegar spurt er um það, hve mikið og hvernig skuli styrkja þessa skóla, þá finnst mjer verða að taka tillit til þess, hver uppruni þeirra er. Það er þá aðgætandi í þessu máli, að enginn þeirra er landsins eign, en það eru amtsfjelögin, sem eiga þá, eða þá einstakur maður. Það getur því eigi komið til tals, að kostnaður sá, sem lagður er í bústofn og húsabyggingar, komi til greina við styrkveitinguna úr landssjóði. Húsin verða ekki hans eign, heldur amtsfjelaganna eða eiganda skólans, og það eru því eigendurnir, sem eiga að leggja fram kostnaðinn. En hafi nú amtssjóður ekki nóg fje, þá er það sanngjarnt, að landssjóður láni, en jeg sje enga ástæðu til, að hann gefi.

Þegar til búnaðarfjelaganna kemur, þá hefir nefndin ekki sjeð ástæðu til að gera neina breyt.till., en frá h. þingm. Borgf. (B. B.) hefir komið sú breyt.till., að styrkurinn sje hækkaður úr 12,000 kr. upp í 15 þúsund kr. Jeg er alveg samdóma h. fjárlaganefnd um þetta atriði. Þeir sem vilja veita búnaðarfjelögum mikinn styrk, ættu að kynna sjer skýrslur og reikninga frá þeim. Þeir mundu þá komast að raun um, að styrknum er varið mjög misjafnlega. Sumstaðar er honum varið til að borga búfræðingi, og er ekkert út á það að setja, sumstaðar til að kaupa verkfæri, og má það vel vera. En þegar styrkurinn er hafður til að borga jarðabótavinnu, þá er nokkru öðru máli að gegna, því að þess ber að gæta, að þær jarðabætur koma á næsta árs skýrslu, og þá er aptur veittur styrkur fyrir sömu jarðabætur. Það getur ekki verið rjett, að skifta styrknum milli fjelagsmanna eptir dagsverkatölu. Það lítur þá svo út, sem fjelagsskapurinn einkum hnígi að því, að taka móti styrk úr landssjóði, enda eru sum fjelögin svo úr garði gerð, að þau hafa engan sjóð og ekkert tillag. Það sýnist þá vera augljóst, til hvers refirnir eru skornir. Þeir segja allir: »Við erum í fjelaginu«, til þess þeir geti fengið styrkinn.

Það væri æskilegt, að nefnd sú, sem h. deild hefir sett til að athuga búnaðarmál landsins, vildi taka þetta til íhugunar og hafa það fyrir augum, sem jeg nú hefi sagt.

Þá hafa komið fram tvær eða þrjár aukatillögur. Ein er frá h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) um 1000 kr. til Sæmundar Eyjólfssonar hvort árið til að leið-

beina í búnaði. Það getur verið mjög æskilegt að hafa búfróðan mann til ráðaneytis í búnaðarmálum, en þá er spursmál um, hvort þörf sje á að gera það að fastri stöðu. Að minnsta kosti kann jeg illa við, að maðurinn sje til tekinn í lögunum; það lítur illa út, og getur vakið óþægilegan grun, og er betra að forðast hann.

Þar sem nefndin leggur til, að 200 kr. sjeu veittar til laxaklaks, þá sje jeg ekkert á móti því. Að stjórnin ekki setti það í frv. var af því, að hún hafði engar skýrslur fengið, en hafði heyrt því fleygt, að árangur væri lítill. En það mundi sízt sitja á mjer, að mæla á móti þessum styrk, þar sem jeg er einn hluthafi í þessu laxaklaksfjelagi.

Að því er snertir viðaukatill. frá h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) um 500 kr. til að varna skemmdum á byggingarlóðinni á Sauðárkrók, þá vil jeg skírskota til þess, sem h. framsögum. sagði um það. Hjer er um landssjóðseign að ræða og mun hann því heldur bíða hag en halla af þeirri fjárveitingu.

Ólafur Briem: H. fjárlaganefnd hefir lagt það til, að felld yrði burt úr fjárlagafrumv. athugasemdin við 10. gr. A. 1. um, að amtmaðurinn norðan og austan haldi þeim launum, sem hann nú hefur (6000 kr.), þó hann verði skipaður amtmaður sunnan og vestan. Jeg hefi heyrt ýmsa lögfræðinga tala í þá átt, sem hæstv. landsh. nú, að athugasemdin væri óþörf af þeirri ástæðu, að samkvæmt 4. gr. stjórnarskrárinnar gæti konungur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum. En jeg get þó eigi verið hæstv. landsh. samdóma um þetta. Einmitt það, að stjórnin hefir tekið athugasemdina upp í fjárlögin, finnst mjer lýsa því, að hún hafi eigi viljað beita umræddri grein stjórnarskrárinnar í þessu tilfelli, hvort sem hún hefur álitið sig hafa vald til þess eður eigi. Með þessu hefir stjórnin sýnt þinginu tillæti, og get jeg ekki sjeð neitt á móti því, að gjalda líku líkt og samþykkja það, sem farið er fram á, þar sem það hefur eigi í för með sjer nein aukin útgjöld fyrir landssjóð, eins og liggur í augum uppi. Laun beggja amtmannanna eru 11000 kr., eins og nú stendur, og má landssjóði standa á sama, hvoru amtmannsembættinu fylgja hærri launin (6000 kr.).

Yfir höfuð get jeg ekki sjeð neitt á móti því, að sá maður, sem nú er skipaður í amtmannsembættið fyrir norðan, flytjist suður, nema það, að Norðlendingar mundu sakna hans, með því hann er bæði vinsæll og duglegur embættismaður.

Um viðaukatillögu þá, sem jeg hefi komið fram með áhrærandi 500 króna fjárveitingu til varnar gegn skemmdum á byggingarlóðinni á Sauðárkrók, sem er eign landssjóðs, þarf jeg ekki að fara mörgum orðum. Hæstv. landsh. hefir tekið vel undir hana, enda er upphæðin, sem farið er fram á, mjög hóflega sett. Allur kostnaðurinn verður 820 kr., og húseigendur yrðu þá að bera rúmar 300 kr. af kostnaðinum. Þetta er að nokkru leyti í samræmi við 17. gr. laga 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, því að þar er gert ráð fyrir, að eigendur jarða taki þátt í skemmdum, sem á þeim kunna að verða af völdum náttúrunnar. Enda hefur það opt komið fyrir, að slíkur styrkur hefir verið veittur til að varna skemmdum á landssjóðsjörðum, og með því hjer er líkt á komið, þar sem verið er að ræða um landssjóðseign, er gefur af sjer talsverðar árlegar tekjur í lóðargjald, vona jeg að hin umbeðna fjárhæð verði veitt.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla mjer ekki að tala um alla þessa liði, sem nú

liggja fyrir, því að það yrði langur uppi, ef hver þingmaður gerði það. Jeg ætla að eins að tala nokkur orð um búnaðarskólana. Jeg get ekki að öllu leyti verið h. fjárlaganefnd samdóma um það, að nauðsyn beri til að auka styrkinn til þeirra, enda mundi langur verða uppi, að auka við þá alla ár frá ári. Þegar þeir einu sinni eru komnir á fastan fót og fá fjárstyrk þing af þingi, þá er ekki nauðsynlegt að auka þann styrk enn á ný. Ef það verklega er í framför á skólunum, sem maður skyldi ætla, gerist þess engin þörf, því að skólabúið á að bera sig. Þegar búskapurinn á slíkum skóla er borinn saman við búskap bænda, þá sjest það, að á skólabúunum er vinnan ókeypis, en bændur verða að kaupa hana dýrum dómum. Það sjá allir, hver munur hjer er á milli. Allt um það borgar búskapur sig þó hjá mörgum bændum. Eins á hann að geta borgað sig á skólabúunum og engu síður, og það því fremur, sem þeir hafa vinnumenn ókeypis. Þeir eiga sjálfir, það er skylda þeirra, að gera jarðabætur af fremsta megni, og styðja og auka framleiðsluna. En ef hún eykst allt af meir og meir, þá er engin þörf að bæta við styrkinn aptur og aptur.

Það, sem h. framsögumaður (J. J.) sagði, og aðrir hafa tekið fram, þá er farið að ryðja sjer til rúms út um landið sú skoðun, að búnaðarskólarnir sjeu bæði of margir og of dýrir. En yrði það nú ofan á, að fækka ætti skólunum, þá ætti því síður að bera á þá meira fje, en í stjórnarfrv. stendur, það er miklu nær að styrkja duglega búmenn til jarðabóta og annars, sem eykur afurðir af jörðum þeirra og framleiðslu alla. Þessi styrkur þyrfti auðvitað eigi að vera árlegur, og væri nóg að hjálpa þeim á stað. Þetta mætti kalla fyrirmyndarbú, og ef slík fyrirmyndarbú væri hingað og þangað út um land og menn hefðu þau fyrir augum, þá mundi verða meira gagn að því en öllum þessum dýru skólum. En það er auðvitað mál, að einn búnaðarskóla yrði að hafa og hann góðan. En ef þingið á að leggja fram fje í stórhýsi og byggingar og hvað annað, við þessa skóla, þá lízt mjer ekki á þá bliku. Í þessu máli lít jeg líka á það, að jeg álít nauðsynlegt að fara ekki lengra í fjárveitingum úr landssjóði en svo, að ekki verði neinn tekjuhalli. Mjer þykir það því viðsjárvert, að veita þessar 7000 kr., sem bæta á við skólana aptir till. nefndarinnar, eptir því sem hjer er ástatt.

Um aðrar sjerstakar breyt.till. ætla jeg ekki að fjölyrða.

Þorlákur Guðmundsson: Þegar um búnaðarskólana er að ræða, þá kemur þar til greina mikið fjárspursmál. Það, sem vakti fyrir búnaðarnefndinni þegar hún fór fram á, að styrkurinn til þeirra yrði hækkaður, var sjer í lagi það, að endurbæta þyrfti og auka hina verklegu kennslu á búnaðarskólunum. Það hlýtur að vera mönnum áhugamál, ef skólar þessir á annað borð eiga að haldast, að þeir geti orðið færir um að breiða út frá sjer þekkingu í öllum verklegum búnaði og efla verklegan dugnað í landinu. Á þetta starf búnaðarskólanna virðist eiga að leggja meiri áherzlu en gjört hefur verið hingað til.

Hins vegar er jeg ekki harður á hækkun þessari til búnaðarskólanna, að minnsta kosti ekki til skólanna í Ólafsdal og Hvanneyri, þar sem engar skýrslur hafa komið til þingsins um fjárhag þeirra og störf. Skýrslur um Ólafsdalsskólann liggja sjálfsagt hjá amtmanninum í Vesturamtinu, en því

er svo varið með þann skóla, að hann er »privat«-skóli, sem stendur sjálfsagt meðan eigandinn lifir eða rjettara sagt meðan hann vill og getur haldið honum við, en þegar eigandinn fellur frá eða skólinn hættir störfum sínum, þá hefur landið ekkert nema þau not, sem það hefur af námi þeirra búfræðinga, sem á skólann hafa gengið. Þar sem svona er ástatt, þá verð jeg að vera hæstv. landshöfðingja samdóma um, að ekki beri landssjóði að veita fje til að auka bústofn skólans eða gjöra hús handa honum; en ef fje skal veita, þá gangi það til að auka kennsluna, helzt hina verklegu, t. d. ef aðsókn verður mikil að skólanum. Það er búnaðarþekkingin, sem landssjóður á að styrkja, því að landið hefur hennar not, að því leyti það er sú kennsla sem verður að notum; hún miðar til þess, að bændur geti gjört sjer jörðina undirgefna og aukið framleiðsluna í landinu. Annars er mjer mjög illa við, að landssjóður leggi fram fjárstyrk til þeirra stofnana, sem engar skýrslur senda um ástand sitt eða um það, hvernig þær hafa varið því fje, sem til þeirra hefur verið lagt. Það eru heimtaðar skýrslur af búnaðarfjelögunum, eins og líka er alveg rjett. Sömuleiðis eru heimtaðar skýrslur og reikningar af embættismönnum landsins og sjálfri landsstjórninni yfir það fje, sem gengur í gegnum hendur þeirra. Hvers vegna skyldi þingið þá ekki líka eiga heimting á skýrslum og reikningum frá þeim stofnunum, sem hjer ræðir um? Jeg kalla það, meira að segja, furðudjarft af þeim, sem að skólum þessum standa, að ætlast til, að þeim verði veitt eins mikið eða jafnvel meira fje úr landssjóði en að undanförnu, án þess þó að gjöra grein fyrir, hvernig þeir hafa varið því fje, sem þeim áður hefur verið veitt. Auðvitað geta slíkar skýrslur ekki verið svo greinilegar, að í öllu tilliti sje hægt að sjá, hvort fjenu hefir verið heppilega varið, en talsvert gagn má þó hafa af þeim og nokkra leiðbeiningu. Af því sem jeg nú hefi tekið fram, er óvíst að jeg verði með til að hækka styrkinn til búnaðarskólanna fram yfir ákvæði stjórnarfrumvarpsins.

Þar sem hæstv. landshöfðingi minntist á búnaðarfjelögin, þá er jeg þakklátur honum fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf um það, hvernig styrknum til þeirra væri varið á sumum stöðum; ef styrk þessum er sumstaðar varið til að styrkja einstaka menn, þá ætti það ekki að eiga sjer stað. Það er auðvitað, að búnaðarnefndinni, sem sjálfsagt er enn til hjer í deildinni, hefði staðið næst að rannsaka skýrslurnar frá búnaðarfjelögunum, enda kann hún nú að geta tekið ýmislegt þeim viðvíkjandi til athugunar enn, úr því tillögur hennar eru ekki enn komnar til umræðu í h. þingdeild, og mun jeg sem formaður nefndar þeirrar sjá um, að það verði gjört, þegar tímar leyfa.

Einar Jónsson: Það er sjerstaklega um búnaðarskólana, sem jeg vildi tala fáein orð. Jeg hefi leyft mjer að koma með breytingartillögu um, að hækka styrkinn til Eiðaskólans um 500 kr. frá því sem h. fjárlaganefnd hefir stungið upp á. Jeg hefi stungið upp á 3500 kr. til Eiðaskóla, en nefndin stingur upp á 3000 kr.

Hvanneyrarskóli vil jeg sömuleiðis að fái 500 kr. meira en nefndin hefir stungið upp á.

Jeg er á þeirri skoðun, að búnaðarskólarnir eigi að vera jafn margir eins og þeir nú eru, þ. e. einn í hverjum landsfjórðungi. Eins og vjer vitum, eru skólar þessir búnir að ná nokkurs konar hefð í fjórðungunum. Fjórðungsbúar eru búnir að taka tryggð hverjir við sinn skóla. Þeir vilja fæstir missa

þá. Til búnaðarskólans á Eiðum hafa t. d. búendur í Austfirðingafjórðungi lagt mjög mikið fje, auk búnaðarskólagjaldsins og styrks þess, sem hann hefir fengið úr landssjóði.

Þegar nú stofnanir þessar eru álitnar þarfar fyrir framfarir landsins, þá finnst mjer sjálfsagt, að styrkja þær af landsfje. En það er spursmál, til hvers eigi sjerstaklega að taka tillit við þessa styrkveitingu. Sumir vilja láta taka tillit til þessa, aðrir til hins.

H. 1. þm. Árnes (Þorl. Guðm.) vill láta taka tillit til kennslunnar sem þess, er landið hafi í aðra hönd. Jeg er samdóma honum um, að taka eigi tillit til kennslunnar, en það er fleira sem taka verður tillit til við styrkveiting úr landssjóði. Því ef skólar þessir á annað borð eru nauðsynlegir, þá á líka að styrkja þá í öðru tilliti. Það getur verið, að einhver þessara stofnana komist í kröggur, en þá á landssjóður að hlaupa undir bagga, til þess að hún komist ekki í enn meiri vandræði: gangi saman og bíði hnekki af þeim í framtíðinni. Þannig álít jeg sjálfsagt að styrkja búnaðarskólana með fje úr landssjóði, ef þeir t. a. m. þurfa að hafa mikinn kostnað við húsabyggingar, sem eru nauðsynlegar til þess að skólunum verði framhaldið, eða við önnur fyrirtæki, sem eru nauðsynleg til þess, að skólarnir eða skólabúin gangi ekki saman. Það má að vísu segja, að húsabyggingar verði eptir á eign sýslufjelaganna eða eigenda skólanna, og því eigi þeir að leggja fje til þeirra; en mjer finnst landssjóður verði samt sem áður að styrkja skólana, því sýslufjelögunum, eða hverjir sem eigendurnir eru, yrði annars of þungbært að kosta skólana.

Að því er snertir búnaðarskólann á Eiðum, þá hefi jeg leyft mjer að stinga upp á, að styrkur sá, sem honum er ætlaður í frumv., verði færður upp um 1500 kr. á ári, og það með sjerstöku tilliti til þess, að ekki verður komizt hjá því að gjöra talsvert við skólahúsið á næsta ári, en líka með tilliti til þess, að nauðsyn ber til að auka hina verklegu kennslu á skólanum að sumrinu til, sem nú verður að vera á hakanum vegna þess, að nemendur verða að gegna heyverkum og öðrum slíkum störfum eins og vinnuhjú skólans. Ef helmingur nemenda væri hafður við jarðabótastörf að sumrinu, en hinn helmingur við heyvinnu, þá mundu útgjöldin nema 500—1000 kr. á ári, því að þá missist starf þeirra við heyvinnuna, en eins þarf að fæða þá eptir sem áður, og jarðabótastörfin borga eigi kostnaðinn fyr en löngu síðar. Ef einungis væri nú tekið tillit til þessa, þá væri það nóg, sem h. fjárlaganefnd hefir hækkað styrkinn, nfl. 1000 kr., eða úr 2000 kr. upp í 3000 kr., en af því líka verður að taka tillit til húsabygginganna, þá getur skólinn ekki komizt af með minna en 3500 kr., eins og jeg hefi leyft mjer að stinga upp á.

Að því er snertir uppástungu mína um búnaðarskólann á Hvanneyri, þá er hún byggð á því, að búnaðarnefndin hefir álitið, að þar þurfi að auka hina verklegu kennslu eins og annarsstaðar, og það valdi sjerstökum kostnaði. Jeg álít mjer samt ekki fært að stinga upp á meiri hækkun á upphæðinni í frumv. en 500 kr. Nemendur eru þar fáir, og því er skaðinn minni, þó helmingur þeirra sje tekinn frá heyvinnunni. Skaðinn við það, að taka nemendur frá heyvinnu í skólans þarfir, verður því meiri, sem nemendurnir eru fleiri.

Á Eiðaskóla munu verða 10 nemendur næsta ár, að minnsta kosti, en 12 hafa þeir verið í ár, og er þar því um meiri skaða að ræða, ef helmingur nemenda er tekinn frá heyvinnunni.

Mjer þykir auðvitað vænt um, ef Eiðaskóli getur fengið 3000 kr. styrk, eins og nefndin stingur upp á, en miklu kærara væri mjer ef h. þingd. vildi láta styrkinn vera 3500 kr. í þetta skipti vegna byggginganna, sem óumflýanlegar eru á skólanum. Það hefir allt af þurft að verja þar árlega miklu fje til húsabyggingar og þarf enn, og veldur það miklum kostnaði. Aðflutningar þangað eru afardýrir, auk annars kostnaðar.

Að því er snertir viðaukatill. h. þm. Rvík (H. Kr. F.), um 1000 kr. styrk handa Sæmundi búfræðingi Eyjólfssyni, þá virðist með þessu eiga að stofna fast búfræðingsembætti; en af því mjer er ekki vel ljóst, hvað gagn megi verða af þess konar embætti nú sem stendur, þá verð jeg að vera á móti þessari fjárveitingu.

Klemens Jónsson: Jeg ætla ekki að þreyta h. deild með langri ræðu; jeg ætla að eins að gjöra athugasemd við 10. gr. A. 1. staflið. Það er að segja athugasemdina um amtmannslaunin. Jeg ætla ekki að minnast á ástæður h. fjárlaganefndar í nefndarálitinu við þann lið; það hefir þegar verið gjört, og jeg er samdóma því, er um það hefir verið sagt. En jeg get ekki verið á því að rjett sje að fella athugasemdina burtu, hvernig sem það er skoðað. Þótt jeg fjellist á lögskýring hæstv. landshöfðingja á lögunum 2. des. 1889, og þótt jeg teldi stjórnina hafa heimild til samkvæmt 4. gr. stjórnarskrárinnar að flytja amtmanninn í norður- og austuramtinu og skipa hann yfir suður- og vesturamtið, þótt jeg fallist á hvorttveggja þetta, þá tel jeg það eigi að síður ekki rjett, að fella í burtu athugasemdina. Hjer er um það eitt að ræða, hvort hlutaðeigandi embættismaður á það skilið, að hann sje skipaður amtmaður í suður- og vesturamtinu, og jeg get ekki öðru trúað en allir verði samdóma um, að svo sje. Jeg ímynda mjer að stjórnin mundi óhikað veita honum embættið nú með 5000 kr. launum, og að hún eigi síður hefði veitt honum það, þótt hann hefði sótt um það, áður en lögin 2. desbr. 1889 gjörðu breytingu á amtmannalaununum. Þá verður nú aptur spurningin um, hvort h. þing vilji láta amtmanninn í norður- og austuramtinu fá amtmannsembættið hjer syðra með sömu launum, sem hann hefir, og það sýnist mjer vera sanngjörn krafa af hans hálfu, þar sem hann er einkarvel hæfur til að gegna því, og ekki nema meinsemi af þinginu að fallast ekki á það. Jeg hefi heyrt suma h. þm. hreifa því, að amtmaðurinn að norðan mundi sækja um amtmannsembættið hjer, þótt hann fengi það að eins með 5000 kr. launum; en jeg þykist vera svo kunnugur, að jeg geti fullyrt, að hann muni ekki gjöra það. Þegar hjer er því að eins um »Forflyttelse« en eigi um »Forfremmelse« að ræða, og maður ágætlega hæfur til embættis á hlut að máli, þá finnst mjer eiginlega sjálfsagt, að athugasemdin sje látin halda sjer, og hafi stjórnin gjört það af kurteisi að setja hana, þá ætti þingið að sýna þá kurteisi á móti, að láta hana óhaggaða, enda treysti jeg því, að það muni gjöra það.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að fara út í fleira í kafla þessum; þó skal jeg geta þess um tillagshækkunina til búnaðarskólanna, að næg ástæða fyrir mig til að greiða atkvæði móti henni er sú, að jeg álít nægilegt að hafa tvo búnaðarskóla á landinu, og þá er ekki ástæða að hækka tillög til þeirra eins og þeir eru. Skal jeg svo ekki tala meir að sinni, en læt atkvæðagreiðsluna sýna skoðun mína á hinum einstöku liðum frumv.

Skúli Thoroddsen: Jeg vildi að eins

gera örfáar athugasemdir út af mótmælum, sem fram hafa komið gegn þeirri tillögu fjárlaganefndarinnar, að fella burt athugasemdina í 10. gr. A. 1.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) þótti það skrítið, að skírskota til frumv., sem maður ekki vissi, hvort næði samþykki þingsins eða ekki; en jeg get ekki sjeð, að það sje neitt skrítið í því, því að fjárlagafrumv. verður án efa lengi á ferðinni í gegn um þingið, eins og vant er, og ef frumv. um að steypa amtmannaembættunum saman ekki verður samþykkt, þá getur fjárlaganefndin síðar fengið þessari eða líkri athugasemd skotið inn í fjárlagafrumv., ef henni svo sýnist. Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að jeg get ekki verið samdóma h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) um það, að þingið eigi í atkvæðagreiðslu sinni um þetta mál að líta á persónulega verðleika þess manns, sem hjer ræðir um, heldur virðist mjer, að hin fjárhagslega hlið málsins hljóti að ráða mestu; og í því tilliti vil jeg taka það fram, að það er ekki alls kostar rjett, að færsla þessa embættismanns geti enga þýðingu haft í fjárhagslegu tilliti, því að, ef svo færi, að sá maður, sem nú er settur amtmaður í suður- og vesturamtinu, fengi veitingu fyrir þessu embætti — og það er þó engin fjarstæða, að hugsa sjer það —, þá mundi annað yfirdómaraembættið losna, en við það mundu landssjóðnum sparazt 500 kr. á ári, með því að lög 2. des. 1889 kæmu þá til framkvæmda, að því er það embætti snertir.

Hæstv. landshöfðingi tók það fram, að hann áliti athugasemdina í 10. gr. A. 1. óþarfa, með því að hann yrði að líta svo á, að stjórnin hafi fulla heimild til að skipa amtmanninn í norður- og austuramtinu í amtmannsembættið í suður- og vesturamtinu með sömu launakjörum, sem hann nú hefir, hvort sem þingið samþykkti þessa athugasemd í fjárlögunum eða ekki. En gagnvart skilningi þeim, er hæstv. landshöfðingi ljet í ljósi, á ákvæðum laganna frá 2. des. 1889, þá skal jeg að eins leyfa mjer að benda á það, að mjer virðist auðsætt, að stjórnin í Kaupmannahöfn hafi haft annan skilning á þeim lögum en hæstv. landsh. ljet í ljósi. Stjórnin hefði ekki sett athugasemdina inn í frv., ef hún hefði álitið hana óþarfa, því að jeg verð að ætla, að hún semji frumv. þau, er hún leggur fyrir þingið, af athygli og alvöru, en sje ekki að setja inn í þau þýðingarlausar athugasemdir, er hún sjálf álítur alveg óþarfar. Stjórnin víkur líka að því í ástæðunum við fjárlagafrumv., að ekkert muni geta verið því til fyrirstöðu, fjárhagslega skoðað, að amtmaðurinn norðan og austan fái suður- og vesturamtið, með því að sú færsla auki ekki útgjöld landssjóðs; og skilst mjer, að þessi röksemdaleiðsla, — sem jeg annars hefi bent á, að ekki sje alveg óskeikanlega rjett — miði til þess, að gera þingið ljúfara á það, að veita þessari ráðstöfun samþykki sitt. Enda mundi stjórnin naumast hafa beðið aðgjörða þingsins að öðrum kosti, að því er veitingu embættisins snertir.

Að lokum skal jeg geta þess, að fjárlaganefndinni mun að líkindum ekki vera það neitt kappsmál, hvað ofan á verður, að því er optnefnda athugasemd snertir; en eptir því, sem enn er fram komið í umræðunum, sje jeg ekki ástæðu til þess, að nefndarmenn víki frá tillögu þeirri, er þeir samþykktu í fjárlaganefndinni.

Landshöfðingi: Út af orðum. h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.), þar sem hann skírskotar til ástæðnanna fyrir fjárlagafrv. stjórnarinnar, skal jeg benda á, að í ástæðunum stendur, að stjórnin verði að álíta það sjálfsagt, að amtmaðurinn norðan og austan haldi launum þeim,

er hann nú hefir, þrátt fyrir það, þótt hann verði skipaður amtmaður sunnan og vestan. Þetta hefði stjórnin ekki sagt, ef hún hefði álitið, að hún hefði þurft samþykki þingsins til umskiptanna. Hin umrædda athugasemd er því fremur til skýringar á fjárlagafrumv., eins og fleiri athugasemdir eru þar, en af því þær sjeu beinlínis nauðsynlegar. Annars er valt að byggja á því, að það mundi verða til sparnaðar fyrir landssjóð, ef amtmaður norðan og austan fengi ekki að skipta um embætti, því það getur enginn sagt það hjer, hver þá mundi verða amtmaður í suður- og vesturamtinu.

Loks skal jeg leyfa mjer að benda á, að undir umræðunum um að leggja Austur-Skaptafellsýslu undir austuramtið, að því er sveitarstjórn snertir, kom það fram, að amtmaðurinn í austuramtinu hlyti að fá einhverja viðbót við skrifstofufje sitt vegna þeirrar breytingar, og því er víst ekki mögulegt að neita. Ef amtmaðurinn í austuramtinu því ekki verður fluttur, þá hefir það útgjöld í för með sjer fyrir landssjóð. En ef hann verður fluttur hingað, þá verður amtmannsembættið norðan og austan veitt með því skilyrði, að sá, sem í það verði skipaður, fái ekki meiri laun þó Austar-Skaptafellssýsla hafi verið lögð undir austuramtið, að því er sveitarstjórn snertir.

Framsögum. (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) lagði áherzlu á það, að Sæmundur Eyjólfsson hefði ekki sótt um styrk til að leggja stund á búnaðarvísindi. Þetta er ekki rjett hjá h. þm. Hann getur sjeð af bænarskrá Sæmundar sjálfs, að hann einmitt biður um styrkinn til að stunda búnaðarvísindi.

Það er heldur ekki rjett, sem sami h. þm. sagði um skýrsluna um laxaklakið í Dalasýslu, að það hafi misteknizt með öllu. Að vísu sjest það á skýrslunni, að í fyrra hefir það mistekizt, og laxaungarnir hafa drepizt. En jeg get upplýst h. þm. um það, því að það stendur í sömu skýrslu, að þar var sleppt 37000 laxaungum nú í vor. Árangurinn af laxaklakinu á að vera sá, að alinn sje upp lax til að sleppa í árnar, og þessir laxaungar, sem sleppt var, sýna, að það hefir tekizt. Laxaklak er ekki stofnað til að veiða lax, og þótt laxveiði hafi eigi vaxið þar hin síðari ár, geta verið ýmsar aðrar orsakir til þess, og ef til vill hefði laxveiðin minnkað mikið, ef klakið hefði ekki verið. Jeg verð enn að vera á því, að rjett sje að styrkja þessa stöðugu viðleitni hlutaðeigenda til að efla gagn landsins.

Jeg verð að minnast nokkrum orðum á það, sem h. 2. þm. Rvell. (S. Á.) sagði viðvíkjandi búnaðarskólum. Ef jeg hef skilið hann rjett, þá lýsti hann því yfir, að þótt búnaðarskólarnir væru vandræðagripir og að eins hjengju uppi, þá væri rjett að halda þeim við, og láta þá lifa; en hann sæi þó enga ástæðu til að veita þeim meira fje en nú, því að búskapurinn væri þar í svo miklu ólagi. Síðan hjelt hann langa ræðu um það, hvernig búnaðarhættir þar ættu að vera; en það sannar nú löngum lítið, að segja, hvað einhver stofnun ætti að gera, heldur er hitt aðalatriðið, hvað hún þarf að gera, og einhverstaðar frá þurfa þessar stofnanir að fá fje, annaðhvort úr landssjóði eða annarstaðar frá, ef þær eiga að halda áfram, eins og þingm. þó virtist vilja.

Það varðar miklu, þegar um það er að ræða að rökstyðja till. sínar og atkv. í þessu efni, að hafa greinilegar skýrslur um ástandið og reikninga í höndum. Frá Hólaskóla einum hefir nefndin fengið ítarlegan reikning yfir kostnaðinn við skólahaldið og greini-

lega áætlun um, hve mikils hann þarfnast, til að geta haldið áfram í sama horfi og hann er nú, svo að nefndinni gat ekki blandazt hugur um, að annaðhvort yrði að veita þetta fje, eða skólinn yrði að öðrum kosti að minnka og falla niður úr því góða ástandi, sem hann óneitanlega er nú í.

Viðvíkjandi ræðu h. þm. Borgf. (B. B.), þá þykir mjer ekki fýsilegt að fara mörgum orðum um hana, því að það gæti orðið til að lengja umræðurnar. Hann lýsti því yfir, að hann hefði skipt upp milli búnaðarskólanna því fje, sem búnaðarmálanefndin vildi veita til þeirra eptir beztu þekkingu og sanngirni. En jeg verð nú að segja, að jeg get ekki fundið, að hann hafi byggt till. sínar í þessu efni á neinu, nema ef vera skyldi það, að hann hafi álitið nauðsynlegt að vinna upp þessar 15000 kr. Hann talaði um framfarirnar á Hvanneyrarskólanum, að búpeningur hefði aukizt þar um helming, og hvað jörðin væri góð. En það sem hann sagði, sannaði í rauninni ekki neitt um hag skólans. Til þess að sanna það, hvort skóli eigi styrk skilinn og hve mikinn, þá þarf að gefa greinilega skýrslu um, hvað skólahaldið kostar og hverjar tekjur skólinn hefir annarsstaðar frá en úr landssjóði, og bera það svo saman við gagn það, sem skólinn vinnur, bæði með verklegum framkvæmdum, og þó einkum með því, að kenna, því aðalatriðið við hvern skóla sem er, og þá eins búnaðarskóla, er það, að vel sje kennt, og að sem flestir noti þá góðu kennslu. Jeg sje ekki neina ástæðu til, að styrkurinn til þessa skóla sje hækkaður. Hann vísaði mjer til álits búnaðarmálanefndarinnar, en jeg skal játa, að jeg hefi ekki enn getað kynnt mjer það sökum tímaleysis.

Um uppástungur hans um styrkinn til hinna búnaðarskólanna hefi jeg lítið að segja. Hann færir enga ástæðu fyrir þeim tillögum sínum; jeg get ekki betur sjeð en að hann hafi að eins haft það hugfast, að skifta þessum 15000 kr. milli búnaðarskólanna eptir einhverskonar sanngirni, sem þó er ekki á neinu byggð.

Það er brýn nauðsyn til, að stjórnendur búnaðarskólanna hjer eptir gefi upplýsingar um fje skólanna, hve mikið fje þeir fái annarsstaðar frá en úr landssjóði, og hve margir hafi gengið á skólana o. s. frv. og ekki sje veitt mikið fje þeim skólum, þar sem lítið er unnið og fáir læra.

Tillagið til Hólaskólans er að tiltölu lægra en til Eiðaskólans, því á Hólaskóla hafa gengið miklu fleiri nemendur, og það er ávallt þýðingarmikill gjörandi í þessum málum. Eins og jeg hefi áður getið um, eru nú mjög margir nemendur á Hólaskóla. Það mun varla skorta mikið til, að þeir sjeu eins margir og á öllum hinum skólunum til samans. Menn verða að gefa þessu atriði gaum; það má ekki ganga fram hjá því.

Sighvatur Árnason: Framsögum. (J. J., 2. þm. Eyf.) hefir ekki tekið rjett eptir því sem jeg sagði, þar sem hann segir, að jeg hafi farið út fyrir málið, því það var alls ekki að fara út fyrir málið, þó jeg ljeti það álit mitt í ljósi, að jeg áliti rjettara að fækka þessum búnaðarskólum, og í sambandi við það tók jeg fram, að jeg áliti eiga við að styrkja í þess stað nokkur fyrirmyndarbú á landinu, og sú skoðun er að ryðja sjer til rúms hjá fleirum. En verði nú svona haldið áfram, að auka styrkinn til allra þessara skóla, koll af kolli, þá verður þeim mun óhægra að fækka þeim, eptir því sem búið er að kosta meiru til þeirra, bæði með stórhýsi og annað, eins og nú er farið að teikna til.

Jeg sagði líka, að jeg þættist sjá allt of lítið af verklegum framförum við skólana í samanburði við hvað til þeirra er kostað, og jeg þykist enda viss um, að fjárkröfurnar komi einkum af því, að afurðir af hinum verklegu framkvæmdum sjeu litlar. Mjer þykir ofmikil stund lögð á ýmsar greinir í bókfræðslu, sem koma að litlum eða engum notum, en jeg vil þar á móti heimta af búnaðarskólunum, að það sje lögð meiri stund á hið verklega, og að nemendurnir sjeu notaðir á sumrin til að vinna að jarðarbótum, jörðinni til framfara og öðrum til eptirdæmis. Það er ekki nóg, þó að af hinni bóklegu þekkingu slái glampa á skýin, eða slái roða á þau; birtunni at þeirri þekkingu verður að slá niður á jörðina, til þess hún verði að notum.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal svara h. framsögum. þar sem hann sagði, að jeg hefði ekki hermt rjett eptir sjer með laxaklakið.

Jeg skal játa, að það kann að vera ofhermt, að hann vilji veita fjeð af því, að það beri engan árangur; en jeg ætla, að það sje ekki ofhermt, að hann vilji veita fjeð, þótt árangurinn sje enginn. Beiðandinn hefir sjálfur sagt, að það sjáist engin deili til, að lax hafi aukizt í ánni. Hvað þarf nú framar vitnanna við? Vill nefndin hafa það skýrara?

Þó að svo og svo mörg síli hafi klakizt út í þessum polli, sem hann talar um, þá er það engin sönnun; menn vita ekki, hvað af þeim hefir orðið, (*Jón Þór.*: Þau hafa drukknað í ánni). Já, drukknað í ánni eða sjónum, og svo getur selurinn hafa jetið þau. Beiðandinn hefir sagt það sjálfur, að engin deili sjáist til, að nokkurt gagn hafi af þessu orðið. Það er allt öðru máli að gegna hjer en í öðrum löndum, þar sem fiskiklak er á landi. Hjer er sílunum hleypt út úr klakpollunum óþroskuðum. Og hvað verður svo af þeim? (*Framsögum.*: Það eru orðnir litlir laxar). Ekki hefir það nú sýnt sig þarna í Dalasýslu. Jeg veit að það er siður í öðrum löndum, að þar eru sílin látin vera kyrr í sama stað, þangað til að þau eru orðin svo stór, að það má veiða þau og jeta; jeg veit, að svo er það í Danmörku og Svíþjóð; en hjer er ekki hægt að koma slíku við. Jeg get ekki sjeð, að þó veittar sjeu 200 krónur, að laxinn aukist mikið við það, og það hefir ekki orðið neitt gagn að þessum laxaklökum, sem hafa verið hjer á landi. Það er reyndar satt, að 200 kr. er ekki stór upphæð, en það eru þó 400 kr. á fjárhagstímabilinu, og »margt smátt gerir eitt stórt«.

Í fjárlagafrumv. stjórnarinnar er áætlað, að tekjurnar á fjárhagstímabilinu verði 42000 kr. meiri en útgjöldin, en jeg er hræddur um, að afgangurinn verði æði lítill, sjeu samþykktar allar breyt.till. h. fjárlaganefndar; jeg er meira að segja hræddur um, að þessar 42000 kr. hverfi, en það er skynsamlegra að leggja dálítið upp en eyða öllum tekjunum. Við verðum vel að gæta að því, að hið sjerstaka árstillag úr ríkissjóðnum minnkar smátt og smátt þangað til það hverfur með öllu, og tekjur af jörðum landssjóðs minnka stöðugt eptir því, sem fleiri jarðir eru seldar, því andvirði þeirra er ekki lagt upp, heldur látið ganga inn í landssjóð og eytt með tekjum hans á ári hverju. Jeg hygg sem sagt hyggilegra, að gæta að sjer í tíma, svo ekki verði tekjuhalli, og þingið þurfi ekki að leggja nýja tolla á, því það mundi verða ærið óvinsælt. Það ætti heldur að spara fje og leggja í viðlagasjóðinn, heldur en ausa fjenu út á báðar hendur.

Ekki get jeg verið samþykkur tillögu h. fjárlaganefndar hvað amtmannaem-

bættin snertir, þar sem hún leggur til á þingskj. 261, að athugasemdin við 10. gr. A. 1 í stjórnarfrumv. falli burtu, um að flytja megi amtmanninn í Norður- og Austuramtinu í amtmannsembættið í Suður- og Vestaramtinu, með óskertum launum, enda hefir konungur fullt vald til þess samkv. 4. gr. stjórnarskrárinnar, því þar stendur, að konungur geti flutt embættismenn úr einu embætti í annað, án þess þeir missi nokkurs í af tekjum sínum.

Hæstv. landshöfðingi fann það að viðaukatill. minni, að jeg hefði tekið til Sæmund Eyjólfsson með styrkveitingu til að leiðbeina í búnaði, en jeg get gjarnan breytt því til 3. umr. þannig, að enginn sjerstakur maður sje til tekinn, sem styrk þennan eigi að fá. Jeg sje ekki hvað er á móti því, að veita þenna styrk, enda er það ekki nema til tveggja ára, og þegar þau eru liðin þarf ekki að veita hann optar frekara en sýnist. En því að eins hefi jeg stungið upp á Sæm. Eyjólfssyni, að jeg þekki engan annan búfróðan mann, er sje hæfari til að líta eptir jarðabótum og öðru, sem að búnaði lýtur, eða fremur sje ástæða til að veita þenna styrk. Jeg þekki engan, er sje færari eða betur að sjer í þessu. Bæði hefir hann lesið meira en aðrir, og farið erlendis og kynnt sjer búnaðarháttu þar; en með mestu ánægju skal jeg breyta tillögu minni svo, að hafa manninn óákveðinn; en það yrði enginn annar en Sæmundur Eyjólfsson samt.

Um búnaðarskólana er það að segja, að jeg álít varhugavert, að hækka styrkinn til þeirra, allra helzt á meðan ekki er útkljáð, hvort þeir eigi heldur að vera 2 eða 4. Það er nú sannfæring mín, að það væri miklu rjettara að hafa 1 eða 2 heldur en hafa þá 4, og sleppa allri hreppapólitík. Það er líka hægra að fá duglega menn til að stjórna 2 skólum heldur en 4. Af þessum ástæðum get jeg ekki sjeð, að eigi að auka styrkinn til þeirra, enda hafa sumir skólarnir ekki beðið um neinn styrk, t. d. Hvanneyrarskólinn, og þó þeir hefðu beðið um styrk, þá ættu þau bónarbrjef að hafa farið fyrst til amtsráðsins, og amtsráðin ættu einmitt að segja álit sitt um, hvort búnaðarskólarnir þyrftu styrksins með eða ekki, eða gætu ekki útvegað styrkinn á annan hátt. Jeg er sem sagt ekki með því, að hækka styrkinn til búnaðarskólanna, og skal svo ekki tala meira um þetta að sinni.

Björn Bjarnarson: Jeg hughreysti h. fjárlaganefndarframsögumann og aðra h. þingd.m. með því, að jeg finn enga hvöt hjá mjer að taka til máls að eins til þess að lengja umræðurnar. Eg skal því láta nægja að benda á, að skýrslur þær og skjöl, sem jeg minntist á, liggja hjá amtmanninum í Suðuramtinu, og hann mun fúslega láta þær í tje, og gefa nefndinni eins og öðrum þær upplýsingar, sem honum er auðið viðvíkjandi skólanum, og orðlengi jeg svo ekki meir um það.

Þá vóru það fáein orð í ræðu h. 2. þm. Rang. (Sighv. Á.), sem gáfu mjer ástæðu til athugasemdar. H. þm. talaði um, að af því skólarnir hefðu kauplausa vinnumenn, þá mætti gjöra ráð fyrir, að búskapurinn borgaði sig betur. Þetta er ekki rjett. Það kann að sýnast svo í fyrsta áliti, en þeim sem til þekkja er það ljóst, að hjer þarf öðruvísi á að líta. Það verður að gæta að því, að þessir kauplausu vinnumenn eru flestir ófullþroska unglingar, sem ekki eru að reikna sem fullkomnir vinnumenn, og svo er hitt, að þó hinar verklegu æfingar þyki enn ófullnægjandi við skóla þessa, eins og á var minnzt í umræðunum, þá er aldrei svo, að ýmislegt sje ekki lagt í kostnaðinn að eins til

þess, að veita þessum námspiltum æfingu, áu þess það máske borgi sig í svip fyrir skólabúið, eða sje svo vaxið, að bóndi mundi vilja láta vinnumenn sína starfa að því, af því hann þættist hafa annað við þá að gjöra, sem fyr bæri arð, og verður þó auðvitað gjört meir að slíku við skólana, eptir því sem styrkurinn til þeirra er aukinn og efnin leyfa.

Þetta tvennt gjörir það að verkum, að það verður eigi eins mikil búbót að þessum kauplausu verkamönnum og annars mætti ætla.

Jeg vona, að h. þm. (Sighv. Á.) sjái þetta, og þykist viss um, að hann ekki vilji verða til þess með orðum sínum og atkvæði, að beitast gegn búnaðarskólunum, þessum helztu menntastofnunum bændastjettarinnar. Læt jeg svo staðar numið, enda vil jeg ekki tala að eins til að láta menn heyra og sjá langar ræður.

Jens Pálsson: Ræðu h. þingm. Rvík. (H. Kr. Fr.) um laxaklakið í Dalasýslu vil jeg svara stuttlega. Hann sagði, að samkvæmt skýrslunni, þá væri nú auðsjeð, að ekkert gagn væri orðið að því, og hann áleit, að það gæti heldur aldrei orðið neitt gagn að því, eptir því sem reynslan sýndi, sem þegar væri fengin, enda hefði það sýnt sig allsstaðar, að klak gæti eigi orðið til neins gagns. Jeg átti nýlega tal við þann mann, sem hjelt uppi klaki á Reynivöllum, þar sem það var fyrst byrjað; þessi maður, sem nú er h. þm. í h. efri deild, hann áleit allt annað. Hann sagði, að sú stutta reynsla, sem þar hefði fengizt, hefði miklu fremur bent til þess, að mikil not gætu orðið að klaki, því miklar líkur væru fyrir því, að laxi hafi fjölgað í Laxá í Kjós fyrir áhrif laxaklaksins. Það hefði verið af sjerstökum orsökum, að þar var hætt við það, það er þeim, að maðurinn sem hafði stundað það, missti svo sjónina, að hann treystist eigi að gæta klaksins.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) gat þess, að til þess að vænta mætti að nokkurt gagn gæti orðið að klakinu, þá þyrfti að geyma laxinn lengi, helzt þangað til hann væri orðinn þroskaður svo, að hann mætti veiða og eta. Að slíkt nær engri átt, vita allir, sem nokkra ögn þekkja til fiskiklaks, og bera skyn á eðli laxins. Að laxinn þurfi að fara til sjávar, til að vaxa og dafna, er alþekkt. H. þm. vitnaði í klak í fiskipollum í Danmörk og Svíþjóð; en um slíka fiskpolla er hjer ekki að ræða; það er verið að ræða um straumvötn, sem falla til sjávar, en ekki tjarnir, og um lax, en ekki aðra fiska. H. þm. hefði varla farizt svo orð, sem honum fórust, ef sjónhringur hans væri víðari í þessu máli, og hann þekkti hvern árangur fiskiklök hafa borið þar, sem þau hafa verið rekin í stórum stýl, t. d. í Ameríku og víðar.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) ljet í ljósi, að ísjárvert væri að veita slíkt fje sem þetta, því það hefði áhrif á fjárhaginn. Jeg skal játa þetta, að svo miklu leyti, sem segja má, að hver krónan, sem veitt er, hafi fjárhagsleg áhrif, en 200 kr. er á hinn bóginn engin stór upphæð. En jeg vil benda h. þingm. á, að það er varhugavert, að vera á móti þessari fjárveitingu, þar sem þetta er hið eina laxaklak, sem til er á landinu, og sem einmitt þarf að vera til, til þess að geta sýnt og sannað, hvort nokkuð gagn geti orðið af þessari aðferð eða ekki. Í bænarskránni er einmitt sýnt fram á, að sjerstakar orsakir kunni að hafa verið því til fyrirstöðu, að verulegur árangur sjáist enn, en þær orsakir geta horfið; það eru ekki allt af óvenjulegt ísrót í ánni, og það er ekki allt af, að sumarið snýst í vetur, og

svo er um fleira. Það hefur og verið mikill lax í ánni til forna og það er víst, að öll skilyrði eru fyrir hendi, til þess, að lax geti þrifizt í henni; það er því engin ástæða til að örvænta enn.

Þá vil jeg minnast lítið eitt á búnaðarskólana. Það liggja fyrir skýrslur frá að eins 2 búnaðarskólum. Jeg vona að skýrslur komi frá hinum 2, Hvanneyrar og Ólafsdals skóla. Verið getur, að þær sjeu að fá hjá amtinu. Þær geta þá komið fram síðar meðan málið liggur fyrir hjer í deildinni eða h. efri deild, en meðan þær skýrslur eru ekki komnar enn þá, þá sje jeg mjer ekki fært að koma með breytingartillögu í þá átt, að jafna meira styrkinn til skólanna. Eptir tillögum nefndarinnar er hann æði-ójafn. En þar sem nú skýrslurnar vantar, og nefndin hefur vandlega íhugað þetta mál, verð jeg að svo stöddu að fylgja tillögum hennar.

Hvað snertir athugasemdina við 10. gr. A. 1, þá vildi jeg fara um hana fáeinum orðum. Jeg sje ekki annað en að það megi ganga út frá því, að sje þessi athugasemd þarflaus, þá megi hún falla burt; en sje hún nauðsynleg til þess, að amtmaðurinn fyrir norðan geti flutzt hingað og haldið launum sínum, þá geti hún haft töluverð áhrif á fjárhaginn, og þá sje hún athugaverð, því það gæti átt sjer stað, að maðurinn vildi sækja burt að norðan, og þá gæti landssjóði sparast 1000 kr. árlega frá því sem er.

ATKV.GR.: Þegar hjer var komið, höfðu 8 þingm. óskað þess skriflega, að til atkvæða væri gengið, og var það samþykkt með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Benid. Kristjánsson,
Klemens Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Björn Sigfússon,	Bogi Melsted,
Guðl. Guðmundss.,	Jens Pálsson,
H. Kr. Friðrikss.,	Jón Jakobsson,
J. J., þm. A.-Sk.	Ólafur Briem,
J. J., þm. Eyf.	Sigfús Árnason,
J. J., þm. N.-M.	Sigurður Gunnarss.,
Jón Þórarinsson,	Þórður Guðmundss.,
Jón Þorkelsson,	Þorl. Guðmundss.
Sighvatur Árnason,	
Skúli Thoroddsen,	
Þórarinn Böðvarss.	

Þá var 8. gr. frumv. óbreytt samþ. í einu hlj., og 9. gr. samþykkt með 22 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 10. gr. A. 1. (12. liður á atkv. skrá.) samþykkt með 12 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Benid. Kristjánsson,
Björn Sigfússon,	H. Kr. Friðriksson,
Bogi Melsted,	Jón Jakobsson,
Guðl. Guðmundss.,	J. J., 2. þm. Eyf.
Jens Pálsson,	Jón Þórarinsson,
J. J., þm. A.-Sk.	Ólafur Briem,
Jón Þorkelsson,	Sighvatur Árnason,
Sigfús Árnason,	Þórarinn Böðvarss.,
Sigurður Gunnarss.,	Þórður Guðmundss.
Skúli Thoroddsen,	
Þorl. Guðmundsson.	

2. þm. N.-M. (J. J.) neitaði að greiða atkvæði, og var því talinn í meiri hlutanum.

10. gr. A. 1. samþ. með 21 samhlj. atkv.; 10. gr. A. 2. — B. 1. a. samþ. í einu hljóði, hver liðurinn um sig.

10. gr. B. 1. b. samþ. með 22 samhlj. atkv.; 10. gr. B. 2. samþ. í einu hljóði; 10. gr. B. 3. a—c samþ. með 22 samhlj. atkv.; 10. gr. B. 4. a—g samþ. í einu hlj.; 10. gr. 1. a. samþ. með 22 samhlj. atkv.; breyt.till. nefndarinnar við 10. gr. C. 1. b. (tölul. 13. á atkv.-

skrá.) samþykkt með 22 samhlj. atkv. Breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 1. c. (tölulið 14. á atkv.skrá.) samþ. með 22 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 1. d. (tölulið 15. á atkv.skrá.) samþ. með 22 samhlj. atkv.; breyt.till. nefnd. við 10. gr. C. 1. d. (athugas. o. s. frv.) samþ. með 18 samhljóða atkv.; 10. gr. C. 2. samþ. með 22 samhlj. atkv.; 10. gr. C. 3. samþ. í einu hlj.; breyt.-till. við 10. gr. C. 4. a. 1. (tölul. 16. á atkv.skrá.) felld með 19 atkv. gegn 1; 10. gr. C. 4. a. 1. samþ. með 22 samhlj. atkv.; breyt.till. við 10. gr. C. 4. a. 2. (tölul. 17. á atkv.skrá.) samþykkt með 13 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Benid. Kristjánss.,	Björn Bjarnarson,
Björn Sigfússon,	Guðl. Guðmundss.,
Bogi Melsted,	H. Kr. Friðriksson,
Jens Pálsson,	Jón Þórarinsson,
Jón Jakobsson,	Jón Þorkelsson,
J. J., þm. A.-Sk.	Sigfús Árnason,
J. J., þm. Eyf.	Sighv. Árnason,
J. J., þm. N.-M.	Þórður Guðmundss.,
Ólafur Briem,	Þorl. Guðmundss.
Sigurður Gunnarss.,	
Skúli Thoroddsen,	
Þórarinn Böðvarss.	

Breyt.till. við sama (tölul. 18. á atkv.skrá.) þar með fallin; breyt.till. við 10. gr. C. 4. a. 3. (tölul. 21. á atkv.-skrá.) felld með 16 atkvæðum gegn 5; breyt.till. við sama C. 4. a. 3. (tölul. 19. á atkv.skrá.) samþ. með 13 atkv. gegn 7; breyt.till. við sama C. 4. a. 3. (tölul. 20. á atkv.skrá) þar með fallin; breyt.till. við 10. gr. C. 4. a. 4. (tölul. 22. á atkv.skrá.) felld með 15 atkv. gegn 4; breyt.till. við sama C. 4. a. 4. (tölul. 23. á atkv.skrá.) felld með 15 atkv. gegn 4; 10. gr. C. 4. a. 4. samþ. með 19 samhlj. atkv.; viðaukatill. við 10. gr. C. 4. (tölul. 24 á atkv.skrá) felld með 13 atkv. gegn 4; breyt.till. við 10. gr. C. 4. b. (tölul. 26. á atkv.-skrá) felld með 14 atkv. gegn 7; 10. gr. C. 4. b. samþ. í einu hlj.; breyt.till. við 10. gr. C. 4. b. (tölul. 25. á atkv.-skrá.) samþ. með 16 samhlj. atkv.; 10. gr. C. 4. c. samþ. með 22 samhlj. atkv.; 10. gr. C. 4. d. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 10. gr. C. 4. e. samþ. með 20 samhlj. atkv.; viðaukatill. við 10. gr. C. 4. (tölul. 27. á atkv.skrá.) samþ. með 15 atkv. gegn 2; 10. gr. C. 5. a—g samþ. með 21 samhlj. atkv.; 10. gr. C. 6. samþ. í einu hlj.; 10. gr. C. 7. samþykkt með 20 samhlj. atkv. Viðaukatill. við 10. gr. C. 7. (tölul. 28. á atkv.skrá.) samþ. með 22 samhl. atkv.; 10. gr. með áorðn. breyt. samþ. í einu hlj.

Þá frestaði forseti fundi til kl. 5½ e. h.

Kl. 5½ e. m. sama dag var fundur settur aptur og þá tekinn til umræðu

Útgjaldabálkurinn
11.—12. gr.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg vildi ekki áðan lengja umræðurnar, þótt mjer fyndist rjett að svara sumu af því, er kom fram í síðari ræðu h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.), þar sem hann talaði um, hvernig fjárhagsástandið mundi verða, ef breyt.till. nefndarinnar yrðu samþykktar. Hann benti nefndinni á, hvort ekki væri vert fyrir hana að athuga tillögur hennar á ný. Jeg þakka honum þessa góðu bendingu fyrir hönd nefndarinnar; það er ávallt heppilegt og rjett, að athuga vandlega það, sem mikils er vert, og »tátt er of vandlega hugað«. Hann ljet í ljósi, að nefndin mundi ekki hafa gefið því gaum, hvaða áhrif það mundi hafa á fjárhagsáætlunina, ef breyt.till. hennar yrði samþ., því nefndin hefir

vel vitað, hvað hún hefir verið að fara í því tilliti, og jeg hefi bent á það áður; en skal þó skýra það með fám orðum fyrir h. þm. nú á ný. — Nefndin hefir lagt það til að tekjurnar sje hækkaðar um 8000 kr. og h. deild hefir nú samþykkt það. Sömuleiðis leggur nefndin til, að ýms útgjöld sje lækkuð og nemur það alls 8800 kr., sem gerir með tekjuaukanum 16800 kr. Öll útgjaldahækkun sú er nefndin stingur upp á er í kringum 60,000 kr. Þegar maður svo lítur til hins áætlaða tekjuafgangs í frumv., vona jeg að h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) sjái og játi, að nefndin hefir þó ekki gengið alveg blint og ráðlauslega fram, og að hún fyrir sitt leyti hefir ekki viljað stofna til þess, að tekjuhalli yrði á fjárhagsáætluninni.

Jeg vakti máls á þessu við framhald 1. umr., en h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) hefir þá ekki tekið eptir því. En þau orð, er hann talaði um, hvernig ástandið mundi verða ef breyt.till. þær, er fyrir liggja, yrðu samþ. flestar eða allar, voru mjög sönn. Það var alveg rjett hjá honum, þar sem hann varar við, að setja útgjöldin of hátt. En það er þó eitt einkennilegt í því öllu saman, því að breyt.till. hans sjálfs fara fram á ekki minna en 10,200 króna útgjaldahækkun.

Jeg held að áminningar hans hefðu fengið meir á menn, ef þetta hefði ekki verið. En áminningar hans eru í eðli sínu eins rjettmætar fyrir það, enda hefir nefndin haft það hugfast, að takmarka útgjöldin sem mest. Bænarskrár og tilboð, er til nefndarinnar hafa komið, nema allt að 200,000 krónum, og hefir nefndin ekki sjeð sjer fært að sinna nema örfáum af þeim. Jeg hefi ekki haft tíma til að tína saman breyt.till. þær, er fram hafa komið frá einstökum þm., en jeg ímynda mjer, að það muni vera álíka upphæð og breyt.till. nefndarinnar fara fram á.

Þá vil jeg snúa mjer að hinum einstöku breyt.till. við þennan kafla frv. 1. breyt.till. er við 11. gr. 2. g. og h., frá h. þm. Snæf. (J. Þork.). Hún miðar til þess að ákveða önnur takmörk milli þessara 2 aukalæknisumdæma. Að vísu er jeg ekki gagnkunnugur á þeim slóðum, en þó sýnist mjer svo, sem breyt.till. hafi við rök að styðjast og mun jeg gefa henni samþykki mitt.

Nefndin ræður til, að 11. gr. 2. i falli burt. Það er ekki fyrir þá sök, að nefndin viðurkenni ekki, að talsverð nauðsyn bæri til, að aukalæknir væri settur á þann stað. En nefndin setti sjer fyrir, að fjölga ekki aukalæknisdæmum nema um 4 á næsta fjárhagstímabili. Og þegar hún leit á nauðsynina annarsstaðar, þá sýndist henni rjett að fella burt þennan tölulið og bæta við 2 nýjum aukalækisumdæmum. Mönnum sem eigi eru kunnugir, getur auðvitað ekki verið full-ljóst, hvar þörfin er mest, og verða því að fara eptir sögusögn kunnugra manna. En nefndin hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að þörfin væri mest í hinum afskekktu hreppum Ísafjarðarsýslu, Grunnavíkur- og Sljettuhreppum, og í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvallahreppum í Árnessýslu, með því að hjer er um mjög fjölmennt hjerað að ræða. Næsta breyt.till. er frá landshöfðingja, að á eptir 2. tölulið bætist inn í nýr töluliður um 2000 króna styrk til Björns Ólafssonar aukalæknis, til þess að setjast að í Rvík sem augnalæknir. Nefndinni hefir borizt bænarskrá frá honum, er fer fram á hið sama; en hún hefir eigi sjeð sjer fært að mæla með beiðni þessari. Að vísu kann sumt að mæla með því, að augnalæknir sje fremur

hafður hjer en á Akranesi, þótt eigi sje munurinn mikill; en á hinn bóginn eru það talsverð útgjöld, sem það hefir í för með sjer. Nefndin hefir því lagt það til, að honum sje veittur 500 króna styrkur fyrir augnalækningar eins og hann hefir nú, svo að kostnaðaraukinn til aukalækis verður alls þessar 500 kr.; annars mundi hann vera 1500 kr. meiri en nú er. En ætti þessi till. að ganga fram, þá sýnist mjer, og það er og álit nefndarinnar, að styrkurinn sje óþarflega hátt settur. Jeg ætla að 1500 kr. mundu nægja, sjerstaklega hjer í Reykjavík, þar sem búast má við talsverðri praxis. Jeg vildi að eins vekja athygli manna á því, hvort eigi mætti láta 1500 kr. nægja, ef þeir vildu koma með breyt.till. í þá átt við 3. umr.

Næsta breyt.till. er frá h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) og fer hún fram á hið sama, nefnilega að Björn Ólafsson fái 2000 kr. til að setjast að sem augnalæknir í Rvík. Till. hæstv. landsh. er talsvert aðgengilegri, þar sem hún gjörir honum þó að skyldu að kenna læknaefnum.

Við 11. gr. hafa eigi fleiri breyt.till. komið fram, og kemur þá til 12. gr.

Fyrst er þess að geta við staflið A., að nefndinni bárust margar bænarskrár um auknar póstferðir og breytingar á póstgöngum, og um nýja brjefhirðingarstaði, o. fl. Orsökin til þess, að nefndin sá sjer eigi fært að sinna þessum málaleitunum, var sú, að flestum af þessum bænarskrám fylgdu engar áætlanir um það, hve mikinn kostnað það mundi hafa í för með sjer, og heldur engin meðmæli frá póststjórninni. Og jeg verð að ætla, að þegar slíkar bænarskrár koma fram, þá sje nauðsynlegt að póstmeistarinn og póstafgreiðslumenn segi álit sitt um hinar einstöku tillögur. Nefndin er ekki nægilega kunnug, til þess að geta vitað það; enda getur enginn til þess ætlazt. Auk þess kostar það meiri tíma en svo, að fjárl.nefnd geti gefið sig við því, ef rannsaka ætti ástæður fyrir öllum þessum málaleitunum. Það ætti því að vera regla, að slíkum tillögum fylgdi ákveðin umsögn kunnugra manna, og áætlun um kostnaðinn. Niðurstaðan varð sú, að nefndin sá sjer eigi fært að sinna bænunum, nema rjett frá einstaka stað, og er þess getið í hinu prentaða nefndaráliti. Því næst kemur stafl. B., »til vegabóta«. Er sá gjaldliður settur hærra nú en nokkurn tíma áður, og er nefndin þakklát stjórninni fyrir, hvað ríflega hún hefir tekið til, og er það samkvæmt stefnu þeirri, er nú er að ryðja sjer til rúms, að engu fje sje betur varið en því, sem kostað er til að bæta samgöngur. Jeg fyrir mitt leyti er þessari stefnu mjög hlynntur, sjerstaklega hvað vegi og vegabætur snertir. Það er allt af mikilsverð þjóðareign í vegunum eptir á, en það getur verið öðru máli að gegna um styrk til sjóferða, sem allt af svo sem hverfur í sjóinn, þótt hið óbeina gagn af því fje geti verið mikið og margfalt.

Nefndin leggur það til, að nýjum lið, nfl. 5000 kr. til brúar á Austur-Hjeraðsvötnin, sje bætt við. Hjer er svo háttað, að það hefir lýst sjer, að svifferja á eystri ós vatnanna getur ekki komið að fullum notum vegna straumfars vatnanna og fleira. Skammt frá ósnum er brúarstæði, eptir því sem virðist, gott, og er tiltölulega ódýrt að gera þar brú. Sýslunefndin býðst til að láta setja dragferjuna á Hjeraðsvötnin á aðalpóstleið, með því móti að hún fái styrk þennan úr landssjóði til að gera brúna. Þegar litið er til þess, að umferðin er mjög mikil yfir Hjeraðsvötnin þar út við sjóinn, bæði manna-umferð, lestaferðir og sauðfjárrekstrar, og hjeraðs-

búar hafa annarsvegar sýnt lofsverðan dugnað í því, að brúa margar ár af eigin rammleik, og telja enn ekki eptir sjer að verja allmiklu fje til þessa, og þegar enn fremur litið er á, að það sýnist vera mjög hagfelt að fá dragferjur yfir vötnin á aðalpóstleið, sem að sjálfsögðu er skylda landssjóðs að styðja, þá virtist oss rjett að verða við þessari beiðni. Þess má og geta, að með þessu fyrirkomulagi yrði landssjóði væntanlega hlíft við því, að kosta stórfje til brúargjörðar yfir Hjeraðsvötnin innar í hjeraðinu.

Breyt.till. frá þm. V.-Sk. (G. G.) við breyt.till. 13, er auðsjáanlega gjörð til þess, að tryggja sem bezt landssjóðinn, og koma í veg fyrir, að fje sje veitt úr honum, nema full trygging sje fengin fyrir því, að verk það, sem styrkurinn er veittur til, sje sem bezt gert, og í alla staði fullkomið. Þetta er nú í sjálfu sjer allsendis rjett og gott. Eins og till. er orðuð, óttast eg fyrir, að hún geti orðið til þess að tálma og tefja fyrir verkinu, og gjöra það erfiðara, þótt eigi muni það vera ætlun flutn.m., og mun jeg eigi gefa henni atkvæði mitt, en líklegt er, að hann og nefndin muni geta komið sjer saman um öðruvísi lagað tryggingarákvæði til 3. umr.

Þá kemur stafl. C. Við hann eru fram komnar svo margar og margbrotnar breyt. till., að jeg er ekki viss um, að jeg geti greint þær ljóslega hverja frá annari. Jeg lýsti því yfir áðan, að jeg mundi fylgja töluröðinnni á atkv.-skránni, en jeg verð nú að víkja nokkuð frá þeirri reglu, og snúa fyrst máli mínu að breyt.till. nefndarinnar undir 42. tölul. þingsk. 318, með því að ýmsar till. h. þingd.m. miða sig við þá till. Jeg tala þá fyrst um tölul. a. 2, þar sem nefndin leggur til, að Jónas J. Randulff fái 25000 kr. hvort árið til strandferða umhverfis landið.

Það er víst ekki þörf á að útlista, hvernig á þessari till. stendur; mönnum mun kunnugt, að fjárlaganefndinni hefir borizt tilboð um að halda uppi strandferðum kringum landið meiri hluta árs, á 200 tonna skipi, fyrir 25,000 kr. Nefndinni fannst rjett að taka móti tilboðinu, og það því fremur, sem þessi maður hefir boðið tryggingu frá Stafangurdeild Noregsbanka. Þar að auki ljet hann á vald þingsins, að semja áætlun fyrir skipið, með því einu skilyrði, að áætlunin væri þannig úr garði gerð, að mögulegt væri að fylgja henni. Þegar svo mikið er veitt til strandferða, þá leiðir þar af, að fjárveitingin til gufubáta fellur burt, með því líka, að þessar fyrirhuguðu strandferðir virðast að miklu leyti að munu geta bætt úr þeirri þörf, sem gufubátum annars er ætlað að fullnægja. Það er aðeins styrkur til gufubátsins á Faxaflóa, sem nefndin vill halda, bæði af því, að hjer við flóann er mannmargt mjög, og vegna þess, að hjer er báturinn fenginn, og í áætluninni er eigi gjört ráð fyrir, að strandferðaskipið komi við á neinum stað við norðaustanverðan Faxaflóa, alla leið milli Reykjavíkur og Ólafsvíkur, en gufubátur sá, er nú er hjer, kemur við á mörgum stöðum á þessu svæði. Nefndin leggur og til, að haldið sje þessum 18,000 krónum, sem farið er fram á í stjórnarfrv. til strandferða, og gengið sje að því tilboði, sem getið er um í ástæðum frumvarpsins. Nefndin hefir þó jafnframt ásett sjer, með þingsályktunartillögu, að leitast við að fá fram ýmsar breytingar, sem þó eigi sjeu gjörðar að beinu skilyrði fyrir fjárveitingunni.

Nefndin álítur það mjög nauðsynlegt, að sem flestir staðir verði aðnjótandi

beinlínis sambands við útlönd, og án þessarar veitingar er hætt við, að strandferðirnar og ferðirnar landa á milli geti komið í bága hvorar við aðra. Þótt menn þykist vita, að gufuskipafjelagið muni halda áfram ferðum sínum eins og það hefir gert 2 síðustu árin, þá er ekki víst, að það sje einhlítt, og að minnsta kosti getur þingið, ef það ekki veitir fjeð, engu ráðið um það, hvernig það hagar ferðum sínum, og er þá ekki ólíklegt, að fjelagið kynni einmitt að haga þeim svo, að innanlandsstrandferðirnar yrðu að miklu minna gagni en ella.

Við breyt.till. nefndarinnar á þingskj. 318 hefir komið fram breyt.till. frá þm. V.-Skaptf. (G. G.). Þykist jeg sjá, að aðalmergur hennar sje, að styrkurinn til gufubáts sunnanlands haldist. Þykist jeg enn fremur sjá, að meiningin muni vera sú, að eitt eða tvö sýslufjelög geti fengið sinn hluta hvort af styrk þessum. En nú er ætlazt til, að strandferðaskipið komi við bæði nokkrum sinnum í V.-Skaptafellssýslu og mjög opt í Vestmannaeyjum, og það er því Rangárvallasýsla ein, sem verður útundan. Það getur verið umtalsmál, að taka þessa breyt.till. til greina, en h. uppástungumaður ætti að skýra nefndinni nánar frá þessu og útlista það fyrir henni, áður en hún geti fallizt á það. Það sem jeg nú hefi talað um, eru tölul. 39, 40, 41 og 43 á atkvæðaskránni. Þá kemur uppástunga nefndarinnar um, að eptir stafl. h. komi D. a., til bryggjugjörðar á Blönduósi 5000 kr. Það hefir komið fram beiðni um þennan styrk frá Húnvetningum, og hefir nefndinni þótt rjett að veita þenna styrk, þó með því skilyrði, að verkfræðingur álíti, að verkið sje framkvæmanlegt og komi að notum, og sýslunefndin útvegi það fje, er á vantar, og mun það að líkindum verða allt að helmingi. H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) leggur til, að þetta sje öðruvísi orðað og bætt sje inn í þessu: »Upphæðin greiðist, þegar verkinu er lokið, og sannað er með vottorði verkfræðings, að bryggjan sje nægilega traust«. En jeg held, að það væri betra að láta verkfræðing segja álit sitt fyrirfram um kostnaðinn. Ef hjeraðsmenn fyrst byggja bryggjuna og verkfræðingur síðan telur hana of veika eða finnur eitthvað að henni, þá verður það æði hart fyrir hjeraðsbúa, og þeir þora kannske ekki að ráðast í fyrirtækið, ef þeir eiga þetta á hættu.

Þá kemur undir stafl. D., um 5000 króna styrkur í eitt skipti til þess að kaupa gufubát, er notaður sje til flutninga inn um Lagarfljótsós. Nefndinni barst bænarskrá frá þingmönnum N.-Múlasýslu og 1. þm. S.-Múlasýslu, og er það álit nefndarinnar, að rjett sje að verða við þessari beiðni, og leggur hún því til að fjeð sje veitt. Menn vita, að í nokkuð mörg ár hefir þetta verið áhugamál þeirra, sem þar búa, og með því að vjer teljum það mjög mikilsvert fyrir hinar fjölbyggðu sveitir, er að fljótinu liggja, að greitt sje fyrir flutningum gegn um ósinn, þá leggur nefndin það til, að styrkur þessi sje veittur. Það má segja um þetta, að undirbúningur sje ekki nægur, og yfirlýsingu vanti frá manni, er ber skyn á slíka hluti, um, að verkið sje framkvæmanlegt. En eptir því, sem öllum kemur saman um, þá er það varla efamál, að svo sje.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) vill binda styrk þennan því skilyrði, að hlutaðeigandi hjerað leggi fram að minnsta kosti 1/4 til móts við landssjóðsstyrkinn. Það kom til umræðu í nefndinni að setja þetta skilyrði, en nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að það væri óþarft, með því að hún hefir fyrir satt, að kostnaðurinn við fyrirtækið muni verða

miklu meiri en þessu nemi. Er því ekki ástæða til að setja annað skilyrði en það, að hjeraðsbúar leggi til allt það er vanta kann.

Þá er breyt.till. frá h. þm. Dal. (J. P.) um, að við 16. tölul. á breyt.till. nefndarinnar bætist á eptir athugas. nýr stafl. svohljóðandi: »c. Til uppmælingar á skipaleið inn á Hvammsfjörð og rannsóknar á skipalægi við Búðardal o. fl. staði, veitist 10000 kr.«. Þetta þykir nefndinni mikið fje; en þar sem allt af hefir verið álitið nauðsynlegt, að innsigling á fjörð þennan sje mæld, þá sýnist full ástæða til að íhuga þetta vandlega. Munu án efa margir geta gefið upplýsingar um þetta mál, og vil jeg því eigi að svo stöddu lýsa yfir, hvar atkvæði mitt falli.

Þá er enn breyt.till. frá h. þm. V.-Skaptf. (G. G.). Miðar hún auðsjáanlega til að heimila sýslufjelögum þeim, er hlut eiga að máli með gufubátsstyrk með suðurströnd landsins, að skipta styrknum milli sín, ef svo þyki betur fara. Till. mun vera sett til vara, ef breyt.till. nefndarinnar við staflið C. skyldu falla. En verði þær samþ. er þessi till. þýðingarlaus.

Landshöfðingi: H. fjárlaganefnd hefir stungið upp á að gera þá breyt. á 11. gr. stjórnarfrumv. 2. i., að fella burt styrkinn til aukalæknis þess í Eyjahreppi og Gufudals- og Múlahreppum, er stjórnin hafði lagt til að skipaður væri þar; en aptur á móti hefir hún lagt til, að veittur yrði styrkur tveim nýjum aukalæknum. Jeg álít, að ástæður þær, sem færðar voru á þingi 1891 og síðan í blöðunum fyrir þörfinni á aukalækni í Eyjahreppi, sjeu svo sterkar, að viðurhlutamikið sje að synja íbúum þess hrepps og tveggja hinna næstu um sjerstakan lækni. Jeg get bætt því við, að öll líkindi eru til, að innan skamms muni enginn læknir búa í Barðastrandarsýslu sunnanverðri, því að læknirinn á Bæ í Króksfirði er mjög óheppilega settur þar, og þegar hann sleppir læknisstörfum þar vestra, mun sá læknir, sem í hans stað kemur, ekki hafa bústað í Bæ, heldur vestar, t. d. í Steingrímsfirði. Orsökin til þess að hinn núverandi læknir settist að í Reykhólasveit, var sú, að þá náði læknisdæmi hans yfir meira svæði í Barðastrandarsýslu; nú eru í hans læknishjeraði ekki nema tveir hreppar í þeirri sýslu, Reykhólasveit og Garpsdalshreppur; en vegna þess, hve langt hreppar nir fyrir sunnan Þingmannaheiði, Gufudalshreppur og Múlahreppur, eru frá sínum hjeraðslækni, leita menn úr þeim hreppum venjulega til læknisins í Bæ. Þegar læknirinn flytur bústað, má telja, að þessir hreppar verði því nær læknislausir, og eina ráðið til að bæta úr þeim vandræðum er, að þeir hafi lækni saman með Eyjahrepp. En nú hefir h. nefnd lagt á móti lækni á þessum stað, og þá mun mjer ekki vera til mikils að mæla með honum.

Mjer finnst annars upphreppar Arnessýslu ekki hafa eins mikla þörf á nýjum lækni eins og þessir hreppar vestra. Vitaskuld er upphluti Árnessýslu mjög tjölmennur. En meðan læknirinn í Árnessýslu er búsettur í Laugardælum, þá eru ekki jafn miklir erfiðleikar að ná til hans sem víða annarstaðar eru á því að ná í lækni. Ef læknar væru tveir í Árnessýslu, þá ætti annar þeirra að búa á Eyrarbakka, en hinn fyrir ofan Hvítá; en það fyrirkomulag, sem nefndin fer fram, er miður heppilegt. Jeg játa, að mikil þörf sje á nýjum lækni í Grunnavíkur og Sljettu hreppum, og skal jeg verða manna síðastur til að mæla móti honum.

Þá hafði jeg eins og h. framsögum. (J. J.) gat um skrifað h. fjárlaganefnd, og farið þess á leit við hana, að hún gjörði þá breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið, að veittar væru 2000 kr. árlega Birni Ólafssyni aukalækni á Skipaskaga, til þess að setjast að sem augnlæknir í Reykjavík. H. nefnd tók þetta ekki til greina, og því hef jeg komið með breyt.till. er fer fram á hið sama. H. nefnd hefir haft undir höndum ýms skjöl, er sýna, hve æskilegt það væri, að læknir þessi settist að í Reykjavík. Eins og menn vita, hefur hann mikla aðsókn, og í sumar hafa t. d. margir komið með póstskipunum til þess að leita hjálpar hjá honum, og vjer vitum líka, að hann hefir hjálpað mörgum.

Það mælir ekki það að eins með því að hann setjist að í Reykjavík, eins og h. framsögum. (J. J.) gat um, að hægra er fyrir sjúklinga að koma sjer þar fyrir en á Skipaskaganum; en hann hefur sjálfur skýrt frá því, að hann getur þar ekki veitt sjúklingum eins mikla hjálp og í Reykjavík; það eru ýmsar operationir, sem hann getur ekki framkvæmt einn, heldur þarf hann læknisaðstoð til þess; þessa aðstoð getur hann fengið hjer í Reykjavík, en ekki á Skipaskaga. Afleiðingin af þessu hefur orðið sú, að sjúklingar hafa orðið að hverfa frá honum, sem hann mundi hafa getað hjálpað, ef hann hefði haft lækni sjer til aðstoðar við hendina; er það sorglegt, að menn fyrir þessar sakir verði að útilokast frá því að fá meinabót hjá honum. Líka verður að taka tillit til þess, að hann hefur sem aukalæknir skyldum að gegna gagnvart hjeraðsbúum sínum, og verður til að rækja þær einatt að vera í ferðalögum, og getur hann fyrir þá sök ekki jafnan stundað sjúklinga sína sem skyldi, eða eins vel eins og hann gæti, ef hann væri ekki bundinn öðrum læknisstörfum. Jeg verð því að leggja mjög með, að þessum lækni sje gjört mögulegt, að setjast að í Reykjavík. Að jeg hef stungið upp á 2000 kr. launum handa honum, er beinlínis eptir bænarskrá hans sjálfs. Hvort hann muni gjöra sig ánægðan með 1500 krónur, eins og h. framsögum. (J. J.) minntist á, veit jeg ekki. Ef h. deild vildi halda því fram að veita honum að eins þá upphæð, þá mætti koma með breyt.till. til 3. umr. um það, þótt tillaga mín sje samþykkt nú eins og hún liggur fyrir; það má vera, að h. deild hafi þá getað fengið upplýsingar um, hvort læknir þessi muni ganga að því að setjast að hjer í Reykjavík, þótt hann fái ekki nema 1500 kr. árslaun. Annars held jeg, að þegar um mann er að ræða, sem gjöri eins mikið gagn og samdóma álit manna er, að Björn læknir Ólafsson gjöri, þá sje jeg ekki horfandi í 500 kr. til að tryggja sjer, að hann geti orðið að sem beztu liði.

Viðvíkjandi staflið A í 12. grein, hefur nefndin ekki stungið upp á neinum breytingum frá stjórnarfrumv., en að eins bent á nokkur atriði, er henni finnst ástæða til, að póststjórnin taki til greina, og mun svo verða gjört, enda álít jeg ekkert því til fyrirstöðu, að tekið sje tillit til þeirra þriggja atriða, er nefndin heldur fram. Jeg skal að eins taka það fram, að sú upphæð, sem ætluð var til póstflutninganna 1892 og 1893, byggðist á breytingum þeim, sem gjörðar voru á póstferðunum 1891, en að þessar breytingar komu ekki til framkvæmdar fyr en einn fjórðungur var liðinn af árinu 1892. Það er því ekki fullkomlega að marka kostnaðinn við póstflutningana 1892, þar sem fyrsta fjórðung ársins var farið eptir eldri ferðaáætlun, og því má engum koma það á óvart, þótt útgjöldin til póst-

stjórnarinnar verði hærri 1893 en þau voru 1892. En þingið hefur hingað til verið fúst á að veita eptir á það sem nauðsynlega hefur orðið að fara fram yfir áætlun í þessari útgjaldagrein, svo að ekki er ástæða til að kvíða því, að það muni bregðast öðru vísi við, þótt þörf kunni að verða til að eyða meiru fje til póstmála en á er ætlað í fjárlögunum.

Jeg er þakklátur h. nefnd fyrir það, hve vel hún hefur tekið undir uppástungur stjórnarinnar um vegabætur. H. nefnd hefur ekki einungis fallizt á upphæðina, sem ætluð var til þeirra, heldur einnig að mestu leyti á athugasemdir stjórnarinnar um það, hvernig hún hugsaði sjer að fjenu skyldi varið. Nefndin hefur að eins gjört fáar athugasemdir viðvíkjandi þessu; þar á meðal segir hún, sem satt er, að vegurinn frá Reiðarfirði upp að Lagarfljóti sje ekki aðalpóstleið. Vitanlega mundi ekki hafa verið lagt til að fje yrði varið til vegar þessa úr landssjóði, ef stjórnin hefði ekki hugsað, að líkindi væru til að hann yrði kominn á landssjóð, áður en til þess kæmi að vegagjörð færi þar fram. Í vegalagafrumv. sem var hjer fyrir þinginu 1891, var vegur þessi talinn ein af aðalflutningabrautunum, og eins mun vera í frumv. því, sem nú er til meðferðar í þinginu, og það var að eins svo framarlega sem vegafrumv. yrði að lögum, og vegur þessi yrði þar einn af vegum þeim, er landssjóður ætti að kosta, að stjórnin ætlaðist til að hann yrði lagður á kostnað landssjóðs. En af því vegur þessi er enn ekki orðinn landssjóðsvegur, þá er rjettara eins og h. fjárlaganefnd hefur lagt til, að verja fje því sem til hans átti að ganga, til vegarins frá Jökulsárbrú að Lagarfljóti. Nokkuð líkt stóð á með veginn að Hvítá í Borgarfirði; hann er nú að vísu aðalpóstpóstvegur, en mun eigi verða talinn með aðalflutningabrautum; og jeg er samdóma h. nefnd, að eigi sje rjett að gjöra akbrautir á póstvegum, nema þeir sjeu jafnframt flutningabrautir, en gjöra þá að eins svo, að þeir sjeu vel reiðfærir, og að flytja megi um þá ljettan flutning, enda hefur þeirri reglu hingað til verið fylgt, að leggja eigi akvegi annarsstaðar en þar, sem umferð og flutningar eru miklir, eins og hjeðan úr Reykjavík og austur á leið, um nokkurn hlut Húnavatnssýslu og vegspotta í Eyjafirði; en annarsstaðar hafa póstvegir að eins verið gjörðir vel færir fyrir lausríðandi menn og ljettan flutning.

Þá er að minnast á aðalpóstleiðina um Geiradal; það hefur lengi verið á prjónunum að gjöra við þann veg, en eptir núgildandi lögum hefir ekki mátt gjöra það öðruvísi en að gjöra þar akveg, en slík vegagjörð yrði mjög dýr, og umferð er þar ekki svo mikil, að rjett sje að kosta þar upp á akveg; komist sú breyting á vegalögin, sem nú er í ráði, þá mun þegar á næsta sumri verða byrjað á vegagjörð þar, og jeg hef þegar spurt mig fyrir hjá mönnum, sem þar búa og skyn bera á, hvað vegagjörðin muni kosta.

Við strandferðirnar hefur h. nefnd gjört talsverðar breytingar frá því sem var í stjórnarfrumv., og það mun sjálfsagt meining hennar, að ef 42. liður á atkvæðaskránni verður samþykktur, þá falli í burt stafliðirnir b—f í 11. gr. C. í stjórnarfrumv. og stafliðirnir g—h í uppástungum nefndarinnar, en tekinn upp aptur stafliðurinn a 2. og b. undir tölulið 42. á atkvæðaskránni.

Það væri sjálfsagt mikil framför, ef kæmust á strandferðir eins og gjört er ráð fyrir undir staflið 2, og nákvæmar

er útlistað á þingskjali 352, en þó virðast mjer tillögurnar eins og þær liggja nú fyrir ekki vera heppilegar; þær eru svo einskorðaðar, að það er engan veginn víst, að þær geti komið til framkvæmda, og þær eru ekki að eins einskorðaðar við eitt, heldur við margt.

Í fyrsta lagi eru þær einskorðaðar við Jónas J. Randulff; h. þm. Dalam. (J. P.) mun þekkja hann, en jeg þekki hann ekki. Það getur vel verið, að þessi maður hafi nóg ráð á gufuskipum til að halda uppi þessum strandferðum, en ef hans missti við, þá eru þær og fallnar niður, jafnvel þótt annar maður byðist til, að taka þær að sjer.

Í annan stað eru þær bundnar við eitt ákveðið skip, því að þó að það sje ekki beinlínis tekið fram í uppástungunum, hvaða skip hafa skuli í förum, þá er þar þó sett það skilyrði, að fylgt sje ferðaáætlun, er þingið semur; nú höfum vjer þessa áætlun á þingskjali 352 og er hún miðuð við gufuskipið Ernst. Þessu þyrfti að breyta og nefna ekki skipið á nafn, því að það væri hart, ef hætta yrði við ferðirnar, af því að Ernst einhverra orsaka vegna ekki gæti farið þær, þótt annað betra skip fengist í staðinn. Auk þessa finnast mjer skilyrðin ekki full-tryggileg; það er að eins haft að skilyrði, að farið sje eptir ferðaáætlun, sem þingið semur, og að útgjörðarmaður skipsins setji trygging fyrir því frá Stafangursdeild Noregsbanka, að annað gufuskip fáist til að halda áfram hinum ákveðnu ferðum, ef strandferðaskipinu kynni að hlekkjast á, jafnskjótt og fregnin um slysið berst til Stafangurs. En það getur verið ýmislegt annað slys, sem orsakar það, að skipið fullnægi ekki því, sem þingið ætlast til, að það fullnægi, og þá eru engin meðul móti þessum manni, þótt hann fylgi eigi ferðaáætlun þingsins. Það er einungis ef skipinu hlekkist á, að hann á að senda annað skip í staðinn, en þó það sýni sig undir eins við fyrstu eða aðra ferð, að hann geti ekki haldið ferðaáætluninni, þá er ekki hægt að koma fram neinni ábyrgð á hendur honum eptir uppástungu nefndarinnar.

Þá er það hálf-skrítið, að binda tryggínguna við Stafangursdeild Noregsbanka, en láta sjer eigi nægja, ef góð trygging fæst, hver sem hún er. Jeg verð að efast um, að þessi deild sje svo trygg, að eigi megi finna neitt verzlunarhús eða banka, er komist til jafns við hana. Að minnsta kosti verð jeg að álíta, að Noregsbanki sjálfur geti veitt eins góða trygging.

Yfir höfuð er það jafnan hæpið í fjárlögunum, að binda fjárveitingar við ákveðin nöfn, því að ákvæðum fjárlaganna verður að fylgja; út af þeim má ekki bregða. Hjer yrði því ómögulegt að selja strandferðirnar öðrum í hendur en J. Randulff, og annað skip mætti ekki taka til þeirra en Ernst, og eigi taka aðra trygging gilda en þá, er Stafangursdeild Noregsbanka veitti, ef athugasemdin yrði orðuð eins í fjárlögunum, eins og fjárlaganefndin nú hefir gengið frá henni.

Stjórnin mundi heimta, að skipið Ernst yrði skoðað af mönnum, sem vit hafa á, hvort það sje hæft til hinna fyrirhuguðu strandferða; jeg nefndi skipið Ernst, af því að um það er talað á ferðaáætluninni, en stjórnin mundi fara eins að við hvert annað skip, sem til strandferðanna væri ætlað, og því að eins taka það gilt, að það sje tryggilegt til ferðanna. Ákvæði um þetta þarf ekki að taka í fjárlögin, stjórnin mun gera það ótilkvödd, en eins mundi óhætt að trúa henni fyrir að hún heimtaði næga trygging fyrir að strandferðirnar gætu farið í lagi.

Viðvíkjandi hinum ýmsu nýju við-

aukatillögum frá h. nefnd, þá hefir h. framsm. (J. J.) skýrt frá skoðun nefndarinnar á þeim, og hef jeg þar litlu við að bæta. Þó skal jeg geta þess, að jeg álít sjerstaklega þau tvö fyrirtæki, að brúa Hjeraðsvötnin, og bryggjubygging á Blönduós, einkar-þarfleg, og vert fyrir landssjóð að styrkja þau, og það því fremur, sem sýslufjelögin sjálf vilja leggja svo mikið í sölurnar, til þess að koma þeim á fót.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla mjer ekki að vera margorður um breyt. till. h. fjárlaganefndarinnar; en úr því að jeg tek til máls á annað borð, þá skal jeg geta þess, að jeg mun ekki greiða atkvæði með þeirri breyt.till. nefndarinnar, að stofnað sje aukalæknisdæmi í Árnessýslu. Það er víða meiri ástæða til þess, því þó sýslan sje fjölmenn, þá er vegalengdin ekki meiri en svo, að það er ekki meira en 7—8 tíma ferð til læknis þaðan, sem lengst er, og ekki yfir ýkjastór vatnsföll að sækja, svo ekki er hægt að bera Árnessýslu saman við mörg önnur hjeruð landsins hvað það snertir. Jeg er ekki eins kunnugur hinu öðru læknishjeraði, þar sem í ráði er að stofna aukalæknishjerað, í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum; þar munu vera talsverðir örðugleikar á að ná til læknis, en það er víst ekki stórt hjerað, svo að slík afskekkt hjeruð munu víða eins stór á landinu, t. d. í Skaptafellssýslu, þar sem eru sumstaðar 2—2½ dagleið til næsta læknis.

Jeg mun hiklaust greiða atkv. með hinum nýja tölul. 3. í 11. gr., styrknum til Björns læknis Ólafssonar. Jeg get hætt því við, að jeg hefi heyrt marga hjer á Suðurlandi telja það mjög æskilegt, að þessi maður flytti til Reykjavíkur, og jeg held, að þótt mönnum sje yfir höfuð illa við auknar fjárveitingar, þá vildu menn þó, að þetta kæmist á, því þá gætu menn betur notað þenna lækni, og hann á miklu betra með að starfa hjer, og það gæti einnig verið þýðingarmikið fyrir starfsemi hans, að hann væri búsettur hjer.

Framsögumaður fjárlaganefndarinnar tók það fram, að hann gæti ekki aðhyllzt breyt.till. mínar við breyt.till. nefndarinnar, 13. og 15. lið (á þingskj. 261), að því er snertir skilyrðin fyrir fjárveitingunum til brúarinnar á Hjeraðsvötnin og bryggjunnar á Blönduósi, og sagði að þau yrðu til að tefja fyrir verkinu og framkvæmd þess. Jeg get eigi sjeð, að þetta þurfi að verða afleiðing af þessum skilyrðum, og tilgangur minn var eigi að hepta þessi fyrirtæki, en mjer þótti skilyrði fjárlaganefndarinnar óljós og ónóg. Hjer er eigi að ræða um þau verk, er stjórnin lætur beinlínis vinna á landssjóðsins kostnað; það eru hin einstöku sýslufjelög, sem veitt er fje úr landssjóði til þeirra fyrirtækja, sem hjeraðsbúar eða sýslunefndir láta framkvæma, eptirlitslaust af hálfu stjórnarinnar, og má ekki bera þetta saman við þau fyrirtæki, er landssjóður kostar eingöngu, og stjórnin því hefir allt eptirlit með. Þar sem líkt stendur á og hjer, þá er styrkurinn venjulega ekki útborgaður fyr en að afloknu verki; t. d. þegar sýslunefndir láta gera vegabót á aðalpóstleið og leggja fram nokkurn hluta kostnaðarins úr sýslusjóði, en fá hinn hlutann úr landssjóði, þá er fjeð ekki útborgað fyr en sannað hefir verið með úttekt, að vegurinn sje löglega og vel af hendi leystur.

Auk þess skal jeg benda á, að eptir því sem mjer virtist jeg geta skilið á orðun hins h. framsögumanns, þá er þessi brú á Hjeraðsvötnunum ekki á aðalpóstleið. Um bryggjugerðina á Blönduósi er hið sama að segja. Jeg get ekki sjeð, að hjer sje nein sjerstök ástæða til, að víkja frá fastri venju,

hvað skilyrðin fyrir fjárveitingunni snertir.

Jeg geri ekki ráð fyrir, að hlutaðeigandi hjeraðastjórnir ráðist í slík stórfyrirtæki, fyr en gerðar hafa verið nákvæmar áætlanir af verkfróðum mönnum um, hvað þau myndu kosta; að öðrum kosti væri það ekki með ráði gert; slíkri áætlun mundi nauðsynlega þurfa af fylgja teikning yfir verkið, sem á að gera. Ef nú hlutaðeigendur búa verkið þannig undir, og geta sýnt stjórninni og sannað, bæði að verkið sje framkvæmanlegt, og að það muni verða lokið við það, þá er enginn efi á, að stjórnin borgar út nokkuð af fjenu, meðan á verkinu stendur, ef nauðsyn krefur, svo sem 1/3 eða helming, þó að skilyrðin sjeu sett þannig, og þó svo þetta ekki fengist, þá mundi stjórnin aldrei neita um lán til bráðabirgðar, þar sem þannig stæði á. Jeg get því ekki sjeð, að þetta tefji fyrir verkinu, eða geri torvelt að framkvæma það. En hins vegar verð jeg að telja það nauðsynlegt, að þessi skilyrði standi í fjárlögunum, og jeg get því ekki sjeð neina ástæðu til fyrir fjárlaganefndina að mæla móti því, að þessi skilyrði sjeu sett.

Ef mönnum lízt svo, sem skilyrðin að einhverju leyti sjeu of stranglega orðuð í tillögu minni, þá má laga það til 3. umr.

Þá er að minnast nokkrum orðum á styrkinn til gufubátsferða á Lagarfljótsós. Jeg vil að fyrir þeirri styrkveiting sje sett hinn sömu skilyrði og fyrir styrkveitingu til annara gufubátsferða, nefnil. að sýslufjelögin leggi til 1/4 af fjenu, en landssjóður 3/4. Jeg vona að nefndin fallist því fremur á þessi skilyrði, sem líkur eru til, að kostnaðurinn við fyrirtækið fari langt fram úr 7,500 krónum alls.

Þá vildi jeg minnast nokkuð á þær breyt.till., sem snerta styrkinn til gufubátsferða með fram suðurströnd landsins austur að Vík og til Vestmannaeyja. Nefndin hefir farið fram á, að hann væri felldur burt. Breyt.till. eru tvær, önnur við frumv. sjálft, hin við breyt.till. nefndarinnar. Jeg gjöri ráð fyrir, að hin síðarnefnda verði fyr borin undir atkvæði, og verði hún samþ., þá er hin að sjálfsögðu fallin.

Það er eitt nýtt atriði, sem báðar þessar tillögur hafa sameiginlegt, það nefnilega, að styrknum megi skipta í tvo hluti, og líka það, að styrkinn eða hluta af honum megi sameina við styrkinn til Faxaflóabátsins. Jeg skal benda til þess, að einmitt í vor varð það gufubátsferðunum að nokkru leyti að tjóni, að slíka heimild vantaði í hin gildandi fjárlög. Vitanlega má eins, ef það þykir betra, nota styrkinn þrátt fyrir þetta í einu lagi eða til sama báts. Móti þessari athugasemd hefi jeg engin mótmæli heyrt og gjöri þá ráð fyrir, að hún verði samþ., ef styrkurinn á annað borð verður samþykktur.

Nefndin vill fella burtu styrkinn til gufubátsferðanna með suðurströnd landsins, en setja í staðinn þetta gufuskip, sem hún ætlast til að haldi uppi hringferðum kringum land allt. En þessar hringferðir með föstum viðkomustöðum og einskorðuðum viðkomudögum geta ekki gert annað eins gagn fyrir suðausturströnd landsins, eins og gufubátarnir. Þær geta að eins gert dálítið gagn í Vestmannaeyjum.

Jeg skal ekki tala mikið um, hvernig Randúlff skipstjóri stendur að vígi með það, að taka að sjer þessar hringferðir. Þær upplýsingar um þetta, sem nú liggja fyrir, eru allsendis ónógar, og ekkert á þeim að byggja, og það má telja fullan vafa á því, að þetta komi til framkvæmda, þó svo að fjeð verði veitt.

En færi nú svo, að hringferðirnar kæmust ekki á og gufubátsstyrkur væri felldur burtu, þá er jeg hræddur, að mönnum þætti illa að verið. Nokkur partur af hjeruðunum, sem liggja með þessari strönd, getur alls engin not haft af hringferðunum, þó svo að þær kæmust á, svo sem Rangárvallasýsla, og hinir partarnir, t. d. Vestur-Skaptafellssýsla, hefðu mjög lítið gagn af þeim, en aptur á móti gætu menn í þessum hjeruðum haft góð not af gufubátum. Jeg vona því, að þm. íhugi þetta betur og samþykki breytingartillögu mína um, að þessi styrkur til gufubátsferðanna haldist.

Jeg skal taka það fram viðvíkjandi viðaukatillögu þm. Dal. (J. P.) um fjárveitingu til uppmælingar Hvammsfjarðar, að þó jeg sje málinu hlynntur, þá er upphæðin svo stórvaxin, að jeg treysti mjer ekki til að greiða atkvæði með henni, enda get jeg ekki öðru trúað en það mætti gera, án þess að það kostnaði 10,000 krónur.

Jeg skal ekki fara mörgum orðum um aðaltillögu nefndarinnar, við 12. gr. C. a., en það er dálítið óviðkunnanlegt, að styrkja tvö gufuskipafjelög á sömu brautum. En jeg skal ekki mæla á móti henni að sinni, en láta það bíða 3. umr.

Ef svo fer, að Randúlff ekki uppfyllir skilyrði þau, sem honum eru sett, þá er nokkur trygging fengin með þessu fyrir því, að strandferðum verði þó að einhverju leyti haldið uppi.

12. gr. C. a. 2. ætti helzt að laga til 3. umr., svo að skilyrðin sje eigi eins bundin við ákveðin nöfn eða skip.

Ólafur Briem: Viðvíkjandi breyt.till. h. þm. V.-Skapt. (G. G.), um skilyrðin fyrir fjárveitingunni til brúargjörðar á Hjeraðsvötnin og bryggjugjörðar á Blönduósi, vil jeg taka það fram, að jeg get ekki verið henni samþykkur. Jeg er hræddur um, að hún verði til að tefja fyrir framkvæmd þessara stórvirkja, ef hún nær fram að ganga. Eins og menn sjá er það tvennt, sem tillagan fer fram á: fyrst og fremst, að fjeð verði ekki útborgað fyrr en verkinu eru lokið, og í öðru lagi að það verði skoðað af verkfræðingi.

H. þm. V.-Skapt. (G. G.) var að bera þessi fyrirtæki saman við vegabætur og sagði, að til þeirra væri ekki borgað út fjeð fyr en verkinu væri lokið. En hjer er nokkuð öðru máli að gegna. Til þess að geta byrjað á umræddum fyrirtækjum þarf að hafa allmikið fje fyrir hendi til innkaupa á efnivið o. fl. og fyrir því er það mikill hægðarauki fyrir hlutaðeigandi sýslufjelög, að geta fengið nokkuð af fjenu fyrirfram til bráðabirgða til að byrja á verkinu. Það er líka hæpið að það svari kostnaði, að setja það sem skilyrði, að verkfræðingur dæmi um verkið á eptir, því að sýslufjelögin hafa ekki ráð á að fá verkfræðing frá útlöndum, en verkfræðingur sá, sem vjer nú höfum, hefir við öðru að snúast. Jeg get heldur ekki sjeð, að þörf sje á skoðunargjörð verkfræðings, að því er brúna á Hjeraðsvötnum snertir. Í Skagafirði er einmitt maður, sem þekkir vel til brúargerðar. Það er Einar bóndi á Hraunum. Hann er hinn mesti hugvits- og hagleiksmaður og hefir gott vit og gott lag á öllu, sem þar að lýtur, enda hefir hann sjerstaklega kynnt sjer brúarbyggingar í Norvegi, og talsvert fengizt við brúarsmíði hjer á landi, bæði í Skagafirði og víðar. Hann var til dæmis fenginn til að byggja brúna við Barnafoss á Hvítá í Borgarfirði. Það er því maður, sem reynsla er fengin fyrir, að sje hæfur til þess starfa. Hann hefir og tekið upp nýtt lag á brúarbyggingu, sem sje hina svo nefndu sperrubygging, er hefir þann mikla

kost, að yfirbyggingin er látin bera þunga brúarinnar.

Jeg get því ekki fundið, að skilyrði þau, sem h. þm. V.-Skapt. (G. G.) vill setja, sje nauðsynleg til að tryggja það, að verkið sje vel af hendi leyst, og vona, að h. deild láti sjer nægja það skilyrði, sem fjárlaganefndin hefir lagt til að sett sje fyrir þessari fjárveitingu.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg þarf að fara nokkrum orðum um beiðni Árnesinga um aukalæknisdæmi í Árnessýslu. Jeg er þakklátur h. fjárlaganefnd fyrir undirtektirnar í því máli; jeg held, að það sje eins mikil þörf á aukalækni þar eins og annarsstaðar, t. d. í Eyjahreppi. Það er ekki að eins á það að líta, hvað plássið er stórt, heldur einnig hvað það er fjölmennt, en hjer fer það saman, að bæði er víðlendi og fjölmenni.

H. þm. V.-Skapt. (G. G.) kvaðst ekki geta greitt atkvæði með því af þeim ástæðum, að plássið væri svo lítið, að ekki væri nema 7—8 tíma ferð til læknis þaðan sem lengst er. En þetta er ekki rjett. Það verður ekki farið á minna en 10—12 tímum t. d. efst úr Hreppunum, Grímsnesi og Þingvallasveit, eins og sjálfum þm. V.-S. (G. G.) er kunnugt, því vegir eru víða slæmir og yfir stórvötn að sækja, því þó Ölfusárbúin sje, geta ekki allir haft not af henni, sem yfir þá á þurfa að fara, sjerstaklega úr ofanverðri sýslunni. Það eru að eins Þingvellingar úr utananverðum hreppnum, með því að fara suður Grafning og fyrir austan Ingólfsfjall og svo austur yfir Ölfusá á brúnni. Það eru líka mörg fleiri stór vatnsföll í hjeraðinu og það einkum efri hlutanum, eins og h. þingdm. mun vera kunnugt. Þar eru t. d. Brúará og Fljótið og Stóra-Laxá, og Hvítá, allt þangað til að Sogið fellur í hana, og ef að vitja þarf læknis úr Grímsnesi, þarf að fara yfir Hvítá eða Sogið, fyrir utan fjölda af smá-ám, og geta þær opt orðið ófærar í vatnavöxtum á vetrum. Þá er líka á hitt að líta, að þetta er eitt mannflesta hjerað á landinu, hjer um bil $6^1/_2$ þús. manns; það gerir mikið »útslag«, þegar málið er skoðað rjett og skynsamlega frá hagfræðislegri hlið, því eptir því sem mannfjöldinn er meiri, eptir því eru sjúkdómstilfellin fleiri, fleiri slys, og fleiri erfiðar fæðingar.

Af þessu leiðir, að læknirinn í Árnessýslu er sjaldan heima. Hann hefir sjálfur sagt mjer, að hann væri stundum ekki heima nema 1—2 daga í mánuði. Þetta er ekki þægilegt, ef maður kemur t. d. ofan úr Þingvallasveit, þá er læknirinn kannske uppi í Hreppum, og þegar Grímsness- og Biskupstungnamenn koma að vitja hans, er hann ef vill úti í Ölfusi eða Selvogi, og þá verða mennirnir að bíða svo og svo lengi eða leita hann uppi hingað og þangað. Þetta kemur að sjálfsögðu sjaldnar fyrir þar sem mannfærra er. Engar líkur eru til þess, að læknir sá, sem nú er þar í embætti, sje fáanlegur til þess, að skipta um bústað; hann hefir keypt jörðina, sem hann býr á, byggt þar vandað timburhús og búið að öðru leyti vel um sig. — Jeg vonast til, að engum blandist hugur um það, að það sje einmitt mannfjöldinn í Árnessýslu, sem mæli með því, að aukalæknisembætti sje stofnað í þessu hjeraði.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) tók fram, að gufuskip gæti ekki orðið að tilætluðum notum við suðurströnd landsins, nema í Vestmannaeyjum, og er jeg honum samdóma í því efni. — Það eru að eins gufubátarnir, sem geta komið þar að notum. — Gufuskip með föstum áætlunum mega ekki bíða, en gufubátur

getur fremur beðið, sem að eins á að fullnægja flutningum á litlu svæði, enda þótt hann hafi líka ákveðna ferðaáætlun. Jeg get því engan veginn verið samdóma því, að styrknum til gufubátsferða austanfjalls sje sleppt, þar sem þessi hjeruð geta ekki haft nein not af gufuskipaflutningum.

Hvað meðmæli hæstv. landsh. um styrk til augnalæknis Björns Ólafssonar snertir, til þess að hann geti sezt að hjer í Reykjavík, þá hafa bæði hæstv. landshöfðingi og h. þm. V. Skaptf. (G. G.) tekið fram flestar af þeim ástæðum, sem með því mæla, og er jeg þeim samdóma um það atriði; hjer er miklu hægra að ná í lækni þennan en þar sem hann er nú, fyrir þá, sem leita hans víðsvegar af landinu. — Hvað laun hans snertir, ætti hann að setjast hjer að, þá er ekki víst, að það þurfi að vera meira en vanaleg hjeraðslæknislaun, þó þess sje gætt, að dýrara er að lifa hjer í Reykjavík heldur en út um landið; en læknar út um landið hafa aptur á móti ýmsan aukakostnað, sem læknar hjer eru lausir við; þeir verða að lána eða gefa meðul handa fátæklingum, taka stöðugt á móti gestum og halda sjúklinga, sem leita þeirra, en við það geta læknar verið lausir hjer í Reykjavík. — Þess er líka að gæta, að út um landið er örðugt að koma fyrir sjúklingum, en það er aptur á móti hægt hjer í Reykjavík, og ef augnalæknirinn væri búsettur hjer í Reykjavík, þá yrði honum hægra fyrir um allar lækningar, og hann gæti fremur út breitt frá sjer þekkingu á þessum lækningum. Jeg ímynda mjer því, að það mundi nægja minni laun handa honum en 2000 krónur, til að mynda 1500 kr.; en hvað sem launin verða, þá verð jeg að mæla með því, að það nái fram að ganga, að læknir þessi setjist að hjer í Reykjavík.

Halldór Kr. Friðriksson: Viðvíkjandi tillögu nefndarinnar um að fella burtu stafl. 1 í 11. gr., þá vona jeg, að hún hugsi sig vel um áður en hún gjörir það. Jeg skal játa það, að það er víða þörf á lækni, en jeg ætla hvergi eins mikla þörf á honum eins og þar, hvort heldur litið er til eyjanna eða til nesjanna í Gufudalshreppi og Múlasveit, því þaðan er víst 6—7 vikur sjávar til Stykkishólms, og í það minnsta 4—5 vikur til hins læknisins. Það getur þar að auki opt komið fyrir, að það sje alls eigi auðið, að komast til Stykkishólms eða Brjánslækjar. Þetta hjerað er eigi gott að sje læknislaust. Menn þaðan hafa reynt að ná í lækni, bæði suður í Stykkishólm og svo í þann, sem skipaður er í Barðastrandarsýslunni, en stundum hefir hvorugt heppnazt, svo sjúklingarnir hafa stundum mátt deyja sökum þess ekki hefir náðzt í lækni. Það er öldungis ófært að útiloka heila sveit frá læknishjálp, og ef þessar sveitir eru ekki útilokaðar, þá veit jeg ekki, hverjar það eru. Jeg þekki þar vel til og er þar mjög kunnugur frá fornu fari, og mig furðar á því, að nokkur, sem þekkir til þar vestra, skuli mæla á móti, að þar verði skipaður aukalæknir.

Sama er að segja um Grunnavíkur og Sljettu hreppa. Þeir eru með öllu læknislausir, og þurfa sannarlega læknis við. Jeg skal sannarlega eigi mæla á móti því, að Árnesingar fái annan lækni til, en ef um það tvennt er að ræða, að annaðhvort þessir hreppar yrði að sitja á hakanum eða Árnessýsla, þá yrði jeg að mæla fram með því, að Árnessýsla sitji á hakanum. Það getur verið nauðsyn á lækni í ofanverðri Árnessýslu, en það er þó allt öðru máli að gegna en á hinum tveimur stöðunum. Í Árnessýslu geta þeir þó farið landveg til læknisins, og geta náð í hann,

en í Eyjahreppi er mönnum það opt fyrirmunað með öllu. Það eru fleiri sýslur en Árnessýsla, sem þyrftu aukalæknis með, t. d. Húnavatnssýsla. Það er mjög langur vegur utan af Skaga og til læknis þar. Jeg ætla þess vegna, ef ástæða er til að fella nokkra af þessum læknum, þá sje það Árnessýsla. Jeg tel lækni vera nauðsynlegan á öllum hinum stöðunum. Því þó Grunnavíkur og Sljettu hreppar sjeu fámennir, þá er þar mjög erfitt að ná í læknishjálp. Í Grunnavík eru 3—4 vikur sjávar til læknis, og í Sljettuhreppi er þar að auki yfir fjallveg að sækja til hans, og þeir eru opt á vetrum úti lokaðir frá allri læknishjálp. Jeg, sem kunnugur maður, get ekki annað en mælt hið bezta með því, að þessir hreppar fái einnig lækni. Jeg skal ekki segja beinlínis, hvað langt er úr upphreppum Árnessýslu til læknis, en jeg álít að það sje hæg reið á 12 tímum, jeg vil ekki segja, að þá sje riðin kerlingareið. — *(Þorlákur Guðmundsson:* Hefir þm. farið það?) Jeg hef farið frá Stóra-Núpi og suður að Laugardælum. (*Þorl. Guðm.:* Var þá læknir heima?) Já, hann var heima. Læknirinn í Húnavatnssýslu hefir jafnvel stærra umdæmi, og það kemur líka opt fyrir, að hann er ekki heima; það er mjög langt utan af Skaga og til hans, og jeg vil segja, að það sje lengri 12 tíma ferð en sú í Árnessýslu. Jeg verð að vona, að h. nefnd taki þennan lið í stj.frv, til greina, og ef eigi er unnt að samþykkja alla liðina, þá vona jeg að hún sleppi Árnessýslu. Viðvíkjandi Birni Ólafssyni, þá er það víst, að það mælir mikið með, að hann fái styrk þennan; en hvort hann geti kennt mikið, er mjög efasamt, sjer í lagi ef að læknaskólinn hjerna hverfur. Jeg fellst á till. hins h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) um það, að það er nauðsynlegt, að þingið heimti ábyrgð á því, að það sje vel gjört, sem þingið hefir veitt fje til, annaðhvort á þann hátt, sem hann benti á, eða þannig, að stjórnin láti mann, sem gott vit hefir á því sem gjöra á, sjá um, að það sje gjört eins og til er ætlazt.

Þá kemur því næst ferðaáætlun umhverfis landið. Hún getur ef til vill verið nógu góð, en hún er nokkuð stórgerð. Viðkomustaðirnir eru óþarflega þjettir, svo að nálega er farið inn á hverja vík og vog. Það er t. d. 21. marz, að skipið á að koma að Ögri; en því var það ekki látið koma við í Vigur, þar sem presturinn situr? H. nefnd hefir ekki gáð að því, að það er vanvirða að fara fram hjá prestinum, þegar hann er rjett í leiðinni, einkum nú ef 21. marz skyldi vera sunnudagur. Væri ekki bezt að láta það líka koma við á öllum kirkjustöðum? En jeg skil eigi, hvað þessi marzferð á að þýða. Á þeim tíma ársins er engir flutningar. (*Sk. Th.:* Jú). Það hefir þá orðið nýlega; líklega síðan þingm. fór að vestan. Um þetta leyti getur líka verið, að Ísafjarðardjúp sje allt ísi lagt, svo ganga megi um það allt. Jeg veit heldur ekki, hvað á að flytja, eða hvað er til að flytja þá. Ef flytja á sjómenn, sem fara í verið út í Bolungarvík, þá er líklegt, að þess gerist engin þörf, því að þeir þurfa að fara með skip sín þangað, og á þeim flytja þeir um leið farangur sinn, nema ef ætlazt er til, að skip þetta dragi á eptir sjer sex- og áttæringana, sem Ísfirðingar róa í Bolungarvík, en til þess væri þá eins heppilegur gufubátur. Yfir höfuð sýnist mjer óþarfi að hafa 2 skip, annað milli landa og hitt til strandferða. Jeg álít nóg, að sama skipið fari strandferðirnar, þegar það er ekki að fara landa á milli, og þar að auki sýnist mjer nógu snemmt, að strandferðirnar

byrji í maí. Það yrði eins haganlegt og miklu ódýrara, ef það kæmi á hentugum tíma, og ef til vill á nokkru fleiri staði en nú. Þegar litið er á áætlunina, þá sjest, að þetta skip á að koma nálega á hverja vík og vog, og þess gerist engin þörf. Skyldi h. nefnd ekki vilja íhuga það, hvort ekki mætti breyta því í þá átt, að þetta yrði haganlegra og kostnaðarminna. Jeg get ekki sjeð annað en að allir gufubátar yrðu óþarfir, ef gufuskip á að fara svona opt kringum landið, eins og nefndin hefir tekið fram. Það hefir verið kvartað yfir því, að suðurströndin hafi lítið gagn af gufuskipaferðunum, og það er satt. Jeg held að Rangárvallasýsla hafi engin not af þeim. Hið eina gagn sem hún getur af gufuskipi haft, er það, að það væri gufubátur, sem gengi milli Eyrarbakka, Vestmannaeyja og Víkur; notin yrðu engin nema í einmunagóðu veðri, og þá mundi það verða haganlegast, að hann hefði stöðvar í Vestmannaeyjum og færi þaðan til Víkur. En að einskorða skip, sem fer með suðurströndinni, við tiltekna ferðaáætlun, er mjög óheppilegt, því þar verður hvergi lagt að landi nema í góðu veðri.

Viðvíkjandi bryggjugerðinni á Blöndós, þá hef jeg ekkert á móti því, að fje sje veitt til þess, ef það er bundið því skilyrði, eins og h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) tók fram, að trygging sje sett fyrir því, að þetta verði að notum. Þó jeg hafi komið á Blönduós, þá er jeg ekki vel kunnugur þessum skerjum og flúðum; en mjer skilst, að tilætlunin með bryggjugjörðinni sje sú, að flytja Blönduós norður fyrir Blöndu. Eins er með styrkinn til brúargjörðar á Lagarfljóti, að það er rjett, að þingið láti setja einhverja tryggingu fyrir verkinu.

Jeg ætla ekki að tala meira um þetta, en jeg skal taka það fram, að jeg vona, að h. deild felli ekki staflið i.

Jens Pálsson: Jeg vildi fyrst minnast nokkuð á viðaukatill. mína á þingskj. 325 um uppmælingu á innsiglingu á Hvammsfjörð. Þetta nauðsynjamál er 7 ára gamalt hjer á þingi; hefir það á fyrirfarandi þingum verið fram borið af alþingis hálfu í þingsályktunarformi; hefir þingið þannig sent stjórninni ítrekaðar áskoranir um, að fá fjörðinn mældan upp. Heima í hjeraði hefir það vitanlega verið rætt og íhugað um miklu lengri tíma með brennandi áhuga.

Fjörður þessi liggur svo vel, að af 8 hreppum sýslunnar liggur hann að 6, en meðan hann er lokaður hafa þessir 6 hreppar erfiða aðdrætti, þar sem víðast hvar eru 2 lestaáfangar í kaupstað og mun lengra í fiskiver til skreiðaraðdrátta. H. stjórn hefir líka viðurkennt þörfina á þessari uppmælingu, með því að gera ráðstafanir til þess, að henni yrði framgengt. Nauðsynin til þessa er líka mjög brýn, ekki að eins fyrir þessa sýslu, heldur og Strandasýslu og allan vesturhluta norðurlands í hafísárum, því á Hvammsfjörð kemur aldrei hafís, og gætu því skip komið þar snemma á vorin, og flutt kornvöru og aðrar nauðsynjar, sem þangað mætti vel sækja úr Húnavatns- og Strandasýslu. Þessi fjörður er, svo jeg gefi stutta lýsingu af landslaginu, þeim til upplýsingar, sem ókunnugir eru þar vestra, stærsti fjörðurinn inn úr sjálfum Breiðafirði; gengur hann inn milli Snæfellsnessfjallgarðsins að sunnan og Klofningsins, sem svo er kallaður, að norðan, en í mynni fjarðarins liggur mikill eyjabálkur, svo fjörðurinn getur ekki orðið notaður fyrr en þar er mælt, en þegar inn er komið, er fjörðurinn sjálfur sem ein stór höfn; þar eru víða góðar lendingar, og þar kemur aldrei brim. Að mögulegt

sje að komast þar inn, sjest bezt af því, að hugmiklir skipstjórar hafa farið þangað inn. Þannig hefir komið 1 gufuskip og 2 seglskip með timbur, öll frá Noregi; gufuskipinu gekk mikið vel, en annað timburskipið strandaði á útsiglingunni, og síðan er ekki mögulegt að fá skip assúrerað þangað. Að skipaganga inn á fjörðinn hefði stórkostlega þýðingu fyrir sýslubúa, veit jeg, að jeg þarf varla að taka fram, nje lýsa því, hverjar framfarir gætu af þeim stafað. Að hjeraðsbúar eru dugnaðar- og framfaramenn, sjest á því, að þessir timburfarmar, sem þangað bárust, leiddu til þess, að tveir ungir og efnilegir bændur, bóndinn á Ketilsstöðum í Hörðudalshreppi og bóndinn á Ásgarði í Hvammssveit, hafa reist sjer snotur timburhús úr viðnum. Er þetta vottur þess, hver áhrif innsigling á fjörðinn mundi hafa á húsabyggingar í Dölum. Sem sagt, það mundi hafa hin stórkostlegustu áhrif á allar framfarir hjeraðsins, og að h. stjórn hafi fyllilega viðurkennt þetta, má af því sjá, að hún fór fram á, að herskipið, sem er hjer við land á sumrum, væri látið mæla innsiglinguna.

Um þetta hefir ráðgjafinn ritað landshöfðingja í brjefi sínu 14. marz 1892, er prentað er í Stjórnartíð. deildinni B. 16. Þessu brjefi fylgir skýrsla frá formanni sjókortasafnsins, þar sem hann segir, að samkvæmt þeim upplýsingum, sem hann hafi fengið, sje ekki gerandi að láta herskip mæla upp þessa leið, en leggur til, að önnur aðferð sje viðhöfð: sú, að láta sjóliðsforingja framkvæma það á smáum gufubátum; nú er vitanlega mjög mikið ómælt víða í hinu danska ríki, og þar eð þetta leit út fyrir að verða ófyrirsjeður kostnaðarauki, þá varð sú niðurstaðan, að láta þetta bíða betri tíða.

Þegar þessar fregnir bárust vestur, urðu Dalabúar, sem von var, mjög niðurslegnir af þessu, og álitu nú alla von úti. Sem þm. þeirra sneri jeg mjer snemma þings til hæstv. landshöfðingja með mál þetta, og mæltist til, að hann vildi bera þá spurning upp við foringja herskipsins, hvort eigi mætti framkvæma mælinguna á íslenzkum, opnum skipum; og hefir hann nú átt viðtal um þetta við yfirmanninn á herskipinu Díönu, sem nú er hjer við land; áleit hann, að mæla mætti á opnum bátum innlendum, og að á þann hátt mundi mælingin verða kostaðarminni. Það má eflaust byggja á þessu, þar eð ætlandi er, að þessir menn hafi bezt vit á, hvað þarf til slíkra starfa. Ennfremur hefir hæstv. landshöfðingi átt tal við Garde, skipstjóra á strandferðaskipinu Thyra. Hann er »premierlöjtenant« í sjóliðinu. Við hann hefi jeg einnig talað um mál þetta, og leitað álits hans um hinn líklega kostnað. — Það er þannig eptir áliti eða ágizkun fróðra manna um málið, að áætlun sú er samin um væntanlegan kostnað við uppmæling á Hvammsfirði, sem jeg hef leyft mjer að leggja fram fyrir h. þingdeild, og vona að h. þingm. hafi kynnt sjer. Áætlun þessi mun því varla fara mjög fjarri sanni, og engar líkur eru til þess, að vjer, sem ófróðir erum um slíka hluti, getum verið nærfærnari. Jeg hef því leyft mjer að fara fram á, að þessar áætlaðar 10,000 kr. verði veittar á fjárlögunum til uppmælingarinnar.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) þótti þessi upphæð nokkuð há, en hún er sannarlega ekki há, þegar tillit er tekið til þess stórmikla hagnaðar, sem að þessu gæti orðið, ekki að eins fyrir þetta eina hjerað, heldur fyrir allan vesturhluta norðurlands, og svo er hitt, að þetta er gert einu sinni fyrir allt; það þarf ekki að lappa við það ár eptir ár, eða

halda við þessari nýju sjóflutningabraut, sem með þessu, ef allt færi að vonum, fengist fyrir stórt hjerað.

Jeg vona að háttv. deild líti vinveittum augum á þetta mál og ástæður þær, sem teknar hafa verið fram, og sjái að hjer er um mjög áríðandi mál að ræða, einum parti landsins til framfara, en kostnaðurinn ekki fráfælandi nje ofvaxinn vorum kröptum, og fel jeg svo h. deild þetta atriði, og vona, að hún samþykki það.

Jeg ætla ekki að fara að tína upp alla hina einstöku liði og breytingartillögur við þá, en að eins dvelja við fjárframlögin til samgöngubóta, eptir að jeg með örfáum orðum hef minnzt á augnalækninn á Akranesi; jeg verð að vera með því, að hann sje fluttur til Reykjavíkur, því fyrst er það, að hann er afbragðsmaður í sinni list, og landsmenn hafa haft ómetandi gagn af að leita hans. Það er því siðferðisleg skylda að hjálpa og styðja að því, að hann geti gefið sem bezt tækifæri til þess að halda áfram sinni list, svo sjóndaprir og sjónlausir geti haft sem mest gagn af að leita hans.

Þá kem jeg að samgöngumálinu. Jeg hef svo opt þreytt huga minn á því, að hugsa um þetta mál, og svo opt hefir mjer hitnað um hjartaræturnar af löngun og innilegri þrá eptir að þetta mál gæti komist í gott horf, að jeg get nú ekki annað en verið h. stjórn innilega þakklátur fyrir þann mikla áhuga, sem virðist vera vaknaður hjá henni á þessu máli og sem jeg vil óska, að aldrei dofni. Sömuleiðis er jeg þakklátur h. fjárlaganefnd fyrir þá stefnu, sem hún hefir tekið í þessu áhugamáli lands og þjóðar, fyrir það að hún hefir fallizt á og haldið fram tillögum um stórmikla fjárveiting til vegabóta: til greiðari ferða og flutninga á landi, og til strandferða: til greiðari ferða og flutninga á sjó. Ef því yrði framgengt, sem hjer liggur fyrir frá nefndinni, þá er jeg sannfærður um, að það mundi hrinda landinu mjög áfram í mennta og framfara áttir; svo þýðingarmikil eru þessi atriði; og fáist þessar samgöngur á sjó, og geti orðið áframhald á þeim, þá verð jeg að segja, að út frá þeim mundi ganga svo mikill gleðiboðskapur inn í hjörtu þjóðarinnar, að menn mundu fyllast trausti til framtíðarinnar og ást til landsins; út frá þeim mundi ganga sú hrópandans rödd um eyland vort, sem kallaði menn til að leggja hönd á plóginn og yrkja betur og kappsamlegar hið grasfrjóva land og hina ávaxtasælu jörð, sú hrópandans rödd, sem einnig mundi kalla haffær skip með dugandi liði út á hið fiskauðuga haf og sýna og sanna í reynd, að land vort og sjór hefir auð, nógan, ríkulegan auð, handa öllum sínum börnum og miklu fleirum, aðeins að þau hafi krapt, dugnað og áræði til að færa sjer gæði þess í nyt; svo stórbættar samgöngur, sem ráðgerðar eru á frumv. þessu, eru — jeg dirfist að segja eru —, vænlegasta sporið, sem stigið verður til að leiða það í ljós, að land vort er í sjálfu sjer auðugt land, land, sem verðskuldar umhyggju og rækt af hálfu barna sinna.

Það er frá þessu sjónarmiði, að jeg vil lýsa yfir því, að jeg fagna, og fagna af hjarta, yfir því, að h. fjárlaganefnd vill styðja að því, að vjer fáum innlendar strandferðir, sem tengi saman hjeruðin, strandferðir, sem sjeu svo lagaðar, að kviknað geti innlend verzlun með vörur þær, er landið sjálft framleiðir. Þetta er hið stærsta velferðarmál landsins, og því ætti það að vera hið mesta áhugamál allra; það er ekki vegna ferðamanna einungis, að það er svo æskilegt og nauðsynlegt, að fá þann landsveg, sem guð hefir látið

náttúruna leggja umhverfis land vort og meðfram öllum byggðum þess, opnaðan landsbúum með strandferðum, hentugum og fullnægjandi strandferðum á sjónum.

Það er, segi jeg, ekki fyrir þá menn að eins, sem þurfa að bregða sjer snögga ferð fram og aptur, að strandferðirnar eru svo nauðsynlegar, heldur til þess að hin fjarlægu hjeruð landsins geti bætt hvort annað upp að vinnukröptum og afurðum.

Þegar slíkt skip er fengið, sem ekki þarf að fást við aðrar ferðir en strandferðirnar, þá eru samgöngurnar fyrst komnar í viðunanlegt horf. Þess vegna kom jeg á síðasta þingi með frumv. um að landið leigði skip, sem væri látið fara strandferðir á landssjóðs kostnað, en af því að h. landshöfðingi var allsendis ófús til að taka að sjer umsjón með slíkum ferðum, gat þeirri fyrirætlun ekki framgengt orðið; það lá þá heldur ekki fyrir neitt tilboð um slíkar strandferðir frá neinum. Það hefir aldrei fyrr en nú legið slíkt tilboð fyrir þinginu, enda sýnist það eigi óaðgengilegt, þar sem þinginu er í sjálfs vald sett, að semja ferðaáætlunina eptþví sem því þykir bezt henta; maðurinn, sem vill taka ferðirnar að sjer, áskilur að eins, að ferðaáætlunin verði að vera svo úr garði gjörð, að hún sje framkvæmanleg. Hann mætir hjer á staðnum eptir fáa daga og þá verður hægt að koma sjer saman við hann. Í annan stað álít jeg að það sje alveg rjett. að halda 18 þúsund kr. styrknum til sameinaða gufuskipafjelagsins, til þess að tryggja sjer þær ferðir, 5 ferðir fram og aptur eða 10 ferðir áfram umhverfis land, eins og þær voru farnar árið 1891, því það er mjög mikið varið í, að þær haldist áfram. Því hefir verið hreift, að þessu fjelagi væri ekki mikið gefandi til strandferða; það mundi halda þeim áfram hvort sem væri, og það væri heldur dýrt að kaupa 2 ferða aukning fyrir 18 þúsund krónur. En þetta er ekki rjett skoðað; það fæst miklu meir en 2 ferðir, því það fæst það, sem meir er um vert, og það er, að miða má ferðir hins innlenda strandferðaskips við ferðirnar til útlanda, og koma því þannig fyrir, að hvorar ferðirnar um sig bæti hinar upp; en það hefir mjög mikla þýðingu. Þannig má t. d. ferðast með öðru skipinu áleiðis, en heim með hinu, í stað þess að þurfa að bíða heila ferð yfir. Sömuleiðis má sjá svo um, að þeir sem þurfa að panta vörur frá útlöndum geta fengið þær hingað til landsins með skipi sameinaða gufuskipafjelagsins og síðan fluttar út um landið á hinar ýmsu hafnir með hinu skipinu. Þá var það, að h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) gat eigi skilið, hvað ætti að þýða að hafa ferð í marzmánuði; en til þess má svara hinu sama, að þeir sem hafa pantað vörur frá útlöndum, geta þá þegar fengið þær fluttar heim til sín.

Jeg verð því að mæla fast fram með því, að þessum 18 þúsund kr. styrk verði haldið, til að tryggja sjer ferðir fjelagsins.

Það var annars að heyra á ræðu h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.), að honum væri eigi ljóst, hve mikið flutningaþörfin hefir aukizt á síðustu 20—30 árum, og jeg get einkarvel skilið, að svo sje, þar eð hann hefir alls ekki átt kost á, að kynnast ástandinu út um landið á seinustu árum, en vjer, sem þessu erum kunnugir, vjer álítum það þörf, og langt frá að vera hættulegt að skipin fari svo tíðar ferðir og komi svo víða við. Sami h. þm. áleit það ástæðulítið, að skipið á leið sinni um Djúpið kæmi við í Ögri, og færi þaðan til Arngerðareyrar. Jeg skal gjarnan játa, að þessa var ekki bein þörf að geta í

sjálfri áætluninni; það hefði vitanlega verið alveg eins hægt að hafa það í neðanmálsgrein, að skipið meðan það dvelur á Ísafirði fari á þá staði við Djúpið, sem það hafi flutning til, en annars veit jeg ekki annað en þar á Djúpinu sje greið leið, og ímynda jeg mjer, að h. þm. viðurkenni þetta, því svo kunnugt ætti honum að vera við Djúpið.

Þá vil jeg minnast nokkuð á fram, boð það, er hjer liggur fyrir. Hæstv. landshöfðingi þekkir vitanlega ekki þennan mann, eins og heyra mátti af ræðu hans. Jeg þekki hann nokkuð af afspurn, en persónulega lítið, en jeg býst við að margir af h. þingdm. þekki hann, af því að hann hefir verið gufuskipskapteinn hjer við land í 13 ár, og þó að margir þm. hafi ekki sjeð hann fyrr en þessa dagana, þá er jeg sannfærður um, að bæði þeir og hæstv. landshöfðingi, sem án efa er kunnugur á Austfjörðum, hafa heyrt nafn hans þaðan og skips hans. Sem sagt, jeg er honum lítt kunnugur sjálfur, en sóknarfólk mitt margt þekkir hann, og ber honum bezta orð. Hann hefir í mörg ár verið kapteinn fyrir Otto Wathne og flutt kaupafólk bæði austur og að austan. En fyrir hálfu öðru ári síðan fór hann frá Wathne og fjekk sjer skip það, sem hann nú hefir, »Ernst,« og svo mikið er víst, að hann hefir verið Wathne mjög erfiður síðan, því fólkið flykkist að honum frá Wathne, eins og sýndi sig í vor þegar hann fór hjeðan austur; þá fór hálfu fleira með honum en Wathne. Að nefnt skip »Ernst« sje hentugt til flutninga má bezt ráða af því, að það hefir verið haft til fólksflutninga frá Stokkhólmi með Svíaströnd inn í Helsingjabotn í mörg ár; þar að auki, þá er það almannarómur, að þessi Jónas Randulff sje mjög ástsæll maður og það marga fólk úr mínu prestakalli, sem hann hefir flutt milli Austfjarða og Faxaflóa fyrirfarandi ár, ber honum þann vott, að hann vilji ætíð gjöra þeim sem hann flytur allt það til geðs, sem hann getur.

Hæstv. landsh. tók meðal annars fram um þetta mál, að trygginn væri nauðsynleg. Jeg skildi orð hans svo, að það yrði að fást trygging fyrir því, að ferðunum yrði haldið áfram, þótt Randulff fatlaðist frá eða dæi, og eins, að annað skip kæmi í stað þessa, ef því hlekktist á.

Úr þessu er bætt, ef hann gefur næga trygging. Setji hann næga ábyrgð, má ganga að henni, ef hann heldur ekki loforð sitt. Samningana má gjöra svo ljósa sem vill, því að maðurinn kemur bráðum aptur hingað til Reykjavíkur, en nú er hann staddur hjer í nágrenninu, að hlaða skip sitt. Út af orðalaginu á aths., eins og hún stendur hjer í frumv. við þennan fjárveitingarlið, vil jeg geta þess, að ef það þykir óviðkunnanlegt að miða við nafnið »Ernst«, þá má auðvitað breyta því, enda heppilegra, ef betra skip skyldi vera í boði. Um »Ernst« hefur mjer annars verið sagt, að skipið sje gott, og traust að öðru en yfirbyggingunni. Hún er úr trje og hefur frá upphafi verið of veik, enda er í ráði, að rífa hana, og byggja yfir skipið af nýju úr járni. En þegar sú uppbót er fengin, ætla jeg að skipið verði gott og gilt, og hentugt er það að stærð og farþegjarúmi. Það mætti einnig breyta ákvæðinu um tryggingarstaðinn og tiltaka »Noregs banka«, ef trygging þykir eigi fulltraust frá Stafangursdeild sama banka.

Hæstv. landsh. sagði, að skoða þyrfti skipið, til þess að fá trygging fyrir því, að það væri áreiðanlegt. En nokkur trygging í þessu efni hlýtur það að vera, að það hefur verið í ferðum hjer við Austur- og Norðurland, og það um

hávetur, og reyndist vel. Þar að auki hefur það skýrteini frá Stafangri sem fyrsta flokks skip, og annað skýrteini upp á farþegjarúm (Passager-certificat) frá opinberri nefnd þar í bænum, er um slíkt fjallar, og sýnir það skýrteini, að það hefur farþegjarúm fyrir meira en hálft annað hundrað farþegja, enda er það frá fyrstu ætlað til fólksflutninga; til slíkra flutninga hefur það og verið notað hjer við land síðastliðið ár engu síður en til vöruflutninga, og hefir mönnum fallið vel bæði við skipið og skipstjórann.

Hæstv. landshöfðingi gat þess, að skoða þyrfti skipið, og skoða jeg þá yfirlýsing sem vott um lofsverða varkárni. Slík skoðunargjörð þeirra sem vit hafa á er í tryggingaráttina. En það segi jeg, að sje sjálfsagt að opinber skoðun dómhæfra manna fari fram á þessu skipi, þá er og sjálfsagt, að láta skoða á sama hátt hvert það gufuskip og hvern þann bát, sem landssjóðsstyrks nýtur.

Út af breyt.till. h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) vildi jeg taka fram, að töluvert mikið virðist mæla með því, að suðurströndin geti haft sjerstakar ferðir. Að vísu verð jeg að ætla, að Vestur-Skaptafellssýsla hafi mikið gagn af þessum strandferðum »Ernsts«, ef þeim yrði hagað eptir þeirri ferðaáætlun sem vjer höfum hjer prentaða fyrir oss, að minnsta kosti um hásumarið, því um það leyti er örsjaldan brim í Vík. Rangæingar og Skaptfellingar hafa nú, síðan strandferðir hófust hjer, ekki sparað kvartanir um, að þeir væru afskiptir. Þessum kvörtunum hefur nú sannarlega verið sinnt; t. d. hefir þessi suðurströnd landsins 2 aðal-póstferðir á ári umfram aðra landshluta, og nú á þessu þingi hafa verið veittar 75,000 kr. Þjórsárbrúnni, til umbóta á samgöngum í þessum hjeruðum. (*Guðl. Guðm.*: Er það veitt Vestur-Skaptfellingum?). Þeir hafa hag af því, það þekki jeg, og svo eru þeim ætlaðar nokkrar ferðir á þessari strandferðaáætlun sem hjer liggur fyrir. En vera má, að hjer sannist hið fornkveðna: »mikið vill meira«, og víst er um það, að menn geta orðið of stórir upp á sig. Jeg vil ætla styrk til gufubáts, er suðurströndin og Faxaflói sameini sig um, og gæti þessi Faxaflóa- og suðurstrandarbátur farið tvær eða þrjár ferðir austur í júlí og ágúst. Bát þann, sem nú er hjer, höfum við hvort sem er ekki til áætlunar þann tímann. Á þessu svæði gætu 20—30 þúsund manna notað bátinn, og er sá mannfjöldi sjerstök ástæða fyrir því, að tilhlýðilegt sje að styrkja á þessu svæði bát, er tengt gæti þessi hjeruð saman.

Að öðru leyti er jeg samdóma háttv. fjárlaganefnd um, að stryka eigi út bátastyrkinn yfir höfuð, ef þessu boði Randulffs verður tekið.

Jeg hefi nú tekið fram hið helzta, um mál þetta, er mjer að þessu sinni hefur þótt tiltækilegt að minnast á. — Jeg hefði kosið, að tíminn hefði leyft mjer að taka fleiri atriði til umtals, einkum hefði mjer verið kært að gjöra tilraun til að sýna fram á, hve mikla, og í peningalegu tilliti mikilsverða hagsmuni hvert hjerað um sig mundi hafa af þessum fyrirætluðu strandferðum, en jeg hef sleppt þessu, að þessu sinni, af því að fundur er orðinn langur og dagur að kveldi kominn, — enda mun jeg þegar hafa talað nokkuð lengi, og ræða mín kann að þykja á sumum stöðum, — sem menn segja — nokkuð heit. — En gagnvart þessu hef jeg þá afsökun fram að bera fyrir h. deild, að mjer er það mjög mikið áhugamál, að samgöngur Íslands komist í gott

horf, því að jeg hef þá trú, þá lifandi sannfæring, sem hjá mjer er orðin að fullvissu, að komist samgöngur vorar, og sjerstaklega samgöngurnar á sjó, bæði við önnur lönd, og innanlands, í gott tíma- og tilgangs-svarandi horf, þá verða þær til að hrinda búnaðinum áfram, auka framleiðsluna, lífga verzlunina, bæta megunina, aðbúnað allan og þjóðarhag allan; engar umbætur aðrar munu jafnskjótar til áhrifa, engar umbætur aðrar jafnlíklegar til að stöðva vesturfarastrauminn. Með þeim mundi sú tíð upp renna, er óþörf yrðu önnur eins frumvörp eins og frumv. um að lasta ekki landið; því þegar að landið fer að lofa sig sjálft og verða mönnum sannlega kært, þá er auðsætt að vesturferðahugurinn myndi hjaðna sem bóla.

Umr. frestað.

Tillaga til þingsályktunar um búnaðarskólana (C. 336); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á tveim umr. og var það samþ. í einu hlj.

Tillaga til þingsályktunar um styrkveiting til búnaðarfjelaga (C. 337); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á tveimur umr. og var það samþ. í einu hlj.

Þrítugasti og annar fundur, mánudag 7. ágúst, kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. 1, 344, 403, 439); 2. umr.

Útgjalda-kaflinn 11. og 12. gr. (frh.).

Þórður Guðmundsson: Það hafa þegar orðið miklar umræður hjá einstökum h. þingdeildarm. um þann kafla fjárlaganna, sem hjer liggur fyrir; en þar sem búið er að greiða atkvæði um 1. kafla gjalda-bálksins, 7.—10. gr., þá mun ekki eiga við, að blanda hjer inn í umræðum um þann kafla. Jeg var einn af þeim, sem beðið hafði um orðið um fyrri kaflann, en jeg fjekk ekki að taka til máls, með því að samþykkt var, eptir ósk nokkurra þingdeildarm., að umræðunum skyldi hætta. Jeg verð nú að álíta það mjög óheppilegt, sjer í lagi í fjármálum, að slíta þannig umræðunum, en það dugar nú ekki í þessu tilliti að sakast um orðinn hlut.

Jeg verð samt að lýsa því yfir, að ef allar þær fjárveitingar, sem voru samþykktar í þessum kafla, verða að lögum, þá verði töluverðu af fje landsins, ekki sem heppilegast varið.

Jeg skal nú snúa mjer að 11. og 12. gr. frumv., sem nú er til umræðu.

Skal jeg þá fyrst minnast á það, sem mest varðar landið í útgjaldalegu og hagsmunalegu tilliti, en það eru gufuskipaferðirnar.

Það sjest á þingskjali 318, breytingartill. nefndarinnar við 12. C. gr. fjárlagafrumv., að fjárlaganefndin vill láta til hins »sameinaða gufuskipafjelags« samtals 18,000 kr. á ári. Enn fremur til kapt. Randulff 25,000 kr., og loks til gufubátsferða á Faxaflóa 3000 kr.; það er samtals á ári til gufuskipaferða 46,000 kr. Þetta virðist allmikil viðbót við önnur útgjöld, þörf og óþörf, sem á landssjóði hvíla. Þó ætti ekki að horfa í að leggja þessa upphæð fram, ef það væri víst, að hún gæti orðið landinu til hags og framfara. Eptir ræðu h. þm. Dal. (J. P.) í fyrra dag þarf líklega ekki að efast um, að þessu fje verði vel varið. Jeg skal játa, að hjer liggur fyrir, fljótt á að líta, all-álitleg ferða-áætlun fyrir gufuskipið »Ernst«. En þegar nákvæmar er aðgætt, þá skil

jeg ekki að mönnum geti dulizt, að hinar áætluðu ferðir hljóti allvíða að verða að litlum notum. Jeg skal benda á þá staði, þar sem jeg er kunnugastur.

Það er ætlazt til að skipið komi til Eyrarbakka 8 sinnum á ári, það er: 3 sinnum í apríl, einu sinni í júní, tvisvar sinnum í júlí, tvisvar sinnum í ágúst og einu sinni í október. Þessar þrjár fyrstu ferðir, í apríl, sje jeg ekki að geti orðið að neinum verulegum notum, því þá eru viðskipti manna í austursýslunum og manna hjer við Faxaflóa enn ekki byrjuð. Ferðin til Eyrarbakka í júní getur, að því er vænta má, orðið að notum, og ferðin 2. júlí sömuleiðis, en 15. júlí byrjar sláttur, og hann stendur yfir meðan ágústferðirnar fara fram, en í október er sjór vanalega orðinn ófær á Eyrarbakka. Það eru svo sem 2 til 3 ferðir, sem vænta má að suðurströnd landsins geti haft gagn af þessu skipi, en kostnaði þeim, sem gengur til hinna 5 til 6 ferðanna með suðurströndinni, er sem á glæ kastað. Ferðirnar til Þorlákshafnar koma engum að gagni nema kaupmanninum þar, og máske sárfáum, helzt úr Selvogi, en sárfáir Ölfusingar munu fara að nota gufuskipið til flutninga, þar sem þeir hafa næga hesta og geta flutt vörur að sjer miklu ódýrara á hestum sínum, einkum þar sem vegurinn milli Ölvess og Reykjavíkur er orðinn svo góður, og verður þó bráðum gerður betri. Þó skal enginn skilja orð mín svo, að jeg sje á móti, að það komi í Þorlákshöfn. Auk þessa er það lítt hugsanlegt, að skipið geti farið á einum og sama degi frá Reykjavík til Keflavíkur, fermt þar og affermt, haldið síðan áfram fyrir Reykjanes til Þorlákshafnar og þaðan til Eyrarbakka, fermt og affermt einnig á þessum stöðum — allt saman á einum degi. Þetta er því síður hugsanlegt, sem skipið er, að kunnugra manna sögn, seint í förum.

Sama er að segja um ferða-áætlunina frá Eyrarbakka til Vestmannaeyja, Víkur og Hornafjarðar, að hún mun lítt framkvæmanleg.

Ef nú styrkurinn til gufubátsferða með suðurströnd landsins, 3000 kr., verður strykaður út, þá verð jeg að láta í ljósi, að jeg get ekki gefið þessari fjárveitingu, til gufuskipsferða kring um landið, atkvæði mitt, enda er það fyrirsjáanlegt, að suðurströnd landsins mundi aldrei hafa verulegt gagn af svona löguðum hringferðum. Suðurströndin hefir að eins gagn af sjerstökum gufubát, og það af þeim gufubát, sem helzt hefði heimili á Eyrarbakka eða í Þorlákshöfn. Með því einu móti getur suðurströndin haft viðskipti sjóleiðis við Miðnes, Hafnir, Grindavík og Herdísarvík. Menn á þessum stöðum hafa mjög mikil viðskipti við þá, sem austar búa, en þessi viðskipti eru alveg óframkvæmanleg sjóleiðis, öðru vísi en með gufubát.

Jeg ber það traust til h. þingd., að hún sjái, að það, sem jeg nú hefi sagt, er á rökum byggt.

Jeg vona að h. fjárlaganefnd, við nákvæmari íhugun, sjái, að það muni verða óvinsælt, að verja svona miklu fje, nema allt landið og einstakir hlutar þess geti notið verulega góðs af því, þannig, að flutningar allir verði í raun og veru hægari og greiðari en annars.

En eins og búið er að sýna, er þessi ferða-áætlun mjög víða lítt framkvæmanleg. Jeg ber því fremur það traust til h. fjárlaganefndar, að hún sjái þetta, sem h. framsögumaður hennar virtist hallast að þeirri skoðun, að þannig lagaðar gufuskipaferðir mundu ekki koma að fullu gagni við suðurströnd landsins. En í von um, að h. þingd. samþykki fjárveitingu til gufubátsferða með

suðurströnd landsins, og í von um að athugasemdir mínar og annara viðvíkjandi hringferða-áætluninni verði teknar til greina, og áætluninni verði breytt til batnaðar til 3. umr., mun jeg að lokinni þessari umr. gefa þessari uppástungu nefndarinnar atkvæði mitt. Skal jeg svo ekki tala fleira um þetta atriði að sinni.

Þá skal jeg minnast með fám orðum á breytingartill. hæstv. landsh. á þingskjali 294, og breytingartill. h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) á þingskj. 300, sem eru báðar sama efnis, það er um að flytja augnalækni Björn Ólafsson hingað til Reykjavíkur, og hækka laun hans upp í 2000 kr. úr landssjóði. Jeg verð að álíta það mjög heppilegt, að læknir þessi verði fluttur til Reykjavíkur, því mjer er kunnugt, að menn t. d. úr mínu kjördæmi hafa orðið að setjast eptir, af því þeir hafa ekki treyst sjer að kosta ferð sína til Akraness, en þar á móti hefðu þeir vel getað náð til hans, ef hann hefði verið í Reykjavík, enda er hægra að koma sjer fyrir þar en á Akranesi. Laun þau, 2000 kr., sem stungið er upp á handa þessum augnalækni, eru kannske nokkuð há, og hefði jeg helzt hugsað, að 1500 kr. mundu nægja. Samt mun jeg halda mjer við tillögu hæstv. landsh., einkum þar sem hann ætlaðist til, að læknir þessi kenni stúdentum á læknaskólanum augnalækningar, því þeir hljóta að hafa mikið gott af því, og almenningur þar af leiðandi líka, með tímanum.

Björn Bjarnarson: Jeg verð að játa, að jeg er ekki þeim hæfileika gæddur, að jeg hafi neitt sjerstakt áhugamál, af því að það snerti sjerstakt hjerað, og ekki er jeg heldur svo heppinn, að hjer liggi fyrir bænir um svo mikið sem einnar krónu styrkveitingu úr mínu kjördæmi, sem jeg geti gert mig gildan af að mæla fyrir, eða af því að draga taum kjósenda minna í fjármálum hjer á þinginu; sem sagt, hjer er ekki neitt þess konar skilyrði fyrir hendi fyrir mig til að feta í fótspor þeirra h. þm., sem einkum virðast leggja sig fram um að fylgja þeim málum og þeim fjárbænum, sem við koma þeirra eigin kjördæmi. Jeg verð því að láta mjer nægja að ræða málið frá almennu sjónarmiði. Skal jeg þá fyrst víkja að því, sem fyrst liggur fyrir, og byrja á aukalæknunum.

Það er með það mál eins og svo margt annað, að þar kemur til greina mannúðarástæðan, og af því allir menn eiga jafnan rjett á að njóta læknishjálpar, þá er hart að ganga fram hjá beiðni um fjölgun þeirra, þar sem þörfin er brýn. En þegar um fjárveitingar af þjóðfje er að ræða, þá er ekki jafnan hægt að fara eptir mannkærleikatilfinningum; það er svo margt, sem til greina verður að taka, og fje landsins endist skammt til að fylla allar sanngjarnar óskir, að tilfinningarnar verða því miður einatt að þoka meira eða minna. Hjá oss er víða tilfinnanlegur læknaskortur, og er sjálfsagt að bæta úr honum eins og föng eru á, en þó þarf varlega að fara, því að þar bindur hvað annað, svo að þegar einni óskinni er fullnægt, þá vaknar önnur jafnhliða; þörfin og nauðsynin er víða svo lík hjer á landi.

Af þessum þrem aukalæknum, sem stjórnarfrumv. fer fram á að við sje bætt, er jeg eins og h. fjárlaganefnd í mestum vafa um lækninn í Eyjahrepp, ekki þó af því, að jeg álíti ekki fulla þörf á lækni þar, heldur af því, að sje læknir búsettur í Eyjahreppi, þá verður hjer um bil eins erfitt fyrir þessa tvo hreppa á landi, Gufudals- og Múlahreppa, að leita læknis út í eyjum, eins

og nú fyrir eyjamenn að sækja hann í land. Mjer finnst því ástæða til, að láta skipun nýs aukalæknis í Eyjahreppi bíða, þangað til breyting verður á búsetu læknisins í 5. læknishjeraði, og hann flytur norður yfir Kollabúðaheiði, því að það er eðlilegra, að hann búi þar en við Breiðafjörð, þar sem hann þjónar svo miklum hluta Strandasýslu; þá fyrst er full ástæða til að skipa þenna nýja aukalækni. Nokkuð líkt þessu er með aukalækninn í Sljettu- og Grunnuvíkurhreppum; íbúar þar eru afskektir frá lækni sínum og hafa um sjóveg að sækja til hans. Það mælir því að vísu sanngirni með því, að sveitir þessar fái aukalækni, en aptur er þess að gæta, að íbúar þeirra eru tiltölulega fáir, og því er nokkuð ísjárvert að skipa þar aukalækni.

Af tillögum h. fjárlaganefndar felli jeg mig þó einna sízt við þá, að aukalæknir sje skipaður í efri hluta Árnessýslu. Það hefir þegar verið bent á, að ekki sje mjög erfitt að ná í lækni þaðan. Að vísu eru þar mannmargar sveitir, en ekki er yfir sjó að fara til að leita þar læknis, og þótt nokkur vatnsföll sjeu þar, þá eru í öllum læknishjeruðum hjer á landi meiri og minni torfærur, og víða miklu meiri en þar. Læknirinn sem nú er þar, situr svo nálægt miðju hjeraði sínu, sem með sanngirni verður heimtað, og er því tiltölulega hægt að ná til hans. Jeg er, sem sagt, í vafa um stofnun nýrra aukalæknisembætta, þar sem hvað bindur annað svo mjög, að þegar búið er að segja a, þá verður að segja b.

Þá hverf jeg að þeirri tillögu að stofnað sje nýtt embætti handa augnalækni hjer í Reykjavík. Það væri í sjálfu sjer æskilegt, að vjer ættum sjerfræðinga (specialista) í sem flestum greinum læknisfræðinnar og sem víðast á landinu, svo að enginn þyrfti að líða fyrir það, að ekki gæti hann náð til þess konar læknis til að fást við hvern sjúkdóm sinn. En mjer blandast ekki hugur um, að vjer getum ekki uppfyllt þær kröfur, nje heldur tekið upp þá reglu, að stofna nýtt embætti í hverri grein læknisfræðinnar, jafnskjótt og nýtur maður hefir fengizt í henni; því að sjálfsagt er eins mikil þörf á að fá sjerfræðinga í fleirum greinum en augnlækningum. Það stendur líka svo sjerstaklega vel á með búsetu þessa læknis, sem jeg játa, að hefir mikið gott orð á sjer fyrir lækningar sínar í þessari grein, að hann býr svo nærri Reykjavík, að jeg sje ekki ástæðu til að flytja hann um set hingað.

H. 1. þm. Rvell. (Þórður G.) benti á, að það gæti verið miklu kostnaðarminna að vitja augnalæknisins til Reykjavíkur en á Skipaskaga; mun hann þar einkum hafa miðað við sitt eigið kjördæmi; en sá kostnaðarmunur er ekki mikill, því hægt er að komast úr Reykjavík upp á Skaga fyrir 1—2 kr., svo að það er næsta ólíklegt, að sá sem hefir getað kostað ferð sína hingað mundi ekki geta risið undir þeim aukakostnaði, svo að fyrir þær sakir er ekki mikil ástæða til, að læknir þessi flytjist til Reykjavíkur. En það hafa líka verið bornar fram aðrar ástæður, er mæltu með því, að hann flytti til Reykjavíkur, þar á meðal sú, að hægra væri fyrir sjúklinga að koma sjer fyrir í Reykjavík en á Akranesi. Þessi ástæða virðist mjer fremur veik, því að það vita þeir sem kunnugir eru, að þjettbýlt er á Akranesi og þar eru mörg góð heimili, sem sjúklingar geta dvalið á og það miklu kostnaðarminna en í Reykjavík. Þá hefir það verið

borið fram sem ástæða, að opt þyrfti augnalæknirinn að hafa annan lækni sjer til aðstoðar við augnskurð, en þar til er því að svara, að af Skipaskaga er hægra að ná í þá hjálp en víðast annarsstaðar. Vjer verðum að gæta þess, að úr því vjer getum ekki stofnað sjerstök embætti fyrir lækni í hverri einni grein læknisfræðinnar, er ekki meiri ástæða til þess með þessa en aðrar.

Hæstv. landsh. tók það fram, að hann áliti ekki líklegt, að þingið hefði í einar 500 kr. til þess að læknir þess gæti sezt að í Reykjavík, en jeg sje ekki betur en að flutningur hans kosti meira, að hann kosti jafn mikið og laun þau, sem honum verða veitt hjer, því að eptir sem áður mundi þurfa að launa aukalækni á Akranesi. Jeg fyrir mitt leyti hallast eindregið að tillögum fjárlaganefndarinnar. Jeg álít, að vjer getum ekki gengið lengra en að veita honum 500 kr: í viðbót við aukalæknislaun sín.

Þá skal jeg víkja fáum orðum að póstgöngunum, og hef jeg ekki margt við þær að athuga, enda hefir h. nefnd ekki farið fram á aðrar breytingar en að Vestmannaeyjum væru veittar 100 kr. til þess að nálgast póst sinn úr landi, og í öðru lagi, að aukapóstur sje kostaður af landsfje frá Víðimýri á Sauðarkrók. Jeg játa það, að Vestmannaeyingum er öll þörf á þessari fjárveiting, enda þótt virðast megi, að öll stjórn á eyjunum sje landinu ærið dýr, en slíkt leiðir af legu þeirra og þýðir ekki að fást um það. En hvað viðvíkur aukapóstinum í Skagafirði, þá hef jeg ekki annað við þann gjaldaauka að athuga, en að mjer virðist, að Skagfirðingum sje ekki gleymt eða hagsmunum þeirra í tillögum fjárlaganefndarinnar, en slíkt er sízt að lasta; það er sjálfsagt mjög svo verðugt, þar sem það hjerað hefir sent svo góða drengi og nýta liðsmenn á þing.

Þá skal jeg leyfa mjer að minnast á vegabótafjeð. Það er gleðilegt og framfaravottur, að svo töluverðu fje er varið til þess að bæta vegi; og mun enginn landsmanna sjá eptir því fje, sem varið er til vegabóta og brúargjörða. Eptir því sem jeg hef tekið eptir, eru fjárveitingar til vega einar hinar vinsælustu fjárveitingar hjá þjóðinni. Jeg tek það að eins fram, að þar sem h. fjárlaganefnd vill ekki fara lengra í vegagjörðinni við Hvítá og víðar en að gjöra veginn vel reiðfæran, þá álít jeg það á vanþekkingu byggt og engan sparnað. Þar sem svo háttar landi, að flatlent er og mýrlendi, þar mun engan nægilega góðan veg vera hægt að fá með minni kostnaði en einmitt með því að leggja »mac-adamskan« veg um þau svæði.

Viðvíkjandi því, hvernig vegabótafjenu sje varið í Múlasýslu, þá verð jeg að játa, að jeg kann betur við till. stjórnarinnar en fjárlaganefndarinnar, því að það er mín óbifanlega sannfæring, að Austurlandi sje það fyrir beztu, að fá sem fyrst greiðan veg að sjó; jeg álít það tryggara en að reiða sig á Lagarfljótsós.

Þá er að minnast á bryggjugjörðina við Blönduós og brúna yfir Hjeraðsvötnin, er 5000 kr. eru ætlaðar til hvors um sig. Bæði þessi störf eru sjálfsagt nauðsynleg, en það sem mjer þykir vanta á, til að geta aðhyllzt þessar fjárveitingar, er umsögn verkfræðinga um verkin. Mjer finnst, þar sem um slík vandaverk og kostnaðarsöm fyrirtæki er að ræða, þá sje alveg nauðsynlegt að fá álit verkfræðings og fyrirsögn um það, hvernig verkinu sje hag-

að; á meðan þetta vantar, finnst mjer málið ekki svo undir búið sem skyldi.

Jeg ætla þá þessu næst að minnast á strandferðirnar. Það er lagt til, að veita hinu sameinaða gufuskipafjelagi 18,000 krónur til strandferða, eptir ferðaáætlun, er það hefir samið sjálft, en þetta fjelag hefir farið 3 strandferðir án styrks á hinum síðustu árum, en eptir ferðaáætluninni á að bæta við 2 strandferðum, svo að þannig lítur út, sem þessar 18,000 kr. sje eiginlega veittar fyrir þær, og það þykir mjer nokkuð mikið.

Í sambandi við þetta fjárframlag hefir h. fjárlaganefnd lagt til að veita 25,000 kr. til strandferða að eins kringum landið, án þess að vera í sambandi við önnur lönd — en gufuskipafjelagið stendur í beinu sambandi við útlönd. — Mjer þykir þetta líta nokkuð undarlega út, að veita styrk af landsfje 2 strandferðalínum samhliða, sem keppi hvor við aðra. Ef línan væri ekki nema ein, þá hefði hún meira að starfa, og þá borguðu ferðirnar sig betur, en þegar fjelögin eru 2, getur annað þeirra náð beztu ferðunum frá hinu. Ástæðurnar munu líklega vera þær, að nú sje vöruflutningar orðnir svo miklir, og hafi magnazt svo mjög bæði hjá kaupmönnum og kaupfjelögum, en mjer virðist þetta sanna einmitt hið gagnstæða við það sem til er ætlazt að það sanni, því það bendir á, að atvinna sje nú orðin svo mikil fyrir skip, að ferðirnar borgi sig styrklaust. Danska gufuskipafjelagið sannar líka, að þetta sje svo í raun og veru, því það mundi ekki halda uppi ferðum án styrks, ef það borgaði sig ekki. Þess er líka að gæta, að ef önnur línan væri sett samhliða því, þá mundi það ekki horfa í að leggja fram fje til að rýma þeim keppinaut burtu. Þá mundi gufuskipafjelagið líklega auka ferðirnar til að ná í mesta flutningsmagnið. Það er ekki þar fyrir, að mjer blandast ekki hugur um, að vilja hafa aðra samgöngulínu en þetta fjelag. Mjer þætti mjög æskilegt, ef menn fynndu eitthvert ráð til þess, að önnur línan kæmist á, t. d. að leigja strandferðaskip frá Noregi, eins og nú hefir komizt til tals. Jeg trúi því ekki tyr en jeg tek á — þó bágt sje að vita hverju trúa má — að h. þingdeildarm. sje svo flæktir í neti kaupmanna- og kaupfjelaga-klikkunnar, að láta slægja sig og landssjóð um þessar 18,000 kr., án tillits til, hvort nokkur ástæða er til að styrkja þetta danska fjelag. Það hefir verið bent á í umræðunum, að orðalagið á tillögunni um fjárveitinguna til Randulffs skipstjóra á skipinu »Ernst« sje ekki viðkunnanlegt, þar sem miðað er við tiltekinn mann og skip. Jeg hygg nú að hægt sje að orða þetta betur. Hins vegar vil jeg ekki bera það vantraust til stjórnarinnar, að hún geri ekki samning þenna sem tryggilegastan, hvernig sem fer, og reyni að komast að samningi við einhvern annan, ef þessi kynni að bregðast.

Jeg skal ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni.

Þá er að minnast á uppástunguna um að veita 5000 kr. til gufubátsferða á Lagarfljótsós, en jeg er ekki sannfærður um, að þær ferðir sje framkvæmanlegar, enda virðist mjer af orðum h. framsögum. í fyrra dag, að hann vera vonardaufur um, að það væri framkvæmanlegt. Hann sagði, að »varla mundi þurfa að efast um, að það væri framkvæmanlegt«, og þetta styrkir meining mína, að það sje miklum erfiðleikum bundið, eins og reynslan hefir sýnt og mun sýna. En þó það kynni að takast, þá er það ekki nema lítill spölur af fljótinu, sem skipgengur er, því skammt frá sjó eru flúðir, sem gufuskipi ekki er fært yfir, og þar fyrir of-

an er foss, sem ómögulegt er skipi að komast yfir. Jeg hefði betur kunnað við, ef beðið hefði verið um styrk til gufubátsferða á Lagarfljóti ofan fossa, til vöruflutninga eptir Hjeraðinu. Hvað breyt.till. h. þm. Dal. (J. P.) snertir, að veita 10,000 kr. til að mæla innsiglingu á Hvammsfjörð, þá játa jeg, að það er að vísu æskilegt, að sjóleiðin verði notuð sem bezt, enda er sjórinn hinn sjálfgjörði þjóðvegur, sem aldrei þarf að bæta, og er víðasthvar fær, en því miður er jeg hræddur um, að leiðin inn á Hvammsfjörð verði jafn örðug eptir sem áður, eins og verið hefir frá landnámstíð, því sagan sannar, að ávallt hefir verið eins hættuleg innsigling á Hvammsfjörð eins og hún er enn í dag. Þegar jeg lít á kortið, virðist mjer sem 4—5 mílur af leiðinni sje varla fær hafskipi nema um flóðliggjandann, og í beinu leiði, því þar eru eyjaklasar, skerjaklasar, sandrif og grynningar, og straumar svo harðir, að ekki er skipi stýrandi í þeim, er sjór er í föllum. Þetta hlýtur því að vera torveld leið, og naumast fær nema ef til vill fyrir gufuskip, er geti verið við hendina þegar lag er. Jeg get því ekki verið samþykkur þessari fjárveitingu, því mjer virðist mjög vafasamt, að hún geti að nokkru liði komið.

Jeg hefi nú minnzt á flest í þessum kafla, er jeg þóttist hafa ástæðu til, og vil því ekki þreyta þolinmæði h. deildar með því, að fjölyrða meira um hann í þetta sinnn.

Jón Þorkelsson: Það var á laugardaginn, að h. þm. Dal. (J. P.) talaði margt, sem jeg þurfti að svara, en jeg er nú búinn að gleyma mörgu af því, svo að jeg verð að sleppa hinu mesta af því og held mjer þá fyrst til breyt.-till. minnar, sem hjer liggur fyrir við 11. gr. 2. g.—h., þar sem jeg fer fram á að fyrri liðurinn orðist þannig: »til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu sunnanfjalls til Straumfjarðarár«, en hinn liðurinn »til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum«. — Jeg skal skýra frá því, að það var samþykkt á fundi vestra, að takmörk læknahjeraðanna væru einmitt þessi, sem nú taldi jeg. Læknisdæmi aukalæknisins í Ólafsvík nær nú sem stendur að Vatnsholtsá í Staðasveit miðri, en ef þar ættu að vera takmörk umdæmis aukalæknis á Mýrum, þá yrði það læknishjerað of stórt. Hins vegar væri það og ólögulegt, að láta lækni þann, er heima á í Stykkishólmi, eiga að þjóna þessari spildu fyrir sunnan heiði, auk þess sem taka má tillit til þess, að það er nú lúinn maður, sem hefir lengi og vel þjónað víðlendu og örðugu læknishjeraði. Það virðist heldur engin ofraun fyrir aukalækninn í Ólafsvík, þótt læknishjerað hans nái til Straumfjarðarár, og má því sýnast að öllu sanngjarnt, að takmörkin milli hjeraðanna sje einmitt Straumfjarðará, eins og hjeraðsmenn sjálfir vilja, sem bezt mega vita um, hvað heppilegast er í slíkum efnum. Eins og h. þm. Mýr. (B. Kr.) veit, þá hafa Mýramenn einmitt óskað að Langá væri takmörkin að sunnan, og væri þá læknirinn bezt settur í Kolbeinsstaðahreppi, því að það yrði nær í miðju umdæmi því, sem ætlazt er til að stofnað verði.

Þá eru næst breyt.till. 31—32 og hefir h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) tekið það skýrt fram, að nauðsyn væri á lækni í Eyjahreppi í Barðastrandarsýslu, og er jeg því samdóma, að það er meiri þörf á lækni þar en á aukalækni í ofanverðri Árnessýslu. Nú hefir verið beðið um aukalækni svo víða, þar sem meiri þörf er á, t. d. í Strandasýslu, þar sem er ekki nema einn læknir, og það má meira að segja heita, að þar sje lækn-

islaust, þar sem læknirinn situr suður í Króksfirði í Barðastrandarsýslu, en jeg býst við að h. þm. Strandamanna hafi einurð á því að koma með breyt.till. um aukalækni þar, þegar málið kemur til efri deildar. Í Húnavatnssýslu er líka eins mikil þörf á aukalækni eins og í Árnessýslu, eptir því sem mjer er sagt af rjettorðum mönnum, og þaðan hefir þá líka komið bænarskrá um aukalækni. Jeg skyldi reyndar ekki vera á móti því, að aukalæknisdæmi yrði stofnað í Árnessýslu, ef það spillti ekki fyrir því, að aukalæknir yrði settur þar, sem meiri þörf er á. Jeg ætla svo að hlaupa yfir að tala um aukalæknishjeraðið í Grunnavíkur- og Sljettuhreppi; þm. Ísfirðinga getur bezt dæmt um það atriði, og sessunautur minn, h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) hefir auk þess sannfært mig um þörf á lækni þar, og hann er gagnkunnugur þeim hjeruðum.

Breyt.till. 24 er tvöföld; hún er bæði frá hæstv. landshöfðingja og h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.). Í sinni tillögu setur landshöfðingi það skilyrði fyrir því að Björn Ólafsson augnalæknir fái 2000 kr. í laun á ári, að hann flytji sig til Reykjavíkur og kenni þar augnafræði (opthalmologia) við læknaskólann. H. 1. þm. Árn. (Þ. G.) var tillögunni meðmæltur, en þó var sem honum þætti launin helzt til há. En jeg vil benda h. þm. (Þorl. G.) á það, að þessi læknir hefir nú sem stendur 1500 kr. laun; nú á hann að flytja sig til Reykjavíkur og setja sig þar niður og bæta því á sig, að kenna augnafræði við læknaskólann. Það sjá nú víst allir, að ekki er það sanngjarnt, að hann bæti þessu á sig og fái ekkert fyrir.

Þá er að minnast á hina nafnfrægu breyt.tillögu um skilyrðin fyrir fjárveitingunni til brúar á Hjeraðsvötnin frá h. þm. V.-Skapt. (G. G.). Jeg verð nú að játa það, að þótt menn et til vill kunni þessum skilyrðum illa, þá eru þau þó ekkert óvanaleg, því að þau hafa jafnan verið sett, þegar landssjóður hefir lagt fram fje til móts við fje úr sýslusjóðum. Jeg fellst því á, að þeim sje haldið.

Þá vil jeg minnast á aðra breyt.till. frá sama þm., nr. 39. Það mun vera fast áform fjárlaganefndarinnar, að stryka út allan styrk til gufubáta með suðurströnd landsins, en jeg er fastlega með styrknum til gufubáts þar, því að þeir eru hin einu samgöngufæri, er komið geta að notum, svo að segja frá Reykjanestá austur að Hornafirði; gufuskip geta sjaldan að haldi komið sakir hafnleysis og ekki heldur ávallt í Vestmannaeyjum, og þótt gufuskip gæti komið endrum og sinnum inn á Vík í Mýrdal, þá kæmust þau ekki til hafnar á Eyrarbakka, en einmitt þangað sækja þó Vestur-Skaptfellingar mjög verzlun sína. Að láta »Ernst« þeisa fram hjá ströndum Áness- Rangárvalla- og Vestur-Skaptafellssýslu, án þess að koma þar nokkursstaðar við, er ekki til meira gagns fyrir þær sýslur en að póstskipið fari þar fram hjá í hverjum mánuði. Það sýnist því vera lítil ástæða til þess að fara að borga Randúlfi stjórfje sjerstaklega fyrir slíkar þeisingar.

Þá er jeg komin að breyt.till. 42. á atkvæðaskránni. Jeg get ekki annað sagt, en að mjer rís hugur við, að varpa út til strandferðanna 43,000 kr., og 3000 kr. til gufubátsferða á Faxaflóa. Mjer virðist það vera næsta mikil ósamkvæmni í því, að stryka út styrkinn til gufubáts með suðausturströnd landsins, en veita 3000 kr. til gufubátsferða á Faxaflóa, einmitt þar, sem mestar líkur eru til að ferðirnar geti bezt borgað sig.

Að því er snertir samning þann, sem

h. fjárlaganefnd vill gera við Randulff skipstjóra, þá er jeg á því máli, að trygging sú sje ónóg, sem af honum er heimtuð, enda þótt Stafangursdeild Noregsbanka sje í ábyrgð, ef skipinu hlekkist á. Því hvernig fer, ef maðurinn verður gjaldþrota? Jeg get ekki með öllu fellt mig við ferðaáætlun nefndarinnar á þingskjali 352. Það er dálítið eptirtektavert að skipið á að koma við á 11 stöðum í báðum Múlasýslunum, en á 43 stöðum alls á öllu landinu, eða með öðrum orðum, að rúmlega fjórði hlutinn af viðkomustöðum þess er í 2 sýslum af 19.

Hvað mínu kjördæmi viðvíkur, þá skal jeg nefna einn stað, sem ekki er hjer í áætluninni, en sem skipið ætti þó að koma við á, af því að þar verður líklega verzlun framvegis, en það eru Búðir. Þar er auk þess miklu tryggari höfn en í Ólafsvík, því þar er leirbotn; jeg verð því fastlega að ráða til að Búðir sje teknar upp í ferðaáætlunina.

H. þm. Dal. (J. P.) sagðist þekkja þann mann, sem hefir boðizt til, að taka að sjer strandferðirnar, og jeg trúi því vel, en þar sem hann sagði, að við hinir þingmennirnir hlytum að þekkja hann, af því hann stæði prentaður í »Austra«, þá get jeg fyrir mitt leyti ekki gert mig ánægðan með það; jeg játa það að vísu, að »Austri« er gott blað, en ekki er það einhlítt til þess að þekkja menn, þótt nafn þeirra standi prentað þar.

H. fjárlaganefnd hefir lagt það til, að auknar væru póstferðir og tveimur aukapóstum bætt við, öðrum á milli Víðimýrar og Sauðárkróks í Skagafirði, en hinum milli Bíldudals og Selárdals í Barðastrandarsýslu, en frá síðastnefndu hjeraði hefur engin beiðni komið um aukapóst, en þar á móti hefir komið beiðni frá Snæfellingum um aukapóst kringum Jökulinn, frá Búðum til Ólafsvíkur, enda hafa þar aldrei verið neinar póstgöngur, en sá vegur er þó langur, ekki minna en dagleið á sumrum og $1^1/_2$ dagleið á vetrum.

Það hefur verið tekið fram, að ferðir þessar mundu kosta hjer um bil 160 kr. Hjerað þetta er svo afskekkt, að það er hvergi á byggðu bóli jafnmikil þörf á póstgöngum eins og einmitt þar. Jeg skal taka til dæmis, að Stjórnartíðindin 1889—1890 voru fyrst í vor að berast þar um hreppana.

Jeg legg því sjerstaka áherzlu á, eins og jeg hefi tekið fram, að lögð verði alúð á, að auka póstgöngurnar þar.

Bogi Melsteð: Jeg þarf að minnast nokkuð á mótbárur þær, er komið hafa fram gegn því, að aukalæknir væri settur í Árnessýslu. Þeir, sem komið hafa fram með mótbárur þessar, eru ekki vel kunnugir í Árnessýslu, og virðast heldur ekki vera vel kunnugir skipun læknahjeraðanna hjer á landi yfir höfuð; er það ekki óeðlilegt, því skipun læknisdæmanna hefir tekið ýmsum breytingum síðan landinu var skipt í læknahjeruð 1875, svo að erfitt er stundum að átta sig á stærð og takmörkum læknishjeraðanna og aukalæknishjeraðanna. Af þessum breytingum hefur og leitt, að nú er þegar orðin brýn nauðsyn á því, að skipta landinu niður í læknishjeruð af nýju. Skiptingin er víða órjettlát eins og nú stendur, því í sumum læknahjeruðum er nú búið að setja tvo aukalækna, en í sumum engan.

Í einu læknisdæmi (í 4. læknishjeraði), þar sem nú eru tveir aukalæknar, er einmitt beðið um hinn þriðja. Á Dýrafirði, er einn og nú er verið að biðja um annan aukalækni í Ísafjarðarsýslu,

í Grunnavíkur og Sljettuhreppi. Þannig eru í sumum sýslum einn aukalæknir og í sumum tveir, en í sumum stærstu sýslum landsins er enginn aukalæknir, enda þótt einum lækni sje ætlað að þjóna allri sýslunni.

Nú er þess að gæta, að Árnessýsla er hin fimmta víðlendasta sýslan á landinu, og sje byggðin ein talin, þá er hún 3. stærsta sýslan á landinu, eða næst eptir Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu. Óbyggðir eru þannig minni að tiltölu í Árnessýslu en í sumum öðrum sýslum landsins. (*Jón Þorkelss.*: Það þarf ekki lækna í óbyggðum). Það dettur víst engum h. þingdeildarmanni í hug, að setja lækni í óbyggðum, nema h. þm. Snæf. (J. Þ.), en hitt er víst, að óbyggðir og öræfi niðri í byggðum geta haft mikil áhrif á ferðalög manna, og gera mönnum erfiðara fyrir að ná til læknis en þar sem byggðin slitnar aldrei, en Árnessýsla er svo stór, að rjett væri að hún fengi aukalækni.

Það væri eiginlega alveg rjett, að skipta Árnessýslu í tvö læknisdæmi, eins og um er beðið. Í Árnessýslu eru um 6400 manna alls; og í neðri hluta hennar eru hjer um bil eins margir íbúar eins og í Húnavatnssýslu. Þar eru yfir 3700 íbúar, en í neðri hluta Árnessýslu yfir 3600. Munar því ekki nema einu hundraði. Auk þess er Árnessýsla stærri en Húnavatnssýsla, og vegalengdin miklu meiri. Þegar læknishjeruðunum var skipt 1875, var Árnessýsla gjörð að einu læknishjeraði, en Húnavatnssýslu var þá skipt um Blöndu.

Jeg get því ekki orðið á sama máli og h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), að það sje lengra að sækja lækni af Skaga í Húnavatnssýslu en þar sem lengst er í Árnessýslu, því að það er nú miklu skemmri vegur af Skaga til Sauðárkróks heldur en í Árnessýslu frá efstu bæjum í Tungum og Hreppum til læknisins í Laugardælum. (*H. Kr. Fr.*: Það er ekki eins greiður vegur). Það eru töluvert greiðari vegir í Húnavatnssýslu en í Árnessýslu, og í Húnavatnssýslu er að eins eitt stórt vatnsfall, en í Árnessýslu eru 5 stórar ár og þar af 4 sundvötn. Af þessu er auðsætt, að það er ekki rjett, sem sumir hafa sagt, að eigi sje meiri ástæða til þess að setja aukalækni í Árnessýslu en í Húnavatnssýslu.

Það dugar ekki að miða eingöngu við ferðir að sumardegi, eins og h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) gerði, því það er á vetrum, sem er svo örðugt að ná í lækni. Það væri öðru máli að gegna, ef h. andmælendur gætu látið oss fá ævarandi sumar í Árnessýslu, og þá skyldi jeg undir eins falla frá því, að fá þar aukalækni.

Viðvíkjandi því, að styrkurinn til aukalæknis var strykaður út í Eyjahreppi, þá var sú ástæða til þess, að fjárlaganefndin ætlaði ekki að bæta við nema 4 aukalæknum. Jeg fyrir mitt leyti hef verið á því, að Eyjahreppur ætti að fá aukalækni, og er það enn, sökum þess að náttúran gerir mönnum þar erfitt fyrir að ná í lækni þar, og í Árnessýslu virðist mjer þörfin mest, af þeim hjeruðum, sem um er að ræða.

Það er einmitt af fólksfjöldanum í Árnessýslu, auk víðáttu sýslunnar, að rjettast væri að stofna þar læknisdæmi, því læknisþörfin er því meiri, sem fólkið er fleira, og fleiri kunna að bíða tjón fyrir það, að ekki næst í lækni.

Í sambandi við þetta vil jeg minnast á annað atriði, sem varðar læknamál vort.

Mjer virðist annars þingið ekki leggja nóga áherzlu á það, að fá góða lækna; jeg vil að þingið leggi áherzlu á að fá

sem bezta lækna í embættin. Ef þingið fjölgar aukalæknum, þá er það ekki til þess, að ungir og efnilegir íslenzkir læknar, sem nú eru í Kaupmannahöfn, komi heim til Íslands; þeir mundu sækja um læknishjeruð, ef þau væru fyrir hendi, en ekki um aukalæknishjeruðin. Það eru nú erlendis tveir íslenzkir kandídatar í læknisfræði, og aðrir tveir, sem hafa tekið fyrra hlutann af læknisprófi og verða búnir í vetur á háskólanum, og væri það verulegt happ fyrir land vort, að ná í þá fyrir lækna. Jeg ætla að eins að drepa lauslega á annað atriði, er snertir þetta, en það er borgun til lækna og laun þeirra.

Þeir fá töluverð föst laun, en því nær ekkert fyrir »praxis«. Fyrirkomulagið er þannig, að ónýtir læknar og duglegir hafa hjer um bil hin sömu kjör. Vjer fáum aldrei góða lækna, fyr en þessum lögum er breytt. Það þarf að hata það í hug. Eins og þessu er nú farið, freistast þeir læknar, sem eigi hafa neinn sjerlegan áhuga nje yndi af læknisstörfum, en eru ef til vill gefnir fyrir búskap eða eitthvað annað, að skeyta lítið um læknisstörf sín, en leggja alúð á búskap, eða, ef þeir eru í kaupstað, á bóka- og blaðasölu og tóbakssölu o. s. frv.; hirða að öðru leyti hin föstu laun sín. Er það alkunnugt, að mikið orð er gert af þessu um tvo lækna hjer á landi, og sagt, að þeim komi það ekki vel, ef þeirra sje vitjað til sjúklings.

Ef aukalæknishjeruðin eru borin saman, þá kemur ójöfnuðurinn ljósast fram. Í efri hluta Árnessýslu eru t. d. 2700 manns, en í Ísafjarðar læknishjeraði, þar sem beðið er um aukalækni (í Grunnavíkur- og Sljettuhr.), ekki nema 682 menn. Í efri hluta Árnessýslu er því yfir 2000 mönnum fleira en í þessum tveimur hreppum. Í Ísafjarðarsýslu er líka miklu skemmri leið til læknis, heldur en víða úr efri hluta Árnessýslu til læknisins í Laugardælum. Það má fara á 2—3 tímum yfir Djúpið á sumrum; en það skal jeg játa, að þeir eru illa staddir á vetrum, og því er jeg með, að þar sje stofnað aukalæknisdæmi, en það er mikill munur á þörfinni og í Árnessýslu. Þm. Snæf. (J. Þork.) minntist á, að aukalæknis væri þörf í Strandasýslu, því að Strandasýsla væri illa sett. En jeg hefi heyrt, að þegar læknaskipti verða þar næst, þá eigi læknirinn að setjast að í Steingrímsfirði, og það bætir mikið úr, og læknir sá, sem þar er nú, er farinn að eldast og þreytast, og því er líklegt, að þess verði ekki langt að bíða, að hann sæki um lausn frá embætti.

Jeg vona að h. þingdeildarmenn athugi þetta mál, og komist þá að þeirri niðurstöðu, að hvergi sje eins brýn nauðsyn á aukalækni og í Árnessýslu, ef til vill að Eyjahreppi fráskildum, eða að rjett sje að stofna þar nýtt læknishjerað.

Jeg vildi helzt óska, að það yrði ofan á, innan skamms, að landinu væri skipt í læknishjeruð á ný, og að vjer fengjum þá fleiri lækna. Fyr en vjer fáum um 50 lækna, verður landinu eigi borgið að því er tölu þeirra snertir. En vjer fáum eigi góða lækna, fyr en það verður komið undir dugnaði þeirra, þekkingu og áhuga á læknisstörfum, hvernig laun þeir fá, ekki fyr en þeir verða launaðir eptir verðleikum.

Það var einnig annað atriði, sem jeg ætlaði að minnast dálítið á, og það var uppmæling á skipaleið inn á Hvammsfjörð. Jeg er máli þessu í sjálfu sjer hlynntur, en þar sem nú er farið fram á að veita fje til slíkra fyrirtækja, þá hafa hlutaðeigandi sýslu- eða sveitarfjelög vanalega lofað að borga allt að

helming, og sum jafnvel meira af upphæð þeirri, sem á þyrfti að halda; en þegar hlutaðeigandi hjeruð eða sýslufjelag vill eigi láta neitt af hendi rakna, þá finn jeg ekki neina ástæðu til þess að mæla með slíkri fjárveitingu.

Sighvatur Árnason: Af því að ræða h. 2. þm. Árnes. (B. M.) laut að nýjum aukalæknishjeruðum, þá vil jeg sem kunnugur í Árnessýslu leyfa mjer að tala fáein orð um það mál.

Jeg hef til samanburðar kynnt mjer ástandið í Eyjahreppi síðan þetta mál kom á dagskrá í þinginu, og jeg hef komizt að þeirri niðurstöðu, að þar sje fullt eins mikil þörf á aukalækni sem í Árnessýslu, þó það sje fjarlægt mjer að vilja vera á móti því, að hún fengi aukalækni. Árnessýsla er mjög víðlend og fjölmenn og hún hefir mörg og stór vatnsföll, eins og tekið hefir verið fram. En jeg vil bæta því við, sem ekki hefir áður verið tekið fram, að í upphreppum sýslunnar, þar sem aukalæknirinn ætti að setjast að, er mjög mikið vetrarríki, og jafnvel hið mesta hjer á suðurlandi, svo að þá er þar opt, þegar svo ber við, mjög illt yfirferðar, og erfitt að leita læknishjálpar, jafn langan veg eins og er úr upphreppum sýslunnar fram í Flóa, þar sem læknirinn situr, og í raun og veru á að sitja, á meðan þar er ekki nema einn læknir. Jeg tók að eins þessa athugasemd fram, til þess sem kunnugur maður að gefa upplýsingar um þetta atriði.

Þá vil jeg fara fáeinum orðum um gufuskipaferðirnar og hið margrædda gufubátamál eða gufubátaferðirnar, sem nefndin leggur nú til að teknar sjeu út af skákinni. Jeg held að h. þm. Dal. (J. P.) hafi ekki vel íhugað það sem hann sagði um þetta mál, að það mundi gleðja hvert einasta hjarta á öllu landinu, að málið væri komið í þetta horf. Jeg held að hann hefði átt að undanskilja að minnsta kosti 3 sýslur, Árnes, Rangárvalla, og Skaptafellssýslu. Jeg er fullviss um það, hvað sem aðrir segja, að það verði lítil eða engin not að skipinu með öllum þessum viðkomustöðum, hvað suðurströnd landsins snertir, því það eru mjög lítil líkindi til, að það mundi heppnast í fljótu bragði, að hafa Eyrarbakka fyrir viðkomustað, hvað þá heldur fyrir Rangárvallasandi, sem er með öllu frágangssök með slíkt skip, sem hefði fast ákveðna viðkomustaði

Þetta vil jeg biðja h. fjárlaganefnd að athuga. Jeg vil ekkert hafa á móti því og lái það alls ekki, þó aðrir, sem gagn hafa af strandferðum þessum, vilji hafa þær, og af því er hið almenna gagn; en jeg get ekki fellt mig við að menn úr fjarlægum hjeruðum haldi fram sínum skoðunum þvert ofan í álit kunnugra manna viðvíkjandi gufubátunum. Gufubátur er hið eina sem að gagni kæmi við suðurströnd landsins, og ef menn ekki vilja styrkja hann, þá er hún alveg útilokuð frá öllum samgöngum á sjó. Og jeg vil mæla með því að þingið sýni þessum hjeruðum þann sóma, að leggja fje til að styrkja gufubátsferðir með suðurströndinni sjerstaklega hvað Rangárvalla og Vestur-Skaptafellssýslu snertir, því Árnesingar leggja ekki svo mikla áherzlu á það, því þeir hafa fyrst og fremst ekki svo mikla þörf fyrir gufubátsferðir, því hjeraðið er þannig sett, að þeim er auðvelt að fara landveg hingað til Reykjavíkur, og hafa viðskipti sín hjer við kaupmenn og aðra hjer við Faxaflóa; og í öðru lagi eru viðskiptin við Eyrarbakkaverzlun þeim handhæg.

Sýslunefndirnar austanfjalls ræddu málið í vetur um gufubátastyrkinn úr landssjóði, en þegar tillögur þeirra leiddust í ljós, þá náðu framboðin ekki

hinni ákveðnu tiltölulegu upphæð í móts við landssjóðsstyrkinn, sem er fast ákveðinn 3000 kr., þrátt fyrir það þótt sýslunefnd Rangárvallasýslu byði langmest fram til þess að styrkurinn gæti náðzt; Árnesingar skárust úr leik, Vestmannaeyingar buðu einar 100 kr. og Skaptfellingar eitthvað lítið meira, svo það fórst með öllu fyrir, að geta fært sjer í nyt þetta tilboð frá landssjóðs hálfu.

Nú er svo háttur á, að gufubátur er til á Eyrarbakka, sem hefir verið notaður austur með Rangársandi bæði einu sinni í fyrra vor og aptur einu sinni nú í vor, og gafst vel, enda er þetta hið eina ráð sem hjer á við.

En því er svo háttað, að ef gott veður er, þá getur báturinn tekið leiði að morgni austur með Rangársandi og að Eyjasandi og komizt þangað seinni part dags, og til baka aptur því nær samdægurs. Af því nú að hinar sýslurnar skárust mikinn part úr leik í þessu máli, og við það misstum við af þessum fastákveðna 3000 kr. styrk úr landssjóði, þá leiðir af því, að breyt.till. sú, er hjer liggur fyrir, er nauðsynleg, og að hún sje tekinn til greina nefnilega »allt að« 3000 kr., svo sýslufjelag vort Rangæinga þurfi ekki að leggja fram til þessara ferða meira en góðu hófi gegnir, og þá er alls ekki líklegt að landssjóður þyrfti að borga út alla þessa upphæð. Og jeg vil alvarlega vekja athygli hinnar h. fjárlaganefndar og h. deildar á því, að ef hún vill láta Rangæinga njóta einhvers í þessu efni, sem má að gagni verða, þá verður það að vera að eins á þann hátt, að vjer sjeum styrktir til þess að halda uppi gufubátsferðum.

Björn Sigfússon: Það er ljettir fyrir mig að ýmsir h. þm. hafa tekið það fram, sem jeg annars hafði að athuga við nokkra liði, og það þarf jeg ekki að taka upp aptur, en það er þó dálítið sem jeg finn ástæðu til þess að bæta við.

H. 2. þm. Árn. (B. M.) hefði getað sparað sjer þennan samanburð á Árnessýslu og Húnavatnsýslu; því það liggur engin tillaga fyrir um það, að setja aukalækni í Húnavatnssýslu. Jeg hefi ekki verið svo sjergjarn, að koma fram með till. í þá átt, þar sem jeg hefi komizt að raun um, að enn meiri þörf var sumstaðar annarsstaðar fyrir lækni. Þrátt fyrir ræðu h. 2. þm. Árn. (B. M.) hefi jeg ekki sannfærzt um það, að þörfin sje brýnni í Árness- en Húnavatnssýslu. Þó h. þm. sje sögufróður maður, þá er hann alls ekki vel fróður í sögu læknaskipunarmálsins. Það er ekki rjett, að Blanda takmarki læknishjeraðið, því það nær alveg út á Skagatá og það er kippkorn þangað frá Blöndu, víst 8—10 kl.tíma ferð. Jeg ætla svo ekki að fara fleirum um þetta mál, af því engin breyt.till. liggur fyrir um að setja aukalækni í Húnavatnssýslu, og þar sem jeg ekki held því fram fyrir mitt kjördæmi, þá leiðir þar af, að jeg finn enga ástæðu til þess að mæla með því, að Árnessýsla fái aukalækni. Það er hvort sem er eigi unnt að setja lækna svo þjett, sem æskilegt væri.

Þá er 34. breyt.till., sem er frá hæstv. landshöfðingja, um að læknirinn á Akranesi verði fluttur til Reykjavíkur. Það er búið hjer um bil að taka fram mitt álit um það, og jeg verð að vera því máli hlynntur, af því jeg er þess fullviss, að hann mundi standa betur að vígi í Reykjavík en þar sem hann nú er. Hann verður eflaust að gjöra ýmsar »operationir«, sem hann á ómögulegt með að gjöra án hjálpar læknisfróðs manns. En þar sem h. 1. þm. Rangv. (Þórð. G.) tók fram, að það væri hægra fyrir menn að sækja

til hans í Reykjavík, þá er það ekki rjett að svo sje, nema fyrir þá sem eru á suðurlandi. Fyrir norðlendinga er hægra að ná í hann þar sem hann nú er. En hvorugt af þessu á að ráða, heldur það, hvar hann gæti orðið að mestu gagni, og það blandast mjer ekki hugur um að sje í Reykjavík.

Viðvíkjandi 37. breyt.till. frá h. þm. V.-Skaptf. (G. G.), þá getur mjer ekki dulizt það, að skilyrði þau, sem þar eru sett fyrir fjárveitingunni til brúargjörðar á Hjeraðsvötnum, leggi töluverða hindrun fyrir framkvæmd fyrirtækisins. Jeg veit að honum gengur að eins gott til þess að vilja láta setja þá tryggingu fyrir því, að verkið verði vel af hendi leyst, að fjeð verði ekki útborgað fyr en verkinu er lokið og verkfróður maður hefir látið í ljósi álit sitt um það, en jeg vona að hann við nákvæmari yfirvegun sannfærist um það, að þetta verður, ef ekki til þess að fella málið, þá til þess að tefja mjög mikið fyrir því, að hafa þessi umsvif, fyrst að taka lán, og ef það fæst þá að láta verkfræðing skoða og segja álit sitt um verkið, til þess að borgunin fáist. Það er ekki víst að verkfræðingur fáist srax, þá verkið er á enda. Jeg álít því »praktiskara« að verkfræðingur segi til á undan, hvernig verkinu skuli vera hagað. Það getur verið örðugt fyrir hann að segja á eptir, hvernig verkið er af hendi leyst, ef hann hefir ekkert kynnt sjer áður en byrjað var t. d., undirstöðuna o. fl. Þessi breyt.till. nær einnig til bryggjugjörðarinnar á Blönduós, og í sambandi við þetta vil jeg benda h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) á, að nú stendur svo á, að hægt er að fá álit og umsögn verkfræðings fyrir fram. Og af því að jeg held að honum og mörgum fleiri h. þm. sje ekki vel kunnugt um mál þetta, þá vil jeg skýra það lítið eitt og um leið láta þakklæti mitt í ljósi til fjárlaganefndarinnar, sem hefir litið á þörf hjeraðsbúa minna og lagt til, að fje þetta yrði veitt.

H. nefnd hefir rjettilega tekið það fram, að Húnavatnssýsla er nálega útilokuð frá öllum strandferðum. Það er að eins á einum stað, að strandferðaskipið getur komið þar að, og það er á útkjálka sýslunnar, á Skagaströnd, og þau koma þar ekki nema einu sinni á austurleið og einu sinni á vesturleið á sumri; þetta er eiginlega sama sem engar samgöngur, á sjó, fyrir jafn fjölmennt hjerað. Það getur hver og einn sagt sjer sjálfum. Skagastrandarhöfn hefir heldur aldrei haft gott orð á sjer, og því hefir reynzt svo erfitt að fá skip þangað. Húnvetningar hafa því sjeð, að eini vegurinn til þess að fá betri strandferðir þar um, sje, að mannshöndin skapi þar tryggan viðkomustað, og það yrði með því, að gera við lendinguna fyrir norðan Blönduósinn, þannig, að byggja þar öfluga bryggju. Þegar þessi hugmynd kom upp, þá var ekki kostur á neinum reglulegum vegfræðing, til að segja fyrir um verkið, og gera áætlun um það; þess vegna snjeru menn sjer til Einars á Hraunum, sem hefir manna bezt vit á slíkum fyrirtækjum, og hafa h. þm. sjeð álit hans. En eptir að jeg kom suður, þá átti jeg tal við hæstv. landsh. um þetta; vildi þá svo heppilega til, að hann hafði ákveðið að láta verkfræðing S. Thóroddsen fara norður á þessu sumri, til þess að athuga veg þar, og var hann mjög fús á, að láta hann fara um leið á Blönduós, og skoða bryggjustæðið, og gefa leiðbeiningar í þessu efni. Hjer er því hægt, eins og nú á stendur, að fá álit og leiðbeiningu verkfræðings fyrir fram, um það, hvernig verkinu skuli hagað, og það umsvifa- og kostnaðarlaust. Verkið verður auðvitað fram-

kvæmt eptir því, sem hann segir fyrir. Það segir sig annars sjálft, að það getur engum verið meira áhugamál, að verkið verði traust og vel af hendi leyst, en einmitt þeim sem eiga að því að búa, og mestu munu verða til að kosta til þess, og það álít jeg beztu tryggínguna. Uppástungu h. þm. V.-S. (Guðl. G.) álít jeg ekki heppilega, því það er ekki víst, að verkfræðingur sje strax til taks, þegar verkinu er lokið; hann er nú að eins einn á landinu, og hefir ærið annað að starfa. Þess ber líka að gæta, að slíkt hefði talsverðan aukakostnað í för með sjer. Gæti þá svo farið, að fresta yrði útborguninni um óákveðinn tíma, þangað til skoðun verkfræðings væri fram farin. Næði því breytingartill. fram að ganga, sje jeg ekki betur en að hún yrði svo illur Þrándur í götunni, sem óvíst er, að yrði komizt yfir.

Jeg finn ekki ástæðu til þess, að fara fleirum orðum um þetta, en jeg vildi minnast lítið eitt á hinar margumtöluðu gufuskips- og gufubátaferðir.

Jeg verð að vera eindregið á þeirri skoðun, að strandferðirnar, eins og þær hafa verið að undanförnu, sjeu öldungis ófullnægjandi, og að það væri hin mesta vanhyggja af þinginu, ef það sleppti því tækifæri, sem nú sýnist vera fyrir hendi, til þess, að þingið geti í fyrsta sinn ráðið sjálft ferða-áætlun skipsins eptir vild sinni, og tekið upp marga nýja viðkomustaði; þá mundu gufubátaferðirnar verða óþarfar og falla af sjálfu sjer. Jeg vona, að t. d. gufubáturinn á Faxaflóa gæti borgað sig án styrks. Jeg er sannfærður um það að suðurströndin hefði ekki full not af strandferðaskipi, og að þar sje því meiri þörf á gufubát en við Faxaflóa, en það er annað mál, hvort styrkurinn þyrfti að vera eins mikill og ráð er fyrir gert, enda liggur nú breytingartill. fyrir, um að styrkurinn sje »allt að 3000 krónur«. Það gæti líka verið, að Lefolii á Eyrarbakka fengist til þess, að láta sinn bát fara nokkrar ferðir, fyrir minna kaup.

Jeg hefi enn ekki ástæðu til þess, að fara fleirum orðum um 11. og 12. gr., því eins og jeg gat um fyrst í ræðu minni, þá hafa sumir af h. þm. tekið það fram, sem jeg annars hafði að athuga.

Þórarinn Böðvarsson: Það er engan veginn til þess, að ljetta á h. framsögum., að jeg hefi mælzt til að taka hjer til máls. Það eru að eins nokkrar athugasemdir er jeg vildi gera, og vil jeg fyrst snúa mjer að skipun aukalæknanna. Jeg man þá tíð, — því jeg er farinn að eldast —, að læknar hjer á landi voru að eins 4; jeg man þá tíð og, þegar landinu var skipt niður í læknisdæmi, og er óhætt að segja, að það var gert sem bezt og haganlegast, að þá þótti unnt. Jeg man einnig þá tíð, þegar það kom til orða, að fjölga læknisdæmum á landinu, eptir að lög þau, sem nú eru í gildi, voru samin. Jeg var þá í fjárlaganefndinni. Komst hún að þeirri niðurstöðu, að eigi skyldi fjölga læknisdæmum þá, og tók það ráð, að setja um sinn aukalækna í þess stað. Í frumv. stjórnarinnar er nú gert ráð fyrir, að þeir sjeu 10, og komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að eigi væri gjörlegt að fara langt fram úr því. Jeg hlýt að játa, að hjer er úr vöndu að ráða, og það þótt hver þm. væri gjörkunnugur á öllu landinu; það er samt erfitt að segja, hvar þörfin er mest. Jeg játa, að einfaldast væri, að hafa enga lækna launaða úr landssjóði, en það bannar fátækt almennings hjá oss. En jeg hefi ekki getað sannfærzt um, að tillögur fjárlaganefndarinnar væru á litlum eða ónógum rökum byggðar; máske hefir hún minnst

fyrir sjer að því er snertir Eyjahrepp. Það má ekki miða læknishjeruð við sýslur og hjeruð landsins. Í nándinni við Eyjahrepp eru 3 læknar, og er það einmitt fyrir þá sök, að nefndin hefir eigi sjeð sjer fært að mæla með því, sem farið er fram á í stjórnarfrumv., að þar sje bætt einum lækninum við. Að vísu getur það á stundum verið lítt mögulegt, eða jafnvel ómögulegt, að ná þar í lækni; en líkt má segja um mörg önnur hjeruð á landinu.

Jeg skil ekki, að nokkur þingmanna sje svo heimtufrekur, að honum þyki ekki fjárlaganefndin nógu örlát, þegar til samgangnanna kemur; en jeg sje að sumum þykir nefndin hafa verið of naum, hvað bitlinga snertir, en það er ekki tími til að tala um það nú.

Ein af tillögum nefndarinnar er sú, að veittar sjeu 5000 krónur til brúargjörðar á Hjeraðsvötnunum. Jeg get eigi betur sjeð en að Skagfirðingar hafi sýnt óvanalega mikla rögg á að vinna að brúarbyggingum og öðru þess háttar sjálfir, og finnst mjer það eigi lítið mæla með því, að þeim sje veittur styrkur þessi.

Þá kemur sú tillaga nefndarinnar, að veitt sje fje til bryggjugjörðar á Blönduós. Hefir mjer heyrzt sumir vera á móti fjárveitingu þessari, og raunar er það satt, að Húnvetningar hafa eigi sýnt sömu rögg af sjer og Skagfirðingar. En nefndin hefir þó álitið fjárveitingu þessa nauðsynlega. Það hefir og komið til orða, að veitt yrði fje til brúargjörðar á Blöndu. En nefndinni þótti bryggjan enn þá nauðsynlegri, því að hún verður eigi að eins Húnvetningum að notum, heldur einnig Skagfirðingum, og er það mikill ljettir fyrir marga, að þurfa ekki að fara nema á Blönduós í staðinn fyrir á Sauðárkrók; því ef bryggja þessi verður byggð, má ætla, að Blönduós geti orðið áreiðanlegur viðkomustaður strandskipanna.

Úr því jeg minntist á læknahjeruðin, þá vil jeg einnig minnast lítið eitt á 34. tölul. viðvíkjandi því, að flytja Björn Ólafsson augnalækni til Reykjavíkur. Raunar getur nefndin ekki fallizt á þá tillögu; en það mælir óneitanlega mikið með þessum flutningi, og máske það mest, að hann hefði þá engu læknishjeraði að gegna. Því sjálfur meistarinn, Hansen-Gruth, fyrirbýður lærisveinum sínum að taka hendinni til nokkurrar afraunar. Samt get jeg ekki fallizt á þær breyt.till., sem hjer liggja fyrir; í þeim er farið fram á 2000 kr. laun; það er hærra en læknar hafa hjer, þar sem þeir hafa hæst laun, í kaupstöðum, og þykir mjer það of hátt. Því jeg er sannfærður um, að þar sem hann er sá eini »specialisti« í þessari grein, þá mun hann fá verk sín mjög vel borguð. Að sjálfsögðu ætti það að vera með, að honum væri gert að skyldu að kenna nemendum á læknaskólanum þessa áríðandi fræðigrein. Mun jeg því við 3. umr., ef farið verður fram á aðra minni upphæð, eigi verða því mótfallinn, að honum sje veittur styrkur til þess að setjast að hjer í Reykjavík.

Þá mun h. þm. sízt þykja skorið við neglur, þegar til strandferðanna kemur. Jeg fyrir mitt leyti vildi helzt ekki víkja frá þeirri reglu, sem nefndin setti upphaflega, að stærri skip gengju með ströndum og til útlanda, og að svo kæmu gufubátar, sem gengju svo að segja inn á hvern vog. Þetta er sú rjetta regla, að mínu áliti; jeg hreyfði því í nefndinni. Jeg hreyfði því líka í nefndinni, að strandaferðaskipin væru tvö, sem færu sem optast til útlanda, og annað gengi frá Vopnafirði suður um til Ísafjarðar, og hitt frá Vopafirði

norður um til Ísafjarðar. Þetta álít jeg bezta og tryggasta fyrirkomulagið. Því að það er til nokkuð, sem heitir hafís, og hefir hann, eins og allir vita, gjört rugling mikinn á strandferðunum, svo þær hafa orðið að ónotum fremur en notum. Þetta segi jeg, ef h. þm. vilja halda, að það sje álit mitt, að nauðsynlegt sje að hverfa frá hinni upphaflegu hugmynd nefndarinnar. En þar sem heiðursmaðurinn Randulff kom með þetta tilboð, sem jeg vil kalla glæsilegt, þótt jeg að vísu óttist fyrir, að það verði honum ofvaxið að framkvæma það að öllu leyti, þá áleit nefndin, að eigi væri rjett að láta það ganga fram hjá sjer. En það skyldi gleðja mig, ef þetta heppnast fyrir honum. Því þótt gufuskipafjelagið danska hafi gengið frá því, þá er það alls eigi þar með sagt, að það sje ómögulegt, og væri strax talsvert unnið með því, ef hann getur sýnt og sannað, að það sje mögulegt. Nefndin hefir eigi aðhyllzt þetta, nema fyrir næsta fjárhagstímabil, enda er ekki farið fram á meira. Og jeg vil enn þá lýsa yfir því, að það er skoðun mín, að hin aðalreglan sje miklu rjettari og betri. Sjálfsagt er upphæðin, 25000 kr., mikil, en að því verður að gá um leið, að sýslufjelögin kosta engu til með þessu móti, og ekki full vissa fyrir, að þetta verði borgað út. Jeg hefi því lýst yfir, hvers vegna jeg hefi verið þessu samþykkur að sinni, og er það sjerstaklega til þess, að það fáist reynsla fyrir, hvort þetta er mögulegt eða ekki. Hingað til hefir það verið álitið ómögulegt, og jeg vildi óska, að honum tækist að sýna, að það sje mögulegt.

Að því leyti, sem talað hefir verið um skilríki, þá vil jeg taka það fram, — hver má taka það í gamni eða alvöru eins og hann vill —, að jeg efast ekki um, að stjórnin muni setja nógu ströng skilyrði og nægilega sterk takmörk, og ekki hvað sízt, þegar um kapteinn Randulff er að ræða. Jeg hefi aldrei efazt um umhyggju hennar fyrir fósturjörð vorri, en sízt held jeg að ástæða sje til þess í þessu máli.

Að endingu vil jeg minnast lítið eitt á breyt.till. þá, er komið hefir fram um fjárframlag til uppmælingar á Hvammsfirði. Jag get ekki annað en verið samþykkur þessari tillögu. Þetta, sem farið er fram á, er auðvitað mikið fje; en það miðar til hins sama, sem er ofan á á þessu þingi, að bæta sem mest og bezt allar samgöngur. Jeg fæ heldur ekki betur sjeð, en að herskipið, sem er — mjer liggur við að segja — að flækjast hjer á hverju sumri, geti skotið þar á land 2 mönnum, og gæti það dregið úr kostnaðinum að miklum mun, og ætla jeg íbúunum að gera ekki háa reikninga í þessu mál fyrir það lið sem þeir veita.

Að Hvammsfjörður yrði mældur upp, yrði ekki einungis þeim, sem í grendinni búa, dýrmætt, heldur væri það einnig ómetanlegur ágóði fyrir norðlendinga yfir höfuð, ef uppáhaldsskipið mitt, sunnanlandsskipið, gæti komið inn á Hvammsfjörð, og gert þeim mögulegt að nálgast nauðsynjavörur sínar þaðan, sem í ísárum getur verið allsendis ómögulegt a Húnaflóa.

Vil jeg nú ekki lengja umræðurnar að sinni, enda sagði jeg líka í byrjun ræðu minnar, að það væri alls ekki meining mín að ljetta á framsögumanni nefndarinnar, enda mun hann maður til að standa fyrir sínu máli.

Halldór Kr. Friðriksson: H. þingm. Borgf. (B. B.) var á móti því, að aukalæknir væri settur í Eyjahreppi á Breiðafirði, af þeirri ástæðu, að fyrir þá, sem búa á landi, væri þá eins erfitt að ná í hann. (*Björn Bjarnaroon*: Það er ekki rjett hermt). Það þykir mjer

skrítin ástæða, að vilja ekki gera heilum hrepp hægra fyrir með að ná í lækni, af því að öðrum hrepp verður það ekki hægra um leið, án þess þó að honum verði það óhægra. En fyrir Eyjahrepp yrði hægðaraukinn ákaflega mikill, því að það er sannarlega mikill munur á, að fara 6 vikur sjávar á opnum sjó eða 2 vikur a milli eyja. En eins og nú er, er Eyjahreppur alveg útilokaður frá, að ná í læknishjálp, hvað sem við liggur. Það hefir komið fyrir, að fyrst hafa menn orðið að fara suður í Stykkishólm, en það eru fullar 6 vikur, og ekki getað lent þar fyrir ofviðri. Síðan hafa þeir orðið að fara upp að Brjánslæk, en ekki komizt þar að landi fyrir ís. Því að það hendir opt, að eigi er auðið að komast á land fyrir ísnum. Á hinn bóginn hafa og íbúar Gufudalshrepps og Múlahrepps miklu hægra með að ná í lækni í Flatey en í Stykkishólmi eða á Brjánslæk; því að þeir verða líka að fara sjóleið, til beggja þeirra staða. Að þeir geti ekki náð í lækni í Flatey, getur naumast komið fyrir á stuttum og mjóum eyjasundum, því að ef ís er töluverður, má jafnvel fara á ís til eyjanna og komast þannig alla leið. Það er örsjaldan svo illt, að ekki megi komast út í Flatey. En það er allt öðru máli að gegna um leiðina til Stykkishólms eða Brjánslækjar, því að sú leið er miklu lengri. Jeg er svo kunnugur þar vestra, að jeg veit, og þori að fullyrða, að enginn hreppur á landinu er svo útilokaður frá læknishjálp sem Eyjahreppur. En af því, sem jeg nú hefi sagt, má sjá að þeir væru miklum mun betur farnir, ef læknir væri í Flatey.

Jeg skal fúslega játa, að víða annarsstaðar sje mikil þörf á aukalækni, en það getur aldrei bætt um fyrir þeim hreppum, sem svo er háttað sem Eyjahrepp, að aðrir hreppar sje læknislitlir eða læknislausir. Það skyldi þá vera það, að þeim þætti sætara sameiginlegt skipbrot. Það hefur verið minnzt á, hve mikil þörf væri á lækni í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum, og verð jeg að vera því samdóma, að hún sje meiri þar en á flestum öðrum stöðum.

Ekki skal jeg þrátta um það, hversu mikil þörf sje á aukalækni í Árnessýslu; en það er ekki rjett, að hún sje meiri þar en í Húnavatnssýslu.

H. 2. þm. Árn. (B. M.) nefndi ekki rjett takmörk á læknishjeraði Húnvetninga. Blanda var gerð að austurtakmarki umdæmisins 1875, en 16. okt.br. 1877 var sú breyting á gerð með landshöfðingjabrjefi, að öll sýslan að undanskildum Bólstaðahlíðarhreppi var lögð til umdæmisins. Þetta hefur h. þingm. Árn. (B. M.) ekki athugað. Það er sannarlega löng leið úr miðri Húnavatnssýslu út á Skagatá, og þar við bætist, að læknirinn í Húnavatnssýslu hefur Bæjarhrepp í Hrútafirði með, þótt ekki sje í hans læknishjeraði. Það er því eins mikil þörf á aukalækni þar og í Árnessýslu.

H. þingm. Dal. (J. P.) hjelt ákaflega snjalla ræðu, og lýsti þeirri sælu, sem menn mundu geta notið, þegar þessar ferðir til allra smáfjarða væru komnar á. Hann lýsti því svo fagurlega, hve miklum framförum þjóð og þjóðlíf taka mundi, að mig skyldi ekki furða á því, þótt h. þingdeildarmönnum hefði fundizt þeir sitja í einhverri »gjörningabrælu« og sýnzt »flugdrekar fleyta um loptið glóandi sporðum«. Mjer fannst að minnsta kosti og h. þm. lypta sjer nokkuð upp frá jörðinni með köflum. Jeg hefi ekki þessar glæsilegu vonir, um allar þær framfarir, sem eiga að koma allt í einu og stafa af samgönguaukanum.

Hann talaði um það, hve hættulaus öll sigling sje um Ísafjarðardjúp. En minna vil jeg á það, að inni í Djúpinu eru sker, sem heita »brezku sker«, af því, að einhvern tíma hefur þar rekizt á eða strandað enskt skip, og jeg hef það fyrir satt, að nýlega hafi norskt skip farið upp á sker þessi, svo að alveg hættulaust er það ekki.

Þá er ferðaáætlunin. Hvers vegna á skipið að fara fram hjá Álptafirði, Seyðisfirði, Hestfirði, Skötufirði, Mjóafirði, Vatnsfirði, Reykjarfirði og Ísafirði? Hvers á svo Ögur að njóta, að skipið kemur þar við? Hvers vegna á það fremur að koma þar en á Jökulfirði? Því á skipið ekki að fara norður í Aðalvík, því ekki að Horni? Það gæti það þó flutt fýlunga og fýlungaegg til að sæta þingmanninum (J. P.) í munni, fyrst eigi má taka neitt æðareggið.

Jeg get ekki skilið, hvers vegna h. fjárlaganefnd hefir elt hverja vík og vog sumstaðar í áætluninni, en hleypur yfir því nær heilar sýslur á milli. Jeg hefi eigi eins mikla trú á þessum miklu viðskiptum og flutningum manna á milli sem h. þm. Dal. (J. P.), því að það eru sannarlega litlar líkur til að svo verði. En ef menn vilja kasta út 46,000 kr. rjett til reynslu, þá er bezt að gjöra það hreinlega og tína upp hverja vík og hvern vog á landinu. Það er ekki nóg að tína til alla staði á Austfjörðum; það ætti að taka Strandamenn með, því þar er þörfin meiri, og erfitt að sækja í kaupstað, bæði yfir fjallvegi og sjó, enda eins mikið að flytja þar. Ef gjöra á tilraun, þá er bezt að reyna það til fullnustu. En hræddur er jeg um, að það borgi sig ekki vel, því að Laura, sem ekki fer nema þrisvar vestur, fjekk í maíferðinni í fyrra vörur og fólk til flutnings fyrir 44 krón. Það var allt og sumt. Á suðurleiðinni mun hún hafa fengið 100 kr. Þessar strandferðir mundu því alls eigi svara kostnaði, en auk þess eru ýmsir aðrir annmarkar á, sem hæstv. landsh. þegar hefir tekið fram.

Jeg er því sannfærður um, að það er full ástæða til fyrir deildina, að íhuga þetta mál, áður en hún gefur því atkvæði sitt. Það ætti helzt að sleppa þessum strandferðum í þetta sinn, en hugsa það mál rækilega, og taka það þá heldur upp til 3. umr.

Viðvíkjandi þessum flutningi á Birni lækni Ólafssyni, þá skal jeg ekki hafa neitt á móti því, að hann væri studdur að því, að stunda vel þá grein lækninga, sem hann sjerstaklega leggur fyrir sig og hefir reynzt svo vel í. Jeg þekki lækni, sem talinn er vel að sjer; það er Guðm. Magnússon, sem treysti sjer ekki til nema með öðrum lækni að gera »operation«, og sendi manninn því hingað suður; og mun aðstoð annars læknis vera eins nauðsynleg, þegar um augun er að ræða.

En nú verður mjer að spyrja: Er ætlazt til, að Björn Ólafsson verði kennari við læknaskólann? Því hefir hæstv. landsh. neitað. En þá verð jeg að segja það hreint út, að jeg kann ekki við, að veita »praktíserandi« lækni hærri laun en nokkur læknir á landinu hefir. Læknar í kaupstöðum hafa, eins og kunnugt er, að eins 1900 kr., og aðrir læknar að eins 1500 kr. Mjer þykir hann fullsæmdur af 1500 kr., og það vil jeg fúslega veita honum.

Viðvíkjandi öðrum breyt.till. hefir verið svo mikið talað, að jeg get sparað mjer ómak með þær. Þó vil jeg geta þess, að jeg er fullkomlega samdóma því, sem sagt hefir verið, að Rangárvallasýsla og Árnessýsla hafi eigi gagn af hringferðunum. Eigi samgöngur þar að batna, þá verða þar að vera gufubátar, sem geta sætt lagi, að komas

að, þegar veður og sjór leyfir, og verða því að hafa stöðvar sínar annaðhvort á Eyrarbakka eða öllu heldur í Vestmannaeyjum, og þyrfti þó ef til vill að bíða dögum saman. En það gæti auðvitað hringferðaskipið ekki gert. Jeg mun nú ekki fara fleirum orðum um þetta mál að sinni.

Klemens Jónsson: H. framsögum. (J.J.) byrjaði ræðu sína í fyrra dag á því, að skýra frá, hvað miklar fjárbænir hefðu komið til fjárlaganefndarinnar; hann gat þess, að þær hefðu samtals verið um 200,000 kr.; sagði hann, eins og rjett er, að ekki hefði verið hægt að sinna þeim öllum; hann gat þess líka, að aðrir h. deildarmenn hefðu ekki orðið alls kostar ánægðir með aðgjörðir nefndarinnar, og hefðu nú ýmsir þeirra komið með tillögur um að bæta ekki svo litlum upphæðum inn á fjárlögin. Þar á meðal væri þm. Rvík (H. Kr. Fr.); hann væri ekki ánægður með sparnað fjárl.nefndarinnar, sem reyndar ekki sýnist mikill, því að hann vildi auka gjöld landssjóðs um 10,000 kr., og var ekki laust við, að h. framsögum. þætti það ærið undarlegt, eða eitthvað því um líkt, að menn skyldu dirfast að koma fram með breyt.tillögur. Jeg get ekki skilið svo, að h. nefnd geti búizt við eða eigi heimting á, að allar tillögur hennar fái framgang, en ekkert tillit sje tekið til þess, sem aðrir h. deildarm. bera fram. Jeg skal alls eigi lasta h. nefnd fyrir það, þótt hún sæi sjer ekki fært að sinna öllum þeim fjárbænum, sem henni bárust, en svo finnst mjer h. nefnd megi heldur ekki bregða öðrum þm. um það, þótt þeir komi með tillögur um upphæðir, er þeir telja nauðsynlegar. Skoðanir manna á því, hverjar fjárveitingar sjeu nauðsynlegar og hve mikið veita skuli, hljóta jafnan að verða nokkuð ólíkar; þannig voru t. d. 13: 10 með því að hækka tillagið til Hólaskóla eins gífurlega og nefndin fór fram á. Jeg ætla ekki að fara orðum um allar breytingarnar við 11. og 12. grein; slíkt getur ekki verið hlutverk hvers einstaks þm., enda gengi of mikill tími til þess. Jeg ætla einungis að minnast á tvö atriði. Það hefir þegar verið mikið rætt um aukalækni í Árnessýslu; verði eigi hægt að skipa aukalækni á öllum þeim stöðum, sem um er að ræða, þá er sjálfsagt að láta þá sitja fyrir, þar sem nauðsynin er mest, og þá blandast mjer ekki hugur um, að taka Eyjahrepp fram yfir Árnessýslu, og læt jeg svo úttalað um það. Þá skal jeg snúa mjer að aðalatriðinu í þessum kafla fjárlaganna, gufuskipaferðunum. H. fjárlaganefnd hefir lagt það til, að hinu sameinaða gufuskipafjelagi væru veittar 18,000 kr., til að halda uppi milliferðum milli landa og strandferðum kringum landið, og J. Randulff 25,000 kr. til strandferða. Ýmsum h. deildarmönnum hefir þótt þetta gífurlegt, og talið vafasamt, að það mundi borga sig. Jeg er ekki svo hræddur við þetta, og gæti verið með að gefa hvorutveggju atkvæði, þótt jeg sjái, að viðurkeppni er stofnuð milli hvorutveggja. En eins og málið liggur nú fyrir, er það nokkuð athugavert, og skal jeg því fara nokkrum orðum um bæði þessi atriði. Jeg held það hafi aldrei komið ljósara fram en 1892—93, hve ónógar strandferðir vjer höfum, og hver þörf sje á að bæta þær. Einkum hefir þetta sýnt sig á Norðurlandi, þar sem strandferðaskipið hefir að eins farið um þrjár ferðir. Vesturland hefir staðið töluvert betur að vígi, þar sem »Laura« hefir farið þrjár ferðir til Vestfjarða, og hringferðaskipið þó komið þar eins opt við og á Norðurlandi. Austfirðingar hafa líka »faktiskt« verið betur staddir, því

að Randulff og Wathne hafa stórum bætt samgöngur þeirra. Það er því eðlilegt að Norðlendingar, sem svo hafa orðið afskiptir með gufuskipasamgöngur, sjeu óánægðir, og að þeir beindu því að þm. sínum, að reyna að stuðla að því, að þingið skildi betur við samgöngumálið en það gjörði síðast, og það tel jeg skyldu þess að gjöra. Norðlendingar óska þess, að strandferðir verði ekki óhagfelldari en þær voru 1890—91, og munu þeir ekki telja eptir, að 18,000 kr. sjeu lagðar fram til þess. Í sambandi við þetta, og til að sýna, hve Norðlendingar finna til samgönguskortsins, skal jeg geta þess, að kjörnir menn úr Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu og Akureyri, áttu fund með sjer í vor á á Akureyri, einkum til að ræða um gufubátsferðir með fram ströndum sínum; en þegar á fund var komið, varð mönnum ljóst, að málið var ekki fullvel undir búið, og var þá einkum snúizt að því, að ræða um strandferðir yfir höfuð. Samþykkti fundurinn þá í einu hljóði þessar tillögur:

1. Að sjeð verði fyrir að minnsta kosti 6 gufuskipaferðum frá útlöndum til Íslands, og með fram ströndum landsins.

2. Að til þessara strandferða verði höfð 2 gufuskip, er fari ýmist austan eða vestan um land, og komi við á öllum aðalhöfnum landsins í hverri ferð, en á smærri höfnum að eins í sumum ferðunum á víxl.

3. Að fyrsta ferð strandferðaskipanna byrji ekki seinna en 20. marz ár hvert, frá Kaupmannahöfn eða útlöndum, og síðasta ferðin endi ekki fyr en 20. desember.

Þetta eru þær tillögur um strandferðir, sem fundarmenn, og meðal þeirra voru 5 alþingismenn, óskuðu að fylgt væri fram, og mun mjer óhætt að fullyrða, að í tillögunum komi fram almennur vilji Norðlendinga í þessu máli. En með því að taka boði gufuskipafjelagsins, fá þeir hann ekki fullkomlega fram. Jeg skal ekki þrátta um það, hvort fimm ferðir sjeu ekki viðunandi, en það er annað, sem er lítt viðunandi, og það er, hve snemma síðasta strandferðaskip fer frá norðurlandi að haustinu. 1890 átti Thyra að koma frá K.höfn til Akureyrar þann 6. okt., og þann 7. átti Laura að koma þangað sunnan að, og þetta er síðasta ferðin í byrjun október, og 1891 var Thyra á Akureyri, að mig minnir, þann 12. okt. og Laura 2 dögum síðar. En þessar ferðir komu okkur ekki að nándanærri fullum notum, eins og jeg nú skal sýna fram á.

Það vita allir, að á Eyjafirði er jafnaðarlega mikill síldarveiði í október og nóvember. Til þess að geta gert sjer mat úr þessum afla, þá verður að falla til ferð til útlanda um þessar mundir, eða síðar, því að bæði er það, að markaður á síld er betri á vetrum en á vorin, og eigi borgar það sig, að liggja með síldina yfir allan veturinn og fram á vor. Því er farið fram á í tillögunum, að síðasta strandferðin sje svo seint. En verði ferðum hagað eins og 1890 til 91, þá ná þær ekki að þessu leyti tilgangi sínum, nje heldur að sumu öðru leyti. En jeg held að hægt væri að fá bætur ráðnar á þessu með því, að í stað þess, sem Thyra á að fara síðustu ferðina beint til útlanda frá Reykjavík, að þá væri hún aptur látin halda vestur og norður um land. Þá mundi hún þó ekki fara fyr en fyrst í nóvember frá Akureyri, og mundi það verða að allmiklum notum, og mikil framför frá því sem hefir verið. Jeg get ekki skilið að þingið eða gufuskipafjelagið mundi hafa á móti þessu. Jeg skal geta þess, að jeg hefi talað um

þetta við mann einn, sem stendur gufuskipaferðinni allnærri; kvaðst hann hafa minnzt á þessa tilhögun við forstjóra þess, Normann, og hefði hann talið, að það mundi geta látið sig gera.

Þá skal jeg víkja mjer að strandferðatilboði J. Randulffs. Hæstv. landsh. tók það fram, að óheppilegt væri, að binda fjárveitingu við einstakan mann og einstakt skip, en jeg tel sjálfsagt að hægt sje að orða það á annan veg. Með því að binda fjárveitinguna við vissan mann, er öll samkeppni útilokuð, og ekki hægt að sæta því, þótt annar bjóði betri kjör.

H. deild er kunnugt, að jeg hafði þann heiður, að útbýta meðal þingm. strandferðatilboðum frá O. Wathne. Jeg skal ekki lá h. fjárlaganefnd, þótt hún sæi sjer ekki fært, að taka þau til greina, þar sem annar maður býðst til að taka að sjer sömu ferðir fyrir minna fje. En hver veit, nema O. Wathne, síðar — við nánari íhugun — komist að þeirri niðurstöðu, að hann vilji taka að sjer strandferðir fyrir enn minna en keppinautur hans, en þá er hann með öllu útilokaður frá því. Jeg álít því æskilegt að tillagan á þingskj. 318 væri orðuð öðru vísi en gert er. Ef hún er orðuð þannig, að veita megi allt að 25,000 kr. til strandferða, þá má veita J. Randulff þá upphæð, ef annar býðst ekki til að taka að sjer ferðirnar fyrir minna fje, eða á hagfeldari hátt. Menn eiga það víst, að hann muni vilja takast þær á hendur fyrir þessa upphæð, svo að eigi getur verið hætta á að orða tillöguna þannig. Og í því trausti, að hún muni verða löguð áður en til 3. umr. kemur, mun jeg nú greiða atkvæði með henni.

Jeg veit það á miður við, að minnast nú sem stendur mikið á einstök atriði í ferða-áætlun Ernst, því að það mun standa til, að h. fjárlaganefnd breyti henni og lagi hana. En þó finnst mjer þeir, sem mest hafa fjallað um hana, skyldir til að svara, er leitað er upplýsinga um einstök atriði hennar.

Mjer er þá fyrst og fremst óskiljanlegt, hvað fyrsta ferðin vestur í marzmánuði hefir að gera.

Jeg hygg það mundi nóg, að fyrsta ferð hæfist 31. marz, eins og nú er ætlazt til að önnur ferðin byrji, og að þá væri farið alla leið norður um land. Jeg held það veitti annars ekki af, að endurskoða vandlega alla ferða-áætlunina. Það er eins og hún bendi öll á, að þessi Ernst sje mjög hraðskreitt skrip, sem hann vitanlega ekki er. Þannig á hann 14. marz að vera á fjórum stöðum ssma daginn, í Keflavík, Þorlákshöfn, á Eyrarbakka og í Vestmannaeyjum, en 9. júní á hann aðeins að vera á þrem af þessum stöðum, og er þó dagur þá orðinn lengri, og von betra veðurs. Jeg tek það aptur upp, að eigi muni vanþörf á að endurskoða ferða-áætlunina, og taka til íhugunar, hvort ekki muni ástæða til, að fella úr ýmsa af viðkomustöðunum, sem á henni eru, t. d. Finnafjörð, Ögur o. fl.

Skal jeg svo að sinni ekki tala meira um þennan kafla fjárlaganna, enda eru umræðurnar um hann orðnar ærið langar.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg minntist á stofnun hins nýja aukalæknisembættis í Árnessýslu, þegar jeg talaði síðast. H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) andmælti mjer þar með hógværum orðum; sjerstaklega vefengdi hann það sem jeg sagði um vegalengdina til læknis í Laugardælum. Honum þótti það vera kerlingareið, að vera 10 tíma úr Þingvallasveit eða Hreppum að Laugardælum. Það lítur út fyrir, þó ólíklegt sje, að h. þm. (H. Kr. Fr.) sje lítt kunnur, hvernig hjer getur verið að ferðast um

hávetur, og það er merkilegt að heyra eins gamla og reynda og greinda menn, eins og h. þm. (H. Kr. Fr.) miða öll ferðalög við það, sem fara má í skemmtiferðum um hásumar. Hann rennir þó víst grun í, að það getur komið fyrir, að lækni þurfi að sækja um vetur, og þá eigi síður að vera á ferð á nóttu en degi, og hann mun líka renna grun í, að þá muni ekki jafnan eins fljótfarið, eins og þegar menn geta þeist á gæðingum um góða vegi á sumrum; það mætti fremur búast við því af börnum en öldungum á áttræðisaldri, að þau töluðu um kerlingarreið við læknavitjanir hjer; rosknir menn ættu þó að vita það, að vetrarferðin neyðir menn opt til, að viðhafa kerlingarreið og kerlingagöngu, hve duglegir sem þeir eru.

H. þm. Borgf. (B. B.) kvaðst og mundu verða á móti aukalækni í Árnessýslu og kvað hann hjeraðslækninn í Árnessýslu búa því nær í miðju umdæmi sínu. Jeg veit að h. þm. (B. B.) hefir lesið vel sitt Íslandskort, en þó virðist hann vera farinn að ryðga í því hjer; hver sem gætir að, sjer, hve fjarri þetta er; hann þarf ekki að vera nærri eins vel að sjer, eins og h. þm. Borgf. (B. B.), til að sjá, að læknirinn býr næsta nærri suðvesturjaðri umdæmisins. Jeg skil ekki í að h. þm. (B. B.) skuli fleygja slíku fram; til minna má þó ekki ætlast af honum, en að hann beri fram skynsamlegar ástæður máli sínu til stuðnings. I sambandi við þetta ætla jeg að minnast á hinn margumrædda augnalækni, er jeg mælti fram með, en sem h. þm. mælti á móti, að því leyti sem jeg heyrði, hvað hann sagði. Hann kvað það muna minnstu fyrir menn — sjálfsagt, eptir því sambandi að dæma, sem hann setti það í — austan úr sýslum, hvort þeir færu til Reykjavíkur eða Akraness; hann kvað það mundu kosta einum 2 kr. meira. Það hefði mjer þótt mikið, er hann var búsettur hjer í Reykjavík, að hann hefði þá viljað ljá menn og skip upp á Akranes fyrir 2 kr. Þetta er viðlíka nærri sanni og hitt, að Laugardælir sjeu í miðju hjeraði læknisins í Árnessýslu. Að eins fyrir kjördæmi h. þm. (B. B.) er það hægra að ná í augnalækninn á Akranesi en í Reykjavík, og getur verið, að þm. (B. B.) sje þó svo heppinn, að hafa hjer nokkuð til að draga taum síns kjördæmis með. Fyrir þá sem með strandferðaskipunum koma er það ólíkt hægra að ná til augnalæknisins í Reykjavík en á Akranesi; það getur munað því, að þeir geti þegar farið til baka með sömu ferð, í stað þess að þurfa annars að bíða svo og svo lengi.

Þá ætla jeg aptur að minnast lítið eitt á gufuskipaferðirnar. Það er þegar búið að færa svo gild rök fyrir því, að áætlun h. fjárlaganefndar geti ekki komið suðurströnd landsins að notum, að jeg vona að h. nefnd hafi látið sannfærast, og taki málið að nýju til íhugunar. Skal jeg svo ekki tala meira um það, en minnast á strandferðirnar í heild sinni. Mjer er ekki hægt að skilja, hvað strandferðaskipið á að hafa að flytja í þessum mörgu ferðum; jeg skal sjerstaklega nefna marz- og aprílferðirnar.

Jeg veit t. d. ekki, hvað skip hefir að gera frá Reykjavík til Keflavíkur seinast í marz; þá má varla heita, að vertíð sje byrjuð, en þó orðið of seint, til að flytja vermenn að mun; jeg held það hafi varla brjef að flytja. Mjer skildist líka á h. varaforseta (Þ. Böðv.), að hann væri fremur veikur í þeirri trú, að skipið mundi hafa mjög mikið að gera, og því minna verður það, þegar svo má segja, að önnur skip sjeu sett til höfuðs strandferðaskipinu, þegar

þingið sjálft ætlar að útvega því keppinaut. Jeg skoða ferðaáætlun h. fjárlaganefndar ekki öðruvísi en lítilsháttar uppkast að áríðandi skjali, sem tilætlunin sje að fara einum 3—4 sinnum yfir á eptir og endurbæta á ýmsa vegu. Það getur þó eigi verið tilgangurinn, að ginna þann mann sem hjer er um að ræða, og sem ætti að vera skjólstæðingur þings og þjóðar, undir eins og hann er starfsmaður þings og þjóðar, út í ófæru, og jeg vil ekki að tilefni sje gefið til þess, að hann leiðist til þeirra glæfraráða, að skuldbinda sig til að fullnægja ferðaáætlun, sem sýnist liggja í augum uppi, að hann geti ekki fullnægt; vjer megum muna það, að veður eru optast hörð í marzmánuði, og það svo hörð, að alveg má telja víst, að hann geti engan veginn fylgt ferðaáætlun líkri þeirri, er hjer liggur fyrir.

Jeg get fyrir mitt leyti ekki lagt eins mikla áherzlu eins og h. þm. Dalam. (J. P.) á það, hve ágætt meðal strandferðirnar muni reynast til að lífga og fjörga innnanlandsverzlunina; jeg þekki hana varla nú. En fyrir 30—40 árum, þegar engin gufuskip fóru hjer með ströndum fram, þá var hjer fjörug innanlandsverzlun, hvað þá þegar Þingeyingar sóttu skreið suður í Grindavík, jeg tala ekki um hinar miklu og tíðu skreiðarferðir Húnvetninga, Skagfirðinga og Eyfirðinga hjer suður um öll Suðurnes og vestur undir Jökul. Þessir menn færðu hingað vaðmál, smjör og skæðaskinn og borguðu skreiðina með. Þá var hjer fjörug innanlandsverzlun, en nú er hún í fjörbrotunum og síðustu dauðateygjunum.

Hin eina sveitaverzlun sem nokkuð kveður að á Suðurnesjum, er þorskhausaverzlun við Árnessýslubúa og Rangvellinga, því að hvergi annarsstaðar í víðri veröld er markaður fyrir þá; en jeg vona, að sú verzlun færi að minnka, og menn sjái, að beinarusl sje dýr varningur, að flytja margar dagleiðir. (*Sighv. Á.*: Þeir eru þegar farnir að sjá það). Jeg sem sagt skil ekki í, hvað strandferðaskipið á að flytja, allra sízt ef gufuskipafjelagið danska verður látið draga frá því. Flutningur á nokkrum tunnum af hval af Vesturlandi getur þó aldrei gefið mikið í aðra hönd. Mjer er annt um að strandferðir vorar komist í sem bezt horf, en á skynsamlegum grundvelli verða þær að byggjast, ekki síður en allt annað, og ofmiklu fje má ekki kasta út til þeirra rjett fyrir nafnið tómt. Jeg játa, að það sje vandaverk, að semja haganlega ferðaáætlun, og vel getur verið, að ekki hafi verið auðið að semja hana betri á svo stuttum tíma; en jeg vona, að við vandlegri íhugun megi þó laga hana í ýmsum greinum. H. þm. Dalam. (J. P.) kvað samgöngubætur mundu verða til þess, að menn löstuðu ekki landið, og að vesturfarir stöðvuðust. Jeg skal ekki segja neitt um það; en eitt skal jeg segja. Vjer vitum allir, að tilgangurinn er, að velja beztu menn á þing, menn sem kunni að fara sem bezt og haganlegast með landsins fje, og heppnist það, þá munu menn tryggjast í landi; en það er aptur á móti ekki til að tryggja menn í landi, að koma landinu í sama skuldaástand og þröng, eins og þorri landsmanna er nú í hjá kaupmönnum sínum. Ef vjer viljum reynast góðir ráðsmenn þjóðarinnar, þá veitir oss ekki af að hafa vaðið fyrir neðan oss og forðast að safna skuldum, og að rýra eignir landsins. Það hefir opt verið tekið fram, og það einnig af stjórninni, að með því að selja landssjóðsjarðir og láta andvirði þeirra renna í landssjóð, þá rýrni tekjur landsins; sömuleiðis er þess að gæta

að tillagið úr ríkissjóði fer minnkandi. Þetta hvorttveggja verðum vjer að hafa hugfast nú, þegar vjer erum að ganga frá fjárlögunum. Vjer verðum að gjalda varhuga við, að nýja skatta þurfi að leggja á landsmenn; þeir mega ekki vel við þyngri álögum en nú eru. Það er því varlega farandi út í að jeta upp allan landssjóð.

Það hefir verið sagt að skuldir og basl landsmanna væru kaupmönnum að kenna; þeir legðu svo mikið á vörur sínar og verzlun væri svo óhagfelld hjá þeim. En það dugar ekki eingöngu að líta á það, sem kaupmenn hafa lagt á verzlunina; vjer verðum að muna eptir því, að vjer höfum sjálfir lagt töluvert á hana, og gert hana erfiða landsmönnum. Jeg get vel ímyndað mjer, að sú tíð kunni að koma, þótt ef til vill verði nokkuð hennar að bíða, að mönnum muni getast betur að, að hafa meira af föstum sköttum og beinum en óbeinum. Því að því verður ómögulega neitað, að þungir skattar á verzlun hefta hana og gera hana erfiða.

Jeg færði h. nefnd áður þakklæti fyrir tillögur hennar með aukalækni í Árnessýslu, en mjer láðist þá eptir að færa henni þakklæti fyrir annað, fyrir sparsemi hennar í fjármálum, og fyrir niðurskurð hennar. En það er eins og gamli Grímur ægir hafi gengið öfugur kringum valinn og vakið hann allan upp aptur. En það er ekki nóg með það, að hinn forni valur sje endurlifnaður, heldur eru hjer komnir nýir dátar fram á völlinn til að keppa í krásina; nýir bitlingar eru bornir hjer fram, og verði þeir flestir veittir, þá held jeg reki að því, að vjer verðum ekki taldir góðir ráðsmenn á landsbúinu, og jeg verð að segja það um mig, að mjer er næst skapi að greiða atkvæði móti flestum þeim breyt.till., sem hjer liggja fyrir.

Viðvíkjandi beiðni h. þm. Dal. (J. P.) um, að fá 10,000 kr. til að mæla upp fyrir innsiglingu á Hvammsfjörð, þá skoða jeg það fremur sem alríkismál, og að danska stjórnin eigi að sjá um mælingar á höfnum og fjörðum, eins og hún t. d. ljet mæla upp innsiglinguna inn á Borðeyri; auk þess ætla jeg, að mæling þessi mundi verða framkvæmd fyrir minna fje en 10000 kr. Skal jeg svo ekki tefja tímann með lengri ræðu um þennan kafla fjárlaganna. Jeg vona, að mjer hafi tekizt að láta menn skilja mig eða stefnu mína í fjármálum vorum.

Skúli Thoroddsen: Það hafa, sem eðlilegt er, komið fram ýmsar breyt.till. við tillögur fjárlaganefndarinnar, og skal jeg leyfa mjer að minnast á nokkrar þeirra, og svara því í umræðum nokkurra þingmanna, sem mjer helzt þykir svars þurfa.

H. 2. þm. Árn. (B. Th. M.) fann hvöt hjá sjer til að fara að ybbast við aukalækni þann, sem ráðgjört er að skipaður verði í Grunnuvíkur- og Sljettuhreppum; en jeg hjelt nú reyndar helzt, að h. þm. (B. Th. M.) hefði átt að hafa það hugfast, þegar um aukalæknana er að ræða, að honum mundi það hollast, að eiga frið við alla menn, því að af öllum þeim áskorunum, sem komið hafa til þingsins um skipun nýrra aukalækna, þá hefi jeg litið svo á, að af þeim áskorunum, sem fjárlaganefndin tók til greina, standi aukalæknirinn í Árnessýslu einna tæpast; og jeg skal taka það fram, að þar sem h. 2. þm. Árn. (B. M.) var kominn langt á leið í fjárlaganefndinni, að sannfæra mig um nauðsyn aukalæknis í Árnessýslu, þá vantar nú minnst á, að hann með samanburði sínum á aukalæknisþörfinni í Árnessýslu

og Ísafjarðarsýslu hafi sannfært mig um hið gagnstæða. Hann minntist á vegalengdina úr Grunnavíkur- og Sljettuhreppum til hjeraðslæknisins, og þá þótti mjer nú fyrst fara að fara út um þúfur, því að þar kom ókunnugleiki hans bersýnilega í ljós, þegar hann sagði, að íbúarnir í þessum hreppum ættu ekki nema 2—3 tíma ferð sjóleiðis. (*Bogi Th. Melsteð*: Jeg sagði úr Grunnavík). En þetta er ekki rjett, því að margir þeirra, sem lækni þurfa að sækja úr þessum hreppum, eiga bæði yfir sjó og land að sækja, svo sem þeir, sem eiga heima norður í Höfn, Finnfirði, Þaralátursfirði o. s. frv.; þessir Strandamenn verða fyrst að fara yfir örðugar heiðar, og síðan langa og örðuga sjóleið, sem t. d. innan úr Veiðileysufirði tekur ekk að eins 2—3 tíma, heldur enda 6—7 tíma, og það þó að eins, þegar vel viðrar; en það vill tíðum bera út af því, því að Jökulfirðir eru eitt hið mesta veðrabæli, og auk þess mjög opt, sem ekki gefur yfir Djúpið vestur á Ísafjörð, þó að líf liggi við.

Af þessu má öllum augljóst vera, hversu brýn þörfin er á aukalækni í útkjálkahjeruð þessi; en þegar vjer á hinn bóginn lítum til Arnessýslu, þá er þar hvergi lengra en 8 tíma ferð til læknis, og þar að auki yfir land að fara, um góða og greiðfæra vegi; og sjá víst allir, að það er allt annað en þar sem leiðir liggja bæði yfir heiðar og sjó.

Mjer blandast því ekki hugur um, að þingmenn muni greiða atkvæði með aukalækni í Grunnavíkur- og Sljettuhreppi, hver svo sem verða afdrif aukalæknisins í Árnessýslu; en þó að jeg hafi bent á, að hjer sje ólíku saman að jafna, þá er það ekki svo að skilja, sem jeg muni beinlínis setja mig á móti fjárstyrk til aukalæknis í Árnessýslu; **að minnsta kosti mun jeg greiða atkvæði með þeirri fjárveitingu við þessa umræðu**; en lengra mun jeg varla treystast til að fylgja honum, ef 2. þm. Árn. (B. M.) heldur margar svipaðar ræður. Aptur á móti blandast mjer ekki hugur um, að rjett sje að veita fje til aukalæknis í Eyjahreppi, og var jeg um þann lækni á öðru máli en meðnefndarmenn mínir í fjárlaganefndinni.

Þá er að minnast á breyt.till. h. þm. Dal. (J. P.), þar sem hann fer fram á, að 10000 kr. sjeu veittar til að mæla uppsiglingu á Hvammsfjörð. Hann hefir lagt fram sundurliðaðan reikning, er sýnir, að þörf sje á þessari upphæð. Hann hefir gert sjer mikið far um, að afla sjer sem glöggvastra skýrslna um kostnaðinn við fyrirtæki þetta, og reikningur hans er byggður á áliti yfirforingjanna á »Diana«, sem eru alvanir slíkum uppmælingum, og má því ætla, að áætlunin sje ekki mjög fjarri sanni.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) sagði, að mál þetta væri ekki alþingismál, heldur alríkismál, sem Íslendingar ættu engu til að kosta; en þetta er misskilnur hjá þm., sem sjálfsagt er sprottinn af því, að það hefir verið venja, að danska herskipið hefir verið notað til að mæla upp firði og flóa hjer við land; en að því er Hvammsfjörð snertir, þá hefir stjórnin lýst því yfir, út af þingsályktun alþingis frá 1891, að ekki væru nein tök á, að herskipið tæki að sjer þá uppmælingu, svo að ekki er nema um tvennt að gera, annaðtveggja, að innsigling á Hvammsfjörð verði enn um hríð óuppmæld, eða að alþingi leggi fram fje, sem með þarf; og þegar svo standa sakir, þá getur mjer ekki blandazt hugur um, að greiða atkvæði með fjárveitingu þessari, enda heyra og siglingar eptir stöðulögunum 2. jan. 1871 til vorra sjerstöku mála. Það munu og allir játa, að hin brýnasta þörf er

á því, að uppsigling á hafnir sje sem nákvæmast rannsökuð hvar sem er, og þá ekki sízt þar, sem um hættusjóleið er að ræða, eins og á Hvammsfirði; þar er þörfin brýn, að mæla uppsiglinguna.

Það hefir verið tekið fram hjer í umræðunum með rjettu, að uppmæling Hvammsfjarðar sje ekki Dalasýslu einni til hagsbóta; í ísa-árum mundu Norðlendingar einnig sækja verzlun þangað; en þó að þetta sje svo, þá er jeg samt ekki með því, að fleiri sýslufjelögum eigi að gera að skyldu, að taka þátt í kostnaðinum til þessa fyrirtækis, því að jeg óttast, að það gæti orðið málinu til falls.

Það er og eitt, sem að mínu áliti mælir eigi all-lítið með því, að landssjóður veiti þetta fje, og sem jeg vona, að h. þm. úr Árnes- og Rangárvallasýslum kunni sjerstaklega að meta, og það er það, að í Dalasýslu er mjög líkt ástatt eins og í Rangárvallasýslu og Árnessýslu, að því leyti, að Dalasýsla getur ekki notið strandferðanna. Vona jeg því, að þingm. að austan, sem einatt hafa strandferðirnar á vörunum, þegar þeir vilja fá fjárframlög til brúnna, eða annara fyrirtækja í sýslum sínum, muni nú beita sama sanngirnismælikvarða gagnvart Dalasýslu, er þeir greiða atkvæði um uppmælingu Hvammsfjarðar.

Að því er snertir tillögur fjárlaganefndarinnar um styrkveiting til strandferðanna, nefnilega 18000 kr. til gufuskipafjelagsins danska, og 25000 kr. til Jónasar Randulff, þá heyri jeg suma segja, að þeim þyki þetta all-há og allísjárverð upphæð, og skilst mjer, að sumir hefðu helzt kosið að veita fje eingöngu til strandferða J. Randulffs, en aðrir eingöngu til sameinaða gufuskipafjelagsins. Hefði nú fjárlaganefndin aðhyllzt hið fyrnefnda, þá mátti að vísu ganga út frá því sem vísu, að sameinaða gufuskipafjelagið mundi engu að síður halda uppi styrklaust samskonar ferðum, eins og í fyrra og í ár, með því að fjelagið telur það borga sig; en fjárlaganefndinni var kunnugt um það, að Norðlendingar voru óánægðir með það samband við útlönd, sem þeir höfðu í fyrra, eins og berlega kom fram á fundi, er haldinn var í vetur á Akureyri, og því hefir fjálaganefndin orðið ásátt um það, að leggja það til, að sameinaða gufuskipafjelaginu verði veittar 18 þús. kr. á ári, svo að samgöngum við útlönd sje sem bezt borgið.

Þá hafa menn hreyft því, að strandferðir J. Randulffs væru óþarflega tíðar, og gizkað á, að skipið myndi verða að skrölta tómt fram og aptur. Jeg skal nú líka játa, að það er mikið trúlegt, að strandferðir þessar myndu verða lítið notaðar í fyrstu; því er eins varið um þetta, eins og um ótal margt annað, sem er í byrjun; svona var það um póstferðirnar, þegar þær voru fyrst að byrja, að þá komu spádómarnir úr öllum áttum, að þær myndu verða þýðingarlausar, og að engin þörf væri á því, að hafa þær svona tíðar. En reynslan hefir nú sýnt, að mönnum hefir lærzt að nota póstferðirnar smám saman æ meir og meir, og eins mun fara um þessar strandferðir, að mönnum skilst það með tímanum, að auknar strandferðir skapa flutningaþörfina.

Jeg hefi heyrt það hatt eptir útlendum kaupmönnum, sem hafa þann vana, að auglýsa vörur sínar, að þeim væri ekki til neins, að auglýsa vöru sína einu sinni í blaði, með því að enginn tæki eptir því; en et þeir auglýstu vöruna í sama blaði 3—4 sinnum, þá færu menn að veita auglýsingunni eptirtekt, og varan færi að fljúga út. Eins má nú segja um strandferðirnar eða um strandferðaskip Randulffs, að það

verður eins konar »dampandi« auglýsing, er fer með ströndum fram; menn gefa lítinn gaum að því í fyrstu, en smám saman leiðast menn til að nota það.

H. 1. þm. Árn. (Þ. G.) tók það rjettilega fram, að innanlandsverzlunin væri í dauðateygjum, eða væri því nær horfin. En hversvegna eru innanlands vöruskipti manna á förum? Af því að menn eru farnir að sjá, að það er of kostbært, að eyða tíma sínum til þess, að fara t. d. þorskhausaferð norðan úr Þingeyjarsýslu og suður á land yfir fjöll og torsóttar heiðar með marga hesta í togi. Skilyrðin fyrir því, að innanlands vöruskipti geti aptur komizt í gott horf, eru einmitt þau, að samgöngurnar sjeu gerðar sem greiðastar á sjónum, og því er ekki að horfa í það, að tefla nokkru fje í þær, því að sá óbeinlínis hagur, er af strandferðum leiðir, tíðum og hentugum, hlýtur að verða ómetanlegur.

Þá verð jeg að minnast ögn á breyttill. þá, er fer fram á, að veittar sjeu 3000 krónur til gufubátsferða með fram suðurströnd landsins. En jeg er í miklum vafa um það, hvort rjett sje, að aðhyllast þessa breyt.till., eða hvort hinar áætluðu ferðir J. Randulffs muni eigi nægja. Þingið hefir að undanförnu á fjárlögunum áætlað fje til gufubáta ár eptir ár, en skortur á þreki og manndáð hjeraðanna hefir valdið því að þessi fyrirtæki hafa ekki komizt í framkvæmd, svo að fjeð hefir staðið óeytt, nema styrkurinn til gufubátsferða um Faxaflóa, og gufubátaferðirnar hafa því sjaldnast orðið hentugar nema á pappírnum. (*Guðl. G.*: Ekki satt!). Það er »ekki satt«, segir h. þm. V.-Skaptf.; en jeg verð þó að ætla, að þm. meti dugnaðinn og framtakssemina eitthvað öðru vísi en almennt gjörist, því að vitanlega hefir þó styrkurinn eigi verið útborgaður úr landssjóði, af því að hjeruðin eigi hafa getað hagnýtt sjer hann. Annars vil jeg benda h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) á það, að það væri ef til vill rjett, ef þingið veitti einhvern lítinn styrk í því skyni, að gufubátur sá, er gengur um Faxaflóa, skryppi nokkrar ferðir austur í Vík að sumrinu; myndi það ekki nægja?

Að því er snertir ferðaáætlun þá, sem fjárlaganefndin hefir samið, þá er hún að eins gerð til athugunar þingmönnum, en þingið getur breytt henni eptir vild sinni, því að hr. J. Randulff lagði það algerlega á vald þingsins, að haga henni eptir því, sem hentast þætti; og er það allt annað en þingið hefir áður átt að venjast, þegar það hefir í þeim efnum orðið að fara bónarveg að gufuskipafjelaginu; en það fjelag hefir jafnan lítið farið að óskum landsmanna.

H. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) kvaðst eigi skilja, hvaða erindi skipið ætti að Arngerðareyri í marzmán., eða hvað það ætti að flytja þá, og kvað þm. áttæringa Djúpmanna myndu duga, með því að menn væru vanir að fara í ver innan úr Djúpi hver á sínum áttæring; en jeg get frætt h. þm. (H. Kr. Fr.) á því, að það eru nú orðnir sárfáir áttæringar til við Ísafjarðardjúp, heldur er sjór sóttur þar eingöngu á sexæringum og fjögramannaförum; og það eru ekki að eins menn frá innanverðu Djúpinu, sem þurfa að sækja út í Bolungarvík og önnur fiskiver við út-Djúpið í páskavikunni, til að leita sjer atvinnu, heldur einnig menn, sem komnir eru norðan úr Húnavatnssýslu og Strandasýslu, eða sunnan úr Dala- og Barðastrandar-sýslum; og fjárlaganefndin hefir því sett þennan viðkomustað, til þess að útvega þessum sjómönnum ódýrari ferð og flutning en þeir ella eiga völ á. — Sami h. þm. furðaði sig

á því, hvað gufuskip ætti að gera til Ísafjarðar svona snemma í marzmánuði; en þetta stafar víst af ókunnugleika þingmannsins, því að þessi ferð gufuskipsins getur komið að mjög miklu haldi, þar sem það á að fara frá Reykjavík 16. marz, rjett á eptir komu póstskipsins, og getur því bæði flutt vestur póst og vörur, til kaupmanna og annara, er pantaðar kynnu að verða með póstskipinu til Reykjavíkur; en að öðru leyti tek jeg það fram aptur, að, að því er ferðaáætlunin sjálfa snertir, þá er það algjörlega á þingsins valdi, að semja hana. H. 1. þm. Eyf. (J. J.) gat þess, að skipið »Ernst« mætti vera nokkuð hraðskreitt, ef það ætti að koma hvervetna við, þar sem til er tekið í áætluninni; en jeg skal benda á, að það er að eins fyrsti burtfarardagur, sem tiltekinn er, en burtfarardagurinn getur náttúrlega orðið seinna, og það þykir hyggilegra, að setja hann heldur fyr en seinna, svo að skipið þurfi ekki að bíða, af því að áætlun segi, að það megi ekki fara fyr en þann eða þann dag; hitt varðar aptur mestu, að setja viðstöðutímann í Reykjavík nógu langan, svo að skipið geti náð sjer uppi á undan næstu ferð, hafi það orðið aptur úr ferðaáætluninni á einhverjum stað.

Hæstv. landshöfðingja þótti það óheppilegt, að binda skilyrðin fyrir fjárveitingunni við vissan mann, eða við nafnið Randulff; en fjárlaganefndin gjörði það eptir ósk þessa manns, því að hann óttaðist, að væri fjárveitingin ekki bundin við nafn hans, gæti svo farið, að hann yrði af ferðunum. Það vakti og fyrir mjer, að það væri rjett af þinginu, að benda stjórninni á þenna mann, með því að svo sýnist, sem stjórnin vilji ekki leggja mikið á sig, með að vera í útvegum um strandferðir, annarsstaðar en hjá hinu danska gufuskipafjelagi. Stjórnin virðist líta svo á, að fáist gufuskipafjelagið ekki til að taka að sjer strandferðirnar umhverfis Ísland, þá sje oss ekki viðhjálpandi, og ekki í önnur horn að leita. Athugasemdirnar aptan við fjárlagafrumvarp stjórnarinnar bera það líka með sjer, að stjórninni hefir ekki orðið að vegi, að leita til neins annars en »sameinaða gufuskipafjelagsins«, að því er snertir strandferðirnar fyrir árin 1892 og 1893, því að í athugasemdunum er komizt svo að orði: »Það hefir eigi verið hægt, að nota þær 21,000 kr., sem veittar voru fyrir hvort af árunum 1892 og 1893, þar eð það reyndist ómögulegt, að fá gufuskipafjelagið til að taka að sjer strandferðirnar með þeim skilyrðum, er fjárveitingin var bundin við«.

Það hefir verið tekið fram, hvað tryggínguna frá hr. Jónasi Randulff snertir, að það væri að lýsa vantrausti á stjórninni, ef hún væri ekki látin einráð um það, hvaða tryggingu hún áliti nægja; en jeg mótmæli því, að nokkuð slíkt hafi vakað fyrir fjárlaganefndinni; en á hinn bóginn gat nefndin heldur ekki sjeð, að Stafangursdeild Norvegsbanka væri ekki næg trygging frá Randulffs hálfu; og ef um nokkurt vantraust til stjórnarinnar væri að ræða í þessu efni, þá væri líklega ekki ástæða til að óttast, að stjórnin hefði ekki vit á að heimta nægja tryggingu, heldur máske öllu fremur hitt, að hún mundi heimta ofmikla tryggingu, og gera það þannig ómögulegt, að tjeð yrði borgað, sjerstaklega ef svo væri álitið, að hún teldi gufuskipaferðir sameinaða gufuskipafjelagsins mega nægja. Að öðru leyti finn jeg eigi ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, enda má máske orða skilyrðin við þessa fjárveitingu nákvæmar, áður en málið kemur til 3. umræðu.

Einar Jónsson: Jeg ætla ekki að fara að rekja þetta mál grein fyrir grein, en þeg skal láta ánægju mína í ljósi yfir þeirri stefnu, sem fjárlaganefndin hefur tekið, sem er að skera eigi við neglur sjer styrk til þarflegra fyrirtækja og samgöngumála, því það er svo áríðandi mál, að ekki er horfandi í krónur, svo þau geti verið í góðu lagi. Það er auðvitað mikil upphæð, sem ráð er fyrir gjört að gangi til strandferða, og jeg væri ánægður, þó að ferðirnar væru færri og tillagið úr landssjóði minna, því að það má búast við því, að flutningsþörfin sje ekki eins mikil og viðkomustaðafjöldinn og ferðafjöldinn bendir á. Jeg álít því ekkert á móti því, að fyrstu ferðirnar fjellu úr; það eru vetrarferðir og hættumestu ferðirnar, og þar af leiðandi hinar kostnaðarmestu, svo að tillagið yrði sjálfsagt minna, ef þeim væri sleppt.

Það er eitt atriði, sem jeg vildi nú minnast á til skýringar, og það er tillaga frá fjárlaganefndinni um að veittar verði 5000 kr. til gufubáts á Lagarfljóts-ós, því jeg gef gefið upplýsingar í því máli sem kunnugur þar.

H. þm. Borgf. (B. B.) hafði það á móti þessu máli, að það væri illa undirbúið. Það getur ef til vill verið, að svo sje, en jeg álít þó að undirbúningurinn sje ekki svo, að hann þurfi að fæla neinn frá því, að geta því atkvæði sitt. Það hafa verið gjörðar 2 tilraunir til þess að koma skipi inn í ósinn og hefir hvorug heppnazt; önnur var gjörð 1890, og var þá reynt að draga seglskip inn, en þá slitnaði kaðallinn og flóðið tapaðist. Og svo var hin tilraunin gjörð í fyrra af O. Wathne, en hann hafði ekki valið hentugt skip, því það reyndist of langt til að snúa því við, af því ósinn er mjór. Jeg hitti Otto Wathne og skipstjórann, eptir að þeir höfðu mælt djúpið, og þá sögðu þeir, að því skipi mætti koma inn, sem ekki risti meir en 4 fet, og þá mætti hafa það skip líka til ferða suður um firði. Þessir menn eru báðir kunnugir öllu, er að skipum lýtur, því að báðir hafa lengi verið skipstjórar. Þeir sögðu enn fremur, að þó að skipið risti ekki nema $3^1/_2$—4 fet, þá gæti það borið 50 tons, og þá væri Hjeraðinu borgið.

Svo hagar til við ósinn, að báðum megin eru sandar, sem hafa skaðleg áhrif á hann, því hann breytist vegna þess, þegar vatnavextir eru, svo að hann er nálega aldrei á sama stað í ár, sem hann var í fyrra. En hann færist ekki langt úr stað og djúpið er ávallt hið sama. Þetta er allt ægisandur, hvergi hnefastór steinn, svo vatnið grefur sig allstaðar jafndjúpt niður. Því fyrirstaðan er ekki meiri á einum stað en öðrum.

Jeg þekki mann, sem hefur verið kunnugt um breytingar óssins í 50—60 ár, og hann segir, að hann á þessu tímabili hafi að eins tvisvar sinnum verið á sama stað árið eptir, sem hann var árið áður. Tryggvi Gunnarsson mældi dýpið í ósnum nálega alla leið upp að svo kölluðum »Steinboga«. Þetta var í septembermánuði, um háflóð, þá var vöxtur í því, en þó var það reitt þá á öllum betri vöðum, en þegar það er reitt, þá kalla menn það lítið, því vatnshæðin getur stigið eptir það allt að 3 álnum, og þegar hann mældi það, þá var dýpið hvergi minna en 6 fet. Eptir þessu virðist að skip, sem risti 4—5 fet, ætti ávallt framan af sumri að komast inn ósinn um flóð og áleit skipstjórinn, að svo væri. Aðrir hafa viljað fá smágufubát, sem ætti svo að draga skipin inn. En hvað sem ofan á verður, þá gæti það orðið, eins og öllum kunnugum mönnum er

ljóst, til ómetanlegs gagns fyrir Fljótsdalshjerað.

Jeg verð að álíta 5000 kr. næsta lítinn styrk til þess, að kaupa stórt skip fyrir, en væri góður styrkur til þess að kaupa smágufubát, svo það var óþarfa athugasemd hjá h. þm. V-Skaptf. (G. G.), að einskorða styrkinn við gufuskipskaup, heldur væri heppilegra, að það væri orðað á þá leið, að styrkurinn væri veittur til gufubátsferða á Lagarfljóti, því honum verður varið til gufubátsferða hvort sem fyrir hann verður keyptur bátur eða leigður. Það mætti þá annaðhvort leigja fyrir þann styrk stærra skip eða kaupa þá minna. Því það gæti orðið eins heppilegt, að láta einhvern hafa þessar ferðir á hendi og styrkja hann til þess. Jeg hef svo ekki fleira að athuga.

Sighvatur Árnason: Á hinum stutta tíma, sem var á milli funda í dag, datt mjer í hug út af ræðu h. 1. þm. Árn. (Þorl. Guðm.) að athuga nákvæmlega strandferða-áætlunina. Jeg hafði áður meira athugað um gufubátaferðirnar, sem fjárlaganefndin er farin að stryka út aptur. Jeg hef þá litið á áætlunina frá almennu sjónarmiði fyrir allt landið, — því jeg álít það ekki vera nóg að hver hugsi um sjálfan sig — og frá þessu sjónarmiði lízt mjer svo á hana, að hún sje mjög athugaverð. Það verður að líta á hvorutveggja, bæði gagnið sem þessar strandferðir muni gjöra eptir þessari áætlun, og þá sem geta notið þeirra í samanburði við fjárframlagið. Mjer ægir ekkert þetta 25,000 kr. fjárframlag, ef þær kæmu að tilætluðum notum, en jeg lít svo á, að eigi sje sem heppilegast að farið. Jeg hygg, að sumar ferðirnar verði nú gagnslitlar og megi fækka þeim, t. d. þeim, sem eiga að verða um hávetur, því jeg held, að að þeim verði mjög lítið gagn, allra sízt frá almennu sjónarmiði.

Jeg vildi því leyfa mjer að beina því að fjárlaganefndinni, hvort henni fyndist ekki tiltækilegt eða ráðlegra að fækka þessum hringferðum að minnsta kosti um tvær, svo að skipið gæti í stað þess farið einar 2 ferðir til útlanda. Það mundi gjöra meira gagn frá almennu sjónarmiði, og jeg skal bæta því við í sambandi við þetta, að þá mætti minnka tillagið til hins danska gufuskipafjelags, t. d. að því yrði ekki ætlað meir en 9000 kr. og vita hvað það lætur okkur fá fyrir þær krónur. Við skulum sjá, hvort það yfirgefur okkur. Það leikur sá orðrómur á, að það vilji ekki yfirgefa okkur, í það minnsta eru ekki mikil líkindi til þess, og þó það gjörði það, þá veit jeg ekki, hvort nokkur skaði væri skeður. Væri þessum athugasemdum gefinn gaumur, þá sparaðist fje um 18 þús. kr., og jeg er viss um, að afnotin yrðu nærfellt hin sömu; væri þetta nú lagfært á þessa leið, þá gæfi jeg strandferðum þessum glaður atkvæði mitt. Reyndar gef jeg því líka atkvæði mitt við þessa umræðu, í von um, að skynsamlegar bendingar og breytingar verði teknar til greina við 3. umr.

Eptir því sem fjármál vor liggja nú fyrir, þá þarf að kippa einhverju í liðinn í sparnaðaráttina, og jeg er því hræddur um, þó að h. framsögumaður fjárlaganefndarinnar (J. J.) hafi tekið það fram, að útgjöldin fari lítið fram úr tekjunum, að þá kunni eitthvað við að bætast, svo að gott sje að sjá ráð til að spara eitthvað, því jeg kann illa við, ef mjög mikill halli verður, þannig að útgjöldin sjeu að mun hærri en tekjurnar. En ef ekki er reynt að spara, þá er auðsjeð, að æði-mikill munur verður á því, hvað útgjöldin verða

hærri en tekjurnar, eptir því sem fyrir liggur.

Jeg álít það ekkert hætturáð, þó að ekki sje lagt meir en 9000 krónur til gufuskipafjelagsins danska; látum það vera, þó að það hætti ferðum sínum. Jeg skal til athugunar geta þess, að 1891 voru sett hörð skilyrði, eins og mönnum er kunnugt, að eigi var að þeim gengið, og þó jeg þá nauðugur viljugur greiddi atkvæði með því, þá bjóst jeg við að færi eins og fór. Það var ekki af tortryggni við gufuskipafjelagið danska, heldur hjelt jeg þá að sama yrði reyndin við hvert fjelag, sem reynt væri. Þau víti ættu menn að varast, að ganga ekki of langt í ferðaáætluninni. Vjer ættum ekki að ætlast til, að gufuskip fari ferðir umhverfis landið um há-vetur eða að þau fari inn á hverja vík og vog, t. d. á Eyrarbakka, sem við álítum mjög viðsjárvert, en er þó enn ískyggilegra frá þeirra sjónarmiði, sem stýra gufuskipunum.

Eins og jeg tók fram á þinginu 1891, þá get jeg nú hvorki átalið hina dönsku stjórn nje gufuskipafjelagið fyrir það, að það gekk ekki að þeim skilyrðum, sem því voru þá sett, og við verðum vanalega að gæta þess, að ganga eigi svo langt í ferðaáætlunum, að það ekki einungis verði fráfælandi fyrir þann, sem samið er við, hvort heldur hann nefnist Randulff eða annað, heldur líka skaðlegt eða »ópraktiskt« fyrir okkur sjálfa.

Þórarinn Böðvarsson: Það var eitt sem jeg vildi minnast á, sem ekki hefir verið minnzt á í dag, og það er, að jeg hef heyrt suma h. þm. tala um, að spara mætti þessar 18000 kr., sem ætlaðar eru til gufuskipafjelagsins. Jeg held, að þeim hafi ekki verið alvara, því ef það væri gert, þá yrði það í það í það minnsta til mikilla óheilla, ef ekki til þess, að engar strandferðir yrðu. Önnur uppástunga er það, að færa styrk þennan niður um helming eða niður um 9000 kr., en ekkert er verra en það. Það yrði að eins til þess, að fjelagið hirti þessar 9000 kr., en gerði ekkert meira fyrir það.

Jeg sagði, að jeg áliti heppilegast, að skipin væru tvö. Annað gangi frá Vopnafirði suður um land til Ísafjarðar, en hitt norður um land til sama staðar, en færi sem optast milli landa. Á strandferðum getur hvert gufuskipafjelag hatt sína peninga. Einhver þingm. tók það fram, að strandferðirnar sköpuðu flutningsþörfina, en það getur orðið svo dýrt, að sá, sem ferðirnar fer, standist ekki við það. Ferðirnar eiga í byrjuninni að vera ekki meiri en þörfin útheimtir, en það er ekki gott að sjá það 1—2 árum fyrir, hver þörf muni verða fyrir strandferðir. Jeg skal fúslega játa það, að með því að venjast ferðunum, þá komast menn betur og betur upp á að nota þær.

Jeg gleymdi í dag að tak það fram, að þótt ferðir Randulffs kæmust á, þá get jeg ekki betur sjeð en að ferðir gufuskipafjelagsins milli landa sjeu nauðsynlegar, og það jafnvel fremur en áður, en verði nú ekkert af ferðum Randulffs, þá get jeg ekki skilið annað en þessa 18000 kr. styrks þurfi við, því jeg geri ráð fyrir, að gufuskipafjelagið haldi áfram sínum ferðum eptir sem áður, og jeg vil ekki spá því, að strandferðir þess verði þær einu á næsta fjárhagstímabili.

Klemens Jónsson: H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) hefir svarað spurningu frá mjer um það, hvað skipið ætti að gera vestur í marzferð þeirri, sem til er tekin í áætluninni. Hann sagði það ætti að flytja menn og póst fyrir Ísfirðinga. En Ísfirðingar eiga ekki meiri rjett á sjer í því efni en aðrir, og frá því sjónar-

miði sjeð, ætti það að koma við alstaðar. Hann sagði, að skipið ætti að fara frá Reykjavík í ferð þessa rjett eptir að eimskipið danska væri komið, til þess, að Ísfirðingar gætu fengið póstinn sem fyrst. En þess ber vel að gæta, að einmitt í þeirri ferð seinkar skipinu frá Kaupmannahöfn opt að mun. Þess vegna er vissast að bíða og fara ekki þessa ferð fyr en 1. apríl, eins og jeg hefi sagt.

Sami h. þm. sagði, að nafnið Randulff hefði nefndin sett af því, að stjórnin hefði ekki reynt að fá neinn annan til strandferða hjer en gufuskipafjelagið danska, og horfið frá að reyna að koma vilja þingsins fram, af því að það vildi ekki ganga að kostunum. Þessu til sönnunar las hann setningu upp úr athugasemdum stjórnarinnar við fjárlagafrumvarpið. Það sem hann las var þá þetta: »Þess skal fyrst getið, að eigi hefir verið hægt að nota þær 21,000 kr., sem veittar voru fyrir hvort af árunum 1892 og 1893, þar eð það reyndist ómögulegt að fá gufuskipafjelagið til að taka að sjer strandferðirnar með þeim skilyrðum, sem fjárveitingin var bundin við«. Þetta átti að vera sönnun fyrir því, sem hann sagði; jeg bið menn vel að taka eptir því. En hvaða sönnunargildi þetta hefir fyrir hans máli, sjest bezt, ef haldið er áfram og greinin lesin til enda. Síðar í henni stendur nefnilega: »og heldur eigi hefir tekizt að fá aðra til að takast ferðirnar á hendur, þótt gerð hafi verið tilraun til þess«. (*Sk. Th.:* Árin 1894—1895). Þetta stendur með berum orðum, svo það lítur helzt út fyrir, að h. fjárlaganefnd hafi eigi gefið sjer tíma til að lesa greinina til enda, eða að minnsta kosti hafi eigi kynnt sjer ástæður stjórnar til hlítar, því annars mundi hann ekki hafa borið stjórninni þetta á brýn. En þar sem stjórnin þannig hefir reynt að fá aðra til að takast ferðirnar á hendur, er eigi hin minnsta ástæða til að binda styrkinn við Randulff, heldur láta hann vera handa hverjum sem býðst.

Framsögum. (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg vil mæla nefndina undan því ámæli, sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) bar á hana, að hún hefði eigi kynnt sjer stjórnarfrumv. og ástæður hennar. Hann hefir enga ástæðu til að bregða nefndinni um slíkt, þótt einn þm. skilji eina athugasemd öðru vísi en h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) Hann á ekki víst, að öll nefndin skilji það eins og þessi maður. Jeg álít nauðsyn, að mótmæla slíkum áburði og bera hönd fyrir höfuð okkar nefndarmanna.

Jens Pálsson: Jeg ætla fyrst og fremst að fara nokkrum orðum um breyt.till. mína um mæling á uppsiglingunni á Hvammsfjörð.

Einhver h. þm. bar brigð á, að þetta væri nauðsynlegt, og færði sem ástæðu, að ekki væri sjerlega erfitt um samgöngur og flutninga í Dalasýslu. En til þess hefir enginn fyr orðið. Því að þetta mál hefir verið samþykkt mótmælalaust þing eptir þing í þingsályktunarformi. Það hefir aldrei fyrr verið hreift mótmælum, og aldrei fallið atkvæði á móti; hefir þingið ætíð verið sammála um, að þetta væri nauðsynjamál. Þetta vita hinir eldri þm., en þeir yngri vita það kannske ekki.

H. þm. Borgf. (B. B.) hefir einn talað all-hart móti, og h. 2. þm. Árn. (B. M.) treystist eigi að greiða atkvæði með. Báðir sitja þeir í fyrsta skipti á þingi.

H. 2. þm. Árn. (B. M.) mundi ekki, eptir því sem jeg þekki hann, hika við að greiða þessari fjárveitingu atkvæði, ef hann þekkti vel til. Um ræðu þm. Borgf. (B. B.) verð jeg að leyfa mjer að segja, að hún bar vott um svo megnan ókunnugleika, að það var eins og

blindur maður væri að dæma um lit, þar sem hann talaði um innsiglinguna á Hvammsfjörð. Jeg mun sýna fram á það síðar í ræðu minni.

Það kann sumum að þykja kynlegt, að þetta mál var ekki lagt fyrir h. fjárlaganefnd. En það var af góðum og gildum ástæðum, og eins gott er málið og tilgangur þess fyrir því. Svo stóð á því, að einmitt sami tími, sem fjárlaganefndin hafði til starfa, fór til undirbúnings þessu máli, og var eigi hægt að undirbúa það fyr. Stjórnin hafði hug á að verða við áskorun þingsings, og bar undir forstjóra sjókortasafnsins og leitaði álita hans um, hvort verkið væri framkvæmanlegt eður eigi. Hann ljet það álit uppi, að það mundi eigi tiltækilegt að hafa herskipið til þess, en sagði það mundi bezt, að senda sjóliðsforingja með einn eða tvo gufubáta. En þess lætur hann getið, að þettu sje byggt á annara frásögn, en ekki eigin rannsókn. Þegar þetta spurðist, þá var þar með niður slegið vonum manna í Dalasýslu, og þótti í meira lagi óvænlega á horfast, ef bíða ætti þess, að Danir sendu sjóliðsforingja með eimbáta til þessa verks, því að allar líkur þóttu til, að þá mundi það geta dregizt árum saman.

Þegar hjer var komið, og málið að nokkru leyti komið í óvænt efni, þá vaknaði hjá mjer þessi spurning: Er endilega þörf á gufubátum til mælinganna? má ekki gera þetta á íslenzkum bátum? Jeg leiddi þetta í tal við hæstv. landsh., og hann tók vel undir að leita upplýsinga um þetta. Hann varð auðvitað að leita upplýsinga hjá foringjum á herskipinu danska. Það skip var þá ekki hjer, og kom ekki hingað fyr en en seint í júlí; þá fengust upplýsingarnar. En um það skeið hafði fjárlaganefndin nær lokið starfi sínu, og þess vegna var þessi skýrsla ekki lögð fram fyrir hana. Það var ekki af því, að jeg vildi ganga með fjárbæn þessa fram hjá h. fjárlaganefnd, eða mjer þætti betra að bera málið fram sem breytingartillögu.

Þeir sem hafa kynnt sjer málið, vita hve mikið gagn má af því leiða. Og er jeg h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) þakklátur fyrir, að hann tók svo rjett og greinilega fram, hvernig Dalasýsla er sett, með tilliti til strandferða, og sýndi fram á, að hún hefir eigi meiri not þeirra, en Árness-, Rangárvalla- og Vestur-Skaptafellssýsla, en þær hafa þó tvær póstferðir aukreitis. Þess má og geta, þegar um innsigling á Hvammsfjörð og löggilding verzlunarstaðar þar er að ræða, að flutningar á Hvammsfjörð geta orðið til bjargar vesturhluta norðurlandsins, þegar ísár ber að hendi.

H. 1. þm. G.-K. (Þór. B.) hjelt, að mælingin gæti orðið ódýrari en hjer er farið fram á í breytingartill. minni. En við hvað á að miða? Sjóliðsforingi sá, er spurður var um málið, tiltók hina lægstu upphæð, er hann áleit, að hvað eina, er að framkvæmd verksins lyti, hlyti að kosta. Áætlun sú, sem jeg hefi gert og lagt hjer fram á lestrarsalnum, er alveg samkvæm munnlegri umsögn hans, sem hann vildi þó ekki nefna annað en laust álit eða ágizkun. Hann gerði ráð fyrir, að verkfæri öll fengjust ljeð ókeypis; að eins borgað ábyrgðargjald fyrir þau. Við hvað annað átti jeg að miða en skýrslu hans? Ef nú yrði samþykkt að veita þennan styrk, þá mætti gera um leið þingsályktun um, að skora á stjórnina, að biðja sjóliðsstjórnina að gera þetta svo ódýrt, sem framast mætti verða. Gæti vel verið að sjókortasafnið vildi svo mikið til vinna, til að auðgast um þessa kortviðbót, að það útvegaði okkur sjóliðsfor-

ingjana fyrir ekkert. Jeg vona það, og treysti því, að stjórnin geri sitt bezta í þessu efni.

H. 2. þm. Árn. (B. M.) sagðist vera á móti þessu, af því að hann vildi láta sýslufjelagið leggja fram nokkuð af kostnaðinum. En þetta er alveg sjerstaklegs eðlis. Ef jeg ætti að líkja því við nokkuð, þá vildi jeg líkja því við að gera brú á ófært vatnsfall, eins og t. d. Þjórsá. Jeg vil minna á, að Húnaflói var mældur samkv. tilmælum þingsins, og kom þá ekki til orða, að láta hjeruð þau borga, er að honum liggja. Hvernig menn fara að segja, að þetta sje ekki þingmál, skil jeg ekki. Það heyrir þó undir verzlun og samgöngur landsins. Þetta er einmitt alþingismál, en alls ekki sveitamál.

H. þm. Borgf. (B. B.) þarf jeg að svara, og mótmæla því, sem hann sagði. Hann talaði á þá leið, að vonlítið eða vonlaust væri um, að skipaleið gæti tekizt inn á Hvammsfjörð; 4—5 mílna svæði, sem yfir þyrfti að fara, væri sker og flúðir, eða þá sandrif, og að eins mjóir álar á milli. Þessi lýsing er röng og villandi, eins og sjá má bæði á uppdrætti Íslands, og skjali, sem legið hefir til sýnis á lestrarsalnum, og sem jeg skal nú gera grein fyrir, hvernig til er orðið.

Þegar málinu var komið svo, sem jeg sagði áður, þá gekkst Torfi skólastjóri Bjarnason í Ólafsdal fyrir því, að láta mæla dýpið á þessari leið, og breidd og lengd á þrengslunum. Hann fjekk til þessa verks Hallgrím bónda Jónsson á Staðarfelli, skynsaman mann og skilríkan. Þessi maður mældi þá leiðina, sem kölluð er röstin. Þar er svo til háttað, að norðvestan við röstina, og skammt frá upptökum hennar, liggur Hrappsey, en þá á norðurhliðina Purkey með úteyjum, Arnarbæliseyjar og Imburhöfði. Að sunnanverðu við röstina liggja Kjóeyjar. Þegar skammt er komið inn frá Hrappsey, byrjar röstin, með þungastraumi, sem verður æ því harðari, sem nær dregur þrengslunum. En þau byrja á móts við vesturenda Kjóeyja, og eru mest þar. Þar liggja norðanvert við leiðina sker, sem heita Steinaklettar, en andspænis þeim að sunnanverðu flúð ein lág, sem köllud Liggjandaflaga. Síðan eru nokkur þrengsli, og þó eigi eins mikil, þar til komið er inn fyrir Kjóeyjar. Á þessari leið hefir nú Hallgrímur á Staðarfelli mælt dýpið, þar sem kunnugir menn vissu leiðina grynnsta. Um stórstraumsfjöru reyndist hún hvergi grynnri en 10 álnir. Mestu þrengslin voru ekki lengri en 400 faðmar, en hvergi þrengri en 45 faðmar. Þessir 400 faðmar eru þá þingmannaleiðin, sem h. þm. Borgf. (B. B.) talaði um. Beggja megin við þrengslin er rúmur sjór, en það hefir ekki verið mælt dýpið um þær slóðir. Leiðin er þá hvergi nærri eins voðaleg og h. þm. Borgf. (B. B.) hjelt.

Tvö seglskip hafa farið þessa leið. Annað fór út, í því nær logni. En af því, að enginn gangur var á skipinu, þá sveiflaði straumurinn því upp á Steinaklettana. Eitt gufuskip hefir og farið þessa leið, og gekk mæta vel. En það skip fór líka inn á Borgarfjörð og þar laskaðist það eitthvað. Við það varð eigandi þess ragari, og þorði eigi að senda það síðan. Þótt því leiðin inn á Hvammsfjörð sje eigi ófær, þá er þó ekki við að búast, að skip fáist þangað, nema þau verði vátryggð, en það verður eigi fyr en leiðin hefir verið mæld nákvæmlega. Þangað til það verður, er leiðin lokuð; en verði því framgengt, er enginn efi á, að hún mundi álítast hættulaus gufuskipum, ef skynsamleg varhyggð er við höfð. En þegar kemur inn úr þrengslunum og inn fyrir eyjar, þá er fjörðurinn ein höfn, og

gæti víst allur herskipafloti heimsins legið þar.

Bæði jeg og aðrir hafa tekið fram, hve mikil nauðsyn sje á þessu og hve mikil björg fyrir norðurlandið þegar ís er, og veit jeg því, að málið mælir sjálft með sjer. Ef jeg því eigi treysti því, að það næði fram að ganga, þá mundi jeg kann ske láta til leiðast að bylta nokkru af kostnaðinum upp á hjeraðsbúa, þótt jeg álíti það eigi vel til fallið. Jeg mundi þó vinna það til, að málinu væri eigi drepið niður. En jeg vona þess þurfi eigi við. Jeg vona það og fulltreysti því, að h. deild láti eigi svo stórmikið nytsemdarfyrirtæki hníga á vellinum, kafna í fæðingunni. Jeg vona, að h. þingdeildarm. líti á það, að ekkert af öllu því, sem nú er gjört til að bæta samgöngur, er miðað við þetta hjerað, að það fer á mis við hinar fyrirhuguðu strandferðir, að því leyti, sem það kemur hvergi í Dalasýslu, og hefir þó sú sýsla færri póstferðir en þau hjeruð, sem eins hefir staðið á fyrir.

Hjer mun jeg nú skilja við þetta mál að sinni, og snúa mjer að aðalmálinu, en það eru strandferðirnar. H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) ljet í ljósi, að sjer hefði þótt viðkunnanlegra, ef Randulff hefði komið til landsh. með tilboð sitt, og beðið hann að bera það fram fyrir þingið. Vera má, að það hefði átt betur við, og það mundi Randulff sjálfur helzt hafa kosið, ef unnt hefði verið að koma því við. En það var ekki tími til þess. Það var fyrst fyrra sunnudag, að hann ákvarðaði sig. Hann ætlaði sjer að vísu í vor, að komast í samninga við Íslendinga um strandferðir, en þegar hann frjetti, að Otto Wathne byðist að fara þær, þá hætti hann við, með því hann hugði að Wathne mundi bjóða kostaboð, og gjöra sjer að kappsmáli. En þegar hann kom hingað um daginn, og heyrði, hvernig Wathnes boð var lagað, þá þótti honum það ekki aðgengilegt fyrir oss Íslendinga. Hann gaf þá í skyn, að fá mætti þessar ferðir ódýrari. Hvatti jeg hann þá til, að koma með betra tilboð um innlendar strandferðir til þingsins, ef hann sæi sjer fært. Þetta varð þá úr, og hann lagði tilboð sitt fyrir fjárlaganefndina á mánudaginn. Það var því eigi tími til, að fara til landsh.; en auðvitað ætlar hann sjer að fara einnig til hans, og tala um málið við hann. Jeg heyrði á orðum hæstv. landsh., að hann væri manninum og málinu ókunnugur, og var það eðlilegt. Jeg þekki manninn auðvitað lítið, nema af afspurn, en get þó gefið þær upplýsingar um hann, að öllum, sem við hann hafa átt, og hafa minnzt hans við mig, hefir getizt mæta vel að honum. Hann hefir og komið mjer vel fyrir sjónir, og slíkt hið sama h. fjárlaganefnd. Hjer við bætist, að hann er manna kunnugastur ströndum landsins, þar sem hann hefir verið í förum hjer við land í mörg ár. Jeg skal og geta þess, hvers vegna hann vildi setja ábyrgð í Stafangur-deild norska bankans. Það var af því, að hann, og meðeigendur hans í skipinu, hafa mest viðskipti við þá deild. Það er nú sjálfsagt að búa svo vel um allt, að trygging sje fyrir því, að ferðunum verði haldið áfram, hvort maðurinn kynni að deyja eða verða gjaldþrota, og ætti það að vera hægðarleikur.

Skipið er aðeins 19 ára gamalt, og á nú að gera þá umbót á því, að yfirbyggja það allt með járni, og sjá um góðar klakavarnir, svo ekki festi ís á því ofansjávar, því að það er háskalegt, og getur sökkt skipum.

Á 1. plássi verður nægilegt rúm fyrir 30 manns, og jafnmarga á 2. plássi, en á þilfari geta verið 100, og fer vel um þá, þar sem allt skipið er þakið. Hraðinn er 7—8 vikur sjávar á vök-

unni, eða 4 tímum. Það kann sumum að þykjaja lítið, en jeg hefi leitað mjer upplýsinga um það atriði hjá mönnum, sem bera gott skyn á slíka hluti, og komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta sje hraði, sem vel má við una.

Nú er um aðalmálið að tefla, hvort nauðsyn sje á slíkum strandferðum, sem hjer ræðir um, eða ekki, hvort þörfin sje meiri en hinar órökstuddu grunsemdir, sem fram hafa komið, hafa gefið í skyn, eða þessar órökstuddu útásetningar út á ferða-áætlunina, sem á að vera svo ófullkomin. Menn vita ekki eða hafa ekki sett sig inn í, hvað hefir verið haft fyrir augum við samning þessarar ferða-áætlunar. Jeg skal því reyna að gefa stutt yfirlit yfir, eptir hverju hún er samin, yfirlit yfir gagnsemi og afnot ferðanna.

Eptir komu póstskips í marz er ætlazt til, að strandferðaskipið fari alla leið vestur á Ísafjarðardjúp, en ekki norður fyrir land, inn á Húnaflóa, o. s. frv., með því hætt er við ísrakningum um þann tíma árs. Í þessari ferð vestur er ætlazt til að skipið flytji vörur, sem komið hafi með póstskipi frá útlöndum; þurfa kaupmenn þá ekki að panta þær vörur sínar hálfu ári fyrir fram, eins og nú er títt. Þá á hún líka að flytja sjómenn, sem annars ekki komast í verið þar vestra, nema með miklum kostnaði. Úr þessari ferð kemur skipið svo hingað suður seint í marz, og þá gætu sjómenn að vestan, t. d. úr Snæfellsnessýslu, Mýrasýslu og af Skógarströndinni, komizt hingað suður í verið. En aðallega verður þessi ferð vöruferð vestur.

Næstu ferð fer skipið 31. marz úr Reykjavík suður og austur fyrir land, og norður allt til Akureyrar. Þessi ferð verður líka aðallega vöruferð. Þá verða fluttar útlendar vörur úr póstskipinu suður, austur og norður, allt að Akureyri. H. 1. þm. Árnes. (Þorl. Guðm.) spurði, hvað skipið ætti að gjöra á Keflavík. Þessi spurning lýsir ókunnugleik hans, því þá panta menn þar syðra mikið af veiðarfærum úr Reykjavík og frá útlöndum. Það, sem kæmi með póstskipi í marz af þessari vöru og öðru, yrði þá flutt suður. Þá gætu menn af innnesjum líka komizt með skipinu suður til að stunda netfiski, sem einmitt byrjar um það leyti. Með þessari ferð til baka geta kaupmenn sent til Reykjavíkur þær vörur, sem eiga að fara með póstskipi til útlanda, því það verður þá komið frá útlöndum, er skipið kemur aptur til Reykjavíkur hinn 14. apríl. Með sömu ferð gætu þeir komið, sem þá ætla að sigla til útlanda, og þá gætu menn og brugðið sjer til Reykjavíkur.

20. apríl á skipið svo að fara suður og austur fyrir land, og hringinn í kring. Þá á það að mæta póstskipi á Seyðisfirði 29. apríl. Með þeirri ferð geta þeir menn komizt aptur heim til sín, er ferðazt hafa að heiman hjeraða eða kaupstaða milli með póstskipinu. Annars verður þessi ferð almenn flutningaferð; svo er þessi ferð og hentug fyrir hjú, er flytjast vistferlum milli landsfjórðunga, eður verkafólk, því voryrkjur hefjast um það leyti. Úr þessari ferð kemur skipið svo til Reykjavíkur um lokin, fer svo aptur þaðan 17. maí vestur, norður og austur fyrir land, hringinn í kring. Þá er ætlazt til, að það mæti póstskipinu á Akureyri hinn 29. maí. Þá er ekki svo lítið um ferðaþörf. Búferlatími stendur þá yfir. Þá er og verkafólki eður kaupafólki frá Faxaflóa hentugt að komast til Vestfjarða. Þá mundu og geta átt sjer stað nokkrir skreiðarflutningar. Og með því annað skipið fer þá vestur um, en hitt austur fyrir land, og mætast á Akureyri, þá má með

þessari ferð ferðast fram og aptur til skemmtunar og erindareksturs um land allt. Þannig myndast tækifæri til að fara fram og aptur á skömmum tíma, sem ekki er hægt með einu skipi.

Þá fer skipið frá Reykjavík 8. júní austur og norður fyrir land. Þá er aðalkaupafólksflutningur frá Faxaflóa austur, en það er altítt, að hjeðan fari austur um það leyti árs á annað hundrað manns, en stundum hefir farið fólk svo hundruðum hefir skipt. 26. júní kemur skipið aptur úr þessari hringferð til Reykjavíkur; er því mjög þægilegt fyrir alþingismenn að koma með þessari ferð.

Þá fer skipið aptur frá Reykjavík 1. júlí austur og norður og vestur fyrir land; flytur þá skólapilta og kaupafólk til Norðurlands. Maí, júní og júlí eru auk þess beztu mánuðir til að flytja í ýmislegt frá sjónum til sveitanna, svo sem þurkað eða hert fiskæti.

Þá kemur ferð, sem fellur mest í ágúst, en það er sú ferðin, sem helzt má missa sig.

Sá maður, sem komið hefir til tals, að tæki að sjer strandferðirnar, sagðist vilja lækka styrkinn töluvert, kannske um 4000 til 5000 kr., ef hann fengi frían seinni part júlí og svo ágúst, með því þá væri sjer viss flutningur til og frá útlöndum.

Septemberferðin er til þess ætluð, að flytja kaupafólk og landsafurðir, smjör, kjöt o. s. frv., frá sveitunum til sjávarplássanna. En þessir flutningar verða, þegar hringferðirnar eru komnar á, margfalt meiri en nú. Þá mundi jeg treystast til að segja við hina fátæku fiskimenn í mínu byggðarlagi, sem kaupa ljeleg ljereptin í búðum kaupmanna til að hylja nekt sína: »Fáið ykkur heldur ull úr sveitinni og vinnið ykkur í föt úr henni, því þau föt eru miklu hollari og endingarbetri«. Þá mundi jeg treystast til að segja við þetta fólk: »Fáið ykkur kjöt og aðrar íslenzkar vörur úr sveitinni, svo þið þurfið ekki að lifa eingöngu á kornmat og annari óhollri fæðu úr búðunum«. En eins og nú stendur, dugar mjer ekki að segja þetta, því mjer verður svarað: »við getum ekki nálgazt neitt úr sveitinni; við höfum ekki ferðir, því verður ekki komið til okkar«.

Það er eptirtektavert, að nú eru flutt inn í landið af smjöri, smjörlíki (»margarine«) og þess háttar um 50 til 60 þúsund pund á ári. Jeg er sannfærður um, að þetta kemur af því, að smjörframleiðendur og smjörkaupmenn eða smjörneytendur ná ekki saman. Það er líka merkilegt, að út frá Íslandi er því nær ekkert smjör flutt nema einmitt frá þeim verzlunarstað, sem mest er útilokaður frá öllum strandferðum. Það er nefnilega flutt þó nokkuð af smjöri frá Borðeyri árlega til Englands. Jeg ímynda mjer, að það smjör mætti vel nota í landinu sjáltu.

Þetta yfirlit yfir áætlunina er sjálfsagt ekki svo glöggt, sem vera skyldi, en jeg vona þó, að menn hafi sannfærzt um, ef menn annars hafa fylgt með yfirlitinu, að áætlunin er á góðum rökum byggð. En það er auðvitað, að menn verða að líta á ferðaáætlun þessa eins og hún er, líta á hana sem ósamþykkta tillögu. Það er sjálfsagt, að hún verður endurskoðuð af mönnum, sem það verður falið. Þeir geta þá breytt henni eins og þeim þykir hentugt, og Randulff þykir aðgengilegt og framkvæmanlegt, því hann er reiðubúinn að fara eptir þeirri ferðaáætlun, sem þingið vill hafa, ef hann að eins álítur hana framkvæmanlega, eða má draga það út úr henni, sem hann álítur ekki framkvæmanlegt.

Þá skal jeg minnast á ýmislegt, sem beint var að mjer af einstökum þingmönnum í fyrra dag.

H. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) var einna nærgöngulastur. Hann sagði, að er hann hefði hlustað á ræðu mína í fyrra dag, þá hefði sjer dottið í hug flugdreki með glóandi sporði, og að sjer hefði fundizt, að jeg lypti mjer nokkuð hátt frá jörðu. Jeg skal ekki álasa h. þm., þó hann segi það, sem honum dettur í hug, en þá vona jeg líka, að hann álasi mjer ekki, þó jeg segi það, sem mjer datt í hug undir ræðu hans, þegar hann var að lýsa vantrausti sínu á framfaratilraunum vorum í samgöngumálinu.

Mjer datt í hug nokkuð, sem bar fyrir mig, þegar jeg var 10 vetra gamall. Jeg fór þá yfir »Kerlingarskarð», sem er fjallvegur á Snæfellsnesi, en á skarðinu eru tveir steindrangar, sem kallaðir eru »Karl« og »Kerling«. Mjer var sagt, að þetta væru tröll, sem hefðu dagað uppi og orðið að steini. Það er þjóðsagan gamla og merkilega, sem allir þekkja. Þetta fló mjer í hug, þegar jeg heyrði sum ummæli h. þm. Rvík. um þetta mál, því eins og jeg sá drangana standa þarna blýfasta við jörðina, og ómögulega til nokkurrar hreyfingar, eins fannst mjer h. þm. Rvík. ekki lypta sjer voðalega hátt í ræðu sinni. Það væri synd að kannast ekki við það, að h. þm. er blýfastur við jörðina og lítt hræranlegur í þessu máli. En allt um það skal það viðurkennt, að hann varð þó áður en hann lauk máli sínu líklegri til hreifingar en drangarnir á Kerlingarskarði, þar sem hann var líklegur til að vilja gera tilraun í þá átt, ssm jeg hefi haldið fram, og afsagði ekki að fylgja þessu máli, sem tilraun auðvitað, til þess að sú spá hans, að hjer sje um tóman loptkastala að ræða, gæti ræzt. Það liggur við, að þetta sje þakklætisvert af honum, sem enga trú hefir á málinu, eins og líka það, að honum, þrátt fyrir hinn mikla skoðanamun okkar, fórust að sumu leyti hlý orð um ræðu mína.

Í sambandi við þetta skal jeg enn minnast á eitt atriði. Jeg er vanur að heyra þetta, sem h. þm. Rvík. bar fram og annað eins. Mjer hefir opt verið brugðið um, að jeg væri loptkastalamaður. Svo var t. d. gert, þegar jeg bar fram mitt nýja »princip« í vegamálinu 1891. Þá heyrðist í h. efri deild, að þetta væri loptkastalafrumv. frá mjer; en nú eru hinir skynsömustu menn komnir á aðra skoðun um það mál. Um það vona jeg, að h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) hafi getað sannfærzt, þegar rætt var um hina miklu fjárupphæð á fjárlagafrumv. stjórnarinnar til vegabóta.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) sagði, að jeg hefði álitið Ísafjarðardjúp gott siglingasvæði, og ljet í ljósi, að svo væri ekki, þar sem hann talaði um eitthvert sker, sem væri hættulegt á því svæði. Jeg verð samt enn að efast um, að annarsstaðar hjer við land sje miklu hreinni sjór.

Þá spurði h. sami þm., hvers vegna við vildum ekki láta strandferðaskipið koma á hverja vík á landinu. Það getur alls ekki verið meiningin; það væri ekkert vit í því, þó það geti verið mikil meining í að láta það koma við á einstöku smávík inn úr hinum stærri fjörðum, svo sem Ísafjarðardjúpi, þar sem menn missa allan styrk til gufubátsferða. Þó þess vegna öll sanngirni mæli með því, að skipið komi við á fleiri stöðum en einum við Ísafjarðardjúp, þá er þar fyrir alls ekki rjett að segja, að það eigi að koma á hverja vík á landinu.

Þá sagði h. sami þm., að ekki væri meiri þörf á flutningaskipi á Austfjörð-

um en á »Ströndum«, fyrir norðan Reykjarfjörð. Hann veit þó, að það er margfalt meiri fólksfjöldi og »trafik« á Austfjörðum en á »Ströndum«. Austfirðingar hafa hingað til, að kunnugra manna sögn, liðið af flutningaskorti. Það væri líka óhæfa, að sigla fram hjá fjörðunum á Austurlandi, sem eru svo djúpir nærri alstaðar, að fara má á gufuskipum upp í landsteina.

Þar sem h. þingm. sagði, að «Laura« hefði einhvern tíma fengið einar 44 kr. í »fragt« vestur á Ísafjörð og svo sem 100 kr. þaðan aptur, þá sannar þetta ákaflega lítið, því það er öllum vitanlegt, að »Laura« hefur fengið margar ferðir svo vel borgaðar, að óþarfi er að taka nokkurt tillit til þessarar ferðar, sem hann nefndi.

Það var líka sagt hjer á þingi 1891, að »Thyra sigldi stundum ekki fyrir kolum, en rjett á eptir upplýstist, að hún hefði haft fyrir eina ferð heiman að og heim aptur 30,000 kr.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) áleit, að ferðaáætlunin væri svo »forceruð«, að það væri auðsjeð, að skipið væri hraðskreitt. Það kann vel að vera, að áætlunin sje nokkuð »forceruð«, en kapteinninn áleit, að hún væri ekki óframkvæmanleg svona.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) hjelt því fram, að nauðsyn væri á sjerstökum bát fyrir suðurströnd landsins, en jeg vil benda honum á, að hinu fyrirhugaða gufuskipi eru ætlaðar fimm ferðir austur í Vík, þar af 2 í júlímánuði, 1 í ágúst og hinar á öðrum tímum. Auk þess hefir h. fjárlaganefnd gefið í skyn, að bæta mætti við þær með því, að láta gufubát frá Faxaflóa fara þangað 2—3 ferðir; það verða alls 8 ferðir, og mun þá Skaptfellingum bregða við það, sem áður var. (*Guðl. Guðm.*: Skaptfellingar lifa ekki á loptköstulum).

Jeg vil benda h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) á, að það er síður meðal allra síðaðra þjóða, að verja fje til framfarafyrirtækja eptir því hvað mannfjöldinn er mikill. Í Vestur-Skaptafellssýslu eru nú eigi full 2000 manns. (*Guðl. Guðm.*: Ekki rjett). Jeg skal sýna h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) það svart á hvítu; það stendur í Stjórnartíðindunum frá 1891. (*Forseti*: Ekki samlestur). Nei — allir Vestur-Skaptfellingar eru viðlíka margir og íbúar tveggja prestakalla í Árnessýslu, — og að eins 350 mönnum fleira fólk í allri Vestur-Skaptafellssýslu en í Útskálaprestakalli í Gullbringusýslu einu saman. En hvað sem því líður, ætla jeg að segja svo mikið, að hjá því, sem verið hefir, þá mætti Vestur-Skaptfellingar una við þessar ferðir; það er þó ekki lítil bót frá því sem verið hefur.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) gat þess í ræðu sinni, að strandferðir væru dýrar, og það væri vert að fara varlega í fjárframlögum. Þetta er hverju orði sannara. En þegar á að spara, þá er óhappalegt, að sparnaðurinn komi þar niður, er sízt skyldi. Það er rjett að spara fje til ýmsra miður nauðsynlegra smábitlinga, en það má ekki spara til þeirra fyrirtækja, sem brýnust þörf er á fyrir landið.

Ef jafnað er saman, hve miklu fje hefir verið varið til vegabóta og til strandferða á seinni þingum, þá er auðsætt, að strandferðirnar hafa orðið út undan. En að rjettu lagi ætti nú sparnaðurinn fremur að koma fram við vegina en strandferðirnar. Ein míla af akvegi kostar um 12—16000 krónur, og má fá allmiklar umbætur á strandferðum fyrir þetta fje. Ef því væri að skipta, væri án efa rjett að gera einni mílu styttri akvegi á ári, en verja því fje heldur til strandferðanna. Sjórinn

er allsherjarvegur, vegur sem oss er ákveðinn af náttúrunni, og hann verðum við að nota, ef oss á að þoka nokkuð áleiðis. Norðmenn eru einir hinir mestu siglingamenn í heimi; þeir myndu hafa verið komnir skemmra á veg, ef þeir væru sjóferðalausir enn.

Dæmi Norðmanna talar hátt til vor Íslendinga, og bendir oss út á þjóðbrautina miklu — hafið —. Þeir eru sú þjóðin, sem næst oss býr, og lifir í því landi, sem líkast er voru landi, og lengra en til þeirra þarf enginn að líta, til að hrinda burtu efa sínum um, að góðar samgöngur á sjónum munu bezt hrinda viðskiptum vorum í betra horf, auka framleiðslumagnið í landinu og knýja þjóð vora til vaxandi dugnaðar, orku og auðsældar, og þar með lypta henni á nýtt framfarastig. Þetta verður hver sá að játa, sem sjer, að það er lítið gagn að því, að framleiða um þörf sína fram einhverja vöru, til þess að hrúga því sem framleitt er í kring um sig, en geta hvergi komið því til markaðar, af því að enginn vegur er til þess. Þegar samgöngurnar eru fengnar, þá hrópa þær til landsmanna: Framleiðið sem mestar vörur og komið þeim til markaðar! Þá keppist hver við annan að framleiða sem mest. Því gleðst jeg hjartanlega yfir því, að þingið er komið á þá stefnu, að gera samgöngurnar betri en þær hafa verið nokkru sinni áður.

Með því að veita gufuskipafjelaginu þennan 18000 kr. styrk, þá eru hringferðirnar betur tryggðar, og þá má miða allt betur niður. Þá má og láta skipin mætast á ákveðnum hentugum stöðum og tímum. Allt er víst. Ferðirnar milli Íslands og útlanda eru vísar. En ef eigi verða veittar þessar 18000 krónur, þá er ekki á neinu töstu að byggja.

Það liggur opið fyrir, að það er nokkru meira gefandi fyrir gufuskip til hringferða en smá gufubáta hjer og hvar. Það hefir verið sagt, að illt væri, að láta gufubátana falla niður. Gufubátum hefir verið líkt við háræðar; en jeg verð að segja, að lítið duga háræðar til lífsviðhalds, ef stóru æðarnar eru stemmdar, svo að blóðið kemst ekki út í háræðarnar.

Á þinginu 1891 lýsti sjer meiri áhugi en nokkru sinni áður á því, að auka og bæta strandferðirnar. Sumir vildu taka á leigu landsskip, er tæki að sjer strandferðirnar, en svo fjellu menn frá því, sem óframkvæmanlegu, enda var stjórnin alveg mótfallin því; þá vildu enn aðrir gjöra samning við Otto Wathne, að hann tæki að sjer ferðirnar, en svo fórst það fyrir; en þá setti þingið hinu sameinaða gufuskipafjelagi skilyrði, sem til bóta horfðu, og jafnframt var veittur styrkur til gufubáta á ýmsum svæðum, og var það víst eigi síður gjört til að sýna viljann, heldur en í öruggri von um framkvæmdir. Það þótti t. d. ekki líklegt, að hægt mundi verða, að fá gufubát á Breiðafirði án mælinga, og á suðurströnd landsins var ekki mikil von um gufubát vegna þess, að það vita allir, að Eyrarbakki eða svæðið milli Ölfusár og Þjórsár og þaðan austur í Mýrdal er vandræðasvæði við að eiga, því lítið lið er í því, þótt skip komi og »pípi«, ef menn geta ekki sinnt því. Þó veittur væri þannig styrkur til allmargra gufubáta, þótti þegar auðsætt, að lítið mundi notað verða og að gagni koma af þeirri fjárveitingu, og það var hreint ekki meiningin með henni, að slá ákveðinni stefnu fastri.

Stefnan hefir verið og er enn innlent strandferðaskip; þetta er aðalhugmyndin, enda er ljóst, að það er aðalatriðið að sameina eitt hjerað við annað, eina sýsluna við aðra, með sameig-

inlegu gufuskipi, en þar sem svo reynist, að það geti ekki komið nógu víða við, má seinna prjóna gufubáta inn í geilarnar; þetta er sú eðlilega »udvikling«. Jeg vil endurtaka það, að sje þörf á fjárhagsins vegna að klípa af þeim styrk, sem ætlaður er til samgangna, þá er betra að slaka til um eina mílu vegar á landi en fella annað eins fyrirtæki og þessa umbót á strandferðunum. Það hefir ekkert fyrirtæki betri áhrif á hugi landsmanna heldur en strandferðirnar; þær glæða hjá þeim þær vonir og vekja hjá þeim það traust, að þeir una betur hag sínum og fara síður af landi burt, eins og þeir gjöra nú, svo að til vandræða horfir með vinnukrapt. — Hví á ekki að koma í veg fyrir það á eðlilegan og »civiliseruðum« mönnum samboðinn hátt, að þeir flýi land þetta? Það er ekki vantrúin, sem frelsar okkur. Nei, kvíðinn og hræðslan um, að þetta og önnur eins veruleg spor í framfaraáttina eigi ekki við hjá oss, komi ekki að liði, og sligi vora þjóð, slíkur kvíði og hræðsla lyptir oss ekki. Við getum aldrei komizt neitt áfram með vesölu trúleysi á nytsamleg fyrirtæki, og þessum alkunna ótta og kvíðboga, ef vjer getum ekki byggt allt á ákveðnum tölum; sá »nihilismus« getur alls ekki hjálpað oss.

Bogi Melsteð: Umræðurnar eru nú orðnar svo langar, að jeg held vjer mættum biðja eins og forðum, að sólin stæði kyrr, ef allir vildu tala jafnlangt mál og h. þm. er síðast talaði (J. P.). Það er nú að vísu eðlilegt, að umræður verði langar um jafnmikilvægilegt atriði í fjárlögunum sem þetta, en jeg ætla þó að leiða hjá mjer að tala um strandferðirnar, sjerstaklega af því, að h. framsögum. (J. J.) mun tala fyrir hönd fjárlaganefndarinnar. Jeg vil **þó óska, að menn hjeldu sjer við málefnið sjálft**, því það er sannarlega nógu margt við það að athuga, en færu ekki út í það að hafa miður vel valin orð í frammi hver við annan, eins og h. þm. Borgf. (B. B.) hafði við oss fjárlaganefndina, þar sem hann kallaði okkur »kaupfjelagsklikku« o. s. frv. Því þott honum mislíki að fjárlaganefndin hafi ekki verið á móti því, að veita styrk til hins sameinaða gufuskipafjelags, þá er það eingöngu af því, að landið, sjerstaklega Norðurland, þarf betri samgöngur til útlanda, en á ekkert skylt við kaupfjelögin; það er því óhæfilegt að nota slík orð um oss og allra sízt um þá menn, sem ekkert eru riðnir við stjórn kaupfjelaganna og hafa ekkert við þau að skipta.

Jeg ætla að koma með nokkrar athugasemdir viðvíkjandi aukalæknunum.

Þegar jeg talaði síðast mundi jeg ekki eptir landshöfðingjabrjefi frá 16. oktbr. 1877, sem breytti takmörkunum á læknishjeruðunum í austanverðri Húnavatnssýslu; jeg vildi því leiðrjetta þetta; en þó takmörkin hafi breyzt, er öll sýslan samt sem áður ekki eitt læknishjerað; nokkuð af henni liggur undir lækninn í Skagafirði; en þó svo væri, þá væri hún næstum þriðjungi minni en Árnessýsla og fólksfjöldinn nærri því helmingi minni. Það er ekki rjett af h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), þar sem hann telur Bæjarhrepp með Húnavatnssýslu, því Bæjarhreppur hefir aldrei verið lagður undir 8. læknishjeraðið (Húnav.s.), og síðan aukalæknir var settur 1883 í Dalasýslu, hefir hann haft Bæjarhrepp til yfirsóknar. Ekki er það heldur rjett hermt af sama h. þm. (H. Kr. fr.), að vegir sje ógreiðir í Húnavatnssýslu. Þeir eru miklu greiðari þar en í Árnessýslu, og í Húnavatnssýslu er ekki nema eitt vatnsfall svo teljandi sje.

H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) rjeð mjer

það heilræði, að eiga frið við alla menn þar sem um aukalæknninn væri að ræða; en jeg held honum veiti ekki af að hugsa um sjálfan sig í því efni og læknishjerað sitt. Jeg hefi sagt, að það væri erfitt á vetrum, að ná til læknis í Grunnavíkur- og einkum í Sljettuhreppum, og væri því hlynntur málinu, en hitt ætla jeg mig herma rjett, að á sumrum sje mjög hægt að ná til læknis úr Grunnavíkinni, eða líkt og að fara hjeðan úr bænum og upp á Akranes. Jeg fer í þessu efni eptir uppdrætti Islands eptir Björn Gunnlaugsson, og það er vitnisburður þeirra manna, er vit hafa á því, að það sje mjög nákvæmt að því er strendur landsins snertir. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að það er hin mesta fjarstæða, að það sje hvergi í Árnessýslu meira en 8 tíma ferð til læknisins, eins og h. 1 þm. Ísf. (Sk. Th.) sagði, og ber þetta vott um ókunnugleika hans þar í sýslu.

Þegar tekið er tillit til fólksfjöldans, þá er munurinn mikill, því að í Sljettuhreppi eru ekki nema 339 manns, en það er sjerstaklega vegna þess hrepps, að aukalæknir þarf þarna norður frá, en í efri hluta Árnessýslu eru hátt á 3. þúsund manna, eins og jeg gat um áðan.

Þess hefir og verið getið, að læknirinn í Árnessýslu sje sjaldan heima að hitta, sökum þess, að svo margir eru um hann. Þar sem fjölmennið er mest, kemur slíkt að sjálfsögðu optast fyrir, og verður að hafa nokkuð tillit til þess. En þegar um ný aukalæknishjeruð er að ræða, má maður eigi einblína á það, þótt hlutaðeigandi hjeraðslæknir sje ekki sem beztur nú sem stendur. Úr því h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) fór að minnast á fjárlaganefndina og skoðanir manna í henni á aukalæknishjeruðunum, þá skal jeg geta þess, að mjer fannst hann ávallt líta svo á, þegar hann var að ræða um aukalæknishjerað sitt, sem enginn læknir væri á Ísafirði, og að menn yrðu úr nyrztu hreppum sýslunnar að leita læknis til Dýrafjarðar, ef þeir vildu fá nokkra læknishjálp; en slíkt er eigi rjett, allra sízt þar sem nú kvað vera kominn aðstoðarlæknir á Ísafirði.

Hvað uppmælinguna á Hvammsfirði snertir, þá tók jeg það fram, að jeg er því fyrirtæki hlynntur; en jeg skal geta þess, að þm. Dal. (J.P.) hefir ekki getað sannfært mig um, að landssjóður ætti einn að kosta þetta verk; þar sem fleiri sýslufjelög en Dalasýsla hafa not af þessu, þá gætu þau tekið einhvern þátt í kostnaðinum. Þetta fyrirtæki er til þess að greiða fyrir flutningum á sjó, og má líkja því við bryggjugjörðina á Blönduós, en hana kosta sýslubúar hjer um bil að helmingi.

H. sami þm. (J. P.) sagði, að þingið gæti stutt að máli þessu með þingsályktun. Jeg skal með góðu geði greiða atkvæði með þingsályktun í máli þessu, ef það dugar. En þar sem fyrirtæki þetta kostar mikið fje og þingið er svo örlátt, eins og þm. Dal. (J. P.) sagði, að greiða fyrir öðrum samgöngum einmitt á þessu ári, þá er þar fyrir ekki rjett, að taka þetta með líka í ár, því þó fjárlaganefndin væri örlát til þess konar fyrirtækja, þá hefir hún þó víða gætt sparnaðar og jafnan haft það hugfast, að varast sjóðþurð. Vjer viljum ekki veita svo mikið fje, að nýja skatta þurfi að leggja á, að minnsta kosti fæstir af okkur.

H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) var að bera saman Dalasýslu við Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaptafellssýslu, að því er strandferðirnar snertir, en hjer er nokkuð ólíku saman að *jafna*, því það er mun örðugra að sækja til kaupstaðar í Rangárvallasýslu og Vest-

ur-Skaptafellssýslu en í Dalasýslu. Það er ekki langt fyrir Dalamenn að sækja til Stykkishólms, og til Flateyjar koma strandferðaskipin líka, og sumir þeirra hafa sótt þangað, og er sá vegur ekki ýkjalangur nje erviður. Svo hafa þeir nú fengið verzlun á Skarðsströndinni; ljettir það fyrir, þótt strandferðaskipin komi þar ekki.

Björn Bjarnarson: Menn eru nú víst orðnir leiðir á umræðunum um þetta mál, en það er svo mikils vert, að það er aldrei of vandlega athugað.

H. þm. Dal. (J. P.) hefir nú talað tvisvar, og vil jeg at þeirri ástæðu ekki hreyfa miklum mótbárum gegn því, sem hann hefir sagt; hann varð nokkuð ákafur í umræðum sínum, en það verður mörgum á, sem eru áhugamenn, og get jeg fyrirgefið honum það, þótt hann yrði heitur; það kemur opt fyrir, að slíkir áhugamenn geta ekki stillt sig, en eru svipaðir fjörugum hestum, þegar þeir hafa gripið sprettinn, og þetta rættist á h. þm. Dal. (J. P.), að því er mig snertir; hann gat ekki stillt sig um að hafa þau orð, að jeg hefði ekki borið við að kynna mjer málið, og að jeg hefði dæmt um það eins og »blindur dæmir um lit«; væri á móti sönnu »hjálpræði« fyrir landsmenn o. s. frv.; en jeg sagði, að eptir útliti á kortinu að dæma, mundi 4—5 mílur af leiðinni vera lítt færar nema um flóðliggjandann, og þá að eins á gufuskipum. Það má nú reyndar kasta mjer því í nasir, að jeg sje því ekki vel kunnugur, en jeg miðaði við þá línu, er dregin væri um Elliðaey og Vaðstakksey að utan inn að Lambey. Þessi leið er eptir kortinu að dæma um 4 mílur að lengd, og á því svæði er fádæma-eyjaklasi með skerjum og grynningum.

H. þm. Dal. (J. P.) sagði, að það væri ekki nema 400 faðma þrengsli, þar sem leiðin væri torveldust og illfær seglskipum, og þó jeg væri í efa um, að uppmælingin yrði til þess að gera hjer ugglausa leið, þá frábið jeg mjer þann vitnisburð, að jeg vilji setja mig á móti nokkru, sem jeg er viss um, að mönnum geti orðið til »hjálpræðis«, hvar á landinu sem er; en þó uppmæling sje gerð, þó einhverjir danskir officerar fari að sveima þar um eitt sumar, býst jeg við, að skerin standi og rifin eptir sem áður og straumarnir verði hinir sömu.

Viðvíkjandi hinum fyrirhuguðu strandferðum hefir verið fundið að því, að binda þær við mann, sem vafi þykir vera á, hvort hafi nægilegt fjármagn til að fullnægja samningnum, ef eitthvað ber út af. En það er nú víst álit manna, að sameinaða gufuskipafjelagið sje óbilugt og ódauðlegt, því orð tillögunnar eru alveg eins að því er það snertir; það er til hins sameinaða gufuskipafjelags o. s. frv. Ætti því að breyta þessu viðvíkjandi Randulff, virðist mjer hið sama mætti eiga sjer stað með fjelagið. Ef landsstjórnin á að sjá um framkvæmd tillögunnar í einum lið hennar, því þá ekki öðrum? Það mætti þá veita þessar 25000 + 18000 = 43000 til strandferða, og ætla svo stjórninni alla forsjá fyrir því, hvernig þeim væri varið. Milliferðirnar milli Íslands og Danmerkur eru alveg lausar við þetta; þær haldast uppi hvað sem strandferðunum líður.

Ferðaáætlun þá, sem h. fjárlaganefnd hefir gert, hefi jeg skoðað sem uppkast; en jeg vil geta þess, að ekkert hefði verið á móti því, þótt Akranes hefði verið tekið upp í áætlunina, því það er nærri því í beinni línu, þegar farið er

eða komið til og frá Reykjavík á vesturferðum, og mundi það því ekki tefja mikið ferð skipsins.

Að því er snertir gufubátsferðir á Lagarfljótsós, hefir h. þm. N.-Múl. (E. J.) ekki tekizt að sannfæra mig um, að það væri framkvæmanlegt. Ósinn er misdjúpur um flóð og fjöru, opt minni en 6 fet á dýpt, og því mjög ótryggur samgönguvegur, og því ekki verjandi miklu fje til að kaupa skip út í bláinn, í von um, að það kynni að takast einstaka sinnum, að komast um ósinn, enda væri lítið gagn í skipi, sem kostaði ekki nema 5000 krónur, eða enda þótt það kostaði helmingi meira, 10—12000 kr.

Það hafa komið mótmæli fram móti því, frá nokkrum h. þingdm., að augnalæknirinn á Akranesi flytti sig til Reykjavíkur, en ekki hafa þeir samt hrakið ástæður mínar móti því, að það væri æskilegast. Þeir hafa að eins fyrir augum sín eigin kjördæmi, en maðurinn er nú ekki nema einn, og hvert sem hann flytur sig, verður hann ávallt fjær þessum, en nær hinum.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) var að tala um, að það gæti kostað mikið að kaupa skip með áhöfn úr Reykjavík til Akraness; en úr því hann ber kjördæmi sitt eitt fyrir brjósti, skal jeg benda honum á, að þaðan er stutt landleið til Borgarfjarðar um Leggjabrjót, og þann veg verður ekki farið nema með gamla laginu, sem h. þm. er svo hrifinn af. Annars ætla jeg, að þar sem hreppapólitíkin skín út úr hverju orði manna, þá hafi sú ræða mjög lítinn sannfærandi krapt.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) vildi reyna að vefengja, að læknirinn í Árnessýslu sje vel settur, en gat þó ekki verið svo óhreinskilinn, að hann ekki játaði þetta, er hann sagði, að hjeraðið lægi í 3 áttir frá bústað hans, lægi mest í norður, austur og vestur. Það er að vísu stutt suður að sjó, en þar er einnig mestur mannfjöldinn, svo maður getur naumast kosið á betur settan lækni en nú er í Árnessýslu.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) var að fetta fingur út í það sem jeg sagði um nýja læknisumdæmið tilvonandi í Eyjahreppi, en jeg var og er því einmitt samdóma, að það sje brýn þörf á lækni þar, en ljet í ljósi, að ekki væri unnt að uppfylla allar þarfir manna. Eptir rökfærslu h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) ætti það að vera skylda þingsins, að veita fje til lækna á hverri eyju, ef fram á það er farið.

Jeg vil taka til dæmis Grímsey; það mun ekki hægra að ná lækni þaðan en úr Eyjunum á Breiðafirði.

H. 2. þm. Árn. (B. M.) vill tryggja oss hina ungu íslenzku lækna, er út skrifast frá háskólanum, með því að fjölga læknishjeruðunum, því að þeir muni fremur ganga að föstum embættum en aukalæknisembættum. En mjer þykir einmitt sjerlega heppilegt að fjölga aukalæknum, en fækka heldur föstu læknunum, því að, ef læknarnir þykjast hafa lítil laun, þá er meiri hvöt fyrir þá til að starfa sem mest og reyna á þann hátt að auka tekjur sínar, og þá ættu þeir heldur ekki tilkall til eptirlauna, sem menn nú helzt vilja afnema alveg, eins og von er.

H. 2. þm. Árn. (B. M.) hefir víst ímyndað sjer, að hann væri kominn í forsetasætið, þar sem hann var að gefa mjer áminningu fyrir orðalag mitt áðan, en jeg álít h. þm. óskylt að gefa mjer áminningar, og mun meta þær að litlu.

Jeg vil nú ekki að þessu sinni tefja

meira umræðurnar, enda þótt jeg hefði fleira að athuga. Jeg veit, að h. þingdm. var farið að leiðast, og bresta þolinmæðina. Já, það er satt, mönnum var farið að leiðast löngu áður en jeg tók til máls.

Framsögumaður (Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.): Jeg get yfir höfuð verið háttv. þingdeildarm. þakklátur fyrir hinar góðu undirtektir, sem tillögur fjárlaganefndarinnar hafa átt að fagna hjá flestum, hvað þennan kafla snertir, og sjerstaklega þeim meðnefndarmönnum mínum, sem borið hafa hönd fyrir höfuð henni og þannig sparað mjer ómak, því flestum mótbárum gegn nefndinni er þegar svarað, en þó eru það fáein atriði í ræðum þeirra, sem talað hafa í dag, sem jeg vil ekki láta hjá líða að minnast á, áður en þessari umræðu er lokið.

Það er þá fyrst um ferðaáætlunina, sem svo mikið hefur verið talað um. Jeg álít, að það hafi eigi verið á rjettum tíma, að ræða um hana innan um fjárlögin; það hafa bæði jeg og aðrir tekið það skýrt fram, að hún er að eins lögð fyrir þingið til athugunar, en spurningin, sem nú liggur fyrir, er að eins þessi: vill þingið veita svo mikið fje til strandferða, sem farnar væru eptir því, sem þingið tiltæki, með sjerstakri ferðaáætlun?

H. þingm. Rvík. (H. Kr. Fr.) talaði ýmislegt um samgöngumálið, en flest af því var víst spaug eða gaman, enda hló hann dátt að sjáltum sjer, en það var þó ein alvarleg bending, sem hann gaf fjárlaganefndinni, um að taka sig nú til og íhuga málið vel og ítarlega til 3. umr.; jeg ætla alls ekki að fara að gjöra grein fyrir, hvernig fjárlaganefndin hefur íhugað málið, en að eins leyfa mjer að senda þessa góðu bendingu til h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) með þeirri ósk og von, að hann færi sjer hana rækilega í nyt og láti sínar ræður bera þess vott.

Það hefur komið tillaga frá hæstv. landshöfðingja um, að læknir Björn Ólafsson fengi 2000 kr. á ári, til að setjast að hjer í Reykjavík, og það eru margir, sem hafa aðhyllzt það, eptir því sem heyra mátti á umræðunum.

H. varaforseti (Þ. B.) tók það fram, að nefndin mundi geta aðhyllzt þessa tillögu, ef launin væru lækkuð nokkuð, og jeg skal leyfa mjer, að lýsa því yfir, fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar, að hún mun koma með breyt.till. um, að lækka þau niður í 1500 kr.

H. þm. Snæf. (J. Þ.) þótti það nauðsynlegt, að hafa þetta 2 þúsund kr., með því að því væri bætt á hann, að kenna á læknaskólanum. Það er vitanlegt, að það er nokkur viðbót, en hins er líka að gæta, að það er eigi svo litlu, sem er ljett af honum, þar sem eru öll aukalæknisstörfin í Borgarfjarðarsýslu, því það er víst ekki tilætlazt, að hann gegni þeim líka, eptir að hann er seztur hjer að í Reykjavík.

Hæstv. landshöfðingi drap líka á, að það gæti verið umtalsmál að lækka launin, ef hann þá vildi ganga að því; það hafa engar upplýsingar komið í því efni, og því verð jeg að halda því fram, fyrir hönd nefndarinnar, að hún geti eigi aðhyllzt þessar till., af því henni þyki launin of mikil.

Sá sem fyrst talaði í morgun, h. þm. Rangv. (Sighv. Á.), tók það fram viðvíkjandi gufuskipaferðunum, að suðurkafli landsins gæti lítið sem ekkert gagn haft af þeim, vegna þess, að hinar ótryggu hafnir gjörðu ferðirnar svo vafasamar, og enn fremur af því, að ferðirnar væru settar á þeim tíma, er heystörf hömluðu mönnum frá að færa sjer þær í nyt.

Jeg verð að leyfa mjer að segja, að sje ekki önnur ástæða á móti en þessi,

þá er það sannarlega lítil ástæða, enda lýsir það eigi all-lítilli heimtufrekju hjá þingm., þar sem þó ætti þess að gæta, að þessi hjeruð hafa þegar fengið ekki all-lítil framlög til bóta á samgöngunum og því ættu að vera sýnu vægari í kröfum en hin önnur hjeruð. En það lítur ekki út fyrir, að svo sje.

Jeg get eigi annað en borið þetta saman við annað mál, sem fyrir nokkru var fyrir hjer í deildinni; það var um brúargjörðina á Þjórsá; það vita allir, hve almennt áhugamál það var þingdeildarm., og þó sagði t. d. h. þm. V.-Skaptf. (G. G.), að Þjórsárbrúin mundi verða að litlu eða engu gagni fyrir Vestur-Skaptfellinga, því þeir sæktu mest til Víkur.

H. 1. þm. Rangv. (Þ. G.) sagði þar á móti, að Vestur-Skaptfellingar sæktu á Eyrarbakka; það virðist nú ekki gott fyrir ókunnuga, að komast að niðurstöðu í samgöngumálinu, þegar svona eru misskiptar skoðanir þeirra, sem eiga hlut að máli.

H. 1. þm. Rangv. (Þ. G.) sagði einnig í sambandi við brúartollsmálið, að væri þessi tollur lagður á, þá mundi það verða til þess, að Rangæingar notuðu brúna lítið eða ekki.

Þrátt fyrir þetta, þá vóru menn samhuga í því, að láta brúarbyggingarmálið ganga sem greiðast fram, sem vitanlega eptir þeim beinu hagnaðarvonum að eins hefði átt að fá 2 atkv. þ. e. beggja þm. Rangæinga, ef allir h. þm. hefðu horft svo skammt og haft sama hugsunarhátt og h. 1. þm. Rangv. (Þórður G.), en því fór betur og fer betur, að það eru fleiri sjónarmiðin sem má horfa á málin frá og þess vegna var það rjettilega, að það mál var einhuga og af alhuga stutt hjer í deildinni.

Að því er snertir styrk til gufubáts með suðurströndinni, þá verð jeg að lýsa því yfir fyrir hönd fjárlaganefndarinnar, að hún vill gjarnan sameina sig við hlutaðeigendur, eins og h. varaforseti (Þ. B.) tók fram í dag svo rækilega, að jeg hef þar engu við að bæta.

H. 2. þm. Rangæinga (Sighv. Árnas.) talaði með velvildarhug um till. fjárlaganefndarinnar; þó áleit hann það tiltækilegra, að strandferðaskipið yrði látið ganga til útlanda og ferðunum kringum landið fækkað að því skapi; enn fremur áleit hann, að spara mætti fje með því, að veita sameinaða gufuskipafjelaginu að eins 9 þúsund krónur í stað 18 þúsund króna tillagsins, sem í frumv. er nefnt.

Jeg skal í sambandi við þetta geta þess, að það er eigi rjett, sem sumir h. þingdeildarm. hafa sagt, að það sje tillaga fjárlaganefndarinnar, að veita gufuskipafjelaginu danska þessar 18 þúsund krónur; sú breyt.till. er nú frá stjórninni; það er að eins að nefndin hefur eigi gjört þar neina breytingartill. við eða lagt til að þær falli burtu.

Hvað viðvíkur því sem h. þm. sem jeg síðast nefndi talaði um, að 9 þúsund krónur mundu nægja til gufuskipafjelagsins, þá hefur h. þm. Dal. (J. P.) svarað því svo vel, að jeg þarf ekki og ætla ekki að taka það upp aptur, en að eins bæta því við, að ef vjer veitum að eins þessar 9 þúsund krónur, þá getum vjer ekki vitað eða ráðið neinu um, hvernig ferðunum sje hagað, og vjer megum vel búast við því, að þær yrðu settar þannig, að minnst gagn gæti orðið af þeim; þar á móti, ef nú veittar yrðu 18000 þúsund krónur, þá höfum vjer fasta áætlun að halda oss til og getum hagað hinum öðrum ferðum eptir því.

Þetta hefur h. þm. Dal. (J. P.) tekið

svo skýrt fram, að það ætti öllum að vera ljóst, að með þessu fyrirkomulagi geta þessi 2 strandferðaskip bætt hvort annað upp, þar sem hið innlenda miðar áætlun sína við hina.

H. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) sagði, að það væri leiðinlegt, að ef allar þessar tillögur væru samþykktar, þá leiddi það til þess, að útgjöldin yrðu að stórum mun meiri en tekjurnar, sem þó væri allt af mjög varhugavert. Þetta er mikið satt, enda hefir nefndin álitið sjer skylt, að viðhafa sem mestan sparnað í öllum greinum, og er svo til ætlazt af hennar hálfu, að eigi verði sjóðþurð, en þær breytingartillögur, sem fram hafa komið frá ýmsum h. þingm., bæta við hjer um bil 50 þúsundum, og því get jeg lýst því yfir fyrir hönd nefndarinnar, að hún mun vart sjá sjer fært að styðja þær.

Út af orðum h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), sem fóru í þá átt, að jeg áliti tillögu nefndarinnar rjetthærri en till. annara þingm., þá skal jeg leyfa mjer að athuga, að þetta var eigi alls kostar rjett; jeg svaraði h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) því, að jeg vonaðist eptir að tillögur nefndarinnar hefðu meira fylgi en till. hinna einstöku þingm., án þess í nokkurn máta að snerta það, að jeg áliti þær rjetthærri.

Jeg vil taka það upp aptur nú, að jeg óska og jeg sem framsögumaður nefndarinnar verð að óska og vona, að till. nefndarinnar fái betri byr og meira fylgi h. þingd.m. en hinar aðrar tillögur.

H. 2. þm. Rangæ. (Sighv. Á.) talaði um sparnað, og jeg er honum samdóma, eins jeg tók fram, en hins vegar verð jeg að álíta það örþrifsráð, sem hann vill fara fram á, að láta sparnaðinn koma niður á þessu.

H. þingm. Dal. (J. P.) tók það svo rækilega fram og jeg get alveg undirskrifað það, eins og yfir höfuð allt sem hann sagði, um hina almennu stefnu, sem fylgja ætti í þessu máli, og þá grundvallarreglu, sem fjárveitingin ætti að ganga eptir.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) lýsti því, hve æskilegt og gott það væri, að hafa gufubáta á fjörðunum, sem setja mætti í samband við aðal-strandferðirnar, og er það auðvitað rjett.

Jeg skal enn taka það alvarlega fram, út af þessum 18,000 kr. til hins sameinaða gufuskipafjelags, að þótt Vestfirðingar segi og það með rjettu: við höfum góðar og nægar ferðir nú, og fáum þær ekki betri, þótt fje sje kastað í gufuskipafjelagið, og þótt Austfirðingar með sama rjetti segi: við þurfum ekki ferðir hins sameinaða gufuskipafjelags, við höfum nógar og góðar samgöngur við útlönd án þess, allt árið, og þótt Sunnlendingar enn fremur segi: við höfum ekkert gagn af þessum strandferðum gufuskipafjelagsins; skip þess koma ekki við á höfnunum hjá okkur, og samband Reykjavíkur við útlönd er nægilega tryggt, án fjárframlags úr landssjóði, — þá er allt norðurland eptir, og það hefir eins mikinn rjett til, að tekið sje tillit til þarfa þess, eins og hver annar partur landsins, og jeg þori vel að segja þetta, þó jeg sje að norðan, því jeg er sannfærður um, að h. deild viðurkennir það. Hún viðurkennir, að það sje rjett, — og eigi ekki skylt við neina svo kallaða hreppapólitík —, að taka tillit til þess í fjárveitingum sínum, eigi að eins hvað landinu í heild sinni geti að gagni komið, heldur einnig hverjum einstökum hluta þess. (Margir: Heyr! Það er alveg rjett!). Þess vegna ber oss vandlega að athuga það, hvar þörfin sje mest, og hver hjeruð hafi mestan hag af, og haga svo fjárveitingunni eptir því, sem fje er til.

Geti þingið á þessu sumri komið samgöngumálinu í æskilegt lag, og það yrði, ef fallizt væri á þær tillögur, er nú liggja fyrir, þá getur hver þm. með rósömum huga komið fram fyrir hvern dómstól, sem vera skal, og sagt: »jeg hefi gert allt sem í mínu valdi stóð, til þess, að landið fengi það framfaramegal í hendur, sem það hefir svo lengi vantað, og lengi þráð«. En fari þetta mál allt í mola, þá álít jeg, að starfi voru hjer sje illa farið, og illa varið því fje, sem til þess er eytt, og jafnvel betur heima setið. Jeg verð líka að biðja menn vandlega að íhuga, að þessar 46 þúsund kr., sem nefndin leggur til, að varið sje til strandferða, þ. e. að meðtöldum 3 þús. króna styrk til gufubáts á Faxaflóa, því nefndin hefir tekið aptur till. sínar, tölul. 44 á atkv.skr. eða tölul. 14 í breytingartill. nefndarinnar, — þessar 46 þúsundir eru einmitt sama upphæð og lagt yrði til samgangna á sjó með gufubátafyrirkomulaginu. Því ef varið er 3 þúsundum króna til 7 gufubáta, þá eru það 21 þúsund, og 7 þúsund frá hjeruðunum verða, samkvæmt skilyrðunum, 28 þúsund, svo eru 18 þúsund krónur til sameinaða gufuskipafjelagsins, eða sem sagt, einmitt sama upphæð: 46 þúsund krónur. Því jeg efast ekki um, að hefði fje verið veitt til gufubáta fyrir austan land og vestan, þá hefði norðurland einnig verið látið njóta hinna sömu gæða, samkvæmt því, er nefndin upphaflega lagði til. Það hefir verið sagt, að landið yrði eigi fátækara, þó þessir gufubátastyrkir yrðu veittir, því þeir yrðu notaðir; en jeg segi fyrir mig, að þegar fje er sett út til einhvers sjerstaks fyrirtækis, þá er það að mínu áliti sannarlega ekki til þess, að það verði eigi notað.

Jeg verð þvert á móti að ætla, að þá er h. þm. greiða atkv. með fjárveiting til einhvers þess, er álitið er, að til gagns megi verða, þá verði þeim að þykja það skaði, ef fjeð er eigi notað, því það ber vott um, að hið góða fyrirtæki, sem fjeð var veitt til, hafi eigi fengið framgang. Og þess vegna er það, að jeg er hikandi í, að greiða atkvæði með styrkveitingu til gufubátsferða með suðurströnd landsins, eins og þær tillögur fara fram á, sem nú liggja fyrir. Jeg þykist hafa af umræðunum komizt að þeirri niðurstöðu, að hentast muni vera að veita þennan styrk hverju sýslufjelagi út af fyrir sig, þannig, að Vestur-Skaptfellingar sjeu sjer, reyndar gætu Vestmanneyingar — ef til vill — sameinað sig við þá, en Rangæingar ættu að sjálfsögðu að vera sjer, og þessar styrkveitingar ættu ekki að vera hærri en svo, að viðkomandi sýslufjelög gæti lagt fram tiltölulega á móti þeim úr sýslusjóði.

Því að leggja fram fje, meir en líklegt er að verði notað, vil jeg með engu móti.

Hvað viðvíkur breytingartill. h. þm. Dal. (J. P.), þá get jeg ekki skýrt frá, hvernig nefndin í heild sinni lítur á hana; það sem jeg kann því að segja því máli til viðvíkjandi, er að eins mín skoðun, og má enginn taka það svo, að það sje álit nefndarinnar eða meiri hluta hennar.

Það sem mjer virðist einna flóknast við það mál, eru þær 2, mjög svo sundurleitar skoðanir, sem komið hafa fram á því máli hjer í deildinni; sumir álíta það alríkismál, og þá væri að sjálfsögðu engin ástæða til að veita fjeð. Sumir, þar á mót, ganga svo langt, að þeir álíta það hjeraðsmál eða sveitamál, og þá ættu hjeruðin að kosta það. Þá er þriðji flokkurinn, sem heldur þetta landsmál; ef svo væri, og þörf væri á þessu, þá væri rjett að veita svo mikið ið fje, að þetta gæti verið vel af hendi

leyst, enda blöskrar mjer alls eigi sú upphæð, sem h. þm. Dal. (J. P.) fer fram á; reyndar væri viðkunnanlegra, að bæta inn í orðunum: »allt að«, eins og þm. talaði um, að hann hefði í hyggju að koma fram með í þingsályktunartill.formi á eptir. Sem sagt, mjer þykir upphæðin alls eigi svo mikil, að jeg þeirra orsaka vegna hikaði við, að greiða atkv. með till., því að það verður eigi ofsögum sagt af því, hverjir hagsmunir það gæti orðið fyrir hjeruðin, ef þetta fengist. En aðalgallinn er, að það er ei ljóst fyrir mönnum, hvaða mál þetta er, því þó sumir þm. sjeu að vitna til stöðulaganna og segja, að samkvæmt þeim, þá sje þetta landsmál, þá er ekki þægilegt fyrir ólögfróða og ólærða menn, að dæma um það, svo að jeg af þessum ástæðum, — hversu fús sem jeg annars væri til að stuðla að því, að þetta gæti tekizt —, býst við, að jeg verði að greiða atkv., á móti tillögunni.

Þá þarf jeg að svara h. þm. Borgf. (B. B.) nokkru því, sem hann sagði í dag, nokkru er þegar svarað, og nokkru vil jeg ekki svara, því það er ekki svaravert.

Hann tók það fram, að það mætti sjá á tillögum nefndarinnar, að Skagfirðingum væri ekki gleymt; satt er það að vísu, og tel jeg að það sje nefndinni til sæmdar. Jeg get meira að segja sagt h. þm. (B. B.) það, að nefndin mundi vel eptir öllum hjeruðum landsins, og hefir vona jeg sýnt það með till. sínum. Hann taldi líka sínu hjeraði til gildis, að þaðan hefðu eigi komið neinar fjárbænir. Það er sjálfsagt, að það er mikið gott þegar eitt hjerað hefir komið sjer svo vel fyrir, að það þarf engan styrk til neinna fyrirtækja framar, en á hinn bóginn að koma fram með slík tilboð sem Skagfirðingar hafa gjört viðvíkjandi brú á Hjeraðsvötnum, jeg verð að segja það, að slík tilboð eru hverju hjeraði til sóma. Þm. Borgf. (B. B.) hefir líklega gleymt því, að einmitt þessa dagana hefir landssjóður brúað stærstu ána í Borgarfirði, hjeraðsbúum að kostnaðarlausu, og gufubátur með landssjóðsstyrk tengir þetta hjerað við Reykjavík og fleiri hjeruð. Það verður því alls eigi sagt, að Borgarfjörður fari varhluta af landssjóðsstyrk, og jeg skal einnig taka það fram aptur, einmitt með skýrskotun til Skagfirðinga og fjárbeiðni þeirra, að það, að óska einskis styrks af opinberu fje til gagnlegra fyrirtækja, getur fullt eins vel verið vottur þess, að hjerað það, sem hlut á að, ráðist eigi í nein stór gagnsemdarfyrirtæki, sje eigi komið svo langt; þó er jeg alls ekki að sneiða Borgfirðinga með þessu, heldur vek jeg athygli á því almennt. Þessa vil jeg biðja menn að gæta vel, til að koma í veg fyrir allan misskiling. H. þm. Borgf. (B. B.) sagði, að ef gufuskipafjelagið fengi 18 þúsund krónur, þá fengjum við að eins 2 ferðir í staðinn; þetta er eigi rjett, því eptir því sem ferðir eru taldar á áætlunum O. Wathnes og Randulffs, þá eru ferðir gufuskipafjelagsins helmingi fleiri heldur en allt af er látið heita í ræðum manna, því að það er athugandi, að gufuskipafjelagsferðirnar eru ferðir bæði fram og aptur, en hinar að eins aðra leið; 5 ferðir þess eru því sama sem hinna 10 ferðir. En þessu má sannarlega gefa gaum, því það er mjög mikið í það varið, og sömuleiðis vil jeg enn taka það fram, hve áríðandi það er, að þær strandferðir, sem komast á, sje ekki látnar eyðileggja hverjar aðrar, heldur, eins og svo greinilega hefir verið útlistað, styðji hver aðra.

En það sem jeg sjerstaklega hafði að athuga við ræðu h. þm. Borgf. (B. B.) var þó ekki þetta, heldur þau orð, sem

hann hafði í endalok ræðu sinnar; jeg veit, að h. forseti hefði hringt hefði hann heyrt hvernig þm. fórust orð, og af því jeg ímynda mjer að flestir þm. hafi heldur ekki heyrt þau, þá vil jeg hafa þau upp; þau miða sig við tillögu nefndarinnar um 18 þúsund króna veitinguna til gufuskipafjelagsins; þm. var að gjöra grein fyrir atkvæði sínu í því efni, og sagði eins og til að ögra öðrum svo: »Jeg trúi því ekki fyr en jeg sje það, að h. þingdm. sje svo hengdir í neti kaupfjelagaklikkunnar, að þeir láti hafa af landssjóðnum 18,000 kr.«. Jeg skil ekki, hvaðan þm. Borgf. (B. B.) kemur, að láta sjer slík orð um munn fara, sem engum öðrum dettur í hug að viðhafa. Þeir eiga óskylt mál við þm. að því leyti. Jeg vil eigi fara að rekja út í æsar, hvað liggur á bak við hjá þm., það yrði allt of langt mál; en jeg vona, og krefst einnig, að h. forseti láti ekki slík ummæli óátalin um hvern sem er; í þessu tilfelli gat engum dulizt, að þessu hlassi var velt yfir fjárlaganefndina, því jeg býst ekki við, að þm. hafi meint þetta til h. stjórnar, sem að vísu á till., en ekki nefndin, og jeg verð að biðja um að hafa mig eða þær nefndir, sem jeg er í, lausan við slíkan óþverra. Umræður eru nú langar orðnar og jeg hefi lítið fleira að athuga og læt því staðar numið.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er nú orðið svo framorðið dags, að það væri nærri samvizkusök, að lengja umræður að nokkrum verulegum mun. Jeg ætla fyrst að minnast stuttlega á tölulið 37. á atkvæðaskránni, breytingartillögu mína viðvíkjandi brúargjörð á Hjeraðsvötnunum og sömuleiðis breyt.till. mína viðvikjandi bryggjugjörð á Blönduós. Það kom mjer mjög á óvart, þegar flutningsm. lagði svo mjög á móti breyt.till. minni. Jeg þóttist heyra það á umræðunum og sömuleiðis sá jeg það af skjölum þeim, sem lögð voru fram á lestrarsalinn viðvíkjandi málum þessum, að þau höfðu eigi fengið eins góðan undirbúning og nauðsynlegt var. Jeg var því í efa um, hvort mál þessi mundi fá framgang, án þess að nokkur trygging væri gefin, og var það þess vegna, að jeg kom fram með breyt.till. mínar; þær miðuðu því til þess að greiða fyrir málinu, en jeg verð að mótmæla hinu, að þær ættu að tefja fyrir málinu, því það er algjörlega byggt á misskilningi. Hvað viðvíkur bryggjugjörðinni á Blönduósi, þá er það að vísu svo, að á þessu sumri verður víst tækifæri til, að fá áætlun verkfræðings um verkið, og mætti þá, ef svo sýndist, koma með breyt.till. miðaða við það að einhverju leyti við 3. umr. Það hefir verið sagt, að það væri ómögulegt að fá slíka skoðunargjörð verkfræðings eptir á. Það er að vísu rjett, að það er erfiðara, heldur en ef verkfróður maður er hafður til að stjórna verkinu og líta eptir því, meðan á því stendur; en það vakti líka fyrir mjer, þegar jeg kom með breyt.till. þessar, að hlutaðeigendur mættu til að hafa slíkan mann við hönd sjer, og að hann gæti svo gefið skriflega lýsing og álit sitt á verkinu, án þess að nokkur aukakostnaður hlytist af því. Það er mikið satt, að Skagfirðingar eru öllulir til stórvirkja og eru fúsir á að leggja fram fje til þeirra; en það þarf líka sjerstaka verkkunnáttu til þess, að fjeð og framtakssemin geti orðið að nokkru gagni, þegar um slíkt stórvirki er að ræða. Þetta er eigi svo að skilja, að jeg sje að bregða Skagfirðingum um, að þeir hafi minna vit en aðrir menn á landinu; engan veginn. En eins og menn vita þarfa til þess að framkvæma slík verk sjerskaka menntun og meiri þekkingu en hugsanlegt er að menn almennt hafi, þar sem slíka þekking

vantar, er engin trygging fyrir, að verkið verði að tilætluðum notum.

Jeg hefi fengið upplýsingar um, að tillagan um styrk til gufubátsferða á Lagarfljótsós muni ekki vera rjett orðuð og að meining nefndarinnar sje sú, að kaupa skuli bát til þess að draga seglskip inn um ósinn. Jeg skildi tillöguna þannig eins og hún er orðuð, að fje þetta væri veitt til þess að leigja gufubát, en ekki til gufubátskaupa.

Það hefir verið rætt mjög mikið um breyt.till. nefndarinnar á þingskj. 318 og breyt.till. mína, sem stendur í sambandi við hana. Jeg skal ekki fara sjerlega djúpt inn á það mál. En jeg vil að því er snertir styrkinn til hinna eiginlegu strandferða hins sameinaða gufuskipafjelags á þingskj. 318 taka það fram gegn framsögum., að þetta er öðruvísi orðað í áliti nefndarinnar, heldur en í stjórnarfrumv.; jeg vil heldur að haldið sje orðunum, eins og þau eru í stjórnarfrumv., en að styrkurinn sje bundinn við viss skilyrði, t. d. að fylgt sje einhverri vissri áætlun og að viðkomustöðum sje fjölgað, og mætti þá gjöra það með þingsályktun síðar.

Hvað snertir Randulffs-ferðirnar, þá skal jeg að svo stöddu ekki fara út í, hvernig jeg ætla mjer að greiða atkvæði um það, þegar þar að kemur; en benda vil jeg á það, í sambandi við ummæli h. framsögum., og sjerstaklega í sambandi við skýringar þær, er fram hafa komið í málinu, að sje tillagan orðuð eins og hjer, þá er hætt við, að tilgangurinn náist ekki. Sjeu vonir þessara manna, sem talað hafa fyrir máli þessu, eigi byggðar á sandi, og verði gagnið eins og þeir hafa gert sjer í hugarlund, þá er ástæða til, að taka það undir mjög alvarlega íhugun, hvort ekki væri rjett að veita fje til fyrirtækis þessa. Hjer er um stórræði að tefla, sem margir bera miklar vonir til, og jeg mun fylgja því fast og telja nauðsynlegt, að fá óræka reynslu í þessu efni. Á hinn bóginn er hjer líka um stórfje að tefla, eptir okkar ástæðum, og því er full ástæða til að spyrja: Er það ekki íhugunarmál, hvort gefandi eru 25,000 krónur að eins fyrir að fá reynslu í þessu efni, eins og sumir h. þm. hafa lagt mikla áherzlu á? Jeg tek í þessu sambandi ekkert tillit til ferðaáætlunarinnar, því h. flutningsmaður hefir lýst því yfir, að hún væri að eins lauslegt uppkast, og að það væri á valdi þingsins, að breyta henni eptir vild. Jeg benti á það í byrjun ræðu minnar, að hætt væri við, að þessi tilgangur, að fá auknar strandferðir og óræka reynslu um það, hvað í þessu efni væri framkvæmanlegt eins og nú er ástatt, mundi ekki nást, ef tillagan væri eins einskorðuð og hún nú er, bundin við einn mann og eitt skip, sem hvort um sig getur auðveldlega brugðizt; en eptir ummælum h. framsögum. geri jeg ráð fyrir, að orðum hennar verði breytt til 3. umr.

Jeg verð í þessu strandferðamáli að taka undir með h. varaforseta í einu almennu atriði, sem hann tók fram í dag, nefnilega, að þessi styrkveiting sje alvarlegt íhugunarmál, þar sem það princip, sem ætti að fylgja, þegar lengra líður fram, væri það, að hafa 2 strandferðaskip, sem gengju annað frá Seyðisfirði suður um land til Ísafjarðar, og hitt frá Seyðisfirði norður um land til Ísafjarðar; ætti í sambandi við þau að hafa svo gufubáta í hinum einstöku hjeruðum, sem flyttu vörur inn á allar smáhafnir og víkur. Þessa stefnu hefir þingið tekið upp að nokkru leyti 1891, að því er snertir gufubátana, og það hefir fengið mjög góðar undirtektir hjá þjóðinni. Er það þá ekki varhugavert, að víkja frá þeirri stefnu nú, sem þannig hefir verið að

nokkru leyti byrjuð? Mætti ekki bregða þinginu um, að það fylgi engri fastri stefnu í þessu efni? Lánist þetta vel, þá er vitanlega öllu óhætt; en komi nú þetta ekki að tilætluðum notum, þá er að vísu reynslan fengin; en er það ekki nokkuð dýrkeypt reynsla? Jeg vona, að þetta liggi greinilegar fyrir við 3. umr., og að mjer þá gefist kostur á segja skoðun mína á hinu endilega áliti fjárlaganefndarinnar.

Svo skal jeg sjerstaklega víkja orðum mínum að gufubátsferðunum og breyt.till. minni, tölul. 39 á atkvæðaskránni. Jeg hefi haldið því fram og held því enn fast fram, að suðausturströnd landsins hafi mjög lítið gagn af þessum strandferðum, eins og þær eru fyrirhugaðar. Það hefir verið tekið fram, að landinu er hjer öðruvísi háttað en annarsstaðar. Það er ekki vogskorið og hafnir því engar eða mjög opnar, og víða mjög brimasamt. Einasta trygga höfnin er á Vestmannaeyjum. Ef nú hittist svo á, að brim er í Vík, þegar Ernst kæmi þangað, þá yrði hann að snúa aptur til Vestmannaeyja, bíða ef til vill 2—3 daga. Auðvitað yrði gufubátur líka að gera það; en það er auðsætt, að biðin yrði margfalt dýrari fyrir »Ernst« en fyrir gufubátinn, þar sem hann er svo miklum mun stærri. Þar að auki er ferðaáætlun fyrir »Ernst« ekki sett svo, að hann geti beðið eptir tækifæri til þess að skipa upp, eins og heldur ekki er mögulegt, þar sem hann á að fara svo margar ferðir og koma á svo marga staði umhverfis landið allt. Ef hann teptist, þó ekki væri nema brot úr degi, þá er hætt við, að allar ferðirnar geti ruglazt. Nú getur það allt af komið fyrir, að brim sje við þessa strönd, og þar sem skipið vitanlega ekkert má bíða, og ekkert haga sjer eptir hvorki veðri nje sjó, þá er mjög hætt við, að allar ferðirnar geti orðið gagnslausar á þessu svæði; það eru að eins tvær ferðirnar, sem jeg býst við að verði að notum, nefnilega júlíferðirnar, og er það þó óvíst.

Það hefir verið bent á, að þessi hringferðaskip væru vel fallin til þess að bæta innlenda verzlun, sjerstaklega með því að greiða samgöngur milli sjávar- og sveitamanna. En það getur engum blandazt hugur um, að til þessa eru gufubátarnir betur fallnir en hin stærri skip. Jeg vil taka til dæmis, að gufubátur, sem gengur frá Reykjavík suður- og austur um, mundi verða talsvert notaður til fiskflutninga, og mun honum ólíkt hægra fyrir að smjúga inn á voga og víkur til þess að safna saman slíkum farmi. Það mundi jafnvel ómögulegt fyrir strandferðaskipin.

Að því er snertir Rangárvallasýslu, þá hefir reynslan sýnt, að vel má skipa upp undir Rangársöndum. Fyrir stuttu skipuðu tvö seglskip upp þar, og síðan mun Eyrarbakka-gufubáturinn fleirum sinnum hafa gert það, svo að það er eigi rjett, sem h. þm. Dal. (J. P.) sagði, að það kæmi ekki til nokkurra mála, að skipa þar upp.

Jeg vona, að þessir 2 h. þm., sem síðast töluðu, muni, samkvæmt grundvallarsetningum þeim, er þeir hafa komið fram með, álíta það rjett, að þessi partur landsins njóti einnig góðs af strandferðunum. Og jeg er sannfærður um, að það verður að eins gert með þessu eina móti, að styrkja þá til að halda úti gufubátnum.

Jeg vil leyfa mjer að benda á eitt atriði, sem er mjög mikilsvert. Jeg held ekki, að verzlun sje jafn-einokuð nokkursstaðar á landinu, eins og á þessu svæði, sem nú sækir til Víkur; jeg vil að vísu ekki kalla það »einokunarverzlun«, því jeg hefi enga ástæðu til

að velja verzluninni nein ókvæðisnöfn, en einokruð er hún, að því leyti sem það er að eins einn maður, sem rekur verzlun þar, og ræður því lögum og lofum í því efni. Það er svo stórfelldur munur á því, fyrir all-flesta sem á þessu svæði búa, hvort þeir geta fengið vörur sínar í Vík eða þurfa að sækja þær til Eyrarbakka, að þeir sitja heldur við einokunar-ókjör í Víkinni. Það munar nærfellt 3 dagleiðum, ef fara þarf vestur á Eyrarbakka, og er þá yfir 5 stórvötn að sækja. Þeir sem austast búa munu eiga hjer um bil 7 daga ferð til Eyrarbakka, yfir 10—12 stórvötn. Af þessu vona jeg, að h. þingdm. sjái, að hjer er þörf á umbót, að því er verzlun og aðdrætti snertir. Af þessu vona jeg og, að h. þingdm. sjái ennfremur, að þær torfærur, sem hjer eru, vötn og vegalengdir, þær eru ekki horfnar, þó að Þjórsárbrúin komist á. Þessu hjeraði getur ekkert slíkt til bjargar orðið, nema samgöngur á sjó. Hættulegustu vötnin eru, að því nú er mögulegt að sjá, aldrei brúuð, og þess vegna verður aldrei fengin veruleg bót á þeim torfærum, sem verstar eru, og þegar maður skoðar málið í því ljósi, þá verð jeg að segja það, að það munar ekki mikið um Þjórsárbrúna fyrir þetta hjerað, þótt sumir h. þingm. hafi talið gufubátsstyrknum til foráttu, að nýlega væri búið að kosta miklu upp á Rangvellinga og Skaptfellinga, þar sem Þjórsárbrúin væri. Hins vegar dettur mjer ekki í hug að neita því, að hún sje stórvæg bót fyrir Rangvellinga.

En það er og enn eitt atriði, er jeg vil taka fram. Verzlun þessi í Vík stendur enn sem komið er ekki nema um lestatímann, menn eru ekki efnaðri þar en annarsstaðar á landinu, og getur það því komið fyrir, að menn geti ekki fengið allan ársforða sinn í kauptíð, og sumir eru ekki svo fyrirhyggjusamir, að þeir hafi hugsun á að gera það, jafnvel þó að þeir gætu. Svo þegar fer að líða út vetur, þá fer að þrjóta allvíða mat og þá er hvergi neina matvöru að fá nær en á Eyrarbakka. Menn verða því annaðhvort að fara vetrarferðir til Eyrarbakka, þegar verulega fer að þrengja að, þá opt með horaða hesta og í verstu veðrum, og vera þetta 3—4 vikur í ferðinni, eða sitja heima, svelta heilu hungri, og bíða eptir, að forsjónin bæti úr að einhverju leyti, láti það, sem sagt, ráðast, hvort menn geta kvalið fram lífið í sjer og sínum til lestatímans. Flestir kjósa hinn síðari kostinn, enda eru það mjög fáir, sem lagt geta í slík ferðalög um þann tíma árs. Jeg fullyrði það óhikað, að víða um land mundi vera talað hátt um hallærisvoða í hjeraðinu, ef ástandið þar væri eins og það allopt er í Skaptafellssýslu síðari hluta vetrar og fyrst framan af sumri. Þetta stafar allt af hinum örðugu aðdráttum og andstæðri verzlun. Jeg skal sem ljóst dæmi þessa nefna, hvernig til tókst nú á síðasta vori, og jeg veit, að h. þm. Vestm. (Sigf. Á.) er kunnugt, að jeg hermi rjett.

Í vor í maímánuði hlekktist verzlunarskipi úr Vestmannaeyjum, sem átti að flytja vörur til Víkur, eitthvað á, svo að það varð að bíða eina 14 daga lengur en áætlað var og almenningur hafði búizt við. Af þessari töf orsakaðist það, sem annarsstaðar mundi vera kallað fullkomið »harðrjetti«, því menn höfðu eigi viljað fara út á Eyrarbakka í tíma, vegna þess, að skipsins var von þá og þegar, en þá var fjöldi heimila orðinn alveg bjargþrota.

Jeg er viss um, að ef þeir h. þm., sem andað hafa á móti þessari tillögu minni, hefðu verið þar eystra, þegar

slíkt harðæri dynur yfir, og þekktu til hvernig ástandið er þá, hefðu lifað innan um þetta fólk, sem margt hvað er svo hungrað og horað, að manni dettur ósjálfrátt í hug, að það sje nýstaðið upp úr langvinnum sjúkdómi, fólk, sem þó þolir þetta með ótrúlegri þrautseigju og kvartar ekki, þá mundu þeir ekki mæla eitt einasta orð á móti þessu. Þetta mál hefir verið ýtarlega hugsað, og þeir sem bezt þekkja til, hafa allir komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta er það eina, sem hægt er að gera, og það verður það sem dugar, ef þingið leggur fram fje þetta, sem er sannarlega ekki svo mikið.

Það hefir verið minnzt á »hreppapolitík« hjer í deildinni. Jeg ætla ekki að fara að lasta þá »hreppapolitík«, að einstökum landshlutum er haldið fram meir en sumum öðrum hjeruðum. En það er ein tegund »hreppapolitíkur«, sem er verst, og það er sú, að varna einum einstökum hluta landsins allrar bjargar, til þess að hefja hina. Jeg segi ekki, að þetta eigi beinlínis við hjer. En þessi hluti landsins, sem hjer er um að ræða, hefir um undanfarna áratugi eigi fengið neinn tilstyrk af hendi hins opinbera til framfara eða viðreisnar þeim málum, sem þessum hjeruðum er lífsnauðsyn á, en öll önnur hjeruð landsins hafa fengið það meira og minna. Vitanlega hefir verið gengið út frá því, að hjer væri það eigi hægt. En nú sjá menn mögulegleika til þess að bæta úr, svo að verulegu gagni verði, og jeg get ekki sjeð, að nokkur maður, sem hefir nokkra heilbrigða rjettlætistilfinningu, geti fengið af sjer, að mæla á móti þessu.

Jeg vil benda h. þm. Dalam. (J. P.) á, að þetta mundi einnig hafa mikla þýðingu fyrir það hjerað, sem hann er búsettur í, og honum sjálfsagt er mjög annt um, eins og hann hefir sýnt. Þessar austursýslur eru, eins og menn vita, með meiri landbúnaðarhjeruðum landsins, og gefa af sjer þær afurðir, sem sjómönnum væri sjálfsagt eins hollt að kaupa sjer til klæðnaðar og fæðis, eins og ljereptið og brennivínið úr búðinni; og það er enginn efi á, að sveitabændurnir mundu gjarnan taka borgun í fiski og öðrum afurðum sjávarsveitanna.

Það sem hjer stendur í vegi, er ekki það, að vara sje ekki til hjá bæði sjávar- og sveitabændum; nei, en það er brestur á hagfelldum samgöngum, það og ekkert annað. Væri nú þessu kippt í lag, og til þess miðar tillaga mín, þá yrði fyrsta afleiðingin sú, að viðskipti milli sjávar- og sveitabænda mundu aukast að töluverðum mun, og allir munu vera samdóma um, að það er mjög æskilegt. Jeg skal í þessu sambandi benda h. 1. þm. Isf. (Sk. Th.) á, að það er misskilningur, þar sem hann sagði, að bátfyrirtækið þar eystra hefði farizt fyrir á þessu sumri af því, að sýslufjelögin hefðu eigi viljað leggja fram nægilegt fje. Þetta get jeg borið af þeim; því að það voru viðstöðulaust veittar til þess 1000 krónur af sýslufjelögunum. Samningurinn var, í öllu falli af okkar hálfu, Skaptfellinga, fullgerður, en báturinn fórst á leiðinni, og það var ekki fyrir handvömm hjeraðsbúa, eða framtaksleysi þeirra um kenna.

H. framsögumaður (J. J.) henti á lopti eitt orð, sem jeg sagði fyrir utan þingræðu, og kom með það nú inn í ræðu sína. Hann sagði að jeg hefði sagt, að jeg hefði ekkert á móti að missa af 8 póstferðum; en jeg sagði, að jeg vildi heldur, að því er vöruaðflutninga snertir, verða af 8 póstferðum en gufubátnum, af því að landpóstferðir væru engan veginn hentugar til vöruflutninga; enda mun öllum koma

saman um, að það er mikill munur á landflutningum og sjóflutningum.

H. framsögumaður minntist áðan á, að hjer í þessu máli kæmi fram nokkuð, sem hann vildi segja að lýsti »heimtufrekju« og »ósvífni í kröfum«. Ef hann hefur sveigt þessu að mjer, þó að orð hans hafi að eins átt að vera óbeinlínis til mín, þá vona jeg að hann athugi þetta betur, og jeg veit, að hann mun þá sjá, að þetta eru of frekleg orð og eiga alls ekki hjer við. Framkoma mín í þessu máli verður varla kölluð heimtufrekja eða ósvífni í kröfum. Því það hlýtur að vera öllum ljóst, að þetta er beinlínis velferðarmál fyrir hjeruð þessi. Hjer er verið að tala um eina fyrstu tilraun, og jeg vona, að menn hafi ekki á móti því, að hún sje gjörð. Þessum hjeruðum er alls ekki gjört hærra undir höfði en öðrum hjeruðum landsins, þótt þeim sje veittur styrkur þessi; allir aðrir hlutar landsins hafa hinar venjulegu strandferðir gufuskipafjelagsins danska um fram.

Svo jeg víki mjer að uppmælingu Hvammsfjarðar, þá skal jeg taka það fram viðvíkjandi þeim skýrslum, sem liggja fyrir í máli þessu, að jeg er viss um, að mæling Hallgríms bónda Jónssonar á Staðarfelli er rjett. Því að hann er greindur maður og áreiðanlegur. Jeg er viss um, að lengdin á þrengslunum er rjett mæld, og eins breiddin milli Steinakletta og Liggjandaflögu. Jeg er svo kunnugur þessum sundum, bæði Röstinni og Írskuleið, að jeg veit, að það getur orðið góð gufuskipaleið, en hún verður allt af hættuleg fyrir seglskip, bæði vegna straums og þrengsla. En hvað upphæð styrksins viðvíkur, þá held jeg, að hann sje vel riflegur, og mætti sjálfsagt fá þetta gjört fyrir minna fje.

Að endingu skal jeg enn minnast á eitt atriði viðvíkjandi andmælum þeim, sem fram hafa komið, gegn gufubátnum til Víkur. Það hefur verið talað um hina miklu samgöngubót, sem að Þjórsárbrúnni væri, og þess vegna ætti ekki að styrkja frekar samgöngur í þessum hjeruðum. Jeg hef nú sýnt nokkuð fram á, að Þjórsárbrúin er nú engin stórfelld umbót fyrir Skaptfellinga, en svo er þess að gæta, að brúin er ekki komin á nú; jeg held að óhætt sje að bíða með, að draga af þessum hjeruðum styrk til samgöngubóta allt þangað til brúin er komin á. Það er alls ekki víst, að það verði á næsta ári, og jafnvel ekki á næsta fjárhagstímabili.

Þrítugasti og þriðji fundur, þriðjudaginn 8. ágúst kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. 1, 344, 403, 439); framh. 2. umr.

Útgjaldabálkurinn
11.—12. gr. (frh.).

Þórður Guðmundsson: Það ætlar að teygjast furðanlega úr umræðunum um þennan kafla fjárlagafrumv., og er það reyndar náttúrlegt, þar sem þetta er nokkurs konar skiptafundur og margir eru erfingjarnir, sem vilja ná í reiturnar.

Jeg skal nú minnast með fáum orðum á einstök atriði í 11. og 12. gr., sem jeg fór ekki út í, í gær.

Jeg skal þá fyrst minnast á aukalæknaembættin, sem talað hefur verið um að stofna. Það er nú margt, sem mælir með því, að nauðsynlegt sje að stofna þetta aukalæknisembætti í Eyjahreppi og nokkrum hluta Barðastrandarsýslu, því þó ekki sje langt að sækja

lækni í þessum stöðum, þá hlýtur það opt að vera mjög erfitt, þar sem er yfir sjó að sækja. Jeg get því með góðu geði gefið tillögu þessari atkvæði mitt.

Þá er að minnast á hið fyrirhugaða aukalæknisembætti í ofanverðri Árnessýslu. Jeg get ekki tekið undir með þeim, sem álíta þetta embætti óþarft, þó annarsstaðar kunni að vera meiri þörf á aukalækni, enda má telja það víst, að háttv. fjárlaganefnd hefði ekki tekið upp fjárveiting til þessa aukalæknis, ef hún hefði ekki álitið að henni væri vel varið. Það er líka öllum kunnugt, að Árnessýsla er hin fjölmennasta sýsla á landinu og mjög víðlend. En nú er eitt byggðarlag í þessari sýslu, sem hefur mjög marga íbúa; það er Eyrarbakki. Ef nú annar læknirinn í sýslunni gæti setið á Eyrarbakka, þá gæti jeg vel gefið tillögu þessari atkvæði mitt. En nú lítur út fyrir, að þó að læknarnir verði tveir, þá geti hvorugur þeirra setið á Eyrarbakka, því jeg tel það hjer um bil sjálfsagt, að sá þjónandi læknir fengist ekki til að flytja sig ofan á Eyrarbakka, þar sem hann þá yrði að yfirgefa jörð sína, er hann þegar hefur kostað miklu til. Jeg sje mjer þess vegna ekki fært að gefa þessari tillögu nú atkvæði mitt.

Þá skal jeg að eins minnast á þá 10,000 króna fjárveitingu, sem h. þm. Dalam. (J. P.) vill láta verja til uppmælingar á Hvammsfirði. Eptir umræðunum um þetta mál að dæma er margt, sem mælir með því, að þessi mæling sje nauðsynleg; en af því nú kunnugir menn álíta, að þessi uppmæling muni varla geta orðið áreiðanleg, þá er kannske viðsjárvert að veita svona mikla fjárupphæð til fyrirtækisins.

Þá skal jeg að eins minnast á hina fyrirhuguðu fjárveitingu til gufuskipsferðanna, sem að vísu er búið að ræða mikið um, bæði frá almennu og einstöku sjónarmiði.

Bæði h. þm. Dalam. (J. P.) og h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) hafa álitið óþarft að veita þessar allt að 3000 kr., sem h. þm. V.-Skapt. (Guðl. G.) hefir stungið upp á til gufubátsferða með suðurströnd landsins, einkum af því, að upphæðin, sem heimiluð var á síðustu fjárlögum í þessu skyni, ekki var notuð. Því hefir jafnvel verið slegið fram, að hlutaðeigendur hefðu ekki haft menning í sjer til að nota þennan styrk. Jeg má þó fullyrða, að styrkurinn hefði orðið notaður að meiru eða minna leyti, ef hann hefði ekki verið bundinn því skilyrði, að hann yrði allur notaður. Sýslubúar eiga heldur enga sök á því, þó gufubátur Björns kaupmanns Kristjánssonar yrði ómögulegur. Það var heldur ekki rjett hjá h. þm. Dal. (J. P.), að Rangvellingar hafi verið búnir að apturkalla styrkinn til gufubáts Björns Kristjánssonar, áður en útsjeð var um afdrif hans, heldur að eins kom hik á sýslunefndina með það, at því Björn hafði ekki treyst sjer til, að fullnægja skilyrðunum, sem sett voru fyrir fjárveitingunni úr sýslusjóði, og jeg veit ekki betur en að styrkurinn hefði þá orðið áreiðanlega veittur, ef sá gufubátur hefði komizt svo langt, því þegar sá bátur var úr sögunni, þá var gjörð tilraun til að fá bát af Eyrarbakka, til að fara eina ferð til Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Keflavíkur og svo austur í Rangárvallasýslu, móti tillagi úr sýslusjóði.

Jeg held h. þingm. mættu láta sjer í ljettu rúmi liggja, þó þessi styrkur á síðustu fjárlögum yrði ekki notaður; hann er þá óeyddur nú. Þeir geta allt fyrir það veitt oss þann styrk, sem vjer óskum nú eptir.

H. framsögumaður áleit það ósvífni

og heimtufrekju af oss þingmönnum Rangvellinga og Vestur-Skaptfellinga, að koma fram með þessa krötu. Jeg trúi ekki öðru en að hann hefði fundið til þess, et aðrir hefðu brugðið honum um líkt, ef eins hefði staðið á fyrir honum. Jeg vil skjóta því undir dóm allra sanngjarna þingdeildarm., hvort það sje ósvífni og heimtufrekja, að ætlast til þess, að allt að 3000 kr. verði veittar til gufubátsferða með allri suðurströndinni af öllu því fje, 46000 kr., sem nú á að verja til gufubátsferða, sem koma suðurströnd landsins að litlu eða engu gagni.

Sami h. þm. áleit það fjarstæðu af mjer, að bera það fram, að gufuskip hefði lítið að gjöra til vor í ágústmánuði, meðan sláttur stæði yfir. En jeg verð að halda því fast fram enn, að það sje óheppilegt að hafa strandferð um það leyti, því þá eru vinnulaun við út- og uppskipun helmingi dýrari en bæði á undan og eptir slætti, enda álít jeg það mjög viðsjárvert, að vera að stuðla til þess, að tefja menn frá vinnu sinni um aðal-bjargræðistímann. Það sem jeg hefi sagt í þessu efni, er því á fullum rökum byggt, enda hefir aðal formælandi þessara gufuskipsferða, h. þm. Dal. (J. P.), sjálfur lýst því yfir, að gufuskipsferðin í ágúst mætti helzt falla úr.

H. framsögumaður (J. J., 2. þm. Eyf.) sagði enn fremur, að ekki væri gott að skilja í samgöngumálum þessara sýslna, sem hjer eiga hlut að máli. Þetta getur satt verið, að honum finnist það, enda hafa þingmenn verið í 20 ár að átta sig á samgöngumálum þessara hjeraða.

Jón Jónsson (2. þm. N.-M.): Jeg skal reyna að lengja ekki mikið þessar umræður, sem þegar eru orðnar svo afarlangar og að mínu áliti að sumu leyti fremur þýðingarlitlar.

Jeg ætla að eins að minnast með nokkrum orðum á styrkinn til gufubátsferða um Lagarfljótsós. H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) skýrði málið svo vel, að jeg hefi litlu við það að bæta. En það voru orð hins h. þm. Borgf. (B. B.), sem jeg vildi minnast á. H. þm. sagði, að innsigling um Lagarfljótsós væri svo hættuleg fyrir þá sök, að hún væri sífelldum breytingum háð. Að vísu er það satt, að breyting verður á dýpinu í ósnum, en sú breyting verður á farveg fljótsins á vetrum. Þá er það vatnslítið, og ber þá sjór í stórbrimum sand upp í fljótsmynnið, svo að það teppist meira eða minna. En á vorin, þegar vatn vex í fljótinu, þá rífur það sjer djúpan farveg einhversstaðar fram til sjáfar. Jeg játa að þessi farvegur er ekki jafnan á sama stað í ósnum, en einhversstaðar í ósnum er hann þó að finna; það bregzt aldrei á neinu sumri. Viðvíkjandi því er h. þm. Borgf. (B. B.) kvað það mundi hyggilegra fyrir hjeraðsbúa í Fljótsdalshjeraði, að fá veg til Reiðarfjarðar um Fagradal, þá mun það af sömu rótum runnið sem mótmæli hans gegn því, að Seyðisfjörður fengi kaupstaðarrjettindi; h. þm. Borgf. (B. B.) kom fram sem málfærslumaður Búðareyrar í því máli, hvað sem honum svo kann að hafa gengið til þess, og hann ætlar ekki að láta umhyggjusemi sína fyrir henni verða endasleppa. En þótt jeg beri mikla virðingu fyrir búhyggni h. þm. Borgf. (B. B.), þá verð jeg þó að álíta, að íbúar Fljótsdalshjeraðs sjeu svo viti bornir, að þeir mundu ekki vilja kosta $^1/_4$—$^1/_2$ móti landssjóðsstyrknum til þess að koma á gufubátsferðum um Lagarfljótsós, ef þeir álitu sjer þær ekki haganlegri en veg um Fagradal, því að þann veg vita þeir þó, að þeir eiga að geta fengið sjer að kostnaðarlausu. Jeg skal geta þess, að hjer er um almennt á-

hugamál að ræða, en ekki að eins um áhugamál einstakra manna. Það er eigi að eins áhugamál fyrir úthjeraðsmenn, sem fjærstir eru Reiðarfirði, að fá siglingar um Lagarfljótsós, heldur einnig fyrir þá, sem fjarstir búa ósnum en næstir Reiðarfirði, Upphjeraðsmenn. Mjer er það kunnugt, að á þingmálafundi að Höfða kom mál þetta til umræðu, og get jeg skotið því til h. þm. S.-Múl. (S. G.), að á þeim fundi voru allir nema að eins einn maður á því, hve æskilegt það væri að sigling tækist um Lagarfljótsós, og að fje væri leggjandi í sölurnar til þess að svo gæti orðið. Jeg bendi á þetta til að sýna, á hve miklum rökum það sje byggt hjá h. þm. Borgf. (B. B.), að heppilegra sje fyrir Fljótsdalshjeraðsbúa og að þeir vilji heldur fá veg til Reiðarfjarðar en uppsigling í Lagarfljótsós. Vjer vitum að menn eru almennt ekki svo fúsir að leggja ótilkvaddir gjöld á sig, að þeir gjöri það, nema þeir sjeu sannfærðir um nauðsyn og nytsemi þeirra. *(B. B.:* Menn geta verið auðtrúa). Að vísu geta menn verið auðtrúa; en það þarf ekki að vera af trúgirni sprottið, þótt menn sem reynt hafa, hvílíkum örðugleikum vöruflutningar yfir erfiða fjallvegi eru bundnir, vilji leggja nokkuð í sölurnar til þess að losast við þessa erfiðleika, og þeir hljóta að sjá, að ærinn munur er á að geta haft vöruforða sinn innanhjeraðs, því hvað góður vegur sem h. þm. Borgf. (B. B.) ætlast til að lagður verði um Fagradal, þá hafa þó Hjeraðsbúar allt af yfir fjallveg að sækja til Reiðarfjarðar, og það þann fjallveg, sem opt er ófær vegna snjóþyngsla á vetrum, hvað góð og falleg akbraut sem yfir hann yrði lögð. Jeg skal benda h. þm. (B. B.) á það, sem honum annars mun ekki vera ókunnugt um, að því miður getur það komið fyrir, að fóðurskortur verði handa fjenaði á vorum, og þá veit jeg að hann er svo mikill búfræðingur, að honum mun ekki blandast hugur um, hvílíkt hagræði það þá sje, að hafa kornforða innanhjeraðs til að grípa til, en þurfa eigi að sækja það yfir lítt færar heiðar, eða máske hreint og beint mega láta það vera, og fyrir þá sök missa búpening sinn. H. þm. Borgf. (B. B.) ætti og að þekkja til þess, að eigi er högum alla svo háttað, að þeir geti byrgt sig upp með kornföng fyrir heimili sín þangað til 7—8 vikur af sumri, því að stundum eru fjöll eigi fær með hesta fyr en það á vorum.

Jeg vona annars, að öllum h. þingdeildarmönnum sje það ljóst, að reynsla Hjeraðsbúa í þessu efni sje meira virði en þótt h. þm. Borgf. (B. B.) segi: »Jeg álít samgöngubótum þeirra eigi að haga svona eða svona«. Vjer verðum að gæta þess, að h. þm. Borgf. (B. B.) er hjeraði þessu ókunnugur, og að álit hans getur því varla haft við sterk rök að styðjast. Hjer er líka um hið eina fljót á Íslandi að ræða, sem gufubátsferðum mun vera hægt að koma við á, en þessar ferðir geta þá fyrst komið að fullum notum, er uppsiglingin um ósinn er tryggð eða að minnsta kosti reynd komin á hana, og þessa reynslu viljum vjer Fljótsdalshjeraðsbúar kaupa dýru verði, vilji hið heiðraða þing að eins hlaupa undir bagga með oss.

Skúli Thoroddsen: Jeg þarf að leiðrjetta dálítinn misskilning hjá h. þm. Eyf. (Kl. J.). Jeg gat þess í ræðu minni, er jeg minntist á strandferðirnar, að stjórnin hefði ekki leitað til neinna annara að því er snerti strandferðirnar fyrir árin 1892—93 en til sameinaða gufuskipafjelagsins, og skýrskotaði jeg í því efni til athugasemda þeirra, sem prentaðar eru aptan við fjárlagafrumv. stjórnarinnar, og las upp

kafla úr þeim; en þetta tók h. 1. þm. Eyf. (K. J.) allóstinnt upp, og skal jeg að vísu ekki lasta það, þó að hann nú, sem fyr, vilji gjarnan bera blak af stjórninni, enda þótt hún eigi sjer annan kjörinn talsmann í þessari h. deild; en þar sem þm. gekk svo langt í forsvarsræðu sinni, að hann beindi því að mjer, og enda fjárlaganefndinni í heild sinni, að vjer hefðum ekki lesið athugasemdir stjórnarinnar vel niður í kjölinn, þá skal jeg benda þm. á það, að það er einmitt hann, sem ekki hefir lesið rjett. Það er langt frá því, að jeg hafi gert stjórninni í minnsta máta rangt til með áðurnefndum ummælum mínum; það sýna ekki að eins athugasemdirnar við fjárlagafrumv., heldur skal jeg og til frekari fullvissu leyfa mjer að benda h. 1. þm. Eyf. (K. J.) á ráðherrabrjef 7. nóv. 1891; en í tjeðu brjefi er komizt svo að orði: »hefir fjelagið lýst því yfir, að það sjái sjer ekki fært, að ganga að hinum settu skilyrðum, og geti því ekki tekið á móti fje því, sem veitt er af landssjóði; upphæð þessi verður þannig ekki notuð«. Svo mörg eru stjórnarinnar orð; af því að sameinaða gufuskipafjelagið ekki vill fullnægja skilyrðum þeim, er sett voru fyrir 21 þús. kr. fjárveiting á ári úr landssjóði, þá segir stjórnin, að fjeð verði ekki notað; henni verður ekki að vegi, að leita samninga við neinn annan, enda þótt hún hefði bæði rjett og skyldu til þess; og svo varð þá landið að vera svo gott sem strandferðalaust.

Af þessu er því ljóst, að 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hefir í ákafa sínum, til að finna stjórninni varnir, misskilið hennar eigin orð algjörlega; kaflinn, sem hann las upp úr ástæðunum við fjárlagafrv. átti ekki við strandferðirnar 1892—93, heldur er stjórnin þar að gera grein fyrir, hvað hún hefir gjört til að fullnægja þeirri þingsályktun frá 1891, að láta liggja fyrir þessu þingi tilboð um strandferðir fyrir árin 1894—95, og þar var stjórninni beinlínis upp á lagt, að leita ekki að eins til sameinaða fjelagsins, heldur og til annara. En þessu tvennu hefir þm. Eyf. (Kl. J.) blandað saman.[1]

H. 2. þm. Árn. (B. M.) var enn á ný að bera saman aukalæknisþörfina í Árnessýslu við læknisþörf í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu; en jeg vona, að allir hinir h. þingdm. hafi einmitt af ræðu þm. sjálfs sannfærzt enn betur um það, að hjer er ólíku saman að jafna; er þeim sannarlega meiri vorkunn, fátæklingunum í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum, sem búa á útkjálka landsins, og lítið hafa af samgöngubótum að segja, heldur en bændum í Árnessýslu, einu auðugasta og samgöngugreiðasta hjeraði landsins. Og þótt Grunnvíkingar og Sljettuhreppsbúar sjeu að eins 6—700, þá er líf þeirra og heilsa jafndýrmætt fyrir það, enda landinu skylt að gera eitthvað fyrir þessi kjarkmenni, sem eiga að heyja hina ströngustu tilveru-baráttu á örðugasta og afskekktasta útkjálkahjeraði lands vors.

En ef í samanburð skal farið, þá verð jeg að segja, að sje Árnesingum þetta nokkuð verulegt áhugamal, þá væri þeim ekki vorkunn að kosta aukalækni af eigin rammleik. Ef þeir vildu fá aukalækni fyrir efri hluta sýslunnar, þar sem eru um 2700 íbúar, þá kæmu að meðaltali að eins 37 aurar á hvern mann; og mjer er til efs, að það sje mjög knýjandi þörf á aukalækni, ef Árnesingar vilja sjálfir ekkert af mörkum leggja. Jeg skal og geta þess, að

1) Ræðu þá, sem Skúli Thoroddsen hjer hefir skrifað, hjelt hann ekki, heldur allt öðruvísi ræðu, enda hafa skrifararnir eigi getað náð því, sem hann aldrei sagði.

Kl. Jónsson.

nýskeð hafa Vestur-Arnfirðingar tekið sjer aukalækni, og boðið honum 600 kr. í árlega þóknun, án þess að kvabba í landssjóð um nokkurn styrk; þetta virðist mjer vera fagurt dæmi til að breyta eptir, og ætti h. 2. þm. Árnes. (B. T.) að hvetja sína kæru kjósendur til að gera slíkt hið sama, en kvabba ekki á landssjóðinn um nauðsyn fram, með því að hann hefir í ærið mörg horn að líta.

Þá vil jeg minnast á breyt.till. h. þm. Dal. (J. P.) um uppmælingu Hvammsfjarðar. Jeg er tillögu þessari mjög hlynntur, því að jeg álít, að hún gæti komið að hinu mesta haldi, ekki að eins fyrir Dalasýslu eina, heldur og fyrir ýms hjeruð á Norðurlandi, þegar allar hafnir eru þar ísi luktar; mjer finnst því, að ekki sje horfandi í það, að veita ríflega fje til þessa fyrirtækis.

Framsögum. fjárl.nefnd. (J. J.) var, að því er mjer virtist, nokkuð hikandi í þessu máli, af því að hann þóttist ekki vita það glöggt, hvort hjer væri um alríkismál, alþingismál eða hjeraðsmál að ræða; en jeg þóttist taka það berlega fram í ræðu þeirri, er jeg flutti hjer í þingdeildinni í gær, að eptir ótvíræðum ákvæðum stöðulaganna frá 2. jan. 1871 sje hjer einmitt um alþingismál að ræða, og að ekki mætti á því byggja, þó að sú hefði verið «praxis» að undanförnu, að stjórnin hefði leyft, að herskipin dönsku mældu upp hafnir hjer við land, þegar þau ekki hefðu öðru að sinna. En að því er Hvammsfjörð snertir, þá stendur alveg sjerstaklega á; stjórnin hefir fært rök að því, að herskipið geti ekki tekið að sjer uppmælinguna á þessum firði, og hvað er þá eðlilegra en að vjer sjálfir leggjum fram fje, sem með þarf, svo að þessu nauðsynjaverki geti orðið framgengt sem fyrst?

H. 2. þm. Árn. (B. M.) sagðist vera fús á að greiða atkvæði með þingsályktun um þetta mál, því að hann veit, að hún jetur ekki mat, eða grynnir á landssjóðnum; en jeg get ekki sjeð, að það sje málinu til nokkurrar styrktar, að fara nú á ný að skora á stjórnina. Við því mætti líka búast, að stjórnin kynni að líta svo á, sem þetta uppmælingarmál skipti ekki miklu, er hún sæi, að hvorki þingið nje hlutaðeigandi sýslufjelög vildu nokkurt fje fram leggja til þessa fyrirtækis.

Heldur en að fella tillöguna, vil jeg því ráða h. deild til að víkja henni nokkuð við, er málið kemur til 3. umr.; ef til vill mætti komast af með nokkru minni fjárupphæð, er þingið mundi ljúfara að veita, og máske skylda Dalamenn til að leggja fram nokkurn hluta af kostnaðinum, með því að jeg get vel hugsað mjer, að þeir vilji gjarna vinna það til, að binda sýslufjelagi sínu nokkra lánbyrði á hendur, til þess að þetta áhugamál þeirra eigi þurfi að stranda, enda þótt fyrirtæki þetta hafi eigi þýðingu fyrir Dalamenn eina.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) gat þess í ræðu sinni í gær, að sjer þætti ekki heppilegt, að fjálaganefndin hefði engum skilyrðum bundið 18 þús. kr. fjárveitinguna til sameinaða gufuskipafjelagsins danska, þar sem t. d. ekkert væri áskilið um það, hvar skip þess ættu að koma við. En fjárlaganefndin áleit þess ekki þörf, að binda styrkveitinguna því skilyrði, að ákveðinni ferðaáætlun væri fylgt, með því að í ástæðum stjórnarfrumv. er getið um áákveðið tilboð frá fjelaginu, og fjárveitingu þingsins ber því að skoða sem »accept« eða samþykki frá þingsins hálfu; fjelagið verður að sjálfsögðu að haga ferðunum samkvæmt ferðaáætluninni '90—'91 með þeim breytingum, sem það hefir framboðið.

Hæstv. landshöfðingi taldi það viðsjárvert, að binda 25 þús. kr. fjárveitinguna til strandferða við nafnið Jónas Randulff, og 1. þm. Eyf. tók það upp aptur. En enginn hefir að því fundið, að 18 þús. kr. fjárveitingin er bundin við sameinaða gufuskipafjelagið. Jeg get ekki sjeð, að neitt sje hneykslanlegt í því, þó að Randulff sje látinn sitja fyrir, þar sem hann hefir persónulega samið við þingið, og boðið því, að hafa ferðaáætlun skipsins eins og því þyki bezt fara. En að sjálfsögðu munum vjer fjárlaganefndarmenn íhuga þetta til 3. umr., og býst jeg við, að víkja megi þessum skilyrðum svo við, að stjórnin hafi rjett til að semja við annan, ef Randulff vegna ófyrirsjáanlegra atvika eigi getur tekið að sjer ferðirnar.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) þótti það óviðkunnanlegt, að veita tveimur »konkurrentum« fje til strandferðanna, en það vakti fyrir fjárlaganefndinni, að þessar tvenns konar strandferðir ættu að bæta hvorar aðrar upp, enda eru ferðir Randulffs miðaðar við aðra tíma og miklu fleiri viðkomustaði en sameinaða gufuskipafjelagið hefir fengizt til að koma á.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) drap á margt í ræðu sinni í gær, sem þurft hefði að svara, en hann talaði yfir höfuð mjög hóflega, svo jeg finn ekki ástæðu til að svara miklu; en þó er það eitt atriði, er jeg get ekki leitt hjá mjer að drepa ögn á. Hann sagði, að fjárveitingarvaldið hefði gert sjer það að reglu, að hafa Vestur-Skaptafellssýslu að olnbogabarni, því að þeir hefðu ekki fengið opinbert fje til eins eða neins; en þetta er ekki alveg rjett hermt hjá h. þm., og skal jeg í því efni að eins leyfa mjer að minna hann á það, að þangað austur kostar landssjóður tveim póstferðum fleiri en til annars fjórðungs landsins, og það einmitt í þess þágu, að strandferðaskipin koma þangað eigi. Stjórn búnaðarfjelags suður-amtsins hefir og á fjárlögunum verið veittur allríflegur fjárstyrkur með því skilyrði, að þessu væri varið til að hepta sandfok í Vestur-Skaptafellssýslu.

Sami h. þm. tók það fram, að varúðarvert væri fyrir þingið að hverfa frá þeirri stefnu, sem það hefði tekið í strandferðamálinu að undanförnu, að styrkja hjeruðin til að koma á gufubátsferðum innfjarða og með ströndum fram; en þó að fjárlaganefndin ráði til að stryka út gufubátastyrkinn á þessu fjárhagstímabili, sem í hönd fer, og veiti í þess stað 25 þús. kr. til strandferða J. Randulff's, þá er eigi þar með meiningin, að slá neinu »principi« föstu í strandferðamálum um aldur og æfi; en það hefir glögglega sýnt sig, að hjeraðsstjórnirnar hefir yfir höfuð vantað framtakssemi og dugnað til að hagnýta sjer gufubátastyrkinn, og sýnist því vera harla tilgangslítið, að láta þenna fjárstyrk standa ónotaðan á fjárlögunum ár frá ári.

En út af skilningi þeim, er mjer virtist þm. Vestur-Skaptf. (G. G.) leggja í orð mín, skal jeg taka það fram, að mjer hefir aldrei dottið í hug, að bregða þeim um dugnaðar- og framtaksleysi öðrum fremur; má vel vera, að þeir sjeu mestu hamhleypujötnar í öllum dugnaði; en þótt þeir byðu fram styrk til strandferða síðastliðinn vetur, þá mun það tilboð hafa strandað á vilja- eða framtaksleysi Árnesinga. Jeg skal líka játa það, að nokkuð sjerstaklega stendur á, að því er snertir strandferðir til Vestur-Skaptf., eins og þm. V.-Skaptf. (G. G.) hefir sýnt fram á, og því þykir mjer líklegt, að þingmenn verði tilleiðanlegir til að koma á einhverri miðlun að því er snertir fjárstyrk til gufubátsferða þangað, áður málið kemur til 3. umr.

Viðvíkjandi breyt.till. sama þm. um skilyrðin fyrir fjárveitingunni til bryggjugerðar á Blönduósi og brúargerðar á á Hjeraðsvötnin, þá skal jeg geta þess, að jeg get ekki greitt atkvæði með þeirri tillögu hans, því að jeg ætla, að slík skilyrði mundu auðveldlega geta orðið til þess að tálma fyrirtækjunum, því að það er alveg rangt, sem þingm. tók fram, að landsstjórnin, þrátt fyrir skilyrðin, hefði heimild til þess, að út borga styrkinn fyrir fram; það mundi landsstjórnin fráleitt leyfa sjer, því að hún ætti þá á hættu, að mega svara fjenu úr eigin vasa, ef verkið eptir á reyndist illa af hendi leyst; og hjeraðastjórnirnar yrðu þá að brjótast í því, að taka stórlán fyrir fram upp á óvísa von um landssjóðsstyrk eptir á.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að lengja umræðurnar um þetta mál að sinni.

Jón Jakobsson: Jeg hefi til þessa setið hljóður, aðeins hlýtt á þessar löngu, allt of löngu umræður manna. En af því, að jeg þykist vera sannfærður um, að h. þm. V.-S. (Guðl. G.) standi svo stöðugur við breytingartill. sína, á atkvæðaskr. nr. 27, viðvíkjandi skilyrðunum fyrir styrkveitingu til bryggjugjörðar á Blöndu, ós og brúargjörðar yfir Hjeraðsvötnin, þá vil jeg nú taka það fram, að þó tilgangur hans með tillögunni sje góður, sem sje, að fá tryggingu fyrir, að verkið verði vel af hendi leyst, þá hefir það að ætlun minni alveg öfugan árangur, og verður beinlínis til að eyðileggja þessi mjög svo þörfu fyrirtæki, í viðkomandi hjeruðum. H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) hefir tekið þetta fram, að mestu leyti; jeg vil að eins bæta því við, út af orðum h. þm. V.-S. (Guðl. G.) hjer áður í deildinni, þar sem hann tók það fram, að landsstjórnin mundi engu síður, þótt breytingartill. hans næði fram að ganga, borga viðkomandi hjeruðum út helming styrksins fyrir fram, að það væri að gera landsstjórninni getsakir, að ætlast til að hún borgi út nokkurn eyri til þessara fyrirtækja fyr en verkið er unnið, þar sem það er beint tekið fram í sjálfri breytingartillögunni, að stjórnin ekki megi útborga fjeð fyr en að verkinu afloknu, og þar að auki ætlast flutningsmaður breytingartill. til, að það sje sannað með vottorði vegfræðings, að verkið sje vel af hendi leyst, áður en nokkuð er borgað. Jeg held það væri sýnu nær, að verkfræðingurinn væri fenginn áður en verkið væri byrjað, til að skoða bryggju- og brúarstæðið, og gera áætlun um, hvað verkið mundi kosta, því hjeruðin mundu á þann hátt eiga minna á hættu en ef þau ættu eptir á að eiga alla styrkveitinguna undir áliti einstaks manns, sem tæplega gæti skoðað verkið til hlítar, þegar það væri fullgjört. Því, þótt jeg raunar ekki beri vantraust til þess verkfræðings, sem stjórnin hefir kosið til að annast vegagjörðir hjer á landi, — þvert á móti —, þá verð jeg að lýsa því yfir, að honum ólöstuðum, að jeg ber í þessu atriði engu minna traust til þess verkfræðings, sem sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu ætlast til að framkvæmi þetta verk. Sá maður hefir meiri íslenzka, praktiska reynslu en hinn, því að hann er nú í mörg ár búinn að fást við brúargjörð, ekki einungis í Skagafjarðarsýslu, heldur hefir hann einnig verið fenginn úr öðrum landsfjórðungi til að standa fyrir brúarsmíði. Hann er viðurkenndur verkfræðingur, þótt ekki sje hann stúderaður, eins og sá verkfræðingur, sem þingið og stjórnin ætla að setja til höfuðs honum, eptir uppástungu h. þm. V.-S. (Guðl. G.).

Þessi maður er dannebrogsmaður Einar Guðmundsson á Hraunum, og vona jeg að nafn þessa alkunna heið-

urs- og dugnaðarmanns sje nægtrygging fyrir, að verkið verði samvizkusamlega af hendi leyst. Það hefir ekki verið tekið fram hjer í deildinni, svo ljóst sem þörf er á, hve brýna nauðsyn beri til, að fá brú á Hjeraðsvötnin. Eins og þeir vita, er til þekkja, þá kljúfast þessi stórvötn um Hegranesið, og mynda þar »Delta«, og fellur annar armur þeirra fyrir austan Hegranesið, en hinn fyrir vestan það; þar er mikil umferð að austan og vestan. Þar á pósturinn frá Sauðárkrók til Siglufjarðar leið yfir, og margir fleiri, eins og geta má nærri, þar sem þetta er kaupstaðarleið margra manna. Þessi vötn eru ákaflega ill yfirferðar, og opt auð langt fram á vetur og þá einatt með jakaburði, svo að hestar eru vart í þau leggjandi, þótt menn neyðist til þess, og vona jeg, að hinum heiðruðu dýravinum, sem sitja hjer í deildinni, renni það til rifja, því að verri meðferð getur varla hugsazt á skepnum en að tvísundleggja hesta um hávetur í hörkufrosti í vötnum þessum, með örstuttu millibili. Á svifferjunum er sá mikli galli, að ekki er hægt að nota þær, þegar jakaburður er í vötnunum, og það er einmitt þegar verst gegnir. Af þessari ástæðu hugkvæmdist sýslunefnd Skagfirðinga, að byrja á þessu fyrirtæki, móti því að fje væri lagt úr landssjóði, en ekki ætlaði hún að kasta sjer alveg upp á landssjóð í þessu efni, heldur leggja þær 3—4000 krónur til úr sýslusjóði, sem áætlað er að þurfa muni um fram landsjóðsstyrkinn. Það er praktiskt af þinginu, að veita þeim þetta fje einmitt nú, því að þessari bæn fylgir það boð, að svifferjurnar verði fluttar á aðalpóstleiðina; því færi nú svo, að þingið veitti ekki þenna styrk, þá er líklegt, að Skagfirðingar færu að dæmum manna í Rangárvalla- og Árnessýslu, og beiddu um fje úr landssjóði, til að byggja fyrir brú á aðalpóstleiðinni, sem samkvæmt núgildandi vegalögum hlyti að kostast að öllu leyti úr landssjóði.

Þm. Borgf. (B. B.) tók það fram, að fjárlaganefndin hefði ekki gleymt Skagfirðingum. Ef þetta eru kompliment til fjárlaganefndarinnar, þá þakka jeg fyrir hönd fjárlaganefndarinnar, að hann hefir kunnað að meta gjörðir hennar rjettilega, því Skagfirðingar eiga það skilið, að þingið sinni þeim að því er samgöngumál snertir. En hafi hitt verið meiningin, að fjárlaganefndin væri hlutdræg Skagfirðingum í vil, þá vil jeg leyfa mjer að benda á, að engu minni hlutdrægni kemur fram í því, að vilja veita 75,000 kr. til brúar á Þjórsá — án nokkurs tillags frá viðkomandi hjeruðum —, en sjá ofsjónum yfir 5000 króna fjárveitingu til Skagfirðinga, sem þó bjóðast til að leggja fram úr eigin vasa 3—4000 kr. frá sjálfum sjer. Þess ber og að gæta, að hjer er um fjárveiting til þeirra manna að ræða, sem mörg ár hafa lagt hart á sig til að koma samgöngum sínum í betra horf; þeir hafa af sjálfsdáðum lagt á sig toll til þess, að geta brúað ár sínar, og þannig hefir þeim tekizt að leggja fram til brúagerða yfir 10 þúsundir króna, án þess að biðja um einn eyri úr landssjóði.

Þessi tollur var fyrst 2—3 aurar af hverju lausafjárhundraði, en nú er hann orðinn 6 aurar, og má vel vera að hann aukist meir, er fram líða stundir, og vildi jeg óska þess, að fleiri hjeruð landsins færu að dæmi Skagfirðinga í þessu efni, því jeg hata þann vesaldarhugsunarhátt manna, er þeir varpa allri sinni áhyggju upp á landssjóðinn, í stað þess að treysta sjálfum sjer, og hjálpa sjer fram af sjálfs síns efnum; gæsir fljúga ekki í munn sofandi mönnum. Þeir þurfa eitthvað að hafa fyrir

því sjálfir, ef þeir eiga nokkuð að komast áfram; annað mál er það, að landssjóður hlaupi undir bagga með hjeruðunum og styðji þau með nokkrum fjárframlögum, þegar þau ráðast í einhver stór fyrirtæki, sem þeim einum er ofvaxið að rísa undir.

H. 1. þm. Eyf. (J. J.) gat þess í gær, og jeg tek undir það með honum, að flestir h. þingm. myndu hafa komið hingað í þeim fasta ásetningi, að skilja eigi við strandferðamálið fyr en það væri komið í gott horf, og bæta þannig upp bresti þingsins 1891, enda mun engin vanþörf á því vera, þótt þingið í ár losaðist við ákúrur í þeim greinum, því að hætt er við, eptir því sem nú lítur út fyrir með lagasamþykktir hjer á þingi, að hin íslenzka þjóð myndi kalla þetta magurt þing, ef hinar fyrirhuguðu strandferðir, sem nú liggja fyrir þinginu, færi forgörðum í höndum þess.

H. þm. Borgf. (B. B.) beindi því að oss fjárlaganefndarmönnum, hafi jeg skilið rjett, að vjer værum »kaupfjelagsklikka«, og því hafi fjárlaganefndin hagað sjer í strandferðamálum eins og hún hefur gert. En jeg get ekki sagt sannara en það, að fjárlaganefndin hefir ekki rætt nokkurt mál með meiri alvöru og samvizkusemi en einmitt þetta mál, svo þessi sneið hins h. þm. Borgf. (B. B.) er sannarlega mjög órjettlát, að jeg ekki segi ósvífin. Vjer slökuðum einmitt til í því máli hver við annan í þeim einlæga og góða tilgangi, að geta komið okkur saman um þetta allsherjarvelferðarmál, og leitt það til heppilegra úrslita, og rættist það hjer sem optar, að fleira verður að gera en ljúft þykir, er vjer rjeðum til að veita fje (18000 kr.) til sameinaða gufuskipafjelagsins. En af því að góðar og gildar ástæður voru til þess, þá álitum vjer oss skylduga til að gjöra það og ráðum háttv. þingd. til að fara að okkar dæmi í þessu efni.

Það eru ýmsir meðal þingm., sem halda móti gufuskipafjelaginu, en halda Randulff fram einum; en jeg skil ekki hvernig þeir hugsa sjer, að komast af, án þess að hafa nokkrar milli-landaferðir. Ferða-áætlun fjárlaganefndarinnar fyrir skip Randulffs er einmitt samin eptir ferða-áætlun danska gufuskipafjelagsins 1890 og 1891. Randulff er eptir þeirri ferða-áætlun ekki »konkurrent« við gufuskipafjelagið. Viðkomustöðum er svo hagað, að skipin mætast á ákveðnum höfnum, og þar tekur skip Randulffs við þeim farmi, er póstskipið flytur, og færir á þær hafnir, sem póstskipið ekki kemur á. Þetta álítur fjárlaganefndin vera hið hagkvæmasta fyrirkomulag, því að með því bætir hvort skipið annað upp.

H. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.) vildi eigi hafa fjárveitinguna til strandferðanna bundna við nafn einstaks manns (Randulffs), heldur áleit hann rjettast, að menn hefðu leyfi til að gjöra undirboð. En það mundi ekki leiða til neins góðs, því eptir því sem stjórninni farast orð í athugasemdum hennar aptan við fjárlagafrumvarp það, sem nú liggur fyrir háttv. deild, þá er engin ástæða til að halda, að henni hafi vaxið svo ás-megin í samningunum síðan frumv. var samið, að hún verði fáanleg til að semja um strandferðir við einstaka menn fyrir þingsins hönd, og gagnar þá lítið að veita fje til þessa fyrirtækis á pappírnum, ef enginn væri til að framkvæma það.

Áætlun sú, sem hr. O. Wathne sendi þinginu, er að allra skynsamra manna dómi óframkvæmanleg, og stjórnin mundi ómögulega geta gengið að slíkri áætlun; það virðist þess vegna ekki

annað fyrir hendi en að snúa sjer að þeim manni, sem fjárlaganefndin hefir aðhyllzt. Að stýla fjárveitinguna upp á víst nafn, er að eins gjört til að geta sagt við stjórnina, að nú hafi þingið þennan mann, og strandferðirnar sjeu nú vísar, ef hann sje tekinn.

Hæstv. landshöfðingi og ýmsir h. þm. hafa tekið það fram, að hættulegt væri að binda fjárveitinguna við þenna mann, því að yrði hann gjaldþrota, þá færi allt út um þúfur. En það mætti víkja þessum skilyrðum svo við, að næg trygging væri fyrir, að fá mætti annan, þótt þessi maður fjelli frá, enda mún fjárlaganefndin taka það atriði til íhugunar.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) gat þess, að Norðlendingar óskuðu eptir, að »Thyra« yrði látin fara í síðustu ferð sinni til baka norður um land. Fjárlaganefndin vildi ekki gera það að beinu skilyrði, því að þm. ætti að vera það ljóst af reynslunni, hvernig gufuskipafjelagið tekur skilyrðum þingsins, heldur vill hún gjöra það að sjerstakri þingsályktunartillögu.

H. sami þingmaður nefndi líka gufubátsfundinn, sem haldinn hefði verið á Akureyri í vor, til sönnunar máli sínu, að það væri heppilegra og meira eptir óskum almennings, að veita hinum einstöku hjeruðum styrk til gufubáta en að leggja fram fje úr landssjóði til sjerstaks hringferðaskips. En þótt jeg sje því að sumu meðmæltur, að hafa gufubáta, þá sje jeg það hins vegar, að styrkur sá, sem veittur hefir verið til gufubáta að undanförnu á fjárlögunum, situr enn þá að miklu leyti ónotaður á fjárlagapappírnum, og engin trygging fyrir, þótt nú væri farið að veita hann á ný í stærri mæli, að hann kæmi að tilætluðum notum, enda sýnir fundur sá, sem jeg gat um, berlega, hvílíkum vandkvæðum það er bundið fyrir hjeruðin, að sameina sig í þessum málum; á fundi þessum mættu kjörnir menn úr Skagafjarðar, Eyjafjarðar og Þingeyjar sýslum, til að reyna, hvort eigi væri hægt að koma á samtökum milli þessara sýslna um að halda úti gufubáti, og þótt Eyjafjörður sje hin mesta fiskistöð á Norðurlandi, þá voru þó ýmsir kraptmenn meðal Eyfirðinga því mótmæltir, að leggja fram fje til gufubáta að svo stöddu, sögðust ekki þurfa þeirra við, gætu haft sína nótabáta og seglskip í þeirra stað o. s. frv. Sumir kunna að skilja þetta svo, að jeg álíti að flutningsþörfin sje engin í landi þessu; en því fer fjarri; það er allt annað flutningsþörf og hitt, að menn vilji eða geti komið sjer saman um að bæta úr henni með verulegum samtökum. Samtök og sameiningu vantar. (*Guðl. Guðm.*: Ekki í Skagafirði). Nei, það er rjett hermt, Skagfirðingar munu vera á undan mörgum hjeruðum í slíkum samtökum, er að samgöngum lúta. Jeg get nú vel ímyndað mjer, að menn myndu lítið nota gufuskipaferðirnar fyrstu árin, meðan þeir væru að venjast þeim, en samt sem áður ber jeg engan kvíðboga fyrir því, að mönnum muni ekki brátt lærast að nota þær og gjöra sjer þær arðsamar, og skal jeg í sambandi við þetta benda á annað, sem h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) tók líka fram í gær, og það eru póstflutningarnir, hversu þeir hafa aukizt nú á síðustu 20 árum.

Af þeim sjáum vjer ljósast, hverja þýðingu það hefir, að gefa þjóðinni kost á góðum samgöngum; henni lærist að nota þær. Jeg er alveg viss um, að fyrir 10—20 árum síðan, þá hefðu fjárframlögin til póstferðanna árið 1891 þótt gífurleg; en nú eru menn þakklátir fyrir það. Reyndar borga póstferðirnar sig ekki, en það sannar alls ekki, að strandferðirnar geti ekki borg-

að sig, því að sjórinn er mun ódýrari flutningsbraut en landvegirnir, eins og h. þm. Dal. (J. P.) hefur tekið fram.

Jeg skal svo ekki orðlengja meir um þetta efni, heldur einungis láta í ljósi þá ósk og von mína, að deildin skilji eigi svo við þetta mál, að það verði henni til vanvirðu og landinu til skaða.

Framsögumaður (Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.): Það má víst gera ráð fyrir, að þessar löngu umræður fari nú loks að taka enda, og skal jeg því ekki lengja þær mikið, einkum af því, að sessunautur minn, h. 1. þm. Skagf. (J. Jak.) hefir tekið margt fram af því, sem jeg hafði að athuga við ræður ýmsra h. þm. En jeg ætlaði lítið eitt að minnast á athugasemdir þær, sem hæstv. landshöfðingi við byrjun þessarar umr. gerði við till. nefndarinnar, um skilyrðin fyrir 25000 kr. fjárveiting til J. J. Randulffs. Jeg skal þá geta þess, að nefndin mun taka þessar bendingar til greina og íhuga þær til 3. umr. Þá vil jeg leiðrjetta það hjá h. 1. þm. Rangv. (Þórð. G.), þar sem hann bar mjer á brýn, að jeg hefði kallað það heimtufrekju og ósvífni af þeim, að vilja fá gufubát. En það er ekki rjett; en hitt sagði jeg, að þeir hefðu ekki nægilega viðurkennt það, sem landssjóður hefir þeim í tje látið og að því leyti ekki sýnt neina þakklátsemi.

Viðvíkjandi styrknum til gufubáts, þá hefi jeg og fleiri af meðnefndarmönnum mínum látið það í ljósi, að nefndin muni taka liðlaga í það; en jeg vona, að sú till. verði felld við þessa umr. og sniðin upp og endurfædd við 3. umr. og kæmi þá þannig fram, að Rangárvallasýsla fengi sjerstakan styrk til þess, útaf fyrir sig, að geta samið um gufubátsferðir, eptir því sem hún þarfnast, og Vestmannaeyjasýsla líka og Vestur-Skaptafellssýsla. Þetta hefir oss dottið í hug að koma fram með til 3. umr.

Jeg vil eigi lengja umr. um þetta mál, sem þegar eru orðnar helzt til langar, en lýsi að endingu yfir því, að jeg kann h. deild þakkir fyrir þær undirtektir, sem till. fjárl.nefndarinnar hafa yfir höfuð fengið hjá henni, og jeg óska og vona, að atkvæðin falli á þann veg, að það bendi á góðan árangur af starfi hennar.

ATKVÆÐAGR.: 11. gr. 1 samþ. í einu hlj. Breyt.till. við 11. gr. 2 g. (tölul. 30. á atkv.skrá) samþ. með 17 samhlj. atkv. Breyt.till. við 11. gr. 2 h. (tölul. 30. á atkv.skrá) samþ. með 20 samhlj. atkv. Breyt.till. við 11. gr. 2 i. (tölul. 31. á atkv.skrá) felld með 14 gegn 6 atkv. Breyt.till. við 11. gr. 2 i. (tölul. 32. á atkv. skrá) samþ. með 12 gegn 10 atkv. Breyt.till. við 11. gr. 2 i. (tölul. 33. á atkv.skrá) samþ. með 13 samhlj. atkv. Breyt.till. við 11. gr. 2 (tölul. 34. á atkv. skrá) samþ. með 12 samhlj. atkv. Breyt.till. við 11. gr. 2 (tölul. 35. á atkv.skrá) þar með fallin. 11. gr. 2 a.—j. samþ. í einu hlj. 11. gr. 3 a.—e. óbreytt samþ. í einu hlj. 11. gr. í heild sinni með áorðn. breyt. samþ. í einu hlj. 12. gr. A. 1 a.—c. samþ. í einu hlj. 12. gr. A. 2 samþ. í einu hlj. 12. gr. A. 3 a.—g. samþ. í einu hlj. 12. gr. B. a. samþ. með 20 samhlj. atkv. 12. gr. B. b. samþ. í einu hlj. 12. gr. c. samþ. í einu hlj. Breyt.till. við 12. gr. (tölul. 38. á atkv.skrá) fyrri liður samþ. með 19 samhlj. atkv. Breyt.till. við breyt.till. á þingskj. 261, 13. (tölul. 37. á atkv.skrá) telld með 15 gegn 6 atkv. Breyt.till. við 12. gr. B. (tölul. 38. á atkv.skrá) síðari liður samþ. með 19 samhlj. atkv. Breyt.till. við 12. gr. C. a. 1 (tölul. 42. á atkv.skrá) samþ. með

19 samhlj. atkv. Breyt.till. við 12. gr. C. 2 (tölul. 42. á atkv.skrá) samþ. með 20 samhl. atkv. Breyt.till. við 12. gr. C. a. 2 (tölul. 42. á atkv.skrá) aths. samþ. með 18 samhlj. atkv. Breyt.till. við 12. gr. C. b. (tölul. 42. á atkv.skrá) samþ. með 18 samhlj. atkv. Breyt.till. við breyt.till. á þingskj. 318 (tölul. 39. á atkv.skrá) samþ. með 13 samhl. atkv. Breyt.till. við 12. gr. C. b. (tölul. 42. á atkv.skrá) aths. samþ. með 21 samhlj. atkv. Breyt.till. við breyt.till. á þingskj. 318. (tölul. 40. á atkv.skrá) samþ. í einu hlj. Tölul. 41, 42 og 51 á atkv.skrá þarmeð fallnir. Viðaukatill. við 12. gr. er verði D. a. (tölul. 45. á atkv.skrá) samþ. með 20 samhlj. atkv. Breyt.till. við breyt.till. á þingskj. 261., 15. (tölul. 46. á atkv.skrá) felld með 12 gegn 5 atkv. Viðaukatill. við 12. gr. er verði D. b. (tölul. 47. á atkv.skrá) samþ. með 19 samhlj. atkv. Viðaukatill. við breyttil. á þingskj. 261., 16. (tölul. 48. á atkv.skrá) samþ. með 13 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Klemens Jónson	Einar Jónsson
Björn Bjarnarson	Bened. Kristjánsson
Björn Sigfússon	Bogi Melsted
Guðl. Guðmundss.	Jón Jakobsson
H. Kr. Friðriksson	Jón Jónss. þm. Eyf.
Jens Pálsson	Jón Jónss. þm. N.-M.
J. Jónss. þm. A.-Sk.	Ólafur Briem
Jón Þórarinsson	Sigurður Gunnarss.
Jón Þorkelsson	Skúli Thoroddsen
Sigfús Árnason	Þórarinn Böðvarss.
Sighv. Árnason	
Þórður Guðmundss.	
Þorl. Guðmundsson.	

Breyt.till. nefnd. (tölul. 49. á atkv.-skrá) samþ. með 20 samhlj. atkv. Viðaukatill. við breyt.till. á þingsk. 261., 16. (tölul. 50. á atkv.skrá) felld með 12 gegn 4 atkv. 12. gr. með áorðn. breytingum samþ. í einu hljóði.

Útgjaldabálkur fjárl. 13.—19. gr.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Það hafa komið fram æðimargar breyt.till. við þennan síðasta kafla, svo það er eigi unnt að ganga í gegnum þær alllar á skömmum tíma. En jeg er neyddur til að tala dálítið um hverja fyrir sig, og þess vegna mun jeg taka þær í röð eins og þær liggja fyrir.

Það er þá fyrst breyt.till. 53. við 13. gr. A. b. 4. um uppbót á Kvíabekkjarprestakalli. Sú uppbót, sem brauðið hefir þetta árið, hefir verið sett í síðustu fjárlög, til þess að gera brauðið aðgengilegra fyrir prest að sækja um það. Því sú hafði raun á orðið, að enginn vildi um það sækja. En það er að eins bráðabirgðaruppbót, sem nefndin álítur að einkum sje veitt í því skyni, að presturinn gæti búið þar um sig, því þar mun hýsing víst hafa verið hrörleg, og til þess að koma fótum undir sig. Fjárlögin fyrir árin 1890—91 og fjárlög þau er nú gilda hafa einnig ákveðið öðru prestakalli, það er Gufudal, líkan fjárstyrk. Því brauði var á fjárlögum 1890—91 veitt 300 kr. uppbót hvort árið, til að byggja upp staðinn. Árið 1892 fjekk það 500 kr. og nú í ár ekkert. Nefndinni sýnist nú rjett, að lík aðferð sje höfð við Kvíabekk, og leggur því til, að þangað sjeu veittar 300 kr. fyrra árið, en ekkert hið síðara, í stað 200 kr. hvort árið, til þess að það sjáist glöggt, að ekki er ætlazt til, að bráðabirgðaruppbót skuli veitt verða um aldur og ævi.

Þá koma breyt.till. um prestaskólann, og er þá fyrst till. frá þm. Borgf. (B. B.). Hann leggur til, að húsaleigustyrkjum verði fækkað um helming og hver þeirra færður niður úr 80 kr.

í 50 kr. Þetta getur haft góða ástæðu, sem sje þá, að næstu ár verði ekki fleiri námsmenn á skólanum en svo, að þetta nægi, en þó svo verði, þá leiðir að eins það af því, að húsaleigustyrkirnir verða eigi notaðir allir, því að auðvitað fá ekki fleiri stúdentar húsaleigustyrk en þeir, sem á skólann ganga. En hitt er athugaverðara að lækka hvern styrk úr 80 kr. niður í 50 kr., og nefndin getur ekki verið með í því. Þess verður að gæta, að nú er mjög lítil aðsókn að þessum skóla, og það er varhugavert, að þrengja mjög kjör þeirra, sem á hann ganga.

Þá kemur 55. tölul., breyt.till. frá nefndinni, sem fer fram á, að í staðinn fyrir 3 ölmusur verði að eins 1 veitt. Þetta er byggt á þeirri ástæðu, að gera má ráð fyrir, að fáir verði á skólanum, og eptir því sem mjer er kunnugt, verða nú að eins tveir í eldri deildinni, og þá fannst nefndinni ekki ástæða til þess að hafa ölmusustyrkinn meiri, þegar þess jafnframt er gætt, að vjer höfum fyrir satt, að mjög fáir stúdentar muni koma á prestaskólann í haust.

Við sama lið er breyt.till. frá h. þm. Borgf. (B. B.), að í staðinn fyrir 200 kr., sem nefndin leggur til, þá sjeu prestaskólanum veittar 3 ölmusur, 100 kr. hver. Jeg fyrir mitt leyti hef ekkert á móti þessu, en jeg get ekki búizt við, að fjárlaganefndin aðhyllist það eða taki það fram yfir það, sem hún sjálf hefir lagt til. Sama er að segja um till. h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.), sem vill láta kalla það ölmusustyrk. Till. þessar hafa allar líkt við sig, svo jeg ætla að þær þurfi ekki að verða að neinu kappsmáli.

Þá kemur 57. tölul., breyt.till. einnig frá h. þm. Borgf. (B. B.), sem fer fram á, að lækka þessar tvær ölmusur við læknaskólann um helming. Þessi till. þm. er í samræmi við hina fyrnefndu, að lækka ölmusur prestaskólans um helming, en hafa þær jafnmargar og áður; en þetta getur nefndin ekki aðhyllzt vegna þess, að þegar litið er til þess, að námstíminn á læknaskólanum er langur og þar af leiðandi kostnaðarsamur, þá virðist það varla ráðlegt, að lækka þenna styrk, sem í sjálfu sjer er ekki mikill. Enn fremur er hið sama að athuga við þennan skóla og við prestaskólann, að þar eru nú fáir og aðsókn að honum virðist vera í rjenun. Þess vegna getur nefndin ekki aðhyllzt þá breyt.

Sama er að segja um tölul. 59, breyt.-till. frá þm. Borgf. (B. B.) um það, að fækka mjög og lækka húsaleigustyrkina handa nemendum læknaskólans. Nefndin getur af fyrgreindum ástæðum ekki fallizt á þá tillögu.

Þá er tillaga frá nefndinni um, að liðurinn handa Páli Melsteð falli burtu; um það þarf ekki að ræða; það er öllum kunnugt um það, að sjerstök lög eru nú þegar afgreidd frá þinginu um það.

Þá er 61. tölul., breyt.till. einnig frá þm. Borgf. (B. B.) um að lækka laun fimleikakennarans niður í 500 kr. og söngkennarans niður í 400 kr. Nefndin verður að vera á móti því, sökum þess, að hún álítur launin ekki svo há, að ástæða geti verið til að lækka þau. Þá er breyt.till. frá nefndinni við 13. gr. III. c. 4. um að hækka fjárveitinguna til tímakennslunnar við latínuskólann vegna þess, að sögukennslan bætist við, og áleit hún 500 kr. mundu nægja til þess.

Þá er 62. breyt.till. sömuleiðis frá nefndinni, um að lækka ölmusurnar við latínuskólann um 500 kr. fyrra árið og 1000 kr. síðara árið. Jeg drap áður á það, að nefndin áliti rjett, að ölmusuveitingar færu minnkandi, og þeirri stefnu hefir verið fylgt á síðari árum,

en það getur verið álitamál, hvað langt á að ganga í því tilliti. En þegar þess er gætt að ölmusur eru opt veittar þeim sem ekki þurfa þess með, þá er ekki hægt að álíta, að þær komi að tilætluðum notum. H. þm. Borgf. (B. B.) hefir komið með breyt.till. við þennan gjaldlið, en hún er þannig löguð að upphæðin öll lækkar ekki meira en nefndin hefir lagt til, en fer fram á það, að 2000 kr. af þessari upphæð sje varið til verðlauna. En það er ekki hægt að sjá, til hvers þessi verðlaun eiga að vera. Við það er það að athuga, að það þyrfti að setja einhver skilyrði fyrir veitingu þessara verðlauna. Eptir því sem tillagan er orðuð, mætti skilja það svo, að þessar 2000 kr. mætti allar veita einum lærisveini, en það mun þó ekki vera meiningin. Verði þessi tillaga samþykkt, er nauðsynlegt að orða þetta betur og greinilegar.

Þá er 13. gr. III c. 11. tölul. um styrk handa fimleikakennara til utanfarar, til þess að fullkomna sig í sinni íþrótt. Nefndin hefir lagt til, að sá tölul. falli burtu, því hún áleit að lítil not mundu verða að þeirri ferð, því kunnugir menn segja, að bæði hús og áhöld sjeu í mjög slæmu standi. Og ef nokkur árangur ætti að verða af því, þá þyrfti fyrst að endurbæta áhöldin og sjá um, að húsið væri viðunanlegt, því að öðrum kosti getur aukin íþrótt kennarans alls eigi komið að tilætluðu gagni.

Þá kemur til tölul. 66. og 67. á atkv.skránni. Þar leggur nefndin til, að tvær smáupphæðir, sem ætlaðar eru til ýmissa útgjalda og námsstyrks við Möðruvallaskólann, sje færðar niður úr 500 kr. í 400 kr. hvort árið. Hvað fyrri liðinn snertir, hafa h. þingdm. sjeð af áliti nefndarinnar, að ástæðan til, að hún færði þessa upphæð niður, var sú, að 400 kr. þótti rífleg upphæð til ýmissa útgjalda. Það þarf auðvitað viðgerð á ýmsum munum, endurnýjun rúmfatnaðar o. fl., en sje það gert árlega, þá má halda öllu í góðu lagi fyrir þessa upphæð. En ekki gerir nefndin þetta að kappsmáli. Námstyrkur við sama skóla leggur nefndin til að sje lækkaður úr 500 kr. niður í 400 kr. Það leiðir af þeirri grundvallarreglu, sem nefndin hefir fylgt, að lækka allar þess konar styrkveitingar. Það kann sumum að sýnast óheppilegt, en frá þeirri grundvallarreglu hvikar nefndin þó ekki.

Þá kemur 68. töluliður um laun kennarans við stýrimannaskólann. Nefndinni barst beiðni frá Markúsi Bjarnasyni, forstöðumanni skólans, um, að launin yrði hækkuð að helmingi. Hann skýrði frá því, að laun þau, sem hann hefir nú, væri ekki nóg, og tók það einkum fram, að vegna starfa þessa gæti hann ekki leitað sjer atvinnu á annan hátt. Nefndinni þótti ástæða til að taka beiðni hans að einhverju leyti til greina, en það þótti henni heldur mikið, sem hann fór fram á. Hún lagði því til, að laun hans yrðu hækkuð um 300 kr. Nú hefir h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) komið fram með þá breyt.till., að launin verði hækkuð upp í 2000, og h. þm. Mýr. (B. Kr.), að þau verði hækkuð upp í 2200. Það sjest þá, að enginn hefir farið fram á svo mikið sem hann bað um, en allir vilja bæta kjör hans. Það gerir auðvitað ekki mikið til, hver af þessum upphæðum er tekin, og mun nefndin ekki gera það að kappsmáli. Er ekki ólíklegt, að farinn verði meðalvegurinn og samþykkt sú till., sem fer fram á að gera launin 2000 kr.

Við 13. gr. VI. um kvennaskólana hefir engin breyt.till. komið fram. Það er raunar óvanalegt. Því að síðan

fyrst var farið að styrkja kvennaskólana, hefir fje til þeirra verið hækkað á hverju þingi, enda álít jeg að það hafi verið allsendis rjett, að auka þann styrk, því að þeir hafa verið aldir upp við sult og seyru. Þó hefir nefndinni ekki þótt ástæða til að stinga upp á neinu fje í því skyni í þetta sinni, þar eð engin bæn lá fyrir í þá átt. Það hefir raunar komið ein beiðni frá forstöðukonu kvennaskólans í Rvík um styrk, til að bæta við 4. bekk í skólanum. En nefndin fann ekki ástæðu til veita það. Frá kvennaskólanum á Ytri-Ey hefir nefndinni og borizt bæn um styrk, til ýmissa viðgerða, þar á meðal til að byggja þvottahús. En þá hafði nefndin lokið störfum sínum, og gat því ekki tekið það til greina. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að mjer þykir það aðfinningarvert, þegar stofnanir, sem hafa styrk úr landssjóði, gefa enga skýrslu út. Þingið á heimting á að þær gefi skýrslu um fjárhag sinn, eignir og atorku þá, sem þær hafa sýnt. En þessa bending eiga fleiri stofnanir en kvennaskólarnir. Þá kemur breyt.till. nefndarinnar, að auka styrkinn til sveitakennara. Það er sárlítil borgun, sem þeir fá, en vinna mikið gagn, og er því full ástæða til að bæta dálítið við þá. Í nefndarálitinu er talað um viðaukatill., sem fer fram á að sveitakennarar fái líka styrk annarsstaðar að, en sú till. gleymdist og liggur því ekki fyrir hjer.

Þá kemur till. nefndarinnar um að styrkur til kennarafræðslu sje hækkaður úr 500 kr. upp í 1600 kr. hvort árið. Það er ekki svo lítil hækkun. (*H. Kr. Fr.*: Heldur mikil!). Já, það getur verið álitamál. Kennaraþörfin eykst ár frá ári og vona jeg æ verði meiri og meiri kröfur gerðar til þeirra. En þá þurfa þeir að eiga kost á að geta menntast. En um það, hvernig þetta skyldi búa út, eru deildar skoðanir, og nefndin sjálf var lengi að átta sig á því. Það kom til orða að setja nákvæm ákvæði um einstaka liði, en úr því varð þó ekki. Nefndin hefir fengið að vita, að skólastjórinn við Flensborgarskólann hafi haft einar 1400 kr. í laun, en annar kennari 900 kr. Nú verða þeir að bæta á sig kennarakennslunni og verða þeir því að bæta einum kennara við. Það kom til orða að ákveða við styrkinn undir stafl. g. til skólaiðnaðarkennslu, að hann gengi til skólastjórans við Flensborgarskólann, en af því að nefndinni þótti engin ástæða til að óttast, að annar nyti hans, þá varð eigi af því. Meining nefndarinnar var, að skólastjóri þyrfti 2000 kr. og annar kennari 1500, en öll upphæðin, ef styrkurinn til skólaiðnaðarkennslu er talinn með, er eptir till. nefndarinnar 4,600 kr.

Þá kem jeg til stafliðar h. um styrk til kennslubóka, sem í frumv. er settur 600 kr. hvort árið. Nefndin leggur til, að þessi liður sje hækkaður upp í 800 kr. hvort árið, en gerir um leið þá athugas., að Geir Zoëga kennari fái af þessari upphæð 400 kr. hvort árið, til að ljúka við samningu ensk-íslenzkrar orðabókar, sem hann hefir beðið um. Álítur nefndin útkomu slíkrar bókar svo þarfa og nauðsynlega, að vert sje að veita þetta fje, en vill þó ekki leggja til að styrkurinn til kennslubóka sje hækkaður um meira en 200 kr. á ári, með því að 400 kr. á ári til annara kennslubóka er eigi svo lítil upphæð, með því að eigi er heldur kunnugt um, að neinar slíkar bækur sjeu enn til orðnar. H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) vill breyta þessu svo, að Geir Zoëga fái aðeins 300 kr. hvort árið, til að »gefa út« orðabók sína, og að sjera Jónas Jónasson á Hrafnagili fái 300 kr. hvort árið, til að gefa út dansk-íslenzka orða-

bók, sem hann hefir samið, og beðið þingið um fje fyrir. Nefndin hafði beiðni sjera Jónasar til meðferðar, en meiri hluti nefndarinnar vildi ekki veita styrk þann, er hann sótti um til útgáfu á dansk-íslenzkri orðabók. Því að bæði er til slík orðabók, — þótti hún bæði sje of stór og of gömul —, og svo þótti meiri hluta nefndarinnar ekki vottorð þau, sem fylgdu, nógu góð. H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hefir enn fremur lagt til, að aptan við liðinn h. bætist nýir liðir svo hljóðandi: i. 1. til sjera Ólafs Helgasonar, að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja 150 kr. 2. Til sama, húsaleigustyrkur 50 kr. j. Til Magnúsar Einarssonar á Akureyri, til þess að kenna organslátt og söng norðanlands 300 kr. Nefndin getur ekki mælt með stafl. i., af því, að sá maður hefir nýlega fengið styrk til að læra að kenna heyrnar- og málleysingjum, og þykir það nokkuð fjörlega farið í sakirnar, að sækja nú aptur um styrk. Hún getur heldur ekki mælt með stafl. j., meðal annars af því, að frumv. um breyting á kostnaði við kennslu heyrnar- og málleysingja var fellt hjer á þingi nýlega, og af úrslitum þess máls verður eigi betur sjeð, en að þingið álíti landssjóði óskylt að kosta kennslu heyrnar- og málleysingja.

Þá kemur tölul. 78 á atkvæðaskránni, þar sem nefndin leggur til, að 13. gr. VII. b. falli úr. Eins og getið er um í nefndarálitinu, þótti nefndinni ekki ástæða til að veita svo mikið til eins sundpolls úr landssjóði, þar sem mörg hjeruð og jafnvel einstakir menn út um land gera slíkar laugir á sinn kostnað. Reykjavík á að leggja fram þetta fje. Það sem lagt hefir verið fram af landsfje er nóg fyrir því, sem lærisveinar lærða skólans nota laugina.

Þá er 79. tölul. á atkvæðaskránni, þar sem farið er fram á, að bókasafn austuramtsins fái meira en hin. Þótt jeg verði nú að játa, að þeir sem komu því á stofn, hafi sýnt virðingarverðan dugnað, þá þykir mjer það þó varhugavert, að veita því meira en hinum. Mjer fyrir mitt leyti sýnist aðgengilegra, ef um það væri að velja, að láta það fá nokkra upphæð einu sinni, og svo jafnan styrk við hin. Þá er í tölul. 80., till. frá h. þm. V.-S. (Guðl. G.) um að binda 400 kr. styrk þann, er nefndin leggur til að veittur sje til bókmenntafjelagsdeildarinnar í K.höfn, því skilyrði, að árlega verði gefnar út 25 arkir af fornbrjefasafninu í stað 24, sem nefndin lagði til, og hefi jeg að svo stöddu ekki neitt sjerlegt á móti þessu. Þá kemur í 82. tölul., breyt.til. frá h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.), um að hækka styrkinn til Þjóðvinafjelagsins upp í 1000 kr. hvort árið. Nefndinni barst rökstudd beiðni frá forseta fjelagsins um 1500 kr. á fjárhagstímabilinu, og þá helzt 1000 kr. fyrra árið, og 500 kr. hið síðara. Nefndinni þótti rjett að taka tillit til beiðninnar, af því að hún játar, að fjelagið geri gagn með ódýrum og góðum bókaútgáfum. En þess má gæta, að nú er gott í ári, og er líklega hægt að fá inn skuldir nú, ef kapp er á lagt, eins og á að vera. —

Nefndin getur ekki fallizt á till. þm. Rvík., einkum þar sem hann hefir farið fram á meira en forseti bað um.

Þá kemur atkv.skráin 84, stafl. 5. C. í frumv., og hefir nefndin gert grein fyrir till. sínum um þann lið í nefndarálitinu, og vísa jeg til þess, sem þar stendur. Þá kemur styrkurinn til Benedikts Gröndals. Hann hefir nú notið hans um nokkur ár, og enginn mælt í móti, enda er engin ástæða til þess. Það fer því fjarri, að nefndin geti fallizt á till. h. þm. Borgf. (B. B.) í þessu; hún vill þvert á móti að Benidikt

haldi styrknum framvegis, (*B. Bjarnarson*: Til eilífðar?), já, ef hann deyr ekki eins og aðrir menn.

Nefndin hefir lagt til, að gefa 25 kr. fyrir örkina af fornbrjefasafnin, og lítur svo á, að það sje góð borgun, því að hún hefir fengið vitneskju um, að aðrar 25 kr. fái útgef. fyrir örk. úr dönskum sjóði. Það sýnist því engin ástæða vera til, að aðhyllast breyt.till. frá h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.), sem fer fram á að hækka þetta upp í 1000 kr. á ári, eða 40 kr. fyrir hverja örk.

Frá formanni náttúrufræðisfjelagsins hefir komið beiðni um 600 kr. styrk til þess fjelags í stað 400 kr., sem áður hafa verið veittar. Nefndin gjörði sjer allt far um að kynna sjer ástand náttúrugripasafnsins, og leizt svo á, að rjett væri að styrkja það með 600 kr.

Undir tölul. 89 er breyt.till. frá h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.), um 800 kr. styrk handa síra Stefáni Sigfússyni til að fara utan og kynna sjer lækningar á bráðafári á sauðfje. Nefndinni barst bænarskrá frá síra Stefáni sjálfum, um þennan styrk, en gat ekki gefið þeirri beiðni meðmæli sín, því þó maðurinn sje mikið gefinn fyrir lækningar, sjer í lagi dýralækningar, eins og alkunnugt er, þá áleit nefndin ekki að þessi utanferð til Noregs mundi hafa mikinn árangur, með því að henni er ekki kunnugt um, að lækningar á bráðafári sje þar svo langt komnar, að gagn geti orðið að slíkri ferð.

Breytingartill. frá h. þm. V.-S. (Guðl. G.) o. fl. undir 90. tölul. fer fram á, að orða skilyrðið fyrir styrk til cand. mag. Boga Melsteð öðru vísi en gert er í frumv. Hann vill veita styrkinn til að »rita« sögu Íslands, en í frumv. stendur: til að »safna« til sögu Íslands. Þá vill hann að styrkurinn sje bundinn því skilyrði, að ritið sje á íslenzku, og að út sjeu gefnar minnst 24 arkir á fjárhagstímabilinu. Nefndin getur ekki aðhyllzt þessa tillögu, með því að hún álítur ekki, að safnið til sögunnar sje komið svo langt, að maðurinn geti látið prenta svona mikið á fjárhagstímabilinu. Sjálfsagt er nefndin fús á að fallast á, að ritið sje á íslenzku.. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Er það víst?). Jeg vona, að h. þm. taki orð mín trúanleg og vjefengi þau ekki, þegar jeg tala í nafni nefndarinnar.

Þá er breytingartill. frá nefndinni við 13. gr. C. 13, undir 91. tölul., um að síra M. Jochumssyni verði veittar 1000 kr. hvort árið, og að þessi veiting verði kölluð »skáldlaun«. Það var mikið þjark á þinginu 1891 um styrk til síra Matthíasar. Þá vildu sumir kalla hann skáldlaun, en sumir ekki. Nefndin skilur nú ekki, hvaða meining getur verið í að veita honum styrk, ef ekki á að kalla hann »skáldlaun«. Það er þó ekki meiningin, að veita honum ölmusustyrk. Hann er skáld, og sem skáld fær hann þennan styrk. Jeg sje þá ekki, hvers vegna ekki má nefna styrkinn sínu rjetta nafni.

H. þm. Borgf. (B. B.) leggur til, að síra Matthíasi verði veitt 1500 kr. skáldlaun; en það fylgir nokkuð með. Þessi skáldlaun má því að eins útborga, að hann hætti að hafa á hendi prestsembætti; þetta er hreinasta nýmæli, enda getur nefndin ekki aðhyllzt það. Ef binda ætti styrkveitinguna þessu skilyrði, þá ætti hún að vera miklu hærri, því hann hefir meiri tekjur af embætti sínu en 1500 krónur. Honum mundi því aldrei detta í hug, að taka hið minna fyrir hið meira.

Þá er breyt.till. frá h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) o. fl. um, að nýr tölul. komi á eptir 13. gr. þess efnis, að stórstúka Good-Templara fái 500 kr. hvort árið til eflingar bindindis og útbreiðslu bindindisrita. Nefndinni bárust 2 bænaskrár

um styrk til eflingar bindindis, önnur frá stórstúkunni um 3000 kr. og hin um 2000 kr. Nefndin viðurkennir, að viðleitni þessa fjelags, að efla bindindi í landinu, sje allrar virðingar verð, og því sje rjett að styrkja það með nokkurri fjárupphæð. Hún álítur rjett að styrkja fjelagið til að útbreiða bindindi með stofnun nýrra stúkna úti um landið, en álítur síður, að rit um bindindi hafi mikil áhrif til útbreiðslu bindindisins. Að senda mann eða menn til að prjedika bindindi úti um land álítur nefndin að mundi hafa margfalt meiri árangur en útbýting bindindisrita. Þess konar rit eru fjarskalítið lesin. Það er alkunnugt, að síra Magnús í Laufási hefur lagt mikla alúð á, að útbreiða bindindi með ritum, þar á meðal með stórri bók, er hann eitt sinn gaf út. En þessi bók hans er allra bóka minnst lesin, þar sem jeg þekki til, nema ef undan skilin er ein stór skáldsaga, sem menn munu kannast við. Það væri annað mál, ef einhver málsnjall bindindismaður færi út um land og prjedikaði bindindi, t. d. hinn mikilsvirti þingm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.). Jeg segi þetta ekki í skopi, heldur í hreinni alvöru. Nefndin stakk nú upp á, að veita »stórstúkunni« 300 kr. styrk á ári. Það hjelt nefndin að mundi nægja í bráðina, einkum þar sem það hefur sýnt sig, að Good-Templara-fjelagið hefur getað unnið talsvert styrklaust. Þó mun nú nefndin ekki halda þessari upphæð fast fram, ef menn vilja heldur aðhyllast uppástunguna um 500 kr. styrk.

Breyt.till. við 13. gr. C. 14. tekur nefndin aptur, með því það mun ekki vera meiningin, að veita augnalækni Birni Ólafssyni 500 kr. í viðbót við þær 2000 kr., sem búið er að samþykkja, að hann skuli fá.

Þá er að minnast á breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. C. 16. um að cand. theol. Hannesi Þorsteinssyni verði veittar 1000 kr. fyrra árið til að semja skrá yfir pakkana á landsskjala-safninu og endurskoða niðurröðun þeirra. Það er búið að veita áður mikið fje til þessa verks, en aðferð þeirri, sem höfð hefir verið við skrásetninguna, er svo varið, að hún svarar ekki til þess gagns, sem af verkinu getur orðið, þar sem þessi aðferð hlýtur að hafa gífurlega mikinn kostnað í för með sjer. Nefndin ætlast til, að verkinu verði lokið með nýrri aðferð á einu ári fyrir 1000 kr., en leggur jafnframt til, að verja megi 200 kr. fyrra árið til umbúða um pakkana í landsskjala-safninu og til prentunar á skrá yfir þá m. m. Annars mun einn af nefndarmönnum, sem er vel kunnugur slíku starfi, sem hjer ræðir um, vera fús á að skýra fyrir h. þingd.m., hvað nefndin vill í þessu efni.

Jeg hef hlaupið yfir breyt.till. h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) við 13. gr. undir tölul. 93. á atkvæðaskránni, um að veitt verði allt að 4000 kr. til að kaupa hús Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum.

Mál þetta var fyrir þinginu 1891, en komst ekki fram. Nú hefur þessi maður sent til fjárlaganefndarinnar virðingargjörð á húsinu og ýmsar skýrslur um málið. En sú upphæð, sem hann vill hafa fyrir húsið, er töluvert hærri en sú, sem hjer er stungið upp á að kaupa það fyrir. Þeir, sem komið hafa með breyt.till., geta bezt skýrt frá, hvort ekki muni vera meiningarlaust, að veita þetta fje, og hvort hlutaðeigandi muni fást til að ganga að þessari upphæð.

Meiri hluti nefndarinnar gat ekki aðhyllzt beiðni Stefáns kennara, því hún lítur svo á, að sú skylda fylgi á-

búðinni á Möðruvöllum, að hafa nægilegt hús handa piltum skólans, sem eiga að hafa fæði hjá ábúandanum. Meiri hluti nefndarinnar var, sem sagt, á móti beiðninni; en nefndin fær nú að heyra, hvað h. tillögumenn hafa fram að bera tillögu sinni til stuðnings.

Fjárlaganefndinni barst bænarskrá frá Skúla nokkrum Skúlasyni á Akureyri, um styrk til að læra myndasmíði erlendis. Þessi maður hefur leitað til þingsins fyr í sama skyni, en ekki verið sinnt. Hann hefur nú sent hingað ýmsar smá-myndir úr smá-marmaramolum, gjörðar með ófullkomnum verkfærum. Nefndin vill nú ráða til að gjörð verði tilraun til að koma honum út og sjá hvað úr honum getur orðið. Hann bað um 1000 kr., en eptir upplýsingum, sem kunnugir menn hafa gefið, þá á hann að geta komizt á skólann fyrir 500 kr. fyrra árið og 200 kr. seinna árið, og vill nefndin því leggja til, að þessar upphæðir verði veittar.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) o. fl. hafa stungið upp á, að tannlækni Nickolin verði veittar 600 kr. hvort árið. Nefndin fjekk bænarskrá frá þessum manni, um að hann fengi að halda þeim 500 kr., sem honum voru veittar á síðasta þingi, en nefndin sá ekki ástæðu til að veita þetta fje, og því síður mun hún samþykkja þessa tillögu h. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.), sem fer fram á stærri upphæð.

Þá er að minnast á breyt.till. h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) undir 96. tölul., sem mun vera hin næst síðasta af hans tillögum. Hún fer fram á, að Brynjólfi Þorlákssyni verði veittar 1000 kr. til að fullkomna sig í organspili og söngfræði. Þessi maður hefur sent fjárlaganefndinni beiðni um þennan styrk, en nefndin gat ekki orðið við bæn hans, að vísu efast enginn um, að maður sá, sem hjer er um að ræða, er búinn hinum beztu hæfileikum og hefir ágæt meðmæli; en nefndin hafði í svo mörg horn að líta og sá því eigi annan kost en láta eitt yfir alla ganga.

Undir 97. tölul. er breyt.till. frá h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) sem er svona orðuð: »Til Tryggva Gunnarssonar »fyrir það, sem hann hefur unnið fram »yfir umsamið verk við Ölvesárbrúna, »og skaða þann, sem hann hefir beðið »af brúargjörðinni, 5000 krónur fyrra »árið«.

Nefndinni barst seinustu dagana, sem hún var við starf sitt, skýrsla frá hr. Tryggva Gunnarssyni, sem sýndi að hann hafði unnið við Ölvesárbrúna talsvert fram yfir það, sem um var samið, og að verkið, sem hann vann fram yfir, var svo áríðandi, að brúin hefði komið að litlu liði án þess. Þegar á þetta er litið, mælir talsvert með því, að þessi upphæð verði veitt, og það því fremur, sem hún er talsvert lægri en skýrslan sýndi, að hið umfram-unna verk hefði kostað.

Nefndin lagði ekkert til um þetta mál, af því að henni fannst ekki skýrsla sú fullnægjandi, sem hún hafði í höndum um málið. Þar að auki lágu fyrir nefndinni brjef, sem virtust benda á, að hlutaðeigandi sýslufjelög hefðu lofað að borga úr sýslusjóði eitthvað dálítið meira, ef kostnaðurinn við brúargjörðina yrði meiri en áætlað var. Nefndinni sýndist líka, að tillaga um uppbót fyrir brúargjörðina hefði átt að koma til þingsins gegn um landsstjórnina. Meiri hluti nefndarinnar mun nú samt vera á því, að rjett sje að samþykkja þessa fjárupphæð, 5000 krónur, en verður að láta það í ljósi, að henni finnst niðurlag tillögunnar illa orðað, þar sem fje þetta á með fram að vera fyrir »skaða þann«, sem Tryggvi Gunn-

arsson hefur beðið af brúargjörðinni. Þótt herra Tryggvi Gunnarsson hefði beðið skaða af brúargjörðinni sjálfri, þá hefði hann sjálfur aldrei óskað að fá hann bættan. Það væri líka viðsjárvert að byrja á því, að veita mönnum eptir á uppbót á umsömdu verki, því það gæti orðið til þess, að menn yrði djarfir til að taka að sjer »accord« á stórum fyrirtækjum, í von um uppbót, ef þeir sköðuðust á fyrirtækinu. En það er annað mál, að veita borgun fyrir það, sem unnið er um fram um samið verk, þegar sú viðbót er nauðsynleg, og á hlutaðeigandi skilið að fá þakkir fyrir, en ætti sízt að gjalda þess einbeittleika og snarræðis, er hann hefir sýnt í þessu efni.

Þá er breyt.till. frá h. 2. þm. Rangv. (Sighv. Árnas.) við 15. gr. um að bæta inn nýjum lið um 200 kr. á ári handa frú Torfhildi Hólm. Kona þessi hefur haft 500 kr. á ári nú í 2 ár til ritstarfa og sótti hún um að fá að halda þessum styrk, en nefndin fann ekki ástæðu til að veita þetta fje í sama skyni og áður. Þar á móti mun hún ekki leggja á móti þessum 200 kr. á ári sem ellistyrk handa henni.

Nefndin hefir lagt það til að Ólína ekkja Sigurðar Vigfússonar fornfræðings fái 100 kr. á ári. Hún hafði sókt um 260 kr., en nefndin sá sjer ekki fært að veita meira en 100 kr. Nú er komin breyt.till. frá þm. Dal (J. P.) um, að færa þessa upphæð upp í 200 kr. og önnur breyt.till. frá þm. V.-Skaptf. (G. G.) um, að færa hann upp í 160 kr. Nefndin vonar nú að eitthvað af þessu verði samþykkt; henni er ekkert kappsmál, hver upphæðin verður tekin. En af því hjer er að eins um smá-upphæð að ræða, vona jeg að mjer sje óhætt að geta þess, að jeg var með því í nefndinni, að þessari ekkju yrðu veittar 160 kr.

Þá hefir h. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) stungið upp á, að Jóni Halldórssyni á Búrfelli verði veittar 100 kr. hvort árið. Maður þessi hefir verið mjög góður og mikilsverður bóndi, en er nú orðinn þurfandi. Meiri hluta nefndarinnar þótti nokkuð nýnæmislegt að veita þetta fje. Hjer er að ræða um að veita nýjum flokki manna, bændum, eptirlaun — þessi eptirlaun, sem láta svo illa í eyrum sjer í lagi á bændunum sjálfum.

Um viðaukatillögu nefndarinnar aptan við frumv. og breyt.till. þær, sem fram hafa komið við þessar viðaukatillögur, ætla jeg ekki að tala að þessu sinni. Að eins skal jeg geta þess, að nefndin getur ekki fallizt á till. h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) um, að lán það, sem nefndin hefir stungið upp á að veita mætti af viðlagasjóði til að koma á fót tóvinnuvjelum, skuli veitt vaxtalaust 10 fyrstu árin. Nefndin heldur fast við þá tillögu sína, að lánið verði veitt gegn 6% endurborgun á 28 árum. Það hefir sýnt sig í Þingeyjarsýslu, þar sem tóvinnuvjelum hefir verið komið á fót, að það fyrirtæki borgar sig styrklaust. Þar á móti virðist rjett, að þeir, sem vilja koma þess konar fyrirtækjum á fót, geti átt greiðan aðgang að lánum gegn fullum vöxtum.

Landshöfðingi: Jeg ætla mjer að víkja nokkrum orðum að greinum þeim, sem h. neðri deild hefir til umræðu og sjerstaklega að uppástungum h. fjárlaganefndar. H. fjárlaganefnd hefir yfir höfuð tekið vægilega á flestum uppástungum frá hendi stjórnarinnar, að eins fáar upphæðir hefir hún tært niður eða fellt burt úr frumv. Jeg ætla þá fyrst að minnast á uppástungu nefndarinnar við 13. gr. A. b. 4. um bráðabirgðauppbótina til Kvíabekkjarprestakalls, þar sem h. nefnd leggur til, að nefndu prestakalli sje veittar að

eins 300 kr. fyrra árið og að upphæð þessari sje þar með lokið. Ástæðan sem nefndin færir fyrir því, er að eins sú, að þessi uppbót hafi að eins verið veitt til þess, að hressa við staðinn; en þegar þessi uppbót var fyrst veitt á fjárlögunum 1890—1891, þá var það ekki vegna þess, að staðurinn væri niðurníddur, heldur af því, að tekjur brauðsins voru svo rýrar, að enginn prestur fjekkst til að sækja um þetta prestakall; að vísu hafði einn prestur sótt um það 1886, en hann veltist úr því eptir $1^1/_2$ ár; — var svo brauðið laust um tíma og þá var það tekið til ráðs, að biðja um uppbót handa brauðinu í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1890—91, og var það þá tekið fram í ástæðunum fyrir frumv., að tekjur brauðsins hefðu rýrnar meira sökum undanfarinna ára harðæris en tekjur nokkurs annars brauðs á landinu, og að tekjurnar vegna hinnar miklu fátæktar safnaðarbúa væru því nær orðnar að engu; þar við bættist, að hin skásta af jörðum þeim, sem Kvíabekk höfðu verið lagðar frá Vallaprestakalli upp í það 200 kr. tillag, sem því bar eptir prestakallalögunum, hafði orðið fyrir stórskemmdum af skriðuhlaupi haustið 1887, svo þessi uppbót varð hart nær að engu. Nú sótti enginn prestur um brauðið á árunum 1890—1891, og þá var uppbótin endurnýjuð í fjárlögunum fyrir árin 1892—1893. Þá loksins sótti prestur um brauðið og fjekk uppbótina frá fardögum 1892 og hefir þannig nú notið upphæðarinnar í eitt ár. Sótti hann um brauðið í þeirri von, að hann mundi fá uppbótina framvegis og veitingarvaldið hafði þá von, að hann fengi að njóta hennar sína embættistíð, eða þangað til eitthvað raknaði úr með búskapinn þar á staðnum, svo tekjurnar ykjust, en það hefir ekki getað orðið enn. Jeg vil því mæla með því, að Kvíabekkur fengi að halda upphæðinni, að minnsta kosti 1894—1895; hún hefir heldur ekki verið veitt nema svo stuttan tíma, enda er hjer ekki nema um 100 kr. að ræða.

Það var beinlínis tekið fram í áliti fjárlaganefndarinnar 1891, að uppbótin til Gufudals ætti að eins að vera til þess að hressa við hús staðarins, og vildi því fjárlaganefndin hækka uppbótina til Gufudals um 100 kr. Í fjárlögunum 1892 og 1893 voru veittar 500 kr. í eitt skipti fyrir öll. Það er því allt öðru máli að gegna með þessa uppbót til Gufudals heldur en til Kvíabekkjar. Presturinn í Gufudal hefir líka fengið 1100 kr. í uppbót, en Kvíabekkjarpresturinn ekki nema 200 kr. fyrir fardagaárið 1892—1893, og því finnst mjer rjett að hann fái að halda þessari upphæð óskertri á árunum 1894—1895.

Þá eru till. h. fjárlaganefndar að færa ölmusurnar við prestaskólann úr 600 kr. niður í 200 kr. hvort árið. Nefndin færir þær ástæður fyrir tillögu sinni, að aðsóknin sje svo lítil að skólanum, að þessi upphæð muni nægja. Jeg neita því reyndar ekki, að þetta sje nægilegt næstkomandi ár að veita eina ölmusu, en það er ekki gott að sjá lengra fram í tímann; en þótt ekki sje veitt meira fyrra árið, þá væri ef til vill ástæða til, að veita meira síðara árið, því þá kunna fleiri að sækja skólann. Sú uppástunga hefir líka komið fram frá kennendum skólans, að lengja námstímann úr 2 árum upp í 3 ár. Þessi breyting veldur engum sjerstökum kostnaði nema að því leyti að þegar kennslutíminn verður lengri verður skólaveran dýrari, og þá er ástæða til að hækka ölmusustyrkinn, et þetta kynni að koma fyrir á næsta fjárhagstímabili. Ymsar kvartanir hafa heyrzt um það að íslenzkir stúdentar vanræki innlenndar kennslustofnanir og sæki

til háskólans; en ekki væri það ráð til að laða þá að skólunum hjer, að minnka styrkveitinguna hjer við skólana.

H. fjárlaganefnd leggur til, að ölmusurnar við lærða skólann sje færðar niður um 500 kr. fyrra árið og 1000 kr. síðara árið.

Eins og kunnugt er, voru fyrri hluta aldarinnar veittar 24 ölmusur á 80 dali eða alls 1920 dalir. Í Bessastaðaskóla voru ekki nema 40 lærisveinar, svo 24 ölmusur á 80 dali voru dáindis ríflegur styrkur, enda var ódýrara að lifa á Bessastöðum en nú er hjer í Reykjavík. Þetta fyrirkomulag hjelzt þangað til 1858; þá var gerð sú breyting á ölmusunum, að þær voru hækkaðar úr 80 dölum í 100 dali, en ölmusurnar hafðar jafnmargar og áður, svo þær urðu 2400 dalir alls. Fyrstu árin eptir 1850 voru skólapiltar venjulega 40—50 að tölu, en fór svo fækkandi, að þeir um 1860 voru ekki orðnir nema 30, eða lítið eitt þar yfir, svo að 24 ölmusur á 200 ríkisdali var ríflegur styrkur. Arið 1864 var ölmusunum fjölgað úr 24 í 40, en hver ölmusa jafnstór og áður; þá var ölmusustyrkurinn alls 4000 dalir eða 8000 krónur. Undir eins og ölmusunum var fjölgað, brá svo við, að aðsóknin jókst mjög að skólanum; þegar um haustið 1864 urðu lærisveinarnir 43 og haustið eptir voru þeir orðnir 62, en flestir hafa þeir orðið rúmt hundrað. Í fjárlögunum 1888 til 1889 var samkvæmt tillögum fjárlaganefndarinnar færður niður ölmusustyrkurinn úr 8000 kr. í 7500 kr. fyrra árið og 7000 kr. síðara árið. Í fjárlögunum fyrir 1890—1891 voru ölmusurnar enn færðar niður í 6500 kr. fyrra árið og 6000 kr. síðara árið, en þá áleit fjárlaganefndin, að ekki mætti lengra ganga með að færa styrkinn niður. Nú vill h. fjárlaganefnd fara enn lengra, og færa styrkinn niður í 5500 kr. árið 1894 og 5000 kr. 1895. Jeg álít að ölmusurnar sjeu of fáar eptir því, hvað margir sækja skólann, því þá verður styrkveitingin lægri en nokkru sinni áður á þessari öld.

H. fjárlaganefnd leggur til, að 11. liður í útgjöldunum til latínuskólans um utanferðastyrk handa fimleikakennaranum sje felldur burtu. Eins og h. þingdeildarmenn mun reka minni til, kom fram á síðasta þingi sú uppástunga frá stjórninni, að innleiða »slöjd« við lærða skólann, af því að fimleikakennslan væri mjög svo ófullkomin, en sú uppástunga var felld. Af þeim, sem móti mæltu, var það tekið fram, að nær væri að verja því fje, sem átti að verja til slöjdkennslu, til að bæta fimleikakennsluna; því það könnuðust allir við, að nauðsyn væri, að fimleikakennslan væri að einhverju leyti bætt; því fannst stjórninni vissasta og bezta ráðið, að gefa fimleikakennaranum kost á, að kynna sjer fimleikakennslu erlendis, því hann hefir ekki lært fimleika annarsstaðar en hjer við skólann og það hjá gömlum kennara. Meiningin var, að þegar hann hefði kynnt sjer hinar helztu nýjar fimleikaaðferðir og lært að nota þau áhöld, er þar til þjena, að útvega þessi áhöld og annað eptir fyrirsögn hans, og það getur ekki kostað stórmikið fje, að fá þau smátt og smátt. Sje styrkurinn felldur burtu, verður fimleikakennsla latínuskólans í sama niðurlægingarástandinu og hún hefir verið áður. Jeg held það geti engum blandazt hugur um, hver nauðsyn er á þessari kennslu, því það er holl hreyfing fyrir pilta, og þegar slæmt er veður, eins og opt ber við, geta þeir lypt sjer upp með því; það þarf að vera kostur á góðri fimleikakennslu, og það þurfa að vera góð áhöld við kennsluna.

Jeg legg því mikla áherzlu á, að þessi fjárveiting sje nauðsynleg, og að ekki sje vert að spara þessar 1000 kr. sem til þess eru ætlaðar, og vona, að hinir h. þingdeildarmenn komist að þeirri niðurstöðu.

Þá hefir h. fjárlaganefnd lagt til, að færðar væri niður 2 smá fjárupphæðir til Möðruvallaskólans, um 100 kr. hvort árið, en mjer heyrðist á h. framsögum. (J. J.), að hann ekki legði mikla áherzlu á það. Fyrri upphæðina vill nefndin færa niður í 400 kr. úr 500 kr. sem stóðu í stjórnarfrumv., til ýmislegra útgjalda við skólann. Ástæðan til, að stjórnin setti þenna lið svo hátt, var, að það stendur til, að endurnýja rúmfatnað skólans, og eigi að verða nokkuð úr því, þá eru 400 kr. of lítið fje, því föst útgjöld undir þessum lið eru 350 krónur, og þá eru ekki nema 50 kr. upp á að hlaupa til alls, sem fyrir kann að koma, og þá er ekkert fje til að endurnýja rúmfatnaðinn, og það var þó sjerstaklega hann, sem fje þurfti að verja til. Af því að mjer heyrðist á h. framsögum. (J. J.), að hann legði ekki mikla áherzlu á, að færa þessa upphæð niður, vildi jeg leggja til, að þessi upphæð fengi að standa óbreytt.

Jeg legg minni áherzlu á, að 500 kr. styrkveiting handa námspiltum sje látin standa; það má lækka hann um 100 kr., því að árferði er nú gott, enda munu það líka hafa verið ástæður nefndarinnar.

Jeg hefi þá ekki frekara að athuga við nefndarálitið, fyr en kemur að 13. gr. B. VI. d., þar sem 500 kr. styrkurinn til kennarafræðslu í Flensborg er færður upp í 1600 kr. Mjer er það ekki ljóst af nefndarálitinu, hverjar sjeu ástæður nefndarinnar fyrir þessari hækkun. Reyndar útskýrði h. framsögum. (J. J.) það svo, að hann sagði, að það væri ætlað til að auka kennslukrapta í Flensborgarskólanum. Jeg hygg, að það sje dálítill misskilningur í þessu, og að það sje kennarafræðslan, sem á að auka með þessum styrk, en hann eigi ekki að veita eingöngu til að auka kennurum við Flensborgarskólann.

Þá hefir h. fjárlaganefnd farið fram á við 13. gr. B. VII., að 500 kr. til að gera við sundlaugina hjá Laugarnesi væru felldar burtu, en það er augljóst hverjum sem þangað kemur, að það er ómögulegt að nota sundlaugina nema fje fáist til að gera við hana, en það er ómögulegt að fá það gert fyrir minna en 800 kr. Ef landssjóður vill leggja til 500 kr., er bæjarstjórn Reykjavíkur fús á að leggja til 300 kr., og hún hefir áður lagt fram mikið fje til að gera við laugina.

Það er öðruvísi ástatt með sundkennsluna í Reykjavík en annarsstaðar á landinu, því hjeðan útbreiðist hún miklu betur en annarsstaðar frá; fyrst og fremst eru lærisveinar latínuskólans látnir læra sund smátt og smátt, og áður langt um líður hafa þeir allir lært það, og með þeim útbreiðist svo sundkunnátta um land allt. Þar að auki kostar bæjarstjórn Reykjavíkur sundkennslu handa drengjum í barnaskólanum, og margir þeirra flytja burt úr bænum, þegar þeir stálpast, svo þessi nytsama íþrótt breiðist út um landið, bæði með þeim og lærisveinum latínuskólans. Það er ekki ástæða til, að bera sundkennsluna hjer saman við sundkennsluna út um landið; það er sjálfsagt, að það sje varið meira fje til hennar hjer, þar sem hún getur orðið að allsherjargagni fyrir landið. Það kveður lítið að sundkennslu út um landið enn sem komið er, því þó að veittar hafi verið 100 kr. á ári til sundkennslu sumstaðar á landinu, þá

hafa þær 800 kr., sem alls hafa verið ætlaðar til sundkennslu, ekki verið notaðar allar.

Jeg legg því til, að styrkurinn fái að standa óbreyttur, enda kemur hann ekki nema einu sinni fyrir.

Það sem því næst verður fyrir mjer á atkvæðaskránni er sú tillaga h. fjárlaganefndar, að veita cand. theol. Hannesi Þorsteinssyni 1000 krónur fyrra árið til að semja skrá yfir pakkana í landsskjalasafninu. Af nefndarálitinu er það að ráða, að verkinu eigi að verða lokið með þessum styrk, svo að hann verði eigi veittur aptur. En mjer er óskiljanlegt, að það sje með nokkru móti mögulegt. Þetta safn er mjög stórt. Í auglýsing frá landshöfðingjadæminu 3. apríl 1882 eru talin upp þau skjalasöfn, er þar til heyra, og það er: skjalasafn landshöfðingjadæmisins, skjalasafn suðuramtsins, skjalasafn vesturamtins, gamla stiptsskjalasafnið, biskupsskjalasafnið, skjalasafn landfógeta, skjalasafn hins umboðslega endurskoðara og skjalasafn embættismanna út um land. Það eru því 7 stór skjalasöfn, sem heyra hjer til, sum eru ekki gömul en sum mjög gömul, og jeg get ekki sjeð, að mögulegt sje að raða þeim niður og semja skrá yfir þau á einu ári fyrir 1000 krónur. Biskupsskjalasafnið er mjög stórt og gamalt, og sömuleiðis landfógetasafnið, og nær langt aptur í tímann. Það er því eigi mögulegt að semja skrá yfir þau á stuttum tíma. Þess er og að gæta, að eins og nú stendur, þá kæmi það að litlum notum, þar sem landsskjalasafnið hefir ekkert húsnæði, er við sje unandi. Það fer illa um sum söfnin, þar sem þau nú eru geymd, einkum skjalasafn landshöfðingjadæmisins og skjalasafn embættismanna út um land, er sent hefir verið hingað til geymslu. Og meðan skjalasafnið getur ekki fengið betra húsnæði, þá virðist mjer, að þessi niðurröðun sje harla þýðingarlítil, því almenningur getur eigi haft gagn af safninu, þar sem það nú er geymt, þótt svo væri gert.

Það hefir verið talað um, að fá stað handa skjalasafninu í herbergjum þeim, sem landsbókasafninu er ætlað; en það er víst vafasamt, hvort það getur orðið, því að landsbókasafnið er nú orðið svo stórt og vex óðum, að það hefir bráðum lítið rúm afgangs. Það hefir að vísu ljeð bókmenntafjelaginu húsnæði fyrir nokkrum árum, en þess mun ekki verða langt að bíða, að það megi til að byggja því út. Það er því að mínu viti þýðingarlítið, að veita fje í þessu skyni, enda þykir mjer það nokkuð skrítið af þinginu, að veita fje til að semja skrá yfir skjöl embættismanna, án þess að landsstjórnin eða embættismenn þeir, er hlut eiga að máli, hafi beðið um það. Það voru fyrst veittar 600 krónur í fjárlögunum fyrir árin 90—91, til að rannsaka hið gamla skjalasafn stiptamtsins, en jeg held það hafi borið lítinn árangur, og það var alls ekki gert eptir neinni beiðni frá stjórninni. Sömuleiðis veitti þingið um 600 krónur fyrir hvort af árunum 1892—1893 í sama tilgangi, án nokkurrar bendingar frá stjórninni. Árið 1892 var raðað niður og samin skrá yfir 8 ár (1803—1810), og það að eins í gamla skjalasafni stiptamtsins, og má af því sjá, að ekki hefir mikið orðið ágengt í þessu. Þar sem það þannig hefir kostað 600 krónur að raða niður skjölum frá 8 árum í gamla stiptsbókaskjalasafninu einu, sem verða 75 krónur fyrir ár hvert, þá má nærri geta, hvað niðurröðun og skráning alls landsskjalasafnsins mundi kosta. Það er gert ráð fyrir, að þetta ár komist skrásetningin fram að 1820, svo að þá hefir kostað 1200 krónur að semja skrá yfir þetta eina skjalasafn

fyrir 18 ár. Það yrði því æði langvinnt starf, að halda þessu verki áfram þannig, að það næði yfir allt landsskjalasafnið, og þó ekki væri annað gert en að semja skrá yfir hvern pakka, hvaða ár þeir nái yfir, en ekkert tekið fram um efni og innihald þeirra, þá yrði það mikið verk; en eins og jeg sagði áður, er þessi skrásetning til lítils gagns, meðan landsskjalasafnið hefir ekkert húsnæði, svo það geti verið til afnota fyrir almenning eða einstaka vísindamenn.

Landsstjórnin hefir enga ábyrgð á þessu verki, því að hún hefir ekki uppátekið sjer að hafa sjerstakt eptirlit með því, hvernig verkið væri leyst af hendi, enda eigi farið fram á, að það væri gert. Það hafa verið sjerstaklega skiftar skoðanir manna um það, hverja aðferð skuli hafa við þetta starf, og sú aðferð, sem hefir verið höfð, hefir ekki þótt góð, og verið getur, að eins kunni að fara um þá aðferð, sem nú er tekin upp.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að fara frekara út í hinn mikla fjölda af breyt.-till. frá ýmsum þingmönnum, en skýrskota að eins til ræðu h. framsögum. fjárlaganefndarinnar, og get jeg í öllum verulegum atriðum verið honum samdóma; en jeg þarf sjerstaklega að taka fram eina fjárveitingu, sem mjer heyrðist h. framsögum. (J. J.) vera meðmæltur fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar; en það er 97. tölul. á atkvæðaskránni eða borgun til Tryggva Gunnarssonar fyrir það, er hann hefir unnið fram yfir umsamið verk við Ölfusárbrúna, 5000 krónur fyrra árið. Það er misskilningur hjá h. framsögum. (J. J.), að sýslufjelag Árness- og Rangárvallasýslu eða amtsráðið hefði skuldbundið sig til að taka nokkurn þátt í þeim bótum.

Svo stóð á, að veturinn 1888—89 átti að afgera, hvort frumv. til laga um byggingu Ölvesárbrúarinnar skyldi vera staðfest eða ekki, en þá leit svo út, að enginn mundi fást til að vinna verk þetta fyrir 60000 krónur; aptur á móti var útlit fyrir, að maður mundi fást til að taka að sjer verkið fyrir 65000 kr. Þá skrifaði stjórnin mjer og bað mig að leita upplýsinga hjá amtsráði suðuramtsins og fyrnefndum sýslufjelögum um, hvort þau vildu taka tiltölulegan þátt í þessum 5000 krónum, eins og þau hefðu gert í aðalupphæðinni, 60000 krónunum, eða að einum þriðja hluta, og lýsti umtsráðið og sýslufjelögin yfir, að þau væru fús til þess.

Vorið 1889 var að því komið, að semja nýtt frumv. til að leggja fyrir þingið, um, að leggja til brúargerðarinnar 65,000 krónur, en þá bauðst Tryggvi Gunnarsson til að gera verkið fyrir 60000 krónur, og þar með var fallið burtu, að nokkur skuldbinding hvíldi á amtsráði suðuramtsins og sýslufjelögum Árness- og Rangárvallasýslu, að taka nokkurn þátt í þessum 5000 krónum.

Framsögumaður gat þess, að hann hefði kunnað bezt við, að þessi uppástunga hefði komið frá stjórninni. Stjórnin hefði að öllum líkindum verið fús til að gera það, en þess hefir aldrei verið farið á leit við stjórnina, að hún bæri þetta fram.

Þetta fje má ekki veita af þeirri ástæðu, að Tryggvi Gunnarsson hafi tapað á samningsverki þessu, því að hver sem tekur slíkt verk að sjer fyrir ákveðna borgun verður að eiga það á hættu, hvort hann græðir eða tapar, svo að þess vegna getur ekki nein uppbót komið til mála, heldur á hann skilið að fá þessa uppbót fyrir það, að

hann gerði miklu meira en um var samið og hann var skyldur til eptir samningnum.

Framsögumaður tók það fram, að brúin hefði ekki komizt á, hefði herra Tryggvi ekki tekið verkið að sjer, og það er hverju orði sannara, og brúin hefði heldur eigi komið að fullum notum, hefði hann eigi látið gera þá breytingu á henni, sem hann gerði, sjerstaklega með því, að láta lengja hana. En það skal jeg játa, að það var ekki formlegt, að leita ekki fyrst samkomulags við stjórnina um þessa breytingu á brúnni; en það hefði ekki verið gott fyrir hann að bíða eptir því, að það hefði komizt í kring. Stjórnin hefði orðið að bera sig saman við verkfræðing og fá hjá honum álit um verkið, og svo hefði verkið orðið að bíða þangað til verkfræðingurinn og stjórnin hefðu verið búin að samþykkja, að þessi breyting skyldi vera gerð. Þá sýndi Tryggvi Gunnarsson það snarræði, að hann tók til starfa án þess að leita þessa samþykkis, því að hann sá, að ekki var um annað að gera, og má nú ekki láta hann gjalda þess.

Það sem hjer er stungið upp á, 5000 krónur, eru auðvitað ekki nærri nógar bætur, því að það kostar ekki all-lítið, að fá smiðina til að gera breytingu á brúarsmíðinu, þegar því er að mestu lokið af þeirra hendi og búið að afpassa lengdina. Þegar þá kemur nýtt »telegram«, að brúin verði að vera 2—3 álnum lengri, þá segir smiðurinn, að lengri brúin kosti svo eða svo mörgum þúsundum króna meira, og sá verður að borga, sem vill fá breytinguna á samningnum.

Mig minnir að það hafi verið 100 pd. sterl. er Tryggvi Gunnarsson hefir orðið að borga fyrir þessa breytingu. Auk þess hefir hann látið hækka brúna, ísbrjótur hefir verið gerður á stöplana að austanverðu, og uppgangan á brúna lengd þeim megin, og þetta allt hygg jeg hafi kostað meira en 5000 krónur, og þegar hjer er um mikla samgöngubót að ræða, þá vona jeg, að engum blandist hugur um, að Tryggvi Gunnarsson eigi skilið að fá þessa uppbót, því að það er enginn efi á því, að hefði hann ekki vorið 1889 borgið málinu með því, að taka að sjer brúarsmíðið, þá hefði brúin ekki komizt á eins fljótt og varð.

Að síðustu ætla jeg að taka það upp aptur, sem jeg gat um í byrjun 2. umr., að tekjuafgangur, sem áætlaður er í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, er ekki mikill, aðeins einar 4400 kr., en nú eptir atkvæðagreiðsluna um undanfarnar greinar mun vera allmikið farið að að saxast á það fje, og gangi margt fram af breytingartillögum við 13. gr. þá er augsýnilegt, að því fer fjarri, að afgangur verði, heldur lítur út fyrir sjóðþurð, þ. e. að útgjöldin fari fram úr tekjunum, og þá er ekki annað fyrir hendi en taka til viðlagasjóðsins. Í stað þess að safna í góðærinu, þá eyðum vjer fje viðlagasjóðsins, en það er nauðsynlegt að halda honum við; það verður að fara sparlega með hann, því að útgjöldin aukast allt af. Fari nú svo, að útgjöldin verði meiri en tekjurnar, rekur að hinu sama og fyrir nokkrum árum, að vjer verðum að leggja á nýja skatta. Það er mjög ísjárvert, að eyða fje viðlagasjóðsins, því að hann er nauðsynlegur, ekki að eins vegna þess, að tillagið úr ríkissjóði fer allt af minnkandi, heldur til að hafa fje til að taka til, ef harðæri og tekjurýrnun ber að höndum.

Jeg verð að biðja hina heiðruðu þingmenn, er þeir greiða atkvæði, að hafa það hugfast, að koma ekki fjárhag

landsins í sama horf sem hann var fyrir fáum árum, svo að ekki þurfi að leggja nýja skatta á.

Klemens Jónsson: H. framsögumaður rakti — eins og við mátti búast — allar breytingartill. við stjórnarfrumv. allt frá 12. gr. og til enda fjárlaganna, og mátti vel á hans ræðu heyra, að þær till., sem koma frá öðrum þm., fengju eigi mikinn byr hjá nefndinni. Þar sem jeg hefi ritað mitt nafn á nokkrar af þessum breytingartill., þá þarf jeg ekki að vera nefndinni sjerlega þakklátur fyrir undirtektir hennar; jeg vona að eins, að h. deild líti öðrum augum á.

Jeg ætla mjer ekki að fara að rekja atkvæðaskrána lið fyrir lið, en að eins minnast á mínar breytingartill. og ef til vill fáeinar fleiri.

Jeg vil þá fyrst leyfa mjer að taka undir með hæstv. landsh., það sem hann sagði um Kvíabekksprestakallið, því jeg er viss um, að ef h. þingdeildarm. væru eins kunnugir, hvernig ástatt er í þessu hjeraði og jeg, þá mundu þeir ekki vera með því, að lækka tillagið sem stendur. Það er líka auðvitað, að viðkomandi prestur hefir tekið á móti prestakallinu í þeirri von, að styrknum yrði framhaldið, og jeg verð að vona, að það einnig verði. Ólafsfjörður er mjög afskekktur og íbúar hans eru enn engir menntamenn, enda hafa þeir um langan tíma verið afskiptir allri verulegri prestsþjónustu, því þó stundum hafi verið þar prestur, þá hafa þeir ekki verið sem beztir, og því ei svo mjög menntandi eða fræðandi sem skyldi, og stundum hefir brauðinu verið þjónað af nágrannaprestum, sem vegna hinnar miklu fjarlægðar hafa orðið að láta sjer nægja að messa þar að eins 2—3 sinnum á ári. Ólafsfjörður er líka mjög fátækt hjerað, og 1887 var svo langt komið, að hann var ei fær um að inna af hendi gjöld sín, og meira að segja, varð að fá lán úr sýslusjóði, og ef jeg man rjett, fjekk hann eitthvað af Jóns Sigurðssonar legati, en nú er hann heldur að komast upp, og 1891 var hann búinn að borga skuldir sínar, og gæti hann nú fengið að halda prestinum, sem er ungur og efnilegur maður, þá yrði það honum til ómetanlegs gagns, en á hinn bóginn er jeg sannfærður um, að ef þessi styrkur er tekinn burt, þá verði viðkomandi prestur að sækja um brauð eins fljótt og hann getur; og hvernig fer þá? Ætli þá yrði ekki bið á, að prestur fengist þangað aptur? Því Ólafsfjörður er ekkert eptirsóknarvert sveit, svo líklegt sje að neinn fari þangað, nema því að eins að hann hefði þá von, að hann gæti lifað þar.

Þá er breytingartill. á þingskj. 332, tölul. 76 á atkvæðaskránni, um styrk til síra Jónasar á Hrafnagili, til að gefa út dansk-íslenzka orðabók, og kennara Geirs Zoëga til að gefa út ensk-íslenzka orðabók.

Hvað styrkinn til Geirs kennara snertir, þá geri jeg það ekki að neinu kappsmáli, og það getur verið að jeg gefi atkvæði með tillögum nefndarinnar, sem jeg felli mig vel við hvað það snertir. En hvað síra Jónas snertir, þá ímynda jeg mjer, að allir verði að viðurkenna, að það væri gott og þarflegt, að fá handhæga dansk-íslenzka orðabók. Því sú eina sem við höfum er allt of stór til almennra afnota, of dýr og alls eigi við nútímann hæf, og þar sem handrit þessarar bókar er þegar fullbúið undir prentunn, og mjög gott að þeirra dómi sem vit hafa á því, vona jeg svo góðs til h. deildar, að hún styðji þetta.

Þá er næsti tölul. á atkvæðaskránni, þingskj. 343, að síra Ólafi Helgasyni sjeu veittar 150 kr. til að borga aðstoðarkennara, og enn fremur húsaleigustyrkur 50 kr., eða samtals 200 kr.

á ári. Það var einhver sem sagði þessu viðvíkjandi, að þetta væri of snemma upp borið, þar sem þessi maður hefði nýlega notið styrks til að læra kennslu heyrnar- og málleysingja, og þar sem frumv., sem hefði gengið í þá átt, að landssjóður ætti að greiða þau gjöld fyrir kennslu heyrnar- og málleysingja, sem hingað til hefði hvílt á jafnaðarsjóðum amtmanna, hefði verið fellt í efri deild, þá benti það til að landssjóður ætti ekkert að skipta sjer af þessu máli.

En þetta er alls eigi rjett skoðað, því þar sem nú er orðin mjög mikil aðsókn að þessum manni, og hann vitanlega fær enga borgun fyrir starfa sinn, en vinna svo umfangsmikil, að hann álítur sjer nauðsynlegt, að hafa aðstoðarkennara, þá er ekki nema sanngjarnt að hann fái styrk til að launa þeim manni, því eins og menn vita, þá borga nemendurnir að eins fyrir fæði, húsnæði, ljós og hita sem þeim er veittur. Og að fellt var frumv. sem fór fram á, að landssjóður borgaði alla kennsluna, sannar ekki, að þetta hafi verið ósanngjarnt, en hitt er ljóst, að þar sem þetta frumv. var samþykkt hjer í deildinni, þá ætti þessi mín tillaga að fá framgang. Þetta ætti og að verða því aðgengilegra, sem styrknum til sjálfs hans er sleppt. Jeg sá mjer að svo komnu eigi fært að fara fram á, að hann sjálfur fengi neitt fyrir starfa sinn.

Þá vil jeg minnast lítið eitt á 93. tölul. á atkvæðaskrá., um kaup á húsi Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum. Því þó að mitt nafn standi eigi á breytingartillögunni þar að lútandi, þá er hún þó fram komin fyrir mitt tilstilli, og mjer því skyldast, að halda uppi svörum fyrir hana.

H. framsögumaður sagði, að sú skylda hlyti að sjálfsögðu að hvíla á ábúandanum, að selja piltum fæði; þetta kann vel að vera. En þess ber að gæta, að bær sá, sem jörðinni fylgir, er mjög hrörlegur, ef bæ skal kalla; hann er virtur fyrir liðugar 400 kr., og hefði ábúandinn ekki annað húsnæði, þá væri honum ómögulegt að uppfylla þá skyldu, að selja piltum kost. En nú er svo ástatt, að Stefán kennari Stefánsson, sem er ábúandi á jörðinni, hefir byggt hús, sem er virt fyrir 6000 kr. Segði Stefán nú jörðinni lausri og það getur hann gjört þegar minnst vonum varir, þá yrði ábúandinn að flytja í bæinn; og hvernig færi þá? Hver ætli að fengist til að taka jörðina í ábúð með þeirri kvöð, að selja piltum kost, og setjast að í bænum? Jeg ímynda mjer ekki, að þeir mundu verða margir, og yrði þá nauðsynlegt, ef skólinn ætti að haldast við, að byggja bæinn upp að nýju, og yrði það auðvitað nokkuð kostnaðarsamt. En hvort skyldi vera betra, að vera að lappa upp á bæjarskrifli, eða að fá vandað og gott hús fyrir hæfilegt verð? Jeg vona, að engum blandist hugur um það, og nú er hjer farið fram á, að Stefán selji hús sitt fyrir 4000 kr. og taki þar að auki bæinn með því í ofan á lagi, sem með honum fylgir, og sem alls er um 1000 kr., og mundi hann þá skaðast um 1000 kr. Því miður, þá liggur nú ekki fyrir frá Stefáni yfirlýsing um, að hann muni ganga að þessu verði, en jeg ímynda mjer það þó. Hans er nú von bráðum hingað til bæjarins, og þá veit jeg að hann getur sagt af eða á um það; er þá allt af innan handar að fella þetta, geti ekki samkomulag orðið, en jeg skil ekki, hvernig fjárlaganefndin eða þingið hugsar sjer að fara með Möðruvallaskólann, ef þetta ekki tekst.

Þá er töluliður 95. á atkvæðaskrá.

Jeg og nokkrir fleiri h. þingd.m. höfum leyft okkur að fara fram á, að styrkveitingunni til tannlæknis Nickolin verði haldið áfram. Þessi styrkveiting var áður 500 kr. á ári, en var ekki tekin upp í stjórnarfrumv. Að við leggjum til að hækka hana upp í 600 kr., kom af því, að okkur þótti það nú eðlilegri upphæð, því það yrðu þá 50 krónur á mánuði.

Það hefur áður komið fram í umræðunum, hve æskilegt væri að hafa specialista í Reykjavík, og það álítum við mikið rjett, og þar sem þessi maður er viðurkenndur góður í sínu fagi, þá leyfðum við okkur að leggja þetta til.

Fleiri liði málsins finn jeg ekki ástæðu til að tala um, en vil loks geta þess, að af öllum þeim breytingartill., sem h. þm. Borgf. (B. B.) hefur komið með, og sem í mínum augum eru alls óaðgengilegar, þá er þó sú sem leggur til að lækka laun söngkennarans og fimleikakennarans við lærða skólann, þeirra óaðgengilegastar, enda mun jeg verða á móti þeim öllum.

Að endingu finn jeg ástæðu til að lýsa því yfir, að jeg mun greiða atkvæði með því, að Tryggva Gunnarssyni sjeu greiddar 5000 kr. fyrir verk það, sem hann hefur unnið, fram yfir um samið verk við Ölvesárbrúna. Jeg hef kynnt mjer það mál svo vel, að jeg veit, að þetta er að eins partur af þeim kostnaði, sem hann hefur haft af því verki, sem hann vann um fram samningana.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg ætla að byrja á seinasta atriðinu af breytingartillögum mínum, tölulið 97. á atkvæðaskrá. Jeg skal fúslega játa það hreinskilnislega, að það var af misskilningi — hreinlega af misskilningi —, að jeg orðaði tillöguna þannig, og jeg stryka út orðin: »og skaða þann, sem hann hefur beðið af brúargjörðinni«. Jeg álít mig hafa fullan rjett til þess, og bið h. forseta að athuga, að þessi orð eru tekin aptur.

Að því er sjálfu málinu viður við, þá veit jeg, að jeg þarf ekki að taka það fram, nje lýsa því, hvað Tryggvi hefur gjört fram yfir það, sem hann var skyldugur til, en hitt vil leggja áherzlu á, að hann bauðst aldrei til, að gjöra brúna fyrir minna en 65 þúsund krónur. Það var hans tilboð. Að hann síðar rjeðst í að vinna verkið, þótt hann fengi eigi meira en 60000 krónur hjá stjórninni, kom til af því, að hann vonaði, að sýslufjelögin mundu bæta upp það sem vantaði á, og hann hafði fulla ástæðu til þess, eptir undirtektum amtsráðsins og sýslunefnda hjer syðra.

Hæstv. landshöfðingi tók það fram, að það hefði verið formlegra, að Tryggvi hefði leitað álits stjórnarinnar um þá viðauka, sem hann sá að nauðsynlegir voru til þess, að brúin yrði góð og traust, en það var ekki hægt; til þess var enginn tími, enda væri brúin ekki komin á enn, hefði hann gjört það. Þess vegna var það svo mikilsvert og þakklætisvert, að hann gjörði þetta á eigin ábyrgð, í von um, að fá það borgað síðar.

Þar að auki vil jeg taka það fram, að af þessum 60 þúsundum, sem hann átti að fá hjá stjórninni, þá var borgað ýmislegt, sem Tryggva að mínu áliti alls eigi bar að borga. Jeg skal taka það sem dæmi, að stjórnin ljet hann borga uppdrætti til brúarinnar, sem aldrei urðu að neinum notum; því að brúin var aldrei gjörð eptir þeim. Og þessa uppdrætti hafði Windfeldt-Hansen arkitekt gjört. Í annan stað var það, að stjórnin sendi ingeniör Ripperda hingað til lands, til að hafa umsjón með brúarsmíðinu, og kostnaðinn við það mátti Tryggvi borga, þótt auðsætt

sje, að honum bar alls eigi að borga þetta eptirlit. Það átti stjórnin að kosta, en alls eigi Tryggvi; honum var það engin þægð. Það var þetta tvennt, sem Tryggva bar alls eigi að borga, og jeg fyrir mitt leyti er öldungis hissa á því, að stjórnin skyldi nokkurn tíma fara fram á það.

Jeg skal játa, að það eru gallar á tillögunni frá minni hendi, og þeir koma til af því, að jeg var eigi svo kunnugur þessum upphæðum, en hafði ekki tíma til að tala við Tryggva áður en jeg kom fram með tillöguna, því að annars hefði jeg hiklaust sett 8 þúsundir. Þótt svona illa hafi til tekizt, þá vona jeg, að h. deild fallist á tillöguna, sumpart af því, að Tryggvi hefur gjört meir en samningar stóðu til, og sumpart af því, að hann hefur verið látinn borga ýmislegt það, sem honum bar eigi að borga. Þetta mun nú samtals nema að minnsta kosti 8 þúsund kr., og jeg þykist sannfærður um það, að fjárlaganefndin muni fallast á þetta, og h. deild samþykkja það.

Það má líka taka það fram, að öll þessi upphæð kom alls eigi í hendur Tryggva sjálfs, heldur að eins rúmar 56 þúsund krónur; hinar 4 þúsundirnar tók stjórnin undir sjálfri sjer, til að borga með það, sem honum vitanlega alls eigi bar að borga, eins og jeg hef tekið fram, og þar sem hann þar að auki hefur lagt til 7—8 þúsundir fram yfir það, sem í samningunum stóð, þá er það sannarlega ekki of mikið, þótt hann fengi 8 þúsund krónur, enda mun jeg reyna að koma mjer saman við aðra h. þingd.m. um, að koma með breytingartill. um það til 3. umr.

Þá er það 82. og 83. tölul. á atkv.skrá. Það er styrkurinn til Þjóðvinafjelagsins. Jeg held að allir verði að játa, að þetta fjelag hafi gjört mjög mikið gagn og gefið út margar bækur þarflegar, en við það hefur það komizt í mikla skuld, og hana svo mikla, að þótt það fengi þessar 1000 kr., þá gæti það alls ekki borgað allar skuldir sínar. Jeg vona því, að það verði ekki ofan á, að deildin vilji ekki hlynna svo að þessu fjelagi, að það geti komizt upp. Skal jeg svo eigi fjölyrða meira um það.

Þá er töluliður 96 á atkv.skránni; það er að Brynjólfi Þorlákssyni verði veittar 1000 kr. til þess að fullkomna sig í sönglist og organspili. Eins og margir þm. vita, þá er þessi maður ungur, mjög vel lagaður fyrir söng, og hefir sterka löngun til þess að læra söngfræði, en löngunin er eigi einhlít, það þarf meira með; en þessi maður er bláfátækur og getur því eigi aflað sjer þeirrar þekkingar í söngfræði, sem hann langar til að afla sjer. En hjer er annað athugavert við þetta, og það er, að Jónas Helgason, sem er organleikari við dómkirkjuna og hefir frá veitingarvaldinu 1000 kr. á ári með því skilyrði, að hann kenni öllum, sem koma til hans, hann er nú farinn að eldast og þreytast, og má ef til vill búast við, að hans missi við fyrr en varir. Þá væri þarflegt og gott, að hafa mann sem gæti tekið þetta starf að sjer. Það er líka svo komið, að aðsóknin að Jónasi er orðin svo mikil að hann getur ekki tekið alla til kennslu, sem beiðast. Ef þessi ungi, efnilegi maður (jeg veit mjer er óhætt að komast svo að orði, því jeg þekki hann sjálfur að því að vera efnilegan í mörgum greinum, og að því er sönglega hæfilegleika hans snertir, þá þarf jeg ekki annað en skírskota til þeirra vottorða, sem umsókn hans fylgja), ef þessi ungi, efnilegi maður fengi þennan styrk, þá mundi hann á eptir fús til að taka að sjer að kenna fyrir lítið verð. Jeg verð að segja, að því fje

sem varið væri til þess, að styrkja þennan mann einu sinni fyrir allt, sje ekki svo illa varið, eða að minnsta kosti betur en mörgu öðru. Þá er það töluliður 69. á atkv.skránni, laun Markúsar Bjarnasonar, forstjóra stýrimannaskólans. Jeg játa það, að mjer er ekki vel við það, þegar einhver, sem nýlega hefir fengið embætti með einhverjum ákveðnum launum, fer undir eins næsta ár að biðja um launaviðbót. Þetta játa jeg fúslega; en á hinn bóginn, sjeu launin svo lítil, að þessi maður geti eigi lifað af þeim, þá er sanngirniskrafa og nauðsynlegt, að hann fái nokkra hækkun. Að fjárlaganefndin hafi viðurkennt þetta, sýnir það, að hún hefir fundið ástæðu til að hækka launin um 300 kr. Það er reyndar satt, að hann hefir allt sumarið laust handa sjer, en þegar menn hafa fasta stöðu, þá er ekki svo hægt að fá atvinnu hinn tíma ársins, enda er það víst, að sá, sem hefir kennslustörf á hendi á vetrum, verður miður hæfur til líkamlegra starfa á sumrin. Jeg vona, að þar sem hjer liggja fyrir 3 breyt.till., þá muni deildin aðhyllast mína helzt, sem fer mitt á milli hinna tveggja. Við hina aðra liði 13. gr. skal jeg litlar athugasemdir gjöra. Jeg skal með öllu hleypa fram hjá mjer öllum breyt.uppást. þm. Borgf. (B. B.), en vil að eins leyfa mjer að taka undir með hæstv. landshöfðingja, að mjer þykir nefndin hafa verið nokkuð fljót á sjer að lækka styrkinn til margra skólanna. Frá kvennaskólunum hefir að eins komið umsókn frá einum. En þegar litið er yfir alla þessa skóla, þá má sjá, að af öllum þessum almennu skólum, þá virðist nefndin hafa verið sparsöm við þá alla, nema Flensborgarskólann; hann einn hefir fundið einhverja sjerstaka náð í augum hennar. Að því er prestaskólann snertir, þá get jeg frætt h. nefnd og aðra h. þingdm. um það, að á hann munu ganga 6 stúdentar næsta vetur. Mjer er þetta kunnugt, og jeg veit, að þeir 4, sem munu koma í haust, eru allir blátátækir. Þessum mönnum er því eigi óþarft að fá einhvern styrk, og jeg held, að þessi 1 ölmusa verði ekki mikið fyrir þá alla. Það er reyndar satt, að prestaskólinn á 2 sjóði; en hvernig eru þessir sjóðir? Þessir sjóðir eru svo litlir, að þeir geta ekki verið til neinnar verulegrar hjálpar prestaskólamönnum. Það er vitanlega betra en ekkert, að fá 20—25 kr., en mikil upphæð er það ekki og sannarlega eigi nóg. Það er þessvegna, að þótt hæstv. landshöfðingi segði, að það gæti verið nokkur ástæða til að hafa þessar styrkveitingar svo lágar í vetur, þá get jeg alls ekki verið honum samdóma um það, og jeg álít rjettast, að þær stæðu óhaggaðar eins og þær voru.

Uppástungur h. þm. Borgf. (B. B.) eru svo fjarstæðar og fráleitar, að mjer þykir ekki taka, að tala um þær. Það er annars undarlegt, þegar bændur sjálfir koma fram með að svipta bændasyni ölmusu, því að það eru þó þeir, sem helzt þurfa styrks við. Jeg get heldur ekki annað sjeð, en að það sje ósamkvæmni hjá h. nefnd, að vera að lækka ölmusur lærisveina við þá stofnun, sem helzta menntun kemur frá, úr því að allt á að stefna að því, að mennta lýðinn, og það ætti því að vera ástæða að meiri, að styðja skólann.

Næsta vetur munu verða á skólanum undir 100 lærisveinar. Flestir hafa þeir verið 119 og fæstir 76 eða um það núna síðari árin. Þegar ölmusurnar voru lækkaðar fyrir nokkrum árum, þá kunni jeg því mjög illa, og ætlaði og ætla enn langrjettast, að láta þær haldast í 8 þúsundunum. En þar sem

búið er að lækka þær niður í 6 þús., þá finnst mjer að vel nægi, að láta þar við una, og engin ástæða til að lækka þær meir. Enn fremur skal jeg geta þess, að þessar 40 ölmusur, sem voru, eru einmitt jafnmargar og voru til forna. Það voru 24 í Skálholtsskóla og 16 í Hólaskóla, en hitt er satt, að ölmusurnar eru að upphæð hærri nú en áður; en hvort þær eru fyrir það meira virði í sjálfu sjer, það er eptir að vita. Það vita allir þeir, sem umsjón hafa haft með piltum, að það er enginn ósparnaður, þótt þeir eyði allt að 400 kr. á vetri hjer í bænum. Nú! Áður, t. d. á Bessastöðum, fengu piltar fyrir ölmusu mat allan, húsnæði, ljós og hita og þjónustu; nú fá þeir ekki einu sinni mat fyrir ölmusuna; því að hann kostar 250—270 kr. yfir veturinn, svo eptir því eru þær eiginlega talsvert lægri nú en áður. Jeg vona, að h. deild sjái þetta og samþykki því ekki breyt.till.

Að því er því viðvíkur, að breyta frá stjórnarfrumv. á þann veg, að veita að eins 1200 kr. fyrra árið til að raða niður og skrásetja muni forngripasafnsins, í stað þess að veita til þess 800 kr. hvort árið, þá hygg jeg það eigi rjett. Það er fyrst og fremst mikið verk, og því eigi ætlandi, að sá maður, sem auk þess hefir öðrum störfum að gegna, geti komizt yfir það á einu ári, og í annan stað, þá er jeg viss um, að það er allsendis eigi auðið að gjöra þetta fyrir 1200 kr.

Það hefir verið stungið upp á að hækka styrkinn til náttúrufræðisfjelagsins úr 400 kr. upp í 600 kr. Þetta getur verið mikið gott, en þá kemur sú spurning, hvort þetta geti komið að fullum notum, þar eð safnið vantar hús. Jeg skal í sambandi við þetta geta þess, að jeg hef í hyggju að koma með þingsályktunartillögu um, að stjórnin undirbúi til næsta þings uppdrætti og áætlanir yfir kostnað við að reisa hæfilegt hús fyrir söfnin, því að það eru fleiri söfn, sem líkt er ástatt með. Forngripasafnið er svo húsrúmslítið, að menn geta ekki komizt að að sjá það, ekki af því að þau herbergi sem það hefir sjeu svo ljót, heldur af því að húsrúmið er svo lítið. Jeg ætla alls ekki að tala um, hvort það sje rjett eða rangt af þinginu, að veita kand. Hannesi Þorsteinssyni styrk til að raða Landsskjalasafninu; en hitt vildi jeg taka fram, að það er alls ekki umtalsmál, að Landsbókasafnið taki nokkuð af því í húsrúm sitt; Landsbókasafnið þarf sjálft að fara að rýma svo til í þessu húsi, að það geti notað allt sitt húsrúm. Þannig verður það að taka til afnota þau 2 herbergi, sem það hefir ljeð Bókmenntafjelaginu; og þó það síðar fái herbergi Forngripasafnsins, þá er það að eins stundarfriður. Hæstv. landshöfðingi skýrði það svo vel, að heppilegast mundi vera að bíða með Landsskjalasafnið, þangað til húsrúm er fengið, og jeg þarf engu þar við að bæta. Hitt vona jeg að öllum sje ljóst, að hjer þarf að reisa hús, þar sem þessi söfn verði geymd. Annað ætla jeg svo ekki að tala að þessu sinni um það efni. Það hefir hjer verið talað um skáldalaun handa sjera Mattíasi; mjer er ekki ljóst, hvernig þetta nafn hefir komizt á gang; því að það er víst óvanalegt; jeg vil segja, að það mun vera eins dæmi, að fara að veita þeim manni skáldalaun, sem er í embætti. Í annan stað, þá höfum við nóg skáld — við sjáum það bezt núna, — og við höfum þau skáld, sem fullt eins vel eiga skilið að fá skáldalaun og síra Matthías Jochumsson; jeg segi þetta alls eigi til að gjöra lítið úr sjera

Matthíasi, en með því að fara að veita honum skáldalaun, get jeg ekki greitt atkvæði.

Jeg skal svo ekki tefja menn meir að sinni, en jeg kann að koma aptur, ef mjer þykir ástæða til þess.

Björn Bjarnarson: Þótt breyt.till. mínar sjeu ekki svo fáar, þá er máske ekki vert að vera mjög margorður um þær. Sumar hafa þegar fengið sinn dóm, enda bjóst jeg við, að til lítils væri, að skjóta sumum þeirra til æðra dóms, enda hefi jeg borið þær sumar fram án þess að búast við, að það yrði til annars en til þess, að vekja athygli manna á því, er þær fara fram á að breyta. Venjan getur gert sumt það að gildri reglu, sem í sjálfu sjer er óhæfa.

Hvað viðvíkur þeirri tillögunni, að færðar sjeu niður ölmusur við prestaskólann og læknaskólann, þá vil jeg benda á það, að jeg ætla að slíkar ölmusuveitingar hafi spillandi áhrif á hugi nemendanna á skólum þessum. Það má næstum segja, að þessir menn sjeu bornir á ölmusuörmum frá fermingunni til grafarinnar. Í skólunum er þeim haldið uppi á ölmusum og öðrum styrkveitingum, og á efri árunum á eptirlaunum. Þeir venjast því þegar í æsku við þá von og trú, að þeir geti alltaf lifað á gjafafje án allrar fyrirhafnar.

Jeg held, að það væri hollara, að láta þá sjálfa ryðja sjer braut, láta þá sjálfa vinna og berjast áfram, enda er það margreynt, að þeir menn verða beztir, duglegastir, seigastir og þjóðinni þarfastir, er þannig hafa mátt vinna fyrir menntun sinni. Auk þess eru, eins og nú stendur, fáir, sem sækja að þessum skólum, svo að það er óþarfi, að gera ráð fyrir svo mörgum ölmusum, sem hjer er gert. Við annan þessara skóla er jafnvel farið fram á fleiri húsaleigustyrki en von er til, að lærisveinar verði næsta ár. Jeg hefi annars ekki tarið fram á, að fækkað sje ölmusum frá því, sem fjárlaganefndin hefir lagt til, því að það getur verið þörf á og sanngjarnt að veita nokkurn styrk fátækum, efnilegum piltum. En jeg álít ekki nauðsynlegt að hafa hann svo háan. Raunar hefir þessum styrkveitingum stundum verið svo varið, að það hefir vakið megna óánægju hjá þeim, sem hafa veitt því athygli.

Þá koma ölmusuveitingarnar við latínuskólann. Jeg hefi ekki farið fram á, að fjárupphæð þeirri, er fjárlaganefndin hefir lagt til, sje breytt, en einungis það, að aðeins nokkur hluti hennar sje veittur sem ölmusur, en hinn (2000 kr. árl.) sem verðlaun. Jeg held, að það hefði betri áhrif á nemendur, ef þeir þurfa dálítið að leggja á sig til þess að ná í fjárstyrkinn; en ölmusuna fá þeir hjer um bil undantekningarlaust, ef þeir standa sig ekki mjög illa; ætlast jeg til, að landsstjórnin skipi fyrir um eða gefi út reglur fyrir verðlaunaveitingunum, eptir tillögum kennaranna og stiptsyfirvaldanna. En það er eru dæmi þess frá síðari árum, að sonum stórefnabænda hefir verið veitt heil ölmusa gegnum næstum allan skólann, og sama má segja um efnaðra embættismanna og kaupmanna sonu, þannig að þeir fá allt að því 1 krónu á dag úr landssjóði allan þann tíma er þeir stunda námið. Mjer getur ekki dulizt, að ef þessari breytingu væri komið á, í þessa stefnu, þá mundi það hafa góðar afleiðingar.

Jeg hefi komið fram með till. um að lækka laun 2 tímakennara við latínuskólann, nefnilega leikfimiskennarans og söngkennarans. Mjer er kunnugt um, að störf þeirra eru ekki mikil; þeir hafa þau í hjáverkum; þeir geta báðir auk þess haft annað starf á hendi, sem

gefur þeim fullkomið uppeldi. Eins og nú stendur, er enginn skortur á söngkennurum; og þó að hinn núverandi söngkennari vildi ekki takast kennsluna á hendur fyrir það, sem hjer er farið fram á, þá eru ýmsir aðrir til, sem fúslega mundu vilja ganga að því, og það menn, sem vel mundu færir til þess, svo nægði.

Yfir höfuð álít jeg, að ýmsar útgjaldagreinir til lærða skólans, sem standa í þessari grein, sjeu óþarflega hátt settar, og mætti spara í ýmsu, jafnvel fleiru en jeg hefi farið fram á. Jeg vil taka til dæmis, að árlega eru veittar 1000 kr. til viðhalds á húsinu, utan og innan. Þetta er mikið fje. Jeg efast ekki um, að nokkurt fje þurfi ætíð til þessa að leggja, þó eptirlitið með meðferð þess væri betra en er, en jeg get samt ekki annað sjeð en að það mætti komast af með minna. Það hefir og opt verið talað um og mun almennt viðurkennt, að ekki sje eins drýgilega á haldið, þegar um þjóðfje er að gera, eins og fje einstakra manna. Þessar till. mínar fara allar í þá áttina, að spara, og býst jeg við, að það mætti verða án skaða fyrir kennsluna.

Þá hef jeg komið fram með breyt.-till., um að draga út nokkurn hluta þess styrks, sem veittur er í 13. gr. C. 6., til þess að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr, og til að safna til þjóðmenningarsögu Norðurlanda.

Jeg skal benda á það, að sá maður, sem fje þetta er ætlað, hefir notið styrks í 16 ár, og er nú upphæðin orðin samtals 9000 krónur; það er allálitlegt fje. En nú er þess að gæta, að eptir skýrslum hans sjálfs er þetta þjóðmenningarsögusafn ekki annað en »lausir seðlar«, sem að vísu »nema þúsundum«, og segir hann, að það mundi vera »fullkomið ársverk, að raða seðlunum«. Nú er svo til ætlazt, að hann haldi áfram myndasafninu. Þykir mjer nú auðsætt, að maður þessi geti ekki framkvæmt bæði þessi verk sama árið, eins og þó virðist ætlað, því hann mun þó ekki vera neinn yfirnáttúrlegur maður, og það því síður, sem hann fyrir nokkuð mörgum árum (11) er uppgefinn frá aðalstarfi sínu og hefir síðan haft full eptirlaun. Jeg get vel trúað því, að náttúrugripasafnið sje ekki svo lítið, því skýrslunum fylgir langur listi, þar sem hann ritar upp mesta urmul af latneskum orðum, þótt raunar sje það erfitt fyrir oss, hina ólærðu, að vita, hvort þetta eru nöfn á nokkrum dýrum eða jurtum. En þessi söfn hafa líka ekki kostað svo lítið, því árið

1878 eru veittar 200 kr. til náttúrugr.safns
1879 — — 200 — — —
1880 — — 200 — — —
1881 — — 200 — — —
1882 — — 400 — — —
1883 — — 600 — — —

og til að safna til þjóðmenningarsögu Norðurlanda

1884 — — 600 — — —
1885 — — 600 — — —
1886 — — 600 — — —
1887 — — 600 — — —
1888 — — 800 — — —

og til spiritus- og áhaldakaupa til að varðveita gripina

1889 — — 800 — — —
1890 — — 800 — — —
1891 — — 800 — — —
1892 — — 800 — — —
1893 — — 800 — — —

í 16 ár samtals 9000 kr.

Jeg get alls ekki álitið, að þótt einhverjum manni hafi einhverntíma verið veittur styrkur til einhvers, að það sje þá sjálfsagt að halda því áfram, svo lengi sem sami maður lifir, eða vill taka á móti styrknum. Jeg veit að vísu, að söfn þessi eiga samkvæmt

skilyrðinu, að verða eign landsins. En sje nú safn þetta og seðlarnir allt óvátryggt, og engin trygging sett fyrir því, að það verði nokkurn tíma nokkur eign í því, þá virðist mjer nú hollast að láta hjer staðar numið, hvað seðlasafnið snertir, enda býst jeg ekki við, að það verði landinu nokkurn tíma til sældarauka.

Jeg hef ekki farið fram á, að hlutaðeigandi verði sviptur styrknum með öllu. Jeg vil lofa honum að halda styrknum til myndasafnsins, 400 krónum. Hann hefir þó dregið upp »sjálfsagt yfir 1000 myndir«, að því er hann segir sjálfur, til þess að »setja sig inn í mikroskopisk dýr«, og með þessu er ekki svo lítið sagt. Þó að hlutaðeigandi »vonist« til, að þessi skýrsla, er hann hefir sent, »sje nóg til þess að sannfæra þingið« um, að hann »hafi gjört sjer far um að stunda þessa hluti«, þá ætla jeg, að þingmenn hafi ekki nægilega ljósa hugmynd um, hvort fje því — hátt upp í 1000 kr. — er maður þessi fær árlega, er svo varið, að það geti orðið nokkurn tíma að nokkru liði fyrir þjóðina.

Því næst ætla jeg að víkja mjer að tölul. 91 og 92 á atkvæðaskránni, um skáldlaun handa sira Matthíasi Jochumssyni. Jeg verð að láta í ljósi það álit mitt, að mjer þykir kynlegt að veita embættismanni fje til þess að leggja stund á eitthvað það, sem er óskylt og óviðkomandi embættisstarfinu. Það er auðsætt, að meðan svo er, þá verður hann að hafa annaðhvort í hjáverkum. Hjer yrði því annaðhvort að vanrækja prestskaparstörfin eða skáldskaparlistina. En jeg vil ekkert hálfverk styrkja af þjóðfje. Þar að auki munu flestir samdóma um, að engin staða sje betur löguð til að hepta frjálsan anda skáldsins en einmitt prestsstaðan. Ef menn vilja veita þenna styrk, þá ætti sá maður, er hans verður aðnjótandi, að geta lifað alveg frí og frjáls, ætti að geta stundað náttúruna og gefið sig við skáldmenntinni af öllum huga og sál, ætti að geta helgað sig algjörlega stöðu sinni.

Jeg hefi raunar eigi farið fram á, að skáldlaunin væru sett hærri en 1500 krónur; hefi jeg gengið út frá því, að það er almennt viðurkennt, að það sje betra að fá nokkrum krónum minna úr landssjóði, heldur en að þurfa að smala tekjum sínum saman í ýmsum aurum frá söfnuðinum, eins og prestarnir verða að gera. Tekjur hlutaðeiganda eru að vísu eptir brauðamatinu hátt á nítjánda hundrað kr., en jeg ætla, að 1500 kr. úr landssjóði muni vera eins góð laun. Auk þess kynni höfundskapur skáldrita og því líkt að gefa honum nokkrar tekjur.

Það hefir verið minnzt á breyt.till. við 13. gr. B. 5. a. Þær hafa komið fram ekki færri en 3; fer ein fram á 300 króna, önnur á 500 kr. og hin þriðja á 700 króna hækkun á launum forstöðumanns stýrimannaskólans. Það er næst mjer að halda, að rjettast væri að láta laun þessi halda sjer, eins og þau voru sett fyrir fám árum. Jeg kann ekki við, að menn sjeu að sækja um viðbót undir eins og þeir hafa fengið eitthvert embætti. Þetta kemur fyrir því optar, því optar sem látið er eptir þess konar bænum. Þegar menn sækja um embættið, þá vita þeir fyrirfram, að hverju þeir ganga, svo að það er engin ástæða til að bæta við rjett á eptir, þótt þeir segist ekki geta komizt af með það, er þeir hafa beðið um og álitið sjer nóg rjett áður. Jeg væri ekki fjarri því að greiða atkvæði með tillögu meiri hluta nefndarinnar, að launin væru hækkuð um 300 krónur, ef jeg væri viss um, að það dygði að segja við beiðandann, eins og mæðurn-

ar segja stundum við góðu börnin sín: »Jeg skal gera það í þetta skiptið, með því móti, að þú biðjir mig aldrei um það optar«.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hefir komið fram með breyt.till. um, að veittur sje styrkur til þess að gefa út dansk-íslenzka orðabók; því get jeg engan veginn gefið atkvæði mitt; því fyrir utan það, að vjer höfum allgóða dansk-íslenzka orðabók, þá ætla jeg, að menn hafi svo góð tök á að læra dönsku nú á tímum, að óþarfi sje að fara að leggja fram fje úr landssjóði til nýrrar orðabókar í því máli.

Það er töluvert öðru máli að gegna um enskuna, enda munu allir játa, að heppilegast sje fyrir oss að auka fremur sambandið við Bretland, en draga úr sambandinu við Danskinn, hvað verzlun snertir.

Sami h. þm. hefir komið fram með breytingartill. um að veittur sje nokkur styrkur til kennslu heyrnar- og málleysingja, og getur að vísu nokkuð mælt með því, að styrkur þessi sje veittur. En sanngirniskröfurnar eru svo margar, að ómögulegt er að uppfylla þær allar; þess vegna getur það varla verið rjett, að ganga inn á slíkar bænir þegar þær koma fyrst fram, því þar af leiðir sömu sanngirniskröfu fyrir svo margá aðra, sem ekki er unnt að uppfylla. Það hafa þegar verið samþykktar svo margar breytingartill., að ef þessu er haldið áfram, er hætt við að til sjóðþurðar horfi. Fjárlaganefndin hefir ekki sjeð sjer fært, að mæla með styrk til sundlaugarinnar við Reykjavík. Að vísu er Rvík ekki vorkunn, fremur en öðrum hjeruðum landsins, að halda sjálf við sínum sundpolli, en það er nú hjer eins og víðar, að úr því eitthvað er byrjað að styrkja af landsfje, þá verður að halda áfram. Það er sjeð svo um, að gera ekki meira hvert fjárhagstímabilið en svo, að hætt sje við, að það sem búið er verði ónýtt, ef ekki er haldið áfram með styrkinn. Svo er nú með sundlaugina hjá Laugarnesi.

Það hafa verið hlaðnir þar upp bakkarnir, en botninn er óflórlagður og lækurinn rennur óhreinsaður gegn um laugina. Vatnið í henni er því eins og sortuskólp, sem viðbjóður er að steypa sjer ofan í, enda má segja að í lækinn, sem í laugina rennur, sje þvegið allskonar óþrifnaðarsafn bæjarins, og í þessum legi eiga svo uppvaxandi æskumenn og menntamannaefni landsins að laga og styrkja líkama sinn, og enda gleypa ofan í sig í andköfunum, sem viðvaningum opt hættir við. Ef á að nota þennan poll til baða, þá er full þörf á, að láta lækinn renna gegnum hreinsandi jarðlög, áður en hann fellur í laugina, svo það sje ekki lengur, ekki einungis viðbjóður öllum hreinlátum mönnum að steypa sjer í laugina, heldur jafnvel heilsuspillandi. Einnig væri óumflýjanlegt til að bæta úr þessu, að sundlaugin væri flórlögð í botninn. En það er vafasamt og enda ólíklegt að þetta verði gert, nema landssjóður leggi einu sinni enn fram fje til þess, jeg tek það upp aptur: einu sinni; mjer yrði vonandi ekki hætt við að greiða atkv. með því aptur, þó jeg ætti um það atkvæði.

Að mínu áliti mundu 8—10 hundruð vera nóg, og ef þetta er einu sinni almennilega gert, þá getur það varað töluvert lengi, og Reykvíkingum væri ekki vorkunn að halda lauginni við úr því.

Frá fjárlaganefndinni hefir komið fram breytingartill. um að veita 300 kr. til Goodtemplarafjelagsins, til þess að stofna nýjar stúkur. Önnur breyt.till. fer fram á 500 kr. Þetta fjelag er að mínu áliti einna þarfasta fjelagið á

landinu, og því fje mundi alls ekki illa varið, er væri veitt fjelagi þessu, og mun jeg aðhyllast tillöguna, eins og hún er frá h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.).

Fjárlaganefndin hefir lagt til, að veitt sje fje einum af þeim mönnum, er beðið hafa um styrk til þess að leggja stund á verklega iðn, nfl. Skúla Skúlasyni. Jeg vil engan dóm leggja á þetta, en svo mikið vil jeg segja, að úr því ein bænin er tekin til greina af svo mörgum sem líkt er ástatt með, þá mun það á aðra hliðina vekja megna óánægju, og á hinn bóginn gefa mönnum undir fótinn, með að halda áfram að senda slíkar bænir til þingsins, svo að á næsta þingi megi búast við 100 slíkum bænum. Jeg held, að eina ráðið til þess að venja menn af þessu bænanauði sje, að taka enga þeirra til greina. Það er hvort sem er ómögulegt að hjálpa öllum, og má því til að sleppa þeim, þótt máske kunni ýmislegt að mæla með því, að styrkja einstaka menn.

Jeg get t. d. borið annan mann, sem jeg þekki, saman við þennan, og sem jeg veit, að í sinni grein er álika verður og þessi, nema ef vera skyldi sá munurinn, að iðn Skúla getur aldrei komið Íslandi að notum.

Jeg man ekki betur, en að ein af bænarskrám þeim, er komið hafa til fjárlaganefndarinnar, hafi verið frá manni, sem sókti um styrk til að læra Xylografi og Lithografi. Svo mikið er víst, að það gæti komið landinu að liði; því að það er allt af að færast í vöxt að prenta myndir í bækur og tímarit, og er það bæði gagn og gaman, og efast jeg ekki um, að þeim sem mestar mætur hafa á öllu hina forna, þætti mikið í varið að eiga myndir af vorum merkustu og helztu sögumönnum frá liðnum öldum, og mundu eptirkomendur vorir eins verða oss þakklátir, ef nú væri farið að vernda myndir slíkra manna frá glötun. En enginn hefir samt tekið þessa fjárbón upp á breytingartill., og þó er vöntun á myndagjörðamanni talsverð vöntun, þar sem prentun bóka er orðin góð hjá oss að öðru leyti.

Jeg segi þetta ekki af því, að jeg sje að mæla með því, að styrkur þessi sje veittur; jeg sje mjer það ekki fært; en það er af því, að jeg er á móti öllum þessum »bitlingum».

Það er af sömu orsök, að jeg er á móti styrknum, er 2 ekkjur og 1 ekkill hafa sókt um, og búið er að koma með sem breytingartill. við frumv. Jeg þekki svo ákaflega margar ekkjur og ekkla, sem hafa verið sómi stjettar sinnar, og nú stendur svo á fyrir, að eru styrks þurfi. Það er ekki mögulegt að hjálpa öllum þurfalingum. Það mundi fara að líta svo út, sem þingið ætlaði að fara að gera landssjóðinn að nokkurs konar fátækrasjóði, ef það ætlar að taka menn upp á arma hans að eins sökum þess, að þeir ekki eru sjálfbjarga.

Jeg þekki líka margar konur, sem hafa verið mönnum sínum engu síður til aðstoðar og ljett þeim lífsstarf þeirra, en þessi háttvirta frú, sem hjer er um að ræða, að njóta skuli manns síns.

Jeg skal nú ekki þreyta h. deild með því að minnast á fleira að sinni. En jeg verð að lýsa því yfir, eins og h. 1. þm. Eyf., framsögumaður nefndarinnar, að jeg geri mjer góða von um, að breytingartill. minar nái fram að ganga. Því þótt h. framsögum. sje á móti þeim, þá er það ekki svo óyggjandi vottur um að þær muni falla. Því þegar meiri hluti fjárlaganefndarinnar, og þar með allir virðingamenn hennar, h. framsögum. meðtalinn, greiðir atkvæði móti sínum eigin tillögum, þá er það ekki óhugsanlegt, að fjár-

laganefndin greiði atkvæði með þessum till. mínum, þó þær hafi ekki þóknazt augum h. framsögumanns.

Annars eru mótmælin opt þannig löguð, að þau vinna þvert á móti tilganginum, eins og h. framsögumanni fór í gær.

Önnur eins aðferð og hann þá hafði í frammi við mig er hin bezta aðferð til þess, að sanna málstað þess, sem annars á hlut að máli. (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.: Það sýndi atkvæðagreiðslan í gær!).

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla mjer ekki að fara rekja allar þær breytingartill., er fram hafa komið við þennan kafla fjárlaganna, enda væri það ókleyft verk. Jeg skal að eins víkja orðum að örfáum þeirra. Skal jeg þá fyrst minnast á 80. breytingartill. á atkvæðaskránni, að í stað þess sem h. fjárlaganefnd vill setja það skilyrði, fyrir fjárveitingu til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn, að hún geti út 24 arkir af fornbrjefasafninu á ári, þá sje henni gert að skilyrði, að gefa út 25 arkir árlega. Þessi breyting hefir í sjálfu sjer litla þýðingu, enda lýsti h. framsögum. (J. J.), því yfir, að hann væri ekki á móti henni. Jeg skal geta þess, að hún er að nokkru leyti miðuð við 87. tölulið, þar sem farið er fram á að útgefanda fornbrjefasafnsins sjeu veittar 1000 kr. á ári, og að styrkurinn megi ekki fara fram úr 40 kr. fyrir hverja prentaða örk. Undir tölulið 90 er tillaga, sem fer fram á að styrkurinn til að rita Íslandssögu sje bundinn þeim skilyrðum, að ritið sje á íslenzku, og að út sjeu gefnar af því að minnsta kosti 24 arkir á fjárhagstímabilinu. H. framsögum. (J. J.) tók það fram, að fjárlaganefndin mundi ekki hafa á móti fyrri hluta tillögunnar, nfl. að ritið sje á íslenzku. Það sem vakti lauslega fyrir mjer þegar jeg samdi þennan hluta tillögunnar, var, að jeg hefi heyrt — án þess þó jeg viti fullar sönnur á því —, að hlutaðeigandi maður njóti styrks annarsstaðar frá, og að sá styrkur sje veittur með því skilyrði, að hann riti á dönsku. En jeg býst við, að upplýsingar muni koma fram um þetta við umræðurnar, og mun jeg haga atkv.-greiðslu minni eptir þeim. Að því er snertir síðari hluta tillögunnar, að 24 arkir skuli gefnar út af ritinu á fjárhagstímabilinu, þá stafar hún af einu atriði í athugasemdum stjórnarinnar við fjárlagafrumv. Þessi athugasemd er á 35. bls. í stjórnarfrumv. Í henni segir svo, að cand. mag. Bogi Melsteð hafi um leið og hann sótti um framhaldsstyrk til að rita sögu Íslands, skýrt frá því, að hann sje búinn að safna verkefni til verzlunarsögu Íslands á þjóðveldistímanum, og sje nú að semja hana, og að hann hafi hins vegar safnað verkefni til sögu landsins á landnáms- og söguöldinni, og til ýmsra kafla hennar til loka 13. aldar, einkum rjettarfarssögunnar og stjórnmálasögunnar.

Ef svo stæði nú á, að hægt væri að framkvæma það sem á breytingartill. stendur, að gefa út á fjárhagstímabilinu 24 ark. af sögu Íslands, þá væri það æskilegt, því að það væri mikils virði, að einmitt sá kafli Íslandssögu, sem hjer ræðir um, kæmi sem fyrst út. Auk þess finnst mjer eðlilegt, þar sem því verður komið við, að hver landssjóðsstyrkur geti borið einhvern sýnilegan árangur. En að jeg kom ekki með breytingartill. um þjóðmenningarsöguna, kom til af því, að jeg álít hinn hlutann af starfi Benidikts Gröndals, myndaverkið, svo mikils virði, að þótt hann starfaði ekki að öðru en því, þá væri styrknum til hans eigi að síður vel varið.

Þá skal jeg að eins minnast lauslega

á aðrar breyt.till., og snúa mjer fyrst að breyt.till. h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) við tölulið 97. um, að herra Tryggva Gunnarssyni sjeu borgaðar 5000 kr. fyrir aukastörf hans við Ölfusárbrúna. Það kom fram í umræðunum, og sjerstaklega tók hæstv. landshöfðingi það ítarlega fram, að þessi krafa væri þannig löguð, að sjálfsagt væri að taka hana til greina, þegar búið væri að fella aptan af henni þau orð, er h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) hafði góð orð um að stryka út, þau orð: »og skaða þann, sem hann hefir beðið af brúargjörðinni«. Jeg get tekið í þann strenginn að hjer sje ekki um neina náðargjöf að ræða frá þings hálfu, en að það sem hjer er farið fram á sje svo lagað, að nærri fari að það geti heitið rjettmæt krafa, þótt nú eptir að brúin hefir verið afhent fyrir all-löngum tíma, geti orðið nokkuð erfitt að færa lagasönnun fyrir, að það sem herra Tryggvi Gunnarsson vann fram yfir umsamið verk hafi verið svo nauðsynlegt, að brúin hefði ekki getað staðið án þess. Þá skal jeg minnast á 102. breyt.till., að til ekkjunnar Ólínu Vigfússon komi: 160 kr. í staðinn fyrir að nefndin leggur til að henni sjeu veittar 100 kr. á ári. Það sem vakti fyrir mjer með að koma með þessa breyt.till. var, að jeg álít að hún geti alls eigi lifað fyrir minna en 25 kr. um mánuðinn eða 300 kr. á ári, en nú liggja upplýsingar fyrir að hún hafi 140 kr. annarsstaðar frá, svo að fái hún það sem jeg fer fram á, þá fær hún alls 300 kr. á ári. H. þm. Dal. (J. P.) hefir komið með þá tillögu að ekkju þessari yrðu veittar 200 á ári, en hann hefir leyft mjer að geta þess að tilgangur sinn hefði verið hinn sami og minn, að hlutast til um að hún fengi 300 kr. á ári, og mundi hann því taka tillögu sína aptur, er hann sæi að mín tillaga næði þeim tilgangi; vona jeg að breyt.till. mín mæti ekki mótstöðu hjá h. deild.

Jeg er h. framsögum. (J. J.) þakklátur fyrir, hvernig hann tók í breyt.till. þá, sem jeg er aðallega riðinn við, þótt nafn mitt standi ekki fyrst á henni; það er breyt.till. 93. um 500 kr. styrk til eflingar bindindis og útbreiðslu bindindisrita. Það sem jeg legg hjer mesta áherzluna á, er, hvernig styrkveitingin er orðuð, því jeg er ekki samdóma h. framsögum. (J. J.) og h. fjárlaganefnd um það, að styrknum sje heppilegast varið til þess að stofna nýjar stúkur, og til þess að senda menn út um einstök hjeruð, til þess að flytja þar munnlega fyrirlestra um bindindi. Jeg þykist hafa þá reynslu, að þetta eittsaman sje ekki affarasælt. Jeg hefi átt að heita formaður fjelags þessa í 3—4 ár, og ætti mjer á þeim tíma að hafa gefizt nokkur kostur á að komast að raun um, hver grein starfa þess líklegust væri til að bera mestan árangur. Nú fyrir tveim árum hefir annar maður tekið við yfirstjórn fjelagsins hjer á landi, og skal jeg með leyfi h. forseta lesa upp kafla um þetta atriði úr skýrslu þessa manns, er hann gaf á fundi stórstúku Íslands, þeim er haldinn var í Reykjavík 24.—27. júní í ár. Hann segir svo: »Útbreiðsla reglunnar eða bindindis hjer á landi með regluboða eða bindindisboða mun ætíð reynast örðug, kostnaðarsöm og ljettvæg. Kemur þetta sumpart til af því, að ferðalög hjer á landi eru mjög kostnaðarsöm, sumpart af hinu, og það öllu fremur, að ógjörningur má heita að ferðast hjer á landi, svo nokkru nemi, nema á sumrum, en um þann tíma árs hefir reynzt mjög örðugt, ef ekki ómögulegt, að ná mönnum saman á fundi«. Jeg efast um, að þeim 240 kr., sem til þessa hefir verið varið af hendi fjelagsins á síðasta ári, hafi ver-

ið hyggilega varið. Síðar í skýrslunni stendur þetta: »Önnur útbreiðsla bindindis, sem bæði er sjálfsögð og góð, er með blöðum og ritum«. Enn fremur er það tekið fram í skýrslu þessari, að það tefji mjög fyrir bindinu, hversu bindindismenn og almenningar yfir höfuð er illa að sjer í bindindismálinu og allri þeirri fræði, er að því lýtur, og er útgáfa alþýðlegrar fræðibókar um það efni talin munu kippa þessu bezt í lið-inn. Jeg skal geta þess, að fjelag þetta hefir nú um 7 ár haldið út tímariti og nú seinni árin varið til útgáfu þess 2—300 kr. á ári. Jeg veit til þess, að það hefir haft mikil áhrif í ýmsum hjeruðum, en að sjálfsögðu hefir það ekki getað haft áhrif þar, sem það hefir ekki náð útbreiðslu. Eptir langri reynslu minni og annara þori jeg að fullyrða, að útbreiðsla bindindis með bindindisritum sje hin bezta og happasælasta útbreiðsla þess hjer á landi, en þó með þeim stuðningi, að þar sem stúkur hafa verið stofnaðar, en er farið að hnigna aptur, að þangað sjeu sendir menn til að rjetta þær við. En að senda út eiginlega bindindispostula mun jafnan koma að minna haldi. H. framsögum. (J. J.) benti á mig sem vel kjörinn til slíks starfa, en jeg skal ganga lengra og benda á sjálfan hann; þótt hann hefði sömu þekkingu á bindindismálinu og sömu reynslu í því og jeg þykist hafa, þá er jeg hræddur um, að þrátt fyrir hans miklu hæfileika mundi verða lítill árangur af prjedikunum hans. Jeg vildi því heldur óska að breyt.till. mín en nefndarinnar yrði samþykkt, ekki einungis af því, að hún fer fram á 200 kr. meiri fjárveitingu, heldur einkum af því, að hún er rýmri skilyrðum bundin.

Jeg skal benda á, að eigi er sótt um styrk þennan af því, að fjelag það, er hans á að njóta, sje á neinni fjárhagslegri heljarþröm, heldur til þess að það geti víkkað starfsvið sitt, stækkað tímarit sitt, og ef til vill gefið út alþýðleg rit um bindindismálið.

Til að sýna þetta með tölum, skal jeg skýra frá tekjum þess og meðlimatölu um nokkur undanfarin ár. Árið 1888 höfðu tveggja ára tekjur þess numið 1816 kr. 85 a. Tala fjelagsmanna var þá 833, af þeim 664 fullorðnir; 1889 voru tekjurnar fram undir 1200 kr. og fjelagatala 996 fullorðnir og 406 unglingar eða samtals 1402. 1891 höfðu tveggja ára tekjur verið 1957 kr. 30 a., en fjelagatala 949 fullorðir og 374 unglingar; þau ár hafði fjelagatalan lækkað lítið eitt. Eptir skýrslu þeirri er gefin var á stórstúkuþingi í vor, höfðu tekjur tveggja undanfarinna ára verið 1807 kr. 92 a., og átti fjelagið í sjóði hátt á 4. hundrað krónur; meðlimatala var alls 1. febr. 1893 1574, eða 1062 fullorðnir og 452 unglingar. Auk þessara 400 kr. er til annar sjóður, sem myndazt hefir af frjálsum samskotum; í hann hafa komið hjer um bil 700 kr., og honum hefir verið mest varið á sama hátt og h. fjárlaganefnd vill láta verja landssjóðstillaginu, það er að segja til þess að breiða munnlega út bindindi. Að öðru leyti skal jeg vísa til þingtíðinda stórstúkunnar, þau liggja frammi á lestrarsalnum, og þar geta h. deildarm. kynnt sjer þau.

Jeg ætla nú ekki að eyða orðum að því, að hve miklu leyti vert sje að styrkja málefni það, sem hjer ræðir um, því að jeg held engum blandist hugur um, hve mikilsvert það er fyrir fjárhag og siðferði þjóðarinnar, að hugur hennar hneigðist smám saman frá vín-nautn til bindindis.

Hjer er bæði um það að ræða, að bjarga þeim sem of langt eru leiddir út í drykkjuskapinn, og vernda hina,

sjerstaklega hina uppvaxandi kynslóð, frá því að komast á þá braut.

Jeg efast ekki um, að þeir sem hafa verið flutningsmenn að því, að styrkja mann til þess, að afla sjer fræðslu um lækning á bráðafári í sauðfje, að þeir hinir sömu muni og verða stuðningsmenn þessa máls, því að jeg veit, að menn muni varla geta verið í vafa um, hvort bráðafárið er háskalegra, bráðafárið í sauðfjenu eða drykkjuskaparbráðafárið í mannfólkinu.

Jón Þórarinsson: Jeg skal nú leyfa mjer að minnast á fáein atriði hjer, og til að villa eigi fyrir mönnum, mun jeg fylgja röðinni á atkvæðaskránni. Kem jeg þá fyrst að 57. tölulið; þar hef jeg leyft mjer að leggja til, að ölmusur við prestaskólann yrðu lækkaðar niður í 300 kr., en ekki 200 kr., eins og háttv. fjárlaganefnd hefur stungið upp á; hef jeg gjört það af því, að mjer þykir 200 kr. of lág upphæð. Hefði engin breyt.till. verið komin frá nefndarinnar hálfu, þá hefði mjer ekki heldur dottið í hug, að koma með breyt.till.; því að verði þörf á að brúka 600 krónur, af því að svo margir sæki að prestaskólanum, þá er gott að hafa þær, en þurfi þeirra ekki með, þá er auðsætt að þær muni verða sparaðar.

Þá kemur breyt.till. á tölul. 61. frá h. þm. Borgf. (B. B.); yfir höfuð mun jeg fara eins að með breyt.till. hans, eins og h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), og hvorki taka hart á honum nje þeim. Þó verð jeg að minnast á þessa breyt.till., af því að hún stendur að nokkru leyti í sambandi við breyt.till. h. fjárlaganefndar. Breyt.till. fer fram á, að taka 200 kr. af launum söngkennarans, og aðrar 200 kr. af launum fimleikakennarans, og örsökina til þessarar lækkunar kvað h. þm. Borgf. (B. B.) vera þá, að hægt væri að vinna verk þessi í hjáverkum. Þar sprakk blaðran; þetta eru þau orð, sem svo títt er að hafa, þegar um líkamlegt uppeldi æskulýðsins er að ræða, og lík hugsun virðist hafa vakað fyrir h. fjárlaganefnd, að því er til fimleikakennarans kemur. Við þetta tækifæri skal jeg votta h. stjórn þakklæti fyrir, að hún vill ekki skipa líkams-uppeldinu lægri sess en uppeldi andans. Með því að gjöra tilraun til að bæta líkamsuppeldi námsmanna vorra, viðurkennir hún, og það rjettilega, að sá er eigi nema hálfur maður, sem að eins eða mestmegnis hefur lagt stund á andans menntun eina saman eða líkams-uppeldi eitt. Þessi öld er einkanlega orlögð fyrir, að leggja rækt við líkams uppeldi, og kapps er kostað um, að innleiða og auka bæði fimleika og handvinnu í skólum hvervetna að heita má í löndum álfu vorrar.

Jeg held því fram og get ekki frá því vikið, af því að það er full sannfæring mín, að á meðan þetta er í niðurlæging í hinni stærstu menntastofnun lands vors, þá muni hún og sjálf verða í niðurlægingu, því að hverja þá menntastofnun vantar ákaflega mikið, sem líkams-uppeldi er vanrækt í.

Mjer kom það því ákaflega illa, er h. fjárlaganefnd virðist eigi að hafa skilið þessa nauðsyn, því að eigi er hægt fjeskorti við að berja; um svo mikla upphæð var ekki að ræða, og jeg get tekið undir með hæstv. landsh. að jeg vona, að þær 1000 kr., sem veita átti fimleikakennaranum til að framast í mennt sinni, hefðu borið eins mikinn árgangur eins og margar aðrar 1000 kr., sem á fjárlögunum eru veittar.

Jeg vildi óska, að þessi breyt.tillaga nefndarinnar yrði felld, en liðurinn í stjórnarfrumv. fengi að halda sjer.

Frá kennarafjelaginu kom ávarp, er

h. deild hefur átt kost á að kynna sjer; þar var látið í ljósi, að því þætti æskilegt, að skólaiðnaðar-kennsla kæmist á í latínuskólanum. Mjer sýnist nú tækifæri til að sameina hjer tvennt, og láta fimleika-kennarann um leið og hann fer utan til að kynna sjer fimleika, einnig nema skóla-iðnað. Að sjálfsögðu þyrfti þá að veita honum ríflegri styrk en 1000 kr., en þá styrkveiting ætti og að binda því skilyrði, að hann bæði lærði skóla-iðnað erlendis og tæki upp kennslu í honum við latínuskólann, þegar heim kæmi. Þessi tillaga hefur ekki fundið náð hjá h. fjárlaganefnd, og skal jeg að vísu ekki álasa henni fyrir það, því að hver verður að ráða sinni skoðun.

Á tölulið 93. ætla jeg að minnast á fáum orðum. H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) hefur talað svo skýrt og skörulega um fyrra atriði hans, að jeg þarf þar því engu við að bæta. En það er síðari hluti hans sem h. framsögum. (J. J.) gaf mjer tilefni til að minnast á; það er að segja á kaupin á húsi Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum. Hann gjörði þá fyrirspurn, því við flutningsmenn hefðum eigi sett borgunina hærra en 4000 kr., þar sem hann hefði sjeð annarsstaðar, að viðkomandi maður vildi fá 5000 kr. úr landssjóði fyrir húsið. Jeg get svarað h. framsögum. (J. J.), að við settum þá lægstu upphæð, sem við gerðum okkur nokkra von um, að húsið fengist fyrir; við fylgdum þar hinni fögru reglu, að spara.

Um 96. tölulið, styrkveiting til Nickolins tannlæknis, hef jeg það að segja, að jeg vona, að h. deild hugsi sig vel um, áður en hún hafnar henni. Það er ekki svo að skilja, að jeg haldi því til streytu, að styrkurinn sje settur 600 kr., því að satt að segja eru hjer komin upphaflega í ógáti þessi 600 kr. í stað 500 kr. Þó vildi jeg helzt óska, að hann fengi að halda þeim. Jeg veit, að mönnum er ljós nauðsyn á »specialista« í tannlækningum, og hjer á landi er nú enginn maður, sem hefir lært þær nema þessi eini; þegar vjer nú viljum flytja augnlækninn hingað, þá er það í fullu samræmi við það, að vjer styrkjum þennan mann, sem er viðurkenndur duglegur í sinni grein, svo að hann þurfi ekki að flytja burtu hjeðan.

Þá er loks að minnast á 97. tölulið eða borgunina til Tryggva Gunnarssonar fyrir það, sem hann hefur unnið fram yfir umsamið verk við Ölvesárbrúna. Það er ekki svo að skilja, að þörf sje á, að bæta við það sem hæstv. landsh. og h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) sögðu, um hið sennilega og sjálfsagða í því, að veita þessa upphæð. En jeg verð að taka undir með h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), að 5000 kr. sjeu lægri upphæð en vera ætti, og mundi jeg vera með því, ef hægt væri að hækka hana til 3. umr., því að hægt er að sýna fram á það með tölum, að 5000 kr. eru ekki helmingurinn af því, sem Tryggvi Gunnarsson ætti að rjettu lagi að fá, og jeg hef heyrt suma lögfræðinga segja, að hann mundi fá sjer dæmdar meir en 5000 kr., ef hann færi í mál, en það mun hann í síðustu lög gjöra.

Jeg hef tvisvar sinnum verið við brúna og kynnt mjer hana sem bezt, og þó jeg geti ekki nefnt tölur með fullri vissu á því, sem hann hefir unnið fram yfir samninga, þá get jeg þó fært til tölur, sem láta nærri rjettu lagi, að eins að þær munu fremur vera of lágar en of háar.

Í fyrsta lagi kostaði lenging brúarinnar fram yfir það sem um var samið um 2000 kr.

Í öðru lagi hækkun, ekki einungis á stöplunum, heldur og á veginum, um 3000 kr.

Í þriðja lagi vegur að brúnni eða landbrú, sem eptir teikningunni stóð til að væri að eins sniðskorinn vegur, en sem lá í augum uppi, að hefði ónýtzt þegar við fyrsta ísruðning; fyrir því tók sá, sem fyrir verkinu stóð, það fyrir, að byggja þar brú með stöpli undir, svo að ísinn gæti borizt þar undir; þaðan lagði hann svo veg á land upp; þetta hefur til samans kostað yfir 2000 kr. Þá kemur ísbrjótur sá sem hæstv. landsh. nefndi og ekki var á teikningunni; hann kostaði um 800 kr.

Auk þess er hægt að sýna það með skýrum reikningi, að 3600 kr. af hinum umsömdu 60000 krónum komu aldrei í höndur Tryggva Gunnarssonar. En mjer sýnist það ekki geta komið til mála, að brúarsmiðurinn borgi það, sem unnið hefði verið að undirbúningi undir brúargjörðina, áður en hann tók hana að sjer, og sem honum kom að engu haldi.

Jeg sleppi alveg úr þeim 5000 kr. sem hæstv. landsh. skýrði frá hvernig á stæði, og sem Tryggvi Gunnarsson, hvorki hefur fengið borgaðar nje mun fá borgaðar; en þá eru eptir 11600 kr. sem sýna má, að hann hefur borgað við brúarsmíðið fram yfir það, sem hann sem verkstjóri átti að borga, ef hann hefði byggt brúna eptir samningunum; svo að þótt farið sje fram á einar 5000 kr. til endurgjalds, þá er farið ákaflega vægilega í sakirnar.

Jeg hef eigi tekið þetta fram af því, að jeg beri kvíðboga fyrir, að upphæðin muni eigi verða veitt, heldur til að gefa glöggra yfirlit yfir upphæðir þær, sem hjer ræðir um, en nú gjört hefur verið.

Einar Jónsson: Jeg þarf ekki að afsaka það, að jeg hafi komið með margar breyt.till. við þetta frumv.; þær eru að eins tvær, nefnilega við búnaðarskólatillögin og við tillagið til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði. Hvorttveggja eru þarflegar stofnanir og ættu að styrkjast af landsfje með þeim upphæðum, sem nauðsynlegar eru. Breyt.till. við búnaðarskólatillögin hefir þegar verið felld og tjáir eigi að sakast um það. En hin tillagan liggur nú fyrir til umræðu, og vildi jeg óska, að hún yrði samþykkt. Jeg hef farið fram á 100 kr. hærra tillag til bókasafns austuramtsins en hinna bókasafnanna hvort árið, af því að það er að eins í byrjun og þarf því mest á styrk að halda, þar sem nauðsynlegt er að kaupa talsvert mikið af bókum, einmitt í byrjuninni, svo að sem flestir fáist strax til að nota safnið, því að við það fást hin árlegu tillög fleiri strax og tekjur safnsins verða meiri. En þar með er auðvitað ekki ætlazt til, að þetta safn fái hærri styrk en hin söfnin eptir þetta fjárhagstímabil.

Það er ein tegund af breyt.till., sem jeg ætla sjerstaklega að minnast á; það er um ölmusurnar til skólanna; þær breyt.till. fara allar í þá átt, að lækka ölmusurnar; en jeg verð að halla mjer að orðum hæstv. landshöfðingja, þegar jeg greiði atkvæði um þær tillögur. — Það er einkanlega ein breyt.till., sem jeg þarf að athuga nákvæmar, — það er 64. tölul. á atkvæðaskránni frá h. þm. Borgf. (B. B.), þar sem hann vill veita 2000 kr. til verðlauna við skólana, en þessi tillaga hlýtur að vera sprottin af misskilningi á ölmusunum; því veitingu ölmusanna er þannig hagað, að þær eru veittar að nokkru leyti sem verðlaun, en ekki einungis sem styrkur handa hinum fátækustu piltum. Þess vegna er fátækum piltum ekki veitt ölmusa, ef þeir sýna engan áhuga eða dugnað við nám sitt, heldur á hún

ið veitast þeim, sem bæði eru fátækir og góðir námspiltar, og þannig veitt að nokkru sem verðlaun. Aptur á móti er jeg samdóma h. þm. Borgf. (B. B.), að ölmusunum sje opt ekki rjettlátlega útbýtt; og ýmsir hafa opt hneykslazt á útbýtingu þeirra, og er jeg einn af þeim. Og til að sýna, að jeg hafi ástæðu fyrir orðum mínum og kasti þeim ekki út í bláinn, vil jeg taka til dæmi.

Haustið 1889 kom piltur af Austurlandi hingað til skólans, sonur fjelítils fjölskyldumanns. Hann stóð sig vel í skólanum, og við miðsvetrarprófið varð hann sá þriðji að ofan og var reglusamur og siðferðisgóður piltur, og fjekk þó ekki nema 50 kr. ölmusu; árið eptir stóð hann sig engu síður og hjelt sínu sæti, en fjekk þó ekki enn fulla ölmusu. En aptur á móti var samtíða honum annar piltur úr sama landsfjórðungi, sonur eins hins auðugasta bónda þar eystra, sem var að kaupa jarðir á meðan pilturinn var í skóla. Þessi piltur fjekk 200 kr. ölmusu á ári, og þó að hann væri að vísu mjög efnilegur, virðist þetta ekki rjett og stingur nokkuð í augun.

Í haust sem leið kom enn fátækur piltur til skólans að austan og settist í 3. bekk. Við miðsvetrarprófið varð hann 2. að ofan af 18 piltum, sem í bekknum voru, en ekki fjekk hann nema 75 kr. ölmusu. En beggja megin við hann sitja piltar, sem hvor um sig höfðu 200 kr. ölmusu, og þekkti jeg, að annar þeirra var sonur eins af hinum beztu bændum á Norðurlandi.

Þetta er nóg til að sýna, að hjer eru misfellur á. — Jeg veit að vísu, að það er álitið af mörgum rjett, að veita eigi piltunum háa ölmusu meðan þeir eru lítt reyndir, en jeg verð fyrir mitt leyti að álíta, að nægileg reynsla sje fengin á piltinum um miðsvetrarpróf fyrir það ár. Og hafi hann reynzt mjög vel til þess tíma, þá er full ástæða til að veita honum ríflegan styrk, ef hann er fátækur. Það getur verið mikil upphvatning fyrir piltana, og er einmitt tilgangurinn með ölmusurnar, að þær sjeu veittar þegar svo stendur á. — En þó að jeg hafi haft þessi ummæli, þá skal jeg vissulega játa, að engin von er til, að skólastjórnin geti verið nákunnug högum hvers einstaks pilts, og því eðlilegt, að hún geti farið skakkt í veitingunni, enda munu stundum vera villtar sjónir fyrir henni; en jeg sje t. a. m. ekki, hvers vegna þessum pilti, sem jeg tók til dæmis, voru ekki veittar 100—150 kr. eptir miðjan vetur, eða öðrum sem líkt stendur á með.

Aptur á móti virðist sjáltsagt, að taka ölmusu af þeim pilti, sem reynist illa þegar frá líður. Ef það sjest eptir 1 eða 2 ár, að hann hefir misst áhuga á náminu eða er orðinn óreglumaður, ætti ekki að styrkja hann lengur. Það þarf engin hefð að komast á ölmusurnar; þær eiga að eins að veitast meðan piltarnir eru þeirra maklegir. Yfir höfuð hallast jeg að því, að lækka ekki ölmusurnar við skólana, en jeg vil, að þær sjeu eingöngu veittar fjelausum eða fjelitlum og dugandi námsmönnum. Mjer sýnist engin hætta vera á því, þó að þær sjeu hafðar dálítið ríflegar, því góðri skólastjórn á að vera til þess trúandi, að veita þær ekki óverðugum piltum, því það er ekki meiningin, að ölmusunum sje öllum eytt framar en nauðsyn krefur.

Þá þarf jeg að drepa á breyt.till. á 93. tölul., þar sem talað er um að kaupa hús Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum, og get jeg ekki gefið þeirri tillögu atkvæði mitt. Það væri

meiri ástæða til að stækka skólahúsið sjálft, sem nú er orðið að sögn langt of lítið fyrir þá, sem sækja um skólann, og hefir heldur ekki neitt húsrúm til handa 2 kennurunum. Er það þó vissulega óheppilegt, að eigi geti að minnsta kosti annar kennarinn búið í því. Jeg vil því heldur hallast að því, að skólahúsið sje stækkað, heldur en kaupa hús af kennaranum.

Það hlýtur að vera ljett ályktun, að sjálfsagt sje að hafa húsið svo stórt, að ekki sje þrengt að piltum um of, en þegar aðsóknin er svo mikil, að að því rekur, eins og nú mun vera orðin raun á, sje jeg ekki betur en þurfi að stækka húsið.

Þá kemur breyt.till. við 94. tölul. á atkvæðaskránni, sem á að verða hinn 16. í 13. gr. C. um að veita 1000 kr til að semja skrá yfir pakkana í landsskjalasafninu, og get jeg verið samdóma hæstv. landshöfðingja í því, að þetta fje nægi ekki til þess; en um hitt get jeg ekki verið honum samdóma, að ekki sje þörf á að semja skrá yfir safnið og álít, að veita eigi nokkurn styrk til þess á ári hverju, og virðist þá sjálfsagt, að stjórnin hafi eptirlit með því, hvernig fje þessu sje varið, eins og öðru fje, sem veitt er í fjárlögunum, enda þótt stjórnin hafi eigi stungið upp á að fá það veitt. Það er mjög mikil nauðsyn á því, að safninu sje raðað niður, svo hægt sje að finna fljótt hvaðeina sem leitað er að. Það er nauðsynlegt fyrir alla, sem vilja nota safnið, t. d. fyrir þá, sem eitthvað eiga við að rita sögu landsins, og þótt gott húsrúm vanti, þá má raða því svo sæmilega niður, að gagn verði að, og sú röðun, sem framkvæmd er, sje jeg ekki að þurfi að verða ónýt síðar, þó því sje ekki öllu raðað niður í einu.

Að síðustu vil jeg lýsa því yfir, að jeg greiði fúslega atkvæði með 97. tölul. um að greiða 5000 kr. til Tryggva Gunnarssonar, því að hin mesta sanngirni er fyrir því.

Þórður Guðmundsson: Það vill svo vel til, að nafn mitt stendur ekki undir neinni af þeim breyt.till., sem standa hjer á atkvæðaskránni og nú eru til umræðu, enda er ekki skaði skeður, þó að jeg gangi undan. Nóg er um fjárbænirnar samt, og þótt allir hefðu haft sammæli um að veita sem minnst fje til bitlinga og óverulegra fyrirtækja, og þrátt fyrir það, þó hæstv. landshöfðingi hafi við umræðurnar tekið það fram, að sjóðþurð væri fyrirsjáanleg, þá ganga fjárbænirnar fram úr öllu hófi. Mjer þykir það annars undarlegt, að þetta skuli koma fyrir þing eptir þing, þar sem það liggur þó í augum uppi, að það er siðspillandi, að þingið gegni öllu þessu fjárbænakvabbi. Það er að eins einn þingm., sem hefir farið fram á, að lækka þessar upphæðir, sem um er beðið, og það er h. þm. Borgf. (B. B.), enda hefir hann ekki fundið mikla náð í augum manna hjer í deildinni. Jeg tek það fram, að jeg hneykslast á því, að ölmusur sjeu veittar embættismannasonum og ríkum bændasonum. Mjer þykir nóg af fjárbænunum, og margar þeirra ekki þess verðar, að gerð sje sjóðþurð þeirra vegna, svo að leggja þurfi á nýja skatta. Jeg tók það fram í ræðu minni í gær um 10.—12. gr., sem samþykkt var, að sumu því fje væri ekki vel varið, er þá var samþykkt að veita, og ef öll 13. gr. verð ur samþykkt, þá álít jeg fje landsins ekki vel varið. Jeg lýsi því yfir, að jeg greiði atkvæði grein fyrir grein móti öllum þeim fjárbænum, sem jeg sje, að ekki geta orðið landinu til heilla og framfara. — Jeg ímynda mjer, að þingm. sjái, að ekki dugar að eyða fje landsins svona. Jeg skal svo ekki orð-

lengja þetta meira, en þessi fáu orð hefi jeg talað af fullri alvöru.

Umr. frestað.

Tillaga til þingsályktunar um að setja nefnd til að rannsaka kærur út af embættisfærslu Lárusar K. Bjarnasonar setts sýslumanns og bæjarfógeta á Ísafirði o. fl. (C. 407); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþykkt.

Forseti gat þess, að nokkrir h. þingdm. hefðu óskað að geta fylgt heiðursbóndanum Kristni Magnússyni frá Engey til grafar, en jarðarför hans ætti að fara fram um hádegi daginn eptir, og til þess að h. þingdm. gætu fengið þessa ósk sína uppfyllta, vildi hann ákveða fund kl. 10 f. h. daginn eptir, og svo yrði gefið fundarhlje kl. 11½ f. h.

Þrítugasti og fjórði fundur, miðvikudag 9. ágúst kl. 10 f. hád. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að samkvæmt heimild þeirri er honum væri gefin í 34. gr. fundarskapalaganna, vildi hann breyta röðinni á dagskránni þannig, að fyrst komi til umræðu annað, þriðja og fjórða mál á dagskrá, og síðan fyrsta málið, framhald 2. umr. fjárlaganna. Kvaðst hann gera þetta, til að spara tímann.

Samkvæmt þessu var þá tekið fyrir 2. mál á dagskrá.

Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningunum 1890 og 1891 (C. 40); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. í einu hlj. og afgreitt síðan til efri deildar.

Frumvarp til fjáraukalaga 1890 og 1891 (C. 423); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. í einu hlj. og afgreitt til efri deildar.

Frumvarp til laga um afnám athugasemdar um lögdagslegging í stefnum (C. 198); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. í einu hlj. og afgreitt til efri deildar.

Þá var tekið fyrir 1. mál á dagskrá: *Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895* (C. 1, 344, 403, 449); frh. 2. umr.

Útgjaldabálkur fjárl. 13.—19. gr. (frh.)

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg ætla eigi að svo stöddu, að leitast við að svara öllum athugasemdum, sem komið hafa fram við till. nefndarinnar. Það geta máske komið einhverjar enn, og þá er betra að geyma það þangað til seinna; það kann ef til vill að spara tíma.

Að þessu sinni vildi jeg því að eins í fám orðum leyfa mjer að vekja athygli á því, í hvaða stefnu atkvæðagreiðslan þegar hefir farið, og að hverju hún muni stefna, eptir því sem allar horfur eru til.

Nefndin áleit sjer ekki fært að fara lengra en svo, að nálega stæði heima tekjur og útgjöld. Nú hefir svo farið við þá atkvæðagreiðslu, sem þegar hefir fram farið, að allt það sem nefndin hefir farið fram á að væri hækkað, hefir verið samþykkt, og ennfremur hafa verið samþykktar ýmsar fjárveitingar eptir tillögum einstakra þm., og nemur það, sem þegar hefir verið samþykkt til útgjaldahækkunar, eptir till. annara en nefndarinnar, alls 12 þús. og 500 kr. á fjárhagstímabilinu; það er 6000 til gufubáts með fram suðurströnd

landsins, 4000 til Björns augnalæknis Ólafssonar, 2000 til eins aukalæknis og 500 kr. til Sauðárkróks.

Verði hið sama ofan á, hvað síðustu atkvæðagreiðsluna snertir, að þær hækkanir sem nefndin hefir farið fram á verði samþykktar, en þær lækkanir sem hún fer fram á felldar, sem hætt er við, eptir því sem umræður hafa fallið, og enn fremur samþykktar flestar eða allar þær breyt.till. sem komið hafa frá einstökum þm., og sem eptir því sem mjer telst til, nema alls 18,800 kr., þá verður fyrirsjáanleg sjóðþurð á fjárhagstímabilinu, sem nemur að minnsta kosti 30—40 þúsundum króna. Jeg skal ekki fara að dæma það, hvort þetta sje heppilegt eða ekki, en jeg vildi aðeins benda á þetta, ef svo væri, að nokkrir h. þingdm. hefðu ekki veitt því eptirtekt. Það kann að vera, að h. þingdm. þyki sumar þessar breyt.till. svo áríðandi, að ekki sje í það horfandi, þó við það verði sjóðþurð nokkur, sem þá vitanlega gengur yfir á viðlagasjóð. Sem sagt, jeg skal ekki fara út í, hvað álit mitt sje í þessu efni, en vildi ekki láta hjá líða, að taka þetta fram til athugunar, áður en umræður ganga lengra, og atkvæðagreiðsla fer fram.

Jón Þorkelsson: Jeg er að vísu ríðinn við nokkrar breyt.till. sem liggja hjer fyrir, en ætla mjer samt ekki að tala mikið um þær, heldur eru það fáeinar aðrar till., sem jeg vildi leyfa mjer að fara um nokkrum orðum. Annars skal jeg strax geta þess, að mjer finnst, að sumir þm., sem annars vilja vera sparir á landsfje, hafi verið undarlega harðir í dómum sínum um till. h. þm. Borgf. (B. B.). Þeir ættu, að mjer finnst, að vera honum þakklátir fyrir handarvikið, án þess jeg segi þar með, að jeg sje honum samdóma, eða vilji aðhyllast tillögurnar.

Jeg rek mig þá hjer á tölulið 65 á atkv.skrá; þar leggur nefndin til, að fella burtu styrkveitinguna til fimleikakennarans. Mjer finnst það vera undarlegt að fara fram á þetta, þar sem nú er alstaðar að ryðja sjer til rúms sú stefna, að auka líkamsæfingar og fimleiki í skólum, svo ekki get jeg verið með þessu. Þá er það ein lækkun sem jeg get ekki verið meðmæltur, en það er við 13. gr. C. 5. í stjórnarfrv. til Forngripasafnsins; nefndin leggur þar til, að veittar sjeu 1200 kr. fyrra árið, í staðinn fyrir 800 kr. hvort árið í stjórnarfrumv., til þess að raða forngripum, setja á þá tölur, og semja skrá yfir. Þar að auki eru ætlaðar 400 kr. fyrir umsjón með safninu. Nú er svo ástatt, að mestur hluti safnsins er í kössum, óaðgengilegur fyrir alla. Prentuð skýrsla er engin til síðan 1881; og liggur því líklega nær allur helmingur safnsins í meiri eða minni óreiðu, því að undir stjórn Sigurðar Vigfússonar óx safnið unnvörpum, eins og menn vita, og er því ógjörningur að hafa þetta þannig framvegis; að halda að safninu verði komið í lag á einu ári, fyrir 1200 kr., er fjarstæða. Mjer er alveg óskiljanlegt yfir höfuð, hvernig nefndin hefir farið að hugsa sjer þetta. Jeg fyrir mitt leyti álít, að heppilegast væri að orða þetta þannig: »Fyrir umsjón með safninu 1200 kr. hvort árið«, og svo væri þeirri klausu bætt við, að umsjónarmanni væri gert að skyldu að raða safninu, skrásetja það, og gefa út skýrslu.

Þá verða fyrir mjer skáldlaunin til Matthíasar Jochumssonar. Mjer virðist annars, að nefndin hafi verið allmikið gefin fyrir, að skera niður fjárbeiðslur, en að hún skuli leggja þetta til, er því undarlegra, sem engin beiðni liggur fyrir frá síra Matthíasi sjálfum; hann hefir jafnvel þvert á móti í blaði lýst

því opinberlega yfir, að hann taki ekki við þessu fje. (*Nokkrir:* Með skilyrði!). Frá nefndinni er ekkert skilyrði, það er að eins í till. h. þm. Borgf. (B. B.). Jeg get ekki með neinu móti veri með þessari upphæð, því mjer finnst ekki eiga við, að fara að troða upp á þennan merkismann, því sem hann ekki vill þiggja.

Þá kem jeg að tölul. 90 á atkv.skrá, styrkveiting til Boga Th. Melsteds. Af því að hinn virðulegi 2. þm. Árn. (B. M.) hefir lagt alveg sjerlega rækt við styrkinn til Fornbrjefasafnsins, og að upplýsa um hann, má jeg vel gera honum þann greiða, að minnast dálítið á þennan tölulið. Af því, að vera má, að h. þm. sje ókunnugt um þetta efni að nokkru, skal jeg leyfa mjer að upplýsa, að hann mun hafa annan eins styrk frá kirkju- og kennslumálastjórninni dönsku. Hvað styrknum viðvíkur, þá er jeg með því, að honum sje veittur hann, en með þeim skilyrðum, sem breyt.till. fer fram á, en það er, að út komi 24 arkir á fjárhagstímabilinu. Maðurinn fær til þess 1200 kr. á ári, eða 2400 kr. á fjárhagstímabilinu, en það er 100 kr. í ritlaun á örkina, og ætti það að vera sæmileg ritlaun fyrir manninn. Hitt legg jeg mjög mikla áherzlu á, að hann riti á íslenzku, því mjer er kunnugt, að styrkurinn úr ríkissjóði Dana er honum veittur með því skilyrði, að hann riti á dönsku. Kirkjumálastjórnin ritaði fjárlaganefnd ríkisdagsins 23. nóv. 1891 um styrkinn, og svaraði nefndin því svo: »Forslaget tiltrædes i den Forudsætning, at Bogen udgives med dansk Tekst«. (Ríkisdagstíðindi 1891—92. Tillæg B bls. 350).

Þá er tölul. 94 á atkv.skrá, að kand. Hannesi Þorsteinssyni sjeu veittar 1000 kr. fyrra árið til að raða niður og semja skrá yfir pakkana í landsskjalasafninu.

Jeg er samdóma hæstv. landshöfðingja um það, að þetta fje er allsendis ónógt til þess að nokkurt verulegt lag geti komist á safnið, en um hitt er jeg alls ekki samþykkur þeim hæstv. landshöfðingja, sem nú talaði hjer við þessa umr., um það, að engin nauðsyn væri á að raða skjölunum, nú meðan safnið hefði ekki betra húsrúm, því að hvað það snertir, er jeg samdóma hæstv. landshöfðingja, sem talaði hjer á þingi 1887, og hinum háttv. núverandi 5. konungkjörna þm., sem gat þess, að safnið væri bæði stórt og merkilegt, og að í því væri ekki færri en 84,600 brjef meðal annars. Þeim hæstv. landshöfðingja fórust þá svo orð (það er á bls. 1269 B-deild Alþ.tíð.): »Jeg er fullkomlega samdóma því, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) talaði um 8. tölul. 16. gr., því jeg álít það mjög þarflegt fyrir sögu landsins, að samin sje skrá yfir skjalasafn stiptamtsins« — jeg verð að biðja menn vel að aðgæta, að þetta sem hjer er talað, á aðeins við stiptsafnið; er það aðeins einn partur af landsskjalasafninu, — »því til þess, að greiður aðgangur geti verið að þeim fróðleik, sem safnið felur í sjer, þarf að vera til skrá yfir það. Auk þess, sem h. þm. Borgf. (Gr. Th.) nefndi, að væri fræðandi í þessu safni, skal jeg benda á, að þar er að finna margt fróðlegt um hinar svokölluðu »Innrjettingar«, sem hlýtur að vera merkilegt fyrir sögu landsins«.

Þetta eru orð hæstv. landshöfðingja þá, og finnst mjer rjett að tilfæra þau, því jeg get ímyndað mjer, að hæstv. landshöfðingi hafi ef til vill gleymt þeim. Annars er það ekki tilgangur minn, að vilja kýta við hann eða aðra um það, hvernig semja eigi skrá yfir safnið. Jeg álít, að það sjeu að eins 2 vegir til. Annar er sá, að skrásetja skjölin í safninu holt og bolt eins og

þau liggja fyrir, og semja síðan registur yfir skrána eptir stafrofsröð, og var þetta sú, sem fyrst var viðhöfð, af þeim manni, sem fjekkst við safnið þá. Hinn er sá, að gjöra skrá yfir það eptir efni og geta þess við, hvar hvert skjal sje að finna, og þeirri aðferð fylgir Hannes Þorsteinsson; hún hefur þann kost, að þá þarf ekki að semja skrána nema einu sinni, þar sem hin hefur nokkurn tvíverknað í för með sjer. Það kann vel að vera, að þetta verk vinnist seint, en það er betra að svo sje, ef það er vel gjört, því um það er mest vert, og ef þetta er svo mikið verk, sem hæstv. landshöfðingi skýrir frá, og sem jeg reyndar ekki efast um, þá væri betra að setja fastan mann við safnið. Það er vitanlegt, að safnið er á óhentugum stað og hefir lítið húsrúm, en húsrúm þess var ekki betra 1887, því það var á sama stað.

Með forngripasafnið er nær eins ástatt, og ef það er álitið nauðsynlegt, að semja skrá yfir það, þá ætti sama að gilda um landsskjalasafnið; bæði söfnin hafa óviðunlegt húsrúm.

Viðvíkjandi þeim manni, sem hefur gefið kost á sjer til þessa starfa við landsskjalasafnið, þá er enginn vafi á, að hann er vel til þess fallinn, vel að sjer í sögu landsins og vanur slíkum störfum, enda líklega sá færasti til þess, af þeim sem föng eru á.

Þá vildi jeg geta þess í sambandi við styrkinn til síra Matthíasar Jochumssonar, að það er annar maður sem sótt hefir til þingsins um 1200 kr. styrk á ári til ritstarfa, og munu allir þingdeildarmenn, sem vit hafa á, játa að hann sje eitt af okkar beztu skáldum og lang-bezt sagnaskáld nú á íslenzka tungu. Maðurinn er cand. Einar Hjörleifsson í Winnipeg. Í stað þess nú að sinna þessu, þá hefir hann verið hrakinn og óvirtur fyrir þá ofdirfsku, að leyfa sjer að sækja. (*Sk. Th.:* Langt frá). Einn af h. fjárlaganefndarmönnum, sem jafnframt er ritstjóri, hefur orðið til þess að setja í blað sitt greinarkorn um beiðni hans, sem ekki getur skilizt öðru vísi en svo, að þetta eigi að vera honum til óvirðingar. Mjer finnst það nóg, að menn sinni ekki beiðni manna, þó þeir þar á ofan sje ekki svívirtir og hraktir.

Þá hefur nokkrum þótt ástæða til að veita Nickolin þessum styrk, en eins og jeg veik á fyrir nokkru, þá finnst mjer okkur liggja nær, að arta upp á okkar eigið fólk, enda eru nú sem stendur nógir ungir læknar á lausum kili, sem vel mætti styrkja til þess að nema tannlækningar, heldur en að vera að þarflausu að sækja, ef til vill, misjafna menn til annara landa, til að veita þeim styrk.

Jeg skal ekki fara langt út í að tala um tölulið 97. á atkvæðaskránni, sem er fjárveitingin til Tryggva Gunnarssonar. Það er búið tala svo mikið um hann; einungis finn jeg ástæðu til að geta þess, að mjer finnst h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) ekki hafa farið fram á, að veita eins mikla upphæð og ástæða var til, og mundi jeg því gjarnan samlaga mig við aðra þingm. um, að koma með breytingartill. í þá átt til 3. umr.

Landshöfðingi: Jeg ætla mjer að eins að svara h. þingm., sem nú settist niður, fáeinum orðum. H. þm. Snæf. (J. Þork.) finnst, að jeg í gær hafi talað allt annað en á þingi 1887, að því er snertir niðurröðun og skrásetning landsskjalasafnsins; en einmitt með því, að lesa upp þennan kafla úr ræðu minni frá 1887, hefur hann sýnt og sannað, að það er engin ósamkvæmni hjá mjer í þessu. Jeg tók fram í gær, hvað landsskjalasafnið væri, og að 1000 kr.

væru ekki nein borgun fyrir að skrásetja það allt og koma því í röð og reglu, því að til þess þyrfti heilan mannsaldur, ef ekki meir.

Aptur var það að eins stiptsskjalasafnið, sem jeg talaði um 1887, og það er að eins lítill hluti af landsskjalasafninu í heild sinni. Það sem jeg helzt átti við þá, var þó að eins nokkur partur þessa safns eða skjölin frá 17. og 18. öldinni, sem rannsaka þyrfti, en nú hefur sá, sem þessi starfi var falinn, tekið fyrir árin frá 1803—1820, en það álít jeg ekki svo nauðsynlegt í bráð. En ef ætti að semja skrá yfir allt safnið, þá mundi það ekki kleyft, nema eins og h. þm. Snæf. (J. Þork.) tók fram, að fastur maður væri skipaður við safnið, og ætti það þá líklega að vera sjerstakt embætti, sem þá gæfi einnig rjett til eptirlauna.

Sighvatur Árnason: Jeg vil eigi tefja mikið umræðurnar, og skal jeg því eigi vera margorður; mun jeg að eins víkja orðum mínum að 2. eða 3. tölul. á atkvæðaskránni, og er þá fyrst tölul. 100., um 200 króna styrk til ekkjufrúar Torfhildar Holm.

H. framsögum. (J. J.) fór svo vægum orðum um þetta atriði, að jeg vona, að nefndin verði þessu samþykk, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur. Þess utan er það kunnugt, að hún er víðfræg af ritum sinum, sem eru merkileg á mjög margan hátt, og gagnsöm og siðbætandi, bæði fyrir eldri og yngri, einkum þó fyrir æskulýðinn, þar eð þau all-flest ganga út á, að innræta honum gott og kristilegt siðferði. (*Björn Bjarnarson*: Það gjörir lærdómskverið líka!). Þetta er líka hin eina kona á landinu, er fæst við ritstörf, sem er mikils metandi. Þessari sömu konu voru á þinginu 1891 veittar 500 krónur hvort árið, og sýndist mjer rjettast, að hverfa ekki alfarið frá því nú. En h. fjárlaganefnd hefur eigi lagt til, að styrkur þessi verði veittur, og hefi jeg því farið meðalveginn og stungið upp á, að henni væru veittar að eins 200 krónur hvort árið sem ekkjustyrk, af því að jeg hjelt, að það mundi heldur ná fram að ganga, í samræmi við það, sem þingið gjörði í hitt eð fyrra, og sýndur væri einhver litur á því, að styrkja þessa konu, er varið hefur tíma sínum og fje til þess, að gefa út nytsamar og góðar bækur. Jeg skal ekki fara fleirum orðum um þetta atriði, en vona, að h. þingd.m. vilji sýna þessari heiðursverðu ekkju þennan sóma.

Þá skal jeg minnast fáum orðum á staflið 103., um 100 kr. styrk hvort árið til Jóns Halldórssonar frá Búrfelli.

H. framsögumaður (J. J.) gat þess, að fjárlaganefndin væri eigi að öllu leyti mótfallin þessari styrkveitingu, og vona jeg því, að h. nefndarmenn gefi henni atkvæði sitt, þegar til kemur. Hann gat um, að ástæður til þess, að h. nefnd hefði eigi mælt með þessu, væri sú, að henni þætti þetta nýmæli.

Jeg skal játa, að þetta er nýmæli, að því leyti, sem það er bóndi, sem á í hlut. En að þetta sjeu »eptirlaun«, það álít jeg misskilning, því nafnið eptirlaun getur eigi átt við nema þann, sem laun hefir haft áður, enda hefir ekki verið farið fram á styrk þennan undir því nafni. Það eru þau einu laun, sem þessi sómamaður hefir fengið, að hann einu sinni var sæmdur verðlaunum af gjafasjóði Christians IX. H. þm. Borgf. (B. B.) er sá eini, sem mælt hefir á móti þessum styrk, og datt mjer þá í hug: »Höggur sá er hlífa skyldi«, þegar um ellistyrk er að ræða handa duglegum búnaðarmanni. Það kom mjer á óvart, því jeg taldi h. þm. Borgf. (B. B.) sem búfræðing

vissastan af öllum í þessari deild til þess að greiða atkvæði með þessari tillögu í viðurkenningarskyni við þennan mann fyrir framúrskarandi dugnað í búnaði. Og finnst mjer, að þegar þetta kemur fram hjá h. Borgf. (B. B.), þá komi það í ljós, sem menn eru farnir að segja sín á milli um búfræðingana, og jeg sjálfur er ekki alveg laus við að álíta, að búfræðingar vorir leggi allt of litla stund á það verklega, sem alls ekki ætti að vera á hakanum, því ef þess er ekki gætt, þá er hitt dauður bókstafur, sem er einungis á pappírnum. Hjer er um þann bónda að ræða, sem bjó sannarlega fyrirmyndarbúi í 30 ár, 23 ár á Búrfelli í Grímsnesi og 7 ár á Reykjum í Mosfellssveit. Hann vann baki brotnu að túnasljettun og öðrum þarflegum jarðabótum á báðum þessum jörðum, er hann hefir búið á; að auki vann hann mikið að garðabyggingum, húsa- og fjenaðarhúsabyggingum. Jeg var einu sinni hjá honum nætursakir þegar hann bjó á Búrfelli, og hafði jeg sjerlega ánægju af að líta á öll hans handaverk. Þau voru ekki að eins mikilfeng og prýðilega af hendi leyst, heldur lýstu þau öll saman frábærlega góðum smekk. Ef þessi maður, sem alla sína æfidaga hefir varið fje og kröptum til þessara og annara þarflegra fyrirtækja, á ekki skilið að fá lítinn styrk, eða einhverja viðurkenningu í elli sinni, þá veit jeg sannarlega ekki, hvaða maður á landinu á það fremur skilið, því »bóndi er bústólpi og bú er landstólpi«. Ef vjer ættum marga slíka bændur, þá mundu menn ekki þurfa að kveina og kvarta um fátæktina, eins og margir gjöra, eða »lasta landið«. Þessi maður er nú orðinn hrumur af elli og útslitinn af erfiði og bláfátækur, hann hefir unnið meir fyrir eptirkomendurna en fyrir sjálfan sig, eins og gengur, ef mikið er unnið að jarðabótum. Þær verða ætíð arðsamari eptir á; það er minnstur arðurinn, sem sá fær, er gjörir þær, þessi fáu ár, sem hann getur notið þeirra með tilliti til kostnaðarins, sem slík verk útheimta. Þessi maður hefir verið einmana ekkill í 17 ár; og þá var skipt (fyrir 17 árum) búi hans, og gengu erfingjar þá að sögn nokkuð hart að honum. Síðan hefir honum eyðzt fje og er nú svo komið, að hann er öreigi. Hjer er sannarlega ekki til mikils mælzt; það er að eins dálítil viðurkenning og lítill styrkur, svo að hann geti bjargað sjer, án þess að verða að leita til sveitar sinnar á sínum elliárum. Jeg vona að menn líti svo á, að þótt þetta sje nýmæli, þá sje það enginn ósómi fyrir þingið, þó það veiti þessar umtöluðu 100 kr.

Í 3. lagi ætlaði jeg að eins að minnast lítið eitt á tillöguna um, að veita Tryggva Gunnarssyni 5000 krónur fyrir það, er hann hefir unnið að Ölvesárbrúnni fram yfir það, sem umsamið var. Það er búið að tala svo margt með máli þessu og því til skýringar, og vil jeg ekki taka það upp aptur. En jeg vil bæta því við, að það er allt saman satt. Og jeg vil bæta við einu, sem enn þá hefir ekki verið tekið fram, og það er, að hver sem skoðar vandlega þetta mikla verk, Ölvesárbrúna, hann segir, að hjer hefir verið viðhöfð hin mesta vandvirkni í öllu, og er það stór munur upp á endinguna á brúnni. Fyrir þessa vandvirkni hefir byggjandinn ekki krafizt neinna bóta, sem þó hefir kostað hann margar krónur fram yfir það, sem lýtalaust getur heitið, þegar um slík »akkords«-verk er að ræða. Við skyldum sjá, hvort það gæti ekki orðið öðruvísi, ef einhver útlendingur hlypi að og tækist á hendur verkið; honum væri auðvitað mest um það hugað, að græða á »akkordinu«, og það

er óefað, að hann mundi ekki vinna yfir það, sem hann minnst kæmist af með. Þeir sjá það út sem að slíkum »akkordum« ganga, að það mun ekki borga sig, að fara út fyrir það sem þeir skuldbinda sig til að gjöra. Eða hvað hefði orðið, ef Tryggvi Gunnarsson hefði ekki tekið að sjer verkið? Það hefði að minnsta kosti tafizt um eitt ár, og það er engin sönnun fyrir að þessi brú væri komin á ána þann dag í dag, ef Tryggvi hefði ekki tekið hana að sjer.

Sigurður Gunnarsson: Jeg verð að játa, að mjer þykir hálfgjört horfa til vandræða, þar sem, eins og h. framsögum. (J. J.) tók fram, útlit er fyrir, að talsverður sjóðþurður verði. Jeg verð að hallast að þeirri skoðun, sem framsögum. fjárlaganefndarinnar og hefir látið í ljósi, að rjettast væri, að hin áætluðu útgjöldin færu ekki fram úr hinum áætluðu tekjum. Jeg hefi nú þó komið fram með eina breyt.till., undir tölul. 89 á atkvæðaskránni, um styrk handa sjera Stefáni Sigfússyni til þess að kynna sjer lækningar á bráðafári í sauðfje. Hún er ekki stór þessi breyt.-till., og jeg skal geta þess, að þegar jeg kom fram með hana, gat jeg ekki haft glögga hugmynd um, hve mikil útgjöldin mundu verða, en þegar jeg lít á þýðing þessa máls, sem tillagan ræðir um, þá finnst mjer jeg ekki þurfa að fyrirverða mig fyrir hana, og mun einatt vera veitt fje úr landssjóði, sem meiri tvísýni er á, að komið geti að haldi. H. framsögum. tók það fram, að bænarskrá þessa efnis hefði legið fyrir nefndinni, en gat þess jafnframt, að nefndin hefði ekki sjeð sjer fært að taka hana til greina, en fór þó hlýlegum orðum um það erindi. Hann var hræddur um, að þeim tilraunum, sem gjörðar hefðu verið utanlands, til þess að lækna þetta fár, væri eigi svo langt komið, að það væri nokkur líkindi til, að þessi utanför gæti komið að fullum notum. Jeg verð samt að ætla, að það væri þó ekki af vegi að gjöra eina litla tilraun sem þessa, enda þótt ekki yrði að fullum notum; fyr er bati, en albati sje; því að öllum mun koma saman um, að bráðafárs-plágan er ískyggileg og veldur afarmiklu tjóni, og væri því sannarlega æskilegt, að einhver ráð fyndust til þess að hepta hana, þó ekki væri nema að einhverju leyti. Það er ekki að búast við altryggu ráði, eins og jeg tók áðan fram, en miklu bætt hvað sem ávinnst. Hjer er heldur ekki farið fram á háan styrk.

Hvað manninn sjálfan snertir, get jeg gefið þær upplýsingar, að hann hefir frá barnæsku verið náttúraður fyrir lækningar, og einna mest dýralækningar; hefir hann og sjálfur fengizt mikið við skepnuhirðing, og legg jeg mikla áherzlu á það atriði, með því að sá dýralæknir, sem sjálfur hefir praktiska þekkingu og reynslu, hvað fjárhirðing snertir, hlýtur að standa mun betur að vígi í lækningatilraunum sínum. Síra Stefán hefir, eins og kunnugt er, ritað rit eitt í þessa stefnu, er hlaut verðlaun. Jeg vil því mæla fastlega með því, að h. þingdm. fallist á þessa breyt.-till. mína.

Jeg skal að eins minnast fám orðum á tölul. 58, þar sem h. þm. Borgf. (B. B.) leggur það til, að ölmusur við prestaskólann sjeu færðar niður. Jeg verð að hallast að því, sem hæstv. landsh. sagði í gær, að það sje ekki hyggilegt, að minnsta kosti ekki eins og farið er fram á hið síðara árið.

En þar sem h. fjárlaganefnd leggur það til, að styrkurinn til utanferðar leikfimiskennarans falli burt, þá tel jeg það illa farið, að láta þessa styrkveitingu falla niður, og er jeg í því efni

alveg á sömu skoðun og hæstv. landshöfðingi og h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) hafa tekið fram. Það væri í sannleika skylt og er alveg samkvæmt kröfum tímans og kröfum heilbrigðisfræðinnar, að lögð sje miklu meiri rækt við hið líkamlega uppeldi en gert hefir verið hingað til. Höfuðkrafan er þessi: »heilbrigð sál í heilbrigðum líkama«. En jeg vil taka það fram, að það væri æskilegt, að við það, sem bezt ætti hjer við af útlendri leikfimisíþrótt, væri sameinað nokkuð af vorum innlendu íþróttum, og er þá helzt að nefna hina fornu og frægu list, glímurnar, sem jeg sje að eru, því miður, hjer um bil alveg að leggjast niður.

Þá skal jeg minnast á 13. gr. C. 13. Þar við hafa komið fram 2 breyt.till., önnur frá fjárlaganefndinni, hin frá h. þm. Borgf. (B. B.). Jeg er því ekki mótfallinn, að nafninu sje breytt, og launin eða styrkurinn sje nefndur »skáldlaun«, en hvað upphæðina snertir, þá vil jeg helzt fallast á tillögu stjórnarfrumv., og er því á móti breyt.till. nefndarinnar, og því fremur er jeg mótfallinn tillögu h. þm. Borgf. (B. B.), með athugasemd þeirri, er hann hefir hnýtt aptan við hana. Þessi h. þm. vill sem sje að það sje sett sem skilyrði, að hlutaðeigandi prestur leggi niður prestskapinn. Mjer virðist alls ekki eiga við, að taka slíkt upp í fjárlög, og held jeg að h. þm. hefði gert rjettara í að sleppa þeirri athugasemd. Það er annað «forum«, þar sem á að gera út um það, hvort prestur hjer á landi skuli halda áfram að vera í hinni íslenzku þjóðkirkju eða eigi.

Þegar h. þm. Borgf. (B. B.) talaði fyrir þessari breyt.till. sinni í gær, komst hann svo að orði, að engin staða hepti meira andann en prestsstaðan. Þetta þóttu mjer nokkuð undarleg orð; og er næsta hjákátlegt að staðhæfa annað eins og þetta, enda verð jeg frá mínu sjónarmiði að mótmæla slíkri fjarstæðu. Veit ekki h. þm. það, að öllum, sem vit hafa á, kemur saman um, að einmitt í trúarljóðum sínum hefir síra Matthías Jochumsson lypt anda sínum hæst, og einmitt þar er að finna hans tegurstu andans blóm? Eða heldur h. þm. (B. B.), að skáldskapurinn þrífist bezt og lengst á svæði hinna þurru reynsluvísinda?

Enn tók h. þm. Borgf. (B. B.) það fram, að síra Matthías þyrfti að losna við prestskapinn til að geta stundað náttúruna óhindraður. Jeg veit ekki hvað h. þm. Borgf. (B. B.) meinar með þessu, að stunda náttúruna; en hafi hann meint það, að síra Matthías þyrfti að geta virt fyrir sjer handaverk guðs í náttúrunni, þá get jeg ekki sjeð betur en að hann geti alveg eins haldið áfram að gera það, þótt hann haldi áfram að vera prestur.

Jeg vil að lokum lítið eitt minnast á tölul. 97 á atkvæðaskránni, þar sem talað er um að veita Tryggva Gunnarssyni 5000 kr. fyrir það, er hann hefir unnið að Ölvesárbrúnni umfram það, er umsamið var. Jeg verð að fallast á ummæli allra þeirra, er talað hafa um, hve rjettmætt það væri, að þessi heiðursmaður fái borgun fyrir það, er hann hefir unnið umfram það, er samið var.

En þegar jeg loks lít á allar þær breyt.till. sem liggja fyrir, þá verð jeg að lýsa því yfir, að jeg hlýt að greiða atkvæði móti mörgum þeirra, þótt jeg eigi sjái fært að rökstyðja atkvæði mitt að því er snertir hverja einstaka breyt.till. vegna tímaleysis.

Að endingu leyfi jeg mjer allra snöggvast að víkja aptur að þessari breyt.tillögu minni um styrkinn til síra Stefáns Sigfússonar; vona jeg að allir sjái, að þar er um praktiskt og áríðandi málefni að ræða.

Jeg man eptir, að h. þm. V.-skaptf. (G. G.) sagði í gær viðvíkjandi 500 kr. styrknum til Good-Templaranna, að þeir sem vildu hepta bráðapest í dýrum mundu einnig vilja hepta bráðapest í mönnum. Hvað mig snertir munu vonir hans ekki verða til skammar. En þá vona jeg aptur, að hann sem vill lækna bráðapest í mönnum, muni einnig vera því meðmæltur, að lækna bráðapest í hjálpargripum mannanna.

Vil jeg svo lýsa yfir þeirri von minni, að h. deild lofi þessari breyt.till. að fá framgang, því að um það munu allir samdóma, að sauðfjenaðurinn er undirstaðan undir velmegun flestra bænda á þessu landi.

Bogi Th. Melsteð: Jeg ætla að byrja á að tala um 82. tölul., styrkinn til Þjóðvinafjelagsins. H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) hefir farið fram á, að hann væri hækkaður upp í 1000 krónur hvort árið. Fjárlaganefndinni barst aptur bænarskrá um að hækka styrk þenna upp í 1000 kr. fyrra árið og 500 kr. seinna árið; nú er hann 400 kr. á ári, og nefndin sá sjer ekki fært að hækka hann meira en upp í 500 kr. á ári. Bæði jeg og nefndin í heild sinni viðurkennir fyllilega, að Þjóðvinafjelagið hefir gefið út margar góðar bækur, en hins vegar er þess að gæta, að þær bækur eru þess efnis, að alþýða kaupir þær mikið, og að útgáfa þeirra á því að geta borgað sig. Almanakið er keypt svo, að fjelagið á meira að segja að geta grætt töluvert á því, en því miður er svo, að þótt það sje gott að mörgu leyti, þá hefir margt rusl verið í því, og frágangur á því stundum miklu verri en vera skyldi. Það mælir ekki svo lítið á móti því, að veita þessu fjelagi mikið fje, að það gerir engin opinber reikningsskil. Jeg veit að vísu, að einhver reikningsyfirlit eru lögð fram á aðalfundum þess, en þeir reikningar eru ekki prentaðir, þótt æskilegt væri, að svo væri gert. Jeg held nærri, að það sje varlega farandi í að veita því mjög mikið fje, þangað til þingm. gefst kostur á að sjá reikninga þess, en nú er tími kominn fyrir það til þess að halda hinn lögboðna aðalfund sinn, og á honum má búast við, að glögg grein verði gerð fyrir, hvernig hagur þess stendur. Jeg get ekki sjeð, að það geti verið sjerstök ástæða að veita fjelagi þessu styrk, af því að það er skuldugt, allra sízt þegar skuldirnar stafa með fram af því, að þær hafa linlega verið heimtar inn, og fjárhag þess yfir höfuð ekki sem bezt stjórnað.

Jeg get sagt um Forngripasafnið eins og um Þjóðvinafjelagið, að mjer er annt um það, enda enn annara um það, og að jeg vil styðja það á allan hátt. En þó get jeg ekki fallizt á það, sem farið er fram á í stjórnarfrumv., að veita 800 kr. á ári til þess að raða forngripunum og semja skrá yfir þá. Mjer er það að vísu kunnugt, að mikil óregla hefir verið á skrásetningunni hin síðustu 10 ár, og minntist jeg opt á það við hinn fyrverandi forstöðumann safnsins. Það hefir líka verið minnzt á þetta á þingi áður, og á síðasta þingi voru laun forstöðumannsins hækkuð um helming, sjerstaklega til þess, að hann tölusetti forngripina og semdi skrá yfir þá.

Þegar jeg lít til þess, hvernig samskonar söfnum er hagað í útlöndum, þá verð jeg að vera á móti, að stór skrá sje samin yfir safnið og prentuð. Söfnin erlendis hafa dálítið skjalasafn, sem vísindamenn eiga aðgang að, og í þeim eru skýrslur yfir söfnin og hluti þá sem þau eiga. Eins ætti að vera hjer; hjer ætti að vera rituð skýrsla um alla muni safnsins; þess ætti að vera getið, hvaðan þeir væru komnir o. s. frv., og umsjónarmaðurinn ætti jafnóðum að semja slíka skýrslu um hluti þá, sem

við bætast; en auk þess ætti að vera prentaður dálítill »haandkatalog«, eða skrá til leiðbeiningar, ekki meira en 5—10 arka stór, handa þeim sem safnið skoða; hann ætti aðeins að vera yfir aðalhluti safnsins, og skýra fyrir mönnum fleiri samskonar hluti í einu, sem settir eru saman í skápa eða hillur fyrir sig í safninu; hitt væri mjög óhagsýnt og dýrt, að fara að prenta skrá yfir hvern hlut í safninu og langa lýsingu á þeim, en um einstaka, mjög merka muni mætti aptur á móti rita í Árbók Fornleifafjelagsins, og þar ættu að koma myndir af þeim.

Jeg játa það, að það kann að vera óheppilegt hjá nefndinni að setja styrkinn 1200 kr. fyrra árið, því að það er svo stór upphæð, að það er ekki líklegt að umsjónarmaðurinn geti unnið fyrir svo miklu sem henni svarar á einu ári; en nefndin hagaði styrkveitingunni þannig, til þess að koma í veg fyrir, að þetta yrði skoðað sem áframhaldandi styrkveiting. En verið gæti, að rjettara væri að setja styrkinn 600 kr. hvort árið, og bæta því skilyrði við, að starfinu yrði lokið á tveimur árum.

En hjer er annar hængur á; það má segja að það sje ótímabært að fara nú að semja skrá yfir safnið, heldur ætti að láta það bíða þangað til nýtt hús hefir verið byggt handa því, því að skráin þarf að vera löguð eptir því skipulagi, sem verður á safninu, þegar það er komið í nýtt hús.

Það sem því vakti fyrir nefndinni, var að styrknum skyldi varið til að semja nú þegar handskrá yfir safnið. En ef halda ætti áfram að prenta skrá yfir það með sama sniði og hingað til, mundi ekki veita af þúsundum króna til þess.

Þá skal jeg minnast dálítið á 90. tölulið, styrkinn til mín, af því að á hann hefir verið minnzt, og h. framsögum. (J. J.) skaut máli sínu til mín um skilyrðið að rita á íslenzku. Mjer er það kærkomið að styrkveitingin sje bundin því skilyrði, meira að segja, jeg efast um að öðrum sje það kærkomnara en einmitt mjer. Jeg skal geta þess, að jeg hefi hafnað alls yfir 1000 kr. fjárstyrk til þess að fyrirtæki þetta yrði íslenzkt. Jeg sótti um styrk til alþingis 1889 til þess að halda áfram sögunámi, svo tók jeg próf veturinn 1889 til 1890, og um haustið 1890 átti jeg kost á að fá styrk ytra til Íslandssögu, en jeg hafnaði honum, því að jeg vildi rita söguna á íslenzku. Svo sótti jeg til alþingis 1891 um 1000 kr. styrk með þeim fyrirvara, að fengi jeg hann, mundi jeg gefa mig eingöngu við ritan Íslandssögu; en jeg fjekk 600 kr., og þegar styrkurinn var ekki meiri, leiddi af því, að jeg gat ekki eingöngu gefið mig við sögunni; því að jeg verð að biðja menn að gæta þess, að slíkt starf hefir ekki svo lítinn kostnað í för með sjer: jeg hefi t. d. keypt bækur fyrir 3—400 kr. á ári hverju í nokkur ár. Þegar jeg fjekk ekki meiri fjestyrk en þetta hjá alþingi, þá sótti jeg um 600 kr. til ríkisþingsins danska. Mjer var boðið að sækja um meiri styrk, en jeg neitaði því, af því jeg vildi rita söguna á íslenzku. Jeg fjekk þann styrk, sem jeg sótti um, en jeg lofaði að rita söguna jafnframt á dönsku, og á móti því sje jeg ekkert; jeg álít miklu fremur þýðingarmikið fyrir oss, að íslenzkur söguritari riti sögu vora á útlendu máli, riti hana þar frá íslenzku sjónarmiði, og geri hana víðkunnari en hún er. Jeg álít það hollara fyrir oss en að láta útlendinga eina saman vera um það.

Það hefir lengi verið talað um það, hver nauðsyn oss væri á að fá sögu vora ritaða, og jeg hefi frá barnæsku verið sannfærður um þessa nauðsyn,

og því hefi jeg varið miklum tíma til sögunnar, því að hver sem vill fá rjettan skilning á sögu vorri, hann verður að afla sjer almennrar sögupekkingar, og skoða sögu vora í sambandi við sögu annara landa, einkum nágrannalanda vorra.

Jón Sigurðsson minnist á það í einum stað í fornbrjefasafninu, hversu mikla þýðingu það hafi, að Íslendingar riti sjálfir sögu sína. Hann segir að Munch riti svo um gamla sáttmála, að hann verði hjá honum eins og annar og nýr sáttmáli.

Þá skal jeg minnast á hitt skilyrðið, að 24 arkir af Íslandssögu skuli gefnar út á þessu fjárhagstímabili. Það sjer hver heilvita maður, hvílíkur munur er á því að frumsemja rit, eða gefa að eins út texta. En þó er það ekki fyrir það, að jeg get ef þingið vill, getið út þessar 24 arkir, ef jeg má hafa það á sama hátt og rit þm. Snæf. (J. Þork.) um skáldskapinn á 15. og 16. öld, sem ekkert er annað en tómt efnissafn. Jeg skal meira að segja skrifa undir löggildan samning um þetta, að því er snertir sögu Íslands á dögum þjóðveldisins, ef þingið fer fram á það, en þó vil jeg að þess sje við getið, að það sje gert eptir beinni ósk þingsins, og eigi má ætlast til að það sem jeg gef þá út, verði stórt annað en efnissafn.

Það er orðið annað að rita sögu nú, svo að hún fullnægi kröfum þeim, sem til sagnaritunar eru gerðar, en áður var.

Nú byggist söguritan á heimildarrita-»kritik«, en á 18. öldinni og lengur var sú rannsóknaraðferð ókunn, en menn viðhöfðu einungis »realkritik«. Nú verður söguritarinn að taka hvert heimildarrit sitt fyrir, og rannsaka það grandgæfilega, hvort það muni gilt og gott, hvort höfundur þess hafi getað vitað það með vissu, er hann skýrir frá o. s. frv. Þetta er mikið starf og erfitt, og verður löng rannsókn að vera á undan gengin, áður en byrjað er á »realkritikinni«. Menn verða að safna, vega það sem safnað hefir verið, draga út ályktanir og setja sig inn í hugsunarhátt, siði og allt líf þeirra tíma, sem lýsa á; menn verða að reyna að komast að því, hvernig eitt og annað vex upp, þroskast og hverfur, og enn annað kemur í þess stað, í stuttu máli hvernig hin liðna æfi þjóðarinnar hefir verið og breytzt. Þetta tekur allt ákaflega langan tíma; til þess að rannsaka eitt lítið atriði getur gengið hálfur eða heill mánuður eða meira, en árangurinn af öllu því erfiði má svo opt setja fram í nokkrum línum. Enginn sem ekki þekkir til, hefir hugmynd um, hvílíkan undirbúning og erfiði fáar línur opt hafa í för með sjer. Ef þingið vill að jeg fari þegar að gefa út sögu, eins og hjer er stungið upp á, þá verður það líka að veita fje til að prenta hana, því að jeg mun ekki leita til þeirra með þá sögu, sem jeg hefi hugsað mjer að fá til að gefa út sögu mína, og ekki mun jeg heldur geta ráðið þeim til að prenta hana, en jeg mun eigi að síður einnig reyna að rita aðra sögu á þann hátt, sem jeg hafði hugsað mjer, og þá sögu vona jeg að fá prentaða.

Jeg hafði annars eigi búizt við, að h. þm. V.-S. (Guðl. G.) og h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) mundu koma með slíka breytingartill. í minn garð, sem þeir hafa gert, þegar jeg lít á nr. 87 á atkvæðaskránni, sem sömu h. þm. (J. Þór. og Guðl. G.) hafa borið fram, um að hækka styrkinn til útgefanda Fornbrjefasafnsins upp í 1000 kr. hvort árið; þar er þó um tífalt minna erfiði að ræða, og viðkomandi maður hefir lýst því yfir, að hann ætti undirbúið nóg efni í 5—6 50 arka bindi af Fornbrjefasafn-

inu, með öðrum orðum, hann þarf ekkert annað að vinna að því, næstu 10—12 ár, en að semja registur við bindi þau, sem út verða gefin, og þó fara þeir fram á, að þessum manni sjeu veittar 1000 kr. árlega. Það virðist hefði verið meiri samkvæmni hjá þeim, ef þeir hefðu stungið upp á því, að mjer væru veittar 1000 kr. líka, og ef tillit ætti að hafa til erfiðleika og vanda þess starfa, sem hvor um sig á að leysa af hendi, þá virðist eigi minni sanngirni mæla með því, að mjer væru veittar 1000 kr. á ári en honum. Jeg þarf að verja öllum mínum tíma til sögunnar, en hann getur varið mestum tíma sínum til annara starfa en útgáfu Fornbrjefasafnsins. Jeg skal geta þess, að við höfum báðir 600 kr. hvor um sig úr ríkissjóði til ritstarfa okkar. Þótt það virðist vera eðlileg afleiðing af því, ef breyt.till. þessi yrði samþykkt, að styrkurinn til mín yrði hækkaður upp í 1000 kr., þá ætla jeg þó ekki að vera með breyt.till. þessari.

Jeg held að jeg þurfi svo ekki að fara fleirum orðum um þetta mál að sinni.

Í sambandi við 87. breyt.till. stendur lítilsháttar breyt.till. undir 80. tölulið, en jeg sje enga ástæðu til að samþykkja það, að 25 arkir sjeu prentaðar af Fornbrjefasafninu í stað 24. Jeg get þess, að þar sem fjárlaganefndin fer fram á, að Hafnardeildinni sjeu veittar 500 kr. ári, til þess að gefa út Fornbrjefasafnið, þá leggur sú fjárveiting jafnframt aukagjöld á Hafnardeildina, því að mjer er kunnugt um, að hana kostar prentun og pappír o. fl. á hverri örk af Fornbrjefasafninu 50 krónur, svo að hún verður að kosta prentun á 14 örkum af 24 af sínu eigin fje, og það mun henni veita svo erfitt, að jeg sje enga ástæðu til, að bæta einni örkinni við.

Þá skal jeg minnast á skáldlaunin til sjera Matthíasar Jochumssonar. Eins og h. meðnefndarmönnum mínum er kunnugt, var jeg þeim þar ekki samþykkur. Mjer finnst nafnið bera það með sjer, að það gefi tilefni til að særa hin skáld vor. Jeg viðurkenni að sjera Matthías er gott skáld, og að hann á mikla viðurkenningu skilið fyrir skáldskap sinn, en vjer eigum fleiri góð skáld. Menn hafa þó sjerstaklega valið hann úr skálda-hópnum og veitt honum fje, af því að hagur hans er erfiðari en hinna skáldanna. Ef hagur t. a. m. Steingríms Thorsteinsens, og sem mjer fyrir mitt leyti, þykir jafn-betra skáld en sjera Matthías, ef hagur hans, segi jeg, væri jafn-erfiður, þá mundu mjög margar raddir hafa risið upp um það, að veita honum einnig styrk af landsfje.

— Þá var fundi frestað um stund.

Klukkan 2 e. m. var fundinum haldið áfram.

Bogi Melsted (framh.): Jeg ætla þá að minnast á breyt.till. frá fjárlaganefndinni nr. 94, 18. liður, um styrkveitingu til Skúla Skúlasonar á Akureyri, til að fara utan að nema myndasmíði. Hann hafði sent þinginu bænarskrá og beðið um 1000 krónur. En það er eptir tillögu frá mjer, að nefndin hefur stungið upp á þessari fjárupphæð, því að bænarskrá hans sýnir, að hann hefir verið því ókunnugur, hvað til þess þarf, að nema þessa íþrótt, eða öllu heldur til undirbúnings undir námið. Það var því ekki hægt, að byggja fjárveitinguna á bænarskrá hans. Jeg hefi kynnzt mönnum, sem hafa lært þessa íþrótt, og hafa þeir orðið að fást við undirbúningsnám í 4 ár. Á þessum árum læra þeir trjeskurðarlist einkum, en líka teikningu o. fl. Verði þessi maður styrktur, þá þarf hann á mest-

um styrk að halda fyrsta árið. Bæði kemur þá ferðakostnaðurinn og ýmislegur annar kostnaður til sögunnar, og svo fær hann minnst kaup hjá kennara sínum fyrsta árið. Unglingar þeir, sem nema handiðn einhverja í Kaupmannahöfn, fá vanalega 2 kr. í kaup fyrir vinnu sína um vikuna fyrsta árið hjá kennara sínum eða meistara; 2. árið fá þeir 3 kr., 3. árið 4 kr. og 4. árið 5 kr. um vikuna. En svo er til stofnun fyrir þess konar unglinga, er heitir »Lærlingeplejehjemmet«, þar sem þeir geta fengið húsnæði, fæði og þjónustu fyrir 5 kr. um vikuna. Jeg ímynda mjer að maður þessi gæti fengið vist á þessari stofnun, og má nú sjá af þessu, sem jeg hefi nú tekið fram, að kostnaðurinn verður mestur 1. árið, en síðan ávallt minni, á meðan á þessu námi stendur.

Að því búnu ganga nemendurnir á hinn eiginlega listaskóla (Kunstakademiet), svo að allt þetta nám tekur æði-langan tíma, og það kostar mikið fje að ganga á listaskólann. Það er því ekki hægt að segja fyrir fram með neinni vissu, hvort þessi maður verði verulegur listamaður eða ekki, þótt honum auðnaðist nú, að ganga þennan langa námsveg. En eptir myndum þeim að dæma, sem hann hefur sent þinginu, þá sýna þær, að hann hefur mikla löngun til að nema þessa íþrótt, og að hann hefur lagt alla alúð á, að reyna að nema eitthvað af eigin ramleik; þær gefa góðar vonir um hann. Það er auðsjeð, að hann er mjög handlaginn, en það eitt er ekki nóg til þess, að hann verði listamaður; hann verður líka að hafa skapandi gáfur.

Jeg skal hvorki eggja h. þingdeildarmenn af því nje á það, að veita þessum unga manni styrk, en ef menn vilja reyna eitthvað í þessa átt, þá held jeg að hjer sje tækifæri til þess. Slík fjárveiting er ávallt meira eða minna upp á von eða óvon. En vilji menn veita styrkinn, þá ræð jeg til að manni þessum sje veitt þessi upphæð, sem nefndin hefur stungið upp á. Verði honum veittur styrkur, þá má h. þingm. Eyf. (J. J.) skila því til þessa manns, að jeg sje fús á, að leiðbeina honum svo, að hann komist inn á »Lærlingeplejehjemmet«, ef jeg verð í Kaupmannahöfn.

Því næst vil jeg minnast á það, að breyt.till. fjárlaganefndarinnar, sú er landsskjalasafnið snertir, er ekki rjett orðuð, því að það er ekki rjett að nota orðið landsskjalasafn eins og þar er gjört. Það var rjett hjá hæstv. landshöfðingja, að landsskjalasafnið væri mjög umfangsmikið, og að svo hjeti einu nafni skjalasöfn helztu embættanna hjer á landi, en fjárlaganefndin átti sjerstaklega við skjalasafn stiptamtsins, enda hefur maðurinn, sem samið hefir skrárnar, fengizt við það eitt og það hafði nefndin í huga, og svo skjalasöfn sýslumannanna, sem flutt eru hingað og geymd upp á kirkjulopti hjá skjalasafni stiptamtsins, en þetta eru eiginlega tvær deildir úr landsskjalasafninu.

Jeg fór sjálfur með manni þeim, sem er að semja skrárnar, til að skoða þetta safn og kynna mjer, hvernig um það færi. Það má með sönnu segja, að hann hefir sýnt elju og iðni við starf þetta, og þegar litið er til þess, hve miklum tíma hann hefur varið til þessa verks, þá er ekkert út á það að setja; hann hefur þá fyllilega unnið fyrir þeim launum, sem hann hefur fengið og á viðurkenningu skilið fyrir það. En öðru máli er að gegna, þegar litið er á það, hvernig verkinu er hagað. Þegar jeg fer nú að finna að því, þá

verða menn, svo þeir misskilji ekki orð mín, að gæta að því, að þetta er vandaverk, sem menn geta eigi leyst vel af hendi, nema þeir hafi lært það. Það er því ekki undarlegt, þótt hlutaðeigandi maður hafi eigi haft rjetta hugmynd um starfa sinn.

Jeg er því algjörlega á móti því, að slíkri skrá sje haldið áfram, sem byrjað er á að semja, því að því fer fjarri, að hún sje eins og hún á að vera. Jeg hefi gjört mjer far um, að kynna mjer fyrirkomulag á skjalasöfnunum í Danmörku, þessa 2 mánuði, sem jeg hef verið í ríkisskjalasafninu, og naut leiðbeiningar þeirra manna, sem voru færastir í þeirri grein.

Þegar byrjað var að semja skrá yfir stiptsskjalasafnið, þá var það og gert þannig, að samin var skrá yfir hvert skjal í safninu, og var getið stuttlega um efni hvers skjals. Það var byrjað á skjölum frá 18. öldinni og var gengið á pakkaröðina, eins og þeir voru í hillunum. Með þessu lagi gekk verkið svo seint, að eigi var lokið við meira en 10 pakka fyrsta árið.

Það voru nú engin líkindi til, að einum manni mundi endast aldur til að skrásetja safnið á þennan hátt. Fyrir því var hætt við þessa skrásetningu, og við byrjun ársins 1892 var tekið að semja aðra skrá, eins og skýrslan þess manns ber með sjer, sem vinnur að þessu.

Hann byrjaði nú á árinu 1803 og er nú komin til 1814; hann tók skjölin úr pökkunum, skipaði þeim niður, fyrst hverju ári fyrir sig og síðan eptir efni, og skrásetti svo hvert þeirra; síðan setti hann skjölin í sína gömlu röð, svo að þau rugluðust eigi úr þeirri röð, sem þau hafa samkvæmt »journölunum«. Hann tilfærði ekki efni úr hverju skjali, svo skráin varð nú nokkru styttri en áður. Jeg ætla þó, að þeir, sem kunnugir eru fyrirkomulagi á skjalasöfnum, muni eigi telja þessa aðferð betri en hina; jeg fyrir mitt leyti get eigi sjeð það. Öðru máli hefði verið að gegna, ef nokkur ár, en ekki eitt, hefðu verið tekin fyrir í einu og skjölin hefðu mátt síðan liggja í efnisröð, það er að segja, ef þá efnisröðin hefði verið byggð á rjettum grundvelli.

En einn aðal-galli á þessari skrá er sá, að hún er rituð á bók í arkarformi (folio) eða þá á arkir til þess að bindast inn, í stað þess að það hefði átt að rita hana á seðla, sem hægt væri að raða á eptir. Nú þarf hver sá sem vill nota skrána, að lesa hana alla, til þess að finna eitthvað í henni, og er það býsna seinlegt.

H. þm. Snæf. (J. Þork.) sagði, að það væru til tvær aðferðir til að semja skrá yfir skjalasöfn. Önnur aðferðin væri sú, að semja skrá yfir skjölin holt og bolt, en hin væri sú, að semja skrá yfir skjölin eptir efni. Á skjalasöfnum í Danmörku er hvorug þessi aðferð notuð nú, og víst hvergi í hinum menntuðu löndum Norðurálfunnar, því báðar þeirra eru jafn vitlausar, nema að því er snerir hina elztu og eldri tíma, sem skjöl eru til frá, því að frá þeim tíma eru skjölin svo fá, að hægt er að semja skrá yfir þau öll; en menn gefa þá út skjölin eins og þau eru, og eru það fornbrjefasöfnin, eins og þingm. hlýtur að vita, eða menn gefa út útdrátt úr þeim; er það gert þegar skjölunum tekur að fjölga, sem þau gera ávallt, að heita má, er fram í tímann sækir. Þegar kemur til skjalasafnanna frá 18. og 19. öld, þá er öðru máli að gegna. Þau eru svo umfangsmikil, að enginn kæmist yfir það að semja skrá yfir hvert skjal í þeim. Þessi aðferð, er cand. Hannes Þorsteinsson nú fylgir og þm. nú nefndi, var einu sinni reynd í ríkisskjalasafninu eða leyndarskjalasafninu,

eins og það var þá kallað í Danmörku. Þá var hillulengd safnsins ½ míla, þ. e., ef skjöl safnsins eða skjalapakkar þess hefðu verið lagðir hver við hliðina á öðrum, þá hefðu þeir náð yfir ½ mílu á lengd. Leyndarskjalavörður sá — hann hjet Wegener —, sem byrjaði á þessu, vann að því ásamt öllum þeim mönnum, er undir hann voru skipaðir, í 35 ár og þá voru þeir búnir að semja skrá yfir skjöl, er náðu yfir einar 80 álnir í hillum safnsins. Skrá þessi hafði þó þann kost, að hún var rituð á seðla. Til þess nú að ljúka við þess konar skrásetningu yfir skjöl safnsins hefðu þeir þurft að vinna að því í 7500 ár, og hefði þá allt það verið eptir, sem safninu hefði bætzt á meðan. Síðan hefir safn þetta aukizt stórum, svo að nú er hillulengd þess yfir 4 mílur eða viðlíka eins og frá Kaupmannahöfn til Hróarskeldu. Ef nú ætti með sama mannafla og Wegener hafði að semja skrá yfir hvert skjal í því, þá þyrfti til þess 35,000 ár.

Ríkisskjalasafn Dana er svo stórt, að landsskjalasafninu verður reyndar ekki jafnað saman við það, en þó mundi skrásetning þess taka mjög langan tíma með þessari aðferð.

Þegar koma skal skjalasafni í lag, verður að byrja á því að raða því í pakka, sem eigi er það áður, búa vel um alla pakkana, leggja þá upp í hillur og forða þeim þannig frá skemmdum; það má eigi láta þá liggja á gólfinu í hrúgu, eins og nú á sjer stað með sýslnaskjölin. Það var einmitt þetta, að forða safninu frá skemmdum, sem vakti fyrir nefndinni, þegar hún áætlaði 200 kr. til að búa um pakkana í stiptsskjalasafninu og skjalasafni sýslumanna, og binda inn embættisbækur þær, er nú eru rotnar orðnar og liggja undir skemmdum. Enn fremur er undir sama tölulið ætlað fje til þess að prenta skrá yfir pakkana í þessum söfnum. Skrá sú yrði eigi löng. Jeg hefi hjer eina til sýnis, sem gæti verið til fyrirmyndar. Það er skrá yfir pakkana og embættisbækurnar í skjalasafni rentukammersins. Það var tilætlun vor, að slík skrá væri samin yfir pakkana og bækurnar í skjalasöfnum þeim, sem hjer er um að ræða, og til þess að það yrði gert, hefir nefndin stungið upp á styrknum til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar. En til þess að sjá, hvort utanáskriptin á pökkunum er rjett, þá verður að ganga í gegn um þá alla.

En það er vandkvæði á þessu, að ekkert viðunanlegt húsrúm er til, og því kann þetta að vera nokkuð snemma upp borið; en fjárlaganefndin hjelt þó, að úr þessu mætti bæta með því, að þau tvö söfn, sem hjer eru nefnd, væru flutt í alþingishúsið og raðað upp þar. H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) sagði, að þar væri ekkert húsnæði. Það er satt, að þar er lítið húsrúm og ekki nóg, ef flytja ætti allt landsskjalasafnið þangað. Jeg hef athugað nákvæmlega húsrúmið á safninu, og hygg, ef herbergi þau, sem forlagsbækur bókmenntafjelagsins eru geymdar í, væru gerð eldtraust, að þá yrðu þau góð handa þessum tveim deildum landsskjalasafnsins, og að þau yrðu nógu stór fyrir þetta. Bókaleifar bókmenntafjelagsins gætu í þess stað fengið húsnæði uppi á kirkjuloptinu, því að miklu minna varðar um þær, þótt þær hafi illt húsnæði. Annars er vonandi, að byggt verði hús handa forngripasafninu bráðlega, og þá gæti landsbókasafnið að líkindum fengið nokkurt húsrúm þar.

Hin önnur söfn í landsskjalasafninu hefi jeg ekki getað kynnt mjer til hlítar, nema amtsskjalasafnið að nokkru

leyti. En svo mikla hugmynd hefi jeg þó fengið um, hvað þau eru umfangsmikil, að jeg ætla, að það mun ekki vera of mikið í lagt, að það kosti 50000 kr. að semja skrá yfir skjölin í landsskjalasafninu öllu. Auðvitað er þetta ekki annað en ágizkun, en það mætti reikna það út svona hjer um bil, með því að telja pakkana; væri það gert, þá kæmi mjer ekkert á óvart, þótt það reyndist svo, að 50000 kr. og enda meira þyrfti til að semja svona skrá, áður en því starfi yrði lokið.

Því er líkt farið með skjalasöfnin eins og bókasöfnin, að það er að tiltölu miklu dýrari stjórn og umsjón á litlum söfnum en stórum. Stjórn og umsjón landsbókasafnsins yrði til dæmis eigi dýrari, þótt það yrði töluvert stærra. Það er nauðsynlegt, að pökkunum í áðurnefndum skjalasöfnum sje raðað, en það ætti helzt að gera þau þar, sem þeir menn, er stunda sögu landsins, geta haft greiðan aðgang að þeim. Það er ekki siður og eigi heldur rjett, að lána skjöl út eins og bækur, svo að hver geti haft þau heim til sín, sem vill nota þau, og því er nauðsyn á, að þessi skjalasöfn sjeu flutt á þinghúsið, svo að menn geti notað þau þar á lestrarsal landsbókasafnsins. Bókaverðirnir gætu þá haft eptirlit með þeim, án þess það hafi sjerstakan kostnað í för með sjer. Það er regla erlendis, að hafa strangt eptirlit með skjalasöfnum. Það má ekki hver sem vill ganga þar um og nota þau eins og bókasöfn. Menn verða fyrst að sækja um leyfi til þess hjá þeim manni, sem yfir þau er settur, og stundum verður að sækja um leyfi til þess hjá kennslumálaráðgjafanum. Eitthvert slíkt eptirlit ætti að vera hjer, svipað því, sem er við ríkisskjalasafnið í Kaupmannahöfn. Landshöfðinginn ætti að hafa yfirumsjónina, eins og kennslumálaráðherrann; til hans ætti að sækja um að nota þau skjöl á lestrarsal safnsins, sem ráðgjafinn leyfir og skjalavörður einn getur ekki leyft.

Hæstv. landshöfðingi spurði, hvort það væri ekki undarlegt af þinginu, að það færi að veita manni fje til þess að raða niður og semja skrá yfir skjöl landshöfðingjadæmisins, án þess að þess hefði verið óskað af stjórninni, og án þess að þingið vissi, hvort hún kærði sig um það. Jeg skal leiða hjá mjer að svara þessu, svo að aðrir geti gert það, sem fremur ber að svara því en mjer.

Jeg ætla nú ekki að taka meira fram um skipulag skjalasafnsins, en að eins geta þess, að sá, sem tekur það að sjer að koma því í röð og reglu, þarf að hafa sjeð, hvernig skjalasöfnum er fyrir komið. Hann þarf beinlínis að hafa lært það, því það er ómögulegt án þess. Það er miklu vandameira og erfiðara viðfangs að koma reglu á skjalasafn og stjórna því en bókasafni. Það þarf að læra það eins og hverja aðra fræðigrein, enda er niðurröðun og skipulag skjalasafna orðin sjerstök fræðigrein og hafa verið ritaðar margar bækur um það efni. Það er því ekki nema eðlilegt, að maður þessi hafi flaskað á þessu starfi, og má ekki leggja honum það til lasts.

Hvað styrkinn til síra Ólafs Helgasonar snertir, þá sje jeg ekkert á móti því, að hann fái hann. Hann hefir sökum barnanna orðið að byggja sjerstakt hús, eins álít jeg sanngjarnt, að hann fái litla borgun fyrir að halda aðstoðarkennara, því fyrirrennari hans fjekk stundum borgun fyrir sjálfan sig, þótt hann hjeldi engan aðstoðarkennara. Hjer er eigi óskað eptir neinni þóknun

til sjera Ólafs sjálfs. Það er því miklu meiri ástæða til þess að veita þessum manni styrk til þess að halda aðstoðarkennara en áður var til þess að veita manni þeim, er kennslu þessa hafði á hendi. Auk þess verður málefni þessu betur borgið, er fleiri en einn læra að kenna daufdumbum, svo að kennslan stendur eigi nje fellur með þessum eina manni.

H. framsögum. (J. J.) gat þess, að styrkur þessi yrði árlegur, en það er ekki líklegt, að minnsta kosti eigi eins víst og mörg önnur fjárveiting. Þess ber að gæta, að vjer höfum nú ekki haft heyrnar- og málleysingjakennslu í nokkur ár, svo að ýmsum unglingum hefir ekki orðið kennt jafnóðum og þeir hafa þurft þess. Það er því eðlilegt, að nemendurnir verði flestir fyrstu árin, en fækki svo smátt og smátt, en þá verður lítil þörf fyrir sjera Ólaf að halda aðstoðarkennara, og styrkur þessi fjelli þá burtu, ef hann yrði veittur.

Jeg hafði eina bænarskrá til meðferðar, sem jeg ætla, að eins bæri að sinna eins og svo mörgum öðrum bænarskrám. Þessi bænarskrá var frá Bjarna Jónssyni, stud. mag. Hann er hjer þingskrifari, en stundar annars málfræði við háskólann í Höfn. Hann fer fram á, að sjer sje veittur styrkur um eitt ár, er hann hefir lokið háskólanámi, til að stunda sálarfræði og uppeldisfræði. Tæki hann ekki embættispróf, þá fengi hann engan styrk, þótt þingið veitti hann. Það liggur að vísu engin tillaga nú fyrir um það, að veita Bjarna styrk, enda er hann hófværari en svo, að hann gangi milli þingmanna eins og mörgum er títt, og biðji þá að koma fram með styrkveitingartillögu um sig. Jeg hef heldur eigi komið fram með breyt.till., af því jeg er í fjárlaganefndinni, og held heldur eigi fast fram neinum þess konar fjárveitingum. En þar sem menn hafa verið svo harðir við þessa bænarskrá, ættu þeir að vera eins við aðrar.

Af því að Bjarni er flestum þingdm. ókunnur, þá vil jeg geta þess, að hann er einn hinn efnilegasti allra íslenzkra stúdenta, sem nú stunda nám við háskólann í Höfn, og að þekkingu í sálarfræði er enginn af hinum yngri Íslendingum hans líki, enda hefir hann jafnan, síðan hann tók próf í heimspeki, leiðbeint ungum stúdentum í heimspeki. Það er enn fremur reynsla fengin fyrir því, að hann er góður kennari. Hann ætlar sjer að leita heim til Íslands, er hann hefir lokið námi og verða þar kennari. Nú þegar veitt er mikið fje til ýmsra skóla, er líklegt, að menn mundu vilja styðja að því, að góður kennari fengist, og er þá eigi önnur betri trygging fyrir því, en að maður, sem reyndur er að því að vera laginn á að kenna, aflaði sjer djúprar þekkingar í uppeldisfræði. En hver sem vill leggja stund á uppeldisfræði, hann verður og að leggja stund á sálarfræði, því undirstaðan undir uppeldisfræðinni er þekkingin á mannlegri sál.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg stend ekki upp til þess, að ljetta af framsögum. fjárlaganefndarinnar; hann er sjálfur nógu vel fær til að tala hennar máli, og mæla með tillögum hennar og sannfæra þá, er á móti mæla.

Það hefir sumum h. þingdeildarm. talizt svo til, að þegar búið væri að samþykkja fjárveitingarnar í 11. og 12. grein, þá væri þegar svo langt komið, að voði væri fyrir dyrum, að gjöldin fari fram úr tekjunum. En sje því fje vel varið, sem veitt er í 11. og 12. gr., þá get jeg ekki sjeð, að mikill voði sje fyrir höndum. En nú erum vjer að tala um síðustu greinarnar.

Jeg ætla að leyfa mjer að líta dálítið fram í tímann, eða til 1895. Þá er

sjálfstjórn sú, er við höfum fengið, búin að standa í 20 ár. Þeir, sem þá lifa og geta litið yfir þessi 20 ár, munu að von minni verða stórum ánægðir með það, sem framkvæmt hefir verið á þessu tímabili. Það hafa verið reist ýms stórhýsi og brúaðar tvær stórár á landinu, Þjórsá og Ölfusá, vegabætur hafa verið gerðar að miklum mun, og skólum komið á fót, og allt hefir þetta verið stofnað og styrkt af almannafje. Það verður sannarlega gleðilegt, að líta yfir þetta. Jeg er hræddur um, að ef við vegsömum oss ekki sjálfir, þingmenn, þá verði lof okkar lítið hjá landsbúum.

Þótt nú svo kynni að fara, að einhver lítilfjörlegur tekjuhalli kynni að verða, eða að útgjöldin færu fram úr tekjum, þá er jeg ekki alveg hissa á því. Vjer höfum opt átt þá spámenn, sem hafa spáð því, að sjóðþurð myndi verða, en optast hefir úr rætzt hið gagnstæða og tekjuafgangur orðið. Það getur líka verið álitamál, hvort sje rjettara að safna í sjóð, eða verja fjenu til að koma landinu upp. Jeg álít sjálfsagt, að fylgja því síðara. Mjer lízt nú svo á, að hvorttveggja megi gera á næsta fjárhagstímabili, ef vjer förum skynsamlega með voru ráði. En það er meira varið í að koma landinu upp, en að safna fje í sjóð.

Jeg skal taka það til dæmis, að einhver bóndi safnaði peningum í sjóð til að fá vexti af þeim, lítilfjörlega vexti, en vanrækti jörðina sína, sem einmitt gæti borið honum margfaldan arð, í samanburði við vexti af peningum þeim sem hann á í sjóði. Honum færi líkt og þeim, sem ekki vilja verja fje til arðsamra fyrirtækja í landinu, heldur safna því í sjóð.

Þetta er nú eigi svo að skilja, að jeg vilji hvetja menn til, að steypa landssjóði í óbotnandi skuldir.

Árið 1891 var viðlagasjóðurinn orðinn meira en 800,000 krónur, og jeg er sannfærður um, að á þessu fjárhagstímabili, sem nú er að líða, hafi töluvert bætzt við hann, og eins mun fara á því næsta, en um það vil jeg þó engu spá. Jeg er því rólegur, þótt einhverjir þingmenn þykist sjá fram á, að einhver lítilfjörleg sjóðþurð kunni að verða. Framfarirnar verða því meiri, sem þörf fyrirtæki eru styrkt meira eins og h. framsögum. (J. J.) tók fram.

Ef einhver spyr: Hvað á að gera til að styrkja hag landsins? Fyrir manna augum er það tvennt, sem mest þarf að gera. Það er: samgöngur og menntun. Menntun landsbúa er fyrir öllu því, að í allri baráttu gildir það, að þekkingin er vald.

Það er eptirtektarvert, að hæstv. stjórn gengur að þessu sinni í stórum skrefum á undan þinginu, hvað fjárveitingarnar til samgöngumála snertir á næsta fjárhagstímabili, og nefndin vildi sízt hepta ferðina í því að styrkja þær framfarir, er varða alla landsbúa. H. fjárlaganefnd hefir líka ráðgert að unnið yrði helmingi meira en verið hefir til samgöngubóta. Þessa stefnu álít jeg heppilega, og vona jeg, að þjóðin verði þinginu þakklát fyrir það. Hið annað sem til framfara heyrir, er menntun þjóðarinnar, meiri þekking og betra siðferði. En hvað hefir hæstv. stjórn gert í þá átt? Það má víst því nær segja, að hún standi í sömu sporum og síðast, hvað það snertir, en jeg ætla ekki að álasa henni fyrir það; en fjárlaganefndin sjálf hefir ýmist farið áfram eða aptur á bak í því máli; svo hæstv. stjórn er einmitt sú »lukkulega«, að nefndin er ýmist á undan eða eptir henni. Eitt er það þó í frumv. hæstv. stjórnar, sem bendir í þá átt, og það er, að hún vill veita fimleikakennaranum við latínuskólann styrk

til að fara utan, til að fullkomna sig. Þetta verð jeg líka að álíta verulega framför, og greiði atkvæði með því, að þessu verði ágengt, en h. samþingism. minn (J. Þór.) hefi talað fyrir þessu máli, og þarf jeg því ekki að vera langorður um það.. Þetta er nauðsynjamál, og jeg vona, að h. þingd.m. vilji ekki hindra h. landsstjórn í neinu, sem hún vill gera til að efla framfarir landsins, og því álít jeg rjett, að h. þingdeild samþykki þessa fjárveitingu. Jeg gæti bætt því við, og skrifað undir það, sem h. 1. þm. S.-Múl. (Sig. G.) og h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) sögðu, að æskilegt væri, að þessi kennari lærði skólaiðnað, og gæti jafnframt lært hinar mjög svo þjóðlegu íþrótt glímurnar, en hann þyrfti nú reyndar ekki að fara utan til að læra þær.

H. fjárlaganefnd hefir farið aptur á bak, þar sem hún vill spara ölmusur til latínuskólans. Hæstv. landshöfðingi lýsti svo ljóslega hvaða áhrif ölmusurnar hefðu haft á skólana, frá því fyrsta, og að þær hefðu verið miklu rífari fyrrum en nú. En ástandið er ekki sama nú og það var áður í Skálholtsskóla og Hólaskóla, og síðar í Bessastaðaskóla; þá var ekki nema um tvennt að gera: annaðhvort að »læra til prests« eða læra ekki neitt. Það voru ekki aðrir en prestar, sem gengu skólavegginn. Ef vjer nú berum skólahaldið saman við það, sem þá var, þá er skýr munur á því.

Nú eru 2 gagnfræðaskólar, 4 búnaðarskólar, 1 sjómannaskóli og 3 kvennaskólar og margir barnaskólar. En að því er ölmusurnar snertir, að þær eigi ekki að veita öðrum en þeim, sem setjast í embætti á eptir, en þær eigi alls ekki að hafa handa öðrum nemendum, því að það borgar sig ekki, að ganga á skóla og þiggja ölmusur, og verða svo embættislaus á eptir.

Jeg tala ekki af því, að jeg sje hinn ákafasti mótstöðumaður ölmusnanna, en mjer virðist málið svo, að ekki eigi að setja sig á móti því. Ölmusurnar voru svo miklar á einum tíma, að einn hinn ríkasti maður á landinu með háum launum, búsettur í Reykjavík, hafði ölmusu fyrir son sinn. Ölmusurnar éru veittar öðruvísi en jeg og margir aðrir hafa hugsað, en ölmusa verður þó aldrei annað en ölmusa, fátækrastyrkur, og þess vegna hefi jeg aldrei sótt um ölmusu fyrir mína syni, meðan þeir voru í skóla, og rektor hefir sagt mjer að jeg hafi verið hinn eini, sem ekki sótti um ölmusu, að undanteknum stiptamtmanninum. Jeg get sagt dálitla sögu um, hvernig ölmusuveitingum er háttað. Jeg þekki pilt, sem útskrifaðist í vor úr latínuskólanum og hafði ávallt haft mjög mikla ölmusu; heila ölmusu síðustu árin. Faðir hans er það efnaður, að hann gat, þegar hann hafði kostað son sinn gegn um skólann, borgað út jörð, sem kostaði 12,000 kr. og þar að auk lánað manni 600 kr.; hvað hann á eptir, veit jeg ekki. Allir þykjast öreigar, þegar þeir eru að sækja um styrk. Jeg get ekki álasað veitingarvaldinu fyrir það, þó það veiti þessum mönnum styrk, því það getur ekki verið kunnugt öllum mönnum og högum þeirra. Jeg hlýt að vera mótfallinn miklum ölmusum. Jeg álít pilta vera of marga, ef enginn heltist úr lestinni og jafnvel þó nokkrir heltust. Jeg hefi sjeð skýrslu yfir það, hve sárfáir af þeim, sem gengið hafa gegnum latínuskólann, sem uppaldir eru á landsins kostnað, hafa komizt til embætta. Það er alvarlegt, að lesa slíka skýrslu; það er í mínum augum sorglegt. Jeg segi þetta ekki til þess að telja þm. hughvarf, eða til þess, að segja þeim, hvernig þeir eigi að greiða atkvæði.

Jeg álít að menn eigi fremur að leiða menn til þess, að fara ekki utan til þess að stunda guðfræðisnám, því það er of dýrt, nema fyrir þá sem komast að hinum launamestu embættum. Prestaskólinn er ekki ætlaður til að vera vísindaskóli, heldur að eins til þess að búa þá sem ætla sjer að verða prestar á Íslandi undir embætti sitt. Jeg veit ekki annað en að prestaskólinn haldi enn þeim 3 ölmusum, sem hann hefir haft, fyrir utan það, sem hann fær úr landssjóði.

Það er víst, að hver sem á skóla þennan gengur, fær líka 80 kr. húsaleigustyrk. Sjóð á hann einnig, sem ætlaður er til styrktar hinum örfátækustu, og getur orðið munur að þeim styrk, þó lítill sje. Jeg sagði áðan, eða hafi jeg ekki sagt það, þá segi það nú, að þegar jeg lít til þeirra, sem vilja auka styrkinn úr landssjóði, þá vil jeg spyrja: Til hvers á að veita styrk úr landssjóði? Til þess sem landinu má að gagni verða, til þess, sem á að koma landinu upp. Jeg efast ekki um að þm. hafi lesið allar þær bænarskrár, er komið hafa, sem hafa komið fram með þessar smágjafir.

Jeg játa, að það var alvarlegt fyrir mig, að lesa þessar bænarskrár, fyrst og fremst af því, að sjá, hversu sólgnir menn eru í það, að fá fje úr landssjóði, og í annan stað af því, að flestum varð að neita; upphæð þessi, sem neitað var, var um 200,000 krónur. Um fátt af þessum bænum er hægt að segja, að landið hefði ekki gott af því, t. d. þegar beðið var um styrk til þess að greiða fyrir verzlun, bókaútgáfu og til þilskipasmíða o. fl. Jeg efast um, að þm. hafi borið það saman við þær gjafir, sem þeir nú vilja veita. Jeg vil láta h. þm. spyrja sjálfa sig, hvort meiri þörf sje á því en því sem fjárlaganefndin neitar. Með breytingartill. 96 er farið fram á, að veita Brynjólfi Þorlákssyni styrk einu sinni fyrir allt, til þess, að fara utan og fullkomna sig í orgelsspili. Jeg get ekki sagt, að þetta sje óþarft, heldur sje mikil þörf á því. Það er öllum kunnugt, að nú verða þeir æ fleiri og fleiri, sem vilja læra á orgel, og harmónía eru nú sett nálega í hverja kirkju, og sá sem á að kenna kemst hvergi nærri yfir það. Jeg skal ekkert dæma um manninn sjálfan, en h. þm. hafa átt kost á að lesa bænarskrá hans og kynna sjer meðmæli hans, og þau bera það með sjer, að þessi maður sje mjög efnilegur og vel fallinn til þess að leggja stund á þetta, og hefir sýnt mjög mikinn áhuga á því, þar sem hann hefir náð eigi alllítilli fullkomnun í því efni að eins á tómstundum sínum.

Að því er snertir 97. breytingartill., þá skal jeg ekkert minnast á það, sem hæstv. landsh. og h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) og 1. þm. Rangv. (Þórð. G.) hafa tekið fram. Jeg get ekki sagt að þetta sje til framfara beinlínis, en það er til þess, að endurgjalda það sem gert hefir verið og endurgjalds er vert í fyllsta máta. Jeg skal svo ekki lengja umr. meir.

Björn Bjarnarson: Það er nú svo að vísu, að jeg hefi haft orðið einusinni áður við umr. um þennan síðasta hluta frumv. Jeg er nú einn af hinum nýju þm., eins og mjer og fleirum optar en einu sinni hefir verið borið á brýn, enda játa jeg fúslega, að það er einn af ó-fullkomleikum mínum, að jeg man eigi ætíð allt, sem jeg hefði viljað minnast á í þann svipinn. Jeg vildi því til skýringar og viðbótar því, sem jeg áður sagði, minnast á fáein atriði viðvíkjandi hinum einstöku greinum fjárlagafrumv., sem nú eru til umræðu. Jeg mun hafa tekið það fram áður, að jeg vildi koma hjer fram sem talsmaður

þjóðarinnar í heild sinni, en ekki einstakra manna eða hjeraða. En eptir því sem h. framsögum. (J. J.) tórust orð, virtist hann vilja vefengja, að svo væri. Til að hrekja það, til að sýna fram á, að jeg hefði eigi farið rjett með, er jeg sagði, að kjördæmi mitt hefði eigi beðið um svo mikið sem eina krónu fyrir sig sjerstaklega, á næsta fjárhagstímabili, benti hann á, að nú væri verið að byggja þar brú á stóra, og að gufubátur, er þar gengi um, væri styrktur af landsfje. Það sjer nú hver heilvita maður, að þetta er hin barnalegasta röksemdaleiðsla. En jeg skal auk þess fræða h. framsögum. (J. J.) á því, að þessi stóra, sem nú er um það leyti búið að brúa, er á takmörkum Borgarfjarðarsýslu og Mýrarsýslu; hún er því miklu fremur gjörð fyrir almennar samgöngur en fyrir Borgfirðinga sjerstaklega, enda fremur fyrir Mýramenn en þá, og þó voru það Borgfirðingar, sem höfðu upptökin til þess að hún var brúuð, með því, í sameiningu við Mýramenn, að bjóða til þess fje úr sýslusjóði sínum móts við tillag landssjóðs; þetta var nú sjerplægni þeirra þar! Til gufubátsins leggja Borgfirðingar ríflegan styrk úr sýslusjóði, svo þeir eru varla ofsælir eða öfundsverðir af þeim hagsmunum, þó báturinn komi við á alls einum stað í sýslunni. Þar sem hreppapólitíkurhugsunarhátturinn er svo rótgróinn, að menn leita svona ólíklega að ástæðum til að sanna, að hann eigi sjer stað hjá öðrum, sem þeir ætla eins og sjálfa sig, þar mundi eigi óþarfi að lýsa því skýrt yfir, eins og jeg hefi gjört, að framkoma mín stjórnaðist ekki að eigingjörnum hvötum. Jeg þykist ekki vera vinum sneyddari en hver annar, því í privatlífinu á jeg bæði vini og kunningja, en hjer, á þingbekkjunum, á jeg engan — jeg lýsi því skýrt yfir og bið menn að muna það — hjer á jeg engan vin, kunningja eða skjólstæðing annan en þjóðina í heild sinni, og hefi eigi aðra hagsmuni en hennar og landssjóðs fyrir augum. Samkvæmt þessu vil jeg koma fram í öllum málum, eptir því sem jeg hefi bezt vit á.

Þá vil jeg því næst snúa mjer að orðum h. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.), þar sem hann var að tala um ekkjustyrkinn. Það er þá eins með hann eins og annað, að af því jeg lít á málið frá »allmennu sjónarmiði«, lít á það frá þjóðhagsmunalegri hlið, get jeg ekki verið með slíkum styrkveitingum. H. þm. (Sighv. Á.) var að benda á, að þessi kona hefði gefið út bækur, sem hefðu siðbætandi áhrif; en ef ætti að fara að taka upp á arma landssjóðs alla sem hafa haft siðbætandi áhrif á þjóðina í sínum verkahring, og bæta allar þeirra nauðþurftir af þjóðfje, þá held jeg það yrði æði tolldrjúgt; það gæti leitt til þess, að allir höfundar lærdómskvera, hugvekna, postillna, sálma- og bænabóka kæmust á landssjóðs framfæri, ef þeir þæktust vera fátækir, og ekki nóg með það: það yrði sjálfsagt einnig að setja þeim látnum »sómasamlegan« minnisvarða á landssjóðs kostnað, hjer við dómkirkjuna eða annarsstaðar á almannafæri. H. sami þm. Rangv. (Sighv. Á.) fór hörðum orðum um mig, fyrir það, að jeg tjáði mig mótfallinn styrknum til gamla bóndans, og vildi hann heimfæra til mín orðin: »Höggur sá er hlífa skyldi«. Jeg játa það, að mjer þætti eðlilegast að öllum mönnum gæti liðið sem bezt, og ef jegi sæi, að með því að veita fje úr landssjóði yrði allra manna böl bætt, yrði fátækt og skortur flæmd á dyr frá hvers manns húsum, þá skyldi jeg vera með þessu. En hjartagæzkan er hjer ekki einhlít, eins og jeg hefi áður minnzt á. Án þess

jeg vildi draga hið minnsta úr lofi því sem h. flutningsm. breyt.till. (Sighv. Á.) bar á mann þennan, get jeg fullyrt, að jeg þekki marga bændur, sem mundu eins verðugir styrks eins og hann; þeir mundu koma í tugum, ef ekki hundruðum með bænir sínar til næsta þings, og mundu þá hin klökku hjörtu hinna örlátu þm. hrærast til meðaumkvunar eins og nú, enda væri þá í sjálfsögðu samræmi við það, ef þetta yrði nú samþykkt, einnig að heyra bænir annara, en þá væri landssjóður orðinn einn allsherjar landsfátækra-sjóður. Jeg get nú ekki gert við því, að mjer er meinilla við þennan ölmusuanda, og því verr er mjer við það, að sjá bændur vilja gera sitt til að ala á honum, og koma honum inn í bændastjettina, sem hingað til hefir fremur átt verulegan hlut að því, að efla landssjóð en að sníkja á hann.

Jeg skal nú leyfa mjer að benda h. þm. (Sighv. Á.) á annan veg, er jeg álít honum og hlutaðeiganda mikið sæmilegri í þessu máli, og það er að hann gangist fyrir samskotum handa þessum heiðursmanni. Geta skal jeg þá þess, að þessi hugmynd er ekki mín, heldur benti einn h. þm. úr efri deild (h. 5. kgk. þm., Jón A. Hjaltalín) mjer á þetta, og kvaðst hann mundi leggja 5 kr. í þess konar samskot. Jeg legg hjer nú 2 kr. í þennan samskotasjóð, sem mitt tillag, og skal jeg biðja einhvern skrifaranna að færa þetta h. þm. Rangv. (Sighv. Á.) sem byrjun til samskotanna. Ef allir h. þm. og aðrir starfsmenn þingsins leggja til sinn skerf að tiltölu við efni, — því jeg er ekki hinn efnaðasti af þeim —, þá vona jeg að það dragi mann þenna eins drjúgt og þessi óveru-fjárveiting, sem farið er fram á að fá handa honum úr landssjóði. Og svo vísa jeg alveg frá mjer, og frá bið mjer framvegis af h. þm. Rangv. (Sighv. Á.) önnur eins ámælisorð og það, að jeg sje að gjöra bændastjettinni árás eða sýna henni fjandskap, þó jeg sje á móti því, að gjöra bónda að ölmusumanni landssjóðs. Nei! Jeg ber of mikla virðingu fyrir bændastjettinni til þess, að vilja gjöra einn einasta af bændum, þessum aðalstoðum landsins, að ölmususveini.

Þegar jeg í gær heyrði hæstv. landshöfðingja og 4—5 h. þingdm. hvern eptir annan og hvern með öðrum leggjast á eitt til þess, að mæla hið bezta er þeir kunnu með tillögunni um, að stinga 5000 kr. að manni þeim, er tók að sjer brúarbygginguna á Ölvesá, þá datt mjer í hug orðtækið: »Mikils þótti þeim við þurfa«. En nú í dag hafa 3 h. þm. lagt í þetta sama kjölfar, og útausið straumi hinna beztu meðmælisorða, sem þeir áttu til, með þessari sömu fjárveitingu. Flutningsm. tillögu þessarar, h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.), flýtti sjer svo mjög að koma með hana, eptir því sem hann játaði sjálfur, að hann »dreif« hana inn áður en hann hafði kynnt sjer málið, og varð upphæðin því 3000 krónum of lítil hjá honum, að hann nú hyggur; enda hefir hann haft góð orð um að laga þetta við 3. umr. með breyt.till. H. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) fer enn lengra. Hann vildi sanna að maður þessi ætti rjettarkröfu til 11,600 kr. hjá landssjóði, og áleit hann því, að landssjóður slyppi vel með því að borga að eins þessar 5000 kr.; eins og hjer væri að tala um veslings blá-fátækan tómthúsmann eða bónda, sem væri kominn í 11 króna og 60 aura skuld við kaupmann, og væri að þrefa við hann, þar til kaupmaður segði, að hann gæfi honum eptir 6 kr. 60 a., ef hann borgaði 5 kr. Þegar þessum viðskiptum svo væri lokið, þá segði maðurinn við nábúa sinn: »Á! Þarna slapp jeg vel; jeg sletti þessu í hann af

því að hann gaf mjer eptir meir en helminginn«. Jeg vil nú frábiðja landssjóði slíkt aumingjaskaparvottorð, að hann þurfi að hafa af mönnum fje eða láta einstaka menn gefa sjer upp skuldir, eins og jeg frábið mjer, að því er jeg með atkvæði mínu á hlut að máli, að jeg vilji halda inni fyrir mönnum því sem þeim með rjettu ber úr landssjóði, eins og jeg ekki heldur vil, að landssjóður borgi einn eyri framar því, sem rjett er samkvæmt lögum. En er nú þessi krafa rjettarkrafa á hendur landssjóði? Jeg ætla að svo sje eigi; skal jeg skýra þessa meiningu mína nákvæmar.

Skjölum þessa máls brá fyrir eins og leiptri hjer á lestrarsalnum, einn eða tvo daga, eptir að liðinn var miður þingtími. Þar rakst jeg á þau af hendingu og reyndi til að átta mig á málinu eptir þeim. Sá jeg að brúargjörðarmaðurinn sagðist hafa haft brúna svo og svo miklu víðari, hærri og traustari með meiru en um hefði verið samið, og ýmsum kostnaði hefði verið dyngt á sig aukalega; þar með fylgdi reikningur, en hann virtist mjer ekki svo greinilegur sem þurft hefði, og þó vil jeg ekki rengja það, að þetta kunni satt að vera, nje draga úr þeim heiðri, sem verkið hefur aflað þessum manni. Síðan hefi jeg ekki getað fundið skjöl þessi, og hefi jeg þó leitað þeirra með logandi ljósi um lestrarsalsborðin. Jeg gjöri nú ráð fyrir, að þau liggi hjá einhverjum, sem hefir þeirra meiri þörf en jeg, og vona jeg að það verði honum að góðu.

Annars gat jeg ekki af reikningnum sannfærzt um, að þessari kröfu væri þannig varið, að landssjóði bæri nú að borga hana sem skuldakröfu. Því víkur líka einhvern veginn undarlega við, að krafan skuli nú fyrst koma. Sumarið 1891, þegar brúin var í smíðum, var og farið fram á, að bæta 2000 kr. við fjárveitinguna til brúarinnar, og ætla jeg að það væri þó samkvæmt tillögu þessa manns. (*Landshöfðingi*: Nei, það var eigi). Ja, ef jeg fer rangt með það, þá bið jeg fyrirgefningar á því; en þetta kemur í sama stað niður, því svo mikið er víst, að þegar fjeð var veitt til hliðarstrengjanna, þá var þó maðurinn búinn að sjá það, hvað gjöra þurfti og hvað hann ætlaði að gjöra til að treysta brúna, og gat því eins vel þá látið það í gegn um landsstjórnina koma fyrir þingið, að veita þetta fje til viðbótar, ef hann hefði haft skýlausan rjett til þess. Eða úr því þetta fórst fyrir, hví var þá eigi farið fram á fjárveitingu í fjáraukalögum 1890—1891, eða 1892—1893? eða loks því eigi nú í fjárlagafrumv. fyrir 1894 og 1895? (*Jón Þórarinsson:* Þm. skilur ekkert í málinu). Ef þm. vill svara mjer, þá getur hann gjört það á eptir). (*Jón Þórarinsson*: Nei, mjer dettur ekki í hug að svara þessu). Af því að hann treystir sjer eigi að hrekja það. Nei, það líður ár, það líða svo 2 ár. Maðurinn situr í Kaupmannahöfn við hliðina á stjórninni, sem samninginn gjörði við hann, og hann reynir ekki til að sannfæra hana um, að hann eigi nokkuð eptir ófengið af borguninni fyrir verkið.

»Svo kemur vorið og sumarið líða«; hann flytzt hingað til Reykjavíkur og sezt hjer að, sem — — bankastjóri. Það líða mánuðir. Bankastjórinn gengur í gegn um reikninga bankans, og setur sig inn í allt ástand hans, kynnist högum viðskiptamanna hans, sjer hverjir eiga inni og hverjir eru skuldugir.

Svo er alþingi sett. — Enn líða vikur. — Þrjár vikur. Bankastjórinn kynnist

þingmönnum, hugum þeirra og hjörtum, og þá, þá loks er kominn tími til að ganga eptir þessari rjettmætu skuld, sem hann hefur átt hjá landssjóði í full 2 ár! Maður skyldi þó ekki ætla, að maðurinn hefði þurft að flytja hingað til Reykjavíkur, og setjast hjer að sem bankastjóri og hafa spennt greipar um taumhnút þann, þar sem flest peningaraka-taumbönd landsmanna mætast, hafa rannsakað hjörtu þingm., áður en hann rjeði við sig, hvort hann ætti að kalla eptir rjetti sínum! Hvað sem öðru líður, þá er það víst, að málið komst ekki inn á þing fyrr en nú fyrir skömmu, svo seint, að fjárlaganefndin var búin að ljúka við álit sitt, og gat því ekki dæmt um þessa fjárkröfu. Og svo velst sá maður til að koma þessu inn sem breyt.till., sem verður að játa hjer fyrir þingd., að hann viti ekkert, hvernig á þessu standi, hafi ekki sett sig inn í málið!

Í skjali því sem jeg sá á lestrarsalnum, var skýrskotað til uppdrátta, sem lagðir væru fram þingmönnum til athugunar. Jeg hefi nú verið að skyggnast um eptir þessum uppdráttum og hvergi getað komið auga á þá; hugsaði jeg þó, að þeir væru ekkert augnagróm, uppdrættirnir að Ölvesárbrúnni!

Mjer virðist nú öll þessi aðferð benda svo ótvíræðlega til þess, að hjer sje um enga löglega, rjettmæta kröfu að ræða, og mun jeg því hiklaust greiða atkvæði móti þessari fjárveitingu. Jeg sje líka, að afleiðingin af að samþykkja hana verður sú, að það gefur öðrum, sem eitthvað vinna eptir samningi fyrir landssjóð, ástæðu eða hvöt til, að fara hinu sama fram; allir mundu þykjast hafa gjört betur en skyldugt var og vilja fá það endurgoldið. Og svo yrði þetta til að draga úr þeim heiðri, sem maður þessi hefur haft af brúarverkinu.

Þá voru það orð h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) út af leikfimiskennaranum. H. þingm. var að hengja sig í það, er jeg sagði, að þetta væru hjáverk, og hafði um það þessi menntamannlegu orð: »Þar sprakk blaðran«. Jeg hafði nú reyndar aldrei sagt, að leikfimiskennsla ætti að vera hjáverk, en það verður varla varið, að hún er það, og af því svo er, vil jeg ekki borga hana meira en jeg fer fram á. Jeg vil ekkert »fúskerí«, ekkert kennslu-kák borga úr landssjóði dýru verði. Þar með er ekki sagt, að jeg álíti, að það eigi ætíð að vera eins og nú er.

Viðvíkjandi ölmusunum, skal jeg og bæta því við, út af orðum hæstv. landshöfðingja, þar sem hann sagði, að aðsóknin að lærðaskólanum hefði aukizt, eptir að ölmusunum var fjölgað, að jeg álít ekki mikið unnið við, að fá þá menn sem viðauka við menntalíðið, sem að eins gangast fyrir ölmusunum. Piltunum væri betra að fara til sjávar eða sveita, og efla og styrkja sál og líkama við líkamlega vinnu, sem gæfi þeim peninga í aðra hönd, en að slæpast iðjulausir allt sumarið, mænandi vonaraugum til ölmusunnar og varpandi þannig allri sinni áhyggju upp á landssjóðinn. Vinnan mundi draga þeim drýgra og verða þeim betri förunautur í framtíðinni en sá auðvirðilegi hugsunarháttur, sem mönnum innrætist með ölmusu-þágunni.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) áleit að jeg hefði misskilið ölmusuveitinguna; hún ætti með fram eða öllu heldur að skoðast sem verðlaun fyrir góða frammistöðu við námið. En jeg verð að ætla, að orðið »ölmusa« verði varla misskilið; það mun ætíð hafa þýtt og þýða sama sem fátækrahjálp eða gjafastyrkur, en sje nú ölmusunum öðruvísi úthlutað, þá er það einmitt misskilningur á þeim, og væri þá rjettara, ef það eiga að vera verðlaun, að færa þetta til rjett-

ara máls, eins og breyt.till. mín fer fram á.

Þegar jeg minntist á 1000 kr. til latínuskólahússins utan og innan, tók jeg það eigi nógu skýrt fram, að það eru optast sömu mennirnir, sem hafa á hendi þau störf, sem þetta fje gengur til að borga. Einstakir menn hjer í bænum hafa nokkurs konar sjerrjett til að njóta þessarar atvinnu, svo að samkeppni kemst þar ekki að. Það má til dæmis nefna, að trjesmíði alla, og það sem þar til heyrir, hefir einn mikilsvirtur borgari bæjarins um langan tíma haft á hendi. Hann lætur auðvitað lærlinga sína, suma nýfermda drengi, vinna að þessu, og verða þeir eðlilega að rífa upp aptur og aptur það sem honum ekki líkar, svo að sama verkið er máske gert tíu sinnum. Svo kemur reikningurinn yfir dagsverkatöluna eða vinnustundir, og það er — landssjóður, sem borgar. Að jeg ekki tali um suma aðra reikninga; því þó það hafi heyrzt, að reikningur hafi verið gerður fyrir 100 brotnum rúðum eptir sumarið, þegar kunnugir vissu eigi um nema 5—6, þá fullyrði jeg eigi að það sje satt; en það vitum við allir, því við getum nú sjeð það út um glugga þinghússins, að heil herdeild af snikkurum eða snikkaraefnum hefir nú hátt upp í viku verið að klína farfa á hálfa framhlið skólans, sem einn málari hjer í bænum líklega hefði lokið við að mála á 3—4 dögum, ef verkið hefði verið boðið upp og hann fengið það. Meðan svona er tilhögunin, eru sum verk höfð í hjáverkum, þegar þessir ákveðnu menn hafa eigi annað að gera, án tillits til þess, hvort það er haganlegt fyrir skólann. Nú er líka nýbúið að gera við skólann og járnklæða hann regnáttarmegin, svo viðhaldið ætti að þurfa minna. Hæstv. landsh. minntist á það, þar sem h. fjárlaganefnd tók rögg á sig og nartaði 100 krónur af fjárveitingunni til óvissra útgjalda við Möðruvallaskólann. Þótti hæstv. landsh. þetta eigi rjett, þar sem 350 kr. af þessari upphæð (400 kr.) gengi til árlegra, vissra útgjalda, og yrðu því einar 50 kr. afgangs til rúmfatakaupa o. fl., sem skólinn svo mjög þarfnaðist. Það verða að vísu ekki mikil rúmföt keypt fyrir 50 kr.; en sje nú svo, sem heyrzt hefir, að hjer um árið, þegar aðsóknin var minnst að skólanum, hafi rúmfatnaður þaðan verið lánaður út um sveitina kringum Möðruvelli, og væri nú eitthvað óinnkomið aptur af þessum lánum, þá mundi máske mega fá einhvern rólfæran sveitarkarl leigðan fyrir þessar 50 kr. til að smala því saman. Og af því jeg geri ráð fyrir, að það hafi verið leigt með vanalegum leigupenings-leigumála, þá má búast við, að skólinn fái nú nýjar ábreiður og rekkvoðir fyrir þær sem slitnar eru, svo þetta verði stór hagur fyrir skólann, og hann þurfi því ekki að kaupa rúmfatnaði í þetta sinn.

Hæstv. landsh. áleit þessum 1200 kr. til skjalasafnsins ekki vel varið; jeg held það nú líka; jeg held að þarfara væri, að verja þeim til að brúa einhverja manndrápssprænuna á landinu, eða leggja nokkra faðma af vegi; enda þótt ekki væri nema að sljettaðir yrðu nokkrir □ faðmar í túni fyrir fjeð, þá væri því betur varið en til að freista einhvers forneskju-grúskara til að rýna sig gulan og grænan ofan í þessa fúahrúgu. Jeg held jeg geti hjer bent á allmikinn gróðaveg eða sparnað fyrir landssjóð. Fyrir 100 kr. mundi mega fá annars konar grúskara einn alkunnan, hr. Sæfinn Hannesson að nafni, til þess einhvern þægilegan þurrafrostsdag að ekja öllu draslinu ofan af kirkjulopti og suður á tjörn. Þar mætti svo kveikja í því, og væri það ódýr

»skemmtun fyrir fólkið« hjer í Rvík, að dansa út gamla árið í kringum þetta landbreinsunarbál. Við þetta sparaðist ekki að eins 1100 kr. í þetta sinn, heldur allur sá kostnaður sem af því leiddi, um ókomnar aldaraðir, að geyma þessa mölbólakássu, og reyna að verja hana eyðileggingu. Einnig sparaðist allur kostnaður við öll þau fornbrjefasöfn og árstíðaskrár, sem upp af þessum skjalasafnshaug mundu spretta eins og aðrar gorkúlur, og ennfremur allur kostnaðurinn við að geyma allt þetta apturgöngubókmenntasafn í bókhlöðunum öld frá öld, án þess nokkur lifandi sála nokkru sinni ljeti sjer detta í hug, að líta við slíkum skræðum. Jeg þykist viss um, að þjóð vor eigi þá framtíð fyrir höndum, að ekki líði langur tími, þangað til hún lítur þannig rjettilega á þetta mál; og jeg gæti trúað því, að um 100 árum hjer frá mundi herra Sæfinni risa veglegur minnisvarði upp úr tjörninni, í þakklátri minningu þessa afreksverks hans.

Ekki skal jeg mæla á móti hækkun styrksins til kennarafræðslu, þó hún sje allrífleg. Að þeim styrk gæti orðið lið, ef vel væri á haldið, en jeg get eigi verið samþykkur því, sem h. framsögum. virtist benda til, að styrkurinn sje ætlaður einstökum manni. Hann sagði, að »ekki mundi þurfa að óttast fyrir að annar maður yrði aðnjótandi styrksins en sá, er nú hefði kennslu þessa á hendi«. Jeg verð nú að vera á þeirri skoðun, að stjórnin eigi að veita styrkinn hverjum sem hæfastur er til styrksins, hvort sem hann heitir Jón, Þórður, Pjetur eða Páll. (*Guðl. G.*: Eða Björn!). Já, enda þó hann hjeti Guðlaugur, svo illa sem það nafn þó lætur í eyrum. Aðalatriðið er, að maðurinn sje vel fallinn til, að hafa starfann á hendi.

Þá vil jeg snúa mjer að útgjaldaaukum þeim, fram yfir fjárl.frv. stjórnarinnar, sem h. þingd.m. hafa farið fram á.

Á þeim greinum frumv., sem þegar er búið að greiða atkvæði um, hefir verið samþykktur útgjaldaauki, sem nemur um 39,960 kr. á næsta fjárhagsári eða að eins annað ár fjárhagstímabilsins. Jeg hefi raunar farið fljótlega yfir, svo að verið getur, að eitthvað sje ónákvæmt hjá mjer, og verð jeg að biðja menn að taka eigi hart á því, ef svo væri, en þetta mun nálægt vegi um árið:

Til Stjórnartíðindanna er af meiri hluta þingdm. samþ. útgj.auki um .	760 kr.
13—14 h. þingdm. hafa aukið gjöldin til búnaðarskólanna tveggja um.	3500 —
og væri ekkert um það að fást, þar sem það er til almennings nota, ef ekki væri með því svo hroðalega raskað rjettu hlutfalli milli allra búnaðarskólanna.	
15 h. þingdm. vilja fleygja . í Laxá í Dölum, til framhalds starfi, sem »enginn sýnilegur árangur er að«, eins og h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) komst að orði. Annars skal jeg ekki áfella þessa fjárveiting, enda er hún hin minnsta af þeim er samþ. hafa verið.	200 —
Þá vilja 19 h. þm. láta grafa í sandinn hjá Sauðárkrók.	500 —
Meiri hl. þingdm. vilja verja meira en stjórnin til læknaskipunarinnar.	4000 —
20 h. þingdm. vilja láta þenja yfir Hjeraðsvötnin.	5000 —
Í Blönduós vilja flestir h. þingm. sökkva	5000 —
án þess að nokkur trygging sje fyrir því, eða undirbún-	
Flyt. . .	18960 kr.

Fluttar . . . 18960 kr.

ingur, er sanni, að líklegt sje að það komi að liði.

Þá vilja þingdm. að lagðar sjeu í Lagarfljótsós . . . . 5000 —

þar sem brimaldan frá hafinu og straumaldan frá fljótinu mætast og heyja hildarleik á flugsandinum.

Kostnaðaraukinn við strandferðirnar nemur . . . . . 16000 —

Þetta er nú það sem samþ. hefir verið, en ekki er þar með búið. Á kaflanum, sem nú er til umr., 13.—19. gr., er von á ofurlítilli viðbót, ef h. þingdm. gengur að óskum. Jeg skal leyfa mjer að minnast á þessi auknu útgjöld stuttlega:

H. þm. Mýr. (B. Kr.) heldur að nábúi sinn, stýrimannaskólastjórinn, geti þegið . . 700 —

Þá leggur h. fjárlaganefnd til, að sveitakennarastyrkurinn hækki um . . . . . 800 —

og kennarakennslustyrkurinn um . . . . . 1100 —

skal jeg þó ekki áfella hana fyrir þetta; meiningin er þó, að það verði alþýðu að notum.

H. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) vill láta veita . . . . . 400 —

sem námsstyrk handa kennaraefnum. Það er ein af þessum fyrirlitlegu ölmusuveitingum, sem jeg áður hefi reynt að lýsa, hver drepandi áhrif hafi á dáð þjóðarinnar; nú vilja frömuðir mennta og manndáðar, sem þykjast vera, fara að innleiða þann göfuga hugsunarhátt (!!) meðal alþýðukennara, jafnóðum og þeir

Flyt. . . 42960 kr.

Fluttar . . . 42960 kr.

verða til, að einnig þeir skuli lifa á ölmusum.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) o. fl. vilja veita . . . . . 1000 —

til að gefa út orðabækur. Af dönskum námsbókum hugsaði jeg þó að vjer hefðum nægilegt. Um enskuna er öðru máli að gegna, þó sízt skorti á, að ekki sje nógu margt af þess kyns bæklingum; en það munu flestir þó játa nú orðið, að oss mundi hentara að auka sambandið við Bretland, en draga fremur úr eða slíta sambandi við Dani — í verzlunarlegu tilliti að minnsta kosti.

Sami h. þm. (Kl. J.) vill fá 200 —

handa heyrnar- og málleysingjakennaranum. Það er nú ein af þessum góðu byrjunum til að komast á lagið með að fá styrk, sem svo þarf stöðugt að halda áfram, og náttúrlega að fara sómasamlega fram með aldri, meðan sami maður eða eptirkomandi hans geta þegið.

Þá hefir sami h. þm. með hugviti sínu fundið það ráð til að ljetta sjóðþunga landssjóðs, að senda einhvern söngfróðan kjósanda sinn út fyrir pollinn með. . . . . 300 —

ef svo vildi takast til, að það yrði veitt.

Svo hefir 1. h. þm. N.-Múl. (E. J.) ekki viljað liggja á liði sínu. Hann hyggur sig geta holað . . . . . 100 —

einhversstaðar niður í austuramtinu, og dettur þá í hug að nefna eitthvert bókasafn,

Flyt. . . 44560 kr.

Fluttar . . . 44560 kr.

sem herrann má vita, hvort til er eða ekki.

Bókmenntafjelagsdeildinni í Kaupmannahöfn vill nefndin veita . . . . . 500 —

og h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) bæta . . . . . 600 —

við Þjóðvinafjelagið. Þetta gæti nú verið gott og blessað, ef fjelög þessi gerðu annað en að gefa út bækur svo úreltar að efni, að engum lifandi manni dettur í hug að líta í þær.

Alþýðumenntunarfræðingurinn h. 2. þm. K.-G. (J. Þ.) leggur til, að bætt sje . . . 400 —

við styrkinn til að vinna að útgáfu fornbrjefasafnsins, en jeg hafði reyndar ætlað, að þess konar rusl, slíkar forneskjubókmenntir, væru nægilega styrktar, og fjenu betur varið til einhvers, sem meiri þrifavon væri að í framtíðinni.

H. nefnd vill láta náttúrufræðisfjelagið fá . . . . . 200 —

viðbót. Það má þó um fjelag þetta segja, þar sem það leggur fyrir sig að safna gripum, að það má sjá og þreifa á, að af fjárveiting þeirri verður nokkur árangur.

Þá hefir h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) dottið í hug, að einhver síra Stefán þar eystra kynni að fást til að skreppa til Noregs og rýna þar í bakteríur þær, er ætlað er að valdi bráðafári í sauðfje, ef hann fengi . . . . . 800 —

Því næst vík jeg mjer að h. þm. Borgf. (B. B.) — jeg

Flyt . . . 47060 kr.

Fluttar . . . 47060 kr.

virði hann engu síður en aðra h. þm. — Það eru . . . . 900 —

sem hann fer fram á að auka útgjöldin, en hreinskilni krefur, að þess sje getið, að sá hangur er á þessari tillögu, að meiri líkur eru til, að upphæð þessi komi eigi til útborgunar, því þó jeg efist ekki um, að hlutaðeigandi mundi feginn vilja ganga að skilyrði því, sem er ætlazt til, að styrkurinn hjer sje bundinn, þá er það alkunnugt, að þessi herra hefir sjálfur bundið styrkþáguna skilyrði, sem vonandi aldrei framar verður uppfyllt; en um siðferðislegt þrek hans til þess að efna heit sitt efast jeg ekki.

H. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) o. fl. vilja veita Good-Templurum . . . . . 500 —

og mundi ekki þurfa að efast um, að því fje yrði betur varið en mörgu öðru, sem veitt hefir verið eða beðið um. En svo vilja þessir sömu h. þm. láta veita . . . . . 4000 —

til að kaupa einhvern húshjall norður í Eyjafirði, sem fæstir h. þingdm. vita upp eða niður um; því þó svo nefndar skýrslur eða skjöl því viðvíkjandi hafi verið að flækjast hjer á lestrarsalnum, þá er það alkunnugt, að lítið er á slíku að byggja, því kunningjar kunningjanna vilja opt sýna góðan kunningsskap sinn í því, að hlynna að óskum kunningja sinna.

Að ógleymdum . . . . . 1200 —

í mölbólahrúguna á dómkirkju-

Flyt . . . 53660 kr.

Fluttar . . . 53660 kr.

loptinu, sem jeg mun hafa talað nóg um áður, langar h. fjárlaganefnd til að gefa einhverjum Skúla . . . . . 500 —
til að senda hann úr landi, þó sú iðn sem hann á að verja styrknum til að stunda vitanlega ekki geti komið honum hjer nje landinu að liði, og verði hann því, ef hann lærir hana, að eyða árum sínum erlendis. Með landsfje á þannig að fara að stuðla til þess að fækka mönnum í landinu.

Enn vill h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) láta kasta . . . . . 600 —
í einhverja alkunnustu bjórdæluna hjer í bænum, sem að vísu fæst einnig við að »pumpa« tennur úr mannamunnum; en jeg verð þó að ætla að það hefði verið hreinna og beinna, að fara fram á, að láta einhvern bjórsalann fá þetta fje beinlínis sem verðlaun fyrir dugnað í þessari verzlunargrein.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) er, eins og allir vita, gjörhugull við menn og málleysingja, enda virðist hann ekki liggja á liðu sínu í því, er landssjóði megi til ljettis verða. Hann hefir kannað lið sitt, og fundið þar mann sem fáanlegur mundi til að láta fingurna hoppa á hljóðfæra-»töstum«, og það enda erlendis, ef hann fengi til þess . . . . . 1000 —
og auk þess býst hann við að vinur sinn muni vera svo ítilþægur að forsmá ekki

Flyt . . . 55760 kr.

Fluttar: . . . 55760 kr.

þessar marg-umræddu . . . 5000 —
þó það megi næstum heita smánarboð svo ríkum og merkum manni.

Þá kemur þessi andlega frú hins h. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.), sem hann í auðmýkt sinni vill láta sjer nægja að fá handa einar . . . . 200 —
og eins er upphæðin . . . 200 —
sem h. þm. Dal. (J. P.) ætlar skjólstæðu sinni.

Og þegar byrja á að koma bændum á eptirlaun úr landssjóði, að vild h. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.), þá er þó eigi farið hærra en í . . . . . 100 —

En þó kastar loks tólfunum, er hinn tölvísi og fjölvísi h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) vill fara að hafa . . . . . 1600 —
af landssjóði árlega í 40 ár, með því að leggja til, að 40 þús. kr. lán, sem h. fjárlaganefnd vill að veitt verði sýslufjelögum til tóvinnu-vjelakaupa, skuli vera rentulaust það lengi. Margt af þessu er nú ekkert miklar upphæðir, en það dregur sig þó saman, svo það verður alls . . 62860 kr.

Að vísu var tekjudálkurinn hækkaður um . . . . 4000 —
á ári, og er þá hækkunin . 58860 kr.

Helmingur hins áætlaða tekjuafgangs samkv. frumv er . . . . . 22200 —
og verður því sjóðþurð . . 36660 kr.
á ári, ef allt yrði samþykkt.

Jeg get ekki stillt mig um, að lýsa því yfir, að mjer þykir þeir h. þingdeildarm., sem að þessum útgjöldum styðja, vera æði örir á fje landsins; því jeg geri ráð fyrir að þeir óski allir, að þessar tillögur sínar verði sam-

þykktar; þeir hljóta því einnig að álíta æskilegar afleiðingarnar, og þær eru, að taka nú til að eyða viðlagasjóði ótæpt.

Jeg skyldi nú að vísu ekki fást svo mjög um þetta, ef jeg gæti álitið, að það, sem fjenu á að verja til, væri þjóðinni til þrifa, til sannra hagsmuna og framfara fyrir landið, en jeg þykist hafa bent á, að svo virðist mjer ekki vera um margt af því.

Jeg vona, að mjer verði ekki láð það, þó mjer gremjist, þegar mjer virðist svo, sem ýmsir þeir menn, hvort heldur þeir eru utan þings eða innan, sem taldir eru stoð og stáss þjóðarinnar, leggist á eitt hver með öðrum til að leggja sína lengstu fingur í landssjóðinn, og reyna að krafla úr honum sem mest þeir geta til sín og skjólstæðinga sinna; er ekki von, segi jeg, að slíkt renni til rifja manni sem eins er samvaxinn og kunnur þjóðarlífinu eins og jeg þykist vera, þó jeg sje ekki gamall, og veit að sjóður þessi er myndaður og viðhaldið af aurum, sem kreistir eru undan blóðugum neglum bláfátækrar alþýðu landsmanna?

Það er sannarlega ekki ástæða til, að ala á honum slíka gæðinga. Jeg finn því skyldu mína, að gera mitt til að hlynna sem bezt að þessum sjóði.

Áður en jeg sezt niður, vil jeg minna h. þingdeildarm. á, að þegar jeg nú lýk ræðu minni, er jeg dauður, steindauður frá öllum umræðum um þetta mál við 2. umr. þess.

Menn mega því öruggir, ef þá fýsir, »þjóna náttúrunni« — eins og h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) svo kennimannlega komst að orði —, og ganga í skrokk á mjer, að dæmi hinna háttvirtu, hugulu fjárlaganefndar-Jóna, þegar 11.—12. gr. voru hjer til umr.

Væntanlega mun enginn láta sjer verða eins mikið um orð mín nú, eins og h. framsögum. þá, þegar hann var að emja og hljóða undan því, að jeg hefði komið of nærri kaunum sínum, og biðja forseta, eins og guð sjer til hjálpar, að vernda sig fyrir slíkri nærgöngul-semi framvegis. En jeg hefi nú ávallt ætlað, að það þyrfti að koma við kýlið til að stinga á því.

Jón Þórarinsson: Það, sem mjer er minnistæðast í svipinn, er h. þm. Borgf. (B. B.) og ræða sú, sem hann flutti í dag. Áður en jeg minnist á önnur atriði málsins vil jeg þess vegna víkja fáum orðum að honum. En jeg skal verða við þeirri innilegu bæn hans, að taka ekki mjög hart á honum, lofa honum, eins og hann sagði, að eiga frið í gröfinni.

Um leikfimiskennsluna í latínuskólanum og laun þau, sem ætluð eru fyrir hana, sagði h. þm. Borgf. (B. B.), að af því að þessi kennsla væri hjáverk, þá vildi hann láta launa hana sem hjáverk. En í sömu andránni sagði hann, að hann vildi ekki láta launa neitt »fúskarí«. Nú er það einmitt tilgangurinn með uppástungu stjórnarinnar, um að veita leikfimiskennaranum styrk til utanferðar í því skyni, að kynna sjer nýja aðferð í leikfimi, að láta þessa kennslu ekki vera fúskarí.

Um uppástungu sína um að veita síra Matthíasi Jochumssyni skáldlaun, sagði h. sami þm., að hann hefði borið hana fram af því, að hann væri viss um, að þessi skáldlaun kæmu aldrei til útborgunar. Með þessari játningu hefir hann lýst því, að hann ber fram sínar tillögur í allt öðrum tilgangi en við hinir. Þegar vjer förum fram á fjárframlög úr landssjóði, gjörum vjer það í þeim tilgangi, að koma einhverju gagnlegu til leiðar; en hann sýnist gera það í því skyni, að gera ekki neitt.

Þá skal jeg minnast á ummæli h. þm. Borgf. (B. B.) um breytingartill.

undir tölul. 97, um þessar 5000 kr. til hr. Tryggva Gunnarssonar. I ræðu hans voru einkum tvö atriði, sem jeg vildi minnast á. Mjer þótti sjerstaklega vænt um, að hann minntist á annað atriðið.

Hann minntist á að Tryggvi Gunnarsson hefði sent áskorun til þingsins 1891, um 2000 kr. aukafjárveitingu, til að setja hliðarstrengi á brúna. En h. þm. má þó vita, að það var ekki hr. Tryggvi, sem bað um þetta fje, heldur gerði stjórnin það sjálf, eptir undirlagi hins danska »ingeniörs«, sem hafði yfirumsjón yfir brúarsmíðinni. En svo kom hr. Tryggvi til sögunnar, og áleit að það mætti gera hliðarstrengina fyrir minna verð. Það þyrfti ekki meira fje til þeirra en 1200 krónur. Var honum síðan falið að gera hliðarstrengina, og verkið kostaði ekki 2000 kr., ekki 1200 kr., heldur 1000 kr. Mjer þótti, sem sagt, vænt um, að h. þm. tók þetta atriði fram, því jeg vona að h. þingdeildarm. sjái í þessu hina alkunnu ósjerplægni hr. Tryggva Gunnarssonar.

Þá sagði h. þm. enn um þennan lið, að sjer þætti merkilegt, að hr. Tryggvi Gunnarsson hefði ekki farið fram á þessa uppbót fyr en nú á þessu þingi. En við, sem vorum á þingi 1891, munum, að þá kom einmitt beiðni frá honum um, að láta meta þetta verk, sem hann hafði unnið um fram það, sem áskilið var; en þessi beiðni kom svo seint til þingsins, að það gat ekki sinnt henni. Þannig er allt, sem h. þm. Borgf. (B. B.) tók fram um þetta efni, byggt á hringlandi misskilningi.

73. tölul. á atkvæðaskránni er liður, sem ekki hefir verið minnzt neitt á, fyr en h. þm. Borgf. (B. B.) gerði það í dag. Undir þeim lið er farið fram á, að veittur verði námsstyrkur til kennarefna 50 kr. til hvers, allt að 400 kr. hvort árið. Jeg get að mörgu leyti tekið undir með þeim, sem vilja afnema þessa námsstyrki eða ölmusur til námsmanna í skólum. En úr því menn ekki vilja afnema allar »ölmusur«, þá er þessi námsstyrkur, sem hjer ræðir um, hinn rjettmætasti námsstyrkur, sem menn geta veitt. Hjer er verið að tala um lítinn fjárstyrk handa mönnum, sem eiga að mennta sig til að vinna í þjónustu hins opinbera fyrir sár-litla borgun. Þessir menn eru vanalega bláfátækir. Þeir eru því rjettbærastir allra námsmanna til að fá einhvern lítinn styrk til náms síns. Jeg get þess vegna ekki ímyndað mjer, að nokkur h. þingdeildarm. mæli á móti þessari fjárbeiðni. Ef það er rjett, að styrkja stúlkur til að læra að sauma vesti, buxur og þess háttar, þá er það sannarlega rjett að styrkja þessa menn, sem eptir á eiga að gegna vandasömum störfum fyrir hið opinbera.

Undir 76. tölul. er uppástunga um að hækka styrkinn til að gefa út kennslubækur úr 600 kr. upp í 1000 kr., og er þar tilgreint að Geir Zoëga adjunkt og síra Jónas Jónasson skuli fá 300 kr. hvort árið til að gefa út orðabækur. Menn vita að það er mikil þörf á orðabókum, en jeg er einn af þeim, sem eru á móti uppástungu h. fjárlaganefndar að veita mönnum styrk til að semja bækur. Jeg vil einungis að fje sje lagt fram til að styrkja að útgáfu bóka. Árangurinn af starfinu verður að vera sýnilegur, svo menn sjái, hvort vert sje að halda áfram að veita fje í sama augnamiði. Jeg efast ekki um að báðir þessir menn muni vera færir um að leysa verkið vel af hendi. Það er ekki af þeirri orsök, að jeg set þetta skilyrði, heldur til að brjóta ekki þá meginreglu, að styrkja að eins til útgáfu bóka, og til þess að gera öllum jafn hátt undir höfði.

Undir 87. tölulið er uppástunga frá

mjer o. fl. um 1000 kr. styrk til að vinna að texta-útgáfu að íslenzku fornbrjefasafni, með því skilyrði, að með hverju bindi komi út registur yfir það. Styrkurinn má ekki fara fram úr 40 kr. fyrir hverja örk. Þessi uppástunga fer fram á 400 kr. hærri styrk en frumv. stjórnarinnar og er orsökin til þess sú, að sá maður, sem vinnur að þessari útgáfu, hefir aldrei tekið að sjer að semja registur yfir bindin, en það er, eins og menn vita, mikið vandaverk og yfirleguverk; en án registurs er verkið einskisvirði.

Breyt.till. undir 90. tölul. hefir gefið h. 2. þm. Árnes. (B. M.) tilefni til að halda talsvert langa ræðu. Breyt.till. fer fram á, að styrkurinn til cand. Boga Melsteðs, 600 kr. hvort árið, sje bundinn því skilyrði, að ritið sje á íslenzku, og að út sjeu gefnar af því að minnsta kosti 24 arkir á fjárhagstímabilinu. Þetta skilyrði er í sambandi við þá stefnu, sem jeg vil fylgja, þegar um styrk er að ræða til bókaútgáfu, þ. e. að styrkurinn sje ekki veittur til að semja, heldur til að gefa út. H. hlutaðeiganda er þessvegna ekki gjört lægra undir höfði en öðrum, sem líkt stendur á fyrir, heldur alveg jafnt og öðrum. Þó jeg að vísu hafi töluvert álit á honum, þá hefi jeg ekki meira álit á honum en öðrum. Annars var lítið að græða á ræða h. hlutaðeiganda, en við fengum þó að vita, að hann hefði tekið próf. Það vita nú reyndar margir í deildinni og var óþarfi að upplýsa um það; það er jafnvel mörgum kunnugt, að þetta próf var tekið í miklum veikleika, eins og þau læknisvottorð sýna, sem reyndust nauðsynleg til þess að prófið fengist. En þó nú h. hlutaðeigandi hafi tekið próf, þá er það engin sönnun fyrir því, að hann sje fær um að leysa þetta verk af hendi. Reynsla fyrir því er þá fyrst fengin, þegar hann er búinn að gefa eitthvað af sögunni út, því þá má fyrst dæma um, hvort vert sje að styrkja hann áfram, eða rjettast sje að hætta við hann og semja við annan hæfari. Persónulega hefi jeg alls ekki traust á þessum manni til að semja sögu Íslands svo í nokkru lagi verði. Jeg segi þetta hreinskilnislega, og vona að h. 2. þm. Árnes. (B. M.) taki mjer það ekki illa upp.

Það er mýmargt fleira, sem mig langar til að minnast á í frumv., en vegna þess, hve tíminn er naumur, vil jeg ganga fram hjá því.

Skúli Thoroddsen: Það er von, að spunnizt hafi töluverðar umræður um þennan kafla fjárlaganna. Það komu margar fjárbænir til fjárlaganefndarinnar, og þó að hún sæi sjer fæstum þeirra fært að sinna, þá hafa einstaka þingmenn tekið að sjer að flytja sumar þeirra inn á þingið; og það er einatt töluverður vandi fyrir þingmenn, að greiða atkvæði um þessar fjárbænir einstakra manna, þar sem svo margt bindur hvað annað; en jeg skal nú ekki fara út í margt af því, sem hjer er til umr., en að eins víkja nokkrum orðum að einstöku atriðum.

Undir 82. tölul. á atkvæðaskránni hefir h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) stungið upp á því, að hækka styrkinn til Þjóðvinafjelagsins úr 400 kr. upp í 1000 kr. hvort árið. Jeg skal játa, að jeg álít Þjóðvinafjelagið mikið gott og gagnlegt fjelag, sem, einkum á seinni árum, hefir unnið mikið þarft verk með útgáfu góðra alþýðlegra bóka; en samt sem áður sje jeg þó ekki næga ástæðu til að færa styrkinn svo mikið upp. Fjelagið er að vísu í all-mikilli skuld, en það á líka mikið útistandandi, sem það ætti að geta heimtað inn í þessu góðæri, sem nú er, og svo á það einnig talsverða bóka-eign. Á fundi fje-

lagsins 1891 var talað um, að nauðsynlegt væri að endurskoða lög fjelagsins, og var ákveðið, að í því skyni skyldi kveðja til fundar á öndverðum þingtíma 1893, og átti þá jafnframt að ræða um það, hver ráð væru líklegust til þess að bæta fjárhag fjelagsins; en þetta hefir nú enn ekki verið gjört, og það þrátt fyrir það, þótt forseti fjelagsins sje nú búsettur hjer í Reykjavík. Jeg mun þessvegna ekki greiða atkvæði með hækkuðum styrk til þessa fjelags, að minnsta kosti ekki fyr en búið er að halda fundinn, og ræða um það, hver ráð sjeu líklegust til þess að kippa fjelaginu eitthvað í lag.

Þá skal jeg minnast á breyt.till. frá h. þm. Borg. (B. B.), er fer fram á að lækka styrkinn til mag. B. Gröndals fyrir að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda, og halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr. H. þm. Borgf. (B. B.) þykir auðsjáanlega ekki mikið varið í þjóðmenningarsöguna, og vill helzt gefa Gröndal aptur allt það, sem hann hefir safnað, alla »seðlana«, sem hann er búinn að skrifa. Mjer skilst það vera meining hans, þar sem hann vill láta stryka út úr frumv. ákvæðið um, að »undirbúningsverkið« skuli á síðan verða eign landsins. H. þm. taldist svo til, að búið væri að veita Gröndal alls 9000 kr. til þessa verks. En þess ber að gæta, að þó þessi upphæð sje orðin svona mikil nú, þá hefir hann þó ekki fengið nema einar 800 kr. á ári. Þegar lágar tölur eru »adderaðar« eða »multipliceraðar« mörgum sinnum, þá má fá út háar tölur, og þegar um fjárveitingar til einstakra manna er að ræða, þá er þó rjettara að líta hjer á fjárupphæðina á einu ári; en smáar upphæðir geta orðið allægilegar á fleiri árum, og einmitt það á að gefa þingmönnum hvöt til þess, að skoða vel huga sinn áður en þeir veita einstökum mönnum »bitlinga« á fjárlögunum, því að það er hægra, að koma þess konar inn á fjárlögin, en að draga það út aptur.

Jeg vona þess vegna, að h. þingd.m. láti ekki þennan reikning h. þm. Borgf. (B. B.) villa sig, en samþykki »bitlinginn« til Gröndals óbreyttan. Jeg leyfi mjer að viðhafa orðið »bitlingur«, því að Gröndal hefur einmitt sjálfur nýlega í blaði einu bent á það, að orðið »bitlingur« sje sannkristileg hugmynd. Að því er snertir þennan styrk til Gröndals, er það líka aðgætandi, að hann hefur kannske upphaflega verið settur nokkuð hátt með tilliti til þess, að ýmsum þótti hart farið að Gröndal, þegar hann var látinn fara frá lærða skólanum, þar sem hann þó óneitanlega hafði fært nýtt líf og fjör inn í skólann. Auk þess er það og aðgætandi með hann, að hann er maður, sem íslenzka þjóðin má vera drambsöm af, og vjer mættum allir óska, að þjóðin ætti sem flesta slíka, því að það getur þó enginn neitað því, að Gröndal er listamaður. Hann er nú og farinn að eldast, enda treysti jeg því, að h. þingd.m. fari ekki að svipta hann þeirri fjárupphæð, sem hann hefur haft að undanförnu.

Sem meðlimur fjárlaganefndarinnar mun jeg greiða atkvæði með flestum tillögum hennar. En jeg mun líka aðhyllast nokkrar fleiri breyt.till., sem fram hafa verið bornar af einstökum h. þingd.m.

Þannig get jeg aðhyllzt breyt.till. h. 1. þm. S.-Múl: (S. G.) undir 89. tölul. um 800 kr. styrk til sjera Stefáns Sigfússonar, til að fara utan og kynna sjer lækningar á bráðafári í sauðfje, því jeg álít það mjög svo þýðingarmikið fyrir landbændur, ef það tækist, að yfirbuga þennan óvin, bráðafárið. Sá maður, sem hjer um ræðir, hefur líka sýnt það, að hann hefur áhuga á þessu máli,

þar sem hann hefur fengið verðlaun fyrir ritgjörð um meðferð á sauðfje.

Þá skal jeg minnast á breytingartill. undir tölul. 90. um styrkinn til Boga Melsteð. Það er skilyrðið fyrir þessum styrk, sem jeg get ekki aðhyllzt, af því að jeg held, að styrkveitingin hafi litla þýðingu, ef þiggjandinn verður að spreytast við að gefa svo og svo mikið út af ritinu, áður en hann hefir fengið nægan tíma til þess að safna svo til ritsins, sem með þarf, og búa það svo úr garði, sem hann álítur nauðsynlegt. Jeg skal líka taka það fram gagnvart þeim ummælum h. 2. þm. G.-K. (J. Þ.), að hann bæri ekki fullt traust til þessa manns, að því er til ritstarfa kemur, að hann er þó ekki með öllu óvanur ritstörfum, þar sem hann hefur t. d. gefið út »Sýnisbók« ísl. bókmennta o. fl., sem þykir vel af hendi leyst.

Þá skal jeg minnast með fáum orðum á skáldlaunin handa sjera Matthíasi Jochumssyni. Eins og h. framsögum. tók fram, er þessi tillaga nefndarinnar, undir 91. tölul. á atkvæðaskránni alveg samhljóða tillögu fjárlaganefndarinnar á þinginu 1891. Jeg tók það fram á þinginu 1891, að það ætti vel við, að upphæðin væri ekki minni en 1000 kr., eins og nú er stungið upp á, enda fylgi jeg þeirri upphæð fast fram. Skáldlaun er rjett að kalla þessa fjárveiting, af því vjer dáumst að skáldskapargáfu þess manns, og viljum launa honum að nokkru hin ágætu ljóð, er hann hefur gefið þjóð sinni, og mun gefa henni, því að þó að hann sje farinn að eldast, vonum vjer, að hann muni enn eiga eptir að senda þjóð sinni mörg ný lífgandi og fjörgandi ljóð.

H. 2. þm. Árn. (B. M.) kvaðst ekki kunna við orðið »skáldlaun«, af því að það gæti sært önnur, eins góð skáld, sem líka mundu geta átt heimting á skáldlaunum, eins og síra Matthías. En jeg get ekki sjeð, að það geti verið neitt særandi fyrir önnur skáld, þó að sjera Matthíasi verði nú veittur þessi styrkur, enda ætti þingið sízt að taka tillit til sárinda, sem eingöngu eru þá sprottin af öfund. Jeg er og á þeirri skoðun, að þegar vjer erum að tala um fjárveitingar úr landssjóði, þá eigum vjer ekki að eins að hafa fyrir augum hinar líkamlegu þarfir þjóðarinnar, heldur einnig hinar andlegu þarfir hennar, því að þó að lífi voru mannanna sje svo varið, að mest vort strit og stríð hljóti að ganga til þess, að hafa í sig og á, þá má þó ekki gleyma hinu, sem miðar til þess, að lypta anda vorum á æðra stig, því að það finnur þó hver af oss, að það er það, sem vert er að lifa fyrir, og leggja eitthvað í sölurnar fyrir.

Í sambandi við þessa fjárveitingu til sjera Matthíasar Jochumssonar vil jeg einnig minnast með fáum orðum á ræðu h. vinar míns, þm. Snæf. (J. Þork.). Honum fannst það óviðkunnanlegt, að veita sjera Matthíasi Jochumssyni þessi skáldlaun, þar sem öðru ungu og efnilegu skáldi, Einari Hjörleifssyni, hefði verið neitað um fjárstyrk; og þótti mjer hann í sambandi við þetta fara nokkuð hart að mjer, þar sem hann sagði, að jeg hefði svívirt og hrakið hr. Einar Hjörleifsson í blaði mínu, »Þjóðviljanum unga«. En jeg man og mikið vel, með hvaða orðum jeg gat um fjárbæn þessa, og leyfi jeg mjer hjer með að hafa þau orð mín upp, svo að hver maður geti um þau dæmt; jeg sagði, að »fyrir þinginu lægi nú það kostaboð, að fá Einar Hjörleifsson aptur til Íslands, ef það vildi láta hann fá 1200 kr. á ári«. Jeg kallaði þetta »kostaboð«, og vil jeg frábiðja mjer, að h. þingm. Snæf. (J. Þork.) leggi aðra þýðingu í

orð mín en beinast liggur við; en það gjörir mjer illt, að jeg sje, að h. þm. Snæf. (J. Þork.) er að flýta sjer út úr þingsalnum, en hann er þó kannske svo nærri, að hann megi þó heyra orð mín, því einmitt nú, þegar jeg hugsa um þessi skáldlaun til hr. Einars Hjörleifssonar, og þegar jeg lít á breyt.till. undir 87. tölulið, að hækka styrkinn til útgefanda fornbrjefasafnsins, þá dettur mjer í hug gömul staka um Hannes stutta, einmitt þann sama Hannes, sem h. þm. Snæf. (J. Þork.) hafði yfir stöku um nýlega hjer í þingd.

Stakan er eptir Harastaða-Einar, um alkunnan umgangs-flakkara, þennan Hannes stutta, eða hróðrarflón, og tvær aðrar flökkukindur, sem fóru um Dalina, til að vita, hvað sjer bættist. Stakan er mjög stutt, og vil því því með leyfi h. forseta hafa hana yfir. Hún er svona:

»Vergang þróa fer um frón
frænings glóa raptur,
Hannes mjói, hróðrarflón,
Hjela og Jóhann kjaptur«.

Jeg get ekki gjört að því, að mjer datt þessi staka í hug, þegar jeg las nefnda breyt.till., og af því að jeg veit, að þm. Snæf. (J. Þork.) ann allri fagurri ljóðagjörð, og af því að hann sendi mjer stöku um daginn, þá hafði jeg vísuna yfir.

Þá skal jeg minnast á breyt.till. undir 93. tölul. frá h. 2. þingm. G.-K. (J. Þór.) o. fl., um 500 kr. styrk handa stórstúku Good-Templara. Fjárlaganefndin vildi að vísu veita stórstúkunni að eins 300 kr., en af því að jeg álít fjelag þetta mjög þarft, þá mun jeg halla mjer að hinni hærri upphæðinni. Jeg felst líka fyllilega á þá till. h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), að fjelagið megi verja þessu fje á þann hátt, sem því finnst sjálfu eiga bezt við, því »hver er sínum hnútum kunnugastur«.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) mælti með þeirri tillögu, að hús Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum væri keypt fyrir allt að 4000 kr., en jeg get, því miður, ekki fallizt á þessa tillögu. Því eins og h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) tók rjettilega fram, er mönnum alveg ókunnugt um, hvort Stefán kennari vill selja hús sitt fyrir þetta verð. Mjer er þvert á móti kunnugt um, að fyrir þinginu hafa legið skýrslur um það, að hann vildi hafa 5000 kr. eða meira fyrir húsið. Það er því alveg þýðingarlaust að veita þessari tillögu meðmæli sín, enda ekki full-nauðsynlegt að kaupa þetta hús fyrir fje landssjóðs, þar sem nóg rúm mun vera í skólahúsinu sjálfu, sem piltar gætu notað.

Að vísu hafa heyrzt raddir um það, að skólahúsið væri ekki sem drýgindalegast notað af skólastjóra, en það mun mega treysta landsstjórninni til að sjá um, að rúmið í húsinu verði ekki framvegis notað á óleyfilegan hátt, svo landssjóður þess vegna þurfi að leggja fram stórfje að óþörfu.

Björn Sigfússon: Það voru nokkur orð hjá h. framsögum. (J. J.), sem gáfu mjer tilefni til þess að gera stutta athugasemd. Í sambandi við skólana gat hann sjerstaklega um kvennaskóla og jafnvel búnaðarskóla, að þeir hefðu sumir ekki látið svo lítið að senda skýrslur eða reikninga, og taldi það illa farið. Jeg verð að vera samdóma h. framsögum. (J. J.) um það, að þetta er ekki rjett. Það er óviðfeldið, að þær stofnanir, sem styrktar eru af landssjóði og styrk vilja fá framvegis, að þær skuli ekki senda þinginu skýrslu. Það er ekki hvöt fyrir þingið, að veita þeim fje, þegar þannig er að farið. Það vill nú svo óheppilega til, að einmitt úr kjördæmi mínu vantar slíka skýrslu, sem sje frá kvennaskólanum á Ytri-Ey. Jeg er sjálfur mjög óánægð-

ur yfir þessu. Það er annaðhvort hugsunarleysi skólastjórnarinnar að kenna, að hafa ekki sent skýrsluna, eða hún hefir glatazt, því mjer var kunnugt um það, að búið var að undirbúa hana í hjeraði og átti að sendast hingað. Það var sýnt fram á það, að skólinn væri fjeþurfi og kæmist ekki af án aukins styrks úr landssjóði. Eins og kunnugt er, var einnig farið fram á það á þingmálafundi Húnvetninga, að styrkurinn til hans væri aukinn. Meðal annars, sem skólann vantar, er þvottahús, og ekkert fje til að byggja það fyrir, því eins og mörgum er kunnugt, byrjaði skólinn sjóðlaust. En þrátt fyrir þetta hefi jeg ekki sjeð mjer fært að koma með breyt.till. um, að skólinn fengi meiri styrk, vegna þess, að vanrækt hefir verið að senda skýrsluna, og þess verður hann að gjalda. H. framsögum. mun hafa tekið það fram, að kvennaskólarnir væru upp aldir við sult og seyru. Það er alveg rjett. Af öllum skólum er kvennaskólunum minnst lagt til, og þeim er allt skamtað úr hnefa, og það er sannarlega minnkun fyrir þjóðina, að láta það lengur viðgangast, að hin íslenzka kvennþjóð njóti ekki meiri jafnrjettis við karlmenn en hún gerir enn sem komið er. Þær hafa sannarlega eins mikla náms-hæfilegleika og karlmennirnir og jafnrjettiskröfu til þess að þjóðfjelagið styðji menntun þeirra, eins og karlmannanna. Í sambandi við þetta dettur mjer í hug orð h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) áðan, þar sem hann var að tala um, að meira fje ætti að veita þeim sem kennarafræðslu stunduðu á kennaraskólanum, og að það væri mikill munur á, að veita þeim styrk, eða stúlkum, sem kæmu ofan úr sveit að læra að »sauma buxur«. Það er nú víst, að sínum augum lítur hver á silfrið. Jeg get ekki sjeð, að það sje neitt heppilegra, að veita þessum kennaraefnum styrk, heldur en stúlkum, þó þær sjeu ofan úr sveit, og þó þær læri að sauma buxur. (*Jón Þór.*: Misskilningur). Jeg þarf ekki að fræða h. þm. um, að þær læra dálítið meira en það. Þetta er þó nytsöm heimilisvinna, sem um leið er skólaiðnaður, sem h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) er svo mjög hughaldið um. En þó jeg líti nú svo á, að of illa sje farið með kvennmenn og kvennaskóla, þá hef jeg ekki sjeð mjer fært, að koma með breyt.till. um, að auka styrkinn til þessara skóla. Slík tillaga mundi hafa lítinn byr hjer í deildinni. Mjer þykir líka nóg um þessar fjárbænir, og hefði viljað, að þær væru færri. Sumar þeirra eru að vísu þarfar, en sumar er fjarstæða að koma með.

Þegar jeg lít á atkv.skrána, þá sje jeg fyrst og fremst margar breyt.till. frá h. þm. Borgf. (B. B.). Þær hafa fengið harðan dóm hjá h. þm. Rvík. og fleirum þm., en hann hefir svarað fyrir sig, og jeg ætla mjer ekki að halda uppi svörum fyrir þm. Borgf. (B. B.), en mjer þótti hörð orð hjá þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), þegar hann sagði, að þær væri ekki þess verðar, að tala um þær, og kvaðst ætla að ganga fram hjá þeim þegjandi. Hann prettaðist nú raunar um þetta, því rjett á eptir hjelt hann all-langan kapítula um þær. Jeg skal ekki fara út í það, að tala um hverja þeirra fyrir sig, en jeg skal taka það fram, að mjer þykir virðingarvert að sjá þá stefnu, sem kemur fram í þessum breyt.till., án þess jeg sje þeim samdóma. Þær stefna nefnilega að því, að spara fje til þess sem hann álítur ekki þarft. Og mjer þykir það rangt, að taka þessum breyt.till. eins og þeim var tekið, og tala um þær með fyrirlitning, þó þær væru frá bónda. Í þeim felst eigi annað en það,

að fara vel með það fje, sem þjóðin á, en hann ekki, en honum sem öðrum þm. trúað fyrir. Jeg held að sumar þeirra hafi við töluverð rök að styðjast, t. d. að færa niður styrkinn til söng- og fimleikakennarans. Jeg er samdóma honum um það, að þetta mætti fá gert fyrir minna fje. Jeg hef reynt að gera mjer grein fyrir þessu, og hef þá komizt að því, að borgunin um hvern tíma sje um 3 kr. til 3,50 fyrir þessa kennslu. Jeg skil ekki í öðru en að þetta sje óþarflega hátt, og þá er sú ályktun rjett, að ekki ætti að eyða svo miklu fje til þess. Í sambandi við þetta skal jeg minnast á till. þá, að veita fimleikakennaranum 1000 kr. styrk til utanfarar til þess að læra betur. Jeg get alls ekki fallizt á þessa till. Það er ekki svo að skilja, að jeg vilji gera lítið úr fimleikakennslunni; en skyldi ekki mega venja pilta á það, að fá sjer eins góða hreifingu á kostnaðarminni hátt en þetta? Í Bessastaðaskóla var ekkert fje veitt til þess að kenna það, sem kallað er »gymnastik«, en piltum varð ekki skotaskuld á að finna upp annað, sem var góð hreifing, og um leið góð skemmtun að, nefnilega glímurnar. Jeg held, ef piltar væru látnir æfa glímur, þá væri það nægileg upplypting fyrir þá, en kostnaðarlaust fyrir landssjóð.

Það eru komnar fram 3 breyt.till. við laun þess manns, sem kennir við stýrimannaskólann. 1., breyt.till. fjárl.-nefnd., sem fer fram á að hækka þau um 300 kr.; 2. frá h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) fer fram á, að þau sjeu hækkuð um 500 kr.; og hin 3. frá h. þm. Mýr. (B. Kr.) um 700 kr., og þá finnst mjer skörin færast upp í bekkinn. Þessi maður hefir eins há laun og flestir hjeraðslæknar landsins. Jeg skal fúslega játa það, að staða þessa manns er þýðingarmikil og gagnleg landinu, en þess ber að gæta, að hann hefir ekki kost að eins miklu til náms sins og undirbúnings undir embættið og hjeraðslæknar, og svo má ekki ganga fram hjá því, að þessi maður hefir sumarfrí og á því ætti hann að geta innunnið sjer nokkuð. Jeg hef heyrt, að hann væri dugnaðarmaður og stýrimaður hinn bezti, og honum ætti ekki að hafa farið svo aptur við það að verða sjómannakennari, að hann nú sje orðinn ófær til þess að vera þilskipaformaður. En jeg get vel skilið það, að honum þyki betra að fá nokkur 100 kr. og ganga með höndurnar í vösunum yfir sumartímann, heldur en að leita sjer atvinnu sem skipstjóri. Jeg verð því, sem sagt, að vera algerlega á móti því, að laun hans sjeu hækkuð. Hann hefir fyrir stuttum tíma sótzt eptir embætti þessu með 1500 kr. launum, og er engin ástæða til þess að fara nú að veita honum launaviðbót. Jeg segi þetta alls ekki til þess að gera lítið úr manninum, en mjer finnst laun hans vera sómasamleg og mun því greiða atkvæði á móti hækkuninni.

Þá er breyt.till. um það að veita síra Stefáni Sigfússyni 800 kr. styrk til þess að fara utan til að kynna sjer lækningu á bráðafári í sauðfje. Jeg skal játa, að það væri æskilegt, ef nokkur von væri um árangur af því, en enn sem komið er er eigi að búast við neinum árangri. Jeg veit ekki til þess, að erlendis sjeu menn komnir að neinni niðurstöðu í því, af hverju það stafi, og því síður, hvernig eigi að lækna bráðafárið; þar að auki getum vjer vonazt eptir dýralæknum bráðlega, og þá er líklegt, að þeir hafi kynnt sjer þetta, ef það er auðið.

Þá er tölul. 100 á atkvæðaskránni; þar er farið fram á að veita ekkjunni Torfhildi Holm styrk. Í sumra augum kynni það að mæla sjerstaklega með

þessari styrkveiting, að þá væri nokkur von til að síra Matthías kynni að þiggja þær 1000 kr., sem honum eru hjer ætlaðar sem skáldlaun; annars geta menn átt á hættu, að þær gangi ekki út! Samt er ekki aldeilis víst, að þessi tilgangur náist, af því styrkurinn er ekki kallaður skáldlaun. Hann hefir eins og kunnugt er, hótað að þiggja ekkert fje í þessu skyni nema frú Torfhildur fái það líka. Jeg skal samt í alvöru taka það fram, að jeg ber mikla virðingu fyrir konu þessari, því það sem gengur í gegn um öll hennar rit er það, að hún gerir sjer far um að hafa siðbætandi áhrif á þjóðina. En það er kunnugt, að það eru margar konur, sem ávallt gera sjer far um að hafa siðbætandi áhrif hvar sem þær ná til, svo þetta er ekki sjerstaklegt fyrir ekkjufrú Holm, og sömuleiðis eru margar ekkjur fátækar eins og hún er, en ekki verður þeim öllum hjálpað. Jeg tel víst, ef þessi styrkur væri veittur, að það yrði til þess, að fleiri mundu vekjast upp, sem vildu fá styrk, og þess vegna er mjög varasamt að ganga inn á slíka braut. Það er mjög athugavert fyrir þingið að byrja nú á því að veita ekkjum og ekklum styrk. Hjer er líka að ræða um ekkjumann, sem styrkþurfi sje. En það er búið að tala svo mikið um hann, að jeg skal þar ekki við bæta, en að eins taka það fram, að jeg er á sömu skoðun og h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.), að ef þessi maður hefir verið, eins og sagt hefir verið, stjett sinni til gagns og sóma, þá er mjer næst að halda, að þeim sem lengst hafa notið hans og sjeð framtakssemi hans, mundi það verða sönn gleði, að taka hann upp á sína arma. Jeg er sannfærður um það, að ef sveitungar hans vissu af fátækt hans, þá mundi ekki standa á hjálp frá þeirra hálfu. Það er varasamt að fara að styrkja þannig, hvort sem það er kona eða karl af bændastjett, því þá gæti komið margt á eptir. Mjer er mjög illa við að vekja upp þann hugsunarhátt hjá íslenzkum bændum, að fara að viðhafa bænakvabb til landssjóðs um styrk í ellinni. Hugsunarháttur þeirra hefir hingað til verið svo göfugnr, að kasta ekki allri sinni áhyggju upp á landssjóð, og jeg vona, að bændur reyni enn um langa hríð til þess að komast af án eptirlauna; jeg vildi óska, að embættismennirnir tækju sjer þá til fyrirmyndar í þessu efni sem fyrst.

Að öðru leyti skal jeg ekki fara fleirum orðum um þetta, en láta mjer nægja, að sýna með atkvæði mínu, hver skoðun mín er á hverjum einstökum lið.

Jón Jónsson, 2. þm. N.-Múl.: Jeg skal nú ekki gefa það loforð, að vera ekki langorður, því það fer orð af því, að slík loforð sjeu ekki sem bezt efnd hjer á þingi; en jeg skal lofa því einu, að tala ekki nema um örfáa liði af hinum mörgu, sem liggja hjer fyrir til umræðu, og það skal jeg efna, og sízt af öllu ætla jeg að tala tvisvar um sömu liðina eins og h. forseti hefir leyft sumum h. þm. að gera hjer í deildinni í dag.

Jog ætla þá fyrst að minnast á breyt.-till. fjárlaganefndarinnar, 68. tölulið á atkvæðaskránni, um hækkun á launum forstöðumanns stýrimannaskólans. Hann sendi fjárlaganefndinni bænarskrá um, að auka laun sín um helming. Opt hefir nú verið farið fram á launaviðbætur hjer á þingi, en sjaldan hefir nokkur tekið munninn svo fullan, að biðja um að auka launin um helming. Þegar maður þessi tók við þessari stöðu fyrir 2 árum, munu honum hafa þótt launin lífvænleg, því annars mundi hann varla hafa sótt um embættið.

Fjárlaganefndinni sýndist ekki þörf á, að hækka launin meira en hjer er farið fram á, og var enda nær skapi, að sinna fjárbæn þessari ekkert, en hún sá, að nógu margir þm. mundu verða til að taka fjárbænina upp í breyt.till. eins og vandi er til, ekki sízt um fjárbænir hjer úr Reykjavík, og þá mundi verða farið fram á miklu meiri launahækkun, og sú hækkun ef til vill verða samþykkt, og því hækkað nefndin launin um þessar 300 kr. á ári til málamiðlunar til að reyna að hindra það, að hærri fjárveiting kæmist að, en samt hafa h. þingdm. komið fram með breyt.till. um, að hækka launin enn þá meir. Jeg verð þess vegna að lýsa yfir því, sem nefndarmaður, að jeg finn ekki ástæðu til að greiða atkvæði með þessari tillögu fjárlaganefndarinnar, úr því svona er komið, enda álitum við flestir í fjárlaganefndinni, að 1500 kr. væru fullkomlega sanngjörn laun, því að við getum ekki álitið, að þessi maður sje útilokaður frá arðsamri vinnu um sumartímann.

Þá kemur hinn margræddi 97. tölul. Jeg finn ástæðu til að gera grein fyrir atkvæði mínu um hann, því það er sú eina breytingartill. frá h. þingm., sem jeg vil aðhyllast. Jeg ætla ekki að dæma um það, hvort hr. Tryggvi Gunnarsson hefir lagalega kröfu til þessa fjár fyrir dómi, en það vakir fyrir mjer, að hefði Tryggvi Gunnarsson verið að byggja Ölfusárbrúna nú, og hann hefði skrifað til þingsins þannig: »Þessi brú, sem áætluð er, verður að engu eptir fá ár, nema veitt sje meira fje til að gera hana öðru vísi úr garði«, þá hefði jeg ekki verið lengi að hugsa mig um, að greiða atkvæði með fjárveitingunni, og jeg efast um, að nokkur sá sje innan þessara veggja, sem hefði greitt atkvæði gegn þessari fjárveitingu, hefði svo staðið á. En nú hefir hann lagt fje fram til að gera þær endurbætur á brúarsmíðinu, sem nauðsynlegar voru, og þá er ekki drengilegt, að bæta honum það ekki að neinu, af því hann sje búinn að vinna verkið. Þá er eins og þingið segði við hann: »Þú hefir að vísu gert vel, góðurinn minn, en við erum ekki skuldbundnir til að borga þjer meira, svo þú verður að sitja við svo búið«.

Það hefir verið tekið fram, að fæstir h. þingdeildarm. hafi þá verklega þekkingu, að þeir geti dæmt um, hver þörf hafi verið á, að gera þær umbætur á brúarbyggingunni, sem Tryggvi Gunnarsson gerði; en jeg vil benda á það, að hjer liggur fyrir álit hæstv. landsh., um að það, sem hr. Tr. Gunnarsson hafi gert, hafi verið óhjákvæmilega nauðsynlegt, og því hefir enginn h. þm. mótmælt, enda þarf, að mínu áliti, ekki mikla verkfræðislega þekkingu til að sjá, að nauðsyn var á þessum umbótum. Það þarf ekki nema einfalt, íslenzkt bóndavit til að sjá það.

Þá vil jeg með fáum orðum minnast á 93. tölul. á atkvæðaskránni, um kaup á húsi Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum. Jeg er ekki með þeirri fjárveitingu. Jeg álít, að hann hafi mátt ganga að því vísu, þegar hann tók við jörðinni, og hafi mátt vera það ljóst, að hann þyrfti að byggja þetta hús. Það er ekki eins dæmi um bóndann á Möðruvöllum. Það er ekki mörgum jörðum þannig háttað, að ábúandi þurfi ekki að kosta neinu til húsagerða, heldur að jarðeigendur leggi til öll hús jarðarinnar. Það var líka farið fram á það á síðasta þingi, ef jeg man rjett, að stofna gagnfræðakennslu við latínuskólann í Reykjavík, og af þeirri ástæðu er það jafnframt, að jeg vil eigi láta kosta til að kaupa hús á Möðruvöllum, eða leggja stórfje til gagnfræðaskóla út um land, meðan ekki er kom-

in fastari stefna á það, hvernig gagnfræðakennsla sje framkvæmd hjá oss.

Þá hafa komið tvær bænir um styrk til að læra söng og orgelspil, frá Magnúsi Einarssyni á Akureyri og Brynjólfi Þorlákssyni í Rvík. Jeg ætla ekki að mæla móti því, að þessir menn sjeu vel hæfir til að nema þessar íþróttir. Jeg er meira að segja sannfærður um, að þeir sje vel hæfir; en þeir eru ekki þeir einu, sem eru vel hæfir til þessa starfa, ekki þeir einu sem látækir eru og styrks þarfnast; margir aðrir, hingað og þangað um landið, þurfa líka styrks, og hafa sterka löngun til þessa óg annars náms. En það er nú einu sinni svo, að ekki er hægt að styrkja alla, sem hæfileika hafa og verðugir eru styrks. Þess er líka að gæta, að þessir menn eru búsettir sinn í hvorum höfuðstað landsins, og væri þeim veittur styrkurinn, þá yrðu það eðlilega þessir tveir staðir, er mest gagn hefðu af starfi þeirra á eptir. Mjer finnst því engin ofætlun, að þessir höfuðstaðir landsins styrki þessa efnilegu menn sína til þessa náms. Þetta hafa sveitarfjelög og sóknarfjelög út um land opt gert, og þá ættu þessi bæjarfjelög að geta það eins.

Þá er að minnast á breytingartill. nr. 103 á atkvæðaskránni, um styrkinn til Jóns bónda Halldórssonar á Búrfelli. H. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) tók hart á h. þm. Borgf. (B. B.) fyrir það, að hann var á móti þessari tillögu, og kvað á honum rætast hið fornkveðna: »Höggur sá er hlífa skyldi«. En einmitt af því, að það er bóndi, sem á hjer hlut að máli, þá er jeg fastlega á móti þessari styrkveitingu. Hann hefir búið í 30 ár fyrirmyndarbúi, gjört jarðabætur, svo h. 2. þm. Rangv. (Sighv. A.) segir að það hafi verið unun að koma til hans og sjá þær og ræða við hann. Jeg skil því ekki annað en að hann hafi áunnið sjer svo mikið traust og vinsældir sveitunga sinna, að þeir láti hann ekki fara á vonarvöl. En ekki vil jeg heldur taka þátt í slíkum samskotum sem h. þm. Borgf. (B. B.) byrjaði á hjer í dag í deildinni handa þessum bónda; því slíkt álít jeg til smánar sveitungum hans. Því ef þessi maður hefir verið slíkur dugnaðar- og heiðursmaður, eins og sagt er, — og um það efast jeg ekki —, þá bendir það á, að sveitungar hans og samhjeraðsmenn kunni ekki rjett að meta dugnað og mannkosti, ef þeir láta slíkan mann fara á vonarvöl, eða lifa af bónbjörgum.

Jeg er hræddur um, að ef þessar fjárveitingar komast á, þá dragi þær illan dilk á eptir sjer. Menn kvarta yfir eptirlaunabyrðinni, sem von er; en ekki sýnist það miða til að ljetta hana, að koma bændum á eptirlaun líka. Því við eigum — sem betur fer —, svo marga heiðvirða menn í bændastjett, að það mundi ærinn útgjalda-auki landssjóði, ef ætti að veita eptirlaun öllum bændum, sem til þess hafa verðleika. Jeg er því algerlega á móti þessari tillögu. Bændur hafa til þessa aldrei þurft að krjúpa á knje fyrir fjárveitingarvaldinu, og biðja um styrk til að geta lifað. Það er embættismannanna að sæta því lagi, enda hefir þeim lengi verið um það brugðið.

Jeg vil ekki að bændur geri sig seka í því sama; þeir hafa hingað til barizt við alla ókosti lands vors, án þess að hafa öðrum aukauppsprettum að treysta en sínum eigin handafla. Hann hefir hingað til blessazt þeim, og svo vona jeg enn verði.

Hæstv. landsh. tók það fram, að ef samþykktar væri allar þær upphæðir, sem fjárlaganefndin vildi leggja til að veittar yrðu, þá hrykkju tekjurnar ekki fyrir gjöldunum. En hvað mun þá verða, ef nú yrðu samþykktar allar þær breytingartill. hinna h. þm., sem miða til

að auka útgjöldin? Jeg er samdóma hæstv. landsh. um það, að það er mjög varlegt að auka útgjöldin til þeirra fyrirtækja, sem tvísýnt gagn er að, og sem ekki miða þjóð vorri til neinna verulegra framfara. Það er sorglegt að sjá, hvað þjóðin er orðin gagntekin af þessum ölmusuanda. Hann komst á hæst stig á árunum 1883—85, því að þá fengu prestaskólasveinar styrk til að fara erlendis og leita sjer lækninga, ef þeim varð illt í augum!, ef mig minnir rjett. En á þingi 1887 var nokkuð tekið í taumana með þessar bitlingagjafir, enda sáust þess merkin, því 1889 voru fjárbænirnar talsvert smátækari. Þingið í hitt eð fyrra var aptur nokkuð örara við einstaka menn. Og nú eru fjárbænirnar líka miklu meiri, eða alls 85 að tölu, og nema alls eigi minna en á annað hundrað þúsund krónur. Jeg hefi ekki talið þær nákvæmt saman. Með því að sinna fjölda af þeim, vinnur því þingið tvennt illt: eyðir fje landsins til lítilsverðra hluta, og glæðir að mun þessa auðvirðilegu bitlingasýki, sem bágt er að vita, hvar lætur staðar numið. Jeg vildi óska, að h. deild athugaði þetta vel, áður en gengið er til atkv.

Einar Jónsson: Jeg hefi heyrt á umr. þessum, að ýmsum rís hugur við, að gefa breytingartill. þeim, er hjer liggja fyrir, atkvæði sitt, af þeirri ástæðu, að þeir eru hræddir við, að útgjöldin fari fram úr tekjunum, þó að þeir að öðru leyti sjeu ekki á móti þeim. Það gæti nú verið ástæða til þessa, ef fjárhagur landssjóðs stæði mjög illa; en jeg álít að það sje nú alls eigi, og því sje þessi kvíði ástæðulaus. Þess vegna álít jeg, að svo framarlega sem menn álíta fjárframlögin miða til þess sem þarflegt er, eða nauðsynlegt, þá þurfi þessi ástæða einsömul eigi að fæla menn frá að greiða atkvæði sitt með þeim. Væri hjer að tala um, að veita fje, venju fremur, til óþarfa, ætti að sjálfsögðu að fara varlega í það; en það er alls ekki tilfellið, og skal jeg fara nokkuð nákvæmar út í það.

Ef vjer berum saman það fje, sem veitt var 1891 fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil, við það, sem nú er talað um að veita, þá sjest þetta glöggt. Í 10. gr. fjárlagafrumv. er nú mjög lítið meira veitt til þeirra mála, er þar ræðir um, en 1891; en í 11. gr. verður dálítið hærri upphæð veitt eptir frv. nú, um 8000 kr. Aptur er óvíst hvað mikið verður veitt í 13. gr. Í fjárlögunum fyrir 1892—1893 voru útgjöldin í henni 262,296 kr., en í fjárlagafrv. nú 249,666 kr., eins og það liggur fyrir frá stjórnarinnar hendi; og er það rúml. 12,600 kr. minna en síðast, og má þá nokkuð veita umfram það til þess, að eins mikið verði veitt nú í þeirri grein eins og 1891. Fjárlaganefndin ætlar nú ekki að hækka útgjöldin í þessari grein nema um 2000 kr. En svo koma ýmsar breyt.till. frá h. þingdm., þar sem útgjöldin hækka um 18,900 kr., og mun sumt af þeim verða samþykkt, en sumt ekki. Og þó að þær yrðu allar samþykktar, sem jeg legg alls eigi til með þessum orðum, þá væri mismunurinn ekkert ógurlegur. Aðalmismunurinn kemur fram í 12. gr. til samgangnanna. Í henni voru veittar 239,100 kr. 1891, en í fjárlagafrumv. stjórnarinnar nú voru í þessari grein áætlaðar 295,500 kr.; en nú er samþykkt hjer í deildinni, að veita 342,000 kr. eða 103,000 kr. meira en á síðasta þingi, og mun engum blandast hugur um, að því fje sje vel varið, sem til þeirra mála er varið. Auðvitað er vansjeð, hvort það kemur að fullu haldi, en hvort heldur það ber meiri arð eða minni, þá sýnir alþingi með þessari fjárveiting, að það leggur aðaláherzluna á, að bæta samgöngur og búnað í

landinu, og vill ekki skera það fje við neglur sjer, sem til þess er ætlað, og það verð jeg að álíta að sje alveg rjett stefna. Hæstv. landshöfðingi var að vara h. þingdm. við því, að ef allar þær breyt.till. yrðu samþyktar, sem nú liggja fyrir, mundi verða sjóðþurð, þ. e. útgjöldin fara fram úr tekjunum, en jeg er sem sagt ekki svo hræddur við það þó svo yrði, ef útgjöldin eru nauðsynleg í sjálfu sjer, því að útlitið með fjárhaginn er gott, eins og jeg skal nú sýna. Þegar litið er á síðasta fjárhagstímabil, þá sýna landsreikningarnir 1890—1891, sem nú er búið að samþykkja, að tekjurnar hafa alls orðið í reyndinni 1,207,184 kr. 51 e. fyrir þau ár. Að tekjurnar yrðu svo miklar þá, vissu menn auðvitað ekki á þinginu 1891, og áætluðu því tekjurnar fyrir fjárhagstímabil það, er nú stendur yfir, að eins 1,069,800 kr., eða 137,384,51 kr. minni en tekjurnar hafa reynzt 1890—91. Jeg get nú eigi sjeð, að nokkur sjerleg líkindi sjeu til þess, að tekjurnar fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil verði minni en 1890—1891, heldur er líklegt, að þær verði fullt eins miklar, og tekjuafgangurinn við lok þessa fjárhagstímabils þess vegna mikill. Ef jeg vildi áætla þann afgang nokkurn veginn, þá yrði sú áætlun þannig: Ef gjört er ráð fyrir líkum tekjum nú (1892—93), eins og 1890—1891, færu þær fram úr áætlun þingsins 1891 um c. . . . . 137380 kr.
Afgangur, sem þá var áætlaður var c. . . . . 15066 —
Þar við bætist það fje, sem ætlað var til gufuskipaferða, en verður eigi notað á fjárhagstímabilinu c. . . . . 69000 —
Þetta verður samtals . . 221446 kr.
Þó er enn ótalið nokkuð af eptirlaununum, sem ákveðin eru í 15. gr. fjárlagafrumv. 1891, sem líklega kemur ekki til útborgunar, allt að 6,000 kr. Af þessu má sjá, að mikil líkindi eru til, að tekjuafgangurinn við lok þessa fjárhagstímabils, er nú stendur yfir, verði um 220,000 kr.

Tekjurnar á næstkomandi fjárhagstímabili (1894—1895), sem nú er verið að semja fjárlög fyrir, eru nú að vísu áætlaðar 77,700 kr. hærri en 1891, en jeg fæ eigi sjeð neina sjerlega ástæðu til, að tekjumismunurinn verði eigi meiri en það. Það virðast allar líkur til, að tekjurnar fyrir þetta næstkomandi tímabil verði eigi minni en fjárhagstímabilið 1890—91, og ættu tekjurnar þá að verða 59,684 kr. hærri en nú er áætlað. Þess má einnig geta, að í 15. gr. frumv. er áætlað til eptirlauna 86,000 kr., en ekki eru líkindi nú til þess, að borga þurfi nema 80,000 kr., og mun þar því sparast fje, allt að 6000 kr. Jeg veit ekki, hvers vegna h. fjárlaganefnd ætlar svona mikið fje til vara í þessari gr., því að reynslan hefir ekki sýnt, að nein þörf sje á því, en í sjálfu sjer gjörir það lítið til, því að eigi verður meira borgað út að heldur, en skylt er. Þar sem þannig eru öll líkindi til, að tekjuafgangurinn við lok þessa yfirstandi fjárhagstímabils verði um 220,000 kr., og tekjurnar fyrir fjárhagstímabilið 1894—95 um 65,000 kr. hærri en nú er áætlað, þá verður eigi annað sagt en að útlitið sje yfir höfuð álitlegt. Að vísu kemur að líkindum stór upphæð til útborgunar á næsta fjárhagstímabili, sem ekki er enn tekin inn í frumv., þar sem samþykkt eru lögin um Þjórsárbrúna, og eru það 75,000 kr., og auk þess, ef til vill, aukaþingskostnaður, einar 25,000 kr. Samtals 100,000 kr. En þó að svo sje, er auðsætt, að ástandið er samt sem áður álitlegt, og engin líkindi til, að nein hætta sje á ferðum.

Jeg hefi viljað taka þetta fram, svo

að menn gætu fengið nokkurn veginn glöggt yfirlit yfir fjárhaginn, til þess að h. þingmenn þurfi eigi að hika við að greiða atkvæði með þeim gjaldaliðum, er þeir álíta nauðsynlega landi og lýð til þrifa, og þeir eru sannfærðir um að rjett sje varið, einungis af þeirri ástæðu, að hættulegt sje að láta útgjöldin fara fram úr hinum áætluðu tekjum.

Skúli Thoroddsen: Jeg stend ekki upp til að halda neina langa ræðu, heldur að eins til þess, að minnast á nokkur atriði, og skal jeg þá fyrst leyfa mjer að fara nokkrum orðum um 94. tölul. á atkvæðaskránni, er ræðir um styrk þann, sem fjárlaganefndin vill veita til þess að semja skrá yfir landsskjalasafnið.

Hæstv. landshöfðingi hefir að vísu komið fram með nokkur mótmæli gegn þessari fjárveitingu, og jeg get ekki neitað því, að mig furðaði nokkuð á því, því að jeg hjelt þvert á móti, að honum, sem æðsta umsjónarmanni safnsins, hlyti að vera einkarannt um það, að skipulagið á þessu safni væri sem bezt. Reyndar mun vera svo ráð fyrir gjört, að safn þetta standi aðallega undir umsjón landritarans, en hann hefir, sem eðlilegt er, svo mörgum öðrum störfum að gegna, að hann getur ómögulega komizt yfir að skrásetja svo stórt safn, og koma skipulagi á það, því að til þess hlýtur að þurfa ærinn tíma; og þess vegna hefur þingið veitt sjerstaka fjárupphæð til þessa starfa.

Hæstv. landshöfðingi tók það nú að vísu fram meðal annars, að honum þætti það undarleg aðferð af þinginu, að vera að veita fje í þessu skyni, án þess að hlutaðeigandi embættismenn hefðu óskað þess; en jeg held, að þetta sje þó ekki svo undarlegt, því að þó að ekki sje litið nema á nafn safnsins, »landsskjalasafnið«, þá bendir það á, að þinginu sje safn þetta eigi óviðkomandi, fremur en hver önnur eign landsins.

Eins og kunnugt er, var styrkur fyrst veittur í þessu skyni á þinginu 1887, og var það þá tekið fram ljóslega í fjárlagafrumvarpinu, að styrkur þessi væri eingöngu ætlaður til þess að semja skrá yfir stiptsskjalasafnið, og mjer er kunnugt um það, að það vakti fyrir alþingi 1891, að styrkur sá, sem þá var veittur, skyldi að eins notaður til skrásetningar tjeðs safns, og það, að styrkveitingin var 1891, eins og hún var orðuð í fjárlögunum, bundin við »landsskjalasafnið«, mun eingöngu hafa verið því að kenna, að þingmenn munu þá ekki hafa haft í huga augl. 3. maí 1882; en af tjeðri augl. sjest, að landsskjalasafnið innibindur í sjer ýms fleiri skjalasöfn en stiptsskjalasafnið eitt; en þrátt fyrir þetta var þó meining þingsins 1891 að eins sú, að veita fje til að raða stiptsskjalasafninu, og sama skilning hafa landshöfðingi og landritari auðsjáanlega lagt í þessa fjárveitingu, því að eptir samráði við þá hefir maður sá, sem raðað hefir niður skjölunum, eingöngu fengizt við skjölin í stiptsskjalasafninu. En til þess nú að þetta valdi engum misskilningi, og svo að það sjáist, að það ekki er meining þingsins, að heimta það, sem ómögulegt er, að cand. Hannes Þorsteinsson komi skipulagi á öll þau skjalasöfn, sem til heyra landsskjalasafninu, þá hefi jeg hugsað mjer, eptir samráði við meðnefndarmenn mína í fjárlaganefndinni, að koma með breyt.till. til 3. umr., svo að stiptsskjalasafn komi fyrir landsskjalasafn, og þá vona jeg líka, að það ávinnist, að hæstv. landshöfðingi verði síður á móti þessari fjárveitingu, sem hann, eins og áður hefur verið tekið fram, var svo einstaklega hlynntur, og

áleit svo nauðsynlega 1887, þó að orð hans á þessu þingi hafi virzt falla nokkuð í aðra átt.

Þá sný jeg mjer að breyt.till. um styrkinn til Nickolins tannlæknis, og mun jeg greiða atkvæði með honum nú, eins og jeg gjörði á síðasta þingi, því að jeg álít það nauðsynlegt, að hafa einn tannlækni hjer á landi; að vísu fer breyt.till. þessi fram á, að veita tannlækninum 600 kr. á ári, og er það 100 kr. meira en hann hefir samkvæmt núgildandi fjárlögum; en mjer finnst, að þessi litla hækkun sje ekki það, sem landssjóð dregur nokkuð verulega, og vona jeg því, að enginn láti þessa litlu hækkun fæla sig frá því, að greiða breytingartill. atkvæði sitt, enda mun herra Nickolin opt og einatt fá verk sitt ljelega eða alls ekki borgað, þegar fátæklingar eiga hlut að máli.

Þá býst jeg við, að ekki þyki hlýða, að ganga alveg þegjandi fram hjá þessari nafnfrægu fjárveitingu, sem getur um í 97. tölulið á atkvæðaskránni, og sem margir háttv. þingdeildarmenn hafa þegar minnzt á með svo aðdáandi orðum, en það er 5000 kr. uppbótin til herra Tryggva Gunnarssonar fyrir starf hans við Ölvesárbrúna, er þykir hafa verið bæði meira og betra en umsamið var. En máli þessu víkur svo við, að enginn reikningur hefur verið fram lagður, og engin sönnun hefur verið færð fyrir því, að hr. Tryggvi Gunnarsson ætti heimtingu á þessari upphæð. En á ræðum háttv. þingdeildarmanna hefir mjer skilizt, að af því að herra Tryggvi Gunnarsson sje svo einstakur »sóma- og dánumaður«, þá sje það atriði eitt, að hann ætli að láta sjer lynda með 5000 kr., full og nægileg lagaleg sönnun fyrir því, að þessi sami »sómamaður« hafi lagaheimtingu á 11600 kr.!, og þá sjálfsagt sanngirnis- rjettlætis- og þakklætis-kröfu fyrir — segjum — 30—40 þúsundum!

En jeg skal ekki fjölyrða um þessa fjárveitingu, því að jeg ætla mjer eigi að greiða um hana atkvæði, og vona jeg, að háttv. þingdeildarmenn taki þá undanfærslu mína gilda, er þeir nú heyra ástæðuna:

Eins og kunnugt er, hefi jeg átt í dálitlu málaþrefi í vetur, sem bæði Tryggva og öðrum var kunnugt um, að fráleitt hefir verið stofnað til þess að gjöra framtíð mína og minna glæsilega; en í desember f. á., einmitt þegar sá eltinga-gangur stóð sem hæst, þá var jeg svo heppinn — eða óheppinn —, hvað jeg á að kalla það, að fá brjef frá þessum »dánumanni«, sem jeg annars eigi hefi haft þá ánægju að standa í brjefaskiptum við; og af því að brjef þetta er svo stutt, að jeg kann það orðrjett, og einkum af því, að það inni-heldur svo ágæta sjálfs-lundernislýsing á þessum valinkunna sóma- og dánumanni, þá vil jeg með leyfi hæstv. forseta hafa það upp fyrir deildinni; brjefið var svo hljóðandi:

»Hr. Skúli Thoroddsen!

Velbekomme.

Tr. Gunnarsson«.

Ef jeg nú með atkvæði mínu í þessu máli segði: »velbekomme, hr. Tryggvi Gunnarsson«, þá er jeg hræddur um, að það atkvæði mitt yrði máske misskilið, og af þeirri orsök ætla jeg mjer eigi að neyta atkvæðisrjettarins.

Breytingartill. um styrkveitingu til frú Torfhildar Hólm get jeg gefið atkvæði mitt, og sama er að segja um styrkveitingu til Jóns bónda Halldórssonar, enda er það hvorttveggja, að fjárupphæðir þessar eru eigi stórar nje tilfinnanlegar fyrir landssjóðinn, og um verðugar persónur að ræða.

H. þm. Borgf. (B. B.) tók það fram

að vísu í dag í hinni löngu ræðu sinni, að hann væri á móti því, að fara að veita þessum bónda styrk, af því að hann yrði að skoða það eins og nokkurs konar ölmusu; en jeg álít, að það sje allt annað en ölmusa, þó að þingið veiti þessum gamla heiðvirða bónda, sem allir játa, að hafi verið sómi stjettar sinnar, nokkurn styrk í elli hans, og þó að h. þm. Borgf. (B. B.) sje á móti eptirlaunum, þ. e. lögboðnum rjetti hvers embættismanns til ellistyrks af opinberu fje, þá sje jeg ekki, að það sje næg ástæða fyrir hann til að vera á móti þessum styrk. Hvað mig snertir, þá er jeg einnig á móti lögboðnum eptirlaunarjetti; en hitt álít jeg rjett og vel til fallið, að það sje á þingsins valdi, að veita þeim einhvern ellistyrk, og gera þeim ellina sem áhyggjuminusta, er staðið hafa vel í stöðu sinni, og verið þjóð sinni til sóma, í hverri stjett sem þeir hafa verið; og frá þessu sjónarmiði get jeg ekki álitið það neitt hneyksli, að veita heiðvirðum, dugandi bónda lítinn styrk.

Þorlákur Guðmundsson: Umræðurnar eru orðnar svo langar, að jeg skal bera mig að vera sem stuttorðastur. Það hefir mikið verið minnzt á ölmusur, og vil jeg ekki líða þær í sundur hvora fyrir sig, en jeg vil lýsa því yfir að jeg mun halla mjer að till. nefnd. í þessu efni. Jeg ætla að latínuskólinn hafi nægilegan ölmusustyrk sem stendur, svo framarlega sem honum er rjettilega varið. Það getur alls ekki verið meiningin að veita embættismanna og efnamanna sonum þennan styrk, heldur þeim piltum, er sannarlega hafa þörf á því, og ávinna sjer hylli yfirboðara sinna með elju og ástundunarsemi. Aðsóknin að latínuskólanum mun víst vera nóg sem stendur, og álít jeg það eins gott fyrir menn, að venja sonu sína við búskap, og gera úr þeim nýta bændur, eins og að vera að halda þeim til náms, sjerstaklega ef þeir nú ekki fá neitt embætti, þegar þeir eru orðnir útlærðir, eins og öll útlit eru til nú, ef þessari fjölgun námsmanna heldur áfram, eða ef þeir, eptir allt það, sem búið er að kosta upp á þá, bæði frá landsins og feðra og frænda hálfu, snúa svo baki við landinu, og fara til Ameríku. Aptur á móti er það rjett, að fátækum, efnilegum og gáfuðum piltum sje veittur nokkur styrkur, svo að þeir geti haldið áfram námi sínu, og mun jeg halla mjer að tillögu nefnd. í því efni. Jeg ætlaði að minnast á þá breyt.till. h. þm. Borgf. (B. B.) um, að færa niður styrk þann, er ætlaður er Benedikt Gröndal, til þess að safna til myndasafns af íslenzkum dýrum, og semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda, og um að fella burt nokkuð af athugasemdinni. Mjer finnst h. þm. Borgf. (B. B.) vera nokkuð mislagðar hendur, eptir því, sem síðar kemur fram á atkv.skránni. En þetta er einn af vorum ágætismönnum, og jeg held jeg geti sagt um hann það, sem stóð í einu blaði hjerna, að hann sje fágætur fugl, þar sem hann væri bæði fræðimaður, listamaður og skáld. Jeg held, að skoðað frá öllum hliðum, þá sje hann ekki minni maður en síra Matthías, þótt eigi sje hann eins mikið andans skáld og hann.

Jeg álít, að það væri alls ekki of mikið að veita síra Matthíasi 1500 kr., ef hann ætti að verða af með hempuna, en hann mundi ekki verða betur staddur fyrir það en nú. En hvað því við víkur, að færa styrkinn upp, án þess að nokkur bæn frá honum í þá átt liggi fyrir, og öllu fremur það, að hann muni ekki þiggja styrkinn, nema með vissum skilyrðum, þá verð jeg að segja, að mig furðar á því. Jeg segi ekki þetta af því, að jeg sje á móti

síra Matthíasi, eða viðurkenni ekki, að hann sje styrks þessa eða verðlauna verður, en jeg verð að játa, að mjer er ekki um skáldastyrk yfir höfuð, og mun jeg halda mjer að stjórnarfrv.

Frá h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) hefir komið fram breyt.till. um styrk handa síra Stefáni Sigfússyni, til þess að fara utan, og kynna sjer lækningar á bráðafári og þess háttar sjúkdómum. Fyrir nokkrum árum voru landlæknínum veittar 600 kr. til hins sama. En þótt hann sje mikill lærdóms- og dugnaðarmaður, þá veit jeg samt ekki, hver árangurinn hefir orðið, hverju sem það er að kenna, hvort sem hann hefir ekki komizt til þess, eða það er svo erfitt að kynna sjer slíka hluti. Á síðasta þingi stakk jeg upp á, að þeim væru veittar 300 krónur, sem gæti fundið upp ugglaust meðal við bráðafári; peningana skyldi eigi útborga fyr en hann hefði fundið meðalið og það hefði reynzt óbrigðult. Jeg hafði raunar ekki miklar vonir, en áleit þó, að það væri reynandi. En þessi uppástunga mín var felld hjer í deildinni. H. þm. Húnv. (B. S.) minntist á dýralæknaefni vor, og sagði, að þeir mundu líklega kynna sjer lækningar á fárinu áður þeir kæmu heim og settust í embætti. Jeg held og, að hið fyrsta, sem þeim væri skipað að gera, ætti að vera, að rannsaka bráðapestina og kynna sjer orsakir og útbreiðslu hennar. En þar sem þeirra er bráðlega von, þá álít jeg eigi, að nú sje ástæða til að veita fje þetta, en bezt sje að bíða þangað til þeir koma.

Jeg hefi sjeð eptir þennan tilnefnda mann ritgjörð í búnaðarritinu um bráðapestina, og er hún, eptir því sem á stendur, mikið fremur vel rituð; en óvíst er, hvort hún kemur að nokkru gagni. Sömuleiðis hefi jeg nýlega lesið ritgjörð eptir hann um lækningar á húsdýrum; en sú ritgjörð finnst mjer vera talsvert á reiki, þótt það megi af henni sjá, að hann hefir töluverðan áhuga á þessu. Get jeg því ekki gefið styrkveitingu þessari atkvæði mitt.

Jeg var í talsverðum vafa um, hvort jeg ætti að greiða atkvæði með styrkveitingunni til Hannesar Þorsteinssonar til þess að semja skrá yfir pakkana í landsskjalasafninu. En jeg sannfærðist af ræðu h. samþingismanns míns um, að það væri vafasamt, hvort rjett væri að veita styrk þenna. Það hefir verið sýnt fram á, að það er á óhentugum stað sem stendur, og meðan eigi fæst betra húsnæði, álít jeg illa fært, að leggja út í það, hvað sem síðar verður; en dýrt er drottins orðið. Jeg get tekið undir með h. þm. Borgf. (B. B.), að eitthvað þarfara mætti gera, en jeg er ekki samþykkur þeirri uppástungu h. þm., að láta Sæfinn bera hrúguna út á tjörn og brenna hana þar, því að jeg veit ekki betur en að í þessu skúmaskoti, sem h. þm. minntist á, sje líka rit eitt, er heitir »Alþýðublað«, og mundi það vera óbætanlegt tjón fyrir bókmenntir Íslands, ef aldurinn annars ynni á því og það færi forgörðum. Jeg vil taka undir með h. þm. Snæf. (J. Þork.), að eigi mundum vjer hljóta heiður mikinn hjá öðrum þjóðum, ef vjer brenndum safnið, en annað er það, hvort kostandi er ærnu fje til þess nú sem stendur.

Af því að jeg á síðasta þingi minntist á styrkinn til Nickolins tannlæknis, þá held jeg að jeg verði að gera það aptur nú, úr því hann nú aptur er kominn fram á vígvöllinn undir verndarvæng h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.). H. þm. minntist í því sambandi á augnalækninn á Akranesi, og fór orðum um, hve nauðsynlegt það væri, að hafa bæði augna- og tannlækni hjer í Reykjavík. Víst væri það dýrmætt; en það er ólíku saman að jafna, augnalækni

og tannlækni. Því að þótt tannlæknir sje nauðsynlegur og margir sjeu á þessu landi, sem þjáist af tannpínu, þá munu samt allflestir heldur vilja missa allar tennurnar heldur en sjónina, og það er dýrt að halda báða þessa menn. Hinn sami sagði og, að það væri æði leiðinlegt, ef þessi maður þyrfti aptur að hrekjast úr landi burt eða á sína sveit. En jeg get ekki sjeð, að það sje nein ástæða til að veita styrk þenna, og vona jeg, að styrkur þessi standi ekki optar í fjárlögum vorum.

Jeg ætla að minnast lítið eitt á eina breyt.till., sem jeg hefi skrifað undir; það er viðvíkjandi lánunum, síðari málsgrein. Jeg ætla að sleppa að tala um breyt.till. h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) við 90. tölul. nefndarinnar; má bæði mæla með og móti henni; en það var um lánin til þilskipakaupa, þar sem svo er ákveðið, að eigi megi veita nema 4000 kr. til hvers skips. Það álít jeg ekki heppilegt, því með því móti gæti svo farið, að ríkir menn, sem hefðu nóg veð að bjóða, gætu tekið upp meira en helminginn af láninu, því að ekki má gera ráð fyrir, að efnalitlir menn fái almennt veðlán, meðan skipin eru ekki í ábyrgð Tilgangurinn með láni þessu getur ekki verið sá, að gera ríka menn ríkari, heldur hitt, að gera fleiri menn ríka, eða rjettara sagt, að fleiri menn bjargist. Jeg álít það óþarft, að veita lánið fyrir svo langan tíma, því ef þilskip á annað borð heppnast, þá borga þau sig fljótt, svo jeg held að það væri betra, bæði fyrir lánveitendur og lántakendur, að ákveðinn væri styttri tími. Hitt gerir ekki annað en setja fjeð fast um lengri tími en nauðsynlegt er, svo að aðrir, er þörf hafa á því, geta eigi fengið að njóta þess.

Að endingu vil jeg minnast á hina almennu hlið málsins. Jeg skoða stöðu mína í þessu máli að nokkru leyti frá sama sjónarmiði, eins og þegar mjer er trúað fyrir fje ómyndugra, og að nokkru leyti sem væri það mitt eigið fje, sem hjer er um að ræða. Sumir hafa sagt, að það væri ekkert hætt við sjóðþurði; það getur verið. En er oss fyrir það eigi allt eins skylt að viðhafa allan sparnað? En þótt oss nú ekki væri skylt að spara til framkvæmda og nauðsynlegra fyrirtækja, þá er oss þó skylt að halda í spottann, þegar um einstaka menn er að ræða. Það er naumast hægt að koma með fjárbón inn á þing án þess einhver mælskumaðurinn geti komið á hana látúnslit, — jeg vil ekki segja gullslit.

Jeg get vel trúað því, að fjárhagur landsins sje góður sem stendur, og að afgangur muni verða af tekjunum, eins og h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) gat um, því að nú er eitthvert hið bezta árferði, og það er ekki opt, sem svo mörg góð ár fara saman á einum fjórðungi aldar. Það eru heldur ekki mörg ár síðan, að hallærisár gengu, og þingið varð að gefa eptir fasta skatta þing eptir þing; ekki einungis í Gullbringu- og Kjósarsýslu, heldur jafnvel í Húnavatnssýslu, sem er einna efnamesta sýslan á landinu, varð að taka stór hallærislán. Þetta getur komið fyrir aptur, þegar minnst vonum varir, og er því varhugavert að brúka upp allar tekjurnar. Jeg hefi ætíð álitið, að það væri skylt að safna dálítið í kornhlöður í góðu árunum. Vitanlega er mikið af fje landssjóðs fast, sem eigi gengur greitt að heimta inn, t. d. sum hallærislánin, sem eru óborguð enn, eptir svona mörg ár, og eptir margítrekaðar tilraunir. Jeg álít það allt eins skylt, að spara í góðu árunum og í þeim vondu. Ef það, að hafa afgang, er gott fyrir einstaklinginn, þá er það líka gott fyrir þjóðina í

heild sinni. En að jeta upp allt sem maður á og hafa enga hugsun fyrir morgundeginum, það er skrælingjum líkara en siðuðum þjóðum.

Sighvatur Árnason: Jeg vildi að eins tala fáein orð út af ræðu h. þm. Borgf. (B. B.), og skal jeg vera vægur við h. þm., af því að hann er steindauður. Eins og við var að búast, var margt gott í ræðu hans, þó öðru brygði fyrir, þar sem hann með henni var að búa sig undir dauðann. Honum var að heyra í orði kveðnu alvara að vilja spara fje landssjóðs, og er það æfinlega hrósvert. Jeg vona þess vegna, að ef honum er alvara í þessa stefnu, þá verði fyrir honum eins og fuglinum »Fönix«, að hann rísi upp aptur við 3. umr. með fersku fjöri, til að reyna að afmá eitthvað af hinum miklu og mörgu fjárupphæðum, sem samþykktar hafa verið og samþykktar kunna að verða við þessa umræðu að leggja á landssjóð. Það dugar ekki nóg að setja sig á móti litlum fjárbænum, en veita þeim áheyrn, sem biðja um krónur svo þúsundum skiptir, sem ekki hafa við betri rök að styðjast. Hef jeg þá sjerstaklega í huga þær fjárupphæðir, sem skipta þúsundum króna, sem þegar hafa verið samþykktar að landssjóður leggi fram, fram yfir það sem verið hefir, og sem h. þm. Borgf. (B. B.) mun hafa gefið atkvæði sitt við 2. umr. Vil jeg líka víkja þessum orðum til h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.), því mig minnir, að hann hafi verið helztur formælandi þessarar fjárveitingar, nefnilega hins mikla viðauka til búnaðarskólanna, sem jeg hefi svo mikið á móti.

Viðvíkjandi styrknum til Jóns bónda Halldórssonar lagði h. þm. Borgf. (B. B.) það til, að stofnað væri til samskota handa honum meðal þingmanna, og sendi hann mjer sem tillag frá sjálfum sjer 2 krónur. En jeg álít sjálfsagt, að hann, sem uppástungumaður, gjörist þá forgöngumaður þessara samskota, með því líka að þessi heiðursmaður á heima í sveit þingmannsins sjálfs. Þessvegna vil jeg biðja einhvern hinna háttvirtu skrifara að færa h. þm. Borgf. (B. B.) aptur þessar 2 krónur, og álít jeg rjettast að hann geymi krónurnar, þangað til búið er að greiða atkvæði um styrkinn til Jóns Halldórssonar.

H. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) var mikið á móti þessari litlu upphæð til Jón Halldórssonar, af því að hann væri bóndi. Jeg skal ekki tala neitt um þessa mótbáru, en láta h. þm. ráða, hvort hann vill heldur að þessi heiðursbóndi fari á sveitina en að hann fái þennan litla ellistyrk, 100 kr. á ári; hafi hann þm. heiðurinn af því. H. þm. Borg. (B. B.) ljezt verða að vera á móti þessari fjárveitingu af því, að hæstv. landsh. hefði sýnt fram á, að af þessum fjárveitingum mundi leiða sjóðþurð í landssjóði. En hann gleymdi að vera á móti gífurlegum styrk, sem skipti þúsundum kr., þ. e. styrknum til búnaðarskólanna.

Skal jeg svo ekki lengja umr. meir um hina einstöku liði á atkv.skránni, en láta atkvæðagreiðsluna sýna, með hverju jeg greiði atkv. og með hverju ekki. Jeg skal að eins geta þess, að atkvæði mitt fer á flestum stöðum í sparnaðaráttina þegar til kemur.

Jón Þorkelsson: Jeg skal þá taka þar til er jeg hætti í morgun, og hafa upp það, sem jeg gleymdi þá. Það er þá fyrst töluliðir 75 og 76 á atkvæðaskránni, styrkveitingin til að semja og gefa út orðabækur. Jeg get ekki sjeð að þörf sje á þessari styrkveitingu, því þar sem gjört er ráð fyrir að þessar bækur sjeu litlar og alþýðlegar, þá eru líkindi til að þær seldust nokkuð og þar af leiðandi mætti ætla að einhver

bóksali fengist til að gefa þær út, enda kostnaðurinn við útgáfu þeirra ekki svo fjarskamikill, úr því þær eiga að vera litlar, að neinum þeirra ætti að vera hann ofvaxinn, og ættu bóksalarnir að sjá sjer hag við að gefa þær út.

. Jeg ætla mjer ekki að fara að senna við hæstv. landshöfðingja um landsskjalasafnið, því að jeg sje, að við erum, þegar öllu er á botninn hvolft, báðir á sama máli um það, að það sje nauðsynlegt að koma því í lag. Jeg gleymdi að eins að geta þess, að það þarf ekki að semja skrá yfir skjölin lengra en fram til 1830, því þá taka við »Journalar« embættismanna, og þá yrði að eins þörf að semja registur yfir Journalana.

Þá verð jeg nú að víkja máli mínu dálítið að h. 2. þm. Árn. (B. Th. M.) og Þjóðvinafjelaginu. H. þm. þótti styrkurinn allt of mikill. Það hafa komið fram 2 breyt.till., um 1000 kr. og 500 kr.; jeg er h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) samdóma um það, að 1000 kr. sje ekki of mikið til þess, að fjelagið geti lagað fjárhag sinn. H. 2. þm. Árn. (B. Th. M.) fann það Þjóðvinafjelaginu til foráttu, að það gæfi út svo vondar bækur; honum fannst það vera svo mikið bull, sem stæði í Almanakinu. Jeg vil nú leyfa mjer að benda h. þm. á, að hvað sem honum kann að finnast, þá eru þessar bækur mjög vinsælar hjá alþýðu manna, og falla henni mjög vel í geð; auk þess gat þm. þess, að það væri engra manna siður, að veita fjelagi styrk til að komast úr skuldum. Mig smýgur nú það, að þm. muni þó ekki ókunnugt um það, að fjelag eitt í Kaupmannahöfn hefir nýlega fengið úr dönskum sjóði styrk upp á 1000 kr. á ári í þrjú ár, með sjerstöku tilliti til þess, að það var í skuld. (*B. Th. M.*: Nei! Þetta er ekki rjett!). Sá sagði mjer sem styrkinn útvegaði, og mun ekki sitja á 2. þm. Árn. (B. M.) að, vefengja orð hans.

H. sami þm. (B. M.) fann það Forngripasafninu til foráttu, að það væri húsnæðislaust og því ætti ekki að veita því fje. Jeg veit nú ekki betur en h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) og þessi þm. hafi í gærkvöldi skrifað undir þingsályktunartillögu um, að stjórnin leggi fyrir næsta þing teikningar og áætlanir um kostnað yfir byggingu á húsi fyrir söfnin.

H. sami þm. (B. M.) talaði um skrá yfir Forngripasafnið, og áleit óþarft að semja skrá yfir það allt, af því að enginn ljeti sjer detta í hug slíka fásinnu við söfn erlendis. Þetta voru þm. orð. Jeg get nú frætt þennan þm. um það, að það er allra almennilegra safna siður, að hafa skrá yfir allt sem þau eiga, smátt og stórt. Það vill einmitt svo vel til, að jeg get bent honum á eitt safn í Kaupmannahöfn, sem hann kannast ef til vill við, en það er »Dansk Folkemuseum«. Jeg vona að þm. hafi heyrt það nefnt; mjer er það vel kunnugt, að það hefir gert skrá yfir alla þá muni sem það á, því jeg hefi sjálfur átt þátt í að semja skrána. Skrár þær, sem forngripasafnið hefir gefið út hingað til, eru einmitt ágætar, og hafa sjálfsagt haft mikla þýðingu fyrir safnið út á við, bæði fyrir þá sem hafa notað það, og svo orðið til þess, að safninu hefir orðið betur til gripa. Þegar menn sjá hluta þeirra getið að nokkru sem merkra, er menn láta safnið fá, er það hvöt bæði fyrir sjálfa þá og aðra til þess, að útvega safninu gripi framvegis.

H. sami þm. (B. M.) talaði um, hvernig ætti að raða niður skjalasafninu og kvaðst mjög kunnugur slíkum söfnum, en af ræðu hans gat jeg ekki sannfærzt um, að það væru meir en 2 vegir til að semja skrá, annaðhvort með

því að skrá skjölin eins og þau liggja fyrir, og semja svo registur yfir skrána eptir stafrofsröð, eða þá að skrá þau eptir efni. Hvaða aðferð er viðhöfð í ríkisskjalasafni Dana, skal jeg ekki segja neitt um, en mjer dettur ekki í hug að efast um, að hann sje orðinn því skjalasafni mjög kunnugur, eptir þann hálfan annan mánuð, sem hann var búinn að vera þar, áður en hann fór á stað frá Kaupmannahöfn, hafandi aldrei kynnzt því fyrri.

Hvað snertir tölulið 90 á atkvæðaskránni, þá hef jeg af orðum hins títtnefnda þm. sannfærzt um, að það sje full ástæða til að veita ekki þennan styrk. Hann hefir getið þess, að sjer hafi staðið til boða álíkur styrkur frá Dönum, áður en hann sótti til þingsins, en af einskærri ættjarðarást, — þingmaðurinn hefir, eins og menn vita, þetta orð ættjarðarást svo opt á vörunum, að sumum ættjarðarvinum og góðum drengjum má standa óhugur af slíku fleipri með það orð —, en af einskærri ættjarðarást, segi jeg, þá vill hann unna fósturjörðinni þess, að sitja fyrir með það að verða af með þessar krónur; en hann hefir gengið lengra; hann vill líka af einskærri og fölskvalausri ættjarðarást rita Íslandssögu á Dönsku.

Þm. talaði um, að kunningi hans, sæmdarmaðurinn Bogi Th. Melsteð, gæti ekki skilað af sögunni 24 örkum á fjárhagstímabilinu, því þá yrði það fremur safn en saga.

Jeg tel það nú álitamál, hvort ekki mundi vera eins holt, að hann að eins safnaði til sögunnar, en semdi hana ekki. Maður hefir sjeð ritsmíðar þessa dánumanns, svo sem um menningarskóla og Eyrarbakkaverzlun, og eru margir þeirrar skoðunar, að á þeim sje alls ekki nein ritsnilld, svo að þingmanninum ferst ekki að tala mjög digurt um Þjóðvinafjelagsalmanakið; en jeg stóð nú ekki upp til þess, að lýsa skoðun minni sjerstaklega á þessum ritum, enda tæki það of langan tíma; en þegar um svo stórt fyrirtæki og vandasamt er að ræða, eins og að rita sögu landsins, er eðlilegt að menn vilji helzt vita, að sá maður, sem það á að gera, sje góður rithöfundur. Hjer þykir nú sumum nokkur efi á því, og verður það því, eins og jeg tók fram, álitamál, hvort ekki væri betra að hann að eins safnaði til sögunnar, en ljeti hitt vera. En þá skal jeg líka, ef þetta á að vera safn eitt, geta þess, að það er óþarft fyrir hann, að gefa sig við fornöldinni, því allt sem til er frá þeim tíma, er fyrir löngu búið að gefa út, svo að sá sem vill rita sögu hennar hefir allt efnið á borðinu fram lagt.

Út af orðum sama þingm. má geta þess, að það er mikill munar á því, að rita þessa sögu eða gefa út Fornbrjefasafnið, því sá sem hana ritar, mun ekki verða svo hraðfara, að hann hafi ekki allt verkefnið lagt prentað upp í hendurnar á sjer, þegar kemur að hverju einstöku, en útgef. Fornbrjefnsins veit ekkert, hvar verkefnið er, og verður fyrst að leita að því.

Mig grunar nú, að það fari svo, að þessi maður, sem býður sig fram hjer, til að rita sögu landsins, beri ekki óðara á en svo, að hann bíði eptir því, að útget. Fornbrjefasafnsins brjóti ísinn, og renni svo í kjölfarið.

Þm. sagði líka, að það væri miklu nær að veita Boga Th. Melsteð fje, af því hann hefði ekki gert neitt fyrir styrkinn sem sýnilegt væri, en að vera að hugsa um að láta útgefanda Fornbrjefasafnsins hafa nokkuð, af því hann hafði gert svo langtum meira. En þetta er nú þessi gamli amlóða-hugsunarháttur, að

meta það að engu, sem vel er gert, en ala upp í mönnum aðgerðaleysi og heigulsskap.

Hann sagði, þm. (B. M.), að hann hefði frá blautu barnsbeini, frá því hann myndi fyrst eptir sjer, borið það fyrir brjóstinu, að sýna fósturjörðinni þann sóma, að skrifa um hana sögu; ja, hann hefir lengi sleipur verið, 2. þm. Árn. (B. M.). Jeg man það fyrst til sögu þessa merkismanns, — hann ritar vonandi sögu um það —, að hann var það sem kallað er roðhænsni í 1. bekk.

Það var svo margt af því, sem h. þm. Borgf. (B. B.) talaði, sem hefði þurft að svara, að jeg sje mjer það ekki fært, að fara út í það allt saman; að eins vil jeg geta þess, að við kunnum því illa, þm., að vera kallaðir fingralangir í landssjóðinn. Hvað því viðvíkur, sem þm. hjelt fram, að heppilegast væri að flytja þessi fúnu blöð í landsskjalasafninu og landsbókasafninu út á tjörn, og láta Sæfinn brenna þau þar á báli, skal jeg geta þess, að slíkur skrælingja-hugsunarháttur mundi fordæmdur niður fyrir allar hellur alstaðar um víða veröld, og sá kallaður fífl, sem dirfðist að láta annað eins út úr sjer. Það er þá líkast til að þm. Borgf. (B. B.) vilji láta brenna öll þingtíðindin og þar með ræður þm. Borgf. sjálfs. Jeg hirði svo ekki að eltast framar við þessar hindurleysur.

Þá kemur nú sá virðulegi 1. þm. Ísf. (Sk. Th.). Hann talaði töluvert um styrkinn handa Boga Melsteð. Hann sýndi fram á, að mörg ágæt rit lægju eptir þennan mann, og meðal annars minntist hann á, að hann hefði ritað »Sýnishorn íslenzkra bókmennta». Það var nú reyndar ekki nema formálinn sem hann ritaði; hitt var eptir aðra; sá formáli hefði kannske eins vel mátt vera óskrifaður. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, af því jeg gleymdi því áðan, það er ekki rjett, að Bogi Melsteð hafi ekkert gert. Í frv. stjórnarinnar (bls. 35) sje jeg, að hann segist vera búinn að safna nokkru til sögu Íslands, og segist nú vera að rita verzlunarsögu Íslands. En hví vill hann þá ekki gefa söguna út? Sömuleiðis sje jeg, að hann er að semja rjettarfars- og stjórnmálasögu landsins. Það dettur yfir mig. Jeg vissi ekki fyr, að Bogi Melsteð væri lögfræðingur.

H. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) minntist áðan á, í sambandi við fjárveitinguna til Tryggva Gunnarssonar, á brjef eitt, sem hann raunar mundi fullsæmdur af að hafa þagað um, ef það annars er satt. En jeg skal ekki fara út í það, því jeg hefi fengið vitneskju um, að annar h. þm. muni svara upp á þann lið einhverju.

Þegar hinn sami h. þm. var að tala um skáldlaun handa Einari Hjörleifssyni, bar hann brigður á, að nokkuð hefði staðið í »Þjóðviljanum« nefndum manni til hnjóðs. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) er ritstjóri »Þjóðviljans«, og er í fjárlaganefndinni.

Nefndarálit fjárlaganefndarinnar kom ekki út fyr en þ. 26. f. m., en það blað af »Þjóðviljanum«, sem jeg á við, kom út þ. 20. f. m. En þetta er nú ekki meir en búast má við, eptir annari framkomu þm. Úr því að þm. ber brigður á orð mín, vil jeg til sönnunar máli mínu, með leyfi h. forseta, leyfa mjer að lesa upp umrædda grein úr nefndu málgagni

(Þjóðviljinn ungi Nr. 20, 1893):

»1200 kr. á ári! Það kostaboð liggur nú fyrir þinginu, að geta fengið hr. Einar Hjörleifsson, ritstjóra »Lögbergs«, heim til Íslands aptur, ef það vill leggja

í lófa hans 1200 kr. af landsfje á ári.

Töluverður vafi samt, hvort boðið verður þegið«.

Vill nú þm. Ísf. (Sk. Th.) neita því, að þetta standi í »Þjóðviljanum unga«? Vill hann neita því, að þetta sje sagt manni þeim sem í hlut á til miska, og í því skyni að gera honum minnkun? Það getur engum manni með öllum mjalla blandazt hugur um það, að þetta er skrifað hlutaðeigandi til óvirðingar, og er það sletturekuskapur af nefndarmanni, að birta í óviðkomandi blöðum hvað fram fer í nefnd, áður en þinginu er skýrt frá gjörðum hennar. (*Sk. Thóroddsen*: Þar stendur ekkert um álit fjárlaganefndarinnar). Nei, nefndarálitið stendur þar ekki.

Af því h. virðulegi þm. fór að tala í ljóðum, þá datt mjer um sama leyti í hug baga, sem er um mann, sem var þekktur að því, hve fljótur hann var að skipta um skoðanir sínar, eins og sagt hefur verið um h. þingm. Ísf. (Sk. Th.). Þessi maður hjet líka Skúli. Hann var að vísu enginn dánumaður, en það er enginn í efa um gagnvart h. virðulega þm. Ísf. (Sk. Th.). Með leyfi h. forseta skal jeg leyfa mjer að hafa vísuna yfir. Hún hljóðar þannig:

> Þótt afarreiður æpi hann
> og allur freyði túli,
> undan á skeiði ætíð rann.
> Engan meiðir Skúli.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg stend sjerstaklega upp til að bera hönd fyrir höfuð mjer; en skal þó byrja á því, sem ekki snertir mig beinlínis.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) brá skólastjórn og kennurum latínuskólans um, að þeir hefðu gjört fátækan pilt svo afskiptan, að þótt hann hefði verið næst efstur í sínum bekk eptir miðsvetrarprófið og setið milli tveggja pilta, er báðir hefðu haft 200 kr. ölmusu, þá hefðu honum að eins verið veittar 75 kr. Það hefur lengi verið regla, að veita piltum ekki ölmusu-styrk fyrsta árið, eða fyr en þeir hefðu nokkurn veginn sýnt sig, og þessi piltur var einmitt ný-sveinn; að vísu var hann svo heppinn, við miðsvetrarprófið, að verða annar í bekknum, en síðan var hann ýmist 5. eða 6. Þeir piltar sem hann sat á milli, fengu ekki heldur 200 kr. heldur að eins 100 kr. hvor. (*E. J.*: Þeir fengu 200 kr. um skólaárið). H. þm. N.-Múl. (E. J.) veit, að ölmusu-styrkurinn er veittur í tvennu lagi, annar hlutinn á haustin, og hinn eptir miðsvetrarprófið.

Það er vitaskuld, að stiptsyfirvöldin og kennarar reyna að úthluta styrknum eptir beztu vitund, en þeim getur nú skjátlazt, og það gæti h. þm. N.-Múl. (E. J.) sjálfsagt líka.

H. varaforseti (Þ. B.) var líka að bera það skólastjórninni á brýn, að einhver skekkja væri á við veitingar á ölmusum við latínuskólann, og færði hann það til, að sonur eins ríks manns hjer í Reykjavík hefði fengið heila ölmusu. Það er ekki satt, en hálfa ölmusu fjekk einn slíkur piltur skóla-árið 1864—65. En af hverju kom það? Af því að þá voru að eins 43 piltar í skóla, en ölmusur 40; fengu þá 37 piltar heila ölmusu, en 6 hálfa. Þetta fje var veitt áður en landssjóður var til, og því veitt úr ríkissjóði Dana, svo að hann þurfi ekki landssjóðs vegna að sjá eptir því. Hann kvaðst aldrei hafa beðið um ölmusu handa sonum sínum; það kann satt að vera, að hann hafi aldrei beðið um ölmusu, en svo mikið er víst, að sonur hans fjekk þrisvar sinnum ölmusu; en jeg játa það, að sá sonur hans átti það líka skilið, því að hann var bæði námfús og í öllu prýði skólans. Spurningin verður því sú: hvort eiga hinir efnilegustu einir að fá

ölmusu, eða fátæklingar einir, þótt eigi sjeu þeir efnilegir? Jeg held að tillit verði að taka til hvorutveggja.

Þar sem það hefur verið tekið fram, að ölmusurnar væru of margar, þá skal jeg geta þess, þótt mjer sje það nauðugt, að það liður ekki svo eitt ár, að Reykvíkingar miðli ekki piltum jafnvel þúsundum króna á ýmsan hátt. Jeg veit af einum fjárhaldsmanni, sem varð að lána piltum þeim, sem hann hafði fjárhald fyrir, svo að þeir fóru burt um vorið með eigi minna en 600 kr. skuld á baki. Nú eru 95 piltar í skóla, og hversu vel sem ölmusuveitingin er vönduð, þá veit jeg ekki, hvernig bændasynirnir og jafnvel sumir embættismannasynir eiga að komast áfram, verði ölmusum fækkað eins og hin h. fjárlaganefnd leggur til.

Það er til vonar, þótt foreldrum veiti erfitt að koma sonum sínum áfram í latínuskólanum, þegar þess er gætt, hversu kostnaðarmikið það er, og því naumast skynsamlegt eða rjettlátt, að gjöra þeim örðugra fyrir með það en nú er.

Þá verð jeg að finna h. þm. Borgf. (B. B.) dálítið. Hann talaði um ósparnað við skólahúsið, og að eigi væri þar til sparað hvorki utan húss nje innan. Jeg held jeg taki ekki of djúpt í árinni, þótt jeg segi, að h. þm. Borgf. (B. B.) hafi ekkert vit á því, sem hann þar var að tala um. Hann er að tala um, að það gangi seint, að mála skólann, en veit þó hvorki hvað stöðugt er verið við það, nje hvað fyrir það er borgað. Og er nokkurt vit í því að segja, að þegar látnar sjeu í skólann 5—6 rúður, þá sjeu 100 færðar inn á reikninginn? Hvað liggur í þessum orðum? Það felst í þeim sama sem að jeg steli af fje skólans, því að í þessum orðum getur ekkert annað legið en að jeg annaðhvort taki peningana sjálfur eða hylmi yfir með þeim, sem verkið vinnur. Þar að auki er það barnalegt, að ætla, að 5—6 rúður sjeu opnar í senn; jeg held piltum tyndist fara að gusta inn á sig, fyr en svo væri komið. Jeg get frætt h. þm. Borgf. (B. B.) á því, að jafn-óðum sem rúða brotnar, er önnur ný sett í hennar stað. Jeg hef aldrei fyr fengið álas fyrir að gjöra of mikið við skólann, en fyrir það hef jeg fengið álas bæði hjá piltum og öðrum, að jeg sparaði of mikið við hann.

H. þm. Borgf. (B. B.) bætti því við, að eptirlitið væri svo sljóft, að jeg hjer um bil sama sem svikist um allt mitt verk. En veit hann ekkert hvað hann fer með, eða hvað veit hann um eptirlit mitt á skólanum? Það væri gaman að fá að vita, hvernig ætti að fara að bjóða upp viðgjörð á hverju rúðubroti eða hverri smá-aðgjörð í skólanum, og þó hef jeg gjört það að nokkru leyti; því að þegar um nokkra verulega viðgjörð hefur verið að ræða, þá hef jeg spurzt fyrir, hver vildi það gjöra fyrir minnst. En það sjá allir, að nauðsynlegt er að hafa jafnan einhvern tiltekinn mann til að grípa til, þegar eitthvað fer úr lagi, og að það muni vera nokkuð umsvifamikið, að fara að hlaupa á milli allra smiðanna í bænum, til þess að vita, hver þeirra vilji taka það að sjer fyrir minnst, að gjöra við, þegar eitthvað smávegis bilar, svo sem rúða, lykill eða lás. Allt þetta sýnir, að h. þm. Borgf. (B. B.) hefur talað um hlut, sem hann ber ekkert skynbragð á.

Jeg segi mjer það ekki til lofs, en einhvern veginn stendur á því, að áður en jeg tók við umsjón skólans, var varið til ljósa, eldiviðar og ýmislegra

útgjalda í skólanum 4500 kr. á ári, en nú um mörg undanfarin ár hafa það ekki verið fullar 3000 kr. á ári. Jeg veit ekki, hvernig á að fara að spara öðru vísi en gjört hefur verið. En ef h. þm. Borgf. (B. B.) er mjög óánægður, þá er honum bezt að skrifa stiptsyfirvöldunum til, og biðja þau að reka þennan mann frá, sem nú hefir umsjón með skólanum, frá þessari umsjón; með því fær hann víst lag á hana.

Jeg ætla að eins lítillega að minnast á einstök önnur atriði.

H. 2. þm. Árn. (B. M.) tók það fram, að hægt mundi að fá herbergi handa landsskjalasafninu hjá landsbókasafninu, en jeg gat þess áður, að búið væri að segja bókmenntafjelaginu upp þeim herbergjum, sem það hefur haft, af því að landsbókasafnið þyrfti á þeim að halda. Það er þessa dagana verið að smíða hurð fyrir innra herbergið; þangað á að flytja nokkuð af handritasafni því, sem landsbókasafnið á; því að handrita-herbergið er með öllu fullt orðið, og þá er ekki eptir autt nema fremsta herbergið, og má geta nærri, að það mun fljótt fyllast. Jeg hjelt að jeg væri kunnugur landsbókasafninu og húsrúmi þess, því að jeg hef verið við það riðinn síðan 1849, og forseti stjórnarnefndar þess nú um mörg ár.

Þá fannst mjer h. þm. Borgf. (B. B.) hnjóta í það, sem jeg talaði um herra Tryggva Gunnarsson. Jeg tók það nú skýrt fram í gær, að af þeim 60000 kr., sem hann átti að fá, hefði hann aldrei fengið nema 56400 kr.; og að því sjeu eptir af þeirri upphæð 3600 kr., sem hann á heimtingu á, því að enginn getur ætlazt til, að hann borgi þá uppdrætti, sem gjörðir höfðu verið áður en hann tók að sjer verkið, og sem hann notaði aldrei, og sem hann alls ekki skuldbatt sig til, að gjöra brúna eptir. Eigi var hann heldur skyldur til, að borga þeim manni, sem stjórnin sendi til að líta eptir verkinu; sú skylda hlýtur að hvíla á landssjóði, og þar við bætist svo allt, sem hann neyddist til að gjöra fram yfir það, sem um var samið, til þess að gjöra brúna trausta.

Það er satt og jeg játa það, að jeg var upphaflega málinu ekki svo kunnur sem skyldi, því að hlutaðeigandi maður hafði ekki talað eitt orð um það við mig, en þegar álitið kom frá h. fjárlaganefnd, þá sá jeg að þar var hvergi minnzt á neina borgun til Tryggva Gunnarssonar, og skrifaði jeg þá tillögu mína, án þess að fara fyrst til hans eða kynna mjer málið til hlítar; en þó var jeg orðinn því svo kunnugur, að jeg vissi, að sú upphæð, sem jeg tók til, væri ekki of há. Það væri óskandi, að h. þm. Borgf. (B. B.) kynnti sjer öll mál, sem hann blandar sjer í, eins vel eins og jeg hafði þó kynnt mjer þetta mál.

H. 2. þm. Húnv. (B. S.) sagði, að jeg hefði ekki talið tillögur þm. Borgf. (B. B.) svara verðar; þetta er ekki rjett hermt, en hitt sagði jeg, að þeim væri svo háttað, að jeg ætlaði að ganga fram hjá þeim með öllu, og jeg fór heldur ekki út í nokkurt einstakt atriði þeirra. En viðvíkjandi fjárlagafrumv. því, er hjer liggur fyrir, þá held jeg, að full ástæða sje til fyrir hina h. fjárlaganefnd, að fara yfir það og skoða það vel áður en það kemur til 3. umr. Jeg fyrir mitt leyti treysti því ekki, að tekjuafgangur muni verða eins mikill eins og h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) gerði ráð fyrir. Vjer verðum að hafa það fast í huga, að ef vjer söfnum ekki einhverju nú í góðærinu, til þess að grípa til í stað þess, sem föstu tekjurnar fara minnkandi, bæði árstillagið úr ríkissjóði Dana og gjaldið af landssjóðsjörðunum, þá er ekki gott að vita, hve-

nær á að safna; vjer megum þó eiga það víst, að ekki munu harðindaár hætta að koma yfir Ísland, og að eigi muni árgæzka jafnan verða slík sem í ár. Árin 1886—87 hefðu átt að sannfæra oss um það.

H. varaforseti (Þór. B.) gerði mikið úr því, hvað gert hefði verið síðan 1875 hjer í landi; látum vera að svo sje, en eigi er það rjettt, að útgjöld hafi ekki aukizt síðan. Vjer þurfum ekki annað en renna huganum til kaffitollsins, sykurtollsins og fisktollsins, því að það megum vjer vera sannfærðir um, kaupmenn hafa vit á gefa ekki tollana eptir. En á hverja leggjast þessir tollar? Á landsbúa, og enga aðra. Mín sannfæring er, að tollar sjeu neyðarúrræði, því að þeir hljóta jafnan að leggjast þyngra á en bein gjöld, og þegar einn kaupmaður þarf að svara 34000 kr. í toll á ári, eins og sagt hefir verið, og satt getur verið, þá er svo sem sjálfsagt, að hann verði einhversstaðar frá að fá leigur af allri þessari upphæð, sem hann verður að leggja út opt löngum tíma áður en hann fær verð fyrir vöru sína.

Þegar jeg lít á álit fjárlaganefndarinnar, get jeg ekki sjeð, hvaða principi hún hefir fylgt í gjörðum sínum. Jeg sje að vísu, að hún hefir víða krukkað í, reynt að draga ofurlítið af ýmsu; það lítur út fyrir, að hún vilji jafna allt: draga úr þeim stofnunum, sem að gagni eru, en hefja hinar upp. Þegar jeg lít á allar þessar menntastofnanir, búnaðarskóla, kvennaskóla og gagnfræðaskóla, þá kosta þær landið 44—45000 kr. Og hver hefir svo komið þessum stofnunum á fót? Stjórnin hefir að eins stofnað gagnfræðaskólann á Möðruvöllum. Hinar stofnanirnar hafa ömtin og sýslufjelögin reist, en þegar þær svo hafa verið komnar upp, þá segja þeir landssjóði að kosta þá að öllu. En jeg segi: það er ekki landssjóður, sem á að standa straum af þessum stofnunum, heldur stofnendurnir sjálfir. Menn mega stofna svo marga búnaðarskóla og kvennaskóla, sem þeir vilja fyrir mjer, en sjái þeir fyrir þeim sjálfir og láti landssjóð vera lausan við að ala önn fyrir þeim. Það getur verið rjett, að landssjóður styrki til þess að koma menntastofnunum á fót, sem nauðsynlegar þykja, en svo eiga hjeruðin að taka við þeim og annast þær. Hjeruðin hafa allt af verið að stofna skóla og allt af heimtað meira og meira fje úr landssjóði handa þeim. Ef þessir skólar geta ekki borið sig, þá látum þá hætta; þeir mega það fyrir mjer. Ef litið er á kostnaðinn við alla þessa búnaðarskóla, þá ætti að vera orðin fjarskaleg framför í búnaðinum hjá oss, en jeg held það sje þó ekki. Jeg veit ekki, hver ætti að kosta kennslu barnanna, ef foreldrarnir eiga ekki að gera það; það stendur í stjórnarskránni, að hafi foreldrar ekki efni á að fræða sjálf börn sín eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, þá sje það skylda hins opinbera, að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri; lengra er ekki farið; en nú má enginn bóndi borga neitt, landssjóður á að borga sveitakennurunum, og nú eiga sveitakennarar að hafa gengið fyrst á realskóla og síðan á kennaraskóla til þess að kenna börnum að lesa og skrifa. Jeg neita því ekki, að menntunin sje góð, en hún verður að standa á skynsamlegum grundvelli. Þó að menn gangi 1 ár á þessa skóla,— og lengur er það ekki, því að 6 mánuðir í 2 ár er sama sem eitt heilt ár — fá þeir enga sanna menntun; þeir fá þefinn og meira ekki. Hver verður svo árangurinn? Þegar þessir menn koma

af skólunum, mega þeir ekki snerta á neinu líkamlegu starfi. (*J. Þór.*: Veit h. þm. nú, hvað hann segir?). Það getur verið, að forstjóra Flensborgarskólans þyki ekki nóg komið. Hann þykist aldrei fá nóg. Áður fjekk Flensborgarskóli 2500 kr. og nú á að bæta við hann 1600 kr., til þess að hann geti kennt þessum realskólastúdentum sínum, svo að þeir geti kennt börnum á eptir. Hvað er svo þetta »sløid«? Jeg vildi gjarnan fá að vita, hvaða gagn tvítugir piltar hefðu af þessu fítli. Það væri skynsamlegt, að börn í barnaskólum fengjust við það í tómstundum sínum, en það er ekki fyrir pilta komna um tvítugt.

Jeg tek það enn fram, að jeg vona, að h. nefnd skoði vel álit sitt, og breyti því til 3. umr. Jeg er sannfærður um, að ef hún hugsar sig vel um að spara þar sem hægt er að spara, þá muni hún eigi leggja fje til þess, sem fyrirsjáanlegt er, að ekki muni verða að gagni. Á þessum skólamálum ætti jeg þó að hafa vit; jeg sem hef fengizt við þau nú í 45 ár. (*J. Þór.*: Það er engin sönnun). Jeg ætti þó að hafa betur vit á þeim en forstjóri Flensborgarskólans.

Jens Pálsson: Jeg á hjer breyt.till. þess efnis, að ellistyrkurinn til Ólínu, ekkju Sigurðar fornfræðings Vigfússonar, verði hækkaður upp í 200 kr. á ári. Raunar var meining mín með tillögunni að fara fram á alveg hið samasem h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) hefir í tillögu sinni stungið upp á, enda gat hann þess með fullri heimild frá minni hálfu. Þótt tillaga hans hljóði upp á 160 kr., en mín upp á 200 kr., þá hefir það ekkert að segja, því jeg taldi með í upphæðinni sýslumanns-ekkjupensión konu þessarar, sem er 40 kr. En þá upphæð þarf ekki að taka með upp í fjárlögin á þessum stað. Þótt tillaga mín sje þannig orðin óþörf vegna tillögu h. þm. V.-Skaptf. (G. G.), og jeg hjermeð taki hana út af skrá með leyfi h. forseta, get jeg samt ekki bundizt þess, að fara nokkrum orðum um hana, af því að mjer hafa hrotið mörg brigzl á herðar fyrir hana. Jeg hef viljað, að ekkjunni væri veittur þessi styrkur, til heiðursminningar um mann hennar, er svo lengi vann að þjóðlegu og merkilegu starfi fyrir land og þjóð. Hún er heilsulaus, háöldruð og bláfátæk; fátæk fyrir þá sök einkanlega, að maður hennar varði öllu sínu fje og tíma í þjónustu föðurlandsins, stundaði fornfræðina með brennandi áhuga og föðurlandsást. Hann sleppti arðsömum atvinnuvegi til þess að geta gefið sig allan við fornfræðinni, en hefði hann haldið honum, þá eru meiri líkur til, að ekki hefði hrakizt fyrir ekkjunni sakir fjeleysis. En fyrir það að jeg hef haldið fram þessum lítilfjörlega 160 króna styrk, þá hefir mjer verið borið það á brýn hjer í þingsalnum, að jeg vildi gera landssjóð að fátækrasjóð. Einkum var það h. þm. Borgf. (B. B.), sem beindi því að mjer.

Að öðru leyti skal jeg ekki minnast á breyt.tillögurnar, nema breyt.tillöguna um Jón bónda Halldórsson, að honum sje veittur 100 krónu ellistyrkur. Jeg er með þeirri tillögu, og vil með því meðal annars sýna h. þm. Borgf. (B. B.), að jeg skoða landssjóð allt annars eðlis sjóð en fátækrasjóðina. Jeg lít svo á, að það væri mjög beiskt, mjög særandi fyrir þenna heiðursmann og fyrverandi sæmdarbónda, að þurfa að þiggja framfærslustyrk úr fátækrasjóði sveitar sinnar; já, það væri særandi fyrir mig og alla, sem til hans þekkja, að vita af

því, ef til þess þyrfti að koma. Vjer, sem þekkjum til starfsemi þessa manns á búskaparárum hans, vitum, að hann bjó fyrirmyndarbúi, og hafði með búsnilld sinni mikil áhrif á aðra til framtaksemi, í jarðrækt og allri búmennsku. Snilldarumgengni og snilldarfrágangur var á öllu, húsum fyrir menn og skepnur, verkum þeim er hann ljet vinna og verkfærum, er unnið var með. Hann var á undan sínum tíma. En fyrir einstakleg atvik er hann orðinn fjevana maður. Jeg vil ekki að hrekist fyrir slíkum bændum svo í ellinni, að þeir þurfi að fara á sveitina. Jeg get ekki hugsað til þess án gremju; þeir eiga annað skilið. — Enda er allt annað fyrir þá að þiggja viðurkenningartje af þings og þjóðar hálfu.

Jeg skal ekki fara fleirum orðum um þessar tvær tillögur, sem fara fram á svo óverulegar upphæðir, að þær geta ekki talizt hafa nein áhrif á fjárhaginn í heild hans, en vil fara nokkrum orðum fjárhagsmálið eins og því horfir nú við eptir tillögum þeim, er fyrir liggja.

Þótt jeg játi, að fjárhagsástandið hversu sem þessum breyt.tillögum reiðir af, ekki verði neitt ískyggilegt, þá sýnist mjer þó öll nauðsyn á, að spara, og gefa ekki öllum fjárveitingum gaum, er nú liggja fyrir hendi. Fjárlaganefndin á sannarlega þakkir skilið fyrir það, að hún hefir ekki verið mjög örlát á bitlinga, en þó hefir hún farið svo langt, að jeg get ekki fylgt henni allsstaðar. Sumt er að vísu þarft, en sumt er miður þarft, og má bíða og á að bíða.

Jeg get ekki sjeð, að bráða nauðsyn beri til, að veita fje til að raða munum í Forngripasafninu og pakkadyngjunni í Landsskjalasafninu. Það er bara blátt áfram neglusmíði þetta, til þess að geta hiklaust heimtað bátsskrokkinn á eptir, líkt og þingsályktun til stjórnarinnar um, að hún láti gera teikningu yfir hús handa söfnum landsins; hún er líka negla, mjög óbúmannleg og ótímabær.

Jeg álít, að svo mörg nauðsynleg stórvirki liggi fyrir að vinna nú á næstu árum, að óhyggilegt sje, að verja fje landsins á þennan hátt. Það þarf að spara fje til þessara smávirkja, til að safna fje saman til nauðsynlegra stórfyrirtækja. En þegar tími er til kominn og efni leyfa, þá skal jeg greiða atkvæði með, að veitt sje verulegt fje til nauðsynlegra þjóðstofnana, svo sem alþjóðlegra bygginga og annars fleira. Hjer þarf, er tímar líða og þjóðinni vex megn og megun, að byggja stórkostlegt háskólahús fyrir landið, hjer þarf að stofna landspítala í stórum stýl, og loks stórt hús fyrir söfn landsins. Þetta myndi kosta $^1/_2$ eða heila miljón króna; en eins og nú stendur, má þjóðin ekki við slíkum kostnaði. Ef slíkt ætti að framkvæma nú í bráðina, þá þyrfti að leggja þunga skatta á þjóðina, og þá getur hún ekki borið. Vjer þurfum fyrst og fremst að bæta þjóðarinnar »materiella« hag, styðja atvinnuvegina, auka velmegun vora. Án sæmilegrar þjóðmegunar geta vísindalegar stofnanir ekki þrifizt hjá oss. Vísindi, listir, og öll andleg menning, verður að standa á »materiellum« grundvelli. Vjer getum ekki gert oss háar vonir um blómgvun í þessa átt, nema vjer skríðum úr »bólinu«, sem kallað er. Fjárlaganefndin fjekk þá hnútu hjá þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), að hún hefði enga stefnu haft, engu »princípi« fylgt; en það er ekki rjett. Jeg verð að bera það af henni, þótt ekki sje jeg einn í nefndinni. Hún hefir bersýnilega fylgt afmarkaðri stefnu; princip hennar er augljóst, það að efla megun þjóðarinnar; því er það, að hún ræður einkum til að veita fje í þrjár

höfuðáttir: til samgangna, búnaðarmála og alþýðumenntunar. Stefnan er hnífrjett í mínum augum, og fjárlaganefndin allt annað en ámælisverð.

Til samgöngumála er rjett að verja stórfje, enda krefst öll vor þjóð þess samhuga, að samgöngurnar sjeu bættar í stórum mæli, því henni er nú allri orðið ljóst, að í góðum samgöngum felst aflfjöður, er þrýstir atvinnuvegum, framleiðslu, verzlun og þjóðmegun með lítt mótstæðilegu afli fram á nýtt hærra og betra stig en áður hefir átt sjer stað.

Til búnaðarfjelaga og búnaðarskóla vill nefndin veita all-ríflegt fje, og efla þilskipaeign með lánsfje; þannig vill hún efla bæði landbúnað og sjávarútveg.

Þá vill h. fjárlaganefnd einnig auka fjárframlög til eflingar alþýðumenntuninni að nokkrum mun, en fer þó hóflega í framlögunum.

Allt þetta þrennt, að efla samgöngurnar, búnaðinn og alþýðumenntunina, horfir fremur öllu öðru til vaxandi velmegunar fyrir þjóðina, og því hefir nefndin með tillögum sínum til fjárveitinga í þessar áttir sýnt principtrúleik og stefnufestu. Jeg fellst alveg á þessa stefnu, því mjer er ljóst, að efnahagur þjóðarinnar þarf að batna til þess, að þingið með fullum öruggleik geti ráðizt í nokkur alþjóðleg ný stórræði, hversu þarfleg sem þau kunna að vera í sjálfum sjer. En eins og þjóðin þarf að auðgast, svo hún hafi nokkuð verulegt af mörkum að leggja til stórvirkja, er henni mega verða til gagns og sóma, eins ber oss að spara öll lítt þörf smáútgjöld til að safna fjármagni, gætandi þess, að margt smátt gerir stórt.

Á bak við margar tillögur h. þm. Borgf. (B. B.) liggur heilbrigð hugsun. Hann vill til dæmis spara ölmusur til latínuskólans. Þetta er alveg rjett. Of margir af nemendum þeim, sem á þenna skóla ganga, fara á ringulreið og tapast á ýmsan hátt úr þjónustu þjóðarinnar, og jafnvel týna sjálfum sjer á stundum. Eg get ekki verið á því, að verjandi sje stórfje til að hæna um of syni þjóðarinnar að þessari stofnun, og draga þá svo frá öðrum þarflegri iðjum. Þeir koma margir þaðan og allflestir sem einhvers konar embættismannaefni, en þjóðin hefir ekki ráð á að ala upp heilan hóp af óþörfum embættismannaefnum; en hún þarf á mönnum að halda, góðum hæfilegleikamönnum til margra annara hluta en embættisreksturs; hún þarf að mennta góða og dugandi syni og dætur á annan hátt en tíðkazt hefir á embættismannaskólunum. Hún þarf á starfsmönnum að halda, mönnum, sem spekúlera í menntun í æsku til undirbúnings undir sjálfstætt, starfsamt líf, en ekki til undirbúnings undir ósjálfstætt höglífi.

En þótt margt gott sje í því, er þm. Borgf. (B. B.) sagði í ræðu sinni í dag, þá þótti mjer þm. (B. B.) bera margt ólystugt á borð fyrir h. deild. Það er kunnugt, að góður matur er ekki eins lystugur, þegar hann er borinn fram með óhreinum höndum, eins og ef hann er borinn hreinlega fram. Sama átti sjer stað um ýmislegt orðalag þm. Borgf. (B. B.) í ræðu hans í dag. Jeg skal ekki taka mjer nærri veðrið mikla, sem hann gerði til mín, út úr hinum lítilfjörlega styrk til ekkju Sigurðar fornfræðings, sem mun þó einmitt vera hinn sanngjarnasti styrkur, er farið er fram á að veita; en hitt var meira vert, að þm. fór þeim orðum um oss þingmenn upp til hópa, sem annars eru höfð um slungna þjóta, að vjer værum fingralangir. Slíkt er óframbærilegt í þingræðu.

Eitt verð jeg að taka fram, því það er einkennilegt: það, að af bænarskrám þeim, er fyrir fjárlaganefndina hafa komið, eru flestallar frá mönnum af hinum svonefnda heldra flokki. Mjer lízt illa á þessa bónakvabbs- eða fjárbænastellu. Mjer þykir það ískyggilegt, að sjá þá, er telja sig til betri hluta þjóðarinnar, ganga í ósjálfbjörgunar-áttina á undan hinum hlutanum, sem telur sig lægra settan. Munu ekki þessi dæmin örfa betlianda hjá hinum lítilsigldari hluta hennar, og stæla almenning upp í þeirri hugsun, að ekkert sje gjörandi, er gagn sje að fyrir aðra menn, án opinbers fjárstyrks? Jeg veit það, að einmitt nú hvíla á oss þingmönnum augu margra þessara, jeg vil ekki segja landsbónbjargamanna, en jeg segi fjárbænamanna; en þótt svo sje, þá vil jeg láta þá vita það fyrir fram, að það hefir engin áhrif á mitt atkvæði í þessum bitlingamálum.

Bogi Melsted: Í dag gleymdi jeg einni breyt.till. nr. 97, er jeg þarf að minnast á; það er um uppbótina til hr. Tryggva Gunnarssonar fyrir það, að hann hafði unnið meira við Ölfusárbrúna en umsamið var. Það var rjett sem h. þm. Borgf. (B. B.) tók fram, að mál þetta kom seint inn á þing. Bænarskráin kom fyrst til fjárlaganefndarinnar, en þangað kom hún þó ekki fyr en hún hafði nærri því lokið starfi sínu. Með henni fylgdi engin skýrsla nje reikningur yfir hvað kostað hefði að gjöra þessar breytingar á brúnni. Jeg gat því ekki þótt jeg feginn vildi fengið færi á í fjárlaganefndinni, að kynna mjer þetta mál nákvæmlega, þar sem allar nauðsynlegar skýrslur vantaði. Jeg vildi því ekki greiða þar atkvæði um málið, en er það var heimtað af mjer, kvaðst jeg verða að greiða atkvæði á móti því, þangað til jeg fengi skýrslur um málið. Til þess nú að fá þær fór jeg til hlutaðeigandi manns, herra bankastjóra Tryggva Gunnarssonar, og sá þá hjá honum teikningu yfir brúna eins og umsamið var að hann byggði hana; af henni má sjá, að breyting sú, er hann hefir gert, er til mikilla bóta. Sjálfa brúna hefi jeg sjeð og er jeg því sannfærður um, að breytingin var nauðsynleg. En því miður gat hr. Tryggvi Gunnarsson ekki sagt mjer, hvað breyting þessi á brúnni hefði kostað; hann sagði hreinskilnislega að hann vissi það eigi, og ekki gat jeg heldur fengið að vita hjá honum, hvað brúin hefði kostað alls; skildist mjer það svo, að hann hefði eigi nákvæma reikninga yfir kostnaðinn.

Það er vitaskuld að hjer er ekki verið að veita uppbót fyrir það, er hr. T. G. kann að hafa skaðazt á umsömdu verki, heldur fyrir það sem hann vann fram yfir það, sem umsamið var. H. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) gat þess í dag, að ef hr. T. G. færi í mál við landssjóð, þá myndi hann vinna 15,000 kr., en til að sleppa við málssókn, þá væri »praktiskast« fyrir landssjóð, að þingið ljeti hann hafa þessar 5000 kr. Jeg skal nú geta þess að jeg hefi spurt mjög góða lögfræðinga um þetta atriði, og hafa þeir sagt, að hr. T. G. myndi alls eigi vinna það mál, þótt hann höfðaði það, því hann gerði breytinguna án þess að leita heimildar til þess. Hann hefir enga rjettarkröfu til endurgjalds, að eins sanngirniskröfu, og jeg vil ekki að þingið fari að veita þetta fje til þess að komast hjá málssókn, heldur einungis ef það er rjett og sanngjarnt. Það sem að er, er það að hann hefir farið rangt að til þess að fá endurgjaldið. Hann hefði átt að leita álits verkfræðings þess, er fyrir hönd sjórnarinnar tók út brúna, og leggja fram vottorð hans um það, að breyting þessi væri nauðsynleg. Enn-

fremur átti hann að koma með nákvæman reikning yfir það, hvað breytingin hefði kostnað, og tara með hvorttveggja til landshöfðingja eða landstjórnarinnar, og mundi hún þá hafa tekið fjárveitingu þessa upp í fjáraukalögin. Þetta var mikil yfirsjón, og alþingi sem verður að sýna alla varúð við hverja fjárveitingu, gæti vísað þessu máli frá sjer sökum þessa. En spurningin verður nú sú: Er það rjett að láta þenna mann gjalda þessa? Mjer fyrir mitt leyti finnst það hart, og til þess að bæta úr þessu vil jeg benda á það, að það mætti breyta þessu svo, að það skilyrði væri sett, að hann útvegi vottorð hjá verkfræðingi þeim, sem tók út brúna. Þetta getur hann á nokkrum mánuðum og að því búnu fengið fjeð útborgað, og þá myndu víst allir greiða atkvæði með þessari uppbót. Jeg vil ekki eggja þingið á að fara of hart í þetta mál, heldur varlega. Að vísu er það undarlegt að hr. T. G. skyldi eigi koma fyr fram með þessa kröfu sína, og alls ekki fara með hana til landshöfðingja, því að eptir orðum h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) hafði þetta mál komið til umræðu í þinglok 1891.

Þá vil jeg minnast nokkrum orðum á styrkinn til fimleikakennarans við latínuskólann, sem felldur var í fjárlaganefndinni. H. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) hefir talað allmikið um það mál.

Nefndin hefir ekki fellt styrkinn af þeirri ástæðu, að hún hefði ýmigust á leikfiminni, langt frá því, heldur af því, að hún sá það glöggt, að þá mundi bætast við nýjar fjárveitingar. Það þyrfti þá nýtt hús til fimleikanna og ný áhöld; og ef þingið vildi eigi veita nægilegt fje til þess, þá var eigi til mikils gagns að fara að veita þennan styrk. Í annan stað vakti það fyrir nefndinni, að þeir væru undarlega fáir, sem tækju þátt í fimleikjunum í latínuskólanum, og að svo auðvelt væri fyrir skólapilta að fá læknisvottorð um, að þeir gætu ekki tekið þátt í leikfiminni. Jeg er fyrir mitt leyti samdóma h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) í því, að leikfimin sje nauðsynleg, en þó að vísu ekki alveg eins nauðsynleg hjer á landi sem víða erlendis, af því að sumarleyfið er svo langt hjá okkur.

Til þess að hlynna að uppeldi líkamans hefir á fjárlögunum verið veitt fje til uppeldisiðnaðar eða skólaiðnaðar; en sumir hafa nú verið þeirrar skoðunar, að meiri þörf sje á því, að leikfimiskennslan við latínuskólann sje endurbætt, en að styrkja skólaiðnaðinn. Þetta skólaiðnaðarmál kom eptir tillögu kennarafjelagsins inn á síðasta þing í fjárlagafrumv. stjórnarinnar. Í stað þess að veita fje til skólaiðnaðarins, þá hefði stjórnin átt að hugsa um leikfimina og veita fje til að endurbæta hana, en nú þykir leiðinlegt, að stryka út fje til skólaiðnaðarins, úr því það hefir einusinni verið veitt í fjárlögunum; en væru menn ekki byrjaðir á að styrkja skólaiðnaðinn, þá hefði gengið hægra að fá fje til að endurbæta leikfimiskennsluna; því það er meiri nauðsyn að kennd sje leikfimi við latínuskólann en skólaiðnaður við Flensborgarskólann. Af því nú h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) vill styðja að því að leikfimiskennslan verði endurbætt, þá vil jeg spyrja hann, hvort hann vilji eigi koma fram með breyttillögu um það, að fella burtu fje það, sem veitt er til skólaiðnarkennslu, en verja því svo til þess að endurbæta leikfimiskennsluna. Það yrði breyting til bóta.

Jeg er hissa á svo kurteisum manni sem h. þm. (J. Þór.) er að öllum jafnaði, að hann skyldi fara þeim orðum um mig, sem hann gerði. Hann fór að brigzla mjer um próf mitt, og sagði að jeg hefði tekið það með miklum veik-

leika. Þar er satt að jeg var veikur þá um tíma í næmri umgangsveiki (influenza), er þá gekk skæð í Kaupmannahöfn, og varð því að fá prófinu frestað, og henti slíkt þá margan nýtan mann, en jeg lauk síðan prófinu með góðum vitnisburði. H. þm. (J. Þór.) samir annars miður vel að bregða mjer eða öðrum, sem lokið hafa háskólanámi, um þetta, þar sem hann sjálfur varð að hætta við háskólanám sitt af því að hann gat ekki leyst af hendi eitt lítilfjörlegt undirbúningspróf við háskólann, próf í kirkjufeðra-latínu. Þetta hefði þó mátt vera h. þm. (J. Þór.) minnisstætt, þar sem það hafði þau áhrif á hina rausnarlegu gjöf, er faðir hans gaf til minningar um efnilegan son, að hann varð að breyta henni eða tilgangi Flensborgarskólans þá um sumarið 1882, — eins og sjá má af Stjórnartíðindunum 1882, B. bls. 125, — svo að af henni fór mesta fegurðin. En síðan hefir þessi stofnun valdið þeim feðgum ærnum áhyggjum, eins og menn hafa orðið varið við á hverju þingi, en jeg skal hlífast við að þessu sinni að fara lengra út í þetta mál.

Mjer þykir annars mikil ósamkvæmni í því, hvað h. sami þm. (J. Þór.) er harður við suma skóla, einkum kvennaskólana, en hve mjög hann dregur taum Flensborgarskólans. Jeg skal þó ekki fara út í það, því h. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.) hefir talað um það. Að eins skal jeg segja h. þm. það, að jeg hefi alls ekki komið inn á þingið til þess að fá meira fje úr landssjóði. (*Jón Þórarinsson*: Jú!). Jeg neita því, því jeg hefi ekki — nje nokkur fyrir mína hönd — farið fram á, að mjer yrði veitt meira fje en síðasta þing ákvað mjer. Jeg ætla heldur alls ekki að biðja h. þm. (J. Þór.), að hafa neitt traust til mín til vísindalegra starfa. Hann kvaðst eigi hafa grætt neitt á ræðu minni. Jeg trúi því mætavel. Jeg sá það, að þessi h. þm. (J. Þór.) hafði ekki skilið neitt af því, sem jeg talaði um sögulegar rannsóknir og fleira í ræðu minni, sem jeg hjelt þegar á mig var skorað að tala í því máli.

Jeg ætla að minnast lítið eitt á það sem h. þm. Snæf. (J. Þork.) tók fram. Þessi þingm. hefir gert sjer mikið far um að senda mjer persónulegar hnútur. Hann hefir hvað eptir annað ráðizt á mig, en eins og hinir h. þingd.m. vita, þá hef jeg varazt allar hnútur, og gert mitt til þess, að engin persónuleg óvild kæmi í ljós hjer á þinginn og hefði áhrif á þingmálin. Jeg veit ekki af hverju hann kemur þannig fram gagnvart mjer. Er það af því, að hann vilji sýna mjer það, að hann sje eins fimur hjer í þingd. að kasta hnútum að mjer eins og hann hefir verið það ytra gagnvart öðrum löndum sínum? Eða er það, ef til vill, af því, að hann vill sýna h. þindeildarmönnum hve miklum framförum hann hefir tekið, og hve æfður hann er orðinn í þessari list, — ef list má kalla —, í hnútukastinu, sem hann hefir tamið sjer alla æfi frá þeim tíma, er hann var að læra siðalærdóminn hjá manni þeim, sem kallaður var stór, hvort sem hann var kenndur við dyggðina eða eitt annað orð. (*Jón Þorkelsson*: Jeg verð að biðja forseta að verja mig!). Jeg skal ekki fara mörgum orðum um það, hvernig hann hermdi ræðu mína, en að eins geta þess, eins og h. þingd. hefir heyrt, að hann hafði ekki eina einustu setningu rjetta. Nú hafa h. þingdeildarm. heyrt, hvernig þessi maður hefir eptir orð annara manna, sem honum er lítið um, og þar af mega þeir skilja, hvernig hann hefir »referað« orð og atvik frá löndum sínum erlendis, er honum hefir verið illa við,

þegar hann hefir laumast með það inn um bakdyr í sum blöðin þar. (*Forseti:* Jeg verð að biðja hina h. þm. að fara ekki í neitt persónulegt hnútukast, því tíminn er dýrmætur. Jeg verð að beiðast þess, að þm. haldi sjer við málið sjálft. Ef hinn annar h. þm. hefir farið fram yfir það í ræðu sinni, sem kallað er »god Tone«, og þó hann kunni að hafa sýnt sig sem dóna, þá vil jeg biðja þm. um að gjalda ekki líku líkt). Jeg hlýði orðum h. forseta, og vil alls ekki hjer gjalda líku líkt. Mjer dettur ekki í hug að sýna af mjer neinn og enn síður annan eins dónaskap — svo jeg noti nú orð h. forseta um þingm. þennan — og hann hefir sýnt; mjer er það ómögulegt. Jeg þarf heldur ekki að tala um þm., því að jeg er viss um það, að hann hefir látið í tje ágæta lýsingu af sjálfum sjer með framkomu sinni núna á þingi; mig furðar á því, að hann skuli þó eigi reyna að halda sjer í stilli. Jeg hugsaði að hann hefði fengið nóg af því að sýna hver hann er, því það hefir sannarlega orðið honum æði-dýrt ytra, þar sem meðal annars velgjörðamaður hans og háskólakennari hefir orðið að vísa honum á dyr vegna þess. Jeg hjelt að reynslan væri búin að kenna honum að hann vinnur engan góðan mann á þann hátt, og hann þarf eigi að hugsa að hann vinni h. þingdeildarm. þannig. Jeg hefi áður á prenti skorað á þingm. þennan að reyna að venja sig á að segja satt, hafa rjett yfir orð annara, og temja sjer kurteisi; jeg hefi sagt honum að hann yrði að reyna að gera það sjálfs síns vegna, þótt ekki væri annað, sem hvetti hann til þess. Nú skora jeg á hann aptur hjer í þingsalnum að gera þetta.

Svo jeg þá snúi mjer að ræðunni sjálfri, þá er flest í henni, sem ekki er ómaksins vert að eyða orðum að. Hann sagði að jeg vildi ekki láta styrkja Forngripasafnið. Það er þvert á móti; mjer er mjög hugarhaldið um það. En mjer þótti óheppilegt að fara að prenta stóra skrá yfir það, en þar á móti vildi láta prenta stuttan leiðarvísi fyrir þá, sem safnið vilja sjá, eins og gert er við önnur söfn. Jeg skal benda á eitt safn sem hefir þannig lagaðan leiðarvísi og þm. hlýtur að þekkja, en það er Forngripasafnið í Kaupmannahötn. Hitt safnið, sem hann minntist á, er mjög lítið, svo skráin yfir það er ekki nema fáar arkir; jeg man ekki hvað margar blaðsíður hún er, en hún mun ekki vera 100 bls. En það er ekki saman að jafna nýju safni, sem vill vekja athygli á sjer, og gömlu og mjög merku safni.

Viðvíkjandi þingsályktunartill. sem jeg og annar h. þm. hefi komið fram með, þá er ekkert rjett hjá honum sem hann sagði um hana. Í henni er ekki nefnt á nafn að byggja hús fyrir landsskjalasafnið, eins og þm. sagði.

Þingm. (J. Þork.) valdi mjer mörg hrakyrði fyrir ættjarðarást mína. Jeg skil það vel af ýmsum verkum hans, að það er tilfinning, sem honum er eigi vel við, og enginn þarf heldur átelja hann fyrir það, að hann hafi of mikið af henni.

Þó ýmislegt sje meira að athuga, þá skal jeg ekki lengja umræðurnar meir.

Klemens Jónsson: Jeg ímynda mjer að h. þingd.m. þyki umræðurnar þegar orðnar nægilega langar, og jeg vil ekki lengja þær að neinum mun, enda þykist jeg vera vanur að vera stuttorður, og það skal jeg enn vera. Það eru að eins 2 atriði, sem jeg ætla nú stuttlega að minnast á. Það er þá fyrst breyt.till. frá mjer á þingskj. 343, að Magnúsi Einarssyni organista á Akureyri sjeu veittar 300 kr. á ári til þess, að kenna organslátt og söng norðanlands.

Jeg gleymdi að minnast á þetta atriði í gær. Á hinum núgildandi fjárlögum eru veittar 1000 kr. fyrir organkennslu til organleikara dómkirkjunnar; með þessu er því slegið föstu, að landið eigi að kosta þessa kennslu, en af því að erfitt er um ferðir milli Norðurlands og Suðurlands, þá er það mjög mikill kostnaðar-auki fyrir Norðlendinga, er þessa list vilja læra, að fara hingað suður. Þar af leiðir, að þeir hafa því leitað til Magnúsar, og mjer er óhætt að fullyrða, að flestir af þeim organistum, sem eru í Eyjafirði og þar í grend, hafa lært hjá honum.

H. 2. þingm. N.-Múl. (J. J.) tók það fram, að það lægi sýslufjelögunum og bæjarfjelögunum næst, að styrkja þessa menn; jeg skal nú leyfa mjer að upplýsa um, að þessi maður, sem hjer um ræðir, er í sumar í Kaupmannahöfn, að kynna sjer og fullkomna sig í söng og organslætti, og til þessarar utanfarar nýtur hann styrks úr bæjarsjóði Akureyrar og sýslusjóði Eyjafjarðarsýslu, og auk þess hafa Akureyringar styrkt hann á annan hátt, svo jeg verð að álíta, að þeir hafi fullkomlega gjört sína skyldu, en einmitt nú, þegar svona á stendur, að þessi maður hefur farið utan með all-ríflegum styrk annarstaðar frá, til að fullkomna sig í sinni list, þá ætti það að vera því fremur ástæða til, að veita honum það, sem hjer er farið fram á, enda veit jeg ekki betur, en að það hafi áður komið fram hjer á þinginu, einmitt sem mótbára gegn þessum manni, að sýslufjelög og bæjarfjelög þau, sem helzt hefði átt að styrkja hann, hefðu ekki gjört það, en nú er sú mótbára algjörlega fallin.

Jeg vona því, að h. þingdeild sjái, að eins ber að styrkja kennslu í organslætti norðanlands eins og sunnanlands.

Hitt atriðið er húsakaupin á Möðruvöllum. Mjer kom það næsta óvænt að heyra h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) og h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) hafa á móti því, þar sem þeir eru báðir í fjárlaganefndinni og hafa undirskrifað nefndarálitið. Þar stendur sem sje: »Þess skal og getið, að vera nemanda á Möðruvöllum mun vera tiltölulega mjög kostnaðarlítil, með því hagfellda fyrirkomulagi á fæðiskostnaði, er þar hefur tíðkazt síðari árin«. Þetta er mikið rjett; en hverjum er það að þakka, nema Stefáni kennara? Það hefði því miklu fremur mátt búast við, að þeir hefðu viljað halda við þessu góða fyrirkomulagi, og leggja það til, að Stefán fengi þessa kröfu sína, sem ekki er nema í alla staði sanngjörn, uppfyllta. Og mjer hefði þótt það samkvæmast þessum sömu ummælum h. nefndar, að hún, einmitt hún, hefði tekið þetta atriði til greina og sett það inn á fjárlögin.

Það má víst óhætt fullyrða, að það, hvort aðsóknin að skólanum helzt við, er mikið komið undir því, að þessi maður haldi áfram að veita piltum kost, en vitanlega hvílir engin skylda á honum sem kennara við skólann, að hafa ábúð á jörðinni, og getur hann þess vegna sagt henni lausri, þegar honum sýnist, sem jeg get vel ímyndað mjer, að hann kunni að gjöra, áður en langt um líður, ef hann ekki fær þessi skipti.

Hver sem þá kemur að jörðinni — og einhver verður að vera ábúandi á þessari miklu og góðu landssjóðsjörð — verður að taka við bænum, og í honum er ómögulegt að búa, nema hann sje hresstur við; hann er nú sem stendur 417 kr. virði, og þá geta allir ímyndað sjer, hvort þar þurfi nú nokkru til að kosta, og væri því sje sannarlega betur varið til að kaupa þetta ágæta hús,

sem þar er til, en hressa við þessa bæjarkró. Það var einhver annar h. þm. — jeg man ekki hver það var — það gjörir heldur ekkert til — sem fann það þessari tillögu til foráttu, að þar eð skakkaði um 1000 kr., þá væri ekki víst, hvort Stefán vildi ganga að þessum skiptum. Þetta er mikið rjett, jeg get ekki ábyrgzt, að Stefán vilji ganga að þessu, en það gjörir ekkert til, því Stefán kemur hingað innan skamms og það má tala um þetta við hann; vilji hann ekki ganga að þessu, þá er innan handar, að fella það burt í efri deild, en jeg þykist vera viss um, að hann gangi að þessu.

Jeg verð að leggja áherzlu á það, að sje það ætlan manna, að hlynna að Möðruvallaskólanum, þá er þetta eitthvert hið öflugasta meðal til þess.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meir um þetta, en vil að eins að síðustu biðja menn að hafa það hugfast, sem jeg sagði í gær, þegar þeir greiða atkvæði um 1. liðinn á atkvæðaskrá, sem til atkvæða kemur, um að draga úr uppbótinni til Kvíabekkjarprestakalls

Benidikt Kristjánsson: Jeg myndi ekki hafa staðið upp í þetta skipti, væri jeg ekki neyddur til. Jeg hef sem sje að eins komið fram með eina breytingartillögu, og þessi breytingartillaga mín hefir orðið fyrir æði-miklum hrakningum, og úr því jeg hef komið fram með hana, er jeg neyddur til að skýra frá, hvernig á henni stendur.

Þar sem jeg sagði, að hún hefði orðið fyrir hrakningum, þá var það svo að skilja, að hún hefði orðið fyrir allmiklum ámælum, og henni tekið svo fjarri, að öll líkindi eru til þess, að hún verði felld, t. d. tók h. 2. þm. Húnv. (B. S.) það fram, að hann ekki einungis væri á móti þessari breytingartillögu, heldur einnig móti breytingartillögu h. þingm. Rvík. (H. Kr. Fr.) og sjálfrar nefndarinnar, og hvað mína breytingartillögu snertir, var það að mig minnir af þeirri ástæðu, að honum sýndist laun kennarans við stýrimannaskólann full-há, þar sem þau væri eins há og laun hjeraðslæknа; en alkunnugt er, að laun hjeraðslæknа ekki mundu hrökkva til handa þeim til uppeldis, ef þeir ekki hefðu ýmsar aukatekjur, svo sem fyrir meðalasölu, ferðalög og fleira, sem opt mun nema eins miklu og launin sjálf, enda stendur nær að bera laun kennarans við stýrimannaskólann saman við laun kennara, sem ekki eru álitin há í samanburði við laun yfir höfuð.

Jeg þarf varla að taka það fram hjer, því það mun mönnum full-kunnugt, að þessi maður er ágætum hæfileikum búinn, bæði hvað snertir kunnáttu í lærdómsgrein sinni, enda hefur hann öðlazt mikla verklega æfingu. Það er alkunnugt, að hann er mjög vel að sjer í stýrimannafræði og ágætur skipstjóri.

Önnur ástæða h. þm. Húnv. (B. S.) móti þessari breytingartillögu minni var, að þessi maður hefði fyrir að eins 2 árum síðan gengið að þessum launum og þá vitað full-vel, að hverju hann gekk, og því væri ekki ástæða til að hækka þau nú. Þetta virðist kannske í fljótu bragði góð og gild ástæða. Það er að eins spursmál um, hvers vegna hann hefur gengið að þessum launum. Að vísu get jeg ekki svarað því með fullkominni vissu, en það mun að líkindum hafa verið af því, að þessi maður líður af heilsubresti, sem sjálfsagt mun vera kominn af vosbúð og illum kjörum, er skipstjórar af íslenzkum fiskiskipum yfir höfuð verða að búa við og sem mun hafa verið of vaxið heilsu hans. Hann hefur því álitið sjer of vaxið að halda áfram þessu starfi sínu, þótt hann á hinn bóginn hefði talsvert meira fje upp úr því en þau

laun, sem hann nú fær sem forstjóri stýrimannaskólans. Hann hefur og að líkindum hugsað, að hann mundi komast af með þessi laun, en sjálfsagt komizt að raun um, að þessar 1500 kr. ekki nægðu til þess, að sjá sjer og heimili sínu borgið.

Jeg tek það upp aptur: Ef bera ætti laun þessa manns saman við laun annara, þá væru það laun kennaranna, og þau hafa aldrei verið talin nógu há, og mun þó ekki hjer vera farið fram úr því, sem vanaleg kennaralaun eru.

Ef svo er, sem jeg ímynda mjer, að maður þessi ekki treysti sjer til að halda þessu starfi áfram með þeim launum, sem hann hefir, þá leiddi þar af, að hann hlyti aptur að verða skipstjóri á einhverju þilskipi.

Jeg get ekki ætlazt til, að menn taki þá ástæðu mína til greina, þótt jeg segði, að hann spillti með því heilsu sinni, en þetta gæti líka haft aðra óþægilega afleiðing fyrir landið sjálft. Við höfum ekki völ á öðrum manni til þessa starfa, að minnsta kosti ekki öðrum eins manni, því hann hefir hingað til og mun meðan honum endist líf og heilsa rækja þetta starf sitt með áhuga og elju. Jeg ímynda mjer einnig, að allir játi, að kennsla í stýrimannafræði sje nauðsynleg hjá okkur, eins og atvinnuvegum vorum háttar, þar sem fiskiveiðar eru annar aðalbjargræðisvegurinn. Hingað til hafa viðvaningar opt verið settir fyrir skip sökum vöntunar á öðrum betri, en eins og menn vita, getur opt afleiðing orðið sú, þegar skipstjóra vantar æfingu og kunnáttu til þess að stjórna skipi sínu, að bæði skip og menn týnast. Þetta hygg jeg líka að þetta þing hafi einnig sjeð og játað, þar sem frumv. hefir komið fram þess efnis, að skipstjórar á fiskiskipum skuli hafa tekið próf í sjómannafræði. Hvernig færi nú með þessi lög, ef botninn dytti úr með stýrimannakennslu; ætli lögin yrðu þá mikið til bóta eða kæmu að tilætluðum notum? Jeg held naumast; afleiðingin yrði sú, að fiskiskip yrðu að standa uppi fleiri eða færri, og það því heldur, er skipakaup eru farin að verða tíð hin síðustu ár. Að öðru leyti skal jeg ekki mæla fleirum orðum fram með þessari breyt.till. minni; hver einn mun vilja ráða sínu atkvæði á þann hátt, er honum bezt líkar, og ekki mun tjá að tala um það.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg vil sjerstaklega leyfa mjer að víkja orðum mínum að viðaukatillögu þeirri, er fer fram á það, að veita herra Tryggva Gunnarssyni tiltekna upphæð sem endurgjald fyrir það, sem hann hefir gert fram yfir umsamið verk við Ölvesárbrúna.

Það hafa komið fram í umræðum h. þingdm. um þetta tvö atriði athugaverð, er jeg vil sjerstaklega víkja orðum mínum að. Menn hafa talað um, að hjer sje um óákveðnar upphæðir að ræða og hafa gefið í skyn, að flutningsmenn tillögunnar mundu vilja fara því fram, að eiginlega væri sanngirniskrafa fyrir því, að þessi maður ætti að fá 11500 kr., þó að hjer væri að eins farið fram á að hann fengi 5000 kr. En jeg skal leyfa mjer að benda á það, að þessi skoðun, sem mun hafa sprottið af nokkrum orðum í ræðu h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.), er byggð á einberum misskilningi. Þessi hin hærri tala stafar af allt öðrum orsökum en þeim, sem farið er fram á að bæta fyrir með þessari 5000 kr. uppástungu. Hjer í þessari tillögu er alls ekki farið fram á, að bæta upp eða endurgjalda þann skaða, 11500 kr. skaða, sem menn hafa verið að tala um, því að hann stafar af allt öðrum orsökum, heldur að eins að borga fyrir verk, sem unnið hefir verið fram

yfir samning. Þessar 11500 kr., sem nefndar hafa verið, stafa af ýmsum atvikum, ýmsum útgjöldum, sem brúarsmiðurinn var látinn bera, en sem undir venjulegum kringumstæðum mundu ekki hafa verið látin lenda á honum. Svo stóð á, að um það leyti sem byrjað var á að undirbúa þetta verk, var samvinnan milli stjórnarinnar og þingsins ekki góð, og fyrir því var það, að stjórnin vildi vera enn þá varkárari í gjörðum sínum en hún venjulegast er. Þessi varkárni var því valdandi, að stjórnin hafði það í skilyrðum við brúarsmíðina, að hann skyldi borga allt eptirlitið, sem sett var af hálfu stjórnarinnar. Til þess að hafa það í hendi, tók stjórnin 2 eptirlitsmenn, annan til þess að líta eptir brúarsteypingunni á Englandi, en hinn til þess að vera við brúargerðina hjer; auk þess voru greiddar 300 kr. til síra Ísleifs Gíslasonar fyrir eptirlit, og nokkuð gekk í stimpilgjald á brúargerðarsamninginn. Til alls þessa gengu nálega 3500 kr. En 8000 kr. fóru fyrir það, að verð hækkaði snögglega á járni, svo að fyrir lítilvægt atvik varð efnið til brúarinnar 8000 kr. dýrara heldur en annars hefði orðið og gengið var út frá, og það var ekki drætti á málinu af hendi brúarsmiðsins að kenna, að hann missti af hinu lægra verði, en jeg er ekki svo gagnkunnugur því atriði, að jeg þori að fullyrða, að þessi skaði hafi verið að kenna drætti á málinu af hálfu stjórnarinnar. En um endurgjald á nokkru af þessu hefir aldrei verið talað og þess aldrei óskað af hálfu brúarsmiðsins. Jafnvel þótt segja mætti, að krafa um endurgjald fyrir þenna skaða af hans hendi væri engin sjerleg fjarstæða, þegar á allt er litið, þá hygg jeg að mjer sje óhætt að fullyrða það, að hann mundi alls ekki taka við þeirri upphæð eða vera þeim þm. þakklátur, er færi fram á endurgjald á henni.

Það sem farið er fram á hjer í þessari 5000 kr. viðaukatill. að endurgjalda, er eingöngu fyrir unnið verk fram yfir það, sem samið var um, fram yfir teikning þá, er brúin átti að byggjast eptir fyrir hið umsamda gjald. Það hefir verið tekið fram, að bilið á milli brúarstöplanua var gleikkað um 4 álnir; við það lengdist brúin sjálf milli stöpla um 4 álnir og kostaði sú viðbót á brúnni nálega 122 pd. sterl. (2196 kr.). Í öðru lagi var byggður ísbrjótur á stöpulinn að austanverðu, og í þriðja lagi var öll brúin hækkuð um 1 alin, og leiddi af því hækkun á brúarstöplunum, lenging á akkerisstrengjum, hækkun á veginum beggja megin við brúarsporðana, svo og 15 álna löng landbrú og brúarstöpull við landenda hennar. Jeg hef eigi sjeð neina nákvæma reikninga yfir það, hvað allt þetta hefir kostað, en einn h. þm. hefir gert áætlun um, að það muni vera nokkuð á 7. þús. kr. Hygg jeg, að sú áætlun sje alls ekki of há, heldur miklu fremur talsvert of lág.

Það hljóta allir, sem til þekkja, að vera sannfærðir um það, að þetta verk, sem þannig hefir unnið verið um fram alla samninga, var með öllu nauðsynlegt. Það hygg jeg að engum kunnugum manni muni geta blandazt hugur um. Jeg skal taka til dæmis eystri stöpulinn. Ef hann hefði ekki verið færður austur á klöppina, mundi hann vera hruninn nú í ár niður til grunna, því að klapparsnös sú, sem hann átti að standa á eptir teikningunni, er nú hrunin. Um vesturstöpulinn er það að segja, að ef hann hefði ekki verið færður 1 alin á land upp, hefði hann hrunið beinlínis í höndunum á þeim, sem voru að byggja hana. Hin sama óhjákvæmanlega nauðsyn var á því að

hækka brúna. Hæðin mun hafa verið miðuð við, hvað jakar höfðu borizt hæst upp á land, eptir því sem kunnugir menn þekktu til, en það vita menn, að þegar slík vötn ryðja sig í leysingum, þá er hrönnin ætíð hæst þar sem straumþunginn er mestur, sjerstaklega þar sem klappir, eða, eins og hjer, steinstöplar kreppa að framrásinni á báðar hliðar. Þess vegna varð að taka til greina og miða við það, sem þetta mikla straumvatn getur komizt hæst, þá er það hleypur og ryður sig, brýst áfram með jakaruðningum, og það var einmitt þá fyrst, er byrjað var á brúarsmíðinu, að brúarsmiðurinn sjálfur tók eptir því, að brúin var ætluð of lág; það hafði ekki verið gert ráð fyrir, að jakahrönnin mundi verða neitt hærri í sjálfum strengnum en til landanna, enda hafa kunnugir menn sagt, að í vor mundi jakahrönnin hafa náð brúnni, þegar áin ruddi sig, hefði brúin ekki verið þetta hærri. Hver sem sjeð hefir Ölvesá í slíkum hamförum, mun sannfærður um, að þessi hækkun á brúnni sje ekki ófyrirsynju. Straumurinn er sterkastur og fyrir því jakaruðningur mestur undir aðalbrúnni austantil. Landmegin að austanverðu átti eptir teikningunni að vera sniðgata upp á brúna, hlaðin sem einn veggur. Afleiðingin af þessu fyrirkomulagi hefði nú án efa orðið sú, að þá er áin var í ruðningum hefðu þrengslin milli klappanna og stöplanna klemmt jakahrönn upp að þessum vegg og síðan sópað honum gjörsamlega á burtu. Jeg er því þess fullviss, að hver maður með óbrjálaðri skynsemi hlýtur að vera þess fullviss, að þessi hækkun, þessi breyting frá teikning brúarinnar var öldungis óhjákvæmanlegt verk.

H. 2. þm. Árnes. (B. Th. M.) gat um það í ræðu sinni, að eigi ætti að borga fyrir þetta verk fyrri en það væri skoðað af verkfróðum manni, er gæfi vottorð um, að það væri í alla staði forsvaranlega af hendi leyst. Jeg hygg, að þegar sje fengið áreiðanlegt vottorð fyrir þessu í því, hvernig brúin hefir reynzt í þau tvö ár, sem hún þegar hefir staðið. Jeg get því ekki sjeð, að ástæða sje til að tefja fyrir úrslitum þessa máls með því að vera að bíða eptir slíku vottorði. Annars býst jeg við, að auðvelt muni vera að fá vottorð fyrir þessu, þó að sá byggingasmiður sje eigi nú hjer á landi, er umsjón hafði með verkinu, þar sem annar maður er nú kominn upp til landsins, er fullt skynbragð mun bera á það, sem sje cand. polyt. Sig. Thoroddsen.

Þess hefir verið getið, að breyt.till. muni fram koma við þetta um að færa upphæðina úr 5000 kr. upp í 6000 kr. Jeg mun greiða atkvæði með hverri þeirri upphæð, sem jeg er sannfærður um, að brúarsmiðurinn hefir orðið að borga fram yfir það, sem hann átti að gera eptir samningnum. Jeg álít þetta verk svo nauðsynlegt, að hann eigi skilið fullt endurgjald fyrir það. En þó að hlutaðeigandi hafi látið það í ljósi, að það hafi kostað á 7. þúsund krónur, hefir hann látið það ljósi, að hann vilji alls eigi taka við meiru en 6000 kr. fyrir það. Hann vill firrast allan grun um alla sjerplægni og ásælni á landsfje. Það var eigi ófyrirsynju, að hæstv. landshöfðingi lagði svo mikla áherzlu á þau orð í ræðu sinni, þá er hann opnaði Ölvesárbrúna, að hann þakkaði þessum manni fyrir þá ósjerplægni og sjálfsafneitun, sem hann hefir sýnt í öllu þessu máli. Enda hefir þessi maður of næma sómatilfinningu til þess, að fara í nokkru fram úr því, sem hann á með fullum rjetti.

Viðvíkjandi ummælum h. þm. Borgf. (B. B.), þar sem hann vjek orðum að þessu endurgjaldi til brúarsmiðsins og taldi það ófyrirsynju að veita slíkt, þá

þá skal jeg minna á það, að allir vita, það, að það er þessum manni að þakka að þingið hefir getað stigið það spor í verklegu tilliti til framkvæmda, sem stærst er á þessari öld.

Þar sem jeg sem gamall málaflutningsmaður hef nokkrum sinnum orðið að líta á spurningar þessu svipaðar, með það fyrir augum, hvort fært væri að leggja þær undir úrslit dómstólanna, skal jeg benda h. 2. þm. Árn. (B. Th. M.) á það, að gefnu tilefni af orðum hans, að eptir því sem jeg hef kynnt mjer skilríki þessa máls, mun enginn vafi á því, að ýmsir af þessum kröfupóstum eru þess eðlis, að skír dómur mundi fyrir þeim fást, en aptur eru aðrir nokkru vafasamari frá ströngu juridisku sjónarmiði. En jeg ætla það eigi sóma þingsins samboðið gagnvart þessum manni, að smeygja sjer með lögkrókum undan að greiða það, sem öll sanngirni er fyrir.

Að svo mæltu skal jeg ekki orðlengja um þetta atriði.

Það er hjer nú viðaukatillaga, sem jeg vil lítið eitt minnast á. Það er till. um styrk til Jóns Halldórssonar. Jeg hygg að enginn h. þingdm. sje kunnugri þessum sómamanni heldur en jeg. Jeg ólst upp á næsta bæ við þann bæ, er hann bjó á, þá er vegur hans var mestur, og mjer er óhætt að fullyrða það, að enginn, sem á hann hefir minnzt hjer í þingsalnum, hefir borið oflof á hann. Það er öldungis víst og satt, að hann var bænda fyrirmynd. Það er og kunnugra mjer en flestum öðrum hjer á þingi, hver atvik urðu þess valdandi, að hagur hans er nú orðinn svo bágborinn. En eigi að síður treysti jeg mjer ekki til að mæla með fullu fylgi með þessari tillögu, jafnvel þó jeg muni gefa henni atkvæði mitt. Jeg skal fyllilega viðurkenna þær almennu athugasemdir viðvíkjandi þessum styrk, sem ýmsir h. þingdeildarm. hafa gert, og get vel skilið það, að mönnum þyki svona styrkveiting athugaverð vegna sinna »conseqvensa«.

Jeg þarf eiginlega ekki að minnast frekar en jeg þegar hefi gert áður á það atriðið í hinum fyrirliggjandi kafla, sem mjer sjerstaklega er mjög hugarhaldið um, sem sje styrkinn til bindindis-málsins. Það hafa allir sem á þetta atriði hafa minnzt tekið svo vel í það, og jeg er þeim mjög þakklátur fyrir það. Jeg vildi samt heldur óska að br.till. yrði samþykkt, með því að hún er betur orðuð, enda heyrðist mjer á h. framsögum. fjárlaganefndarinnar, að hann væri ekki á móti því. Jeg álít heppilegra að fjelagsstjórninni sje sjálfri trúað fyrir því, til hvers og hvernig hún álítur gagnlegast málinu að verja þessum styrk, því að hverer sínum hnútum kunnugastur. Fjelagið er að kalla alveg skuldlaust og á auk þess töluverðar eignir, svo að enginn hætta er á því, að styrkur sá, sem því kann að verða veittur, hverfi í neina skuldahít. Það kynni máske sumum að finnast, að eigi sje ástæða til að styrkja fjelagið, af því að það standi sig svo vel, en jeg skal minna á það, að fjelagið vinnur að því málefni, sem alla þjóðina varðar miklu, og að það eru engir efnamenn, sem bera fjelagið uppi; þeir greiða tillög sín til þess eigi svo mjög af mætti sem af áhuga fyrir málefninu sjálfu, og jeg ætla, að engum blandist hugur um það, að málefnið horfir til heilla.

Jeg legg minni áherzlu á það, hvor upphæðin verður samþ., 500 kr. eða 300 kr. Því að það atriði eitt út af fyrir sig, að löggjafarþingið viðurkennir, að þetta mál er þess vert að það sje styrkt, það eitt veitir fjelaginu meiri stuðning en upphæðir þessar, þó að þær væru tífaldaðar.

Jeg skal svo að síðustu víkja örfáum orðum að einni almennri hlið þessa máls sem nú er fyrir, nefnilega umræðunum um það. Það hafa fallið undir umræðunum hjer í þessum sal allhörð orð, og kann jeg háttv. forseta miklar þakkir fyrir það, hve mikið frjálslyndi hann hefir sýnt í stjórn sinni. Þetta er og eptir minni skoðun öldungis rjett. Það er menntun og stilling þingmanna sjálfra, sem á að skapa hin rjettu takmörk, að ekki sje gengið út fyrir góða þingmannlega háttsemi í orðum, »god Tone«, að jeg viðhafi þau orð. En jeg get þó heldur ekki neitað því, að sumir h. þingdeildarm. hafa í ummælum sínum í dag farið út fyrir þessi takmörk, sjerstaklega h. þm. Borgf. (B. B.). Jeg vil að eins minna á þau orð, sem hann viðhafði í dag og fóru langt út fyrir þessi takmörk, þar sem hann gaf þá lýsing á framkomu þingmanna, að þeir »með löngum fingrum væru að krækja í fje úr landssjóði handa sjer og sínum vildarmönnum«, því að með þessu er þingmönnum borin á brýn sú sakargipt, sem varðar við lög og sem undir öllum kringum stæðum mundu hafa varðað sektum fyrir þann, er þau hefði viðhaft fyrir utan þennan sal, og get jeg í því efni vísað í dóm, sem fallið hefir um sams konar orð. H. þm. Borgf. þarf ekki að hreykja sjer svo mjög eða tala digurt úr flokki um of mikið örlæti á landsins fje. Jeg skal minna hann á þingskj. 297 frá sjálfum honum, þar sem hann vill sjálfur auka útgjöld landssjóðs um 18,500 kr.; þar af áttu 9000 kr. að ganga til þeirra stofnana, sem talsverður ágreiningur er um, sem sje búnaðarskólanna; en sparnaður sá, sem koma átti í aðra hönd, var að eins 2000 kr. á ári eða 4000 kr. fyrir fjárhagstímabilið. Jeg get ekki sjeð, að hjer sje um svo mikla sparnaðarstefnu að ræða hjá h. þm. Borgf. (B. B.), að hann hafi ástæðu til að víkja svo digurbarklegum orðum að oss öðrum þingmönnum. Jeg vona, að þessi h. þm. athugi betur þessi orð sín, áður en mál þetta kemur til 3. umr., að hann brúki til þess sína góðu greind. Jeg vona, að þá verði farnar af honum þær hamfarir, sem hann var í í dag, og hann geti þá með stillingu skýrt orð sín svo, að af þeim fari broddurinn eða beðið h. þingm. afsökunar á þeim. (*Björn Bjarnarson:* Jeg sagði: »virtist vera«). Ef hann hefir sagt »virtist vera«, þá eru ummælin að mun verri, þá eru þau »insinuation«, dylgjur; hann hefir þá eigi treyst sjer til eða haft hreinskilni til að bera þessa sakargipt á þingm. beinleiðis.

Forseti kvaðst álíta, að orðin væru eigi saknæm, þegar þau væru töluð út frá atkvæðaskránni, sem þm. hefði haldið á í hendinni. Hitt væri annað mál, ef þau væri komin fram undir öðrum kringumstæðum.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg geri nú ráð fyrir, að umræðurnar fari að taka enda úr þessu, þar sem líka er komin háttatími allra skikkanlegra manna. Það vill nú svo vel til, að h. meðnefndarmenn mínir hafa svarað jafnóðum nær öllum þeim aðfinningum, sem nefndin hefir orðið fyrir, og það hefir verið því ljettara, sem aðfinningarnar hafa verið næsta litlar. Jafnvel h. þm. Borgf. (B. B.) sem hjelt langa og ávítandi ræðu í kvöld, og fann að nær öllu og öllum, varð þó að játa, að tillögur nefndarinnar væru flestar á rökum byggðar.

Það var að eins einn h. þingm., sem fann nefndinni til saka, og finn jeg mjer skylt að mótmæla því harðlega, en þar sem jeg sje að sá h. þm. er ekki hjer í salnum, þá verð jeg að ganga fram hjá því nú, en það er h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.). Hann álasaði nefndinni

harðlega og sagðist ekki sjá neitt »princip« í aðgjörðum hennar, en fann þó það, að það væri að narta í á ýmsum stöðum, — »nivellera« allt, draga úr því, sem er til gagns, en lypta hinu upp. En — jeg ætla að geyma það þar til síðar, og fara um það þá fleirum orðum, þegar þingm. er sjálfur við, og vona, að við lifum báðir svo lengi, og þá skal jeg reyna að svara honum, — ef guð lofar —, eins og stundum er sagt.

Það var nokkur einstök atriði tillögunni, sem jeg ætlaði að fara fáeinum orðum um, sumpart af því, að jeg hefi sjeð, að þau hafa ekki verið skoðuð frá rjettu sjónarmiði, sumpart af því, að jeg vildi að þau yrðu útfærð betur.

Jeg skal þá byrja á sumu því, sem hæstv. landsh. fann að tillögum nefndarinnar, en sumt var þannig lagað, að hann lagði ekki neitt fastlega á móti, og líka hefir því mörgu og flestu verið svarað af h. meðnefndarmönnum mínum. Jeg skal aðeins nefna fá atriði.

Það er þá fyrst viðvíkjandi þeirri tillögu nefndarinnar, að lækka ölmusustyrkinn við latínuskólann. Það hefir þegar verið mikið talað um það, og frá mörgum komið ástæður fyrir því, að ölmusurnar eigi að lækka, og till. nefndarinnar sje fylgt. Orð h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) tel jeg lítilsvirði, hvað þetta snertir. H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) fann að vísu annmarka á þessu í gærkveldi, og vildi eigi láta lækka ölmusufjeð; en þá sýndi hann annars vegar bezt allra þeirra, sem talað hafa, fram á það, hve óheppilega og ómaklega fje þetta væri opt notað, og kemur hans skoðun að því leyti alveg saman við skoðun nefndarinnar. En hæstv. landsh. taldi það sem ástæðu móti því, að lækkun væri gerð á ölmusunum, að fjárlaganefndin á þingi 1889 hefði lýst því yfir, að ölmusustyrkurinn skyldi eigi fara niður úr 6000 kr. Jeg þarf ekki að eyða mörgum orðum til þess að svara þessu, því að það liggur í hlutarins eðli, að sú fjárlaganefnd, sem nú er, er í engu bundin við það, sem fjárlaganefndin 1889 hefir sagt eða lýst yfir, og að hún hefir eins mikinn rjett til þess, að segja 5000 kr., eins og hin 6000 kr. H. varaforseti (Þ. B.) hefir talað um þetta mál vel og rækilega, og gat þess, að það væri ekki sú þörf á embættismönnum, að slíkur fjöldi sækti að skólanum sem að undanförnu. Einnig hafa margir þingd.m. lagt áherzlu á það, að ölmusustyrkurinn væri ætlaður til þess, að styrkja fátæka og þurfandi pilta, sem um leið væru þess verðugir fyrir góða hæfileika sína. Þó að 50—60 lærisveinar væru árlega á skólanum, og ef styrkurinn væri aðeins veittur þeim, sem hefðu þörf og um leið eitthvað sköruðu fram úr öðrum, þá hljóta 5000 kr. að vera nægilegar. Og af öllu því, sem fram hefir verið fært á móti, er það svo þvert á móti, að jeg hafi sanntærzt, að jeg hefi orðið miklu styrkari í minni skoðun en áður, að rjett sje að lækka ölmusustyrkinn.

Í öðru lagi vil jeg minnast hjer á tillögu, sem lítið hefir verið rædd, að styrkurinn til að gera við sundlaugina hjá Laugarnesi verði felldur burt. Í áliti nefndarinnar eru færðar ástæður fyrir því, að Reykjavíkur bæjarfjelagi sje það ekki ofvaxið að bera kostnað þann, er aðgerð á sundlauginni hefir í för með sjer, þar sem það hefir sjálft mestan hag af því, að það er gert, og eins og önnur hjeruð hafi gert það sama án styrks, eins verði þetta bæjarfjelag að bera sjálft kostnað þann, sem af því leiðir, að gera við sundlaugana. Það sýnist nú, að kostnaðurinn við aðgerð á þessari sundlaug, 700

kr., sje æðimikil upphæð, en þegar gætt er að því, að bæjarfjelag þetta er það ríkasta sem til er á landinu, og sjerstaklega þess, að hjer sjeu, eptir því sem hjá oss gerist, flestir »sportsmenn« eða menn sem gefa sig við ýmsum líkamlegum íþróttum, og sem þá að sjálfsögðu vilja styðja að sundíþróttinni, þá sýnist það ekki vera mikið fyrir þetta bæjarfjelag, að gera það sjálft. Jeg veit það um mörg smáfjelög á landinu, og jafnvel ýmsa einstaka menn, að þáu hafa kappkostað að gera þetta sjálf og lagt fram fje til þess, án nokkurs styrks úr landssjóði, og ekki þurftu þau eins mikla upphæð til þess og hjer er farið fram á. Hæstv. landsh. tók það fram til styrkingar þess um leið, að hjeðan breiddist þessi íþrótt út um allt land. Þetta er rjett að því er lærisveina lærða skólans snertir. En að barnaskólabörn eða unglingar hjer í Reykjavík stuðli svo mikið að því, að þekking í þessari íþrótt breiðist út um landið, skil jeg ekki. Það finnst mjer vera lítil ástæða. Jeg skal einnig leyfa mjer að leiða athygli að því, að árið 1891 voru settar á fjárlögin 500 kr. fyrra árið til sundlaugarinnar. Það gefur til kynna, að það hefir verið álitið fullnægilegt, og kom líka fram í umræðunum þá, eins og menn geta kynnt sjer, svo að ekki þyrfti að veita meira til laugarinnar. Nú eptir tvö ár kemur það í ljós, að búið er að brúka þennan styrk, og að auk 200 kr. úr bæjarsjóði til sundlaugarinnar, og nú er enn farið fram á jafnmikla upphæð og áður úr landssjóði og gert ráð fyrir 200 kr. úr bæjarsjóði. Hvernig stendá, að það þarf 1400 kr. til þess að gera við dálítinn sundpoll í Reykjavík, þar sem það annarsstaðar á landinu kostar ekki meira en 20, 30 til 40 kr., því fremur, sem hjer er heitt vatn til að veita í sundpollinn? Þetta er alveg í samræmi við það, sem svo miklu meira þarf allt af til einhvers hjer í Reykjavík en annarsstaðar, t. d. kirkjunnar o. fl. Það munu nú kannske einhverjir segja, að þetta sje naglaskapur af mjer, og það sje heimsku minni og ruddaskap að kenna; en áður en því er kastað mjer í nasir, vil jeg fá ástæður fyrir því, og sjá hvaða skilagrein hefir verið gerð fyrir því, hverju hefir verið varið til sundlaugarinnar, sjá reikninga yfir það, og sjá hverju »plani« hefir verið fylgt. Jeg get ekki sjeð annað en að tillaga fjárlaganefndarinnar sje á rökum byggð. Það er langt frá, að jeg vilji lama Reykjavík; jeg vil þvert á móti unna henni þess, að hagur hennar blómgist, og þjóðinni er það líka fyrir beztu. En hvernig svo mikill munur getur verið á því, sem hjer er gert og annarsstaðar, get jeg ekki skilið. *(B. Kr.:* Það þarf að sía vatnið). Sía vatnið! Það mun mikið vera gert að því, því að jeg hef heyrt, að þar væri bæði svo grunnt og gruggugt af leðju og leir í botninum, að eigi sje hægt fyrir hreinlátt fólk að baða sig þar. Og í svona sundpoll á að leggja 500 kr. aptur.

Þá skal jeg minnast á utanfararstyrkinn til leikfimiskennarans við lærða skólann, sem nefndin leggur til að verði felldur burt.

Hæstv. landsh. lagði mesta áherzlu á það, að hann þyrfti að fara utan til að kynna sjer ný áhöld við leikfimiskennsluna. Jeg skil nú ekki, að hann þurfi að fara utan til þess. Þegar að því er gætt, eins og sagt hefur verið, að leikfimiskennarinn hefur ekki kostað öðru til síns náms en því, sem hann lærði, er hann var á lærðaskólanum, og það á að vera styrkveitingunni meðmæli, þá er það þvert á móti. Þegar hann hefur ekki haft neitt fyrir því sjálfur, ekki kostað upp á einnar

aukastundar lærdóm til þess náms, og á hinn bóginn ekki haft litlar tekjur í mörg ár, svo og svo mikið fyrir tímann, einar 3—4 kr., sem ekki sýnist vera nein ljeleg atvinna, — og hefur sem sagt ekkert haft fyrir að læra, því fullkomnar hann sig þá ekki sjálfur, ef það er nauðsynlegt? Jeg skal bæta því við, að það hefir verið látið í ljósi við umræðurnar um þetta mál, að áhöld við kennsluna væru ófullkomin. Er það ekki að smíða neglurnar fyrst, að þegar hann svo kemur heim, vantar bæði hús og áhöld til kennslunnar?

Mjer sýnist þetta sanna, eins og annars margt fleira hjá oss, að öllu er snúið öfugt.

H. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) talaði mikið um þetta mál, og brá nefndinni um það, að tillaga hennar bæri vott um það, að nefndin metti lítils líkamsæfingar. Því miður hefur nefndin ekki greitt atkvæði um það, hvort líkamsæfingar væru nauðsynlegar; en jeg ímynda mjer, að jeg meti líkamsæfingar eins mikils og h. þingm. og greiði ekki atkvæði með tillögunni fyrir þá sök, að jeg meti ekki líkamsæfingar mikils.

H. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) gat þess, að fimleikakennarinn gæti líka lært »slöjd«, sem mönnum hefur verið svo hugarhaldið að fá kennslu í hjer við skólann. Jeg man líka að í hitt eð fyrra stóð mikið til, og átti að stofna slöjd-skóla hjer, og meðal annars var þá gjört ráð fyrir, að veita 1000 kr. handa manni til utanfarar, til að læra »slöid«, en þegar ekkert varð úr stofnuninni, þá var veitt fjárupphæð til skólaiðnaðarkennslu, og þá kom það upp úr dúrnum, að maður var til, sem gat kennt. Skyldi ekki líkt verða ofan á, ef staða þessi, sem hjer um ræðir, yrði laus, að þá yrðu þeir menn til, sem gætu kennt svo að nægði, án þess að þeir fengi fjárstyrk til að læra?

Jeg þekki ekki mikið til leikfimi, en tala bara frá sjónarmiði heilbrigðrar skynsemi, sem menn segja, og jeg hef heyrt kunnuga menn segja, að til væru ýmsir, sem kynnu leikfimi svo dygði. Mjer varð stór-illt við, þegar h. varaforseti (Þ. B.) lýsti því yfir, að hann vildi helzt að breytingartill. væri felld. Það er allt annað en þægilegt, þegar menn úr nefndum fara svo að ráði sínu. En jeg þori að segja það, að hann vildi engu síður fella þennan lið burt en jeg og h. meðnefndarmenn mínir, þegar það var til meðferðar í nefndinni. Hann hefur nú látið sannfærast af umræðunum, en jeg hef það ekki, og kannske það fari líka svo, að jeg verði á endanum einn eptir, sem ekki hef snúizt. (Margir: Nei!)

Í gær ætlaði jeg að fara orðum um allar breyt.till., en gleymdi þá einni. Það var tillagan frá h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) þess efnis, að ætla ölmusur tilvonandi kennaraefnum. Í samkvæmni við annað, sem komið hefur fram hjá nefndinni, get jeg lýst því yfir, að hún er á móti þessari tillögu. Það er því skoðun hennar yfir höfuð, að námsstyrkur eigi fremur að fara þverrandi en vaxandi og verður nefndin því að vera móti þessu.

Þá hefur verið talsvert talað um styrkinn til tannlæknis Nickolin. Það er ekki hægt að neita því, að það er gagn að því og jafnvel nauðsynlegt að hafa tannlækni, sem er duglegur og góður í sinni mennt. En jeg skil ekki þessa tillögu, er jeg ber hana saman við mál, sem var hjer fyrir deildinni, að íslenzkur læknisfræðiskandídat sótti um styrk og það lítilfjörlegan til að fullkomna sig í tannlækningum; en hann var ekki veittur. Fjárlaganefndin tók hann ekki upp á fjáraukalögin. En enginn vaktist hjer upp í deildinni til að koma með breyt.till. um þetta.

Jeg skil það ekki, og finnst mjer þó væri meiri ástæða að taka það upp, heldur en koma fram með það, sem hjer er farið fram á. Það virðist vera sú stefna ríkjandi, að hjer í Reykjavík eigi að kosta sem flesta specialista í ýmsum greinum læknisfræðinnar.

Það sjest á umræðunum um styrkinn til Björns Ólafssonar, sem þegar hefur verið greitt atkvæði um. Og nú er hjer tannlæknir, sem á að styrkja. En jeg skal benda á »konsekvensana«. Einn læknir hefir sent beiðni til þingsins um styrk; það er specialisti í eyrna- og nefsjúkdómum. Hafa menn tekið eptir, hvers hann beiddist? Einna 100 kr. til áhalda og 150 kr. til að gefa út rit um eyrnalækningar. Fjárlaganefndin sá sjer eigi fært að verða við þessu, en ekki hefur heldur neinn h. þingd.m. komið fram með breyt.till. um það. Var ekki eins ástæða til að taka það upp, þegar farið var fram á svo lítilfjörlega fjárupphæð sem þar var beðið um? Jeg vona, að menn athugi þetta, áður en menn greiða atkvæði með þessum lið. En einkennilegt er, þegar farið er fram á hærra en hlutaðeigendur hafa óskað eptir, en svo er með þessa till. Nickolin beiddi um að eins 500 kr. á ári, en hjer er farið fram á, að hann fái 600 kr.

Það er sem sagt búið að svara flestu og sumu er margsvarað, en jeg skal þó bæta við dálitlu enn um það, sem valdið hefir mestum og óþörfustum umræðum, sem er um styrkinn til Boga Th. Melsted. Mjer skildist á h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.), sem hann áliti óhæfu að veita styrk til að safna til sögu Íslands, til verks, sem sýndi sig ekki fyr en á eptir. En það er ekki samkvæmt því, sem hann áður hefir gjört; þá hefði hann átt að greiða atkv. móti sumu öðru, sem veittur hefir verið styrkur til, án þess að yrði reitt sig á, hvað úr yrði. Jeg skal nefna t. d. styrkinn til Þorv. Thoroddsen, sem h. þm. hefir verið með til að veita í mörg ár. Sá styrkur er veittur til að safna til jarðfræðislýsingar, en ekki til að semja. Auk þess veit jeg að Þorvaldur Thoroddsen ætlar líka að rita þetta rit sitt á dönsku. Það er því ekki neitt nýmæli eða nein óhæfa, þó styrkurinn til Boga Th. Melsted sje veittur á þennan hátt sem gjört er í frumv., og sem fjárlaganefndin sá ekki ástæðu til að breyta. Ennfremur skal jeg geta þess, að umræðurnar um þenna styrk voru þannig lagaðar, að jeg ímynda mjer að flestir hefðu heldur kosið, að þær ekki hefðu verið.

Jeg skal ekki höggva í sama farið og h. þm. V.-Skaptf. (G. G.), en get undirskrifað það sem hann sagði og fært forseta þakkir fyrir það frjálslyndi, sem hann hefir sýnt við að stjórna umræðunum og ekki tekið orðið frá mönnum, heldur viðurkennt það rjett vera, að menntun og smekkur hvers þingmanns eigi að ráða í því efni, hvað langt er farið. Bæði jeg og aðrir áskiljum oss sama rjett og sama frjálslyndi, ef oss skyldi liggja á því síðar.

Þegar fundur byrjaði í morgun, lýsti jeg fjárhagsástandinu, hvert það mundi verða, ef breyt.till. þessar við fjárlögin kæmust að. Er það harla ískyggilegt ef 30—40000 kr. »undirbalanse« verður. Jeg get ekki síður búizt við að öðrum sje illa við það en mjer. Mjer er að minnsta kosti illa við það. Jeg vil ekki sleppa tækifærinu til að minna h. þingdm. á, að ef allar eða flestar þessar breyt.till. verða samþykktar, þá má slá því föstu, að sjóðþurð verður.

Jeg hefi reyndar ástæðu til að svara h. þm. Borgf. (B. B.), en af því að hann óbeinlínis bað vægðar, áður en hann settist niður, þar sem hann sagðist ekki mega tala optar, vera stein-

dauður, þá er það ekki vert. Jeg hafði þá æru, að hann beindi ræðu sinni til mín persónulega bæði í byrjun og enda hennar. Hann brá mjer um hreppapólitík. En »mótiveringuna«, svo góð sem hún var, skildi jeg ekki. Jeg vildi óska að hann hætti að tala í dylgjum og jeg held að honum væri það sæmilegra. Og þá kann jeg að svara. — Þá brá hann mjer í niðurlagi ræðu sinnar um það, að jeg væri huglaus; það lá í orðum hans, er hann talaði um, að jeg hefði hjer um daginn haft orðið seinna en hann. En hann hefir ekki gætt þess, að jeg í þessu máli stend svo að vígi, að jeg get allt af talað síðast og þarf því ekki að geyma mig. En jeg hugði að jeg hefði hvorugt verðskuldað, hvorki að mjer væri brugðið um hreppapólitík nje hugleysi. Jeg vildi gjarnan að hann útlistaði það betur seinna; jeg er æðifús á að tala við hann, piltinn, þó að jeg sje huglaus.

Jeg hefi skrifað hjá mjer talsvert fleiri athugasemdir. Jeg skal að eins minnast á eitt atriði enn örfáum orðum; það er um hverju verja skuli til útgáfu kennslubóka. Nefndin hefir fært styrkinn úr 600 kr. upp í 800 kr., þar með 400 kr. til Geirs kennara Zoëga til að ljúka við ensk-íslenzka orðabók. Aðrir hafa komið með breyt.till. í þá átt að hækka styrkinn upp í 1000 kr. og orðað það svo, að Geir kennari Zoëga og Jónas prestur Jónasson skuli hvor fá þar af 300 kr., en báðir til að gefa út orðabækur. Geir kennari Zoëga hefir ekki sótt um styrk til þess að gefa út, heldur ljúka við ensk-íslenzka orðabók, og því óvíst, hvort hann vilji hafa styrkinn, ef hann er þannig orðaður.

Jeg átti reyndar eptir að minnast nokkuð á styrkinn til frú Torfhildar Holm og Jóns Halldórssonar bónda, en af því að jeg bæði heyri, sje og finn, að þingmenn eru orðnir leiðir á þessum afarlöngu umræðum í dag, þá skal jeg hætta og ekki þreyta menn lengur.

Forseti kvað því næst 2. umr. lokið, en þar eð síðla kvölds væri, ætlaði hann að fresta atkvæðagreiðslunni til morguns, enda væri þá blóðið orðið svalara og rólegra í mönnum.

Þrítugasti og fimmti fundur, fimmtudag 10. ágúst, kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frumv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. 1, 439); 2. umr.

ATKV.GR.: 13. gr. A. a.—b. 3 samþ. í e. h. hver liður fyrir sig. Breyt.till. nr. 53 á atkv.skrá felld með 12 : 10 atkv.; 13. gr. A. b. 4. samþ. með 17 samhlj. atkv.; 13. gr. A. b. 5. samþ. með 22 samhlj. atkv.; 13. gr. A. b. 6. samþ. með 21 samhlj. atkv.; 13. gr. B. I. a. samþ. í e. hlj.; breyt.till. nr. 54 á atkv.skrá felld með 15 : 1 atkv.; 13. gr. B. I. b. 1. samþ með 19 samhljóða atkv.; breyt.till. nr. 55 á atkv.skrá samþ. með 13 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Björn Bjarnarson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Klemens Jónsson,
Bogi Melsted,	B. Kristjánsson,
Jón Jakobsson,	G. Guðmundsson,
J. Jónss., þm. A.-S.,	H. Kr. Friðriksson,
J. Jónss. þm. Eyf.	Jens Pálsson,
J. J., þm. N.-M.,	Jón Þórarinsson,
Ólafur Briem,	Jón Þorkelsson,
Sigfús Árnason,	Sighv. Árnason,
Skúli Thoroddsen,	Sig. Gunnarsson.
Þór. Böðvarsson,	
Þ. Guðmundsson,	
Þorl. Guðmundss.	

Breyt.till. nr. 56 og 57 á atkv.skrá þar með fallnar; 13. gr. B. I. b. 2.—7.

með áorðnum breytingum samþ. með 22 samhlj. atkv.; 13. gr. B. II. a. samþ. með 22 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 58 á atkv.skrá felld með 12 : 7 atkv.; 13. gr. B. II. b. 1. samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 59 á atkv.skrá felld með 15 : 1 atkv.; 13. gr. B. II. b. 2.—7. samþ. með 21 samhlj. atkv.; 13. gr. B. III. a. samþ. í e. hlj.; breyt.till. nr. 60 á atkv.skrá samþ. í e. hljóði; breyt.till. nr. 61 á atkv.skrá fyrri liður felld með 13 : 4 atkv.; breyt.till. nr. 61 á atkv.skrá síðari liður felld með 12 : 5 atkv.; 13. gr. B. III. b. með áorðinni breyt. samþ. með 22 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 62 á atkv.skrá samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 64 á atkv.skrá felld með 14 : 4 atkv., síðari liðurinn í þessum tölul. þar með fallinn. Breyt.till. nr. 63 á atkv.skrá samþ. með 15 : 1 atkv.; breyt.till. nr. 65 á atkv.skrá samþ. með 15 : 6 atkv.; 13. gr. B. III. c. 1.—11. með áorðnum breyt. samþ. með 22 samhlj. atkv.; 13. gr. B. IIII. c. samþ. í e. hl.,; breyt.till. nr. 66 á atkv.skrá samþ. með 14 : 1 atkv.; breyt.till. nr. 67 á atkv.skrá samþ. með 16 samhlj. atkv.; 13. gr. B. IV. b. 1.—5. með áorðn. breyt. samþ. í e. hlj.; breyt.till. nr. 70 á atkv.skrá felld með 16 : 3 atkv.; breyt.till. nr. 69 á atkv.skrá. felld með 15 : 8 atkv.; breyt.till. nr. 68 á atkv.skrá samþ. með 13 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Kl. Jónsson,	Björn Sigfússon,
Benid. Kristjánss.,	Jón Jakobsson,
Bogi Melsted,	J. Jónss. þm. Eyf.,
Guðl. Guðmunds.,	J. Jónss. þm. Nm.
H. Kr. Friðriksson,	Ólafur Briem,
Jens Pálsson,	Sigfús Árnason,
J. Jóns. þm. A.-Sk.,	Sighv. Árnason,
Jón Þórarinsson,	Þ. Guðmundsson,
Jón Þorkelsson,	Þorl. Guðmundsson.

já:
Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,
Þór. Böðvarsson.

13. gr. B. V. b. 1.—3. samþ. í e. hlj.; 13. gr. B. VI. a. 1.—4. óbreytt samþ. með 22 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 71 á atkv.skrá. fyrri liður samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 71 á atkv.-skrá. síðari liður samþ. með 19 samhlj. atkv.; 13. gr. B. VI. b. 1.—2. með áorðnum breyt. samþ. með 22 samhlj. atkv.; 13. gr. B. VI. c. samþ. með 22 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 72 á atkv.-skrá. samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 73 á atkv.skrá. felld með 16 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	B. Kristjánsson,
Kl. Jónsson,	B. Bjarnarson,
G. Guðmundsson,	Björn Sigfússon,
Jón Þórarinsson,	Bogi Melsteð,
Jón Þorkelsson,	H. Kr. Friðriksson,
Sighv. Árnason,	Jens Pálsson,
Þór. Böðvarsson,	Jón Jakobsson,
	J. Jónss., þm. A.-Sk.
	J. J. þm. Eyf.
	J. Jónss. þm. N.-Múl.
	Ólafur Briem,
	Sigfús Árnason,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen.
	Þórð. Guðmundss.
	Þorl. Guðmundss.

13. gr. B. VI. c. samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 74 á atkv.skrá. að tölul. f. falli burtu samþ. með 19 samhlj. atkv.; 13. gr. B. VI. g. samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 74 á atkv.skrá. (umskipti á staflið) samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 76 á atkv.skrá. fyrri liður felldur með 15 : 7 atkv.; breyt.till. nr. 75 á atkv.skrá. fyrri liður felldur með 12 : 11 atkv.; 13. gr. B. VI. h. felld með 12 : 11 at-

kv. Aths. við breyt.till. á 75. og 76. tölulið á atkv.skrá þar með fallnar.; breyt.till. nr. 77 á atkv.skrá i. 1 felld með 14 : 5 atkv.; breyt.till nr. 77 á atkv.skrá. i. 2. felld með 12 : 5. atkv.; breyt.till. nr. 77 á atkv.skrá j. felld með 12 : 1 atkv.; breyt.till. nr. 78 á atkv.skrá samþ. með 14 : 5 atkv.; 13. gr. B. VII. a. með áorðn. breyt. samþ. með 20 samhlj. atkv.; 13. gr. C. 1. a.—f. samþ. í e. hlj.; breyt.till. nr. 79 á atkv.skrá felld með 13 : 4 atkv.; 13. gr. C. 2. samþ. með 22 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 81 á atkv.skrá a. samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 81 á atkv.skrá b. fyrri liður samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 80 á atkv.skrá fyrri liður samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 80 á atkv.skrá síðari liður samþ. með 13 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónssson,	Bened. Kristjánss.,
Kl. Jónsson.	Björn Sigfússon,
G. Guðmundsson,	Bogi Melsted,
H. Kr. Friðrikss.,	Jón Jakobsson,
Jens Pálsson,	J. J. þm. Eyf.,
J. J. þm. A.-Sk.,	J. J. þm. N.-M.,
Jón Þórarinsson,	Ólafur Briem,
Jón Þorkelsson,	Sigfús Árnason,
Sighv. Árnason,	Sig. Gunnarsson,
Þ. Böðvarsson,	Skúli Thoroddsen,
Þ. Guðmundsson,	
Þorl. Guðmundsson.	

Þm. Borgf. (B. B.) greiddi eigi atkvæði og var því talinn með meiri hlutanum.

Breyt.till. nr. 81 á atkv.skrá b. síðari liður samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 82 á atkv.skrá felld með 16 : 4 atkv.; breyt.till. nr. 83 á atkv.skrá samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 84 á atkv.skrá felld með 12 : 7 atkv.; 13. gr. C. 5. a.—b. samþ. í e. hlj.; 13. gr. C. 5. c. felld með 12 : 10 atkv.; breyt.till. nr. 85 á atkv.skrá felld með 14 : 2 atkv.; 13. gr. C. 6. samþ. með 16 samhl. atkv.; breyt.till. nr. 87 á atkv.skrá felld með 12 : 10 atkv.; breyt.till. nr. 86 á atkv.skrá samþ. með 15 : 1 atkv.; 13. gr. C. 7. með áorðn. breyt. samþ. með 20 : 1 atkv.; 13. gr. C. 8.—9. samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 88 á atkv.skrá felld með 12 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
Bened. Kristjánss.,	B. Bjarnarson,
Bogi Melsted,	Björn Sigfússon,
H. Kr. Friðriksson,	Guðl. Guðmundsson,
Jón Jakobsson,	Jens Pálsson,
J. J. þm. A.-Sk.,	Jón Þórarinsson,
J. J. þm. Eyf,	Þón Þorkelsson,
J. J. þm. N.-M.,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Sigfús Árnason,
Þ. Böðvarsson,	Sighv. Árnason,
Þorl. Guðmundss.,	Sig. Gunnarsson,
	Þ. Guðmundsson.

13. gr. C. 10. óbreytt samþ. með 20 samhlj. atkv.; 13. gr. C. 11. samþ. í e. hlj.; breyt.till. nr. 89 á atkv.skrá felld með 15 : 6 atkv.; breyt.till. nr. 90 á atkv.skrá fyrri liður felld með 14 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Klemens Jónsson	Einar Jónsson
Björn Sigfússon	B. Kristjánsson
Guðl. Guðmundss.	Björn Bjarnarson
H. Kr. Friðriksson	Bogi Belsted
Jón Þórarinsson	Jens Pálsson
Jón Þorkelsson	Jón Jakobsson
Sighv. Árnason	J. Jónss. þm. A.-Sk.
Sig. Gunnarsson	J. Jónss. þm. Eyf.
Þ. Guðmundsson	J. Jónss. þm. N.M
	Ólafur Briem
	Sigfús Árnason
	Skúli Thoroddsen
	Þór. Böðvarsson
	Þorl. Guðmundsson

13. gr. C. 12 óbreytt samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 92 á atkv.skrá felld með 22 gegn 1 atkv.; breyt.-

till. nr. 91 á atkv.skrá felld með 14 gegn 7 atkv.; 13. gr. C. 13 óbreytt samþ. með 20 gegn 1 atkv.; breyt.till. nr. 93 á atkv.skrá 14. samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 94 á atkv.skrá 14. þarmeð fallin; breyt.till nr. 93 á atkv.skrá 15. felld með 16 gegn 4 atkv.; breyt.till. 94 á atkv.skrá 16. samþ. með 14 gegn 3 atkv.; breyt.till. nr. 94 á atkv.skrá 17. samþ. með 12 gegn 3 atkv.; breyt.till. nr. 94 á atkv.skrá 18. samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 95 á atkv.skrá felld með 14 gegn 7 atkv.; breyt.till. nr. 96 á atkv.skrá felld með 15 gegn 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson	Björn Bjarnarson
Klemens Jónsson	Björn Sigfússon
B. Kristjánsson	Bogi Melsted
Guðl. Guðmundss.	Jens Pálsson
H. Kr. Friðriksson	Jón Jakobsson
Jón Þórarinsson	J. Jónss. þm. A.-Sk.
Jón Þorkelsson	J. Jónss. þm. Eyf.
Þór. Böðvarsson	J. Jónss. þm. N.-M.
	Ólafur Briem
	Sigfús Árnason
	Sighv. Arnason
	Sig. Gunnarsson
	Skúli Thoroddsen
	Þ. Guðmundsson
	Þorl. Guðmundss.

Breyt.till. nr. 97 á atkv.skrá samþ. með 18 gegn 1 atkv.; 13. gr. með áorðn. breyt. samþ. með 21 samhlj. atkv.; 14. gr. óbreytt samþ. í einu hlj.; breyt.till. nr. 100 á atkv.skrá samþ. með 13 gegn 3 atkv.; breyt.till. nr. 101 á atkv.skrá tekin aptur; breyt.till. nr. 102 á atkv.skrá felld með 12 gegn 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson	Björn Bjarnarson
Klemens Jónsson	Björn Sigfússon
B. Kristjánsson	Bogi Melsted
Guðl. Guðmundss.	Jón Jakobsson
H. Kr. Friðriksson	J. Jónss. þm. A.-Sk.
Jens Pálsson	J. Jónss. þm. N.-M.
J. Jónss. þm. Eyf.	Ólafur Briem
Jón Þórarinsson	Sigfús Árnason
Jón Þorkelsson	Sighv. Árnason
Þór. Böðvarsson	Sig. Gunnarsson
	Þ. Guðmundsson
	Þorl. Guðmundss.

Breyt.till. nr. 104 á atkv.skrá samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 103 á atkv.skrá samþ. með 12 gegn 11 atkv. að viðhöfðu nafnakall og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson	Klemens Jónsson
B. Kristjánsson	Björn Bjarnarson
Bogi Melsted	Björn Sigfússon
Guðl. Guðmundss.	H. Kr. Friðriksson
Jens Pálsson	Jón Jakobsson
J. Jónss. þm. A.-Sk.	J. Jónss. þm. Eyf.
Jón Þórarinsson	J. Jónss. þm. N.-M.
Jón Þorkelsson	Ólafur Briem
Sigfús Árnason	Sig. Gunnarsson
Sighv. Árnason	Þ. Guðmnndsson
Skúli Thoroddsen	Þorl. Guðmundss.
Þór. Böðvarsson	

15. gr. með áorðn. breyt. samþ. 21 samhlj. atkv.; 16. gr. óbreytt samþ. í einu hlj; breyt.till. nr. 107 á atkv.skrá samþ. án atkv.gr.; 18. gr. óbreytt samþ. í einu hlj.; 19. gr. óbreytt samþ. án atkv.gr.; 17. gr. eins og hún nú verður samþ. í einu hlj.; breyt.till. nr. 110 á atkv.skrá felld með 16 gegn 4 atkv.; breyt.till. nr. 112 á atkv.skrá fyrri aths. samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. nr. 111 á atkv.skrá fyrri aths. samþ. með 12 gegn 8 atkv.; breyt.till. nr. 112 á atkv.skrá síðari aths. samþ. með 15 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Frumvarp til laga um gæzla og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá (C. 424); 3. umr.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Jeg minnt-

ist lauslega á það við 2. umr. að ef brúartollur yrði ekki samþykktur, þá sýndist mjer vel við eiga að breytt væri gjaldinu, sem greitt er úr jafnaðarsjóði Suðuramtsins í landssjóð vegna Ölfusárbrúarinnar, og því væri varið til að stofna sjerstakan brúarsjóð, sem kostaði síðar meir viðhald og endurbygging brúnna. En nú liggur engin breytingartillaga í þessa átt fyrir þinginu, og jeg hefi ekki fundið sjerstaka hvöt til að koma með breyt.till. um þetta, því að jeg hef orðið þess áskynja hjá hæstv. landsh., að gjald það er átti að leggja á suðuramtið allt mundi aldrei verða lagt á kjördæmi mitt, Austur-Skaptafellssýslu, enda hefði verið fjarstæðast að leggja það á hana, af öllum þeim sýslufjelögum, sem verið hafa í Suðuramtinu.

ATKVÆÐAGR.: Frumvarpið samþ. í einu hljóði og afgreitt til efri deildar.

Frumvarp til laga um vegi (C. 186, 305, 413, 414, 451, 467); 2. umr.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Bendingar hæstv. landsh. við 2. umr. hafa gefið tilefni til að nefndin hefir leyft sjer að koma með nýjar breyt.till. við frumv.

Viðvíkjandi hinum einstöku tillögum skal jeg taka það fram, að þær eru flestar að eins orðabreytingar, sem hafa lítil áhrif á efnið. Þannig hefir nefndin lagt það til, að í staðinn fyrir aðalflutningabrautir, komi flutningabrautir; frá h. þm. A.-Sk. (J. J.) hefir einnig komið breyt.till. í líka átt, sú till., að í staðinn fyrir aðalpóstvegir komi þjóðvegir.

Nefndinni finnst þessi breyt.till. h. þm. (J. J.) á litlu standa; þjóðvegur er gamalt og gott orð, en aptur er orðið aðalpóstvegur búið að vinna hefð í málinu, og einkennir vel þá hugmynd sem við það er tengd. Þá skal jeg minnast á þriðju breyt.till. nefndarinnar, er stendur í sambandi við 7. breyt.till., um það að 6. gr. falli burt. Þær breytingar fara fram á, að sleppa upptalningunni á þeim vegum, sem til fjallvega skuli teljast; þetta kemur alveg heim við vegalögin frá 1887. Nefndinni fannst betur fara að gera þessa breytingu, því að það þarf mikinn kunnugleik til þess, að ákveða rjettilega, hvaða vegi skuli telja fjallvegi og hverjum sleppa, enda getur það víða verið töluvert álitamál. Í öðru lagi fannst nefndinni það athugavert við þessa upptalningu, að ekki þótti ráðlegt, að láta landssjóð taka að sjer heilan hóp af fjallvegum til halds og trausts; hitt væri rjettara að veita fje í fjárlögunum til aðgerðar á þeim fjallvegum, sem eptir atvikum þætti ástæða til að láta sitja í fyrirrúmi á næsta fjárhagstímabili; á þann hátt hefði fjárveitingarvaldið óbundnar hendur. Afleiðingin af þessari breytingu gæti að vísu orðið sú, að sýslunefnd sleppti einhverjum vegi úr sýsluvegatölu, til þess að reyna að koma honum inn undir fjallvegina; en svo framarlega sem hvorki fjárveitingarvaldið nje hlutaðeigandi sýslunefnd vill kosta fje til slíks vegar, þá leiðir beint af því, að engar umbætur verða gerðar á honum, á meðan svo stendur.

Þá er viðaukatillaga frá h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.), sem fer fram á, að aptan við 5. gr. bætist: »Liggja skulu vegir þessir um aðal-byggðir landsins, svo beint sem verða má, milli endastöðvanna eptir staðháttum«. Sú hugsun sem liggur til grundvallar fyrir þessu kemur saman við skoðun nefndarinnar; en henni fannst að nokkru leyti óþarft að taka þetta fram, því að hún gekk út frá því sem sjálfsögðu, að þau tvö atriði, sem felast í viðaukatillögunni, fyrst og fremst, að þjóðvegirnir liggi

um aðal-byggðir landsins og jafnframt sem skemmstu leið, hlýtur að koma til greina, þegar um það væri að ræða, að ákveða stefnu þessara vega.

Um það, að vegir eigi að vera sem beinastir að unnt er eptir atvikum, ímynda jeg mjer, að allir verði samdóma, en um staðhættina getur jafnan verið töluvert álitamál, og úr þeim vanda skar viðaukatillagan ekki.

Þá er að minnast á 13. breyt.till.; hún er eiginlega í þrennu lagi. Í fyrsta lagi er farið fram á breytingu á upphæð sýsluvegagjaldsins; í frumv. var það sett 2 kr. fyrir hvern verkfæran mann, en að undanförnu hefur það verið hálft dagsverk eptir verðlagsskrá. Í breyt.till. er farinn millivegur milli þessa. Nefndinni þótti ísjárvert að hækka gjaldið eins mikið og frumv. fer fram á, en þó ástæða til að hækka það nokkuð, því að eins og vjer vitum, hefur sýsluvegagjaldið reynzt ónógt til að bæta sýsluvegina og halda þeim við. Hálft dagsverk eptir verðlagsskrá að meðaltali í öllum sýslum landsins hefir að undanförnu leikið á 1 kr. 20 a. til 1 kr. 30 a., og nú er það eptir meðaltali verðlagsskránna fyrir árið 1893—1894 hjer um bil 1 kr. 24 a. Nefndin hefur þar á móti stungið upp á föstu gjaldi 1 kr. 50 a. fyrir hvern verkfæran mann, sem þannig verður 26 aurum hærra en það gjald, sem nú er lögákveðið.

En nú er aptur komin fram breyt.till. að færa sýsluvegagjaldið niður í hálft dagsverk. Á þessa breyt.till. hefur nefndin ekki fallizt, því að henni finnst ekki ástæða til, að elta verðlagsskrána, þótt fáum aurum geti munað á gjaldinu.

Í öðru lagi snertir 13. breytingartill. gjaldskylduna. Í frumv. er ætlazt til, að gjaldið sje greitt sem nefskattur, en breyt.till. fer fram á, að það sje greitt úr sveitarsjóði, eins og að undanförnu.

Þriðja breytingin áhrærir gjaldgreiðsluna. Í frumv. er kveðið á, að sýslumaður heimti það á manntalsþingum, og að húsbændur greiði það fyrir hjú sín; en breyt.till. fer fram á það, að hreppsnefndir greiði það eins og nú á sjer stað. Nefndin viðurkennir það að vísu, að þægilegt væri fyrir hreppsnefndir að losast við, að innheimta gjald þetta með sveitarútsvörum, en á hinn bóginn mundi það verða enn meiri erfiðleikum bundið fyrir bændur, að greiða gjaldið í peningum á manntalsþingum. Með sjerstöku tilliti til þessa hefur nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að rjettara væri að láta hreppsnefndir hafa gjaldheimtuna á hendi Þess sýnist ekki heldur eins brýn þörf, að ljetta þessu starfi af hreppsnefndum, þegar þess er gætt, að sýslumenn hafa að lögum talsverða innheimtu fyrir þær, þar sem hundaskatturinn er.

Þá er 18. breyt.till. um hreppsvegi og umbætur á þeim. Eins og kunnugt er, þá er eptir núgildandi lögum ákveðin skylduvinna við vegi þessa. En það hefur verið tekið fram og viðurkennt, að ýmsir agnúar sjeu á þessu fyrirkomulagi, og að þessi skylduvinna komi ekki ætíð að sem beztum notum. Þegar skylduvinna er, þá er ekki hægt að velja vana menn til vinnunnar, heldur verður að taka hvern þann, sem heita má að verkfær sje, og afleiðingin verður sú, að hver bóndi sendir mann frá sínu heimili, og að hreppsnefndin á mjög örðugt með að sameina vinnuna á einstökum stöðum, en verður að láta vinna í smáflokkum, því að hart þykir, að löng ferð til vinnunnar bætist ofan á vinnuna sjálfa.

Skylduvinnan er líka lítt samrýman-

leg við sum önnur ákvæði vegalaganna, t. d. þar sem til er tekið, að ákveða megi, að allt að helmingi hreppsvegagjaldsins skuli greiða í peningum í sýsluvegasjóð, en slíkt getur ekki látið sig gjöra, ef allir láta vinna, en enginn borgar í skileyri.

Sá annar agnúi er og á skylduvinnunni, að ef þarf að fá mann til að hafa umsjón með vegagjörð í einhverjum hrepp eða kaupa efni í brú á hreppsvegi, þá er það eigi hægt, af því fje er eigi ákveðið til þeirra hluta.

Nefndin vonar því, að þessar tvær breyt.till., hin 13. og 18., nái samþykki deildarinnar.

Jeg skal loks geta þess viðvíkjandi síðustu breyt.till., að nefndinni fannst eigi ástæða til að taka upp í frumv. ákvæði um, að tilskipunin 15. marz 1861 og vegalögin 15. okt. 1875 skuli afnumin, með því það er áður búið að fella þau úr gildi með vegalögunum 10. nóv. 1887.

Aptur á móti tók nefndin upp ákvæði um afnám laganna frá 7. febr. 1890, af því að þau hljóta að falla úr gildi, ef frumv. þetta verður að lögum.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg er háttv. flutningsmanni þakklátur fyrir að hafa vakið þessa hugmynd, því að jeg held að fátt sje oss meir til minnkunar en kaupstaðarferðirnar, einkum á haustin. Það mætti telja það stóra framför og ómetanlegan sóma fyrir oss, ef hver bóndi æki í vagni frá heimili sínu til kaupstaðarins. En jeg óttast að það sje þó ein af þeim hugmyndum, sem á langt í land að koma til verulegra framkvæmda, en jeg skal þó fremur vona en koma með hrakspár, og vona því að það verði smátt og smátt. En það sem jeg hef á móti frumv. þessu, er meginregla sú, sem í því er fylgt, sú meginregla, að akvegir í kaupstaði sjeu borgaðir að öllu úr landssjóði; hún er að mínu áliti ekki rjett.

Þegar jeg var með því að semja hin núgildandi vegalög, þá áleit jeg landssjóð ekki færan að annast um annað en póstleiðirnar; þá áleit jeg að landssjóður eigi fyrst og fremst að annast, því að eptir þeim sendir landsstjórnin boð sín og skipanir, og um þá berst daglegt brauð þjóðarinnar, dagblöðin, til landsmanna. Þetta áleit jeg skyldu landssjóðs að sjá um; hitt er fremur hjeraðamál og búnaðarmál, að annast vegi til vöruflutninga.

Vjer vitum að það er orðið að venju að skuldbinda hjeruðin til að leggja tiltölulegan skerf til samgöngumála sinna, t. d. gufubátanna, og þá álít jeg að því fremur sje ástæða til þess hjer, þar sem ekki er um verulegt samgöngumál að ræða, heldur mál, sem er nær því að vera búnaðarmál.

Jeg vil ekki með þessu segja, að landssjóður eigi að vera með öllu laus við afskipti af flutningabrautum þessum, heldur að hann eigi að styrkja sem ríflegast hann getur lagning þeirra, sem eitt hið mesta nauðsynjamál landsins. Að eins sýnist mjer ekki rjett, að hann taki þær með öllu upp á sína arma.

Þegar jeg lít á frumv., þá sje jeg, að það eru að eins 6 hjeruð landsins, sem fyrst um sinn eiga að njóta þeirra gæða, að fá flutningabrautir. Þessi gæði eru í mínum augum ómetanlega mikil. En hvað á svo að gjöra við hin hjeruðin? Sum af þeim munu seint eða aldrei fá neina flutningabrautina. Jeg held það muni kosta ærinn tíma og ærið fje að leggja flutningabrautir í þessum 6 hjeruðum, og að mínu áliti er það ekki alveg rjett, að sleppa hugmyndinni um akvegi á póstleiðum. Jeg held það mundi spara mikið fje,

ef sú tíð kæmi, að póstar gæti ekið flutningi sínum á vagni með tveim hestum fyrir, og þótt því verði ekki komið við á vetrum að aka í vagni, þá er til annað ráð og annar vegur, sem skrælingjar nota en Íslendingar ekki, og það er að aka á sleða.

Það eru vandræði að póstflutningar sjeu svo, að hestar spillist og jafnvel limlestist undir póstflutningi. Jeg vildi því nauðugur sleppa hugmyndinni um endurbætur á póstvegunum, en mjer sýnist hún vera horfin úr sögunni í frumv. þessu. Jeg ætlaði að tala í líka átt og nú við 1. umr., en þá var orðið svo seint fyrir með málið, að jeg sleppti því. Jeg veit, að h. þm. Dal. (J. P.) er ekki ókunnugt um þessa hugmynd mína; jeg hef skýrt honum frá henni. Jeg hef ekki talað þetta til að eyðileggja frumv.; en gjarna vildi jeg þó koma með breytingartill. við það til 3. umr.

Eptir því sem mjer skilst er aðalbreyting frumv. þessa frá núgildandi lögum þetta, sem jeg hef tekið fram; þessari aðal-breyting vildi jeg koma fyrir á annan hátt, ef hægt væri.

Jeg ætla enga grýlu að gjöra úr því, hvað það muni kosta, að hver bóndi fái akveg heim á heimili sitt, og ekki ætla jeg heldur að setja mig á móti, að það gangi til 2. umr. Þvert á móti, jeg mun greiða atkv. með því.

Breyt.till. nefndarinnar eru mestmegnis orða-breytingar, en gjöra ekki neina breyting á aðalstefnu frumv. og ekki gjöra sumar þeirra það aðgengilegra.

Þórður Guðmundsson: Jeg leyfi mjer að mæla nokkur orð fyrir breyt.till., sem jeg og fleiri h. þm. hafa gert, að því er hækkun á vegabótagjaldinu snertir.

Breyt.till. þm. á þingskjali 320 sýnir það glögglega, að vegabótagjaldið er hækkað að miklum mun frá því, sem áður var. Það er ákveðið í þessu frv. 1 kr. 50 a. í peningum á hvern verkfæran mann, en meðan það var goldið í dagsverkum, þá var það ekki nema hálft dagsverk. Jeg tel það nauðsyn að bæta vegi hjer á landi; en jeg tel það mjög óheppilegt, að þingið setji sjer það »prógram«, að íþyngja landsmönnum á hverju þingi í einhverju, en ljetta engu af þeim í þess stað.

Eptir síðustu skýrslum eru verkfærir menn á landinu taldir nálægt 18000. Nú er verðlagsskrá með lægra móti, en þó telst mjer, að dagsverk verði allt að 2 kr. og 20 a.; einstaka ár kann það að verða meira. En með þeirri hækkun, sem nú er farið fram á, þá getur vegabótagjaldið hækkað um 8000—12000 krónur á ári, og það er allt of mikil hækkun. Bændur verða ráðalausir að inna þetta gjald af hendi vegna hins almenna peningaleysis, sem nú ríkir og ræður, svo að þessi vegabótagjaldshækkun mundi allt annað en glæsileg fyrir bændur og aðra gjaldendur, sem það gjald eiga að greiða. Sýslumennirnir, sem sitja hjer í deildinni, ættu að vita það, hvernig gengur að innheimta vegabótagjald, og jeg ætti líka að vita það, sem í mörg ár hef verið hreppstjóri og hreppsnefndaroddviti, hvernig það gengur að innheimta þetta gjald, sem ekki hefir þó verið borgað nema að hálfu leyti í peningum hingað til, nefnilega sýsluvegagjaldið, en nú er farið fram á að greiða hreppavegagjald líka í peningum. Peningavandræðin eru svo mikil, að bændur verða að biðja sýslumenn að umlíða sig, ef til vill svo árum skiptir, eða þá að taka lán. Það er ekki viljaleysi eitt, sem þessu veldur, heldur blátt áfram getuleysi.

Jeg hefi því með fleiri h. þm. komið með breyt.till., sem fer fram á, að vegabótagjaldið sje ekki hækkað.

Jeg hefi tekið það fram áður, að jeg vil ekki draga úr neinum sönnum framförum nje samgöngubótum, en ekki vil jeg leggja svo mikla áherzlu á vegabætur, að leggja svo þunga skatta á landsmenn, að þeir geti ekki ráðið fram úr að greiða þá.

Þó flutningabrautir eða hvað þær nú eiga að heita komi í staðinn fyrir póstleiðina gömlu, þá get jeg ekki sjeð, að þær verði að tilætluðum notum, eða, ef þær eiga að verða að notum, þá kosta þær svo mikið, að enginn vegur er til, að þjóðin megi við þeim kostnaði. Það leiðir og af sjálfu sjer, að þessar flutningabrautir nægja eigi einar fyrir sig, heldur verður að leggja aukavegi út úr þeim, en það er víða alveg ómögulegt, þar sem t. d. eru fen og foræði; það mundi ekki verða nema einstöku bæjum að gagni, sem næstir vegunum eru, sem gætu haft gagn af þess um fyrirmyndar-akbrautum, enda er mjög varasamt að íþyngja landsmönnum með gjaldeyri, sem þeir hafa ekki til, eins og hjer á sjer stað, og það verður eigi til að laða menn að landi þessu, ef löggjafarvaldið setur sjer það, að íþyngja landsmönnum á hverju þingi að einhverju leyti, eins og jeg hefi áður bent á og tekið fram.

Breyt.till. okkar þingmanna er þó alls ekki byggð á því, að vjer viljum draga úr vegabótum hjer á landi; þvert á móti viljum vjer með öllu móti hlynna að þeim á sem skynsamlegastan hátt.

Jens Pálsson: H. varaforsetl (Þ. B.) tók í ræðu sinni allvel þessu máli, og fór það vel; enda hefir hann fyr sýnt það, að hann hefir mikinn áhuga á samgöngumálum landsins, hefir og sjálfur átt mestan þáttinn í vegalögunum, sem nú gilda, þar sem fylgt er fram þeirri þrekmannlegu hugsun, að innleiða akvegi hjer á landi.

Sú hugmynd ræður í þeim lögum, að landssjóður skuli kosta allar vegabætur á aðalpóstleiðum og að á þeim skuli akbrautir leggja; það er meginreglan í þessum lögum. Fyr og síðar hef jeg sýnt fram á það, og enginn móti mælt, að póstvegir þessir væru nær 200 mílur, og mundu kosta minnst 3—4 miljónir króna að gera þá að akvegum; þjóðinni væri þannig reistur hurðarás um öxl, og hún gæti ekki borið slíkan kostnað, og þótt akvegir yrðu gjörðir á aðalpóstleiðum, þá sje umferðin um þá víðast hvar svo lítil, að þeir akvegir mundu alls ekki svara kostnaði. Sú hugsun, að gera aðalpóstvegi að akvegum, er stór — jeg játa það —, en hún er ekki praktisk; póstflutningar eru litlir. Landpóstar fara um 15 ferðir á ári og hver póstur hefir 3—4 hesta undir koffortum, en slíkt er engin verulег umferð, engir verulegir flutningar.

Í því frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir, er ekki vikið frá þeirri hugsun h. varaforseta o. fl. gamalla þingmanna, að leggja akvegi hjer á landi, en fyrirkomulagið er annað, önnur meginregla er í frumv. felld saman við þessa hugsun, og það er sú meginregla, sem gildir hjá öllum siðuðum þjóðum, að kosta þar mestu til vegabóta, sem flutningsmagnið er mest; það eitt getur orðið praktiskt og ávaxtarsamt. Það er mikilsvert, að brjef og dagblöð geti borizt; en hitt er þó meira vert, að gera mönnum hægt fyrir að ná að sjer lífsbjörg sinni og öllum nauðsynjum.

Hin fremsta nauðsyn er því að gera akfæra vegi, þar sem flutningamagn er mest, og þegar þær brautir eru komnar á, og alþýða manna er farin að komast upp á að flytja þungavöru sína á vögnum, þá, en fyr eigi, gæti verið á-

stæða til þess eða hugsandi, að leggja afardýra akvegi landshorna á milli.

H. varaforseti (Þ. B.) áleit, að mikið mætti spara með því, að flytja póstflutning í vögnum, en póstflutningur er tiltölulega lítill, eins og jeg hefi sagt, og yrði sá sparnaður tiltölulega lítill, en það væri stór sparnaður, ef vörum yrði almennt ekið að og frá kauptúnum.

H. varaforseti sagði, að landsmenn gætu notað sleða; þetta geri Grænlendingar og það hafi Íslendingar gert í fornöld. En þótt hægt sje að koma sleðum við á Norðurlandi, þá er veðráttu svo farið hjer á Suðurlandi, að örsjaldan er hægt að nota þá, og ekki lengur að jafnaði en fáa daga í senn; að ætla póstum að fara þeirra fastákveðnu ferðir á sleðum, getur því ekki látið sig gera.

H. varafors. (Þ. B.) vill láta hlutaðeigandi hjeruð taka þátt í þeim kostnaði er leiðir af flutningabrautum, eins og farið er fram á um gufubáta þá, sem í ráði er að sýslufjelögin taki að sjer. Það er að vísu gott, að hjeraðabúar taki sem mestan þátt í vegabótum hver í sínu hjeraði. En þetta leiðir af frumvarpinu. Eptir því kostar landssjóður vegagjörð á aðalbrautum, en það er hlutverk sýslufjelaganna að leggja aukabrautir um hjeruðin smátt og smátt. Það er nóg, að ætla þeim að standa straum af þeirri vegagjörð. En ef sýslufjelögin ættu að taka þátt í vegagjörð á aðalbrautum, þá hefðu þau eigi fje til að gera aukabrautir, því að svo mikið fje kosta þær.

Jeg get ómögulega fundið að þetta frumv. leggi nokkra nýja lögbyrði á landsmenn, fram yfir það er áður var; þvert á móti. Það liggur í augum uppi, að eptir eldri vegalögum hvílir einmitt stórkostleg lögbyrði á landssjóði, þar sem á honum hvílir að gera alla póstvegi að akvegum, sem yrðu allir um 200 mílur á lengd. En eptir frumv. verða brautir þær, sem landssjóður á að kosta, flutningabrautirnar, ekki nema á að gizka 50 mílur. Nú kostar hver míla akvega 12—16000 krónur, eptir reikningi verkfræðinga, og þá myndu þessar 200 mílur, er landssjóður er skyldur að gera akvegi á, kosta afarmikið fje, að minnsta kosti 3 miljónir króna, og ef brúuð væri hver spræna þar að auki, þá er óhætt að gera ráð fyrir, að kostnaðurinn yrði ekki undir 4 miljónum. Flutningabrautir þær, sem landssjóður á að kosta eptir þessu frv., eru, eins og áður er sagt, um 50 mílur, og þegar gert er ráð fyrir að hver míla atkvegar kosti að meðaltali 15,000 krónur, þá verður sú raunin á, að það er nokkuð minna fje en hitt, eða um 750,000 kr., og þótt nokkrar brýr væri lagðar að auki, þá yrði allur sá kostnaður ekki nema 1/4 á móti þeirri lögbyrði, sem nú hvílir á landssjóði. Með frumvarpinu er því ákaflega miklu ljett af landssjóði. Þótt stórbrýrnar kosti mikið, þá er það ekkert hjá því sem akbrautir kosta.

Jeg hefi nú reynt að skýra aðalstefnu og aðalkosti frumv. og vona, að h. varaforseti sjái, að vjer flutningsmenn þessa frumvarps höfum mikið til vors máls.

Jeg ætla framsögumanni nefndarinnar að svara breyt.till. þeirri, sem komið hefir fram frá 1. þm. Árn. (Þ. G.) o. fl.; hann er færari til þess en jeg. En þó vil jeg benda h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) á, að hann þarf ekki að vera kvíðandi, þótt þetta frumv. komist á. Kvíði hans er að ætlun minni sprottinn af því, að honum er ekki vel ljóst, hvílík nauðsyn alþýðu í sveitum þykir vera á vegabótum. Hann sagði, að öll íþyngíng í gjöldum væri óvinsæl og kæmi hart niður á mönnum. En gjald það,

sem frumv. fer fram á að greitt sje til vegabóta, virðist mjer ekki vera tilfinnanlegt; það er ekki nema 20—25 aurar á hvern verkfæran mann umfram það sem nú á sjer stað. (*Þ. G.*: Sumstaðar 60 aurar). Það er eins dæmi. Þessi gjaldauki er líka sumstaðar svo sem ekki neitt, eins og í Kjósar- og Gullbringusýslu, þar sem munurinn hefði ekki verið nema 3 aurar á mann árið sem leið. Gjald þetta er þarft, og hlýtur að verða og er þegar þokkasælasta gjald hjá alþýðu. Verkfærum manni er ekki þungt að greiða það, og aðrir greiða það ekki. Þá talaði h. þm. um, að flutningsbrautirnar myndi eigi koma að tilætluðum notum, og myndu verða dýrari en hinir eldri vegir. En jeg hefi nú sýnt fram á, að eptir frumv., þá liggur svo miklu minni lögbyrði á landssjóði en áður, og ef hinn h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) hefði athugað það nógu vel, þá hefði hann ekki haft ástæðu til að kvarta nú. Mótmæli h. þm. eru fremur sprottin af hræðslu eða þá af því, að hann hefir ekki gert sjer nógu mikið far um að kynna sjer þetta mál. Jeg segi honum það ekki til ámælis; þegar annar eins málafjöldi berst á menn, eins og nú, er varla unnt að hugsa hvert einasta mál rækilega.

Þorlákur Guðmundsson: H. 1. þm. Rangv. (Þórður G.) hefir nú að nokkru leyti talað fyrir þeirri breyt.till., er vjer höfum gert. Jeg get ekki annað en verið honum samdóma um, að það sje mjög varhugavert, að leggja mikil gjöld á sýslusjóðina. Mjer er það kunnugt og það ætti h. þm. Dal. (J. P).) líka að vita, að í Kjósar- og Gullbringusýslu hefir ekki gengið skafið, að ná inn vegabótagjöldum opt að undanförnu. Verið getur, að það gangi vel í ár, en óvíðast og sjaldnast hafa þau gjöld greiðzt á manntalsþingum, og er þó hægra að ná í peninga í Kjósar- og Gullbringusýslu en víðast hvar annarsstaðar á landinu. Það mun því verða fullerfitt fyrir hreppsnefndir að heimta inn vegabótagjaldið, ef það er hækkað fram úr því sem nú er. Sama er að segja um það, að afnema skylduvinnu til hreppavega, en greiða peninga sem því svarar; það mun verða mörgum ervitt. Það eru svo mörg gjöld, sem á ábúandanum hvíla. Hreppsnefndir hafa nú vald til að ráða verkstjóra, og í því hlýtur að liggja, að það má borga þeim úr sveitarsjóði, og því fremur ættu þær að geta notað skylduvinnuna eins og verið hefir, og látið hana koma að tilætluðum notum.

Það er varúðarvert, að leggja á nýja skatta, þó ekki sje nema 25 aurar á mann; öll gjöld bænda samanlögð eru tilfinnanleg, þó að hvert um sig sje lítil upphæð; safnast þegar saman kemur, og kornið fyllir mælirinn.

Aukavegir ættu ekki að vera lagðir, nema eptir ráði verkfróðs manns. Því fje sem varið er til sýsluveganna er opt illa varið, svo illa varið, að við slíkt má ekki lengur hlíta; jeg er ekki auðugur maður og ekki heldur fátækur, en mjer hefir opt legið við að telja eptir þetta gjald, af því, hvernig með það hefir verið farið. Það hefir engin mynd verið á vegum, af því að þeir hafa ekki verið lagðir af neinni verklegri þekkingu; fjenu er svo að segja fleygt í sjóinn í mörgum hjeruðum. Það ríður mjög mikið á, að koma þessari vegagerð í hagfelt horf. Vegir ættu ekki leggjast nema eptir fyrirsögn þeirra manna, sem unnið hafa að vegagerð undir umsjón verkfróðs manns, og þannig hafa aflað sjer verklegrar æfingar.

Jeg get verið samþykkur því, að póstvegirnir falli ekki nema sumstaðar saman við aðalflutningavegina. En það

hefði þó miklu fremur þurft, að póstvegirnir sje bættir. Það gengur skrælingjaskap næst, hvernig póstar verða að fara með hesta á vetrum á þeim torfæru leiðum, sem þeir eiga yfir að sækja. Þeir fara allt mögulegt og ómögulegt, og eru skyldugir til að fara hvernig sem færð og veður er. Engir menn í þjónustu landstjórnarinnar eiga við verri kjör að búa en póstar; laun þeirra hefði verið vert að hækka, án þess að jeg ætli að gera það að tillögu minni í þetta skipti, að bætt sje við þá.

Mikil bót væri það í máli, ef menn almennt kynnu að beita sleðum, eins og h. varaforseti minntist á. Í fornöld tíðkuðu menn mjög sleða-akstur, eins og sögurnar sýna, og í þessu eru Eskimóarnir í Grænlandi oss fremri; þeir beita hundum fyrir sleða, eins og kunnugt er.

Það er víst ekki meiningin hjá h. þm. Dalam. (J. P.), að þeir póstvegir sem búið er að leggja akvegi á, verði lagðir niður. Mjer virðist sem flutningabrautirnar verði lengri en h. þm. tók til, ef þær eiga að koma að haldi.

Hugsunin hjá honum er mikið góð, það skal jeg viðurkenna; en hann er alltaf langt á undan tímanum, að mínu áliti; það verður dýrt fyrir landssjóð, að leggja þessar flutningabrautir og halda þeim síðan við í hálfa eða heila öld, áður en þær koma að fullum notum, því að ekki er við því að búast, að bændur almennt kaupi eða hafi ráð á að kaupa dýra flutningsvagna. Það væri allt annað mál, ef hjer væru lagðar járnbrautir, eins og erlendis. Þá vegi er jafnan hægt að nota. En jeg hygg, að það eigi langt í land hjer, að bændur hafi efni á að leggja almennt akvegi út af þessum flutningabrautum, svo að notum verði og kaupa sjer flutningsvagna.

H. þm. Dal. (J. P.) hefir gefið mjer einn bækling sinn um þetta fyrirhugaða fyrirkomulag á vegum og vegagerð, og jeg játa, að tilgangur hans er mikið góður.

En þegar jeg lít á fjárhag þjóðarinnar, þá hygg jeg, að ávextirnir af þessu nýja fyrirkomulagi verði eigi eins stórkostlegir og h. þm. Dal. (J. P.) gerir ráð fyrir. Það er ekki hægt að segja fyrir með ákveðnum tölum, hvaða gagn verði að þessu og hinu. Það er líkt og þá er þm. Borgf. (B. B.) fór að reikna út, hvað mikið bændur ynnu við afnám helgidaganna, og reiknaði það til peninga. Jeg vil ekki byggja of mikið á slíkum reikningum.

Þótt þessar flutningabrautir kæmust á, þá get jeg ekki sjeð, að bændur þyrftu síður en áður á hestum að halda almennt; þeir geta, til dæmis, ekki flutt hey sitt á vögnum heim af engjum, því að ekki verða akbrautirnar lagðar þangað, nema á stöku stað; þó t. d. akbraut væri lögð hjer frá Reykjavík til Þingvalla, sem líklega verður, og yfir Almannagjá og heim í hlaðið á Þingvöllum, þá gæti þó Þingvallapresturinn ekki notað þessa braut til að aka á henni heyi heim af engjum sínum. Hann þyrfti hjer um bil jafnmarga hesta og áður. Það mun verða langt þess að bíða, að lagðar verði akbrautir út á engjar bænda víðast um land, því bændur vantar almennt fje til þess, og viðhaldið verður ærið dýrt, því að ofaníburð er víða illt að fá og í sumum sveitum hjer um bil ófáanlegur; hvernig á að leggja þessar brautir yfir snarbrattar hlíðar og hæðir? Skyldi það ekki kosta allmikið fje, og svo mikið, að það yrði einstaklingnum ofvaxið? Svo að því búnu að halda þessum brautum við. Hugsunin er góð, en hún er að mínu áliti á undan tímanum.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg ætla að

efna loforð mitt um það, að fara ekki í kapp við hinn h. flutningsm. þess (J. P.), en jeg ætla aðeins að gera dálitla athugasemd. Hann sagði, að praktiskara væri, að póstvegir væru akvegir.

Jeg vil ráðleggja póstunum að hafa sleða á vetrum, til þess að þræla ekki út eins hestum eins og þeir verða að gera, og er allri þjóðinni til hinnar mestu vanvirðu, að minnsta kosti á stundum. En þeim er nauðugur einn kostur, af því að vegirnir eru svo illir yfirferðar.

Ef gera á þetta á stuttum tíma, þá verður það mjög dýrt. En það mætti gera það smátt og smátt. Hann sagði að þessar akbrautir mundu kosta 3 miljónir króna. Jeg hef ekki mælt vegalengdirnar, en jeg óttast, að þó ekki væri lagður slíkur vegur nema í 6 sýslum, þá yrði það sexfalt meira. Jeg held að það eigi langt í land, að menn fari almennt að brúka vagna til kaupstaðarferða, en það væri stór framför, ef svo yrði, og menn vilja ekki spara landssjóð til þess. En þetta snertir almennt spursmál. Á að láta allt í landssjóð og taka svo allt úr honum til allra þarfa? Á að láta landsstjórnina ráða sem mestu, en sýslu- og sveitarstjórnir sem minnstu? Jeg mæli ekki með því. Jeg held að menn læri seint með því að stjórna sjálfum sjer. Hin praktiska þjóð Englendingar láta hjeraðastjórnirnar ráða sem mestu, og þær hafa optast mikil áhrif á hið enska þing. Mjer líkar ekki að láta allt í landssjóð og taka svo allt þaðan, sem á þarf að halda. Mjer finnst að hjeruðin ættu að ráða nokkru og hafa leyfi til að leggja á sig skatta og koma fram ýmsum fyrirtækjum.

Þetta er aðeins almennt atriði, sem jeg hef tekið fram, alls ekki í þeim tilgangi, að eyðileggja frumv. Jeg vil láta gera alla vegi sem bezta, og ef mögulegt er gera akvegi, en það getur ei orðið nema á mjög löngum tíma, ef til vill svo öldum skiptir.

Jeg man þá tíð, að Fossvogsbrú var lögð 1848, sem nú þykir ómerkileg. Það var mikið rætt um hana; hún var hin fyrsta eiginlega vegabót, sem sást hjer nálægt höfuðstað landsins; en hve miklum og mörgum vegabótum er bætt við síðan? Þær eru svo miklar, að ótrúlegt mundi hafa þótt, hefði því verið spáð, að svo mundi verða komið 1893 á póstleiðum víða um landið, og á næstu 50 árum mundi það að líkindum verða því meira, að tiltölu, ef nú haldið væri áfram.

Einar Jónsson: Jeg ætla fyrst að minnast á 4. lið í breyt.till. á þingskj. 320. Þar er orðabreyting, að fyrir: »fram« komi: »inn«. Gamla málsvenjan er »fram« en ekki »inn« í þessu sambandi, t. d. fram Skagafjörð, þegar farið er til fjalls eptir firðinum, en inn fjörðinn er sagt, þegar siglt er inn eptir fjörðum eða flóum. Jeg vil heldur að gamla málsvenjan haldi sjer. En þetta er að eins orðbreyting. Það hefir mætt mótmælum ákvæðið í 13. tölul. á þingskjali 320, sem fer fram á að 1½ kr. sje greidd af hverjum verkfærum manni í sýsluvegasjóð. Jeg verð að hallast að þessari breytingartillögu nefndarinnar. Það er að vísu nokkuð meira en eptir núgildandi lögum, en jeg held að hver hreppur standi jafnrjettur eptir sem áður, hvort sem hann borgar 10, 20—30 kr. eptir stærð meira eða minna til þessa þarflega fyrirtækis.

Það hefur og verið tekið fram sem agnúi á þessu frumv., að gjaldið skuli greitt í peningum. Það var h. 1. þ. m. Rangæ. (Þ. G.), sem tók það fram, en jeg sje ekki betur en breyt.till. hans fari fram á sama. Ef sýsluvegagjaldið er greitt úr sveitarsjóði, eins og hann ætlast til, þá verður það að greið-

ast í peningum. Eins er með hreppsvegina, að jeg álít mjög litlu muna, hvort menn greiða það gjald í peningum eða vinna það af sjer, en það skiptir miklu, aptur á móti, að geta fengið allt gjaldið á einn stað og notað það eptir því sem hentugast virðist fyrir vegagjörðina í hreppnum.

Þegar vinna á skylduvinnu til hreppsvega, þá er einatt mjög erfitt að fá unnið með reglu, og auk þess eru ýmsar aðrar misfellur á þeirri vinnu. Þannig eru ekki svo sjaldan sendir til hennar liðljettir menn, og verkstjórinn þá ekki ætíð svo kjarkgóður, að reka slíka menn til baka. Ef verkstjórinn hefði peninga í höndunum, þá gæti hann ráðið til sín duglega menn og með því komið meiru til leiðar. Þá mætti og heldur taka fyrir vissa kafla í einu sem helzt þarf með, en nú er tíðum meira farið eptir því, hvar hverjum er hægast að vinna og hver látinn vinna sem næst heimili sínu, og svo kemst engin föst stefna á í vegagjörðinni, og hún verður víðast eintómt kák. Væri vinnuskyldunni haldið, en breytt til með hina gömlu tilhögun, þá mundi ýmsum þykja fullt eins illt við það að búa eins og þó að þeir yrðu að greiða peninga. Það mundi t. a. m. þykja erfitt, ef öllum vinnuskyldum mönnum einhvers hrepps væri stefnt saman til þess að vinna á öðrum enda hreppsins, enda er það eigi að eins vinnan sjálf, sem þeir þá kosta til, heldur og þar að auki kostnaður við ferðalagið.

Ef gjaldið væri til, þá mætti taka hvern sem vildi og byðist til þess. Ef hreppsbúar vildu þá sjálfir vinna, þá mundu þeir fá það. Hreppsnefndin mundi sýna skynsamlega tilhliðrun í þeim efnum og gæti eins látið mönnum verða gjaldið ekki mjög tilfinnanlegt, t. a. m. með því að borga það í innskript.

Þegar talað er um þetta ½ dagsverk, þá á víst að miða við verðlagsskrá. Nú er verið að tala um það, að breyta eða helzt afnema verðlagsskrár með öllu, og þá verða þessi ákvæði óheppileg. Jeg hallast því fremur að áliti nefndarinnar en því, að miða þetta við verðlagsskrána.

Þá kemur breyt.till. mín á þingskj. 368. Framsögumaður sagði, að nefndin áliti rjettast, að póstvegirnir lægju um hin fjölmennustu hjeruð landsins, en jeg finn eigi nógu skýr ákvæði um það í frumv. og þess vegna kom jeg með till. þessa.

Jeg hallast að breyt.till. á þingskj. 317, og felli mig betur við, að kalla þjóðveg en póstveg. Það liggur í orðinu þjóðvegur, að vegurinn eigi að liggja þar sem þjóðin hefur hans bezt not. Nú á pósturinn auðvitað helzt að fara þar, sem þjóðin á hægast með að ná í hann, og fellur þá saman hugsunin í aðal-póstvegur og þjóðvegur, því hvort nafnið sem haft er, þá verður sá vegur að liggja um fjölmennasta hluta hjeraðsins eða sýslunnar til þess að samsvara tilgangi sínum.

En þetta gæti líka orðið til þess, að póstvegir og sýsluvegir fjellu enda saman, og þá gæti landssjóður og sýslusjóður tekið höndum saman, og það yrði til þess að ljetta á báðum. Ef hugsunin í frumv. er sú, að leggja vegina þannig, þá er viðaukatillagan mín til skilningsauka, en spillir ekki fyrir, og jeg óska því, að hún verði samþykkt.

Það hefur verið talað um að póstar ættu að hafa vagna á sumrum, en sleða á vetrum. Það væri gott að því yrði við komið, en jeg er hræddur um, að það eigi langt í land, að svo góðir vegir

komist á. Ef það er erfitt fyrir bændur að hafa hesta til, þegar vagnvegina þrýtur, þá væri það fyrir póstinn.

Hvað sleða brúkunina snertir, þá mundi hún eigi ætíð reynast heppileg. Það víst svo, að sje illt að fara með burð á hestum sökum ófærðar, þá mun ekki heldur gott að láta hesta ganga fyrir sleða. Það stendur eins og kunnugt er, ekki þannig á, að póstarnir geti setið um færi, þar sem þeir eru bundnir við vissa ferða-áætlun og verða að fara á sínum tíma, hvernig sem á stendur, og mun þeim því hentast að flytja flutning sinn á hestum, þó að illt sje; þeir geta þá betur rakið sig en með sleða. Það liggur líka í augum uppi, að ef póstarnir hefðu sjeð sjer hagnað í því að hafa sleðana, þá hefðu þeir sem praktiskir menn gjört það.

H. 1. þm. Árn. (Þ. G.) var á móti flutningabrautunum, af því að það ætti svo langt í land, að þær nái heim í hlað til bænda. En jeg vil þá spyrja, hvenær á að byrja á brautum þessum? Eiga menn að bíða þangað til unnt er að gjöra allt í einu, braut heim í hlað til hvers einasta bónda? Jeg vil segja að þegar brautin er komin eina mílu, þá er hún komin heim undir hlaðið hjá einhverjum bónda, og því lengri sem hún verður, því fleiri nálgast hún.

Aðal-atriðið er að byrja sem fyrst á þessum brautum, af því að þær munu ganga svo seint, og því seinna verða þær að gagni, sem seinna er byrjað á þeim.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Jeg þarf nú ekki taka margt fram út af umræðum þeim, sem orðið hafa um þetta mál. Það er vitaskuld, að hjer er farið fram á, að sýsluvegagjaldið sje lítið eitt hækkað frá því sem það hefir verið, og sömuleiðis hreppsvegagjaldið. Þessi hækkun nemur hjer um bil 26 aurum fyrir hvern verkfæran mann, en þó hún sje ekki sjerlega mikil, dregur hún sig saman, þegar miðað er við land allt. Það munar rúmum 4 þúsund krónum á hvoru gjaldinu fyrir sig, til sýsluvega og hreppavega, eða rúmum 8000 kr. samtals á öllu landinu. Ef þessari upphæð er skipt niður á sýslufjelögin, koma hjer um bil 400 kr. á hvert þeirra, og sjá þá allir að þetta getur ekki orðið mjög tilfinnanlegt, þegar það aptur skiptist niður á hreppana. Það ætti því síður að vekja óánægju hjá almenningi, sem hjer er að ræða um gjaldauka, er á að verja til hins þarfasta fyrirtækis, sem sje til vegagjörðar í sveitum, er öllum kemur saman um að sje bæði gagnleg og nauðsynleg.

Á hinn bóginn mundi jeg telja það heppilegast fyrirkomulag, að hver sýsla rjeði því, hversu mikið hún legði fram til sinna eigin vegagjörða. Það gæti reyndar farið svo að í fyrstu kynnu sumar sýslur að leggja minna fram, en þegar fram líða stundir, þá mundu sýslufjelögin þvert á móti kappkosta að koma vegunum í sem bezt lag.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) tók það fram, að það væri því að eins rjett að auka útgjöld til vegabóta, að fjenu væri vel varið. Um þetta er jeg alveg samdóma; og að þessu takmarki finnst mjer að sveitarfjelögin eigi að keppa, enda verður þetta auðveldara, eptir því sem fleiri mönnum lærist allt það, sem að vegagjörð lýtur. En þar sem h. sami þm. sagði, að nauðsynlegt væri að hafa verkfræðing til að standa fyrir öllum vegagjörðum, jafnvel á hreppsvegum, þá get jeg alls ekki fallizt á það, enda ber að gæta þess, að hjer á landi er að eins 1 verkfræðingur, sem ómögulega getur annað þessu öllu. Þess er heldur engin þörf, þar þeir menn, sem hafa undir hans umsjón lært vegagjörðir,

dreifast út um landið, og geta þá staðið fyrir þessum vegagjörðum aptur og kennt út frá sjer, (*Þorlákur Guðmundsson*: jeg meinti það!), jæja, með þessu móti verða það æ fleiri og fleiri, sem geta tekið þessar vegagjörðir að sjer. Hvað kostnaðinum viðvíkur, þá má taka tillit til þess, að verkalaunin verða kyr í sveitunum, svo hjer er allt öðru máli að gegna en um það fje, sem gengur út úr landinu fyrir útlent efni; þessir peningar renna til landsmanna sjálfra, og koma þeim mönnum að notum, sem fá atvinnu við vegagjörðirnar. Þingm. tók það líka fram, að það væri slæmt, að sleðar væru ekki brúkaðir meir t. d. til póstflutninga á vetrum; jeg skildi satt að segja ekki sambandið milli þessa og lagafrumvarps þess, er hjer liggur fyrir, því það eru fannir og ísalög, sem skapa sleðafæri, en ekki upphleyptir vegir. Enn fremur gat hann þess, að þetta frumv. mundi vera á undan sínum tíma; en eins og rjettilega hefir verið tekið fram, þá skil jeg ekki, hvenær ætti að byrja á þeim endurbótum, sem frumv. miðar að, ef ekki einmitt nú, þegar vaknaður er sterkur áhugi á vegagjörðum, eins og öðrum samgöngubótum.

Þm. tók það enn fremur fram, að akvegir þeir, sem frumv. gerir ráð fyrir, mundu verða svo dýrir, að þeir yrðu algerlega ofvaxnir kröptum þjóðarinnar, en jeg verð að vera á sömu skoðun, sem h. þm. Borgf. (B. B.) ljet í ljósi á öðru máli fyrir skemmstu, að akvegir þurfi ekki alstaðar að verða neitt dýrari en vegagjörðin með gamla laginu. Það er vitanlega sjerstaklega á sljettlendi, að akvegir geta verið tiltölulega ódýrir, en svo hagar landi einmitt víða, þar sem hinir fjölförnustu sveitavegir liggja. En þar sem taka við heiðar og fjöll, og vegirnir hljóta að liggja í halla, þar verða akvegir auðvitað miklum mun dýrari, ef á annað borð er auðið að leggja þá á slíkum stöðvum. Þessir örðugleikar eru einmitt mestir á póstvegunum, þar sem þeir liggja yfir fjöll og heiðar, enda getur það ekki borgað sig að gera póstvegina yfir höfuð að akvegum, hvort sem litið er á kostnaðarauka þann, er slíkt hefði í för með sjer, eða gagn það, er af því mætti vænta.

Ræða h. varaforseta (Þór. B.) hnje mjög að því, að rjettast væri, að því er sýsluvegi snerti, að láta sýslufjelögin vera sem sjálfráðust um aðgjörðir á þeim. Um þetta er jeg honum að nokkru leyti samdóma, en þá þyrfti, eins og hann tók fram, að fá þeim á hendur meiri fjárráð, t. d. á þann hátt, að sýslunefndir fengju til umráða nokkurn hluta af þeim sköttum eða tollum, er nú renna í landssjóð. Þetta fyrirkomulag hefði að ýmsu leyti kosti í för með sjer, en af því það liggur ekki nú fyrir, er þýðingarlaust að fjölyrða um það.

Bogi Th. Melsteð: Jeg ætla ekki að fara að tala langt um þetta frumv., en mín fáu orð vil jeg byrja með því, að færa h. þm. Dal. (J. P.) þakkir, því hann á miklar þakkir skilið fyrir að hafa samið og komið fram með þetta frumv.; því auk þess sem það ljettir nokkru á landssjóðnum, þá fullnægir það þó betur þörfum þjóðarinnar en hin núgildandi vegalög.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) þótti þessi lög ótímabær og of snemma upp borin, hann sagði, að allt öðruvísi stæði á í útlöndum, þar væri þjettbýlt, og þar stæðu húsin fram með járnbrautunum. Það er mikið rjett, að hjer stendur öðruvísi á en víða erlendis, þar er venjulega mikið þjettbýlla; en það mun ekki alltítt, eins og hann talaði um, að húsin stæðu fram með járnbrautinni, nema

þá í nánd við járnbrautarstöðvarnar, en svo kvíslast vegirnir út frá þeim.

H. þm. (Þorl. G.) tók það fram, að þó byrjað væri á að leggja vagnvegi, þá mundu þó varla margir kaupa vagna til notkunar. Það er nú satt, að menn munu vera seinir til þess. En hvenær ætli þeir fái sjer vagna, ef ekki þegar vegirnir eru komnir? Vitanlega kann það að ganga tregt í byrjuninni, en við sjáum þó hjer í kringum Reykjavík, að einstaka maður hefir fengið sjer vagn og fleiri munu koma smátt og smátt á eptir, þegar vagnvegirnir eru komnir.

H. sami þm. (Þorl. G.) tók það líka fram, að það væri mikið mein, að menn þyrftu að halda eins marga hesta eptir sem áður, þótt menn fengju vagnvegi og vagna, vegna heyskaparins, og hann tók t. d. Þingvallasveit. Þetta er rjett um þessa sveit, en það eru til ýmsar sveitir þar sem öðru vísi hagar til. Jeg skal minna á Skagafjörð og Eyjafjörð, og t. d. Rangárvellina. Enn fremur eru ýmsir bæir, þar sem túnin eru svo sljett, að hægt er að koma við vagni á þeim, og engjarnar liggja út frá túninu. Þar sem svo hagar til, þurfamenn eigi að hafa marga hesta sökum heyskaparins og vagnar geta sparað hesta við heyflutning. Og því skyldu menn eigi nota vagna til heyflutnings, þar sem hægt er, ef menn hefðu þá og vendust við að nota þá? Í fornöld t. d. óku menn sumstaðar hjer á landi heyi á vögnum heim að túnum, og menn notuðu þá töluvert bæði sleða og vagna, eins og víða er getið um í sögunum. Menn hugsuðu þá töluvert um að greiða fyrir flutningum, enda munum vjer aldrei hafa haft eins góð vegalög í samanburði við tíma eins og á þjóðveldistímanum, fyr en nú, ef vjer nú fáum þetta frumv. í lög tekið.

Jeg vil í sambandi við þetta minnast á Noreg, sem er líkastur voru landi að búnaðarháttum öllum. Fyrir 60 eða 70 árum voru það margar sveitir, t. d. í Þrændalögum, sem vagnar sáust ekki í. Nú hafa þessar sveitir fengið akvegi og nú eru vagnar notaðir þar af hverjum manni til flutninga, því allir hafa fengið sjer þá. Ef vjer minnumst þess, að á búnaðarfjelagsfundi suðuramtsins, sem haldinn var fyrir skömmu, þá var þar einn dugnaðar- og sómabóndi, sem fjelagið vildi veita viðurkenningu fyrir aðgjörðir hans, en hann kaus að fá vagn í viðurkenningarskyni. Þetta bendir á, að þessi framtakssami bóndi áleit mikið varið í að hafa vagn, enda mun svo fara — og þess þekki jeg hjer nokkur dæmi — að menn komist betur og betur í skilning um, hve mikill sparnaður það er að nota vagna, en auðvitað kemst þessi breyting hægt og hægt á, en þá fyrst koma upp vagnar, þegar vegirnir eru komnir; komi vegirnir ekki, koma vagnarnir aldrei.

(Þá frestaði forseti fundi til kl. 6 e. hád.).

Þórður Guðmundsson: Jeg vil að eins svara fám orðum þeim mönnum, sem komið hafa fram með mótmæli gegn breyt.till. okkar.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) heldur, að vegabótagjaldið muni ekki hækka við það, að 1 kr. og 50 au. sje borgað fyrir hvern verkfæran mann í sýslusjóð. En jeg held að kostnaður til vegabóta mundi aukast að mun við það.

Sami h. þm. (E. J.) benti á, að meðan unnið er í dagsverkum að hreppavegum, sje ferðakostnaður til vinnustaðar ærinn, og muni því hagfeldara að borga í peningum, og í annan stað, að vinnan yrði betur af hendi leyst með því móti en nú er. Þetta er alveg rjett og jeg get skrifað undir allt þetta. En það dugir ekki að koma með ákvæði um það, sem ekki er hægt að fram-

kvæma. Það er sama, hve góð þau ákvæði eru, ef ekki er auðið að framkvæma þau. Það væri í mörga tilliti heppilegast, ef bóndi gæti borgað allt í reiðu silfri, til dæmis sveitarútsvar og aðrar skyldugreiðslur. Það væri hollast fyrir hann að borga kaupahjúum sínum í peningum. En það er ómögulegt fyrir bónda að svara öllum skyldugjöldum í peningum. Og jeg skal leyfa mjer að benda á það, að sýslumenn þeir, sem hjer eru við, munu kannast við, að bændum gengur erfitt að borga í peningum það sem nú á að borga á þann hátt, þótt ekki sje á það bætt.

H. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) hjelt, að jeg hefði áætlað nokkuð rúmt með upphæð þá, er jeg nefndi áður. En jeg hugsa, að það láti nærri og sje ekki of hátt áætlað. Hann áleit, að hvert sýslufjelag mundi ekki muna mikið um, þó það ætti að bæta á sig 500 kr. En jeg verð að vera á annari skoðun um það. Jeg held það verði fullerfitt fyrir sýslurnar að borga það, auk þess, sem þær eiga að borga nú í peningum. Jeg held sýslumönnum verði fullerfitt að kalla það inn og verða að líða um það, eins og þegar margbúið er að taka fram.

H. þm. Dal. (J. P.) sagði, að jeg mundi eigi hafa kynnt mjer frumv. nógu vel. En þó að jeg hafi kannske ekki sömu skoðun á því sem hann um mögulegleik á að framkvæma það og og jafnvel nytsemi þess, þá get jeg þó fullvissað hann um, að jeg hef lesið það vel og vandlega.

Sami h. þm. (J. P.) sagði, að jeg mundi hafa þröngan sjóndeildarhring. (*Jens Pálsson:* Í þessu máli). Getur verið að það sje svo, en aldrei hefir mjer verið brugðið um það fyr, enda hefi jeg eigi fyr setið á þingi, og því ekki átt að fjalla um fjármál landsins. Það skal jeg fúslega játa, að það er skaði, að þingm. hafi of þröngan sjóndeildarhring, en jeg held þó, að það sje eigi miklum mun betra, að hann hafi hann of víðan. Meðalhóf er bezt í þessu sem öðru, en það vill opt verða vandratað.

Sighvatur Árnason: Nokkrir h. þm. hafa á móti þessu frumv., og hugsa jeg að það sje einkum út af því nýmæli, sem hjer er farið fram á, nefnilega út af þessum flutningabrautum, sem hjer eru nefndar. En jeg held, að þegar betur er að gáð, muni þær ekki vera svo fráfælandi sem þeir halda. Þegar þess er gætt, að með þessu frumv. er sparaður kostnaður til vegagerða á þeim stöðum, sem eru fáfarnastir, og í sambandi við, að landsstjórninni er falið á hendur, að í það og það skipti sje vegabótin gerð þar, sem mest nauðsyn er að bæta, þá er auðvitað, að vegabætur koma fram ýmist á póstvegum eða flutningabrautum. Svo mundi það að minni hyggju verða í framkvæmdinni. Og jeg vil segja, að það sje góðra gjalda vert, að fá vegabætur þar sem mest er nauðsyn á því og þar sem fjölfarnast er, hvort heldur það er nefndur póstvegur, flutningabrautir eða annað. Og því má einmitt fá framgengt með því fyrirkomulagi, sem farið er fram á í frumv.

Mig furðaði mjög á því, sem h. 1. Arn. (Þorl. G.) sagði gegn þessu frv. En af því að jeg er nokkuð kunnugur í Árnessýslu, þá skal láta mína meiningu um það mál í ljósi. Jeg ímynda mjer, að það sje mesta nauðsyn á því, að fá góðan veg frá Eyrarbakka upp yfir Flóann, þótt ekki væri nema upp á póstveginn. Þegar kemur upp á póstveginn, þá liggur hann út og austur um allar sveitir, yfir blómleg og þjettbýl hjeruð. Þessi flutningsbraut yfir Flóann yrði þá þjóðvegur fyrir svo og svo margar sveitir. Það væri eigi

svo lítill hagur fyrir allar þær sveitir, sem eru ofan til í Árnessýslu, að fá slíkan veg af póstveginum yfir Flóann til Eyrarbakka, og vil jeg nefna til þess Grafningshrepp, Grímsnesshrepp, Biskupstungur, Hrunamannahrepp og Gnúpverjahrepp. Þau not og hagræði, sem allir íbúar þessara hreppa gætu haft af flutningsbraut þessari, eru ekki lítil. Að minnsta kosti hefðu þeir þar góðan veg yfir Flóann í staðinn fyrir vondan, þó þeir aldrei nema yrðu að brúka sína klyfjahesta. Jeg verð því að álíta þetta einkarþarfa vegabót í Árnessýslu, sem frv. gerir ráð fyrir.

Þar sem h. samþingismaður minn (Þórður G.) og h. 1. þm. Árn. (Þ. G.) finna að hækkun vegabótagjaldsins, þá skal jeg ekki lá þeim það, því að mjer er eigi síður en þeim kunnugt um, hver peningavandræði bændur eiga við að stríða. Og jeg gekk nauðugur viljugur að því í nefndinni, að hækka vegabótagjaldið í 1½ krónu, einmitt af því, að jeg sá þann kost beztan, þar sem 2 kr. lágu fyrir í frumv., sem sumir meðnefndarmenn mínir vildu halda fast við, að sætta mig við 1½ kr. til samkomulags í nefndinni, sem er nálega mitt á milli 2 kr. og þess, sem nú er. En þótt þetta verði þyngra að inna af hendi, þá verður líka að gá að því, hve miklu meiri umbætur fást á því sem gjöra þarf með þessu lagi. Þegar þetta er komið í kring, mun fyrst koma betra lag á vegabætur í sveitum en nú er, og þá munu sjást meiri merki þeirra en nú. Sem sagt, jeg er handviss um að árangurinn yrði miklu meiri með þessari aðferðinni, jafnvel þótt gjaldið væri ekki hækkað, heldur en með skylduvinnu.

Þegar litið er á aðfinningarnar, þá hafa menn mjög á móti þessu, og þó einkum flutningsbrautunum, sem sumir nefna akbrautir. En jeg er nú hræddur um að það sje einkum nafnið, sem hefir spillt fyrir. Menn halda að þær sje svo afardýrir vegir, að það sje ókleyft. En það er ekki annað en samskonar vegagerð, sem er hjer fyrir ofan Reykjavík, nema ef vera skyldi að þessar flutningsbrautir yrðu að vera dálítið breiðari. Nafnið akbraut þarf því eigi að fæla neinn. En að færa það fram sem mótbáru, að akbrautir þyrfti að leggja heim að hverjum bæ, þá er það fjarstæða. Til þess er eigi ætlazt, enda mun það seint vera, þótt verið geti að þær komi frá þeim bæum, er næstir liggja. Það væri auðvitað það bezta, en þótt það verði ekki, þá muni þó mikið gagn leiða af slíkum flutingsbrautum, þar sem allra fjölmennast er. Og það er jeg viss um, að meiri hluti Árnessýslu hefði mesta hag af flutningsbraut þeirri, sem ráðgjörð er í frumv., frá Eyrarbakka, þótt ekki væri nema yfir Flóann upp á póstveginn.

Þorlákur Guðmundsson: H. framsögum. (Ól. Br.) minntist á, og það með rjettu, að þetta frumv. gerði ekki út um, hvernig póstar ferðuðust, hvort þeir notuðu sleða eða eigi. Það er rjett, en það var út af orðum h. varaforseti (Þór. B.), að jeg minntist á póstana og ferðalög þeirra; að öðru leyti tók hann mjög vægt á mótmælum mínum, eins og vandi hans er til. Þá tók h. samþingism. minn (B. M.) það fram, að á þjóðveldistímanum í fornöld hefði vegagerð eða vegalög hjer á landi verið ágæt, og forfeður vorir hefðu ekið heyi og öðrum nauðsynjum heim til sín. Jeg skal ekki vefengja orð hans í þessu, og getur verið að það sje ekki rangt, sem hann segir. En þó hygg jeg það hafi verið tíðast, að þeir drógu hey til húsa á sleða og ísum, frá stakkgörðum á engjum úti.

Það mun sýna sig, þegar til fram-

kvæmdanna kemur, að akbrautir eru, í því formi sem frumv. fer fram á, heldur á undan tímanum. Mun þess langt að bíða, að akbraut verði lögð frá hverjum bæ á aðalbrautina, en það er þó skilyrði fyrir því, að hún komi að almennum notum. Vitanlega yrði þetta hvöt fyrir menn til að gera slíka vegi, en þess mun langt að bíða að það geti orðið í framkvæmdinni. Hann minntist á vagn, sem búnaðarfjelagið ætlar að gefa einum stórbónda. Já, það sýnir ekki annað en það, að búnaðarfjelagið gefur fyrst stórbændum, en fátæklingum á eptir. Guðmundur bóndi í Elliðakoti útvegaði sjer vagn og fjekk fyrir 60 kr. (*B. B.*: Hann hefir lagt 800 kr. veg sjálfur). Það er nú ekki annað en ruddur vegur, eins og gerist. Ef nú búnaðarfjelagið veitir hverjum manni fje til vagnkaupa, þá er það sama sem landssjóður geri það, því að landssjóður styrkir búnaðarfjelögin.

Þá kem jeg að h. vini mínum, eins og menn segja stundum hjer í deildinni, 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.). Jeg er nú kunnugur í Árnessýslu, en ekki veit jeg, hvar ætti að leggja þessa flutningsbraut, eptir frumv. að dæma, upp á póstleiðina. Sú eina póstleið, ef póstleið skyldi kalla, er frá Selfossi um Laugardæli og að Hraungerði, en nú sem stendur er þar enginn vegur; jeg geri nú ráð fyrir, að hin akbrautin verði lögð upp að brúnni hjá Selfossi á Ölfusá. Þá færi þó að verða langt að henni fyrir menn úr Flóanum austanverðum. Á þá að leggja akbraut upp í Grafning, upp í Grímsnes, upp fyrir Hvítá og í öðru lagi upp Flóa um Skeiðin og upp í Hreppa?

Jeg hefi nú sýnt fram á svo mikla annmarka á þessu, að svo stöddu, og vona að allir sjái, að þetta getur ekki orðið að gagni fyrst um sinn. Fyrst verður að koma póstvegur austur yfir Árnessýslu; en þangað til það verður, má geyma þessar akbrautir. Hugmyndin er að vísu góð; en hún er á undan tímanum, það mun verða raun á; í samgöngumálum vorum, sem í flestum öðrum málum, verður að síga áfram í framáttina, með gætni og greind.

Sighvatur Árnason: Jeg held h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) hafi opt tekizt betur í ræðum sínum en nú. Hann hefir ekki skilið það sem jeg sagði, eða ekki viljað skilja það, sökum þeirra mótmæla, sem hann var búinn að hreifa gegn frumvarpinu. Jeg talaði ekki um akbrautir út um allar sveitir Árnessýslu; jeg sagði að eins, að menn mundu fá góðan veg fyrir vondan yfir Flóann til Eyrarbakka. Það dugir ekki að rangfæra orð mótmælenda sinna, og byggja svo mótmæli sín á því. Þar sem h. þm. segir, að enginn póstvegur sje þar til, þá er það ekki keiprjett, því að ákveðið hefir verið að leggja slíkan veg frá Laugardælum austur yfir þveran Flóa fyrir neðan Hraungerði, þótt hann sje að mestu leyti ólagður. En jeg tel sjálfsagt, að sá vegur komi innan skamms. Þegar brúin er komin á Þjórsá, verður auðvitað að gjöra einmitt þennan hjer nefnda veg greiðan og góðan, sem liggur á milli brúnna á stóránum. Þótt nú þessi vegur sje enn yfir höfuð að tala ólagður, þá er það ónýt mótbára, því að ef hvergi ætti að ráðast í vegabætur nema í sambandi við það, sem búið er að gera, en ekki með tilliti til þess, sem fyrirhugað er að framkvæma, þá yrði skrítin og óhagkvæm framkvæmd á vegagjörðum vorum.

Það sem h. þm. hefir borið fram eru því engar ástæður, og er að eins til að sýna, að hann er í vandræðum með ástæður gegn því, sem jeg hefi tekið fram um þessa flutningsbraut í Árnessýslu.

Jens Pálsson: Jeg bjóst við, þegar mál þetta var hjer til 1. umr., að þá mundi verða talað um aðalefni þess, og nú við 2. umr. bjóst jeg við, að talað mundi verða um hin einstöku atriði, en hvorugt get jèg þó varla sagt, að að hafi orðið, því nú við aðra umr. hefir helzt verið talað um aðalefni málsins.

H. 1. þm. Rangv. (Þórð. G.) fann það helzt að þessu frumv., að það legði gjöld á alþýðu, og sagði, að því mundi ekki verða tekið vel í sínu kjördæmi; en því fer betur,. að það eru ekki öll sýslufjelög með slíkum hugsunarhætti. Í Dalasýslu t. d. hafa menn með frjálsum vilja lagt á sig heilt dagsverk til sýsluvegabóta og svo kann að vera í í fleiri sýslum.

Um breyt.till. h. þm. N.-Múl. (E. J.), að setja orðið »þjóðvegur« inn í frumv. í staðinn fyrir »aðalpóstvegur« skal jeg ekkert tala, þó að nokkuð annað liggi í orðinu »aðalpóstvegur«, eptir minni hugsun.

H. varaforseti (Þ. B.) talaði nokkrum almennum orðum um málið, en ummæli hans voru þó ekki utan við aðalumræðuefnið, eins og ummæli sumra annara.

Hann bar frumv. þetta saman við hin núgildandi vegalög, og vildi láta aðalpóstvegina verða aðalakvegi. En það er, að mínu áliti, ópraktiskt, já skakkt, með því það kemur ekki að haldi, og verður of dýrt. Hitt er praktiskara, að halda akbrautunum, sem frumv, fer fram á, því þær ljetta betur fyrir öllum flutningum og hjálpa þjóðinni áfram.

Mest andmæli gegn þessu frumv. hafa komið fram frá h. 1. þm. Árnes. (Þorl. G.) og h. 1. þm. Rangv. (Þórði G.).

H. 1. þm. Árnes. þótti málið ískyggilegt, af því það væri of snemma upp borið. En jeg verð að játa, að mjer finnst það einmitt kostur á þessu frv., ef það fer fram fyrir tímann, sem umliðinn er. Hinn umliðni tími er ekki svo glæsilegur, að því er snertir vegabætur og samgöngur á þessu landi, því þær hafa sannarlega ekki farið í rjetta stefnu hingað til. H. þm. fannst, að þó þetta frumv. yrði að lögum, þá mundi þó ekki hver maður innan skamms geta ekið varningi sínum heim til sín. Ef h. þm. vill ekki byrja að gera neitt við vegi landsins, fyr en hann sjer landssjóði fært að leggja akvegi á skömmum tíma að hverju heimili á landinu, þá má hann líklega bíða lengi. Hann tók til dæmis afskekkta fjallasveit, eins og Þingvallasveitt, þar sem erfitt er að heyja, og sagðist ekki skilja í því, að presturinn þar gæti fækkað hestum sínum, þó að akvegur kæmist til Þingvalla. En jeg hugsaði einmitt um þetta, þegar jeg var á Þingvöllum, og sannfærðist um, að jeg mundi geta fækkað hestum um helming, ef akbraut lægi þangað. Því ekki þarf marga hesta til að aka heim varningi úr kaupstað, og svo má spara hesta við heyflutning, með því að flytja heyið ofan að vatninu og síðan vatnaleið heim. Einnig mætti byggja heytóptir við vatnið, safna heyinu þangað á sumrin, en aka því svo heim á sleðum á vetrum.

Ef h. þm. vill líta á kort Íslands og taka eptir legu Borgarfjarðarsýslu, þá mun hann sjá, að varla er hugsanlegt, að nokkurt hjerað geti verið betur lagað til að leggja um akvegi inn í hverja sveit.

Þar sem h. sami þm. var að tala um vegina í Árnessýslu, þar sem hann á að vera kunnugur, þá hefir hann annaðhvort ekki lesið frumv., eða þá að hann hefir misskilið það. *Jeg vil* þess vegna biðja hann að athuga frv. betur og þá mun hann sannfærast. H.

þm. hefir opt talað betur máli kjósenda sinna en nú. Þá minnti hann á, að Eskimóar brúkuðu sleða til flutninga, og það ættu menn að gera hjer t. d. í póstferðum, en jeg vil biðja h. þm. að athuga það, að Eskimóar ferðast ekki eptir föstum póstáætlunum.

H. 1. þm. Rangv. (Þórð. G.) fann að því við mig, að jeg hefði sagt, að hann hefði þröngt sjónarsvið. Jeg sagði, en ekki með orðum, sem gátu sært hann, að jeg efaðist um, að hann hefði annað til samanburðar í þessu máli en það, sem í kringum hann væri. Ef h. þm. vildi slá upp vegakorti Norvegs, þá trúi jeg ekki öðru, en að skoðun hans breyttist. Hann áleit, að það mundi jafnvel geta verið hættulegt, að hafa of víðan sjóndeildarhring; en jeg segi fyrir mig, að jeg hefi aldrei fundið til þess háska, að sjá málin of vel eða að þau væru of skýr fyrir mjer.

Að því er snertir þau ummæli, að menn megi óttast, að það eigi langt í land, að svona lög sýndi árangur, þá skal jeg játa, að það kæmi mjer ekki óvart, þótt það ætti langt í langt, að þau sýndu fullan árangur. Hjer er talað um, að landssjóður leggi akvegastofna, en síðan taki sýslurnar við og leggi greinar út frá þessum stofni. Það er ekki hægt að hugsa sjer að þetta verði allt í einu, eins og ekki er hægt að hugsa sjer, að ef sáð er til trjes, þá renni stofninn þegar upp og greinarnar út frá stofninum í allar áttir.

Ef menn hefðu með ástæðum getað haft eitthvað á móti »principinu« í þessu máli, þá hefði jeg viljað óska, að menn á hinum langa tíma, sem liðinn er, síðan skoðun sú, sem hjer kemur nú fram í frumvarpsformi, var opinberlega framsett (en það var gert í blöðum og bæklingi einum 1889 og 1890), hefðu sýnt fram á, að þetta »princip« væri skakkt. En af því þetta hefir ekki verið gert, þá styrkir það mig í þeirri hugsun, að stefna málsins sje rjett og því beri að halda henni fastri.

Loks vona jeg, að þó að einstakir h. þingd.m. hafi eitthvað á móti einstöku atriðum þessa frumv., t. d. þó þeim þyki sýsluvegagjaldið of hátt, þá láti þeir það ekki verða málinu í heild þess til fyrirstöðu.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 1 á þingskj. 320 samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. 1 á þingskj. 317 samþ. með 12 samhlj. atkv.; breyt.till. 2 á þingskj. 320 samþ. með 14 samhlj. atkv.; 1. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. 3 á þingskj. 320 samþ. með 20 samhlj. atkv.; 2. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. 4 á þingskj. 320 samþ. með 14 atkv.; 3. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 5 á þingskj. 320 samþ. með 21 samhlj. atkv.; 4. gr. með áorðn. breyt. samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. 6 á þingskj. 320 samþ. með 21 samhlj. atkv.; viðaukatill. á þingskj. 368 samþ. með 16 samhlj. atkv.; 5. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. 7 á þingskj. 320 samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. 8 á þingskj. 320 samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. 9 á þingskj. 320 samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 10 á þingskj. 320 samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 11 á þingskj. 320 samþ. með 19 samhlj. atkv.; 7. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 12 á þingskj. 320 samþ. með 19 samhlj. atkv.; 8. gr. óbreytt samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 374 felld með 13 gegn 4 atkv.; breyt.till. 13 á þingskj. 320 samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 14 á þingskj. 320 samþ. með 17 samhlj. atkv.; 9. gr. frumv. þannig

breytt samþ. með 16 samhlj. atkv.; 10. gr. frumv. óbreytt samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 15 á þingskj. 320 samþ. með 16 samhlj. atkv.; 11. gr. með áorðn. breyt. samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 16 á þingskj. 320 samþ. með 18 samhlj. atkv.; 13. gr. frumv. óbr. samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. 17 á þingskj. 320 samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 18 á þingskj. 320 samþ. með 13 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson	Klemens Jónsson
B. Kristjánsson	Björn Sigfússon
Björn Bjarnarson	Guðl. Guðmundss.
Bogi Belsted	H. Kr. Friðriksson
Jens Pálsson	Jón Þórarinsson
Jón Jakobsson	Jón Þorkelsson
J. Jónss. þm. A.-Sk.	Sigfús Árnason
J. Jónss. þm. Eyf.	Þór. Böðvarsson
J. Jónss. þm. N.M	Þ. Guðmundsson
Ólafur Briem	Þorl. Guðmundsson
Sighv. Árnason	
Sig. Gunnarsson	
Skúli Thoroddsen	

14. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. 19 á þingskj. 320 samþ. með 18 samhl. atkv.; 15. gr. með áorðn. breyt. samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. 20 á þingskj. 320 samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 21 á þingskj. 320 samþ. með 17 samhl. atkv.; 16. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 22 á þingskj. 320 samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 23 á þingskj. 320 samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 24 á þingskj. 320 samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. 25 á þingskj. 320 samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. 26 á þingskj. 320 samþ. með 18 samhlj. atkv.; 20. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. 27 á þingskj. 320 samþ. með 20 samhlj. atkv.; 21. gr. frumv. með áorðn. breyt. samþ. með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. 28 á þingskj. 320 samþ. með 18 samhlj. atkv; breyt.till. 29 á þingskj. 320 samþ. með 17 samhlj. atkv.; 24. gr. frumv. óbreytt samþ. með 18 samhlj. atkv.; 25. gr. frumv. óbreytt samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 30 á þingskj. 320 samþ. með 16 samhlj. atkv.; 27. gr. frumv. óbreytt felld með 12 gegn 11 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um breyting á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des.ber 1875 (C. 313, 432); 2. umr.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Hjer liggur fyrir ein breytingartill. frá okkur flutningsmönnum, og er tilgangur hennar sá, að láta þau ákvæði standa óhögguð, að yfirsetukonur í Reykjavík skuli skyldar að hafa próf frá Danmörku; gjörum við það samkvæmt bendingu hæstv. landshöfðingja.

Breyt.till. sú, er hjer er fram komin frá þrem h. þingm. er þannig úr garði gjörð, að hún mun sjálfsagt verða tekin aptur, og skal jeg því ekki eyða orðum að henni.

Sighvatur Árnason: H. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) gat þess rjett til, að við mundum taka aptur breyt.till. sem jeg og fleiri h. þingm. höfum komið fram með. En jafnframt vil jeg geta þess, að vjer höfum í huga, að koma með breyt.till. öðru vísi orðaða til 3. umr.

Björn Bjarnarson: Jeg gat þess við 1. umr. málsins, að jeg felldi mig ekki við 3. málsgrein 1. greinar í frumv., og vildi að hún væri felld burt, en jeg sje nú að hún stendur óhögguð eptir sem áður; þó greiði jeg atkvæði með frumv. í þetta skipti, í þeirri von, að þessi málsgrein verði felld úr við 3. umr.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþykkt

með 20 samhlj. atkv.; 2. gr. frv. samþ. með 21 samhlj. atkv.

Breyt.till. 354. við 3. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.; 3. gr. frumv. þar með fallin.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.-greiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu með 19 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um eptirlaun (C. 303, 432); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eins og h. þingd.m. sjá af álitsskjali nefndar þeirrar, er hefur haft mál þetta til meðferðar, ræður nefndin til að fylgt sje aðalstefnu h. efri deildar. Þetta mál hefur áður verið á dagskrá þingsins, og hjá þjóðinni er mikill áhugi á því, að hrinda því í betra horf og ljetta á landssjóðnum hinni afar-þungu eptirlaunabyrði. Þessi h. þingdeild getur því verið þakklát h. efri deild fyrir, að hún hefur í þetta sinn orðið fyrri til, að taka málið til meðferðar.

Það sem vakti fyrir nefndinni, er hún rjeð það af, að fara einungis fram á litlar breytingar á frumvarpi efri deildar, var einkum það, að hún vildi forðast að leggja það til, sem gæti orðið því til fyrirstöðu, að frumvarpið næði fram að ganga á þessu þingi, þar sem nefndin hlaut að viðurkenna, að í því felist talsverð rjettarbót. Að vísu er nefndinni ekki ókunnugt um, að ýmsir þingmálafundir sem haldnir voru á síðastliðnu vori, hafa skorað á þingið að afnema öll eptirlaun sem skyldugjöld á landssjóði og sum blöðin fylgja líkri stefnu, og hafa skrifað með feitu letri: »Burt með öll eptirlaun«! En hjer við er athugandi, að þeir sem vilja afnema hin föstu eptirlaun embættismanna, halda því jafnframt fram, að veitt sje eptirlaun árlega á fjárlögunum, sumpart sem heiðurslaun, til þeirra manna, er einkum hafa skarað fram úr og unnið þjóðinni verulegt gagn, og sumpart sem ellistyrkur, til þeirra manna, sem eru sannarlega þurfandi. Það getur nú verið álitamál, hvort mikið væri unnið með þessu fyrirkomulagi. Hvort það mundi ljetta útgjöldum á landssjóðnum, skal jeg láta ósagt, en svo mikið er víst, að það mundi ekki spara tíma þingsins, og bera hinar ný-afstöðnu umræður um 13. gr. fjárlaganna ljósastan vott um það.

Jafnvel þó nefndin hafi komið fram með breyt.till. við frumv., frá því sem h. efri deild skildi við það, þá hefur hún þó ekki viljað fara lengra en svo, að þær breytingar gætu orðið aðgengilegar fyrir h. efri deild. Reyndar þurftu sumir nefndarmennirnir að láta nokkuð á móti sjer til þess að geta látið sjer nægja svo litlar breytingar á frumv., en nefndinni var það svo mikið áhugamál, að frumv. fengi framgang, að hún vildi ekki láta ágreining um einstök atriði spilla fyrir málinu í heild sinni. Aðal-stefna frumv. er, að lækka eptirlaunin úr $^2/_3$ af embættislaunum, sem þau geta orðið nú, niður í helming. Því eptir þessu frumvarpi geta þau nú varla orðið meiri enn helmingur embættislaunanna, nema í sjerstökum tilfellum eða eptir langa embættistíð. Þetta getur helzt átt sjer stað um eptirlaun þeirra embættismanna, sem lægst eru launaðir, t. d. lækna, sem hafa 1500 kr. laun, en hjá þeim sem eru hærra launaðir geta eptirlaunin varla orðið meiri en $^1/_3$ launanna.

Eins og jeg hef áður tekið fram, er aðal-stefna frumvarpsins sú, að lækka eptirlaunin að miklum mun, en frá þessu er þó vikið í tilliti til þeirra embættismanna, er sleppa embætti eptir

mjög skamma þjónustu, því þar eru eptirlaunin hærri eptir frumvarpinu en núgildandi lögum. Jeg vil taka til dæmis lækni, sem hefir 1500 kr. laun og sleppir embætti eptir 1. ár. Hann fær 1/10 af launum sínum í eptirlaun, eptir núgildandi lögum eða 150 kr., en eptir þessu frumv. fær hann fyrst 1/4 launanna eða 375 kr. og þar við bætast 20 kr. fyrir 1 þjónustu-ár, svo eptirlaunin verða alls 395 kr.

Jeg býst nú við að menn segi, að ekki sje mikil ástæða til, að hækka eptirlaunin á þennan hátt, en þetta sjerstaklega tilfelli getur varla komið fyrir, nema þegar um sjúkdóm eða slys er að ræða, og því þótti nefndinni ekki taka því að gjöra breytingu á frumv. til laga þetta. Það er mjög tágætt, að embættismenn sleppi embætti innan 7 ára, en það er að eins til þess tíma, að eptirlaunin eru hærri samkvæmt frumvarpinu en eptir núgildandi lögum, og getur því þessi hækkun ekki haft nein veruleg áhrif á útgjöld landssjóðsins.

Björn Sigfússon: Jeg vil geta þess, að þó jeg gerði ekki ágreinings-atkvæði við h. meðnefndarmenn mína, er þó fjarri því, að jeg sje ánægður með frv. þetta, en af því að jeg þekki svo vel hvílíkt áhugamál þjóðinni er, að ljetta eptirlaunabyrðinni á landssjóði, rjeð jeg af að fylgja með, í því trausti, að menn kynnu heldur að fá þessa litlu niðurfærslu en annað meira, og með það fyrir augum, að betra sje lítið en ekki neitt, gef jeg frumv. atkvæði mitt.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 22 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti (C. 317, 426); framh. 1. umr.

Frumsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg sje ekki ástæður til að gjöra langar umræður um þetta mál, en óska að eins, að það gangi umræðulítið til 2. umr. Það er að vísu allmikil nýung í löggjöf vorri, sem felst í þessu frumv., en jeg álít, að hún sje mjög þörf og góð og stefni til nytsemdar.

Jeg þarf ekki að tala margt um stefnu frumv., en, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, er frumv. þetta líks efnis og lög um þetta atriði á Norðurlöndum og enda víðar. Einstöku ákvæði eru að vísu felld burtu eða löguð eptir ástæðum þessa lands, sjerstaklega ákvæðið um ákvæðis- eða skyldusættir svonefndar (»Tvangsaccord«).

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 22 samhlj. atkv.

Tillögur yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1890—1891 (C. 295, 449); síðari umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg skal geta þess, að nefndin hefir komið fram með breytingaratkvæði við 2. till. eptir bendingu hæstv. landshöfðingja. Sömuleiðis vil jeg taka það fram, að með tillögunum undir tölul. 1 og 2 var það ekki tilætlun nefndarinnar, að beina nokkurri ásökun að landsstjórninni fyrir það, að hún hafi að undanförnu gengið of linlega eptir skuldum þeim, sem hjer er um að ræða, sem sje vöxtum og afborgunum af hallærislánum og árgjöldum brauða.

Nefndin hefur sannfærzt um það af landsreikningunum, að stjórnin hefur gjört allt sem tiltækilegt var til þess að innheimta þessi gjöld. Þvert á móti var nefndin á þeirri skoðun, að það væri þægilegra fyrir stjórnina að beita þeirri aðferð, sem tillögurnar fara fram á, þegar þingið gæfi tilefni til þess, enda hefir hún sjálf játað, að það væri nauðsynlegt.

ATKV.GR.: Breyt.till. við 2. tillöguna samþykkt með 21 samhljóða atkvæði.

Tillögurnar 1—4 allar samþ. með 22 samhlj. atkv., og málið síðan afgreitt til efri deildar.

Tillaga til þingsályktunar um að setja nefnd til að rannsaka kærur út af embættisfærslu L. K. Bjarnasonar, setts sýslumanns og bæjarfógeta á Ísafirði (C. 407); ein umr.

Landshöfðingi: Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli h. deildar á hinni formlegu hlið þessarar þingsályktunar, þar sem hún fer fram á, að þingið skipi 5 manna nefnd til að rannsaka kærur gegn embættismanni út af framkomu hans í sakamáli, sem er undir áfrýjun til æðri rjettar, og vil jeg skjóta því til h. forseta, hvort slíkt málefni samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar er svo áríðandi fyrir almenning, að það gefi h. þingdeild heimild til að skipa nefnd til að rannsaka það, og leyfi jeg mjer að beiðast úrskurðar h. forseta í því efni.

Forseti: Jeg álít ákvæði þetta vafasamt, að því er snertir hvort skipun þessarar nefndar er formleg eða ekki, en álít mig ekki hafa fullkomna »competence« til að fella endilegan úrskurð í þessu máli, en skoða orð hæstv. landshöfðingja eins og tillögu um að vísa málinu frá, og leyfi mjer því að bera þá tillögu upp fyrir h. deild, til að skera úr með atkvæðagreiðslu.

ATKVÆÐAGR.: Till. að vísa málinu frá felld með 18 : 5 atkv.

Flutningsmaður (*Sigurður Gunnarsson*): Jeg ætla að leyfa mjer að tala nokkur orð út af þessari þingsályktunartillögu, sem jeg hefi leyft mjer að koma fram með ásamt 4 öðrum h. þingdm.

Eins og h. þingdm. er kunnugt hafa legið frammi á lestrarsal þingsins þingmálafundargjörðir úr Ísafjarðarsýslu, þar sem meðal annars er skorað á þingið að grennslast eptir því, hvernig á því standi, að landsstjórnin hefir eigi sinnt kærum þeim, sem henni hafa borizt frá fjölda manna í Ísafjarðarsýslu og -kaupstað, út af ýmsum aðförum setts sýslumanns og bæjarfógeta L. K. Bjarnasonar, er þeir þykjast eigi geta unað við. Enn fremur er í þessum fundargerðum skorað á þingið að hlutast til um, að Ísfirðingar losist sem fyrst við þetta yfirvald. Loks fer áskorun Ísfirðinga fram á það, að þingið rannsaki, hvernig á því standi, að landsstjórnin hafi fyrirskipað almenna rannsókn á embættisfærslu Skúla Thoroddsen, án þess nokkur hafi kært yfir henni opinberlega.

Jeg skal nú strax taka það fram, að því er snertir síðasta lið áskorunarinnar, að vjer flutningsmenn álítum það ekki eiga við, að þingið að svo vöxnu máli taki þá kröfu þeirra til greina, þar sem þetta mál er nú fyrir dómstólunum. En hvað hin atriðin snertir, virðist allt öðru máli að gegna; oss virðast þau vera þess eðlis, að þingið eigi ekki að ganga þegjandi fram hjá þeim; ekki get jeg heldur ætlað, að þingið, með því að sinna þessum atriðum áskorunarinnar, grípi inn í verkahring dómstólanna, því að kærur Ísfirðinga út af embættisfærslu L. K. Bjarnasonar sem slíkar geta ekki legið undir úrslitum neins dómstóls, fyr en búið er að rannsaka þær sjerstaklega.

Þetta er, að vorri ætlun, mjög svo alvarlegt mál, og skal jeg í því efni leyfa mjer að benda á hið hörmulega ástand, sem blöð og fregnir segja, að hafi verið og sje þar vestra. Það er almælt og mun satt vera, að þar hafi eigi getað orðið haldinn sýslunefndarfundur á þessu ári, og mun það eins dæmi um land allt. Á manntalsþingum hafa víðast hvar annaðhvort engir mætt, eða þá einn eða tveir menn. Virðist því skattheimta fyrir landssjóðs hönd

muni vera vafasöm af hendi þessa embættismanns, sem hjer ræðir um, nema þá máske með mikilli aukafyrirhöfn og kostnaði. Af þessu er auðsætt, að eitthvað hlýtur að vera bogið, annaðhvort af hendi hins setta sýslumanns og bæjarfógeta, eða kærendanna, eða þá hvorratveggja, og sje því ástæða fyrir þingið að sinna málinu á einhvern hátt, úr því, að því oss er kunnugt, landsstjórnin hefir ekki sjeð ástæðu til að láta rannsaka kærurnar sjerstaklega eða ástandið þar vestra. Samkvæmt þessu höfum vjer flutningsmenn þingsályktunartillögunnar lagt það til, að skipuð verði 5 manna nefnd til að rannsaka þetta mál. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um málið, en óska þess að eins, að h. þingd. samþykki tillöguna.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er mitt álit á þessu máli, að það sje eigi löglega rjett, að skipa rannsóknarnefnd í það samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar. En jafnvel þó að jeg hefði verið á þeirri skoðun, að rannsóknarnefnd mætti að lögum setja um þannig lagað efni, þá mundi jeg þó hafa greitt atkvæði móti nefnd í þessu máli, eins og það nú liggur fyrir.

Það hefir opt verið minnzt á það hjer í h. þingdeild, að stjórnin í landinu væri ábyrgðarlaus eða ákaflega ábyrgðarlítil.

Væri þessu ákvæði í 22. gr. stjórnarskrárinnar beitt með gætni og að eins þar sem veruleg ástæða er til, þá mætti með því gefa stjórninni talsvert aðhald, er gæti að nokkru leyti komið í staðinn fyrir og bætt upp hina formlegu ábyrgð, því þá mundi stjórnin hljóta að bera talsverða virðingu fyrir þessu vopni þingsins. En sje þessu ákvæði beitt iðulega og að nauðsynjalausu, þá er hætt við, að það missi þýðingu sína, sjerstaklega í augum stjórnarinnar.

Jeg get ekki að því gert, að mjer fellur það illa að sjá hina h. þingdeild fara að spilla sínu eina gagnlega vopni, með því að reiða það þannig að nauðsynjalausu og án þess nokkurt gagn geti orðið að, því vitanlega tapa þessi ákvæði miklu at sínum krapti, þegar farið er þannig með þau.

Það sem hjer er um að ræða, er það, að nokkrar lausafregnir, bæði munnlegarog í nokkrum blöðum, segja, að í einu hjeraði vestra sjeu nokkrir af hjeraðsbúum óánægðir við embættismann, sem stjórnin hefir sett þar, og það hefir heyrzt, að nokkrir menn hafi kært þenna embættismann, án þess tilgreint sje, fyrir hvað hann hafi verið kærður. Um afskipti stjórnarinnar af þessum kærum liggur ekkert fyrir, hvorki til nje frá. Það hefir aldrei heyrzt, að þessi embættismaður hafi verið kærður fyrir neitt ákveðið, tiltekið lagabrot, eða aldrei hefi jeg í öllu falli heyrt þess getið. Jeg hefi að eins heyrt getið um almenna óánægju yfir almennri framkomu mannsins, en ekki tiltekið neitt »specielt« atriði, að maður þessi hafi gert nein þau afglöp í embættisfærslu sinni, er varði við lög, en það er víst alveg óhætt að telja það víst, að slíkt mundi þó ekki hafa verið látið liggja í láginni, ef hægt hefði verið að benda á slíkt atriði.

En slíkar kærur eru allt af óákveðnar og óljósar til þess að hægt sje að taka þær til greina. Á slíkum almennum sakargiptum, er eigi snertir neinn ákveðinn verknað, er ómögulegt, faktiskt ómögulegt, að byggja eða byrja nokkra rannsókn, er vit sje í; enda liggur það fyrir utan takmörk þingsins, að rannsaka mál sem lögreglustjóri eða í hans stað, og heldur ekki getur þingið fyrirskipað slíka lögreglustjórnarrannsókn; það heyrir undir ákæruvaldið í landinu, og það hefir enginn efast um,

að því væri vel trúandi fyrir þeim starfa. En hvað er þá tilgangurinn að rannsaka, hvað á nefndin að gera? Mjer er það ekki ljóst, og jeg er mjög hræddur um, að þessi fyrirhugaða rannsókn frá þingsins hálfu verði alveg þýðingarlaus. Það er ekki hægt að benda á nokkurt atriði, er gefi grun um, því síður sanni, að landsstjórnin hafi ekki gert skyldu sína.

Þetta mál stendur í nokkuð nánu sambandi við annað mál, sem mönnum er kunnugt, og sem nú er fyrir úrskurði dómstólanna, en sem jeg að öðru leyti alls ekki ætla að minnast á. Að eins skal jeg taka það fram, að það má ganga að því vísu, að menn út í frá, sem ekki eru nægilega kunnugir, muni blanda þessum málum saman og skoða þessa ályktun deildarinnar svo, sem þingið sje að blanda sjer inn í störf dómstólanna og taka fram fyrir hendur þeirra. Af þessu hlýtur illt að leiða, bæði fyrir þingið sjálft og dómstóla landsins. Það spillir virðingu þingsins út á við, og þó að það vitanlega ekki hafi áhrif á dómstólana sjálfa, þá er það þó til þess, að vekja hjá þjóðinni ástæðulausa tortryggni gegn þeim. Jeg vil alvarlega vara þingið við þessari stefnu, því með því getur það, eins og jeg hefi sýnt fram á, haggað bæði virðingu sinni og dómstólanna. Af þessum ástæðum vil jeg eindregið ráða hinni h. deild frá því að sam þykkja hina fyrirhuguðu tillögu.

Flutningsmaður (Sigurður Gunnarsson): Jeg skal ekki fara mörgum orðum um ræðu h. þm. V.-Skapf. (G. G.), en að eins minnast á fátt eitt. Mjer heyrðist hann álíta þessa þingsályktunartillögu fram komna að nauðsynjalausu, en jeg vona að h. deild sje það ljóst, að svo er ekki, því þegar litið er til ástandsins eins og sagt er frá því, og því hefir ekki verið mótmælt, þá munu ummæli þm. ekki eiga vel við. Þm. V.-Skapt. (G. G.) var hræddur um, að þjóðin mundi skilja svo, sem þingið væri að blanda sjer inn í dómstóla mál. Jeg held slíkt sje ástæðulaus ótti. Þá talaði og þm. um, að í kærunum lægi ekki neitt »specificerað« atriði; honum er auðsjáanlega kunnugra en mjer, á hvaða atvikum kærurnar eru byggðar, en mjer er það öldungis ekki; svo jeg get ekkert og vil ekki að svo stöddu um það dæma. Honum þótti það ennfremur hættulegt, að beita hjer þessu þingsályktunartillöguvopni, og kvað tillöguna fara fram á það, að þingið blandaði sjer í dómstólamál. En eins og jeg tók áður fram, þá skil jeg ekki, að kærur Ísfirðinga geti legið undir úrslitum dómstólanna, meðan ekki er einu sinni farið að rannsaka kærurnar, og sje hjer því alls ekki að ræða um það, sem þm. V.-Skaptf. gefur í skyn; enda vildi jeg seinastur allra manna verða til þess, að stuðla að því, að þingið færi að blanda sjer í gjörðir dómstólanna, nje það annað, er þinginu kæmi ekki við. Það að vjer komum fram með þessa tillögu var til þess, að fá það upplýst, á hverjum ástæðum það væri byggt, að stjórnin ljeti eigi rannsókn framfara á þessum kærum, og jafnframt fá það athugað, hvort ekki gæti verið ástæða fyrir þingið, að skora á stjórnina að uppfylla óskir Ísfirðinga um það, að fjarlægja þennan embættismann, því það lítur út fyrir, að öllum almannafriði þar vestra sje illa borgið.

Landshöfðingi: Eitt af tvennu verður að vera: annaðhvort eiga kærur þessar við einhver sjersök ákveðin atvik fyrir vestan, ellegar þær eiga það ekki. Ef þær styðjast við einhver slík atvik, hvernig hugsa uppástungumennirnir sjer þá, að nefnd, sem situr hjer

í Reykjavík og að eins hefir hálfan mánuð til umráða, geti rannsakað, hvort þau atvik, sem kærurnar beinast að, eru sönn og rjett frá þeim sagt, og hvort kærurnar samkvæmt því eru þannig vaxnar, að ástæða sje að taka þær til greina? Þetta er mjer óskiljanlegt. Ef kærurnar eru ekki byggðar á neinum slíkum atvikum, hvað ætlar h. þingdm. nefndinni þá að gjöra? Því það er þó ómögulegt að hugsa sjer að þingd. setji nefnd eingöngu til að lesa kærurnar, ef það væri ekki meiningin, að rannsaka jafnframt, hvort og á hverjum rökum þær eru byggðar; en það blandast víst engum hugur um, að slík rannsókn er ekki möguleg nema á staðnum þar, sem tilefnið til kærunnar á að hafa gjörzt.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) sagði, að það væri ekki rjett af þinginu að gefa tilefni til þess, að aðrir út í frá álitu, að það vildi reyna að hafa áhrif á dómstólana. Jeg vil nú leyfa mjer að benda hinni h. þingdeild á það, að það eru ekki að eins þessir 2 stjórnarliðir, löggjafarvaldið og dómsvaldið, sem eiga að vera hvor öðrum óháðir og eru það, heldur er til þriðji liðurinn, þ. e. framkvæmdarvaldið, sem stendur hinum tveim að öllu leyti jafnfætis. Eins og þingið getur ekki haft áhrif á dómstólana, eins getur þingið heldur ekki haft áhrif á umboðsvaldið í þeim málum, sem sjerstaklega heyra undir þess verkahring, og það er því alls ekki rjett af þinginu að vilja hafa afskipti af og áhrif á úrlausn þeirra málefna, sem eru falin öðru sjálfstæðu stjórnarvaldi.

Flutningsmaður (*Sigurður Gunnarsson*): Jeg þarf ekki að svara mörgu, en að eins taka það fram, út af orðum hæstv. landshöfðingja, þar sem hann sagði, að, ef kærurnar væru ekki byggðar á neinum sjerstökum atvikum, þá væri ekki ástæða til að sinna þeim. Jeg get sem sagt ekkert dæmt um, hvernig þessar kærur eru vaxnar að þessu leyti; til þess þarf einmitt rannsókn á málinu, og fyrst eptir þá rannsókn getur þingið gjört sjer ákveðna hugmynd um, hvort ástæða hafi verið fyrir landstjórnina að taka kærurnar til greina. En hvað því viðvíkur, sem hæstv. landshöfðingi gaf í skyn, að jeg ætlaði að koma þingdeildinni til að hafa áhrif á stjórnina í þeim málum, er hana eina varðaði, þá verð jeg að mótmæla því. Það er sjálfsagt, að jeg er enginn stjórnvitringur, en það hugða jeg saklaust vera, þótt þingið gæfi umboðsstjórninni bendingar í þeim málum, sem það, samkvæmt stjórnarskránni, hefir fullan rjett til að skipta sjer af, og snerta eins ljóslega almenning, sem þetta mál gjörir.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg skal út af orðum h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) taka það fram, að við báðir munum vera jafn-ókunnugir kærunum, en jeg gjörði ráð fyrir því, að ef eitthvert »specialiserað« atriði, sem hlutaðeigandi hefði verið fundið til foráttu, hefði verið þar, þá hefði það einnig fylgt fregninni, því slíkt atriði hefði vafalaust ekki legið í þagnargildi. Jeg gaf ekki í skyn, að þingið ætlaði sjer að blanda sjer inn í dómstólana, eða hafa áhrif á þá, — þm. hefir hlotið að misskilja orð mín —. Jeg sagði að eins, að mönnum út í frá væri gefið tilefni til þess að skilja það svo, að sá væri tilgangur þingsins. Þetta mundi og verða þannig, einkum þar sem að svo náið samband er á milli þessa máls og annars, er jeg vjek að áðan. Jeg talaði þessi fáu orð mín áðan að eins til þess, að þeir, sem atkvæði greiða um þetta mál, hafi glöggt fyrir augum, hvað um er að ræða. Því jeg held, að það hafi ekki verið þeim öllum fyllilega ljóst.

Forseti gat þess að til sín hefði komið rökstudd dagskrá frá þm. Rvík. (H. Kr. Fr.).

Jón Þorkelsson: Vill h. þm. (H. Kr. Fr.) ekki tala dálítið með henni?

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal geta þess, að, eins og hjer stendur, að rannsaka kærur út af embættisfærslu L. Kr. Bjarnasonar, þá er það, eins og hæstv. landshöfðingi tók fram, alls ekki auðið að gjöra það nema með því móti að fara vestur í Ísafjarðarsýslu, og yfirheyra fólk þar, en það er eigi auðið á svo stuttum tíma, sem eptir er af þingtímanum, að rannsaka, hvort kærur þessar eigi við rök að styðjast. Ef slíkt ætti að gjörast, þá þyrfti að skipa til þess sjerstakan rannsóknardómara, og þar sem nefnd, sem kosin yrði, getur það ekki á þessu stutta tímabili, þá er málið fallið af sjálfu sjer. Aptur á móti ber jeg það traust til landstjórnarinnar, að hún láti það ekki viðgangast, að embættismenn landsins gjöri sig seka í því, að brjóta lög á mönnum eða gjöra neitt það, sem ekki er rjettmætt.

Hafi kærurnar verið svo óákveðnar, að engin sjerstök atriði sjeu tekin fram, þá get jeg heldur ekki sjeð, hvað landstjórnin geti gjört. En hafi einhver atriði verið tekin fram, þá er landstjórnin skyldug til þess að láta rannsaka það mál, og þá er nefnd alveg óþörf, og jeg verð að treysta því, að stjórnin taki kærurnar til greina, ef slíkt er í þeim að finna. Jeg er á sama máli og hinn h. þm. V.-Skaptf. (G. G.), að þó þetta mál sje annað mál en það, sem þm. minntist á, þá eru þau svo náin, að of nærri er gengið virðingu dómstólanna með því, að þingið fari að rannsaka þetta mál. Hafi eitthvað verið vítavert í framkomu Lárusar í málinu, þá verður það að koma fram í málinu, og þá verða dómstólarnir að taka það tilhlýðilega til greina. Jeg get þess vegna ekki sjeð, að það komi að nokkru gagni, að setja nefnd í mál þetta, en jeg ber það traust til landstjórnarinnar, að hún gjöri sína skyldu í þessu máli.

ATKV.GR.: Rökstudd dagskrá felld með 17 : 2 atkv. Þá kom till. frá 8 þm. um að umræðunum væri hætt. Sú tillaga samþ. í einu hlj. Þingsál.-till. samþ. með 16 : 3 atkv. og í nefndina kosnir:

Jón Jakobsson	með	18 atkv.
Jón Jónsson 2. þm. N.-M.	—	18 —
Sigurður Gunnarsson	—	17 —
Jens Pálsson	—	16 —
Ólafur Briem	—	16 —

Þrítugasti og sjötti fundur, föstudag 11. ágúst kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um hafnsögugjald í Reykjavík (C. 509, 477, 485); ein umr.

Halldór Kr. Friðriksson: Eins og kunnugt er, hefir mál þetta verið fyrir deildinni áður, og var sent efri deild; er það nú komið þaðan aptur með þeirri breyting, að gjaldið skuli vera 8 aurar af hverri smálest, í staðinn fyrir 5 aura, eins og samþykkt var hjer í deildinni. Jeg hefi nú leyft mjer að koma fram með þá breytingartill. (C. 477), að það verði lækkað niður í 5 aura af útlendum fiskiskipum.

Jeg vona, að h. deild verði að játa, að af þeim mönnum, sem þekkja þetta mál, sje enginn kunnugri en bæjarfógetinn í Reykjavík. Og þegar nú honum og öðrum, sem hjer eru kunnugir, einmitt hefur komið saman um þetta, þá þykir mjer undarlegt, þegar menn sem hjer eru með öllu ókunnu-

þykjast hafa betur vit á þessu og vilja breyta því.

Þetta gjald, sem ákveðið hefir verið í efri deild, þykir mjer of hátt af hinum útlendu fiskiskipum. Jeg held það verði ekki til annars en að fæla frakkneskar fiskiskútur frá Reykjavík. Frakkar eru smásmugulir í peningasökum, og þess vegna vil jeg hafa gjaldið sem lægst, svo að þeim sje ekki gjört örðugra fyrir að koma hingað en nauðsynlegt er. Það er rjett, að útlendu fiskiskipin sjeu látin borga nokkuð, en ef það er of hátt, þá koma þau alls ekki, og það er skaði fyrir hafnarsjóð. Jeg skal játa, að þó að gjaldið sje ekki hærra en 5 aurar, þá munu þeir samt hlífast við, að koma inn á höfnina. Aptur á móti er það of hátt, að láta þá bera jafnhátt gjald og önnur skip. Því að þau koma flest að erindislausu, en verzla þó talsvert í bænum, er þeir verða að kaupa ýmsar nauðsynjar. Er það þannig hagur fyrir bæinn, að fiskiskipin komi inn. En þetta háa gjald verður ekki til annars en að þau fara vestur á Dýrafjörð eða eitthvað annað í staðinn fyrir hingað, og sleppa þannig við allt gjald. Jeg ætla því, að það ætti að draga þau sem mest hingað. Ef þetta háa gjald yrði til þess að fæla þau frá landinu, þá væri öðru máli að gegna, en hjer er ekki því að heilsa. Þau koma alveg eins að landinu fyrir þetta, hvort sem nú gjaldið er eða ekki. En þau koma ekki inn á Reykjavíkurhöfn, ef gjaldið er mjög hátt. Þau veiða fiskinn við landið alveg eins og áður. Jeg vona, að h. þingd.m. sjái, að það er betra að halda nokkru en missa allt.

Jeg vona, að það sje h. þm. ljóst, að engir eru kunnugri þessu en þeir, sem mest hafa viðskipti við þessi útlendu skip, nefnilega bæjarfógetinn og konsúllinn, og jeg treysti því, að þingmenn fallizt á uppástungu þeirra manna, sem kunnugastir eru.

Hinir aðrir, er nú hafa komið með breyt.till. við frumv. þetta, eru málinu algjörlega ókunnugir. Jeg held ekki, að það sje til of mikils ætlazt, þótt þeirri reglu ætti að fylgja, að þingm. fylgdu ráðum þeirra, sem bezt þekkja til. Jeg vona því, að h. þm. fallist á breyt.till. mína.

Það hefur komið fram breyt.till. frá h. 2. þm. Árnes., sem fer í gagnstæða átt við mína, í gagnstæða átt við það, sem allir, sem til þekkja, ætla rjett, og hingað til hefur verið fylgt.

Það er vani, að þessi útlendu fiskiskip borgi helmingi og stundum þriðjungi minna en önnur skip, og stundum ekki nema þriðjung á við það, sem önnur skip borga. Menn verða að gá að því, að þessi fiskiskip að eins skreppa hingað til þess, að fá sjer nauðsynjar sínar; en hin hafa vanalega heilan farm hingað.

Jeg ætla ekki að orðlengja meira um þetta mál að sinni, en jeg treysti því, að menn láti sjer það skiljast, að hjer hljóta menn að fara eptir ráðum og tillögum þeirra manna, sem til þekkja og vit hafa á málinu, en fara ekki að hlaupa eptir því, sem kastað er fram rjett út í bláinn og hefur ekkert við að styðjast.

Bogi Melsted: Jeg er ekki samdóma h. þingm. Rvík. (H. Kr. Fr.) í því, er komið hefur fram hjá honum við fyrri umræður þessa máls, að mál þetta kæmi ekki öðrum við en Reykvíkingum. Ekki get jeg heldur fallizt á, að aðrir geti eigi dæmt um það en þeir, sem mjög eru kunnugir hjer í Reykjavík. Þegar vjer, sem ekki erum eins kunnugir hjer í bænum og h. þm. Rvík., leitum þeirra skýrslna, sem hægt er að

fá um þetta mál hjá bæjarfógetanum, þá er það nóg til þess, að vjer getum dæmt um málið.

Jeg hefi komið fram með breyt.till. mína af því, að jeg sje, að það mundi koma þeim mönnum illa, sem verzlun reka hjer í Reykjavík, ef gjald þetta væri sett svo hátt, því að það er ekki rjett, að það leggist eingöngu á skipin; það leggst á verzlunina. Mjer þykir það illa fallið, að svo hátt gjald sje lagt á verzlunina, eins og farið er fram á í frumv. því, er kom frá stjórninni. Það var, eins og menn muna, 10 aurar á hverja smálest af öllum verzlunar- og mannflutningaskipum, en 5 aurar af útlendum fiskiskipum.

Samkvæmt skýrslum þeim, sem skírskotað er til í ástæðum stjórnarfrumv., má gjöra ráð fyrir, ef það væri samsamþykkt, að gjaldið yrði samtals 1144 krónur, eptir meðaltali 5 síðustu ára. En ef mín breyt.till. væri samþykkt, þá yrði það 1053 krónur; en eptir frv. eins og það nú liggur fyrir, mundi það verða 1172 kr., en aptur á móti 979 krónur eptir tillögu h. þm. Reykvíkinga. Náttúrlega getur þetta breytzt nokkuð, því gjaldið hlýtur að hafa áhrif á komu skipa, og eins geta fleiri skip komið eitt árið en hitt.

Aðal-tilgangur frumv. er auðvitað sá, að hægt sje að launa hafnsögumann. Fer mín tillaga nær stjórnarfrumv. en tillaga h. þingm. Rvík. (H. Kr. Fr.). Hæstv. landsh. hefur tekið það fram við fyrri umræður þessa máls, að engin ástæða væri til þess að hlífa útlendum fiskiskipum. En nú segir h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), að það sje nauðsynlegt, því að annars mundu þau ekki koma til Reykjavíkur. Að þessum orðum sínum hefur h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) þó alls engin rök leitt, og hann á ef til vill erfitt með það.

Jeg mun ekki gjöra mína tillögu að neinu kappsmáli, því að frá h. 2. þm. Eyf. (J. J.) hefur komið fram önnur tillaga, er jeg mun geta fallizt á alveg eins vel. Hún fer fram á, að gjaldið sje lækkað niður í 6 aura og er jeg ánægður, ef hún nær fram að ganga, því þá er lækkað gjaldið á verzlunarskipunum, en Reykvíkingar mundu engu síður ná tilgangi sínum, og fá það sem þeir óska, nefnil. nóg fje til þess að auka hafnsögu.

Ef tillaga h. þm. Eyf. (J. J.) verður samþykkt, þá verður gjaldið 879 kr., og er það fullkomlega nóg til þess að launa einn hafnsögumann og ef til vill tvo, ef t. d. gjört er ráð fyrir, að einn hafnsögumaður hafi 500 króna laun og annar 300 kr., og er þó töluverður afgangur. Virðist þetta vera nægileg laun, þar sem þeir að auki fá sjerstaka borgun fyrir hvert skip, er þeir leiða í höfn.

Eins og frumv. var samþykkt á dögunum, líkaði mjer það vel; en af því, að því hefir nú verið breytt í efri deild, þá kom jeg með mína tillögu til þess, að menn hefðu fleira að velja um.

Að endingu vil jeg að eins bæta því við, að ef það er ástæða til að hlynna að útlendum fiskiskipum, þá er þó enn þá meiri ástæða til að hlynna að innlendum verzlunarskipum og leggja ekki á þau of þungar byrðar.

ATKV.GR.: Breyt.till. 391 felld með 14 atkv. gegn 1; breyt.till. 392 samþ. með 13 atkv. gegn 1; breyt.till. 386 þar með fallin.

Frumv. með áorðinni breyt. samþ. með 18 samhlj. atkv. og afgr. síðan til forseta sameinaðs þings.

Frumv. til laga um stofnun lagaskóla (C. 199, 371, 419, 475); 2. umr.

Framsögumaður (Guðl. Guðmundsson): Mál þetta, sem hjer liggur fyrir, er, eins og h. deild er kunnugt, enn

spá-nýr gestur hjer á þingi. Það er gamalt mál og hefur það opt verið til meðferðar og umræðu á þingi. Skal jeg ekki fara að rekja sögu málsins, með því að mönnum mun vera hún kunn, eigi síður en ástæður þær er færðar hafa verið fyrir því, hve nauðsynlegt það sje fyrir oss Íslendinga, að stofnaður sje íslenzkur lagaskóli.

Sú nauðsyn hefur lengi vakað fyrir hvers manns augum, og skal jeg því ekki eyða orðum að því sjerstaklega. Nú liggja eiginlega fyrir í þessu máli 3 tillögur, um stofnun lagaskóla, í tvennu lagi, og um stofnun háskóla. Tillaga meiri hlutans og hið upphaflega frumv. fara í mjög líka stefnu. Það er viðurkennt, að vjer höfum brýna þörf á að fá kennslu í íslenzkum lögum. En spursmálið er, hvernig þeirri kennslu skuli háttað. Þar kemur fram ágreiningurinn milli frumv. og meiri hlutans. Svo jeg víki mjer sjerstaklega að tillögu meiri hlutans, þá er svo til ætlað, að þessi kennsla verði einkum í íslenzkri rjettarsögu og rjettarfari og í sambandi við það verkleg æfing. Þó er það auðvitað ekki útilokað, að kennslan nái yfir fleiri greinar. Með þessu móti má bæta úr þeim göllum, sem eru á lagamenntun þeirra manna, sem koma frá háskólanum. Sú menntun, sem menn fá á háskólanum, er vísindaleg, en ekki praktisk. Hún er ekki undirbúningur undir embætti, en miðar til að veita mönnum næga vísindalega þekking í lögfræði yfir höfuð. Kandídatar, sem koma frá háskólanum í Höfn og enga reynslu hafa fengið, eru því settir í mikinn vanda og veitir erfitt að gegna þeim störfum, sem þeir eiga að hafa á hendi. Þeir eru ókunnugir öllu því, sem er sjerstaklegt fyrir oss og íslenzka löggjöf, en frábrugðið því, sem þeir hafa lært. Úr þessu mundi kennsla þessi bæta að miklum mun.

En þrátt fyrir það, þótt hún yrði sett á stofn, mundu menn þó vitanlega verða að sigla til háskólans. Á því byggir minni hlutinn það einkum, að frumv. fari í öfuga átt. En jeg held það hyggilegast, þegar ekki fæst hið bezta, að taka þá hið næstbezta. Og það eru einmitt líkur til að þetta fáist, en það eru engar líkur til, að lagaskóli fáist og því síður háskóli.

Með því, sem meiri hlutinn fer fram á, er bætt vissulega úr annmörkum þeim, sem hljóta að vera á embættismannaefnum frá háskólanum, og einmitt nú er mjög mikil þörf á þessu, því að nú er von margra lögfræðinga frá háskólanum á næstu árum.

Jeg skal nú ekki víkja sjerstaklega að spurningunni um lagaskóla og háskóla, en vil þó minna á, að menn eiga vísa mótspyrnu af hendi stjórnarinnar gegn hvorutveggju. En þó að nú stjórnin samþykki t. d. háskólann, þá er það mín hyggja, að þjóðin mundi deig á að leggja fram það fje, er nægði til slíkrar stofnunar. Það er farinn að vakna hjá mörgum tilfinningin fyrir því, að þessir mörgu skólar, sem kostaðir eru af almannafje, sje þung byrði á landinu, en árangur ekki að sama skapi. Jeg vil ekki segja, að þetta sje rjettur hugsunarháttur, en hann er nú einu sinni svona. Til slíkrar stofnunar sem háskólinn er, þarf afarmikið fje hjer hjá oss, og býst jeg við, að undirtektirnar yrði daufar af þjóðarinnar hálfu. En að setja slíkar stofnanir á fót og svelta þær, það er apturför, en ekki framför. Það er ekki til neins, að leggja út í slíkt stórræði fyr en tilfinningin fyrir þörfinni er orðin svo rík og lifandi hjá þjóðinni, að hún vilji leggja það í sölurnar, sem nauðsynlegt

er til þess að stofnunin verði að gagni. En af umræðunum um fjárlögin fannst mjer vera annað hljóð í strokknum, og ekki þyrði jeg eins og nú stendur að leggja út í slíkt fyrirtæki. Eptir till. manna í fjármálum lítur alls eigi út fyrir, að þeir vildu leggja fram svo mikið fje sem þyrfti til að slík stofnun gæti staðið á sporði sams konar stofnunum í öðrum löndum, sem standa miklu betur að vígi.

Jeg býst við löngum umræðum um þetta mál og skal eigi taka fleira fram að sinni, en bíða átekta og heyra fyrst mál manna.

Jón Þorkelsson: Eins og góðir menn mega sjá, hefir orðið ágreiningur milli mín og meðnefndarmanna minna, þar sem jeg hefi ekki getað fylgt þeim í þessu lögfræðiskennslumáli, sem þeir hafa borið fram, og eru ástæður mínar móti tillögu meiri hluta nefndarinnar að nokkru leyti tilfærðar í nefndaráliti mínu. Mjer virðist málið nú horfa öfugt við. Það á hjer að vera aðalatriðið, sem mjer finnst eigi að vera aukaatriðið. Þeir, sem lögfræði stunda, eiga eptir sem áður að sækja til háskólans, vera þar 4 til 6 ár og svo bæta ofan á sig þessari lagakennslu. Auk þessa bið jeg menn vel að gæta þess, að ef þessi lagakennsla, sem h. meiri hluti stingur upp á, fæst, þá er það fengið, sem er alveg gagnstætt því, sem Íslendingar æfinlega hafa farið fram á, síðan þeir byrjuðu að kvaka um þetta mál. Auk þess er það háskalegt við þetta mál, að það er hjerum bil enginn efi á því, að það hafist fram, ef það verður samþykkt hjer á þinginu, því h. meiri hluti nefndarinnar hefir borið sig saman við hæstv. landsh. og hann kvað hafa tjáð sig samþykkan tillögu meiri hlutans og fúsan til að mæla með henni.

H. framsögum. meiri hlutans (Guðl. G.) vildi ekki fara út í sögu lagaskólamálsins, en jeg verð þvert á móti að gera það, til þess að menn geti nú því ljóslega sjeð, hvaða stefnu þingið hefir fylgt í þessu máli frá því það fyrst kom fram.

Árið 1845, þegar alþingi ris upp aptur, tekur það þetta mál til meðferðar. Þá kemur bænaskrá til þingsins með Jóni Sigurðssyni frá 24 námsmönnum í Kaupmannahöfn um: »Að settur verði þjóðskóli á Íslandi, sem veitt geti svo mikla menntun sjerhverri stjett, sem nægir þörfum þjóðarinnar«. Þar átti meðal annars að kenna: heimspeki, guðfræði, læknisfræði, lögfræði og jafnframt gagnfræði.

Jón Sigurðsson kallar þetta mál þar »ypparlegast allra mála«. Eins og menn sjá, var hjer ekki farið fram á neitt smátt, heldur miklu meira en nokkru sinni seinna. En einmitt af því að þá vantaði fje, enda hafði landið þá ekki fjárforræði, þá sá þingið sjer ekki fært að biðja um allt þetta. Nefnd var sett í málið og var framsögum. hennar virðulegur maður, Helgi biskup Thordersen. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að biðja skyldi um kennslu í heimspeki og guðfræði, og endurbót á latínuskólanum. Var síðan samþykkt á þinginu með öllum atkvæðum, að senda konungi bænarskrá um þessa kennslu. Árangurinn af þessari beiðni var stofnun prestaskólans tveimur árum síðar, eða 1847. Það ár var svo á alþingi beðið um læknaskóla í Reykjavík, og var sú beiðni ítrekuð nærri heilan mannsaldur, því læknaskóli fjekkst fyrst með lög. 11. febr. 1876.

1855 kemur svo bænarskrá um lagaskóla frá 17 námsmönnum í Kaupmannahöfn. Flutningsm. málsins gerðist Pjetur biskup Pjetursson. Sagði hann, að málið hefði komið fyrir þing 1845, og hann bætir við: »Þetta mál

er nú orðið eitt eptir af þeim mikilvægustu málum, sem þjóðin hefir látið alþingi bera upp fyrir konung«. Þá var beðið um, að próf við þennan skóla mætti jafngilda próf í dönskum lögum — dansk-juridisk Examen — og veita rjett til embætta á Íslandi. Skyldu kennarar vera 2 og kennsluárin 3. Mál þetta var samþ. með 15 gegn 6 atkv., en neitað staðfestingar með konungl. augl. 27. maí 1857 vegna fjárskorts og af fleiri ástæðum.

1857 kom málið aptur inn á þing. Flutningsm. var h. núverandi þm. Rvík. (H. Kr. Fr.). Þeir, sem tæki próf, skyldu hafa sama rjett eins og frumv. 1855 ákvað. Málið var samþ. með 15 gegn 7 atkv., en neitað með konungl. auglýs. 1859.

1859 kemur lagaskólamálið aptur inn á þing. Flutningsmaður sami sem á næsta þingi á undan. Sami rjettur og fyr. Samþ. með 12 : 3 atkv.

1861 kemur lagaskólamálið enn fyrir þing. Sami flutningsmaður og sami rjettur og fyr. Samþ. með 21 samhlj. atkv. Svar upp á beiðni þingsins í þetta skipti er í kgl. augl. 8. júní 1863 bls. 7 § 5: »Það er ósk Vor að láta að þegnlegri bæn alþingis um stofnun kennsluskóla handa lögfræðingaefnum á Íslandi, svo framarlega sem fengizt getur fje það, er til þess þarf. En málefni þetta, sem dómsmálastjórnin og kirkju- og kenslumálastjórnin nú eru að bera sig saman um, er ekki enn svo langt á veg komið, að það hafi orðið lagt fyrir Oss til síðasta úrskurðar«.

Aðaláherzlan í neitun konungs er lögð á fjeleysið. Þetta var á seinustu dögum hins hásæla konungs Friðriks VII.

Svo kemur málið enn fyrir á þinginu 1863, og er Páll Melsteð þá flutningsmaður þess. Þá er í fyrsta skipti ákveðið, að yfirdómendur skuli vera kennarar á lagaskólanum. Frumv. var samþ. með 21 atkv. samhlj.

1865 og 1867 flytur sira Eiríkur Kúld frumv. um lagaskóla inn á þing. Það er bæði árin samþykkt með 19 : 3 atkv.; skírskotað til hinnar kgl. augl. 8. júní 1863.

1869 er Eiríkur Kúld enn flutningsm. málsins. Þá samþykkti þingið það með 21 samhlj. atkv. Svar stjórnarinnar er í kgl. augl. 22. maí 1871. Því er þar borið við, að fje vanti. Talað um það, sem síðan hefir svo opt heyrzt, að kennslan yrði óvísindaleg. Sagt, að betra sje að kenna við háskólann íslenzk lög, einkum landbúnaðarlög og rjettarsögu. Kandídatar frá Reykjavík ættu ekki að hafa aðgang nema að hinum lægstu lögfræðingaembættum, þ. e. sýslumannaembættum, en ekki að landsyfirrjetti eða amtmannaembættum.

1871 flytur núverandi forseti Benedikt Sveinsson lagaskólamálið inn á þing. Frumv. var þá samþykkt með 19 samhlj. atkv. Sömu voru svörin og áður. Konungsfulltrúi sagði, að betra væri að stofna kennslu í ísl. lögum við háskólann. Ráðgjafinn ritar þá háskólaráðinu. Það svarar 16. maí 1872, að prófessorarnir geti ekki kennt ísl. lög, af því þeir kunni ekki málið og viti ekkert í íslenzkum lögum. En ráðið bendir á íslenzkan lagamann, sem þá var í Höfn, og sem þá átti að búa til stöðu fyrir, en það fórst fyrir, af því fjeð fjekkst ekki til þess.

1873 er Eiríkur Kúld flutningsmaður málsins. Það er samþykkt með 20 samhlj. atkv. Var þá ákveðið, að fjeð skyldi greiða af því fje landssjóðs, »sem látið hefir verið renna inn í hinn svo kallaða hjálparsjóð fyrir Ísland«.

1875 kemur enn frumv. um lagaskóla. Framsögumaður var hinn núverandi forseti Benedikt Sveinsson. Assessor-

arnir skyldu vera kennnarar, og skyldi fyrir þann starfa bætt við forstjóra 1000 kr., en við hvorn hinn 800 kr. Próf við skólann skyldi veita rjett til sýslumanna- og bæjarfógetaembætta. Danskir lögfræðingar skyldu ekki hafa rjett til embætta framar á Íslandi. Samþykkt í neðri deild með 21 samhlj. atkv., en fellt í efri deild með 8 : 3 atkv.

1877 er frumv. þingsins 1875 tekið upp. Nefnd var kosin: Bened. Sveinsson — framsögum. —, Grímur Thomsen, H. Kr. Friðriksson. Í stað yfirdómaranna setur nefndin 2 kennara með 3500 kr. og 2000 kr., en því var síðar breytt með breyt.till. þannig, að við skólann skyldi vera einn kennari með 4000 kr. launum, en yfirdómarar skyldu kenna endurgjaldslaust. Kandídatar skyldu hafa rjett til allra verzlegra embætta jafnt lögfræðingum frá Kaupmannahafnar-háskóla. Samþykkt í neðri deild með 19 samhlj. atkv. Breytt í efri deild þannig: fyrsti kennari 4000 kr., annar kennari 2400 kr. Síðan samþykkt þar við 2. umr. með 9 atkv. móti Bergi Thorberg og Magnúsi Stephensen. Nafnakall viðhaft. Málinu þó ekki lokið.

1879 kemur enn frumv. um lagaskóla. Tekið upp frumv. frá 1877. Flutningsmaður Benedikt Sveinsson. I neðri deild stungið upp á lagakennslu með sömu rjettindum eins og lagaskóli veitti, en sú uppástunga var felld. Frv. var samþykkt í neðri deild með 15 samhlj. atkv. Samþykkt í efri deild með 8 : 3 atkv. og afgreitt sem lög frá þinginu, en því síðan synjað staðfestingar með ráðgjafabrjefi 28. febr. 1880.

1881 kemur það nýmæli, að stofna háskóla á Íslandi. Flutningsmaður var Benedikt Sveinsson. Frumv. fól ekki annað í sjer en þær æðri menntastofnanir, sem til voru og til eru, að við bættri lagakennslustofnun. Samþykkt í neðri deild með 14 : 5 atkv., en sofnaði í nefnd í efri deild, enda þótti nafnið of virðulegt fyrir Íslendinga.

1883 kemur aptur frumv. um háskóla, en eptir uppástungu nefndar var nafninu breytt í »landsskóla«. Samþykkt í neðri deild með 14 : 4 atkv. og í efri deild dálítið breytt með 8 atkv.

1885 var svo frumv. um landskóla borið upp í efri deild af Benedikt Kristjánssyni, núverandi h. þm. Mýr. Þetta frumv. var fellt, en í stað þess tekið upp, mest eptir uppástungu Lárusar E. Sveinbjörnssonar, núverandi fyrsta konungkjörins þm., frumv. um lagaskóla. Við skólann skyldu vera tveir fastir kennarar og kandídatar hafa rjett til allra embætta á Íslandi. Frumv. þetta var samþykkt í neðri deild við 2. umr. með 14 : 9 atkv.

1887 flytur Jón Ólafsson frumv. um lagaskóla. Kennarar skyldu vera tveir fastir, annar með 3000 kr., hinn með 2400 krónu launum. Samþykkt í efri deild með 7 : 4 atkv., í neðri deild með 20 samhlj. atkv., í efri deild aptur með 7 atkv. og afgreitt sem lög frá þinginu, en neitað staðfestingar samkvæmt ráðgjafabrjefi 18. febrúar 1888, enda rjeð landshöfðingi frá að staðfesta það.

1888 var samþykkt á Þingvallafundi í einu hljóði að skora á alþingi að samþykkja lagafrv. um stofnun landsskóla. En það er það merkilega, að á alþingi árið eptir er málið alls ekki tekið fyrir.

1891 ber Benedikt Sveinsson þar á móti upp frumv. um háskóla, sem neðri deild samþykkti með 20 samhlj. atkv. Efri deild fellir þetta frumv., en samþykkir þar á móti þingsályktunartill., þar sem deildin skorar á stjórnina að

leggja fyrir næsta þing frumv. til laga um lagaskóla. En með ráðgjafabrjefi 24. maí þ. á., sem styðst við landshöfðingjabrjef 12. des. f. á., neitar stjórnin að verða við þessari tillögu. Tillaga landshöfðingja í brjefinu 12. des. f. á. er samhljóða þeirri skoðun á málinu, sem hann hefir látið í ljósi á alþingi bæði sem þingmaður og landshöfðingi.

Af þessu ágripi af sögu málsins má sjá, að búið er að samþykkja frumv. um lagaskóla með alls 345 móti 39 atkv. á nær hálfum öðrum tug þinga alls; en frumv. um háskóla og landskóla með 70 : 18 atkv. á 4 þingum. Virðist því nokkurn vegin ljóst, að það, sem meiri hluti nefndarinnar nú fer fram á, hefir ekki við söguleg rök að styðjast. Þingið og þjóðin hefir aldrei beðið um íslenzka lagakennslu, sem sletta mætti ofan á lagakennslu háskólans. Svo lítilþæg hafa þjóð og þing aldrei verið, enda þarf ekki lög til að fá slíka kennslu, því það mætti veita á fjárlögum fje til slíkrar kennslu. Það, sem meiri hluti nefndarinnar vill hafa fram, getur aldrei, þótt framsögumaður meiri hlutans (Guðl. G.) vænist þess, orðið rjettarbót, heldur miklu fremur rjettarspillir.

Eptir allt þetta þref eru nú hjer um bil allir þeir skólar stofnaðir, sem beðið var um árið 1845, nema lagaskólinn. Stofnaðir eru: prestaskólinn, læknaskólinn, gagnfræðaskólar, búnaðarskólar og sjómannaskóli. Lagaskólinn er einn óstofnaður.

Það hefir opt klingt, að ekki væri ráðlegt að stofna lagaskóla, af því landið þyrfti svo fáa lögfræðinga. En það má spyrja, hvort það muni vera svo annarstaðar, að allir lögfræðingar verði embættismenn. Nei, því fer fjarri. Ekki helmingurinn. Fjöldi lögfræðinga í öðrum löndum hefir ýms önnur störf á hendi, bæði opinber störf og störf fyrir einstaka menn og fjelög.

Þá skal jeg geta um mína uppástungu í þessu máli. Í staðinn fyrir að h. meiri hluti nefndarinnar hefir stungið upp á þessari lagakennslu, þá hefi jeg stungið upp á að þingdeildin samþykki frumv. um háskóla í stað frumv. um stofnun lagaskóla, sem nefndinni var falið til umsagnar. Það virðist augljóst, að úr því búið er að neita um lagaskóla, og hæstv. landshöfðingi enn er á móti honum, þá sje til lítils að fara nú að biðja um hann enn á ný. Annaðhvort er þá að biðja um alls ekkert, eða þá það mesta, sem vjer viljum hafa, en það er háskóli. En jeg skal geta þess, að þó taka mætti fleira fram í frumv., þá er það kannske ekki vert, að fara svo hart á stað. Það mætti heldur hlaða utan um síðar meir. Það mun t. a. m. mörgum þykja æskilegt, ef stofnaður yrði einn aðalbúnaðarskóli fyrir landið, að hann stæði í sambandi við háskólastofnun, því að þar með mætti spara nokkuð og hafa þá t. a. m. sameiginlegt »laboratorium« bæði fyrir búnaðarskólann og læknaskólann. Að þetta sje vilji þjóðarinnar, sjest á því, sem á prent hefir komið um þetta mál hin síðari árin, svo sem í ritgjörð eptir Bened. Sveinsson. Jeg verð líka að álíta, að h. þm. Ísf. (Sk. Th.) hafi verið á sömu skoðun fyrir tæpum tveimur mánuðum síðan, því að 15. júní þ. á. lætur hann »Þjóðviljan unga« flytja lesendum sínum niðurlag úr ritgjörð eptir Benedikt Sveinsson um stjórnarskrármálið. Þetta niðurlag er prentað ómótmælt og með breyttu letri í Þjóðviljanum, og hljóðar svo: »Samþykkið endurskoðunarfrumvarp neðri deildar frá 1891 óbreytt, og framfylgið jafnframt í annari röð, með alvöru og festu, háskóla- búnaðarskóla- fiskiveiða- handiðna- samgöngu- og verzlunarmálum Íslands. Eyðið ekki

tíma til neins, sem tefur fyrir þessum aðalvelferðarmálum þjóðarinnar, og minnizt þess, sem er mest umvarðandi«.

Jeg get ekki neitað því, að mjer kemur það undarlega fyrir, að h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) skuli hafa snúizt svona skyndilega í þessu máli. Nú vill hann þessa lagakennslu, þótt hann hafi greitt atkvæði með háskóla á síðasta þingi. Jeg vona nú, að h. 1. þm. Ísf. (Sh. Th.) sjái sig um hönd enn einu sinni, og hætti nú við þessa lagakennslu, en snúi sjer að uppástungu minni um háskóla. Honum er hvort sem er svo ljett um að sjá sig um hönd. Jeg vil líka leyfa mjer að vonast eptir hinu sama af h. þm. Dal. (J. P.), sem einnig greiddi atkvæði með háskóla á síðasta þingi. Það er nokkuð öðru máli að gegna, þótt h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sjeu reikandi í skoðunum sínum á þessu máli, þar sem þeir hafa ekki verið á þingi fyr en nú í sumar. En á h. 1. þm. Isf. (Sk. Th.) og h. þm. Dal. (J. P.) fer að rætast það, sem »Þjóðviljinn ungi« svo opt bregður góðum mönnum um: að þeir hafi öðlazt nýrri og betri þekkingu. Það lítur út fyrir að þessir h. þm. hafi nýlega fengið einhverja vitrun í þessu máli.

Jeg skal ekki fara mörgum orðum um það, hvaða þýðingu einn allsherjarskóli mundi hafa fyrir þjóðina, af því að jeg hefi látið skoðun mína upp á því máli fyrir löngu í Sunnanfara (I, 4); en jeg skal taka það fram, að jeg er samdóma h. framsögum. meiri hlutans (Guðl. G.) um það, að til slíkrar skólastofnunar ætti að leggja nægilegt fje, og reisa ætti skorður við því, að háskólinn í Kaupmannahöfn gæti keppt við þessa stofnun.

Nú eru um 70 námsmenn í Kaupmannahöfn, en eptir því sem mjer er sagt, verða víst ekki nema eitthvað 8 námsmenn á prestaskólanum næsta vetur og 4 á læknaskólanum. Það er ekkert glæsilegt útlit þetta. Ætti þetta ekki að vera hvöt fyrir þingið til að hressa þessar menntastofnanir við og koma á fót meira menntalífi hjer á landi? Reykjavík mundi ekki sízt hafa gott af því, þar sem stúdentalífið mundi fjörga bæinn, auk þess sem dvöl stúdentanna í bænum mundi verða gróði fyrir hann. Íslenzkt stúdentalíf er nú ekki hjer, heldur í Kaupmannahöfn. Það hefir opt verið tekið fram, að það væri viðurhlutamikið að sleppa Garði (»Regens«) og styrk þeim af dönsku fje, sem stúdentar verða aðnjótandi í Kaupmannahöfn. Það er auðvitað, að þetta er veitt íslenzkum stúdentum af góðum hug, en það hefir reynzt misjafnlega. Það hefir margur góður drengur og góður sonur farið illa á þessum háskólaferðum, og margur glatazt, sem annars hefði getað orðið nýtur sjálfum sjer og þjóð sinni. En þrátt fyrir hinn mikla styrk, sem íslenzkir námsmenn við háskólann í Kaupmannahöfn hafa af dönsku fje, er það hins vegar ekki lítið fje, sem fer út úr Íslandi árlega handa þessum námsmönnum. Þetta stefnir enn eins og margt annað í þá átt, að fjárstraumarnir liggi út úr landinu, en ekki inn; en hvað lengi á að þola þetta öfugstreymi?

Skúli Thoroddsen: Sem einn af þeim, er fylla flokk meiri hluta nefndarinnar í þessu máli, skal jeg leyfa mjer að gera stuttlega grein fyrir því, hvað það var, sem vakti fyrir mjer, þegar jeg fjellst á tillögu meiri hlutans; en áður en jeg vík að því, verð jeg að drepa á nokkur orð úr ræðu hins virðul. þm. Snæf. (J. Þork.).

Jeg dylst þess þá eigi, að mjer þótti það sannarlega undarlegt, er þm. Snæf. (J. Þork.) las upp orðrjettan kafla úr

ritgjörð eptir Bened. Sveinsson, er birtur var án allra athugasemda, til eða frá, í blaðinu »Þjóðv. ungi«; með þessum orðum, er sýna skoðun B. Sv. á háskólamálinu, vildi þingmaðurinn sýna einhverja ósamkvæmni hjá mjer, rjett eins og hann ímyndi sjer, að það, að jeg hefi skýrt frá skoðun annars manns, sanni nokkuð um skoðun mína. En það er ekki fyrir það; þm. þarf ekki að leita svo langt, því að jeg hefi aldrei, og ætla mjer heldur aldrei, að ganga frá því, að jeg er mjög hlynntur háskólastofnun á Íslandi, og jeg efast um, að þm. Snæf. (J. Þork.) sje það meira áhugamál. (*J. Þork.*: Mig grunaði það). Og þegar jeg nú lít á þetta mál, þá dylst mjer það ekki, að ef þm. Snæf. (J. Þork.) væri sá maður, að orð hans hjer í þingsalnum gætu veitt oss, þótt ekki væri nema mjög ófullkominn háskóla, þá skyldi jeg ekki hugsa mig um það eitt augnablik, að greiða heldur atkvæði með háskólafrumv. hans, en með tillögum meiri hluta nefndarinnar. En þm. Snæf. (J. Þork.) er nú því miður enn enginn »minister«, hvað sem síðar kann úr honum að verða, svo að atkvæði hans í þessu máli hefir að líkindum ekki ýkjameiri þýðingu en þó að jeg í dag kallaði hjer í þingsalnum hástöfum á háskóla. En að öðru leyti skal jeg taka það fram, að jeg er samdóma h. þm. Snæf. (J. Þork.) um það, að háskóli sje, og eigi að vera, takmarkið, sem vjer eigum að að keppa, enda þarf ekki að eyða orðum að því, hve lífgandi, lyptandi og göfgandi áhrif íslenzkur háskóli hlyti að hafa fyrir allt menntalíf þjóðar vorrar, því að það vita allir, að sönn eru þau orð skáldsins, að: »Vísindin efla alla dáð«.

En því miður er þm. Snæf. (J. Þork.) ekki í þeirri stöðu, að vjer sjeu hænufeti nær háskóla, þótt vjer samþykkjum þessa tillögu hans, því að vjer vitum það, að aðal-kjarninn í háskólamálinu er einmitt í því fólginn, að fá innlendan lagaskóla, og þeirri ósk hinnar íslenzku þjóðar hefir Danastjórn þegar 16 sinnum mótmælt, og vjer göngum allir að því vísu, að frumv. þm. Snæf. (J. Þork.) færi oss að eins 17. nei-ið; það hefir og þm. hreinskilnislega sagt mjer sjálfur.

Jeg skal nú ekki þrátta mikið um það, hvort stjórnin hafi haft gildar ástæður fyrir þessum synjunum sínum; jeg hefi minnzt nokkuð á það áður, og skal í þetta skipti að eins leyfa mjer að segja það eitt, að ástæður hennar hafa, að mínu áliti, verið mjög lítilsvirði; en það er líka sannarlegur óþarfi, að fara langt út í þær ástæður, sem stjórnin hefir látið uppi í þessu máli, því að vjer vitum það fullvel, að aðalástæðan er önnur; mál þetta stendur öllum öðrum málum fremur í nánu sambandi við stjórnarskipunarmálið; með háskólavistinni vill stjórnin gjöra sitt til þess, að ala æðstu íslenzku embættismannaefnin upp í sínum anda, og innræta þeim sínar alríkis- einingarkreddur, til þess á þann hátt að geta leitt danska hugsunarstrauma inn í hið íslenzka þjóðlíf. Frá mínu sjónarmiði horfir því máli þessu þannig við, að engin von sje til þess, að vjer fáum máli þessu framgengt, fyr en hugsunháttur stjórnarinnar hefir breytzt svo, að hún sjer, að það er hollara að tengja hina íslenzku og dönsku þjóð saman með frjálsu jafnrjettis-bræðrabandi, en með fjötrandi og lamandi alríkiseiningarkreddum. Með öðrum orðum, það er hætt við, að þá fyrst, er stjórnin hefir viðurkennt rjett vorn til sjálfstjórnar, og látið oss sigla vorn eigin sjó, fáum vjer þessu háskólamáli framgengt, en fyr ekki.

Ef vjer nú því næst, er málið horfir þannig við, leggjum fyrir oss þá spurn-

ingu, hvort vjer eigum að láta þessa mótspyrnu stjórnarinnar knýja oss til að láta undan, þá vona jeg, að flestum komi ásamt um, að svara því með nei-i; en hitt finnst mjer aptur á móti mikilsvert íhugunarefni, hvort ekki sje rjettara, að reyna ná takmarkinu, er vjer keppum allir að, á nokkuð annan hátt en að undanförnu, hvort ekki sje reynandi, og málinu happasælast, að freista þess, að ganga nýjar götur.

H. þm. Snæf. (J. Þork.) tók það fram, að ef gengið væri að tillögum meiri hluta nefndarinnar, gæti það leitt til þess, að vjer fengjum aldrei lagaskóla. En má jeg spyrja: Er þá þm. svo trúlaus á sigur sjálfstjórnarmáls vors, að hann ætli, að það hafist aldrei fram? Það er þó vitaskuld, að þegar vjer fáum ráð vorra eigin mála, og því treysti jeg, að það verði þó innan mjög langs tíma, þá munum vjer skipa háskólamálinu og öðrum þjóðmálum vorum eptir eigin vild. En á meðan vjer eigum í því stríði, þá álít jeg það ekki rjett, að láta öll önnur mál visna í höndum þingsins, heldur reyna að hafa þau not stjórnarinnar, sem hyggileg samvinna getur leitt til; þar sem ekki er um princip-mál að ræða, tel jeg betra að fá þó nokkuð í bráð en ekki neitt.

H. þm. Snæf. (J. Þork.) leit svo á, að með þessu frumvarpi meiri hlutans væri ekkert unnið. Vjer þyrftum meira að segja engin lög til að fá slíka lagakennslu, eins og frumvarpið fer fram á. En þetta er ekki rjett. Vjer getum að vísu veitt einhverjum fje á fjárlögunum, til þess að halda hjer á landi fyrirlestra í íslenzkum lögum, til þess að rannsaka lög vor, og rita um þau; en hver, sem les frumvarpið með athuga, hlýtur að sjá, að þar er farið fram á meira. Embættismannaefnum er beinlínis gjört að skyldu, að nema íslenzk lög; og þetta er ekki auðið að lögleiða á fjárlögunum; frumv. veitir oss því tryggingu fyrir því, að enginn komist sá í lögfræðinga-embættin á Íslandi, sem eigi hefir að minnsta kosti stundað lög landsins um vissan í frv. nákvæmar tiltekinn tíma; en eins og nú stendur, þá hafa lögfræðingar vorir, þegar þeir fyrst koma í embættin, að eins numið dönsk lög. Það getur því enginn neitað því, að með frumv. þessu er all-mikið spor stigið fram á leið. Og svo er enn eitt aðgætandi, að innlend lögfræðiskennsla ætti að geta orðið til þess, að vega dálítið á móti áhrifum þeim, sem Hafnar-veran hefir á ísl. lögfræðis-nemendur; hún ætti að geta gjört þá þjóðlyndari, og kennt þeim að líta þjóð sína öðrum augum en hingað til hefir algengast verið.

Jeg skal að endingu taka það fram, að jeg fylgi þessu frumv. ekki af því, að jeg vildi ekki gjarna stíga lengra, stíga sporið fullt; en hins vegar hefi jeg álitið það rjett, að benda deildinni á það, hvort ekki muni rjett að fara hina leiðina, af því að jeg eigi fæ sjeð, að vjer sleppum neinu af rjetti vorum við það.

Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál, en skal að lokum að eins taka það fram, að þótt jeg nú hallizt að þessu frumvarpi, þá er það mín skoðun, að háskóli sje takmark það, sem vjer eigum að keppa að; og sýnist deildinni ekki, að aðhyllast veg þann, sem meiri hluti nefndarinnar hefir bent á, mun jeg óhikað gefa háskólastofnuninni atkvæði mitt, enda þótt jeg þykist sannfærður um, að það muni koma að litlu liði.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg þarf ekki að bæta neinu við hina sögulegu hlið þessa máls, því h. þm. Snæf. (J. Þork.) er búinn að lýsa henni svo greinilega; en jeg ætlaði að eins að lýsa þeirri

skoðun, sem jeg mun hafa á þessu máli. Þótt opt sje búið að neita oss um lagaskóla, sem vjer höfum svo lengi þráð, treysti jeg mjer ekki að segja, að hin hæstv. stjórn hafi haft huldar ástæður, er hún hefur neitað oss um stofnun lagakennslu í landinu; þær ástæður, sem hún hefir tilfært, hafa verið opinberar, og jeg treysti mjer ekki til að segja, að stjórnin hafi haft við pólitisk rök að styðjast hjer, þau rök, að gefa ekki of mikið eptir í stjórnarbaráttu vorri.

H. framsögumaður meiri hlutans sagði, að nokkuð væri fengið, ef vjer fengjum lögfræðiskennslu þá, sem meiri hlutinn fer fram á, að stofna í landinu. Jeg skil ekki, að neitt verulegt sje fengið með því, þótt kandídatar frá Höfn er þar hafa stundað vísindalega lögfræði, sje skyldir að setjast á bekk hjer í Reykjavík og gjörast lærisveinar hjá einhverjum lögfræðing, og svo yrði kostnaðurinn víst ekki lítill, ekki einungis fyrir þá, heldur og fyrir landssjóð; nálega eins mikill og þó stofnaður væri hjer lagaskóli; en hver væri svo árangurinn? Er þessum vísindalegu menntuðu mönnum frá Hafnar-háskóla nokkur vorkunn, að setja sig inn í íslenzk lög, svo nægi? Að minnsta kosti hafa fyr verið margir íslenzkir lögfræðingar, sem hafa verið mjög vel inni í íslenzkri lagasetningu; jeg get tekið til dæmis Magnús Stephensen konferenzráð — íslenzk lög kunni hann — og kenndi þó þau enginn á hans dögum. En þótt jeg taki þenna mann til dæmis, gæti jeg nefnt marga fleiri eptir hann, Þórð Sveinbjörnsson o. fl.

Jeg álít óheppilegt að fallast á frumvarp meiri hlutans. Það veldur óþarfa kostnaði, og það sem fæst í staðinn er hægt að fá á annan hátt. Það sem þessir heiðruðu herrar, sem eiga að njóta þessarar lögfræðiskennslu, eiga að nema, er rjettarfarssaga, rjettarfar og verkleg æfing; en jeg held, að til þess að læra verklega æfingu, sje önnur aðferð betri, og þeir geti fengið eins góða verklega æfingu á annan hátt og fyrir minni peninga, t. d. með því, að vera hjá einhverjum sýslumanni eða öðrum verzlegum embættismanni.

Þegar um það er að ræða, hvort vjer eigum heldur að fá háskóla eða blátt áfram lagaskóla, þá dettur mjer í hug það sem h. þm. Snæf. (J. Þork.) sagði, að hjer hefðu verið greidd 345 atkvæði með lagaskóla, en að eins 70 með háskóla. Þessar tölur benda mjer á, að vjer eigum nú, eins og svo opt áður, helzt að halla oss að lagaskóla, og fengjum vjer hann góðan, þá ættum vjer orðið 3 vísindalegar stofnanir í landinu: prestaskóla, þar sem þeir læra guðfræðisnám, er búa sig undir kennimannsstöðu, læknaskóla handa læknaefnum og lagaskóla handa lögfræðingum; en er þetta hefði staðið nokkurn tíma, þá vildi jeg fá háskóla.

Þegar jeg á að greiða atkvæði um, hvað af þessu jeg vilji fá, því allt getur það ekki orðið, þá greiði jeg atkvæði með hinu upphaflega frumvarpi, frumvarpi til laga um stofnun lagaskóla. Og þegar spurt væri, hvaða gagn gæti orðið að honum, þá svara jeg blátt áfram, að lagaskólinn eigi að mennta íslenzk embættismannaefni, svo að þeir þurfi ekki að fara utan til þess að nema lögfræði og verða fyrir því tjóni er þeir verða sumir fyrir, er utan fara. Mun sagt verða, að lagaskólinn hafi nokkurn kostnað í för með sjer. Já, nokkrar þúsundir króna. En hvað kosta utanferðir stúdenta, og hvað mikið fje fer árlega með þeim út úr landinu? Margar þúsundir króna; en ef stúdentar lærðu hjer á landi, færi fje það, er þeir

þyrftu að eyða við námið, ekki út úr landinu. Nám íslenzkra stúdenta í Höfn er ekki heldur svo glæsilegt nú á síðari árum, fremur en það var áður, heldur þvert á móti.

Jeg álít, að landið hafi tapað svo miklu við þessar utanfarir stúdentanna, að ekki sje hikandi við, að greiða atkvæði með þeim kostnaði, sem er ekki gífurlegri en til að koma hjer á lagaskóla.

Jeg álít ekki rjett, að hætta við, að biðja um lagaskóla, þó oss hafi verið mörgum sinnum neitað um hann áður, því það er reynsla fyrir því, að slíkt getur fengizt með tímanum.

Jeg greiði þess vegna atkvæði bæði móti frumv. meiri hluta og minni hluta nefndarinnar, en eingöngu með stofnun lagaskóla.

Jens Pálsson: Nú hafa 3 lögfróðir menn tekið til máls, og hef jeg fáu við það að bæta, er þeir hafa mælt; vil jeg þó fara fáeinum orðum um nokkur almenn atriði málsins og einkanlega svara h. þm. Snæf. (J. Þ.) nokkrum orðum. Eptir sögulestri hans og atkvæða talning að dæma hefir verið meiri þrá meðal þjóðarinnar eptir lagaskóla en háskóla.

H. varaforseti vildi og kjósa lagaskóla, svo að íslenzkir lögfræðingar gætu numið þar fullt nám og haft rjett til embætta.

Tvær ástæður hafa verið bornar fram alla tíð fyrir stofnun lagaskóla. Önnur hefur verið: hörgull á íslenzkum lögfræðingum; hin: vöntun á kennslu í íslenzkum lögum við Kaupmannahafnarháskóla. Þessar ástæður eru í eðli sínu góðar og gildar, og sje hvorug fyrir viðburðanna rás fallin úr sögunni, þá eigum vjer að halda fram stofnun lagaskóla, til að mennta embættismannaefni, svo nógu margir sjeu ætíð til í lögfræðinga-embættin.

Jeg skal játa, að á liðnum tíma og það jafnvel fram á síðastliðna áratugi hefur verið sá hörgull á íslenzkum lögfræðingum, að vantað hefur í juridisk embætti, svo að útlendir (danskir) lögfræðingar hafa verið skipaðir við og við í embætti hjer. Nú er allt öðru máli að gegna. Nú er mikil lögfræðinga viðkoma við háskólann, svo að enginn skortur er á lögfræðingum til embætta. Hörgull á íslenzkum lögfræðingum er ekki sem stendur og verður ekki í bráðina ástæða fyrir stofnun lagaskóla. Sú ástæða er um tíma fallin burt.

En jafnframt því, sem menn allt til þessa hafa haldið fram lagaskóla til að bæta úr þessum skorti á íslenzkum lögfræðingum í embættin, jafnframt hefur verið kvartað um, að lögfræðingar hljóti ónógan undirbúning undir embætti hjer á landi, þrátt fyrir laganámið við Kaupmannahafnar-háskóla, með því þeir, sem eigi að gegna júridiskum embættum hjer á landi, þurfi að njóta kennslu einmitt í íslenzkri löggjöf, og það á íslenzku máli, en íslenzk lögvísi að fornu og nýju komi hreint ekki til greina við Kaupmannahafnarháskóla.

Með frumvarpi meiri hlutans er stigið verulegt spor til að bæta úr þessari þörf. Með því frumvarpi er ekki einungis gefinn kostur á að nema íslenzk lög á vísindalegan hátt, heldur er það beinlínis gjört að skyldu.

En það er ekki nóg með það, að við háskólann í Kaupmannahöfn er ekki kostur á sjerstaklegri kennslu í íslenzkri löggjöf, heldur er þar ekki heimtuð nein verkleg æfing til prófs; jeg ætla menn geti náð þar prófi nú, þótt menn ekki kunni að skrifa stefnu, síðan sá hluti lagaprófsins, sem nefndist »practicum«, var burtu felldur, og þó hafa

kandídatar þaðan skilyrðislaust rjett til að ganga í embætti hjer.

Mjer þykir það sleggjudómur, að ekkert gagn sje að frumv. meiri hlutans, þar sem það einmitt fer fram á að bæta úr þessum tveim annmörkum á lögfræðisnámi Íslendinga við háskólann. Hverjum embættismanni er í frumv. gert að skyldu, að nema íslenzk lög, sjerstaklega rjettarsögu, og taka þátt í verklegum æfingum. En mesta gagnið er það þó af öllu, að sá maður, sem slíka lagakennslu hefir á hendi, sem vjer förum fram á, hann hlýtur að stúdera íslenzka rjettarsögu, og þar af leiðandi einnig rannsaka íslenzk lög að fornu og nýju vísindalega. En til hvers leiðir slík rannsókn? Skyldi hún ekki leiða til neinnar frekari viðurkenningar fyir þörf á ýtarlegri vísindalegri kennslu í íslenzkri lögvísi? Ekki get jeg efazt um það. Jeg verð því að telja það fráleitan dóm um lagakennslu þá, sem meiri hlutinn vill láta setja á stofn, að hún sje gagnslaus. Hitt er hægt að tala, að vjer skulum hafa lagaskóla! Vjer viljum að eins hafa íslenzkan lagaskóla! En það er sitt hvað, að segja og gera.

Þess er fyrst og fremst að gæta, að við háskólann bjóðast íslenzkum stúdentum hin mestu vilkjör. En ef vjer settum á stofn lagaskóla, höfum við þá fje til að geta boðið námsmönnum vorum svipaða kosti og háskólinn í Khöfn býður þeim? og mundum vjer fúsir á að veita námsmönnunum þá? Við háskólann er íslenzkum stúdentum veitt stórfje. Jeg ímynda mjer, að enginn geti með neinni vissu reiknað það út, hvað sá íslenzki lagaskóli myndi kosta, er gæti dregið að sjer alla þá lögfræðisnámsmenn, er nú sækja og sækja munu Kaupmannahafnar háskólann. Jeg segi ekki að vjer getum eigi kostað svo miklu til lagaskóla, en jeg tel líklegt, að vjer mundum ekki gera það. Ef lagaskóli á að stofnast hjer hjá oss, og verða að gagni, þá verður hann að vera í einhverju lagi. Hann verður að vera meira en tveir kennarar í tómum kennslustofum. Það myndi enginn sækja fjevana ómyndar-lagaskóla hjer, þar sem svo glæsileg kjör eru boðin við háskólann.

En þegar litið er til frumv. okkar meiri hluta nefndarinnar, þá er svo um hnútana búið með því, að allir, sem ætla að ná lögfræðingsembætti hjer á landi, eru skyldir til að njóta íslenzkrar lagakennslu og verklegra æfinga. Það er skilyrði fyrir, að þeir geti fengið embætti. Lögfræðingur, sem væri í miklu áliti í Danmörku fyrir lagaþekkingu sína og hefði verið þar í embætti, en vildi ná í hátt og gott embætti hjer, hann yrði líka að setjast á bekk með íslenzkum kandídötum og nema íslenzk lög. Ef kennarinn er sannísienzkur maður í anda, þá getur hann haft ekki lítil áhrif á andastefnu þessara manna, þótt ekki njóti þeir lengur kennslu hans en eitt ár. Sannleikans andi er ekki lengi að grípa hugi manna og hjörtu.

H. þm. Snæf. (J. Þork.) kvað oss meiri hluta menn, suma hverja, hafa öðlazt »æðri og betri þekkingu«, eins og haft væri að orðtaki. Jeg skal játa það hátíðlega, að jeg hefi öðlazt æðri og betri þekking í þessu máli. Jeg hefi síðan jeg greiddi atkvæði um þetta mál 1891 kynnt mjer skólamál í ýmsum menntuðum löndum; þess vegna geri jeg meiri kröfur en fyrir tveim árum til vísindalegra menntastofnana, og þess vegna er jeg ekki ginkeyptur fyrir ófullkomnum og ónógum lagaskóla, og gengst ekki fyrir nafninu einu, og er viss um, að stefna meiri hlutans í þessu máli nú sje rjettari en þeirra, sem halda fram lagaskólafrnmv., hvað

þá heldur háskólafrumv. minni hlutans.

Háskóli á papírnum þýðir lítið; og hafi menn ekki krapt og áræði til að setja upp sannan háskóla, þá er betra að sitja heima en fara af stað. Jeg vildi ekki lifa það, að slíkur pappírsháskóli, sem birtist í frumv. minni hlutans, kæmist hjer á fót og yrði lögtöst stofnun með nafninu »háskóli Íslands«, og hver eyrir svo talinn eptir, sem til hans gengi. Sá skóli yrði oss til ósóma og ógagns, eða til lítils gagns að minnsta kosti. Hvenær sem ráðizt verður í, að reisa íslenzkan háskóla, verður fyrst að sjá fyrir því, að nóg fje sje fyrir hendi; þjóðinni þarf að fara fram í efnalegu tilliti. Menntastofnanir hvers lands verða að standa á vissum, tilsvarandi efnahagsgrundvelli. Ef hjer ætti að vera háskóli, þá yrði, ef nokkur mynd ætti að vera á honum, að kenna þar sögu, slík söguþjóð sem vjer erum, og fornfræði og málfræði, einkum í fornu málunum. Og þá væri sjálfsagt að kenna þar: lögfræði, læknisfræði og guðfræði. En vjer þurfum meira, ef duga skal. Vjer megum ekki reka allar þær vísindagreinir í skúmaskot, sem sjerstaklega heyra til þessum tímum og nú eru efstar á baugi hjá öllum menntuðum þjóðum. Á einum háskóla verður að kenna eðlisfræði, stærðfræði, landafræði, siðfræði, uppeldisfræði, efnafræði, dýrafræði, grasafræði og vísindalega búfræði. En þetta er ekki nóg. Vjer þyrftum og, ef vel væri, að hafa »kemiskt laboratorium«, náttúrugripasafn og botaniska garða og svo spítala, ekki eins og þann sem vjer höfum, því hann er í flokki aumustu spítala í allri Norðurálfu, að dómi útlendinga, er ferðazt hafa hjer og sjeð hann. En hvað kostar nú þetta allt saman? Ef vjer rjeðumst í að koma þessari stofnun á, þá þyrftum vjer að hafa eina til tvær miljónir króna á reiðum höndum til að stofnsetja hana með. Og hvað myndisvo hinn árlegi tilkostnaður verða? Jeg vona að jeg fari ekki með neinar öfgar, þótt jeg segi, að hann mundi nema mörgum tugum þúsunda. Ef þetta mál væri borið undir álit þjóðarinnar, þá myndu reyndar allir vera á eitt mál sáttir um það, að æskilegt væri að hafa slíka stofnun; hitt er hæpið, að þjóðin treystist til þess að svo komnu. Eða haldið þjer ekki, að flestir góðir menn mundu hugsa sig um, áður en þeir rjeðust til þessa stórræðis? Vjer þurfum fyrst að safna fje og kröptum. Mjer hefir aldrei tekizt það í búskapnum, að gera mikið með litlu, því síður engu fje. Og ef vjer ráðumst fjelausir í þetta eða önnur stórvirki, þá verður úr því »tómt fúskarí«, eins og h. þm. Borgf. (B. B.) komst að orði. Það yrði sannarlega veigalítil háskólastofnun, sem vjer fjelausir gætum reist. Mjer sýnist því ekki óráðlega að farið, þótt vjer bíðum um stund með stofnun háskóla; hún verður oss ekki síður kærkomin, sú stofnun, þótt vjer verðum að bíða í eptirvæntingu í svo sem 5 eða 10 árin; þá færi vel, ef oss þá hefði vaxið svo fiskur um hrygg, að vjer gætum komið henni á með nokkurri mynd. En að hafa slíka stofnun einungis á pappírnum, er oss blátt áfram til vanvirðu. Með frumv. meiri hlutans er spor stigið í rjetta átt, og það er nógu stórt, eptir efnum vorum og ástæðum nú sem stendur, — og nógu dýrt, á meðan vjer erum að safna oss fje og kröptum, til þess að geta stofnað sannan háskóla.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg hef að undanförnu aldrei lagt orð í belg, á undanförnum þingum í þessu máli, en að eins fylgzt með straumnum. Og jeg skal heldur ekki lengja umræðurnar mjög lengi í þetta sinn. Það er sannfæring mín, að það sem meiri hlut-

inn fer fram á hjer, sje ekki að stíga spor í áttina, heldur miklu fremur álít jeg að hopað sje hjer verulega til baka. Jeg get ekki annað en álitið, að happasælla væri að bíða, jafnvel ef þess væri þörf, um óákveðinn tíma, heldur en ganga inn á meiri hlutann. (*Kl. J.*: Ástæður). Það er búið að taka fram ástæður fyrir því nú í deildinni. Hinn h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hefir verið eins og jeg hjer í salnum og heyrt þær ástæður, sem færðar hafa verið þessu máli til sönnunar, og enn fremur er búið að færa ástæður fyrir því á undanförnum þingum, og er saga málsins í þingtíðindunum hin fyllsta ástæða. Jeg álít að meiri hlutinn fari ekki í áttina, en það getur verið skökk skoðun hjá mjer. Jeg stóð ekki upp til þess að sannfæra h. 1. þm. Eyf. eða til þess að fara út í neina lagakennslu, heldur að eins til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu.

Jeg vil heldur bíða þangað til að sú lagakennsla fæst, sem kæmi að viðunanlegum notum. Jeg mun helzt hallast að frumv. hinu upphaflega um lagaskóla, af tveim ástæðum. Fyrst af því, að launin eru hóflega sett, og af því, að almenningi er leyft að hlýða á fyrirlestra. Alþýða manna, einkum þó í Reykjavík, mundi hafa gott af því. Alþýðan er ekki svo góð í lögum, að hún hefði ekki *gott af því*, að hlýða á þá. Það eru fjöldamargir, sem sæmilega eru kallaðir að sjer, sem ekkert vita í lögum, ekki einu sinni neitt um hinar einföldustu skyldur *sínar* eða rjettindi. En það væri ekki þýðingarlítið fyrir þá sem eru í sýslu- og sveitarnefndum og hreppstjórn, að vita eitthvað dálítið í lögum, *og* glæða lagaþekkingu meðal alþýðu.

Benedikt Kristjánsson: Jeg get nú tekið mjer orð h. 1. þm. Arn. (Þorl. G.) í munn, og sagt, að jeg fljóti nú með, en jeg ætlaði þó að gjöra athugasemd, til þess að gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Jeg get ekki fellt mig við uppástungu meiri hlutans um stofnun lagaskóla þess, er hún leggur til. Aðalgallinn á uppástungu hans er sá, að ekki er gjört ráð fyrir meiru en 9 mánaða kennslu, og þeir sem hafa notið hennar þurfa ekki að ganga undir próf, eða sýna neinn vitisburð um það, að þeir hafi haft nein not af kennslunni. Því þó maður hafi verið við einhverja kennslustofnun, þá er alls ekki sagt, að maður hafi lært nokkuð. En meiri hluti nefndarinnar krefst ekki annars vottorðs frá kennslustofnuninni en um það, að þessi eða hinn hafi notið kennslu við hana.

Jeg gjöri mjer í hugarlund að þeir, sem halda þessu fram, óttist fyrir, að reglulegur lagaskóli fáist aldrei hjá stjórninni, og þess vegna hafi þeir tekið þetta til bragðs, í von um, að þetta nái fremur fram að ganga. En ótti fyrir þessu ætti ekki að koma mönnum til þess, að gera það, sem ætla má að tefji fyrir því, að ósk þeirra verði framgengt. Þetta spor, sem stigið er með uppástungu meiri hlutans, getur orðið til þess, að bæta úr bráðasta skorti á nauðsynlegri þekkingi í íslenzkum lögum hjá þeim, sem embættismenn verða, en það getur þó ekki orðið nema kák, sem fjarlægir menn því takmarki, að fá ósk sína uppfyllta. Með þessu fyrirkomulagi er kastað beittasta vopninu sem er í höndum þjóðarinnar, og sem hún verður að beita í kröfu sinni um innlendan lagaskóla.

Síðan þetta mál kom á dagskrá hefir þjóðin haldið því einbeitt fram, að það væri vilji sinn, að skóli þessi kæmist á; það þarf ekki að óttast það, að kostnaðurinn við hann vaxi henni í augum, því hún hefir einlægt óskað eptir honum. Það er líka stórt spurs

mál, hvort þjóðinni yrði það kostnaðarsamara, þó hann væri í Reykjavík, heldur en eins og nú er í Kaupmannahöfn. Hvað kostar að vera í Khöfn og leggja stund á lögfræði í 5—7, já jafnvel 9 ár, og eyða þar fje sínu og foreldra sinna, berjast við skuldir og ef til vill eyðileggjast áður lokið er náminu? Hversu margir hafa liðið þar skipbrot fyr og síðar? Jeg þygg því, þegar um sparnað er að ræða, þá sje það enn ein hvöt til þess að flytja lagaskólann til Reykjavíkur. En aðalatriðið er að koma á fót lagaskóla, þar sem þjóðleg og innlend kennsla, byggð á hinni fornu löggjöf landsins, fer fram, þar sem þjóðrækni nemendanna væri engin hætta búin. Því það vita allir það, að kennslan getur yfir höfuð haft mikil áhrif á þjóðræknina og ekki síst, þegar munið er í því landi, sem hefir eins ólíkt þjóðerni og Danir og Íslendingar hafa. Jeg segi eigi þar með að Danir hafi verra þjóðerni en Íslendingar, en þó lái jeg engum Íslending það, þótt hann haldi sínu þjóðerni fremur fram, og kjósi innlenda þjóðlega lagakennslu. Af öllum vísindagreinum, þá held jeg að hið þjóðernislega komi mest fram í lagavísindunum. Þessi uppástunga, sem hjer er um að ræða, fer öldungis í gagnstæða átt við það, sem áður hefir verið haft að reglu, t. d. með læknaskólann. Þar er gengið út frá því að menn byrji læknisnámið hjer, og fullkomni sig sem bezt að mögulegt er, en sigli síðar til þess að fá meiri æfingu og fullkomnun. Mjer þætti það eiga við, að gáfumenn, sem vildu komast í álit og fá hærri embætti, færu, eptir að hafa numið íslenzk lög við lagasóla í Rvík, utan, og legðu stund á vísindalegt laganám, annaðhvort við háskólann í Kaupmannahöfn eða þá í öðrum löndum.

Jeg skal svo taka það aptur fram, að mjer finnst að till. meiri hlutans fjarlægi frá takmarki því, sem allir Íslendingar óska eptir að ná.

Framsögumaður (Guðlaugur Guðmundsson): Jeg hefi gaman af börnunum, þegar þau eru að leika sjer að skeljum; en jeg hefi ekki gaman af því, að heyra ráðna og roskna þingmenn leika sjer sem börn með skeljar að staðlausum orðum og hugmyndum, þegar um alvarleg og þýðingarmikil verkleg mál er að ræða, en við slíkan skeljaleik barna, sem vjer þekkjum úr daglega lífinu, þykir mjer hæfilegt að líkja þeim hugmyndaleik, sem í þessu máli kemur hjer fram í deildinni. Hjer er mikill skoðanamunur hjá mönnum, en jeg verð að biðja menn vel að gæta að því, að annað er hin praktiska hlið þessa máls, það sem framkvæma má; hitt er skeljaleikurinn, sem jeg svo nefndi, ráðagjörðin ein, án þess nokkur sje von um framkvæmd; annað er tilraun til að bæta úr bráðustu nauðsyn og jafnframt þokast hægum fetum áfram; hitt er að berjast við skuggann sinn og standa í stað.

Jeg skal ekki rekja hinar einstöku ræður út í æsar, en að eins taka fram nokkur atriði úr þeim. Það er þá helzt ræða h. þm. Snæf. (J. Þork.). Honum þykja tillögur meiri hlutans mjög svo ófugar, en heldur því fram, að hjer ætti að verða háskóli. Hann álítur, að erfitt muni vera að fá mann til að taka að sjer kennslu þá, er meiri hlutinn fer fram á, en samt getur þm. ímyndað sjer, að við getum þegar í stað fengið næga kennara við lögfræðisdeild við háskóla, þann skóla sem hinir æðstu embættismenn landsins ættu að fá sína menntun við, og það menn, sem ættu að verða hinir æðstu dómarar, eins og gjöra má ráð fyrir eptir frumv. því sem gengið hefir í gegn í þessari h. deild um afnám hæstarjettar sem æðsta

dóms. Jeg vil spyrja hann og aðra h. þingdm., hvort þeir treysti skólanum til þessa, og þeir munu svara: nei.

H. þm. Mýram. (B. Kr.) og aðrir hafa sagt, að till. meiri hlutans mundi verða málefninu til ills, og tefja fyrir því að reglulegur lagaskóli fengist. Jeg þykist nú vera eins góður spámaður hvað það snertir eins og hver annar, og jeg vil spá því og get leitt rök að því, að það sje enginn efi á því að þegar kennsla í rjettarsögu og rjettarfari er komin hjer á, þá muni hún með tímanum hljóta að aukast. Það getur ekki hjá því farið, að þegar farið verður að kenna rjettarsögu vora, þá mun hún gjöra stærri og stærri kröfur til kennarans, og þörfin á lagaskóla mun þá fyrst fyrir alvöru vakna í meðvitund manna. Bæði kennarinn og aðrir munu þá gjörast forvígismenn þessa, og þeir standa þeim mun betur að vígi, að þeir geta með rök í höndum sýnt og sannað þörfina á því að fá lagaskóla, í því formi sem þeir eiga miklu hægra með að ákveða nú kvæmlega heldur en vjer nú. Þetta er því hið bezta meðal til þess, að vjer fáum lagaskóla innan lítils tíma í því formi, sem æskilegt er. Og því vil jeg bæta við, að jeg legg óhikað á herðar þeirra, sem nú eru á móti tilögum meiri hlutans, ábyrgðina á því, ef þjóðin þarf enn um langan aldur að bíða eptir þessum bráðnauðsynlega lið í framförum hennar.

H. þm. Snæf. (J. Þ.) rakti sögu þessa máls mjög ítarlega, eins og hans var von og vísa, svo sögufróður maður sem hann er, en þar sem hann fór að reikna saman, hve mörg atkvæði hafi verið greidd með háskóla og hve mörg með lagaskóla, þá hafa þessi 345 atkv. frá gömlum tímum ekki meiri þýðingu fyrir málið eins og það nú liggur fyrir en vofurnar hafa í daglega lífinu, enda mun hann ekki hafa lagt áherzluna á það. Það er líka ómögulegt að segja, hvernig þessir menn nú mundu líta á málið eða hvernig dóm þeir mundu fella, því fyrir þeim hefir aldrei legið neitt líkt því frumv., sem nú liggur fyrir samkvæmt tillögum meiri hlutans. Jeg er ekki í neinum vafa um það, að ef 1863 hefði verið byrjuð slík lagakennsla, sem hjer er farið fram á, þá væri þegar fyrir löngu kominn hjer í Reykjavík lagaskóli, sem vel mætti una við. Þetta er eins og með læknaskólann; hann byrjaði á kennslu í læknisfræði, sem svo óx, uns sá skóli komst á fót sem vjer nú höfum, og þá þegar vjer höfum fengið þessa þrjá skóla, þá ætti að vera því hægra að fá hjer háskóla, sem allir þessir 3 skólar gætu verið undirstöðudeildir undir.

Þetta vildi jeg benda þeim h. þingdm. á, sem segja, að með þessu sje ekkert spor stigið í áttina, og vona jeg, að þegar þm. skoða þetta betur, þá muni þeir sjá, að ummæli þeirra eru ekki á rökum byggð. Það ætti líka að vera skiljanlegt, að það er auðfengnara, betra og eðlilegra að fá fyrst litla byrjun, sem má hlaða utan um, en strax að setja á fót verulegan lagaskóla, sem svo ætti að »concurrera« við slíkan ofjarl sem Kaupmannahafnarháskóli er. Það mun verða betra lítið spor áfram, en ana áfram stórum fetum umhugsunarlítið, og verða svo að hopa langt til baka, einmitt fyrir það, að menn reistu sjer hurðarás um öxl.

Það mun líka seint verða, að háskólakandidatar verði sviptir rjetti til embætta fyrir íslenzkum lagaskólakandídötum, sem einungis hafa fengið þekkingu á íslenzkum lögum, en enga aðra.

En eins og h. þm. Snæf. (J. Þork.) tók fram, er eina ráðið til þess að skólinn gæti þrifizt, að binda embættis-

veitingu hjer á landi við hann eingöngu.

En hjer tjáir sannarlega ekki að vera að tala vítt og breitt út um hóla um allt það, sem æskilegast væri; það getur verið gott, þegar um önnur mál er að ræða og öðruvísi á stendur, en það á ekki við um það mál, sem varðar land og þjóð mikið. Þess verða menn að gæta, að hjer er virkilega um eitt af þeim málum að ræða, sem þarf að fá þýðingu í framkvæmdinni, og því tjáir alls ekki að stara sig blinda á einhverja hugsjón, sem vjer ekki getum náð.

Hvað það snertir, að stofnun lagaskóla mundi ekki leggja meiri skatt á þjóðina en það fyrirkomulag, sem nú er, þá get jeg ekki fallizt á það; jeg er meira að segja sannfærður um, að þessi skóli, ef hann ætti að vera almennilega úr garði gerður, mundi kosta landssjóð allmikið fje, og þó gæti svo farið, að landið með tímanum vildi hopa og kynoka sjer við að bera þann kostnað, sem nauðsynlegur væri. Jeg get ekki sjeð eins og talað var um, að það sje skattur fyrir landið, þó einstakir menn sendi syni sína til útlanda. Það getur vel verið, að þeir eyði þar allmiklu fje, komist í skuldir og fari í hundana, en það er ekki kostnaðarauki fyrir landssjóðinn. Landssjóður sjálfur leggur ekkert til þessara íslenzku embættismannaefna við háskólann. Annars er þess að gæta, að það fje, sem eyðist á þenna hátt, mundi óefað eyðast á einhvern annan hátt; þeir sem gengju á lagaskólann hjer í Reykjavík, mundu þá eyða því hjer, en landssjóður mundi ekki hafa neinn hag af því. Þetta eru því ástæður út í loptið, sem ekkert hafa við að styðjast, og að eins geta haft þýðingu til að villa sjónir fyrir mönnum.

Það var eitt atriði hjá h. varaforseta (Þór. B.), sem jeg vildi athuga; hann tók það fram, að það væri ekkert fengið með þessari tillögu meiri hlutans, og áleit, að aðalatriði till. væri verkleg kennslan, og af þessum orðum hans verð jeg að álykta, að hann meini, að kennsla í rjettarsögu sje þýðingarlaus og gagnslaus; en mundi svo ekki einnig verða á lagaskólanum eða þó það væri háskóli?

H. varaforseti (Þ. B.) svaraði á þann veg, að embættismenn lærðu lögin eptir að þeir væru í embætti settir. Jeg held nú, að þeir hafi þá annað að gera en að læra, enda er jeg hræddur um, að sá lærdómur verði eitthvað í molum; ætli það sjeu ekki flestir, sem líti þekkja rjettarsögu vora? Þar sem hann nefndi til Magnús Stephensen konferenzráð, þá verð jeg að segja, að með allri virðingu fyrir Magnúsi konferenzráði, þá eru yngri lögfræðingar farnir mjög að efast um, að hans »theoríur« sumar hverjar hafi verið fyllilega rjettar. Rjettarsagan er svo þýðingarmikið atriði, að hún mundi draga allt annað með sjer, þannig, að fáist hún kennd hjer, þá kemur hitt allt af sjálfu sjer. Rjettarsagan hjá oss innibindur í sjer allar greinar lögfræðinnar.

H. varaforseti (Þ. B.) áleit, að það hefði þó nokkra þýðingu fyrir embættismannaefnin, að fá verklega æfingu, en taldi líklegt, að þeir gætu fengið hana kostnaðarminna en hjer er gert ráð fyrir, og jafnvel fengið peninga fyrir; það mun víst hafa átt að skiljast svo, að þeir gætu orðið skrifarar hjá embættismönnum út um land; en fyrst er það, að það munu fæstir hata þörf fyrir slíka skrifara og launin skrifaranna munu vera mjög lág, og í annan stað er ekki svo margbreytt, sem kemur fyrir á einum vetri, að það gefi neina verulega æfingu. En verklega æfingin er mjög nauðsynleg, því bresti hana, þá er mjög hætt við, að í ýmsu verði mjög ábótavant í byrjuninni í sumum

greinum. Jeg vil til dæmis benda á tollmál og skattamál, sveitarstjórnarmál o. fl. Skyldi ekki dálítið af þeirri ringulreið, sem er á sveitarstjórnarmálum vorum, stafa af því, að sýslumennirnir allflestir eru ekki á sama máli um, hvað eru lög og hvað ekki lög? (*Þ. B.:* Engin ringulreið!). Engin ringulreið, segir þm.; annað fannst mjer uppi á teningnum um daginn í umræðunum um þingsályktunartill. um það mál, er hjer lá fyrir. Jeg get ekki sjeð, að hjer sje að ræða um neinn óþarfakostnað, því jeg álít, að hvað sem öðru líður, þá sje með þessu hið þýðingarmesta og framfarasælasta stig stigið, það stig, sem, hefði það verið stigið fyrir 30 árum síðan, hefði leitt til þess, að vjer nú hefðum getað fengið verulegan lagaskóla.

Það var talað um, að háskólanámið steypti andlegum dönskum stakki yfir menntamennina og hleypti dönskum straumum inn í þjóðlíf Íslendinga. Látum svo vera, þó jeg geti bent á ýmsa menn hjer í deildinni, sem ekki hafa sýnt sig óþjóðræknа og hafa þó komið beint frá háskólanum. Þá væri líka þessi lagakennsla góð og nauðsynleg til þess að draga úr þessum áhrifum danska háskólans, og hún gæti verið bezta meðal til þess, að þeir sem hennar nytu yrðu ekki óþjóðræknir þegar út í lífið kemur.

Jeg geri ráð fyrir því, að sá sem slíka kennslu tækist á hendur, væri dugnaðar- og yfirburðamaður, sem gæti áunnið sjer álit og virðingu hjá nemendunum, og sem hefði svo opið auga fyrir þeim sjerstaka þjóðernisanda, sem er í lögunum, að hann gæti snúið huga hinna ungu nemenda og komið rjettum skilningi inn í auda okkar laga.

En prófið, segir h. þm. Mýr. (B. Kr.). Hann veit víst eins vel og jeg, að í flestum mennta-löndunum er einmitt sú stefna að ryðja sjer til rúms, að leggja sem minnsta áherzlu á prófið, og jafnvel leggja það niður, og hvers vegna eigum við þá að fara að skrúfa upp próf? En það er ekki þar fyrir, að neinni loku sje fyrir það skotið, að slíkt ákvæði megi setja í reglugjörðina, þyki viðkomandi ráðgjafa betur fara á því að þeir sem á þessa kennslustofnun ganga, sanni með prófi kunnáttu sína.

Jeg get svo ógn-vel skilið afstöðu h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) gagnvart þessu frumv. Reyndar er það ekki rjett sem hann talaði um, að ástæður á móti till. meiri hlutans hafi komið fram á fyrri þingum, því þá lá þetta frumv. alls ekki fyrir; en sem sagt, hitt get jeg svo vel skilið, að honum og ef til vill fleirum rís hugur við kostnaðinum og veigrar sjer því við, að aðhyllast þetta, sem kynni að ganga fram; þetta kemur svo ljóst fram í því, að hann hallast heldur að upphaflega frumv. en tillögum minni hlutans, af því þar eru laun kennara skólans ákveðin 3000 kr. í stað þess í háskólafrumv. er gjört ráð fyrir 3600 kr. launum. Í þessari ástæðu, segi jeg, skil jeg betur og ber meiri virðingu fyrir henni en mörgum öðrum ástæðum, sem fram hafa komið hjer í dag.

Hvað það snertir, að það sje kostur við lagaskólafrumv., að öllum sje leyft að hlýða þar á fyrirlestra og kennsluna yfir höfuð, eins og h. þm. Árn. (Þorl. G.) tók fram, þá má sama gilda um tillögur meiri hluta nefndarinnar. Það má ef til vill taka það fram í reglugjörðinni, að í einstökum greinum, að minnsta kosti, sje öllum leyfilegt að hlýða á kennsluna.

Jeg er h. þm. Árn. (Þorl. G.) fyllilega samdóma um það, að alþýða manna er ofur-fáfróð í lögum, en jeg vil jafnframt benda honum á, að það er annar vegur til þess að bæta það, og það er

að stofna sjerstakan skóla fyrir hreppsstjóra, og jeg fyrir mitt leyti skal fúslega mæla með þeirri stofnun, ef háttv. þingm. kemur fram með frumvarp í þá átt.

Eins og jeg áður tók fram, er jeg svaraði h. þm. Mýr. (B. Kr.), þá er nú engin hætta á, að þessi kennsla yrði til tafar því, að hjer kæmi háskóli, heldur þvert á móti. Já, og jeg vil segja, að það er svo langt frá því, að það mætti vel samþykkja jafnhliða, að stofna hjer lagaskóla, ef mönnum endilega er kappsmál að slá enn á ný eitt vindhöggið í þessu máli. Jeg er þess fullviss, að tillaga meiri hlutans gæti einmitt orðið öflugasta vopnið til að fá verulegan lagaskóla.

Jeg vil biðja menn vandlega að yfirvega, að hjer liggur fyrir spurningin um það, hvort nú eigi að slá inn á þann veg, er leiði til verklegra framkvæmda, eða halda áfram að slá vindhöggin, og ef menn íhuga þetta, eru ekki of grónir við þann vana, að slá vindhögg í þessu máli, þá veit jeg að engum blandast hugur um, hverju hann eigi að fylgja. Það er alls ekki með því sagt, að menn vilji eigi hafa lagaskóla; þetta er þvert á móti spor í áttina, lítið spor til að fá lagaskóla og á sínum tíma háskóla, og jeg get ekki skilið annað en menn vilji stíga þetta sporið áfram, þó svo ekki fáist allt í einu.

Sigurður Gunnarsson: H. framsögum. meiri hlutans tók af mjer orðið áðan (*Guðl. Guðmundsson*: Það hefur þá verið forseti; ekki tók jeg orðið af þingm.); en nú vildi jeg þó fara nokkrum orðum um málið, og þá sjerstaklega víkja fyrst nokkrum orðum að h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.). Það gladdi mig að heyra, að hann í rauninni er því meðmæltur, eins og áður, að hjer komist á fót háskóli, en með því sem hann tók fram um þetta mál í sambandi við stjórnarskrármálið, virtist mjer hann kippa fótunum undan sjálfum sjer; hann vill láta háskólamálið bíða betri tíma, bíða þangað til vjer höfum fengið hina þráðu stjórnarbót. Hann vill nú halda stjórnarskrármálinu áfram, en vill jafnframt kasta úr hendi sjer hötuðvopninu; hann vill hætta að sækja í hendur stjórninni það mál, er sannar bezt þörf vora á því, að vjer fáum að ráða vorum eigin sjerstökum málum. Þessi rjettmæta krafa vor um háskóla sljóvgast og linast, ef farið er fram þeirri ómyndarstofnun, sem meiri hluti nefndarinnar vill fram hafa. Hvað er líklegra en að stjórnin segi á eptir: þið hafið nú einu sinni sætt ykkur við svona lagaðan lagaskóla og hafið ekki heldur þörf á meiru?

Í þeim málum, sem varða svo mjög sjálfstætt þjóðerni og þjóðlíf, má ekki sætta sig við tómt kák. Það er verra en ekki neitt, því að stjórninni gefur það átyllu til að neita á eptir sanngjörnum kröfum, og sviptir oss þar með því vopni, sem bezt ætti að vinna á mótþróa stjórnarinnar í stjórnarskrármálinu. Þess vegna virðist mjer h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) hafa með þeirri stefnu, er hann nú hefur tekið í máli þessu, kippt fótum undan sjáltum sjer.

H. framsögum. meiri hlutans (Guðl. G.) hefir, eins og h. deild hefir heyrt, haldið mjög snjalla ræðu. Jeg skal nú ekki svara mörgu af því, sem hann sagði; jeg býst við að h. þm. Snæf. (J. Þork.) og h. þm. Mýram. (B. Kr.) muni gjöra það. En það vil jeg taka fram, að jeg heyrði að eins snjallan hljóm og stór orð. Jeg heyrði hann kalla einarða baráttu fyrir rjettu máli skeljaleik, og líkja atkvæðum þeirra mörgu heiðursmanna, sem um langan

aldur hafa barizt fyrir lagaskóla og háskóla, og sem nú margir eru komnir undir græna torfu, líkja atkvæðum þeirra, segi jeg, saman við vofur.

Þessi stóryrði sanna ekkert. Jeg hefi eins mikinn rjett til, frá mínu sjónarmiði, að kalla þessa tillögu meiri hlutans vesalan kryppling í samanburði við heilbrigðan, vel vaxinn mann. Tillaga meiri hlutans kemur í reyndinni undarlega fyrir. Fyrst hljóta lögfræðingaefnin, alveg eins og nú á sjer stað, að fara til háskólans og eyða þar 6—8 af beztu árum æfi sinnar til þess að nema hina almennu lögfræði, það sem minnst er nauðsyn á til undirbúnings undir lögfræðinga-embætti hjer á landi; en þegar þessu er lokið, þá eiga þeir loks að ganga á þessa virðulegu stofnun meiri hlutans, og nema þar á vísindalegan hátt íslenzk lög á 9 mánuðum!, segi og skrifa: 9 mánuðum; með öðrum orðum, læra á þessum tíma það sem er aðal-mergurinn málsins.

Fleira skal jeg ekki taka fram gagnvart h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), en lýsa að endingu yfir því, að jeg er mótfallinn þessum krypplingi og hann mun aldrei ganga í augun á mjer, hversu vel sem h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) dubbar hann upp og hve mikið far sem hann gjörir sjer um, að láta hann líta glæsilega út í augum h. þingdeildarmanna.

Þorlákur Guðmundsson: Það er sízt fyrir mig eða okkur ómenntaða bændur, að taka til máls í þessu máli, en af því jeg vísaði til sögu málsins í þingtíðindunum, en h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) ljet í ljósi, að hún mundi ekki finnast þar, skal jeg enn tala fáein orð.

Það er rjett, sem jeg sagði, að saga lagaskólans er í þingtíðindunum, en það var lagaskólamálið, sem jeg meinti. Jeg átti ekki við sögu þessa frumv. meiri hlutans, sem þeir eru að reyna að gylla fyrir þingdeildinni. Sú saga stendur ekki í þingtíðindunum, en hún mun koma í þeim næstu og standa þar um aldur og æfi mönnum til athugunar. Framtíðin og þeir sem þá lifa munu leggja maklegan dóm á það, og skal jeg því spara minn. En því vil jeg lýsa yfir, að jeg mun hallast að frumv., eins og það var upprunalega. Þar sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) talaði um, að það mundi ráð, að setja á stofn hreppstjóraskóla, þá gladdi það mig að heyra það, en ekki get jeg verið honum samdóma þar. Jeg er svo mjög hræddur um, að kostnaðurinn verði nokkuð mikill. Það eru æði margir hreppstjórar á landinu. Ekki man jeg nú upp á víst, hve margir þeir eru, en óhætt mun að gjöra ráð fyrir 200. Það mundi því þurfa nokkuð stóran skóla til þess, að hafa allt af nóga lærða hreppstjóra. Það mundu þurfa að vera miklu fleiri þar en í latínuskólanum. Hann mundi auðvitað ekki verða eins dýr, en dýrari mundi hann verða en einfaldur lagaskóli.

En gamanlaust talað væri það gott, ef lagaþekking yrði almennari og breiddist meir út en verið hefir, og það mundi hafa góðar afleiðingar, og lagaskólinn mundi glæða lagaþekkingu í landinu.

Jón Þorkelsson: Það er nú fyrst og fremst minn góði vin og frændi h. 1. þm. Ísf., sem jeg þarf að tala nokkur orð við. Jeg er honum samdóma um það, að jeg sje ekki ráðgjafi og geti ekki sem slíkur sagt, hvort lög um háskóla fái staðfestingu konungs eða ekki. En hann getur ekki spáð betur í eyðurnar en jeg, hvort meiri hluta tillögurnar leiði til þess, að hægra verði að fá lagaskóla, þegar búið er að samþykkja þær. En þótt jeg sje ekki ráðgjafi, þá get jeg þó ráðið í það, að við

fáum hvorki lagaskóla nje háskóla að sinni. Ráðgjafi og landshöfðingi munu standa við það, sem þeir hafa sagt í því efni. H. framsögum. meiri hlutans tók það fram, að hæstv. landsh. væri þessu meðmæltur. Já, það er einmitt það hættulega við málið, að búast má við, að frumv. verði staðfest. Þar í liggur öll hættan; annars er sama hverju megin hryggjar það liggur. Mjer fannst vera dálítil ósamkvæmni hjá h. 1. þm. Ísf., þar sem hann er gallharður í stjórnarskrármálinu, en er miðlunarmaður í þessu máli. Því er hann þá ekki miðlunarmaður í stjórnarskrármálinu líka? Því vill hann ekki heyra talað um miðlun þar? Sami h. þm. talaði um »góða samvinnu«, en það þóttu mjer kynleg orð af hans vörum. Hann lagði mikla áherzlu á það, að tíminn gerði svo brýnar kröfur í þessa átt og þörfin á lagakennslu væri svo mikil, að ekki yrði beðið, og yrði að grípa til þess, sem skást býðst nú í svipinn. En h. þm. Mýr. (B. Kr.) hefir sýnt og sannað, að þessi kennsla, sem meiri hlutinn fer fram á, bætir ekkert úr nauðsyn vorri, því að í frv. meiri hlutans er engin trygging sett fyrir því, að kandídatarnir viti neitt í því sem kennt er, eptir þessa 9 mánuði. Þeir eiga einungis að ganga á kennsluna, en þurfa ekki að taka neitt próf.

H. þm. Dal. (J. P.) talaði margt í þessu máli, en jeg man minnst af því, og á bágt með að handsama það, og skal því að eins svara nokkrum atriðum í hans löngu ræðu. Honum þótti vjer góðu bættir, ef þessi níu mánaða kennsla kæmist á, og þótti tilvinnandi að verða í staðinn að bíða svo sem 10 ár eptir almennilegum lagaskóla. Hann um það. Hann talaði ennfremur um það, að viðurhlutamikið væri að varpa frá sjer þeim styrk, sem Íslendingar hafa við háskólann. Jeg skal játa það, eins og jeg hef tekið fram, að styrkur þessi er góður, en við vitum það báðir, að hann hefir komið mörgum á kaldan klaka, og er mjer því spurn: eigum við að lofa útlendingum að halda áfram að kaupa það af okkur, að fá að eyðileggja okkar ungu menn? Jeg tek það fram, til þess að þessi orð mín verði ekki misskilin, að tilgangurinn með styrknum er ekki sá, heldur þvert á móti af góðum huga veittur, þótt hann hafi orðið mörgum að glötun. H. þm. hjelt, að lagakennarinn hjer mundi verða svo ramíslenzkur maður, að allur útlendingskeimur á hugsunarhætti námsmanna mundi hverfa eins og bóla á vatni fyrir anda hans. En jeg held h. þm. viti lítið um það. Ekki á hann að veita það embætti, enda mun það undir kasti komið, hversu mikill afburðamaður sá verður, sem þá stöðu hlýtur. H. þm. á sammerkt við h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) í því, að hann hefir öðlazt »æðri og betri« þekkingu, eins og þm. lýsti líka hátíðlega yfir sjálfur. En hvað veldur því, að hann hefir eigi öðlazt hana í stjórnarskrármálinu?

H. sami þm. tók það fram, að hann gæfi lítið fyrir skóla á pappírnum; en skyldi ekki þessi lagakennsla meiri hlutans verða glæsilegust á pappírnum? Annars hefði jeg hugsað, að h. þm. Dal. (J. P.) væri fullt eins mikill pappírsgagnsmaður eins og við háskólamennirnir. Hann talaði mikið um háskóla og þær námsgreinir, sem yrðu að vera þar og allan þann kostnað, sem af því mundi leiða til alls konar safna og laboratoria. En jeg vil biðja hann að gá að því, að hjer liggur ekki annað fyrir en að setja á stofn lagaskóla og sameina hann við þá tvo skóla, sem við höfum fyrir. Það yrði víst

enginn kostnaðarauki að því, að þeir allir í sameiningu væri kallaðir háskóli.

Þá kem jeg að h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.). Hann sagði meðal annars, að kennslan ætti að vera eingöngu praktisk; en þó á að kenna þar rjettarsögu, og veit jeg ekki hvernig á að kenna hana, ef ekki visindalega. Sami h. þm. var í vafa um, hvort hjer væri auðið að mennta menn, svo að það væri vansalaust. En h. þm. Mýr. hefir svarað því svo, að þeir gæti farið utan til annara háskóla bæði í Kaupmannahöfn og annarsstaðar, að snerpa á sjer, ef þurfa þætti, og því er jeg í alla staði samþykkur

H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði enn fremur, að með tímanum mundi þörfin aukast og kennslan vaxa. Það má vel vera, en af því leiðir, að kostnaður námsmanna verður tvöfaldur. Fyrst verða þeir að vera við háskólann í Khöfn 4, 6 eða 8 ár eptir atvikum, og síðan ef til vill 3—4 ár hjer, og getur námstíminn þá orðið 11—12 ár. Þá kemur nú draugagangurinn hjá h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) út af þessum 345 atkv., sem greidd hafa verið fyrir lagaskólanum. En jeg verð þó að geta þess, að nokkrir af þessum draugum eru á lífi; að minnsta kosti er enn eitthvað lífsmark með 1. þm. Isf. (Sk. Th.) og þm. Dal. (J. P.), því að þeir hafa nú báðir gert hjer töluverða reymleika í deildinni í dag og síðast í þessu máli. Annars ætti h. þm. Dal. (J. P.) ekki alveg að virða að vettugi gerðir þingsins í þessu máli. Það er satt, að þingið hefir aldrei látið í ljósi álit sitt um þessa tillögu meiri hlutans. Nei, svo langt hafa menn aldrei gengið aptur á bak fyr en nú, að slíkar tillögur hafi legið fyrir. Hann bar þetta frumv. saman við uppruna læknaskólans. En eins og h. þm. Mýr. (B. Kr.) tók fram, þá vjek því máli allt öðruvísi við. Lærisveinar Jóns Hjaltalíns höfðu rjett til embætta og það jafnvel án þess að fara utan, og jeg veit ekki betur en hjer á landi sje einn læknir, sem aldrei hefir farið út fyrir landssteinana, og þó reynzt vel. Enn talaði hann um, að auðvelt væri að hlaða utan um þenna grundvöll, lagakennslu meiri hlutans, og gera af stóran skóla. En jeg er hræddur um, að sú bygging mundi hrynja, því að hún væri reist á sandi. Annars er mjer það óskiljanlegt, að ókleyfir örðugleikar sjeu á því, að kenna hjer almenna lögfræði. Vitanlega þarf fje til þess og bækur; þess þarf eins annarstaðar. Það eru meiri erfiðleikar á að hafa hjer læknaskóla en lagaskóla, eins og allir vita, og hefir hann þó staðið nokkra hríð og getur án efa verið góður vísir til meira. Að vísu hafa heyrzt raddir um, að leggja hann niður, en það er sú fjarstæða, sem aldrei ætti að fá að heyrast, og engum manni ætti að haldast uppi. Við ættum ekkert annað ógert eptir en að fara að varpa því frá okkur, sem við höfum fengið með miklum erfiðismunum.

Þá kemur nú það, sem jeg skil ekki að jafn skarpur maður, sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), skuli láta sjer um munn fara. Hann sagði, að það væri sitt hvað, að einstakir menn eyddu fje erlendis, eða landssjóður eyddi því, og þótti honum það enginn skaði fyrir landið, að íslenzkir námsmenn eyða stórfje í útlöndum. En það er þó augljóst, að peningarnir fara út úr landinu. (*Guðl. Guðmundsson*: Það er ekki landssjóðsfje). Það veit jeg vel, að það er ekki landssjóðsfje; en bæði fje einstakra manna og fje landssjóðs eru eignir í landinu, svo að það er alveg sama fyrir landið, hvort peningarnir ganga út úr landinu úr landssjóði, eða frá einstökum mönnum; landinu hverfa pen-

ingarnir. Sami h. þm. kallaði það vindhögg, að setja lög um stofnun lagaskóla, en jeg vil segja um »lögfræðingakrossrelluna«, eins og þeir eru nú farnir að kalla tillögur meiri hlutans, nokkuð svipað og Magnús gamli Stephensen sagði hjer um árið um þinghúsið á Þingvelli, að það væri »hverjum vindhjalli verra«. Þetta frumvarp er hverju vindhöggi verra.

Skúli Thoroddsen: Af umræðum manna um þetta mál er það auðsjeð, að menn greinir ekki á um það, hvað sje takmarkið, heldur um hitt, hvaða vegur sje líklegastur til að ná því. Hjá flestum kemur það bert fram, að tilgangur þeirra er sá, að fá hjer lagaskóla, og því erum við, sem erum í meiri hluta nefndarinnar, fyllilega sammála. En sá er munurinn, að oss, sem í meiri hluta nefndarinnar erum, er þetta mál svo mikið áhuga- og alvörumál, eða álítum það svo nauðsynlegt, að fá rannsókn á löggjöf og rjettarfarssögu landsins og kennslu í því, að við viljum ekki hindra það, að þetta fáist þegar í stað með því að halda til streytu háskóla eða lagaskóla. Frá okkar sjónarmiði er það, sem frumv. fer fram á, svo mikils virði, að vjer álítum, að ekki beri að hafna því; vjer álítum, að betra sje að stíga þegar þótt ekki sje nema eitt hænufet í áttina, en bíða eptir öllu, uns fullur sigur fæst, þegar vissa er fyrir því, að hann fæst ekki í bráð.

H. þm. Mýr. (B. Kr.) hjelt, að þetta frumv. mundi fjarlægja þingið frá takmarkinu. En jeg skal benda honum á, að þetta er ekki rjett; þvert á móti liggur það í hlutarins eðli, að þegar fyrst þörfin á sjerstakri íslenzkri lögfræðiskennslu er viðurkennd, þá getur þingið smámsaman gert hana víðtækari; og þegar svo er komið, að vjer faktiskt kostum eins miklu til íslenzkrar lögfræðisfræðslu eins og lagaskóli kostar, þá stendur stjórnin enn ver að vígi, að synja oss um hann; þá hefir hún því síður ástæðu til að neita um lagaskóla framar. Þetta getur því einmitt orðið hið bezta og bitrasta vopn málinu til sigurs í framtíðinni. Vona jeg því, að h. þingm. sjái, að langt er frá því, að við viljum ganga aptur á bak í þessu máli; þvert á móti viljum vjer rekja þann veg, er sem fyrst leiði eitthvað fram á leið.

Í fyrri ræðu minni gat jeg þess, hvað einkum hefði hvatt mig til að hallast að þessari tillögu meiri hluta nefndarinnar, að það væri hið nána samband milli þessa máls og stjórnarskipunarmálsins, að það væri sú sannfæring mín, að stjórnin mundi eigi slaka til í háskóla- eða lagaskólamálinu, fyr en skoðun hennar á hinni stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu væri orðin önnur en nú er.

H. þm. Snæf. (J. Þork.) brá mjer út af þessu um ósamkvæmni, af því að jeg vildi eigi fylgja sömu aðferð við bæði þessi mál; en h. þm. Snæf. (J. Þerk.) gætir þess eigi, að í stjórnarskrárbaráttu er um það að ræða, að leggja grundvöllinn, eða skipa grundvallarskilyrðin fyrir því, að íslenzka þjóðin geti hagað málum sínum, háskólamálinu ekki síður en öðru, eptir eigin þörf og geðþótta. Hjer ríður því á að leggja allt kapp á það, að skapa þenna grundvöll, fá þessar einu, einhlítu undirstöður, sem þjóðlíf vort og þjóðarframtíð á að byggjast á. En hvað lagaskólamálið snertir, þá er um það að ræða, að þeir, sem lögum landsins eiga að beita, hafi tækifæri til að læra þau og skyldu til að þekkja þau; og í þessu efni er minna betra en ekki neitt; hjer er ópraktiskt að einblína á takmarkið, og segja allt eða ekkert; oss er það svo mikið áhugamál, að auka þekking á íslenzkum lögum og laga-

setning, að við viljum fyrir hvern mun strax ná að einhverju takmarki, sem leiðir í áttina.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) þótti kostnaðurinn mikill, er frumv. vort hefði í för með sjer, en þó kvað hann mundu greiða atkvæði með lagaskóla — sem yrði miklu kostnaðarsamara — auðvitað af því, að hann heldur, að hann muni ekki jeta mat. Þetta sýnir, hvaða alvörumál, eða hitt þó heldur, þm. er um þetta mál.

H. 1. þm. S.-Múl. hjelt, að ef þingið samþykkti þetta frumv. í stað lagaskóla, þá mundi það með því mótinu fleygja góðu vopni úr hendi sjer. Jeg skildi þessi orð þingm. svo, að það vopn væri synjun stjórnarinnar á lögum um lagaskóla. En jeg hygg, að hinn virðulegi þm. skapi sjer óþarfa grýlur, því þó að frumv. vort gerði það að verkum, að eptir þetta þing yrði einni lagasynjun færra, þarf ekki að óttast, að eigi verði nóg af þeim samt; stjórnin mun sjálfsagt að vanda sjá fyrir því, að oss eigi vanti upphvatningar til að krefjast bóta á stjórnarkjörum vorum; en það er einmitt einn allra versti gallinn á stjórnarframkvæmdinni, að svo mörgum lögum frá þinginu er synjað um staðfesting, og að stjórnin vinnst ekki einu sinni til samvinnu um þau; en þjóðfjelag vort, sem svo mjög er á bernskuskeiði, þolir það ekki, að nauðsynjamálin »vísni« í höndum þingsins.

Út af því sem komið hefir fram í umræðum manna um málið, að þeir halda, að með þessu frumv. sje loku skotið fyrir það, að lagaskóli fáist nokkru sinni, skal jeg að lokum taka það fram, að mjer virðist þetta lýsa ófyrirgefanlegri vantrú á sigri rjetts máls, vantrú á því, að oss auðnist nokkru sinni að leiða stjórnarbaráttu vora farsællega til lykta. H. þm. Snæf. veit þó, að allar líkur eru til, að stjórnarskráin verði samþykkt á þessu þingi, og jeg geng út frá því, að svo verði. Ef nú það mál fær heppilegan framgang, þá líður eigi á löngu áður en vjer getum skipað háskólamálinu eptir vorri eigin vild, og þurfum ekkert útlent já til þess; en ef stjórnarskráin strandar, eigum við þá að láta þetta mál fá sömu afdrif? Er það hyggilegt, að kasta frá sjer því, sem vjer eigum víst að geta fengið, þegar vjer engu töpum við það? Því að það er þó öllum auðsætt, að þótt þessi lagakennsla komist á, þá er þar með engu spillt; næsta þing getur strax heimtað lagaskóla eða háskóla, ef því svo sýnist; en gagnvart brigzlyrðum þeim, er sumir þingmenn hafa leyft sjer að bera hjer á borð, skal jeg benda h. þingmönnum á það, að saga þessa lagaskólamáls rjettlætir fyllilega tillögur meiri hluta nefndarinnar; þingið hefir að undanförnu verið að leita fyrir sjer, að reyna ýmsa vegi; það hefir stundum heimtað lagaskóla, stundum landsskóla og stundum háskóla, til þess að vita, hvort einn vegurinn lánaðist ekki öðrum fremur; meiri hluti nefndarinnar hefir nú bent á einn veg, sem freistandi væri að fara, í von um, að hann leiði þing og þjóð ofurlítið áleiðis að því takmarki, sem svo örðugt hefir reynzt að ná.

Jón Þorkelsson: Það var nú lítið eiginlega svaravert í ræðu h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.), en þó skal jeg geta þess, að við dálitla ósamkvæmni varð jeg var í henni. Áður voru það pólitiskar ástæður hjá honum, sem hömluðu stjórninni frá, að staðfesta lagaskólafrumv., en nú er það fjeskortur. (*Sk. Th.:* Ekki rjett). Þingm. sagði það víst. Sömuleiðis sagði hann, að stjórnarskrármálið og lagaskólinn ættu að fylgjast að. (*Sk. Th.:* Skreytni). — Það eru óafbökuð orð þingmannsins. — En nú mælir hann svo, að hann sje með þessari breytingu á

lagaskólamálinu, af því að lagaskólinn sje sjer svo mikið áhugamál. En stjórnarskráin er honum það þá líklega ekki, því að annars mundi hann og þar hafa gengið inn á sömu braut.

H. þm. S.-Múl. (S. G.) sagði, að vjer vörpuðum úr hendi vorri vopni í stjórnarskrármálinu með hringlandaskapnum í þessu máli, og það er alveg rjett. Því þegar vjer látum þannig undan í einu áhugamáli voru, þá má og búast við, að vjer gjörum það í öðrum áhugamálum.

H. þm. (Sk. Th.) var að tala um hyggindi, en jeg vil spyrja: Er það hyggilegt að láta undan í þessu máli? Jeg er hræddur um ekki; það hlyti að hafa skaðlegar afleiðingar, því að ef vjer fengjum þessa lagakennsluómynd, þá mundi verða sagt við oss, þegar vjer færum að biðja um meira: Þjer hafið nú fengið það sem þjer báðuð um, og meira fáið þjer ekki. Saga þingsins öll mælir á móti því sem meiri hlutinn fer fram á, eins og jeg hef þegar sýnt fram á. Á síðasta þingi var lagaskóli ekki nefndur, heldur að eins háskóli. Á þingmálafundum í vor hefir víðast hvar verið hreytt því, annaðhvort, að stofnaður væri lagaskóli eða háskóli. Í þessum 7 kjördæmum er beðið um lagaskóla: í Mýrasýslu, Rangárvallasýslu, Strandasýslu, Borgarfjarðarsýslu, Árnessýslu, Suður-Múlasýsa og Ísafjarðarsýslu, en um háskóla er beðið í Austur-Skaptafellssýslu á tveim fundum, í Eyjafjarðarsýslu, í Snæfellsnesssýslu, í Suður-Þingeyjarsýslu í einu hljóði og sömuleiðis í Norður-Þingeyjarsýslu. Að eins í 3—4 kjördæmum er um hvorugan skólann beðið. En um þessa lagakennslu meiri hlutans biður enginn, og jeg ímynda mjer að þjóðin muni litlar þakkir fyrir kunna, þótt hún kæmist á.

Einar Jónsson: Það var sú tíð, að Íslendingar þóttu lagamenn vera, og sömdu þau lög, er þótt hafa hin merkilegustu og þykja svo enn. Ef þeir menn mættu nú líta upp úr gröf sinni, mundu þeir verða forviða að heyra vantraust það, er h. þm. V.-Skapf. (G. G.) ljet í ljósi þegar hann gat þess, að Íslendingar mundu eigi geta kennt lögfræði svo að viðunanlegt væri. Jeg ber ekki þetta vantraust til lögfræðinga vorra; jeg treysti því, að enn muni nokkuð lifa eptir af þeim andans hæfilegleikum, sem einkenndi forfeður vora. Jeg geng að vísu inn á það, að fyrst í stað muni lagakennsla hjá oss ekki standa jafnfætis lagakennslu erlendis; en slíkt mundi færast í lag smátt og smátt. Það er heldur eigi að vita, hversu mikil áhrif til góðs það gæti haft á þjóð vora, þegar lögfræðingar vorir væru orðnir skyldir til að rannsaka sem bezt vor fornu lög, einkum þar sem þeir yrðu eigi að eins að setja sig sem bezt inn í anda þeirra sjálfra, heldur og rannsaka vandlega fornsögur vorar og setja sig inn í anda vors gamla, kjarkmikla þjóðlífs. Jeg hygg, að þaðan mundi oss berast hollari andi til að auka þrek og þjóðlyndi meðal vor, en sá andi, sem lögfræðinga-efnin hljóta nú að drekka inn hjá erlendum þjóðum. Vjer höfum haft góða lagamenn á öllum tímum, og jeg treysti því, að vjer höfum þá enn, og af því leiðir aptur, að full líkindi sýnast til þess, að viðunanleg lagakennsla geti nú þegar komið hjer upp. En að eins er um það að tala, hver aðferðin muni heppilegust til að koma henni á fót.

Í frumv. er ekki farið fram á annað en að setja að eins lagaskóla á stofn, og við það sætti jeg mig vel, því að ef vjer komum á lagaskóla í viðbót við þá æðri skóla, sem vjer þegar höfum, prestaskólann og læknaskólann, þá eigum vjer hægra með að bæta seinna við því sem á vantar til þess, að

koma upp háskóla, sem vjer að líkindum viljum allir fá með tímanum.

Það hefir ýmislegt verið fundið að tillögum h. meiri hluta, og jeg er einn af þeim, sem ekki geðjast þær. Það hefir verið tekið fram að margir stunduðu lögfræðisnám erlendis, og við því er að búast að hinu sama haldi áfram, og að þeir komist í þröng með að fá embætti hjer, en þá liggur beinast fyrir að þeir fari að leita fyrir sjer erlendis, og enn meiri verða líkindin til þess, ef nýr þröskuldur verður settur í leið þeirra til að ná embættum hjer á landi, sem eigi þarf að stíga yfir til að fá embætti í Danmörku. Þetta yrði því ekki til að örfa þá til að hverfa heim aptur til ættjarðarinnar. Þess er og að gæta, að þegar námsmennirnir hafa um mörg ár gjörzt innlifaðir lífinu erlendis, þá finnst sumum þeirra að minnsta kosti, að þeir eigi ekki síður heima þar en hjer, og það styður eitt með öðru að því, að þeir setjist þar að fyrir fullt og allt, og, það sem verst er fyrir oss, það mundu helzt verða til þess mestu gáfumennirnir, því að þeir eiga hægast með að komast þar í embættisstöðu, nema því að eins, að þeir hefðu því meiri ást á fósturjörðunni. Af því að jeg álít að meiri hlutinn hafi stígið svo lítið spor í framfaraáttina, þá mun jeg hallast að upphaflega frv.

Sighvatur Árnason: Mjer bregður það undarlega fyrir, hvernig ýmsir hafa snúizt í þessu máli. Allir sem talað hafa, hafa, játað að brýn nauðsyn væri að fá hjer fullkominn innlendan lagaskóla, og það eins þeir, sem að mínu áliti hafa hopað á hæl í þessu máli. Allir játa sem sagt þörfina fyrir innlendum lagaskóla; og hví skyldu þá Íslendingar ekki eiga heimtingu á að fá þessari þörf fullnægt? Það erum vjer, sem bjóðum fram fjeð; og hvernig stendur svo á því, að vjer eigum að fara að hopa á hæl með kröfur vorar um innlendan lagaskóla? Jeg veit hverju menn berja við; það er neitun stjórnarinnar. En þess verður vel að gæta, hvort menn græða við að hopa á hæl og fara að biðja um það, sem litla þýðingu hefir í þessu efni. Jeg vil segja að nú sjeu full líkindi til, að fá lagaskólann áður lagt um líður, ef vjer þreytumst ekki. Stjórnin sjer nú þar á móti, að vjer erum ekki einbeittir eða samhuga um þetta mál, og það gefur henni spánýtt vopn í hendur til þess að neita oss koll af kolli.

Vjer verðum að gá að því, að það stendur öðruvísi á málum vorum nú en áður; jeg held tíminn hjálpi oss smátt og smátt til þess að fá kröfum vorum framgengt, og svo að jeg fari að spá eins og aðrir hafa gjört, um ýms mál í þessari h. deild, þá held jeg að ráðherrastjórnin í Danmörku geti ekki mjög lengi úr þessu neitað oss um stjórnarbót og lagaskóla, ef vjer fylgjum þeim málum fram með eindrægni og alvöru. En ef vjer hopum nú á hæl og förum að skjóta þessum fleyg inn í málið, sem mjer sýnist meiri hlutinn hafa smíðað, þá fær stjórnin vopn í hendur, til þess að slá oss af laginu. H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) talaði um ábyrgð þá, sem kastaðist yfir á þá, sem ekki vildu fylgja meiri hlutanum; en jeg óttast eigi þá ábyrgð. Hitt sýnist vera meiri ábyrgðarhluti, að smeygja þessum fleyg inn í málið, og fá stjórninni í hendur bitrara vopn en hún hefir nokkru sinni áður haft, til þess að synja oss um þessa nauðsynlegu rjettarbót, og fyrir það sama álít jeg miklu minni líkindi en áður til, að vjer fáum hjá stjórninni annað en þetta gamla, jeg vil segja, ástæðulausa nei.

Eins og h. meiri hluti segist óska og vona að vjer föllumst á tillögur sínar, eins er jeg svo djarfur að óska og

vona, að hann, meiri hlutinn, hallist að frumv. minni hlutans, og leggi ekki kapp á að halda sinni skoðun til streitu. Eptir því sem jeg þekki nú huga þjóðarinnar, þá efast jeg um, að meiri hlutinn fái þakkir hjá henni fyrir frammistöðuna.

Það er varla gjörandi að koma með slíka tillögu, í jafnáríðandi máli, eins og meiri hlutinn hefir gjört, eða fylgja slíku fram; það er sem sagt til að eyðileggja málið, ekki að eins fyrir þeim, sem vilja fylgja sömu grundvallarstefnu, sem fylgt hefir verið þing eptir þing, nú um þvínær hálfa öld, heldur einnig fyrir breytingamönnunum sjálfum og þeirra fylgifiskum, sem í öðru orðinu játa, að vjer eigum fulla heimtingu á allt öðru og meiru en þeir nú sjálfir fylgja fram. Menn vitna einatt í hinn almenna þjóðarvilja, og það tel jeg rjett vera. En þegar vjer lítum í þessu máli til hans, þá mun engum blandast hugur um, að það hafi allt af meir og meir rutt sjer til rúms hjá landsmönnum, að þeir óski að fá þessu mál framgengt, og nú mun svo komið, að hjá hverjum meðalgreindum mönnum sje það talið eitt hið mesta nauðsynjamál; þessi skoðun er miklu ríkari nú en áður var, það er mjer óhætt að segja, og þegar svo er komið, þá segir meiri hlutinn sem svo: Stjórnin í Danmörku neitar oss um lagaskóla, og því er ekki vert að vera að biðja hana um hann. *(Sk. Th.*: Ósatt!). Þetta er merkilegt, og jeg verð alveg hlessa að heyra það, og ef svona fer að teikna til koll af kolli í allsherjarmálum vorum, þá fer útlitið að verða miður efnilegt. Mjer sýnist máli þessu horfa svo við hjer í deild nú, að ómögulegt sje að sjá, hvernig fara muni, en svo mikið kjaptshögg virðist mjer það hafa fengið, að eigi sje hægt að sjá fyrir afleiðingarnar.

ATKV.GR:. Þá var eptir skrifl. ósk 8 nafngreindra þm. samþ. að hætta umræðum, að viðhöfðu nafnakalli sakir óljósrar atkv.gr., og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Benid. Kristjánss.,
Kl. Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Björn Sigfússon,	Bogi Melsted,
H. Kr. Friðriksson,	Guðl. Guðmunds.,
Jón Jakobsson,	Jens Pálsson,
J. Jóns. þm. A.-Sk.,	J. Jónss. þm. Eyf.,
Jón Þórarinsson,	J. Jónss. þm. Nm.
Sigfús Árnason,	Jón Þorkelsson,
Sig. Gunnarsson,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Sighv. Árnason,
Þór. Böðvarsson.	
Þ. Guðmundsson,	
Þorl. Guðmundsson.	

Því næst var gengið til atkvæða um málið og nafnakall viðhaft eptir ósk þessara þm.: Jóns Þorkelssonar, Sig. Gunnarssonar, Bened. Kristjánssonar, Þórðar Guðmundssonar, Þorláks Guðmundssonar, Sighvats Árnasonar og Guðl. Guðmundssonar.

Breyt.till. við 1. gr. á þingskj. 384 var felld með 17 : 6 atkv., og sögðu

já:	*nei*:
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Bogi Melsted,	B. Kristjánsson,
G. Guðmundsson,	Björn Bjarnarson,
Jens Pálsson,	Björn Sigfússon,
Ólafur Briem,	H. Kr. Friðriksson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Jakobsson,
	J. Jónss., þm. A.-S.,
	J. Jónss. þm. Eyf.
	J. J., þm. N.-M.,
	Jón Þórarinsson,
	Jón Þorkelsson,
	Sigfús Árnason,
	Sighv. Árnason,
	Sig. Gunnarsson.
	Þór. Böðvarsson,
	Þ. Guðmundsson,
	Þorl. Guðmundss.

Breyt.till. við 1. gr. á þingskj. 335 var samþ. með 12 : 11 atkv., og sögðu

já:	*nei:*
B. Bjarnarson,	Einar Jónsson,
G. Guðmundsson,	Kl. Jónsson,
Jens Pálsson,	B. Kristjánsson,
J. Jónss., þm. A.-S.	Björn Sigfússon,
J. J. þm. Eyf.	Bogi Melsteð,
J. Jónss. þm. N.-Múl.	H. Kr. Friðriksson,
Jón Þorkelsson,	Jón Jakobsson,
Ólafur Briem,	Jón Þórarinsson,
Sighv. Árnason,	Sigfús Árnason,
Sig. Gunnarsson,	Þór. Böðvarsson,
Skúli Thoroddsen,	Þorl. Guðmundss.
Þórð. Guðmundss.	

Frumv. sjálft á þingskj. 85 þar með fallið; 2. gr. á þingskj. 335 samþ. með 13 gegn 10 atkv., og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson	Klemens Jónsson
B. Kristjánsson	Björn Sigfússon
Björn Bjarnarson	Bogi Melsted
J. Jónss. þm. A.-Sk.	Guðl. Guðmundss.
J. Jónss. þm. Eyf.	H. Kr. Friðriksson
J. Jónss. þm. N.-M.	Jens Pálsson
Jón Þorkelsson	Jón Jakobsson
Ólafur Briem	Jón Þórarinsson
Sighv. Árnason	Sigfús Árnason
Sig. Gunnarsson	Þór. Böðvarsson
Skúli Thoroddsen	
Þ. Guðmnndsson	
Þorl. Guðmundss.	

3. gr. á þingskj. 335 samþ. með 13 gegn 10 atkv. og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson	Klemens Jónsson
B. Kristjánsson	Björn Sigfússon
Björn Bjarnarson	H. Kr. Friðriksson
Bogi Melsted	Jens Pálsson
Guðl. Guðmundss.	Jón Jakobsson
J. Jónss. þm. Eyf.	J. Jónss. þm. A.-Sk.
J. Jónss. þm. N.-M.	Jón Þórarinsson
Jón Þorkelsson	Sighv. Árnason
Ólafur Briem	Skúli Thoroddsen
Sigfús Árnason	Þór. Böðvarsson
Sig. Gunnarsson	
Já:	
Þ. Guðmundsson	
Þorl. Guðmundss.	

4. gr. á þingskj. 335 samþ. með 14 gegn 9 atkv., og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson	Klemens Jónsson
B. Kristjánsson	Björn Sigfússon
Björn Bjarnarson	Bogi Melsted
Guðl. Guðmundss.	H. Kr. Friðriksson
J. Jónss. þm. A.-Sk.	Jens Pálsson
J. Jónss. þm. Eyf.	Jón Jakobsson
J. Jónss. þm. N.-M.	Jón Þórarinsson
Jón Þorkelsson	Sigfús Árnason
Ólafur Briem	Þór. Böðvarsson
Sighv. Árnason	
Sig. Gunnarsson	
Skúli Thoroddsen	
Þ. Guðmundsson	
Þorl. Guðmundss.	

5. gr. á þingskj. 335 felld með 13 gegn 10 atkv., og sögðu

Já:	*Nei:*
B. Kristjánsson	Einar Jónsson
Björn Bjarnarson	Klemens Jónsson
J. J. þm. Eyf.	Björn Sigfússon
J. J. þm. N.-M.	Bogi Melsted
Jón Þorkelsson	Guðl. Guðmundss.
Olafur Briem	H. Kr. Friðriksson
Sighv. Árnason	Jens Pálsson
Sig. Gunnarsson	Jón Jakobsson
Þ. Guðmundsson	J. J. þm. A.-Sk.
Þorl. Guðmundss.	Jón Þórarinsson
	Sigf. Árnason
	Skúli Thoroddsen
	Þór. Böðvarsson.

6. gr. á þingskj. 335 samþ. með 16 gegn 7 atkv., og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson	Klemens Jónsson
B. Kristjánsson	Bogi Melsted
Björn Bjarnarson	H. Kr. Friðriksson
Björn Sigfússon	Jón Jakobsson
Guðl. Guðmundss.	Jón Þórarinsson
Jens Pálsson	Sigfús Árnason
J. J. þm. A.-Sk.	Þór. Böðvarsson

Já:
J. J. þm. Eyf.
J. J. þm. N.-M.
Jón Þorkelsson
Ólafur Briem
Sighv. Árnason
Sig. Gunnarsson
Skúli Thoroddsen
Þórður Guðmundss.
Þorl. Guðmundsson.

7. gr. á þingskj. 335 samþ. með 15 gegn 8 atkv., og sögðu

Já:	*Nei*:
Einar Jónsson	Kl. Jónsson
Benid. Kristjánss.	Björn Sigfússon
Björn Bjarnarson	Bogi Melsted
Guðl. Guðmundss.	H. Kr. Friðriksson
Jens Pálsson	Jón Jakobsson
J. J. þm. A.-Sk.	Jón Þórarinsson
J. J. þm. Eyf.	Sigfús Árnason
J. J. þm. N.-M.	Þór. Böðvarsson.
Jón Þorkelsson	
Ólafur Briem	
Sighv. Árnason	
Sig. Gunnarsson	
Skúli Thoroddsen	
Þórður Guðmundss.	
Þorl. Guðmundsson.	

Málinu síðan vísað til 3. umr. með 15 gegn 8 atkv., og sögðu

Já:	*Nei*:
Einar Jónsson	Kl. Jónsson
B. Kristjánsson	Guðl. Guðmundss.
Björn Bjarnarson	H. Kr. Friðriksson
Björn Sigfússon	Jens Pálsson
Bogi Melsted	Jón Jakobsson
J. J. þm. A.-Sk.	Jón Þórarinsson
J. J. þm. Eyf.	Sigfús Árnason
J. J. þm. N.-M.	Þór. Böðvarsson.
Jón Þorkelsson	
Ólafur Briem	
Sighv. Árnason	
Sig. Gunnarsson	
Skúli Thoroddsen	
Þórður Guðmundss.	

Já:
Þorl. Guðmundsson.

Þrítugasti og sjöundi fundur, laugardaginn 12. ágúst, kl. 10½ fyrir hád. Allir á fundi.

Forseti: Jeg vil geta þess, að 8 h. þingd.m. (Bogi Melsted, Jón Jónsson þm. A.-Sk., Ólafur Briem, Sigfús Árnason, Jón Jakobsson, Jón Jónsson N.-M., Jens Pálsson og Jón Jónsson þingm. Eyf.) hafa krafizt þess, að frumv. til laga um vegi yrði tekið á dagskrá í dag, en jeg verð að spyrja h. þingd.menn, hvort það hafi verið meining þeirra, að láta það sitja í fyrirrúmi fyrir fjárlögunum, því ef svo væri, gæti það orðið til þess, að 3. umr. yrði ekki lokið í dag. Þetta þarf jeg að vita, áður en jeg ber tillöguna undir atkvæði.

Jens Pálsson: Vegna þess að breyt.-till. við frumv. eru ekki prentaðar enn, svo þær verði lagðar fram fyrir deildina, sje jeg ekki, að hægt sje að taka frumvarpið á dagskrá að þessu sinni.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer þykir það nokkur nýlunda, ef frumv. á að taka á dagskrá, sem enginn hefur sjeð eða ekki verið útbýtt meðal þingmanna.

Forseti: Jeg hefi með þessum ummælum mínum að eins viljað gefa h. þingdeildarmönnum kost á, að taka uppástungu sína aptur. Vildi jeg svo æskja, að umræðum væri hætt um mál þetta.

Uppástungan tekin aptur.

Þá var tekið til umræðu:

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. 452, 470, 485, 489, 490, 491, 494, 495); 3. umr.

Einar Jónsson: Áður en tekið er til umræðu, vil jeg leyfa mjer að benda

á, að það er vond villa í 17. greininni; eptir því sem þar stendur, þá yrði tekju-afgangur í staðinn fyrir tekjuhalla. Það átti að laga þá grein við prófarkalesturinn, en hafa orðið misfellur á því.

Forseti: Jeg álít að þessi villa falli burt við atkvæðagreiðsluna, enda er hún svo stór, að þingmenn taka eptir henni.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg skal fyrst og fremst geta þess, að nefndin hefir haft lítinn tíma til að kynna sjer allar þær tillögur, er komið hafa frá h. þingdeildarmönnum. Þeim var ekki útbýtt meðal þingmanna fyr en um háttatíma í gærkvöldi. Í morgun hafði hún heldur eigi tíma, því að fundur var settur 1½ stundu fyr en samþykkt var í gær og kom nefndinni það á óvart. Nefndin gat því eigi talað sig saman um hinar ýmsu breyt.till. þingm., hvernig hún ætti að taka þeim.

Jeg get því ekki lýst yfir neinni beinni ályktun fjárlaganefndarinnar. Jeg ætla að leyfa mjer að fara nokkrorðum um frumv. almennt, áður en jeg tala um hinar einstöku breytingartill. Það lýtur svo út, sem sumir h. þingdeildarm. hafi ekki tekið eptir því, hvaða grundvallarreglum nefndin hefir fylgt. Sjerstaklega þarf jeg að svara h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) fyrir hönd nefndarinnar. Hann sagði, sá virðulegi þm., að hann sæi ekki, að nefndin hefði fylgt nokkru »principi«, en svo svaraði hann sjer sjálfur, að hún hefði fylgt því »principi«, að »nívellera« allt, narta í á ýmsum stöðum, draga úr því sem er til gagns, en hefja hitt upp. Jeg verð að ætla að slíkt sje fáheyrt, og fyr má nú vera, en að nefnd dragi úr öllu því, sem gott er, dragi úr öllu því sem til gagns má verða, en hefji hitt upp, það illa og ógagnlega.

Jeg gat ekki svarað þessum áburði þm. um kvöldið við lok 2. umr., því að þá var hann genginn af fundi, og enn er hann ekki kominn á fund, en þó verð jeg nú að svara honum, því að það er ekki hægt seinna. Þarna kemur hann þá inn í salinn, og skal jeg því taka upp aptur það, sem jeg sagði, að hann hefði um daginn borið nefndinni það á brýn, að hún drægi úr öllu, sem til gagns væri, en styrkti hitt, sem til ógagns mætti verða, en jeg mótmæli þessu fyrir hönd nefndarinnar og skal reyna að »mótívera« ástæður mínar fyrir því. (Hávaði í salnum). Er það ekki jeg, sem hefi orðið, h. forseti? (*Forseti*: Jeg verð að biðja h. þingmenn að vera hljóða og sitja kyrra í sætum sínum, svo að menn geti heyrt, hvað h. framsögum. segir).

Þegar vjer lítum á þær breytingar, sem orðnar eru á fjárlagafrumv. stjórnarinnar, þá verður því ekki neitað, að fjárlaganefndin hefir gert allar atkvæðamestu breytingarnar. Vjer skulum nú skoða, hve mikilli fjárupphæð þessar breytingar nema, og hvort þær stefna.

Þær breytingar sem nefndin gerði við frumv. og samþ. voru við 2. umr. nema alls, að því er útgjaldahækkun snertir, nál. 60,000 kr. Aptur á móti hafa tekjur verið hækkaðar og útgjöldin lækkuð eptir till. nefndarinnar um nál. ¼ þessarar upphæðar. En jeg skal nú ekki í þetta sinn leggja mikla áherzlu á þessa tekjuhækkun og útgjaldalækkun, en halda mjer við það, að nefndin hafi stofnað til þess, að útgjöldin hækkuðu um 60,000 kr.

Ef að orð h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) væru sönn, að þetta fje væri allt ætlað til að draga úr því, sem uppbyggi-

legt er, en efla hitt, er til tjóns má verða, þá væri slíkt ráðlag ljótt, afarljótt. En látum oss nú sjá, til hvers nefndin hefir ætlað þetta fje.

Af þeim 60,000 kr., sem nefndin hefir hækkað útgjöldin um, ætlar hún 47,000 kr. til samgöngubóta, sbr. 12. gr. fjárlaganna. Af þeim 47,000 kr. eru til gufuskipaferða umhverfis landið 32,000 kr., til brúargerðar yfir Hjeraðsvötnin 5000 kr., til gufubáts á Lagarfljótsósi 5000 kr. og til bryggjugjörðar á Blönduósi 5000 kr., eða samtals til samgöngubóta 47,000 kr.

Útgjalda-upphæð 10. gr. er á 10. þús. kr. hærri í frumv. því, er nú liggur fyrir, en í hinu upphaflega frumv. Mestöll þessi hækkun er gerð eptir till. nefndarinnar; en af þessari upphæð er á 8. þús. kr., sem ætlað er til eflingar öðrum aðalatvinnuvegi landsins, búnaðinum, og þykir mjer undarlegt, ef h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) telur því fje illa varið, sem varið er til að efla atvinnuvegi landsins.

Útgjalda-hækkunin á 13. grein, sem er allmikil, er eigi nema að nokkru leyti gerð eptir till. nefndarinnar; það eru aðeins 2000 kr. kostnaður við einn aukalækni, sem h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) getur skrifað á syndaregistur nefndarinnar. Samkvæmt till. nefndarinnar hafa útgjöldin til Stjórnartíðindanna verið hækkuð um nál. 2000 kr., og fjekk sú till. — ef jeg man rjett —, jafnvel atkvæði h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.).

Hin alkunna 13. gr., »bitlinga-greinin«, hefir ekki hækkað mikið; hún hefir að eins hækkað um 3400 kr. Það er ekki einu sinni jafnmikil upphæð og ein breytingartill. h. þm. nam, till. sem var samþykkt við 2. umr. Þetta kemur af því, að ýms útgjöld voru lækkuð dálítið, og sumir liðir jafnvel felldir alveg burt.

Jeg hefi þá stuttlega sýnt fram á, í hverju útgjaldahækkun sú, er fjárlaganefndin hefir stutt til að gerð væri, einkum er fólgin. Upphæðin 60,000 kr. gengur:

til samgöngubóta	47,000 kr.
— búnaðareflingar . . .	7,400 —
— lækna	2,000 —
og til Stjórnartíðinda nál. .	2,000 —

Jeg veit fyrir víst, að allir, nema ef til vill h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), munu játa, að því verður þó ekki neitað, að nefndin hefir fylgt einhverri stefnu, einhverju »principi«, og flestir nema þm. Rvík. munu líka játa, að sú stefna sje rjett. Og jeg skora á h. þm., það sýna mjer, að nokkur fjárlaganefnd síðað vjer fengum löggjafarvald hafi komið fram með till., sem hafi sýnt einskorðaðri stefnu, skýrara »princip«. Ef hann getur þetta ekki, — og jeg veit hann getur það ekki —, þá fellur ámæli það, sem hann gaf oss, samkvæmt hlutarins eðli til baka, og þá fellur að sjálfsögðu á hann sá óvirðingarskuggi, sem allir fjarmælamenn vinna til. — Jeg hefi orðið svo margorður um þetta, af því að jeg fann mjer skylt að hrekja rækilega áburð h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), og bera nefndina undan ámæli hans.

H. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) vakti athygli þingdeildarinnar á því, að að það væri prentvilla, sem stæði í fjárlagafrumv. eins og það hefði verið prentað eptir 2. umr., þar sem stæði að yrði um 16 þús. kr. tekjuafgangur, því það væri þvert á móti »undir-ballans«.

Það lítur svo út, eins og h. þingdeildarm. hafi ekki athugað þetta, og það vill svo einkennilega til, að upphæð sú, sem þær breytingartill. nema, er h. þingdeildarm. hafa komið með, er nærri jafn mikil, eða 15,600 kr. Svo það er eins og þær hafi verið hnitmiðaðar við hinn misprentaða eða ímynd-

aða tekjuafgang, en verði þær allar samþykktar, yrðu um 31,000 kr., sem útgjöldin færi fram úr tekjunum. Þetta álít jeg gott fyrir h. þingdeildarmenn að athuga áður en atkvæðagreiðslan fer fram, við lok þessarar umræðu.

Þegar jeg fer að skoða hinar einstöku breytingartill., sem fram eru komnar við frumv. og sem eru alls 13 að tölu, þá er ekki þægilegt að taka þær eptir ákveðinni röð eptir frumv., vegna þess, að atkvæðaskrá vantar.

Jeg sný mjer þá fyrst að breytingartill. fjármálanefndarinnar á þingskjali 406. Hinn 1. liður í breytingartill. þessari vona jeg að komi ekki ýmsum h. þingdeildarm. á óvart, eptir því sem mönnum fórust orð við 2. umr. málsins, og margir muni gefa þeiri breytingartill. atkvæði sitt.

Breytingartill. þessi er við 11. gr. 3. tölul., að í staðinn fyrir: »2000 — 2000 — 4000« komi: 1500 — 1500 — 3000, þ. e. að laun Bjarnar Ólafssonar augnalæknis til að setjast að hjer í Reykjavík sje hækkuð um 500 kr. á ári. Jeg man ekki betur en nokkrir h. þingm. töluðu þannig, að þeim þætti þessi upphæð hæfileg, og væntir því nefndin þess, að þeir samþ. þessa tillögu.

Næsta breyt.till. nefndarinnar er við 12. gr. C. a. 2. um breytingu á skilyrðunum fyrir styrkveitingu til kapt. Randulfs, eins og þau voru samþykkt við 2. umr. eptir hinni upphaflegu tillögu nefndarinnnar; því tíminn var svo naumur frá því málið kom fyrir nefndina, að hún gat ekki athugað málið sem skyldi áður en 2. umr. byrjaði, en nú hefir hún tekið bendingar hæstv. landshöfðingja og ýmsra h. þm. til greina, og álítur, að rjett sje að hafa skilyrðin svo eins og þau eru hjer orðuð, og vonar, að ekki verði farið að teygja tímann með að hafa langar umræðum um þau.

Þá kemur 3. tölul. í breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. B. I. 2., og er það að eins orðabreyting.

Öðru máli er að gegna um 4. tölulið, sem á við 13. gr. C. 6. b., að í staðinn fyrir »25 arkir« komi 24 arkir, eins og upphaflega stóð í frumv., en var breytt við 2. umr. Mjer eru ekki ljósar ástæður flutningsm. fyrir að fá þessu framgengt, nema það hafi verið að fá 1 örkinni meira. En það eru dálitlir annmarkar á þessu. Eins og vjer vitum af fjárl.-frumv. stjórnarinnar, var styrkur sá, sem ætlaður var fyrir að vinna að textaútgáfu Fornbrjefasafnsins, miðaður við 24 arkir; en nú er Bókmenntafjelaginu gert að skyldu að gefa út 25 arkir, og hvar á það þá að fá þessa einu örk? Meðan jeg fæ ekki skýrari ástæðu fyrir þeirri breyt., er gerð hefir verið á þessu, sje jeg ekki, við hvaða rök hún á að styðjast.

Breyt.till. þær, er nefndin hefir komið fram með við 13. gr. C. 15. og 13. gr. C. 16., eru að eins settar til skýringar samkvæmt því, sem talað var um við 2. umr., og væntir nefndin fylgis h. þingdm. við þessa breyt.

Þá ætla jeg að minnast lítið eitt á hinar einstöku breyt.till. frá öðrum en nefndinni, og ætla jeg að taka þær í sömu röð og þær eru á þingskjölunum og byrja á hinni fyrstu og enda á hinni síðustu.

Verður þá fyrst fyrir mjer breyt.till. hæstv. landshöfðingja á þingskj. 380, þar sem hann fer fram á, að aptan við 2. gr. 8. tölul. um gjöld fyrir leyfisbrjef bætist: »að fyrir konunglega staðfestingu á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald«, og er breyt.till. þessi samkvæm því, sem hæstv. landshöfðingi tók fram í ræðu sinni við 1. umr. í frumv. til laga um sjereign giptra kvenna. Þetta frumv. er nú ekki enn **þá tekið á dagskrá til framhalds 1. umr.**

og sýnist því vera dæmt til að daga uppi á þinginu. Nefndin vill því styðja þessa till. hæstv. landshöfðingja, sem er dálítil rjettarbót, meðan hitt nær ekki fram að ganga.

Næst í röðinni er breyt.till. á þingskj. 389, sem fer fram á, að aptan við 13. gr. B. bætist nýr tölul. um ferðastyrk til kaupmanns D. Thomsen til þess að kynnast sölu á íslenzkum vörum, einkum á Bretlandi, Spáni og Portúgal, og gefa skýrslur um það mál, 1800 kr. fyrra árið. Þessi maður hefir sent ítrekaða beiðni, bæði til fjárlaganefndarinnar og verzlunarmálanefndarinnar, og mun öllum ljóst, hvað meint er með tillögunni. Það á að gera tilraun til þess að útvega betri markað fyrir íslenzkar vörur, en þótt jeg álíti þetta þýðingarmikið mál í sjálfu sjer, þá get jeg ekki vænzt mikils árangurs af þessari tilraun. Jeg mun því ekki gefa breyt.till. atkvæði mitt, þótt jeg hafi skrifað undir hana til þess hún fengi að komast að, hvað sem meiri hluti nefndarinnar kann að gera.

Þá er breyttill. við 13. gr. B. 5., að aptan við b. komi nýr liður c. til þess að raða forngripum, setja á þá tölur og semja skrá yfir þá, 600 kr. hvort árið. Sama tillaga er á þingskjali 407. Eins og menn muna, þá stóðu í frumv. upphaflega 800 kr. hvort árið til þessa verks. Nefndin lagði til, að þessu væri breytt þannig, að veita skyldi til þess 1200 kr. í eitt skipti. En þessar upphæðir voru báðar felldar. Nú hafa menn sett það inn á ný og sett upphæð styrksins 600 kr. hvort árið, og á þingskjali 407 er tekið fram, að styrkurinn fyrir síðara árið eigi að útborgast, er starfinu er lokið. Jeg verð að vera á því, að þessi tillaga sje betri en hin, því að annars kynni svo að fara, að þessi upphæð yrði að föstum launum; en sje þetta skilyrði sett, þá er komið í veg fyrir það.

Þá kemur breyt.till. á þingskj. 399, þar sem farið er fram á, að veittar sjeu 900 kr. hvort árið til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni. Mjer er ekki ljóst, á hverju það byggist, að nú er stungið upp á að hafa styrkinn 900 kr., þar sem ætlazt var til, að hann yrði 1000 krónur um daginn, sem að vísu var fellt. En þess vildi jeg óska, að eigi spinnist eins mikið út af þessari tillögu nú eins og um daginn, eða um tillögu þá, sem nú er í nýrri mynd á þingskjali 409. Jeg get annars ekki sjeð, að útgefandi þurfi á svo miklu fje að halda til verksins eins og farið er fram á, því að hann hefir ekki einungis getað staðið í skilum um það, er af honum er heimta á ári hverju, heldur hefir hann nú safnað forða til 10—12 ára. Jeg get því ekki sjeð annað en að 50 kr. fyrir örkina nægi, eins og hingað til.

Það kom mjög flatt upp á mig, er jeg sá nafn h. 2. þm. Húnv. (B. S.) og 1. þm. Rvell. (Þórð. G.) undir þessari tillögu, því að jeg get sagt þeim það báðum til lofs, að þeir eru gætnir og vilja ekki auka fjárútlát sýslusjóða og landssjóðs að óþörfu. En jeg vona, að þeir hafi að eins skrifað nafn sitt til þess að koma tillögunni á framfæri, en ekki bundið atkvæði sitt.

Breyt.till. á þingskj. 401 kemur þá næst og fer fram á, að veittar sjeu 1000 kr. til að bæta skemmdirnar á Steinsmýrarengjum. En það eru ekki nema tveir dagar síðan málaleitun um þetta kom til þingsins, svo að það er víst ekki öllum þingmönnum vel ljóst. Það sem hjer er um að ræða, er, að varðveita mikilsvert slægjuland á jörðum nokkrum, sem landssjóður á og nú

liggur undir skemmdum, svo miklum, að líkindi eru til, að það verði eigi notað. Búfræðingur hefir verið fenginn til að segja álit sitt, og eptir áætlunum hans er þessi tillaga gerð; jeg hefi reynt að kynna mjer málið, og jeg hefi fengið að vita, að verði þessi fjárhæð veitt, mun verða byrjað á verkinu þegar í haust. Jeg vil skjóta þessu máli til h. þm. V.-Skaptf. (G. G.), sem mun geta gefið upplýsingar, og hæstv. landshöfðingja, sem að sjálfsögðu er æðsti umboðsmaður landssjóðsjarða. En eptir þeirri kynningu, sem jeg hefi haft af málinu, þá ætla jeg, að eigi sje ráðlegt að fresta því, að veita þenna styrk.

Mál það, sem breyt.till. á þingskjali 405 hljóðar um, var ýtarlega rætt við 2. umræðu, sem sje það, að veitt sje fje til að mæla uppsiglingu á Hvammsfirði. Eins og breyt.till. þessi er nú orðuð, þá er hún mun aðgengilegri en áður, þar sem nú er farið fram á allt að 6000 kr. með því skilyrði, að Dalasýsla leggi fram 1/4 móti landssjóðsstyrknum. Meiri hluti nefndarinnar mun styðja þetta nauðsynjamál og greiða atkvæði með tillögunni. Það var ákaflega óþægilegt bæði mjer og mörgum fleiri þingm., að greiða atkvæði móti breyt.till. þessari við 2. umræðu, en það kom til af því, að mönnum þótti upphæðin of há og voru þar að auki ekki svo sannfærðir um nauðsynina á þessu verki.

Breyt.till. á þingskjali 409 fer fram á, að felldur sje burtu stafliður k. 2. í 11. gr., aukalæknir í Árnessýslu. Um þetta mál var mikið rætt við 2. umr. Nefndin mun halda sjer fast við sína stefnu í þessu máli og greiða atkvæði móti till.

Því næst kemur breyt.till. við 13. gr. b. 6, um að veittur sje styrkur til kennslubóka. Upphaflega stóðu í frv. 600 kr. hvort árið undir þessum lið. En nefndin lagði til, að sú fjárveiting yrði sett 800 kr. hvort árið, en af því fengi Geir Zoëga 400 á ári til að ljúka við ensk-íslenzka orðabók. Við 2. umr. fjell þetta allt. Þessi breyt.till. fer nú fram á, að veittur sje 400 kr. styrkur hvort árið til kennslubóka, og svo liggja hjer nú fyrir fleiri till., sem ganga í líka átt, þar sem ætlaðar eru 1400 kr. á fjárhagstímabilinu til útgáfu orðabóka; ef nú allt væri veitt, sem breyt.tillögur þessar fara fram á, þá yrði sú upphæð allmikil eða 2200 kr. á fjárhagstímabilinu.

Fjárlaganefndinni þykir nú eigi heppilegt og enda óráðlegt, að veita styrkinn til kennslubóka svona óákveðið. Því hvað eru kennslubækur? Stafrófskver, barnalærdómskver og biblíusögur eru kennslubækur, en ekki er þörf að veita styrk til að gefa þær bækur út, þar sem þær eru keyptar á hverju heimili. En ef einhver kæmi og segðist hafa tilbúið handrit af kennslubók, þá gæti verið ástæða að styrkja hann til að gefa hana út. Þessar tvær orðabækur, sem þeir kennari Geir Zoëga og Jónas prestur Jónasson hafa í smíðum, eru báðar þarfar. En mjer þykir fullt eins mikil ástæða til að styrkja síra Jónas, þótt till. um það virtist hafa lítinn byr hjer um daginn; hann er búinn að semja dansk-íslenzka orðabók, og þegar þess er gætt, að víða hjer á landi er mjög mikið til af dönskum bókum, og miklu meira en af enskum, þá nægir það eitt til að gera það rjett og ráðlegt í mínum augum, að styrkja þessa orðabókarútgáfu. Og hvað sem menn segja um dönsku og danskar bókmenntir, þá er það víst, og verður ekki neitað, að margir þeir ólærðra manna hjer á landi, sem bezt eru menntaðir, hafa fengið alla sína bóklegu menntun af þeim bókum, sem á Dönsku eru rit-

aðar. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg taki danskar bækur fram yfir enskar, eða því að jeg sje að halda með dönskunni, heldur af hinu, að almenningur getur svo lítið gagn haft af enskukunnáttunni, þar sem bækurnar eru svo óvíða til, en menn hafa annarsvegar ekki efni að kaupa mikið af bókum. Þess má og geta, að meiri hluti þeirra, sem ensku læra, kunna dönsku, og geta hagnýtt sjer til gagns ensk-dönskar orðabækur. Dansk-íslenzkar orðabækur eru ekki til nema Konráðs orðabók, en hún er bæði of stór, gömul og of dýr. (*Jón Þorkelsson*: Hún er uppseld). Jeg þakka fyrir upplýsinguna. Því fremur ætti að styðja að því, að önnur dansk-íslenzk orðabók yrði gefin út.

Þá kemur breyt.till. á þingskj. 409 um styrkinn til Boga Melsteds, að athugasemdin breytist þannig: að í staðinn fyrir »safna«, komi »rita«; sama till. var felld hjer í deildinni við 2. umr. með 14 atkv. gegn 9 að viðhöfðu nafnakalli. Jeg er hissa á, að nú er komið aptur með þessa breyt.till., sem hafði svo lítið fylgi, og að h. þingm. sem breyt.till. flytja, skuli hafa þá frekju, að álíta, að deildinni hafi snúizt hugur á jafn stuttum tíma. Jeg get bent h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) á, sem mest og bezt hefir haldið þessari till. fram, að þótt hann álíti rjett að styrkja að eins menn til að rita, en ekki til að safna til rita, þá hefir þessari reglu ekki verið ávallt fylgt, t. d. hvað styrkinn til herra Þorvaldar Thoroddsens snertir. Honum er ekki veitt fje til að rita, heldur til að safna, og hefir þó ekki heyrzt nein óánægja hjá almenningi út af þeirri fjárveitingu, heldur þvert á móti, og jeg vona, að h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) játi það.

Jeg óska því og vona, að breyt.till. þessi verði ekki til þess að auka þrasumræður, því það hjálpar engu máli. Á hinn bóginn er ekkert á móti 4. tölul. á sama þingskj. og get jeg gefið honum atkvæði mitt; 5. tölul. er auðsjáanlega miðaður við hinn 3. og þarf því ekki að tala um hann sjerstaklega.

Þá er breyt.till. á þingskj. 411, sem fer fram á að setja aukalækni í austurhluta Húnavatnssýslu. En eins og fjárlaganefndin hefir tekið áður fram, hefir hún ekki fundið ástæðu til þess að verða við því, þó hún játi, að bezt væri að læknar væru sem þjettastir, en það er víðar en þar, sem læknis er þörf, og víða annarstaðar ef til vill brýnni þörf. Sama er að segja um breyt.till. á þingskj. 412, að nefndin getur ekki aðhyllzt hana. Það getur verið mikið gott að hafa námsstyrk handa kennaraefnum, því það mundi ef til vill hvetja menn til þess að ganga á skólann, en nefndin hefi heldur viljað minnka en auka alla námsstyrki. Þar að auki á þessi styrkveiting að vera bundin því skilyrði, að viðkomandi eigi að hafa tekið kennarapróf, svo það er þá ekki lengur námsstyrkur, heldur verðlaun, eða jeg veit ekki hvað. Till. um að veita þetta fje kom fram við 2. umr., en var felld með 16 atkv. gegn 7. Hún lá þá að vísu ekki alveg svona fyrir, en jeg held að hún hafi ekki tekið breytingum til bóta.

Þá er breyt.till. 413, er fer fram á það, að gufuskipum og gufubátum, er styrkt eru af landssjóði, sje gert að skyldu að flytja póstinn án endurgjalds. Sjeu þau ekki nú þegar skyldug til þess, þá er sjálfsagt að fallast á tillöguna.

Jeg benti á áðan, að tekjuhallinn yrði yfir 30000 kr., ef breyt.till. verða samþykktar, og þannig lagað fer þá frumvarpið til efri deildar. Það verður nú að vísu ekki komizt hjá því hjer eptir,

að einhver tekjuhalli verði; en því meiri, sem hann er, þess ískyggilegra er það.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta. Af því breyt.till. eru margar, get jeg ímyndað mjer, að umræðurnar verði nokkuð langar. En hvað sem öðru líður, þá vona jeg og óska, að fá að vera frí við persónulegar árásir.

Björn Bjarnarson: Jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breyt.-till. þá, sem jeg og nokkrir aðrir h. þingd.m. erum viðriðnir. H. framsögum. (J. J.) hefir tekið henni vel, og jeg get ekki búizt við, að nokkur maður hafi á móti henni.

Þar er farið fram á, að losa póststjórnina við að borga fyrir böggulsendingar með bátunum; því póstmeistarinn hefir skýrt mjer frá, að þeir fáist ekki fluttir ókeypis á þeim bát, sem gengur um Faxaflóa, heldur að eins brjef; því eptir tilsk. um póstmál 26. febr. 1872 er skipstjóri ekki skyldur að taka annan póstflutning en laus brjef. Býst jeg því síður við, að þetta mæti andmælum, sem hjer er farið fram á hlunnindi eða hagsmuni fyrir landssjóð, sem sjálfsagt er, að hann njóti, af því, að hann styrkir gufubátana; fer jeg svo ekki fleirum orðum um það.

Þá eru nokkrar aðrar breyt.till. sem jeg vildi lítið eitt minnast á, og tek jeg þær eptir þeirri röð, sem þær falla inn í frumv.

Fyrst vil jeg geta þess, að það mun vera skekkja í frádrættinum í frumv. Eptir upphæðum útgjaldanna á hverri grein samanlögðum eru

þau	1.162.921.80
en tekju-áætlunin er . .	1.147.500.00
og er þá áætlaður tekjuhalli	15.421.80

eða 600 kr. minni en í frumvarpinu er reiknað.

Að vísu er það ekki vítavert, þó að það komi fyrir, að útgjöldin fari fram úr áætluðum tekjum, ef eitthvað þarf óvanalega mikið að leggja fram til fyrirtækja, sem hafa mikla þýðingu fyrir heill almennings, en hjer er nú ekki því máli að gegna. Að vísu játa jeg með h. framsögumanni (J. J.), að mikið af því, sem fjárlaganefndin hefir farið fram á, að útgjöldin ykjust, á að verja til samgangnabóta, og er það ekki ámælisvert, ef samgöngunum yrði vel fyrir komið og fjeð væri ekki veitt tryggingarlaust eða út í bláinn.

Þá vík jeg mjer að breytingartillögum þeim, sem nú liggja fyrir. Af þeim 13 breytingartill. eru það 10, sem fara fram á aukin útgjöld, er nema samtals 12.500 kr.

Viðvíkjandi viðaukatill. á þingskjali 401, um að veita 1000 kr. til varnar skemmdum á Steinsmýrarengjum, þá hljóta ástæðurnar fyrir þessari fjárveiting að vera þingmönnum mjög ókunnar, þar sem skjöl málsins mega heita lögð fram nú á þessari stundu. Jeg skal engan dóm á þetta leggja, en mjer hefur skilizt á skjölum, að ætlazt væri til, að mest allan kostnaðinn skyldi greiða úr landssjóði; það mun þó vera venja, þar sem líkt stendur á, að ábúendur jarðanna leggi tiltölulega til slíkra verka, og sýnist mjer, að eins ætti að vera hjer.

Þá er breyt.till., sem fer fram á, að veita 1000 kr. til aukalæknis í 5 austustu hreppum Húnavatnssýslu. Það er eðlileg afleiðing af því, sem á undan er gengið. Það er ekki nema eðlilegt, að þessi breytingartill. er komin fram, þar sem samkynja bænarskrám var svo vel tekið hjer í deildinni, að þær vóru allar samþykktar. Jeg vona, að

eigi verði langt þess að bíða, að t. d. Kjósarsýslubúar vakni til að kvaka og fái bænheyrslu um aukalækni hjá sjer; því læknirinn hjer hefur nóg að gjöra í bænum, að viðbættum Hafnarfirði og nesjunum. Og svo þyrftu nú Grímseyingar og fleiri að fá aukalækni.

Þá kemur enn ein breytingartill. um að veita 6000 kr. til mælingar á innsiglingu á Hvammsfirði með því skilyrði að sýslan leggi til 1/4 til móts við það. Jeg tel það ánægjuefni, hve »cours«-inn er »fallandi« á þessu. Það sem fyrir 3—4 dögum var eptir nákvæmum(?) reikningi sett á 10,000 kr., er nú komið ofan í 8000.

Jeg vona nú að þessi niðursetning um 2000 kr. á þessum tíma bendi til þess, að málið sje komið á þann rekspöl, að eptir nokkra daga enn sje útlit fyrir, að mælingin fáist fyrir ekki neitt; og auðvitað vil jeg það langhelzt landssjóðs vegna.

Þá eru 400 kr. til að gefa út kennslubækur; ef brýn þörf er á slíkum bókum, og því að öðru leyti eigi er svo varið með þær, að þær þurfi að styrkja, þá hef jeg ekkert á móti því, en mjer hefur ekki verið bent á neitt slíkt enn.

3. till. á sama þingskj. álít jeg eins og kastað væri epli inn í þingsalinn, til að reyna að fá þingdeildarm. til að hlaupa eptir. Jeg skal ekki dæma um hvort það er heilnæmt epli, en jeg óska ekki, að því verði tekið á sama hátt og þegar því var kastað hjer inn við 2. umr.

Þá er till. um 400 kr. styrk handa kennaraefnum. Jeg skal ekki bæta við það sem jeg sagði við 2. umræðu, en jeg kann ekki við að innleiða nýja reglu, byggða á þeim grundvelli, sem menn nú vilja helzt kollvarpa, því nú mun sú stefna vera að ryðja sjer til rúms, að minnka eða helzt aftaka með öllu slíkar ölmusuveitingar.

Þá eru 2. till. um að veita styrk til þess að koma forngripasafninu í lag. Forngripasafnið er að vísu eign landsins og töluverð eign í því; þess vegna verður að hlynna að því, en það var bent um daginn á það, að það vantaði húsrúm, og þess vegna held jeg að þetta komi ekki að fullum notum. En jeg tek það fram, sem jeg einnig hef lýst yfir áður, að jeg er mótfallinn öllum styrkveitingum, sem ekkert lið getur orðið að.

Þá kemur Fornbrjefasafnið og er beðið um 300 kr. viðbót handa útgefanda þess. Jeg mun hafa sagt álit mitt á því við 2. umr., og þarf ekki neinu við það að bæta.

Þá kemur enn styrkbeiðsla, 1800 kr. handa manni til þess, að kynna sjer sölu á íslenzkum vörum í útlöndum. Jeg ætla, að af þessu gæti árangur orðið, ef heppilega væri valinn maður til þess að reka slíkt erindi, en af því jeg hef enga vissu fengið fyrir, að svo sje, og útgjöldin landssjóðs eru þegar orðin talsvert mikið fram yfir tekjurnar, þá get jeg ekki aðhyllzt það.

Þá er 600 kr. fjárstyrkur til þess að gefa út dansk-íslenzka orðabók. Jeg skal skýrskota til þeirra orða, er jeg fór um þetta við 2. umr. þessa máls.

H. framsögumaður (J. J.) var að tala um, hve nauðsynleg bókin væri, og virtist mjer hann álíta, að þörfin fyrir hana væri svo mikil, að hún mundi komast »inn á hvert einasta heimili«; en sje nú svo, sem jeg að vísu efa, þá er það víst, að það borgar sig, að gefa hana út, og að það er því síður ástæða til að styrkja útgáfuna af þjóðfje. Enska-íslenzka orðabók hygg jeg þarfari, eins og jeg hefi áður sagt.

Við þessar breytingartill., sem allar fara fram á útgjaldahækkun, eru 19 h.

þingdeildarmenn meira og minna flæktir, þannig:

Háttv. 2. þm. Árn. við 5 breyt.till. að upphæð samtals	10,400 kr.
Háttv. þingm. A.-Sk. við 4 breyt.till. að upphæð samtals	8,600 —
Háttv. þm. Dal. við 3 breyt.-till. að upphæð samtals . .	8,200 —
Háttv. 1. þm. Ísf. við 2 breyt.-till. að upphæð samtals . .	7,800 —
Háttv. 2. þm. Skagf. við 2 br.-till. að upphæð samtals	6,600 —
Háttv. 2. þm. N.-Múl. við 2 br.-till. að upphæð samtals	6,600 —
Háttv. 1. þingm. K.-G. við 2 br.-till. að upphæð samtals	6,600 —
Háttv. 1. þm. Eyf. við 5 br.-till. að upphæð samtals . .	4,800 —
Háttv. 2. þm. K.-G. við 3 br.-till. að upphæð samtals . .	3,800 —
Háttv. þm. Snæf. við 5 br.till. að upphæð samtals . . .	3,400 —
Háttv. 2. þm. Húnv. við 5 br.-till. að upphæð samtals	3,300 —
Háttv. 1. þm. N.-Múl. við 3 br.-till. að upphæð samtals	2,600 —
Háttv. þm. V.-Skaptf við 4 br.-till. að upphæð samtals	2,100 —
Háttv. 1. þm. Rangv. við 4 br.-till. að upphæð samtals	2,100 —
Háttv. þm. Rvík við 3 br.-till. að upphæð samtals . . .	1,900 —
Háttv. 1. þm. Árn. við 1 br.-till. að upphæð samtals .	1,800 —
Háttv. 2. þm. K.-G. við 4 br.-till. að upphæð samtals	1,700 —
Háttv. 1. þm. S.-Múl. við 3 br.-till. að upphæð samtals	1,300 —
Háttv. 2. þm. Rangv. við 1 br.-till. að upphæð samtals	1,000 —

Það er að vísu svo, að það er ekki víst, að allir þessir h. þm. sjeu með hverju því, sem nafn þeirra stendur við eða gefi breyt.till. atkvæði sitt. Eins og menn vita, kemur það og opt fyrir, að þingm. lána nafn sitt til þess, að koma breyt.till. að, og verður því eigi nein bein ályktun dregin út af þessum tölum. En svo mikið er þó víst, að þeir virðast allir vera á eitt sáttir um, að auka enn á útgjöldin, sem þó eru þegar orðin talsvert hærri en tekjuáætlanin.

Þegar menn nú lána nafn sitt til þess að koma slíkum breyt.till. að, þá gefa þeir tilefni til eða auka á freistinguna til að samþykkja þær á sínum tíma.

Það er nokkuð græðgislegt, sem sagt er um kýrnar hans Faraós, sem svelgdu upp hinar feitu, en það má þeim til málsbótar segja, að þær voru bæði svangar og magrar. Hjer er öðru máli að gegna. Hjer eru það góðu árin sem eiga að eta upp leifarnar frá fyrri tíð; því tekjubálkurinn er byggður á reikningum fremur góðra ára, og því viðsjárverðara virðist mjer að láta hallast á á þennan veginn.

Björn Sigfússon: H. framsögum. furðaði sig áðan á því, að sjá nafn mitt á breyt.till. á þingskj. 399. Hann hefði nú naumast þurft að furða sig svo mikið á því, því jeg sje líka hans eigið nafn á þingskj. 388, en nú hefir hann þó lýst yfir, að hann ekki gefi þeirri breyt.till. atkvæði. Meiningin hefir verið hin sama hjá okkur báðum, nfl. sú, að gjöra mögulegt að koma breyt.-till. að, án þess að greiða atkv. með henni. Einkum er það breyt.till. um aukalækni í Húnavatnssýslu, sem jeg ætla dálítið að vikja mjer að. Það hefir að vísu lengi legið frammi á lestrarsalnum bænarskrá frá Húnvetningum um aukalækni, en samt er jeg ekki viss um að allir hafi kynnt sjer málið rækilega; vildi jeg því skýra það nokkuð fyrir h. þingdm., hvernig á stendur. Eins og öllum mun kunnugt, er Húnavatnssýsla með víðlendustu og mannflestu hjeruðum landsins. Læknisum-

dæmið nær, vestan frá Hrútafjarðará alla leið norður á Skagatá, og austur á miðjan fjallgarðinn milli Húnaþings og Skagafjarðar, að undanskildum Bólstaðarhlíðarhreppi, sem liggur undir Skagafjarðar læknisumdæmi; milli endatakmarkanna eru fullar 2 dagleiðir. Eins og kunnugt er, býr læknirinn vestarlega í hjeraðinu, vestur við Vatnsnesfjall, og fyrir austan hann eru 8 hreppar, sumir mjög stórir og fjölmennir. Að Bólstaðarhlíðarhreppur heyrir undir Skagafjarðarumdæmi, er mjög óheppilegt vegna þess, að þar er mjög torsóttur fjallgarður á milli, og illur vegur, sjerstaklega á vetrum. Í þessum 5 hreppum, sem talað er um að aukalæknir sje settur, er tala byggðra býla um 167, og mörg mjög fjölmenn. Í þessum hreppum eru líka kaupstaðirnir Blönduós, Hólanes og Skagaströnd; auk þess kvennaskólinn á Ytriey, og þar er hjer um bil 50 manns. Hjer er því ekki einungis um mikla sveit að ræða, sem á erfitt með að ná til læknis, heldur er þetta svo æðifjölmenn sveit, að hún getur ekki komizt af læknislaus. Í nærfellt öllum bráðum sjúkdómstilfellum er sama sem að allur norður- og austurhluti hjeraðsins sje alveg læknislaus. Vegur er engan veginn greiður, sízt í dölum þeim sem liggja upp í fjöllin, og liggur það í augum uppi, að þegar það er fullkomin dagleið til læknis, þá getur hjálpin optast nær ekki komið fyr en í ótíma. Eins og jeg gat um við aðra umræðu, kom jeg ekki með breyt.till. í þessa átt, að fá settan inn aukalækni, af því jeg kannaðist við, að þótt þörfin á þessu umrædda svæði sje mjög mikil, þá væri hún þó enn meiri á stöku stöðum annarsstaðar. En það sem kom mjer til að koma með þessa breyt.till. núna, var það, að h. þingd. hefir sýnt sig örari en jeg hjelt hún væri; er nú þegar búið að samþykkja 5 ný læknisumdæmi, og vona jeg því, að h. deild gæti þeirrar sanngirni, að samþykkja einnig þetta. Jeg get heldur ekki sannfærzt um, að hjer sje ekki eins mikil ástæða til að setja aukalækni, eins og í sumum öðrum hjeruðum, sem þegar er búið að samþykkja, t. d. í Árnessýslu og jafnvel í Eyjahreppi. Jeg greiddi atkvæði á móti þessum aukalæknum, en með því að þeir samt voru samþykktir með talsverðum atkvæðamun, þá vona jeg, að h. deild einnig samþykki mína breyt.-till. Af því að jeg vil forðast allar málalengingar, þá ætla jeg nú ekki að tala um fleiri breytingartill. En áður en jeg sezt niður, vil jeg þó víkja nokkrum orðum að h. þm. Borgf. (B. B.). Jeg heyrði nú reyndar ekki meira en annaðhvort orð, eins og optast er tiltellið, þegar sá þm. talar; en svo mikið heyrði jeg þó, að hann var að gefa yfirlit yfir fjárupphæðir þær, sem farið er fram á í breyt.till. þeim, er nú hafa komið fram. Jeg get ekki verið honum þakklátur fyrir þessa upptalning, og jeg er hræddur um, að hann verði að bíða eptir þakklætinu þangað til kjósendur hans eru búnir að lesa þetta yfirlit í þingtíðindunum. Jeg vildi því ráða h. þm. til, að láta prenta það með feitu letri, svo meiri vissa sje fyrir að þeim sjáist ekki yfir það. Mjer þykir annars undarlegt, að hann, sem er skynsamur maður, skuli gefa svona villandi skýrslur. Hann veit vel, að þm. græða ekkert á þeim, og blekkjast ekki af slíku. Hann veit líka, að það er mjög títt, að þm. láni nöfn sín til þess að koma einhverju að, án þess þeir greiði atkvæði með því. En hann veit líka jafnvel, að fáfróðir kjósendur hafa ekki jafnljósa hugmynd um þetta, og geta því blekkzt á því, og til þess eru máske refirnir skornir. Mjer og

fleirum mun hafa fundizt, að hann væri að reyna að »stimpla« okkur 19 þm., sem eigum nöfn á breytingartillögunum. Það var að eins hann sjálfur og 3 aðrir, sem voru hvítir og saklausir. Raunar hefir þm. farið að breiða dálítið ofan yfir þetta aptur, eptir 2 kl.tíma fundarhlje, áður en hann botnaði ræðu sína, og jeg býst við hann gjöri það enn betur, þegar hann fer að leiðrjetta hana. Jeg álít hverja þá ræðu skaðlega, sem ekkert upplýsir málið, en eyðir tímanum, og gefur eins ramskakkar sýringar og ræða h. þm. Borgf. (B. B.) Þótt jeg hefði hugsað mjer að segja ýmislegt fleira við h. þm. Borgf. (B. B.), þá vil jeg ekki vera að tefja tímann með óþörfum ræðum.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að víkja fám orðum að nokkrum af breytingartill. þeim, sem gjörðar hafa verið við fjárlagafrumv. til þessarar umræðu. Um breytingartill. mína um, að bætt sje inn í tekjuhlið fjárlaganna einum lið, hefir h. framsögum. farið nokkrum orðum, og skýrt mönnum frá tilgangi og tilefni hennar. Hefir hann mælt með henni, og lofað fylgi h. fjárlaganefndar, og hefi jeg engu við það að bæta.

Þá ætla jeg að snúa mjer að breytingartill. á þingskj. 401, um að varna skemmdum á engjum nokkurra jarða í Vestur-Skaptafellssýslu, sem eru eign landssjóðs. Mál þetta hefir fyr verið borið upp, að vísu ekki beinlínis á þingi, heldur fyrir umboðsvaldinu.

Fyrir nokkrum árum var kvartað yfir vatnságangi á engjum þessum. Þá datt mönnum ekki annað ráð í hug — jeg geri ráð fyrir, að menn hafi kynnt sjer skjöl þau, er fylgja máli þessu — til þess að vatnið, sem að undanförnu hafði haft framrennsli gegnum kvísl eina fram til sjávar, en sem tepptist af sandfokinu austan frá söndum, en að grafa upp þessa kvísl og veita vatninu framrás á sama stað og áður. Þá var búfræðingur látinn skoða þetta, og áleit hann ekki til nokkurs hlutar að ræsa vatnið fram á sama stað og áður, því að sandfokið mundi óðara fylla skurðinn og teppa vatnið.

Það mætti ef til vill halda honum opnum í eitt ár eða svo, og svo þyrfti að grafa hann upp á ný.

En nú hefir öðrum búfræðing hugkvæmzt, að koma mætti í veg fyrir þetta á annan hátt. Vestur úr Steinsmýrarvötnum rennur lækur, sem heitir Syðsti-lækur; er hann töluvert ofar en kvíslin, er jeg áðan gat um, og hverfhann í mýrina fyrir austan Eldvatnið.

Þessum búfræðing hefir nú hugkvæmzt, að úr vesturenda læks þessa mætti gera skurð í Eldvatnið í stefnu á bæinn Fljóta, og mundi það ljetta mjög mikið á flóðinu. Það er allmikið graslendi, þar sem talað er um að gera skurð þennan, og er því ekki hætt við að sandfok muni fylla hann og teppa framrásina á þeim stað.

Það sýnist vera mikið skiljanlegt, eptir því sem búfræðingurinn skýrir frá, að það mætti takast að gera skurð þennan fyrir það fje, sem hjer er farið fram á. Mætti haga honum þannig, að engjarnar misstu ekki það vatn, sem þær þurfa að hafa, meðan þær eru að spretta. Jeg hefi sjeð þetta sjálfur fyrir nokkrum árum; raunar hafði jeg ekki tíma til að kynna mjer þetta nákvæmlega; en eptir því, sem jeg kemst næst, er það mjög æskilegt, að fje þetta sje veitt, og mundi rjettast, að verkið færi fram undir umsjón búfræðings. Mjer er líka kunnugt um, að ábúendurnir eru fúsir á að leggja eitthvað til, og þó ekki væri nema að vinna fyrir væg verkalaun, þá munar strax um það.

Þeim er og mikið umhugað um, að

byrjað sje strax í haust á verkinu, því þá er hægast að fá verkamenn og þeir ódýrastir. Hjer er þar á ofan um landssjóðseign að ræða, sem liggur undir skemmdum eða máske algjörðri eyðileggingu, og stendur því engum nær en landssjóði að afstýra því. Það hefir verið tekið fram, af h. framsögumanni, að það eru ekki ábúendurnir einir, sem nota engjar þessar til slægju, heldur er sótt í þær frá mörgum öðrum bæjum.

Jeg vil því leyfa mjer að mæla með því, að fje þetta sje veitt.

H. fjárlaganefnd hefir lagt það til, að styrkurinn til Björns Ólafssonar sje færður niður í 1500 krónur árlega. Jeg fyrir mitt leyti skal ekki mæla á móti ástæðum þeim, sem h. framsögum. tíndi þessari tillögu til stuðnings, en jeg skal taka það fram, að ef hún verður samþykkt, þá er engin trygging fyrir því, að styrkurinn verði notaður; þess vegna mun jeg, þegar fjárlögin komu til efri deildar, leggja það til, ef þessi breytingaruppástunga verður samþykkt, að Birni lækni verði veittur sami árlegur styrkur sem nú, ef hann kýs heldur að vera kyrr, þannig, að hann geti valið um, hvort hann vill flytja til Reykjavíkur með 1500 króna launum, eða vera kyrr og halda þeim 500 kr. sem hann nú hefir. Jeg fyrir mitt leyti vona, að hann velji hið fyrra, en jeg held ekki, að hann sje ráðinn í því enn, hvort hann skuli heldur kjósa, ef hann fær ekki meira en 1500 krónur.

Þá ætlaði jeg að minnast á breytingartill. á þingskj. 407, um fjárveitingu til að raða niður munum í forngripasafninu og semja skrá yfir þá. Hún er ekki frá fjárlaganefndinni — það er ekki þesslegt —, heldur frá 5 fjárlaganefndarmönnum og 2 þm. til. Með henni vildi jeg leggja, þareð hún fer í sömu átt og stjórnarfrumv. og er aðgengilegri en önnur till., er einnig hefir komið fram um sama efni.

Hvað hinar aðrar breytingartill. snertir, get jeg fallizt á það, sem h. framsögum. sagði um þær, og sje jeg því ekki ástæðu til þess, að fara að lengja umr. með því að tala um þær hverja fyrir sig. Að eins vil jeg geta þess, að mjer þykir breytingartill. á þingskj. 413 vera til bóta; því eptir gildandi lögum mundu gufubátar þeir, sem þar um ræðir, eigi vera skyldugir til að taka póstflutning fyrir ekki neitt, jafnvel þó þeir hafi styrk úr landssjóði.

Jón Þórarinsson: H. framsögumaður talaði um, að æskilegt væri, að aðrar eins umræður og um daginn, spynnust ekki út af þessu máli. Þótt jeg sjái enga ástæðu til að taka þetta til mín sjerstaklega, skal jeg samt fara eptir tilmælum hans og draga svart stryk yfir það, sem jeg annars hefði þurft að svara. Jeg mun þó líklega minnast á einn h. þm., en reyna mun jeg að gera það á þann hátt, að hann þurfi ekki að fara að stökkva upp á nef sjer.

H. þm. gat þess, að hann hefði orðið hissa, þegar hann sá nafn h. 2. þm. Húnv. (B. Sigf.) og h. 1. þm. Rangv. (Þórð. G.) undir einni breytingartill. sem nafn mitt er einnig við, og fór hann þeim orðum um, að »þeir væru þó kunnir að því, að vilja ekki eyða fje landssjóðs til óþarfa«. Á þessum ummælum h. framsögum. er jeg hissa, því að þau gefa tilefni til og fulla heimild til að gera þá ályktun, að vjer hinir, er einnig stöndum undir breytingartill., sjeum kunnir að því að vilja verja fje til óþarfa. (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.: Það voru ekki mín orð!). Nei, og jeg veit líka, að það hefir ekki verið meining h. þm., og jeg segi þetta ekki til þess, að gefa honum neinar ákúrur fyrir það, en að eins til þess, að

koma í veg fyrir að aðrir misskilji það. Á hinn bóginn get jeg alls ekki, sannfærzt um, að með breytingartill. sje farið fram á annað en það, sem rjett er.

Útgáfa Fornbrjefasafnsins er mikið verk og mjög vandasamt, og er því náttúrlegt, að meiru sje kostað til þess heldur en ef það væri mjög vandalítið, enda mætti sjálfsagt hætta við verkið, ef sá maður, er nú hefir það á hendi, sleppti af því hendinni, með því að enginn annar er fær til þess, af núlifandi mönnum, að minnsta kosti enginn þessum jafnsnjall. Þá er breytingartill. á þingskj. 409. Jeg ætla að eins að minnast lítilsháttar á þær, og reyna að komast hjá því að gefa h. 2. þm. Árn, (B. M.) ástæðu til að brúka miður sæmileg orð hjer í deildinni, sjálfum sjer til vanvirðu og öðrum til lítillar skemmtunar, heldur lofa honum í friði að ríða sínum examens-kepphesti hvert á land sem hann vill og svo lengi sem hann vill, þótt hann vilji til dómadags.

Einstökum þm. hafa farizt svo orð, sem sumar af þessum breytingartill. sjeu framkomnar til þess að vekja persónulega deilu. En jeg vil frábiðja mjer þær getsakir. Við fyrri umræður þessa máls hafa verið færð rök að því, að meiri þörf fyrir lækni sje annarsstaðar á landinu en í Árnessýslu, og því sje rjett að fella liðinn 11. gr. 2. k. burt, úr því að þingið treystist eigi að fullnægja óskum manna annarstaðar, þar sem þörfin á aukalækni er margfalt meiri.

Önnur till. er um 400 kr. styrk til þess að semja kennslubækur.

H. framsögum. gat þess, að sjer þætti styrkurinn til bókaútgáfu verða nokkuð hár, ef við þetta bættist nú styrkurinn til þess að gefa út orðabækurnar; það yrði þá 2200 krónur yfir fjárhagstímabilið. En það þarf alls ekki að samþykkja allar þessar styrkveitingar. Jeg er á því, að styrkurinn til kennslubóka við barnaskóla og umgangskennslu sje bráðnauðsynlegri en styrkurinn til orðabókanna. Öðrum kann að virðast þvert á móti. Jeg hef því greint þessar 3 fjárbænir þannig, að hverjum gefist kostur á að velja úr og greiða atkvæði með þeirri upphæðinni, sem honum þætti nauðsynlegust.

Mjer þykir það merkilegt, að h. framsögum. skuli hafa tekið svo illa í breyt.-till. við 13. gr. C. 12., að í staðinn fyrir »safna« komi »rita«. Við 2. umr. heyrðist oss það vera almennur vilji deildarinnar, að það skilyrði væri sett, að eitthvað væri ritað, ekki einungis safnað til útgáfunnar, og eins hitt, að sagan væri rituð á íslenzku. Þá kemur 5. liðurinn. Það mun hafa verið aðalásteytingarsteinninn — svo var að heyra við 2. umr. —, að það væri gert að skilyrði fyrir styrkveitingunni, að gefnar væru út 24 arkir af bókinni á fjárhagstímabilinu. Þótti oss nokkuð mæla fyrir því, er h. 2. þm. Árn. (B. Th. M.) sagði, að það væri hart að gengið, að skylda sig til að gefa út 24 arkir, með því að hann mun ekki hafa »forleggjara«, og fje er heldur ekki veitt til útgáfunnar á annan hátt. En aptur á móti þykir oss það engan veginn til of mikils mælzt, að það skilyrði sje sett, að skilað verði á fjárhagstímabilinu handriti albúnu til prentunar, er nemi 24 örkum.

Hjer hefir og komið fram önnur breyt.-till., sem eins stendur á með, nefnilega um styrkveitinguna til þess að gefa út ensk-íslenzka orðabók. Þar er það tekið fram, að handritinu sje skilað búnu til prentunar, og hjer er farið fram á hið sama, og höfum vjer komið fram með breyt.till. í þeim tilgangi, að sömu skilyrðin sjeu sett þar, sem eins stendur á. H. framsögumaður tók það líka

fram um styrkinn til þess að semja skrá yfir forngripasafnið, að nauðsynlegt væri, að eitthvert skilyrði væri sett. Einmitt af sömu ástæðu er nauðsynlegt að setja skilyrði hjer, svo að það líti ekki svo út, að styrkur þessi sje gerður að nokkurs konar föstu embætti, eins og h. framsögumaður komst að orði.

H. framsögum. nefndi í þessu sambandi þann mann, er í nokkur ár hefir notið styrks til þess að ferðast og safna til landfræðissögu Íslands, nefnil. Þorvald Thoroddsen. En þessis amanburður er ekki rjettur. Því að til þess að geta safnað, þarf hann að ferðast, og peningana hefir hann fengið útborgaða eptir reikningi, eptir því sem mjer er bezt kunnugt, svo þetta er að skoða sem nokkurs konar ferðastyrk. Hafi það komið fyrir, að allt fjeð hafi ekki gengið til ferðarinnar, og afgangur orðið, þá hefir hann að því er mjer framast kunnugt leift af upphæðinni, og þannig ekkert fengið sjerstaklega fyrir að rita eða safna. En hafi hann tekið fjeð allt án þess að leggja fram reikning, þá er það undantekning, sem mjer er ekki kunnugt um. Þá er enn þá ein breyt.till. á þingskjali 412, sem jeg býst við að h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) taki óstinnt í, með því hann hefir lýst því yfir, að hann mundi undantekningarlaust greiða atkvæði móti öllum styrk til alþýðumenntunar. (*H. Kr. Fr.*: Það veit heilög hamingjan!). Það er örðugt að halda loforðið, að koma hvergi nærri h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.); og svo mikið verð jeg að segja, að þau orð, er hann við 2. umr. hafði um alþýðumenntun, voru svo, að jeg verð að óska, að hvorki hann nje nokkur annar láti sjer slíkt um munn fara. Og ef hann vill reyna að bæta dálítið úr því, þá ætti hann að standa upp og taka þau öll saman aptur, og játa fyrir deildinni, að hann hefði oftalað allt. (*H. Kr. Fr.*: Nei, nei!). Jú, þm. ætti að reyna að þvo af sjer þenna blett, og verður þó aldrei, aldrei hreinn. Hann tók það einnig fram, að það væri heimskulegt að leggja fje til skóla, nema ef vera skyldi til þess að stofna þá. Raunar er nokkuð til í þessu, því að þetta má skoða frá tvennu sjónarmiði. Annaðhvort er, að landssjóður stofnar skólana, kemur þeim á fót, og svo sje þeim haldið við af sýslusjóði eða hjeruðunum, eða að sýslan stofni skólana eða einstakir menn, eins og víða á sjer stað hjer á landi, t. d. þeir, sem skólarnir eru gefnir, og landssjóður haldi þeim svo við úr því eða styrki þá að nokkru. Nú er komið svo langt, að það er almennt álitið, að alþýðumenntunarstofnanirnar geti krafizt fjár úr landssjóði sjer til viðurhalds, enda þó að h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) blæði í augum hver eyrir, sem til þeirra þarfa fer, og þyki allir of heimtufrekir, sem beiðast fjár í þessu augnamiði. Hann hrópaði upp einu sinni í ræðu sinni, að forstöðumaður Flensborgarskólans »fengi aldrei nóg«! Jeg verð að lýsa yfir því, að það hlýtur að vera honum ljóst, að forstöðumaður þessa skóla hefir ekki beðið um einn einasta eyri handa sjálfum sjer, og hefir því með engu atviki gefið tilefni til þessarar upphrópunar h. þm. Það er sótt um þenna styrk í þeim tilgangi, að launa öðrum kennara við skólann, sem nú hefir verið við hann í 8 ár fyrir að eins $^1/_3$ af því, sem annarsstaðar er borgað fyrir sama verk. Nú liggur við borð, að þessi kennari fari frá skólanum, ef við sama er látið standa um laun hans; hann getur tekið prestvígslu hvenær sem hann vill,

En það væri ekki einungis mjög mikið tjón fyrir þann skóla, sem hann hefir um nokkur ár unnið við, heldur fyrir kennslumálefnin yfir höfuð, einkum kennarakennsluna; vjer höfum þar engum jafnsnjöllum á að skipa.

Jeg skal ekki fara langt út í ummæli h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) um umsjón sína við latínuskólann. Það er gott, að hann getur hrósað sjer af henni, því jeg er viss um, að enginn annar mundi verða til þess. En vjer þurfum ekki annað en að fara upp í skóla til þess þess að sjá, að þessi umsjón er ekki mikils virði. Það er ekki einu sinni hægt að hengja af sjer hattinn sinn, hvað þá heldur meir, allir skiðgarðar skólans hálf-fallnir, sumir hangandi á hliðinni og mosavaxnir, engu hliði er þar hægt að loka, og allt fram eptir þeim götunum. Hann var að hæla sjer af, að eigi þyrfti nema 3000 krónur til skólans alls. Það er hægt að spara, ef það er ekki gert sem gera þarf. Jeg skal kenna honum ráð til að spara enn þá meira, og það er það, að láta hreint ekki gera neitt fyrir þetta fje; þá sparar haun upphæðina alla. Eitt af því sem hann hrósaði sjer af, var, að hann fengi kolin ódýrari en almennt gerist hjer í bænum. Mjer finnst það nú lítill frægðarleikur, því að þegar keypt er svo mikið í einu, er það hægðarleikur fyrir hvern mann. En hvernig stendur á, að hið sama er ekki tilfellið með móinn? Jeg veit til þess, að skólinn hefir borgað 78 aura fyrir hestinn á sama tíma og aðrir gáfu 50 a. fyrir hann. Jeg veit, að h. þm. (H. Kr. Fr.) mun mótmæla þessu, en það er ekki til neins, því að þetta er öllum kunnugt, enda mun jeg geta fært sönnur á það. (*H. Kr. Fr.*: Þetta er ekki satt). Þingm. getur sagt, að þetta sje rangt, af því að það er satt, að hann keypti hestinn á 45 aura; en jeg skal nú gera honum grein fyrir, hvernig á því stendur, að jeg hef samt sem áður rjett að mæla, og h. þm. (H. Kr. Fr.) veit, að svo er. Það mál, sem hann leið seljanda að brúka, var svo lítið, að þegar mórinn eptir á var mældur í löghripum, sem viðurkennd eru hjer í Reykjavík, þá varð hver löghestur ekki á 45 aura, heldur 78 aura, eins og jeg sagði. Jeg vona, að h. þm. fyrir gefi mjer, þótt jeg minnist á þetta; það var af því, að hann var svo mikið að hæla sinni frammistöðu sem umsjónarmaður við latínuskólann; jeg hefi aldrei heyrt henni hælt fyr. En jeg vona, að h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) verði nú stilltari en um daginn, og hegði sjer ekki eins og hann gerði við 2. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um breyt.-till. á þingskjali 401, því að bæði hefir h. framsögum. (J. J.) og hæstv. landshöfðingi minnzt á hana. Jeg skal að eins taka það fram, að ástæðan til þess, að mál þetta hefir ekki fyr komið inn á þing, er sú, að Sveinbjörn búfræðingur Ólafsson, sem hefir rannsakað engi það, sem hjer ræðir um, kom hingað til bæjarins nú fyrst fyrir fáum dögum; mun hann þá hafa farið á fund landshöfðingja, til þess að fá umboðsvaldið til að hlutast til um, að fje væri lagt til fyrirtækisins, en er það gat ekki látið sig gjöra, kom hann til mín; var hann þá á hraðri ferð, og af því stafar það, að skýrsla hans er ekki sem fullkomnust, en þó er ekkert við hana að athuga að því er staðhætti snertir. Jeg skal taka það fram, að suðaustan við hinn fyrirhugaða skurð verður allstórt engjastykki, sem ekki eru líkur til að fari í sand fyrst um sinn eða á næstu árum, þó jeg að öðru leyti treysti mjer ekki til að spá,

hvernig sandfokið muni haga sjer. En það er öldungis víst, að verði hjer ekki bætt úr, þá verða flóðin gagnslítil; í sumar munu þau verða því nær gagnslaus. Búfræðingur einn hefir tekið það fram, að í Steinsmýri sjeu engjar líkar og í Safarmýri; sex eða sjö búendur sækja þangað sinn engjaheyskap, auk annara, er fá þar keyptar slægjur; eyðileggist þetta land, þá eru jafnframt tapaðar allmargar þúsundir króna fyrir landssjóðnum. Jeg hefi fundið mjer skylt að gefa hlutaðeigendum skýrslu um þetta, og jeg vil mikillega leggja það til, að þessari eign landssjóðs sje bjargað frá eyðingu. En auðvitað er hver húsbóndi á sínu heimili, og honum frjálst að eyða eignum sínum í ráðleysi og trassaskap; eins er með h. deild; henni er hjer að vissu leyti frjálst að láta eign landsins eyðast, ef henni þykir það við eiga og sóma sínum samboðið.

Þá skal jeg minnast á breyt.till. um aukalækni í Húnavatnssýslu. Það var við því að búast, að sú breyt.till. mundi koma fram, eptir að aukalæknir hafði verið samþykktur í ofanverðri Árnessýslu, því að ekki mun alls ólíkt með læknaþörfina á báðum stöðunum; en satt að segja ætla jeg, að á hvorugum staðnum sje aukalæknir bráðnauðsynlegur; vildi jeg láta sama yfir báða ganga, annaðhvort halda báðum eða fella báða. En áður en vjer gjörum út um, hvort heldur vjer viljum gjöra, verðum vjer að athuga það, að þessi deild hefir þegar bætt við 5 nýjum aukalæknum, og að sjálfsagt má telja, að h. efri deild bæti enn einum við í Strandasýslu. Af því að fjárhagur vor stendur ekki betur en raun hefir á orðið, þá mun öllu ráðlegra að bíða þó í bráð með fjölgun aukalækna, þar sem brýnasta nauðsyn rekur ekki eptir.

Þá skal jeg víkja máli mínu að fornbrjefasafninu og Íslandssögunni. Það er ekki rjett að breyt.till. um þessi rit sje komin fram til þess að vekja æsingaræður, en hins vegar dettur mjer ekki í hug að hopa á hæl fyrir æsingaræðum, þegar jeg tel mig fylgja rjettu máli. Jeg álít fornbrjefasafnið svo þýðingarmikið fyrir oss, að ástæða sje til að flýta útgátu þess sem mest, og í sambandi við önnur ritlaun eru 40 kr. ekki gífurlega há ritlaun fyrir örkina í því, sjerstaklega þegar þess er gætt, að registur á að fylgja hverju bindi, því að samning þess er erfitt og seinunnið verk. Í þessu safni eru mörg skjöl, bæði máldagar og annað, sem hafa mikla þýðingu fyrir heimildir manna, og kostar það einatt ærið fje að fá eptirrit af þeim, og auk þess hafa þau stundum verið hreint og beint hulin fyrir þeim, sem hafa þurft að nota þau.

Hvað till. um styrkinn til Íslandssögunnar snertir, þá var það ekki rjett hjá h. framsögum. (J. J.), að það sje sama tillagan, sem atkvæði var greitt um við 2. umr.; þá var hún ekki sundurliðuð, nú er hún það, og deildinni því gefinn kostur á að greiða atkvæði um hvern liðinn fyrir sig. Jeg álít það þegar mikils vert, að það skilyrði sje sett, að sagan sje á íslenzku, þar sem af öðrum hefir verið sett það skilyrði hinum sama manni, að hann riti sögu sína á dönsku. Það þykir ef til vill ósanngjarnt, að binda fjárveitinguna því skilyrði, að 24 arkir verði búnar undir prentun af ritinu á þessu fjárhagstímabili. En þegar þess er gætt, að áður hafa verið veittar til þess 1200 kr. af landsfje, og nú aptur 1200 kr. eða alls 2400 kr., og að höfundurinn fær annarstaðar frá jafnmikið fje, svo að alls verður það 4800 kr. eða 200 kr. fyrir hverja örk af þessum 24 örkum, þá sýnist ósanngirnin þó ekki vera mjög

mikil. Það játa allir að æskilegt sje, að rit þetta komi út sem fyrst. En jeg álít það óhugsandi, hve vel sem höfundurinn er fær og hve vel sem hann er menntaður í sinni grein, og þótt hann sje iðinn og ástundunarsamur, að rit hans, sem heita má að byrji á óplægðri vísindagrein, verði ekki meira eða minna ófullkomið í fyrsta sinn, er það kemur út. Og þar sem höfundurinn mun vera vandvirkur maður, þá getur langt liðið, þangað til það verður svo fullkomið sem honum líkar, og að vjer þar af leiðandi megum lengi bíða, þangað til vjer fáum nokkra Íslandssögu. Jeg vil heldur óska að vjer fengjum þegar á þessu fjárhagstímabili byrjun hennar, þótt eigi sje hún lýtalaus, en að þurfa að bíða eptir henni svo og svo lengi, jafnvel þótt hún kynni að verða að einhverju lýtaminni þá. Jeg verð því að telja það enga frekju af hálfu flutningsmannanna, þótt þeir hafi komið með þessa breyt.till.

Um aðrar breyt.till. ætla jeg ekki að tala; það mun sjást af atkvæðagreiðslu minni, hvernig jeg lít á hverja um sig af þeim. Jeg skal að eins taka það fram, að jeg vona að h. deild hafi það hugfast, er hún greiðir atkvæði um breyt.till. á þingskj. 401, að hún miðar til þess að bjarga eign landssjóðs frá eyðilegging.

H. þm. Borgf. (B. B.) þótti það ósanngjart, að leiguliðarnir væru ekki látnir borga neitt, en þess er að gæta að eptir lögum eru þeir ekki skyldir að leggja meira fram en það, sem svarar hálfri landsskuldinni af ábýlisjörðum þeirra. Það er eigi heldur rjett, að ábúendurnir eigi ekkert að leggja fram, því að þótt hjer sje farið fram á að landssjóður leggi 1000 kr. til verksins, þá hefir búfræðingurinn tekið það fram, að það mundi verða 500 dagsverk, og þau kosta meir en 1000 kr. Auk þess mun verkið verða unnið undir tilsjón búfræðings, og honum verður að borga af þessum 1000 kr. Leiguliðarnir munu því sjálfir verða að leggja fram talsvert meira en nemur allri landskuldinni af jörðum þeim, sem starfið kemur að notum, en jeg veit að þeir munu líka vera fúsir að gjöra það.

Þórður Guðmundsson: Jeg stend ekki upp til þess að lesa upp allar þær breyt.till., sem gjörðar hafa verið við breyt.till. þessar, eins og h. þm. Borgf. (B. B.) hefir gjört. Jeg trúi h. þingdm. sjálfum til að geta lesið þær, skilið og dæmt um þær, en jeg mun sýna með atkvæði mínu, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur, hverjar breyt.till. jeg aðhyllist og hverjar ekki. Jeg ætla mjer að eins með örfáum orðum að gjöra grein fyrir því, hvers vegna jeg hefi skrifað nafn mitt undir nokkrar breyt.till., sem nú eru fram komnar.

H. framsögum. fjárlaganefndarinnar (J. J.) og h. þm. Borgf. (B. B.) þótti undarlegt að sjá nafn mitt og ýmsra annara, sem vildu spara fje landssjóðs, undir breyt.tillögum, sem miðuðu til að auka útgjöld hans, svo sem breyt.till. á þingskjali 412. En jeg get huggað þessa h. þm. með því, að jeg hefi enn ekki breytt þeirri skoðun minni, að spara fje landssjóðs þar, sem sjálfsagt er að spara það, eða þar, sem ekki er sýnilegt að útgjöldin miði til gagns almenningi.

Með breyt.till., sem fór í sömu átt og breyt.till. á þingskjali 409, gaf jeg ekki atkvæði mitt við 2. umr., en jeg áleit málið svo vaxið, að rjett væri að breyt.till. því viðvíkjandi kæmist inn í h. þingd. til 3. umræðu, svo málið gæti orðið betur rætt. Samt sem áður er það ekki ásetningur minn, að greiða atkvæði með þessu máli fremur nú en áður.

Það mál, sem breyt.till. á þingskjali 401 hljóðar um: 1000 kr. útgjöld til að varna skemmdum á Steinsmýrarengjum, lá ekki fyrir við 2. umræðu, en jeg mun gefa þessari tillögu hiklaust atkvæði mitt. Jeg hefi fengið upplýsingu frá nákunnugum manni um það, að engi þetta liggi undir eyðileggingu, ef ekki verður undinn bráður bugur að, að stemma stigu fyrir skemmdunum. Hjer er þingið því fremur skyldugt til að leggja fje fram, sem Steinsmýrarengjar eru eign landssjóðs. Þar sem þar að auki er líkt ástatt með Steinsmýrarengjar eins og Safarmýri, hvað eyðileggingu snertir, þá held jeg að mjer verði ekki brugðið um ósamkvæmni, þó jeg greiði atkvæði með þessari breyt.tillögu, því það stendur ekki á sama, hvort veitt er fje til að vernda eign landsins, ellegar til gagnslausra launaviðbóta og óvænlegra fyrirtækja.

Einar Jónsson: Það hefir enn komið fram hjá einstöku þingmönnum, að þeim vex í augum tekjuhalli, sem muni verða eptir þessu frumv.; en jeg álít samt að mönnum eigi ekki að vaxa þessi tekjuhalli svo mjög í augum, að þeir eigi að hika við að greiða atkvæði nú við 3. umr. með þeim útgjöldum, sem miða til þarflegra framkvæmda.

Við 2. umr. gjörði jeg dálitla grein fyrir, að það mundi ekki vera hættulegt, þó nokkur tekjuhalli yrði eptir frumv., þar sem landssjóður stæði sig nú svo vel.

H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) bar brigður á þá áætlun mína, að tekju-afgangurinn á yfirstandandi fjárhagstímabili mundi verða um 220,000 kr. En jeg hygg, að þessi áætlun muni ekki bregðast svo mjög. Hæstv. landsh. mundi bezt geta gefið yfirlit yfir tekju-afgangginn þann tíma, sem liðinn er af fjárhagstímabilinu, og ef afgangurinn skyldi nú hafa verið um 100,000 krónur árið sem leið, sem jeg hygg nú að sje, þá verður hann að líkindum ekki minni eptir árið, sem yfir stendur. Ef nú sparast 220,000 kr. á þessu fjárhagstímabili, þá stendur landssjóður vel að vígi, þó dálítill halli verði á fjárhagstímabilinu, sem í hönd fer.

Jeg er einn af þeim, sem ekki óska, að viðlagasjóður sje allt af látinn vaxa, meðan vor helztu velferðarmál, svo sem búnaðarmál vor og samgöngumál, eru ekki komin í betra horf en enn þá er og heimta stór fjárframlög, og þar sem nú útgjaldahækkunin í frumv. er mest fólgin í því, að auka stórum fjárframlögin til að bæta samgöngurnar eða láta þau vera 100,000 kr. hærri á næsta fjárhagstímabili en þau voru ákveðin 1891, þá álít jeg að þingið eigi ekki að hika við, að láta útgjöldin verða dálítið meiri en tekjurnar á næsta fjárhagstímabili.

Það vill nú svo vel til, að breyt.till. þær, sem fram eru komnar nú til 3. umr., fara mest fram á, að auka útgjöldin til samgöngumála og búnaðarmála, þar sem komin er fram tillaga um að verja 6000 kr. til uppmælingar á Hvammsfirði og 1000 kr. til að varna skemmdum á Steinsmýrarengjum, og mun jeg þess vegna gefa báðum þessum tillögum atkvæði mitt. Jeg álít, að þær miði báðar í þarflega átt.

Þá er breyt.till. á þingskjali 410 um að verja 1000 kr. annað árið og 400 kr. hitt árið til útgáfu orðabóka. Af því að jeg álít þessu fje varið til þarflegra fyrirtækja, þá hika jeg heldur ekki við, að gefa þessari tillögu atkvæði mitt, enda þótt útgjöld landssjóðs vaxi við það um 1400 krónur. Jeg ætla að það muni koma sjer mjög vel, að fá þessar orðabækur. Að vísu mun síður þörf á danskri orðabók en enskri, þar

sem vjer höfum eina stóra orðabók auk lesbóka með orðasöfnum, sem byrjendur geta haft gott af; en það er samt nauðsynlegt og gott, að fá smærri handorðabækur. Á hinn bóginn seljast þess konar bækur æfinlega svo dræmt, að forleggjarar vilja nauðugir gefa mikil ritlaun fyrir þær.

Að því er snertir breyt.till. á þingskjali 405 um að verja megi allt að 6000 kr. til uppmælingar á Hvammsfirði, þá þykir mjer vænt um, að minni upphæð er tiltekin en síðast. Sje það venja, að hin dönsku herskip mæli sjávardýpið við strendur landsins án beinlínis endurgjalds úr landssjóði, þá væri vænst, að þau vildu eins gjöra það framvegis.

Jeg hefði því helzt kosið, að þær mælingar, sem hjer ræðir um, gætu farið fram án kostnaðar fyrir landssjóð, en þar sem sjóliðsstjórnin hefur eigi fengizt enn til, að láta mæla þennan stað, þá þurfum vjer eitthvað til að gjöra og er þá þetta eina ráðið, því að jeg verð að ætla, að hún muni heldur gjöra það, þegar hún sjer, að þetta mál er oss svo mikið áhugamál, að vjer hikum ekki við að leggja fram allmikið fje til mælingarinnar. Að uppmæling Hvammsfjarðar sje þarft fyrirtæki, getur víst engum blandazt hugur um, og ætti þingið því ekki að horfa í þetta fjárframlag.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg hefi sjeð að nokkrir h. þingm. koma með breyt.till. um, að fella úr 11. gr. 2. k. um fjárveiting til aukalæknis í efri hluta Árnessýslu. Það hefur verið talað svo mikið um þetta mál við 2. umr. og færðar svo gildar ástæður fyrir því, að það væri árangurslaust að fara um það mörgum orðum, og það því fremur sem vænta má, að þeir sem greiddu atkvæði með fjárveitiug þessari við 2. umr. muni gjöra það enn. Það hefir verið sjerstaklega tekið fram, hve miklu meiri þörf væri á aukalækni í Húnavatnssýslu.

Jeg skal ekki gjöra lítið úr þörf Húnvetninga með að fá aukalækni, en það er meiri þörf á aukalækni í Árnessýslu heldur en í Húnavatnssýslu, því þar er stærra hjerað og fólksfjöldinn meiri, svo jeg vona, að h. þingdeildarmenn breyti ekki skoðun sinni á nauðsyninni á aukalækni þar.

Jeg get ekki alveg leitt hjá mjer að minnast á orð h. þingm. Borgf. (B. B.) við 2. umr. málsins, þar sem verið var að ræða um að flytja Björn Ólafsson aukalækni frá Akranesi og hingað til Reykjavíkur. Ef jeg man orð h. þm. Borgf. (B. B.) rjett, þá bar hann oss, nærsveitamönnunum við Reykjavík, það á brýn, að hjer rjeði hreppapólitík, svo vjer gætum haft lækni þenna nær okkur. Já, nærsýnir erum við, svo ekki er von að vel fari. En það mundi þá ekki mega segja, að það væri af hjeraðs-elsku fyrir h. þingmanni, að hann vilji ekki láta lækni þenna fara úr kjördæmi sínu? Jeg færði við 2. umr. ljósar ástæður, sem mæltu með því, að læknir þessi yrði látinn flytja hingað, og sýndi fram á, að ferðakostnaður hjeðan til Akraness með öðrum kostnaði sem af því leiddi að vitja læknisins þangað, yrði ekki að eins 2 kr., heldur miklu meira og enda undir ýmsum kringumstæðum ekki metinn til peninga.

H. þm. Borgf. (B. B.) minntist á mig sem einn af þeim, sem hefðu skrifað undir breyt.till. undir fjárveitingar sem nú eru til umræðu hjer í deildinni; jeg var einn af þeim 19, sem hann dró upp á sitt talnaband, þar sem hann var að setja ofan í við okkur fyrir, hve ríflr vjer værum á fje *landsins*. Mjer hefði þótt meira varið í það, hefði hann verið elzti og reyndasti þingm.

hjer í deildinni. Biði hann með að knjesetja mig. þangað til hann er orðinn dálítið eldri; ef þetta skyldi vera fyrsta afreksverkið, sem h. þingmaður framkvæmir á löggjafarbrautinni, eins og hann sjálfur hefur svo heppilega komizt að orði um sjálfan sig áður hjer í deildinni, er vonandi, að það verði ekki hið síðasta.

Sje það meining h. þm. Borgf. (B. B.) að hann með því, að vilja kenna þingmönnum, hvernig þeir eigi að skrifa undir breytingartill., vilji tryggja framtíð sína í þingmanns sessi, þá nægir honum ekki að láta prenta þessi aðvörunarorð sín með feitu letri í Alþingistíðindunum, því það lesa svo fáir Alþingistíðindin. Hann verður að láta taka sjerprent af ræðum sínum til þess að þetta nýja evangelíum komizt inn á hvert heimili í hans kjördæmi.

Hvað breyt.till. þá snertir, sem jeg er við riðinn, á þingskj. 389, um styrkveiting til Ditlevs Thomsens til að greiða fyrir sölu á íslenzkum vörum í útlöndum, þá vona jeg, að h. þingdeild viðurkenni, að tilgangur hennar er góður, og að hún hiki ekki við, að greiða með henni atkvæði sín, og að það fæli engan frá að veita henni fylgi, að það er kaupmannssonur, sem farið er fram á, að veita þetta fje. H. þm. Dal. (J. P.) hefir lýst nokkuð þessum manni, og get jeg tekið undir með honum, að maður þessi muni vera með hinum álitlegri mönnum, af kaupmannastjettinni, til þessa starfa. Hann mun hugsa um hagi landsins framar mörgum öðrum stjettarbræðrum sínum, og væri svo, að hjer væri efni í þjóðlegri kaupmann en almennt, og íslenzkari í anda en margur annar, þá ættum vjer ekki að slá hendinni móti því, — og þó árangurinn af ferð hans kunni að verða lítill, þá vona jeg, að hann verði nokkur, og vjer höfum opt kastað fje út í óvissu. En hvað sem því líður, álít jeg engan ósóma að greiða atkvæði með þessari fjárveitingu, og það enda þótt h. þm. Borgf. (B. B.) kunni að hafa á móti því.

Jens Pálsson: Það eru tvær tillögur, sem jeg þarf að fara fáeinum orðum. Önnur þeirra er á þingskj. 389. Jeg skal geta þess, að í enda þessarar tillögu standa orðin: »1800 krónur árið«, sem er prentvilla, og á að vera: »1800 krónur fyrra árið«.

Þessi tillaga er frá verzlunarmálanefndinni, sem nú hefir lengi verið að íhuga þau mál landsins. Henni er það ljóst, að nauðsynlegt er, að fá sem beztar upplýsingar um það, hvar íslenzkar vörur muni seljast bezt á erlendum mörkuðum.

Til nefndarinnar hefir komið framboð frá vel menntuðum og vel færum verzlunarmanni, hr. Ditl. Thomsen, og sem menn bera gott traust til. Hann býðst til að ferðast víða um lönd, til að rannsaka, hvar beztir markaðir sjeu fyrir íslenzkar vörur. Vjer getum eigi betur sjeð en að einmitt slík rannsókn geti greitt fyrir og sje líkleg til að bæta sölu á íslenzkum varningi. Hann segir svo í framboðsskjali sínu til nefndarinnar — með leyfi h. forseta ætla jeg að lesa það upp:

»Upplýsingar þær, sem jeg mundi skuldbinda mig til að gefa um árangurinn af ferð minni, hefi jeg hugsað mjer, að hafa þannig lagaðar, að safna og gefa upp fyrir hvern einstakan sölustað skýrslur yfir allan innflutning af þeim vörutegundum, sem framleiddar verða á Íslandi, svo og verð þeirra um öll tímabil ársins, bæði í stórkaupum og smákaupum; því næst lýsing á vörum þeim, frá öðrum löndum, er spilla fyrir sölu á afurðum vorum, og loks upplýsingar og leiðbeiningar í þá átt, hvað gera þurfi og hver aðferð sje

heppilegust til að koma afurðum vorum á sama eða jafnvel hærra stig, en afurðum frá keppinautum vorum«.

Þessi orð hans lýsa því ljóst, hver tilgangur hans og stefna er. Hann ætlar utan til að útvega fræðslu og skýringar um sölu íslenzkrar vöru, sem er harla nauðsynlegt og mikið í það varið. Þegar jeg les verzlunarskýrslurnar í Stjórnartíðindunum fyrir árin 1880 til 1890, þá sje jeg, að útfluttar vörur íslenzkar hafa numið 7,300,000 kr. að verði, þegar bezt ljet í ári, en í harðærinu á þessu tímabili námu þær minnst 3 miljónum króna. Ef nú slík tilraun af landsins hálfu, sem herra Ditl. Thomsen býðst til að gera, tækist vel, þá yrði árangurinn í því fólginn, að íslenzkar vörur að einhverju leyti hækkuðu í verði á útlendum mörkuðum.

Setjum nú svo, að allar íslenzkar vörur næmu að meðaltali 5,000,000 kr. á ári, sem ekki er ofílagt, og setjum að Thomsen með rannsóknarför sinni og allri viðleitni til markaðsbóta gæti komið því til leiðar, að íslenzkar vörur hækkuðu svo í verði, að næmi aðeins 1 af þúsundi; það væri enginn smáræðis hagnaður fyrir landið. Það yrðu 5000 krónur á ári, sem landið græddi við það, að vörur þess stigi um $^1/_{1000}$, og slíkur árshagnaður er ekki lengi að draga sig saman í álitlega upphæð. Þegar jeg lít á þetta og gæti þess jafnframt, að til þessarar farar býðst efnilegur og vel hæfur maður, þá verð jeg að álíta viðurhlutamikið að hafna þessu framboði. Jeg vil því leyfa mjer að mæla sem bezt með því að það sje þegið. Það kostar oss að eins 1800 krónur í eitt skipti fyrir öll. En hins vegar fáum vjer skýrslur frá hans hendi, er geta gefið oss margar mikilvægar bendingar. Jeg hika ekki við, að greiða tillögunni atkvæði mitt, og vona að h. deild álíti rjett, að samþykkja hana.

Jeg skal í sambandi við þessar till. mínar lýsa yfir því, að jeg ber engan kvíðboga fyrir tekjuhalla þeim, sem svo margir þingd.m. eru smeikir við. Jeg er samdóma h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) í því, að eptir öllum líkum að dæma, þá mundi tekjuafgangurinn verða 220,000 kr. Jeg ætla að engin hætta sje á því, að tekjuáætlunin muni vera svo hátt sett, að tekjurnar svari ekki fullkomlega til áætlunarinnar. En af þessu leiðir, að ógnanir með sjóðþurrði hafa eigi þau áhrif á mig, að jeg greiði eigi tíslega atkvæði mitt með hverri þeirri fjárveitingu, sem hófleg er og allsendis nauðsynleg.

Þá er að minnast á hina aðra breyt.-till., sem þm. Borgf. (B. B.) varð mestur maturinn úr, og það er tillagan um að veitt sje fje til að mæla uppsigling á Hvammsfirði. Jeg hef orðið þess vís, að mörgum þingmönnum þótti upphæðin of mikil, er fyrst var farið fram á, eða 10,000 krónur, og að sú fjárveitveitingartillaga fjell við 2. umr. fjárlaganna fyrir þá skuld. Nú hefir þeirri tillögu verið breytt, eptir bendingum og óskum h. þingdeildarm. Þeim þótti betur við eiga, að hlutaðeigandi hjerað legði fram nokkurt fje til móts við landssjóðsstyrkinn. En þegar jeg bar þetta mál fyrst fram, þá var jeg bundinn við þá áætlun, sem jeg hafði í höndum. Áætlunin var nákvæmlega byggð á og samkvæm áliti þeirra manna, er fróðir eru um þá hluti, og höfðu gefið bendingar að tilhlutun hæstv. landsh. Áætlunin sýnir, að þessa fjár þarf með, og jeg hafði enga heimild til að draga úr henni, heldur lagði hana fram fyrir þingið til þess það gæti látið álit sitt í ljósi um þetta mál.

Enginn hefir rengt, að þetta sje nauð-

synjamál, nema h. þm. Borgf. (B. B.). H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) gaf glöggar upplýsingar um, að einmitt á Hvammsfirði væri góð leið gufuskipum á hentugum tíma, enda er hann kunnugur þar vestra.

Jeg ætlaði ekki að amast mikið við þm. Borgf. (B. B.), en ekki þótti mjer frammistaða hans virðingarverð, þegar hann við fyrri umr. málsins bar fram gegn því ósannar og villandi ástæður, og það á þann hátt, að mjer fló í hug sú spurning, hvort þm. talaði ekki móti betri vitund. Þannig þóttist hann hafa mælt lengd hinnar óuppmældu leiðar (nefnilega frá Stykkishólmi inn fyrir Lambey) á kortinu, en fór þó eigi nær sönnu en svo, að hann nærfelt tvöfaldaði vegalengdina. Það er illt til þess að vita, er fulltrúar þjóðarinnar sýna sig í því, að spilla nauðsynjamálum; en svo langt hefir þessi þm. gengið í tilraun sinni að spilla fyrir þessu rjettmæta máli, og fært svo rangar ástæður gegn því, að spurningin um það, hvort hann hafi vísvitandi farið með rangt, er eðlileg; og þó jeg vilji sýkna hann af því í huga mjer, og geri það hjer með, þá er það af þeirri ástæðu, að jeg get ekki trúað kjósendum hans til þess, að hafa sent þann mann á þing, er geri sig beran að slíku.

H. framsögum. (J. J.) gat þess, að menn mundu ekki vera nógu vel sannfærðir um nauðsyn þessa máls; en jeg vona samt, að hann sje orðinn sannfærður um hana, og jeg veit, að margir fleiri þingmenn þurfa ekki optar að heyra hinar góðu og gildu ástæður fyrir þessu rjetta máli fram bornar, til þess þeir skilji, hvert nauðsynjamál það er, og efast ekki um, að hjer er gott mál fram flutt af sönnum og rjettum ástæðum.

Jeg þarf því í rauninni ekki að bæta við það, sem jeg hef áður sagt þessu máli til stuðnings, en þó ætla jeg að gjöra það, svo ekki megi mjer um kenna, að jeg hafi ekki skýrt það eptir föngum.

Meiri hluti þeirrar sýslu, er að Hvammsfirði liggur, á eins og stendur allerfitt til allra aðdrátta. Til kaupstaðarferða fram og aptur ganga að jafnaði 3—4 dagar, og í skreiðarferðum eru menn í viku eða lengur, er þeir sækja norður á Snæfjallaströnd við Ísafjarðardjúp eða vestur undir Jökul, þ. e. út á Snæfellsnes. Eru þessar ferðir bæði erfiðar og dýrar, og er ekki ofsagt, að flutningaerfiðleikar standa Dalasýslubúum mjög fyrir þrifum. En komist sjóleiðin á, þá má flytja allan varning sjóveg í 6 hreppa sýslunnar, og er það eigi lítið hagræði. Snæfellsnessýsla hefir og mjög mikinn hagnað af þessari sjóleið, einkum sveitirnar kring um Jökul; þeim er mikilsvert, að Hvammsfjörður opnist, því við það mundu viðskipti þessara sjávarsveita við Dalamenn mjög svo greiðast.

H. 1. þm. Rangv. (Þórð. G.) sagði í einni ræðu sinni, að hann vildi spara fje til alls nema þess, er varðaði hag alls landsins; hún er áheyrileg þessi yfirlýsing h. þm. og ekki lítil í vöfunum, og ekki væri tiltökumál, þótt hann vildi láta það sjást svart á hvítu, að hann fylgi meginreglu í fjármálum, ef hann ekki hefði sjálfur brotið þessa sína meginreglu hvað eptir annað. Eða var hann á móti styrk til gufubáts við suðurströndina? Var hann á móti fjárveitingu til brúar á Þjórsá?

Jeg skal enn geta þess, að þegar Húnaflói er fullur af ís, þá mundi sjóleiðin á Hvammsfjörð koma að hinu mesta haldi vesturhluta Norðurlands, því ekki er hætt við hafís á Breiðafirði nje í Hvammsfirði. Húnvetningar

og Strandamenn geta þá frá Hvammsfirði náð að sjer vörum í ísaárum; en þeim hafa áður verið allar bjargir bannaðar, þegar svo hefir staðið á.

Enn má geta eins. Á þessu þingi hefir verið farið fram á að veita stórfje til samgöngubóta á sjónum kring um landið. En Dalasýsla er eina sýslan á landinu, sem ekkert beint gagn getur haft af strandferðunum, meðan leiðin inn á Hvammsfjörð er lokuð, en svo má að orði kveða, meðan þar er ekki mælt upp.

Af því austursýslurnar, Árness-, Rangárvalla- og Skaptafellssýslur, álítast ekki hafa bein not strandferðanna, hafa þær 16 aðalpóstferðir á ári, þar sem aðrir landshlutar hafa að eins 14. En slík tilhliðrun er ekki sýnd hinni strandferðalausu Dalasýslu. Hún hefir að eins 14 póstferðir, eins og þær sýslur, er mestar hafa strandferðirnar. Á öndverðu þingi bar jeg þessi vankvæði upp fyrir h. fjárlaganefnd, og fór þess á leit, að hún vildi leggja það til, að úr þeim yrði bætt, þó ekki væri með öðru, þá þó með uppástungu um aukapósta frá Stykkishólmi eptir komu strandferðaskipanna þangað — og til Hjarðarholts. En sú beiðni Dalamanna gat ekki fengið áheyrn hjá nefndinni. Jeg tek þetta fram til að sýna, að einnig þetta ætti að vera hvöt fyrir þingdeildina til þess að samþykkja þessa fjárveitingu til uppmælingar á innsiglingu á hinn margnefnda fjörð.

H. þm. Borgf. (B. B.) sagði, að »coursinn« í þessum tillögum væri allt af að lækka. Honum svara jeg því, að jeg ætla enn sem fyr, að ekki muni veita af því fje, sem upphaflega var áætlað og farið var fram á við 2. umr. Samt sem áður færði jeg upphæðina niður á tillögu minni til þessarar umræðu, af því jeg þóttist sjá, að ekki mundi tjá að halda hinni upphaflegu upphæð til streitu, þar sem slíkt mundi geta orðið málinu til algerlegs falls á þessu þingi, en málið er svo vaxið, að framkvæmd þess má ekki dragast; það er stórtjón fólgið í undandrætti þess. Hins vegar ber jeg og öruggt traust til landsstjórnarinnar, að hún hjálpi upp á sakirnar með því að fá liðsinni sjóliðsstjórnarinnar með sem beztum kjörum, til að framkvæma verk þetta, enda ætla jeg þaðan mikillar hjálpar von í notum þess sjókortsauka, er þannig mundi ávinnast.

Loks vil jeg eindregið mæla með tillögunni af þeirri ástæðu, að hún er í fullu samræmi við þá grundvallarstefnu, sem fjárlaganefndin og h. neðri deild hefir fylgt, og hæstv. stjórn einnig hefir fylgt í vegabóta- og samgöngumálum, því að uppmæling Hvammsfjarðar er einmitt einn liður í þeirri framkvæmdakeðju.

Áður en jeg skilst við þetta mál, verð jeg að taka það fram, að þótt jeg sje sannfærður um, að þær framkvæmdir til samgöngubóta, sem landsfje er veitt til í þessu frumv., t. d. bryggjugerðin á Blönduósi og gufubáturinn á Lagarfljótsósi o. fl., sjeu nauðsynjafyrirtæki, þá er þó uppmæling Hvammsfjarðar fullkomlega eins nauðsynleg, og gagnsemdin eða árangurinn af því fyrirtæki að minni skoðun auðsærri og vissari en af flestum, ef ekki öllum þeim framkvæmdum í líka átt, sem fje er ætlað á frumv., og það hefir þetta fyrirtæki við sig umfram öll önnur svipuð, sem hjer eru til umræðu, að fjeð, sem til þess gengur, er veitt í eitt skipti fyrir öll, en væntanleg afnot eptir eðli sínu óendanleg. Jeg vona, að h. deild láti mál þetta njóta þess, að það er skilborið systkini fjölda annara mála,

sem hún vill einhuga styðja, og gjöri ekki upp á milli systkinanna.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg hef ná þegar fengið svo margar hnútur sendar, að jeg get búið mjer til úr þeim beinahús, eins og Höttur heitinn; en hitt er nú eptir að vita, hvort jeg get varið mig á eptir eins vel og Hjalti hugprúði; en jeg ætla þó að reyna það.

Það er þá fyrst h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.), sem jeg ætla að snúa mjer að. Hann sagði, að það sem jeg sagði hefði verið svo heimskulegt, að hann varla hefði fundið ástæðu til að svara því. Hann brúkaði orðið heimsku, en jeg verð að segja þingm., að jeg þykist of menntaður til að segja, að orð og ástæður þær, er þingmenn bera fram í h. deild, sjeu tóm heimska. Hitt er annað mál, hvort jeg geti verið þeim samdóma í öllum greinum. Út af þeim orðum mínum, að h. þm. (J. Þór.) fengi aldrei nóg, kvaðst hann aldrei hafa beðið um neitt handa sjer, en jeg vil leyfa mjer að segja, að hann hefir aldrei fengið nóg, því jeg álít það á sama standa, hvort hann hefir sjálfur sótt um það eða aðrir hafa sótt fyrir hann; enda lá það eigi í orðum mínum, að hann væri aldrei ánægður; en ekki virðist torvelt að skilja á honum þá hugsun, að Flensborgarskólinn fái aldrei nóg, það sje aldrei lagt nóg fje til hans, honum til umbóta, svo góður sem hann þegar er. Jeg ætla svo að sleppa Flensborgarskólanum að sinni; jeg kem að honum aptur seinna.

H. sami þm. (J. Þór.) kom með það, að umsjón mín á latínuskólanum væri ekki merkileg; jeg hefði gefið miklu meira fyrir móinn en jeg hefði þurft. Já, jeg gaf fyrir hann 45 aura þegar allir aðrir gáfu 50 aura; en þessir 45 aurar fyrir hestinn sagði hann að væri sama sem 78 au. fyrir málshest. Jeg get ekki skilið, hvernig hann hefir farið að reikna þetta út. Jeg veit ekki til, að það sjeu seldir málshestar til neinna hjer í bænum, nema fangahússins, og þegar málshestar eru seldir, þá eru þeir vanalega seldir fyrir 60—65 aura hver; jeg þori ekki að segja fyrir víst, hvort heldur. Það fór líka svo í þetta eina sinn, er farið var að mæla móinn, að það munaði alls 1½ hesti eða þrem hripum — segi og skrifa þrem hripum — á mónum, eða 67½ eyri, sem munar á þessum 60 hestum, sem skólinn fær, frá því, sem fangahúsið fær hann. Jeg get sem sagt ekki skilið, hvað þm. ætlar sjer eða á við, nema hann vilji færa mjer það til lasts, að jeg gef 5 aur. minna fyrir hvern hest en aðrir, og hef á þann veg fengið móinn 3 kr. ódýrari samtals en hann almennt er seldur og heldur en jeg get fengið hann fyrir sjálfan mig. En hitt verð jeg að játa, að síðustu árin hefir skólinn ekki komizt af með kolin, hverju sem það er að kenna, það skal jeg láta hjer ósagt. Þar munar vitanlega miklu, hvort kolin fást á 3,25 kr. eða 4 krónur skippundið, eins og verið hefir sum undanfarandi ár. Í fyrra voru þau á 4,10 kr., og þá var það með herkjum, að jeg fengi þau fyrir 3,75 kr.

H. sami þm. var svo ákafur yfir því að jeg brúkaði 3 þúsund krónur til viðhalds á húsinu utan húss og innan. Þetta er allmerkilegt af þessum þm., sem hefir setið á allmörgum þingum, og ætti því að vera kunnugt um gjöld landsins, og þar að auki hefir hann fjárlagafrumvarpið einmitt fyrir framan sig, en svo jeg dragi hann ekki lengur á því, þá eru það 1 þúsund kr., sem sem árlega er ætlað til þessa. Þm. hefir orðið of heitur að verja sig, og því ekki gáð að sjer. Það kann vel að vera satt, að það vanti 1 eða 2 snaga, h. þm. hafi ekkert fundið til að

hengja hattinn sinn á; já, jeg get því nærri, að þm. (J. Þór.) hafi þótt það illt, að hann skyldi engan snagann finna, ekkert, sem hann gæti hengt hattinn sinn á; en jeg skal þó skýra frá því, hvers vegna jeg hefi ekki skipt mjer af því, þótt snagana vanti, sem h. þm. á við. Það er af því — eins og kunnugir vita —, að í hverjum bekk er skápur með snögum fyrir pilta, til að hengja höfuðföt sín og yfirhafnir á, og í kennarastofunni hafa kennararnir sömu þægindi fyrir sig, og flestir þeirra hafa höfuðföt sín og yfirhafnir þar. Hið eina sem því vantar, er snagi fyrir h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) til að hengja hattinn sinn á. Það er þó sannarlega leitt, að þm. skuli ekki geta hengt hatt sinn á neitt í skólanum. Jeg held nú reyndar, að ef þm. hefði gætt vel að, þá gæti hann fundið snaga í skólanum sem hann bæði gæti hengt hatt sinn á, og jafnvel til að hengja sjálfan sig á, ef hann vildi.

Jeg get sannlega verið ánægður með það, að þegar þm. fór til að setja út á umsjón mína í skólanum, þá er það hið helzta sem hann getur hengt hatt sinn á, að hann finnur þar enga snaga.

Þetta voru nú hnúturnar sem jeg fjekk frá h. þm. K.-G. (J. Þór.), en jeg ætla nú að snúa mjer að framsögum. fjárlaganefndarinnar (J. J.), 2. þm. Eyf.; jeg hef líka fengið eigi allfáar hnútur frá honum, og þær voru ekki merglausar, sem jeg fjekk úr þeirri áttinni. Jeg vil nú biðja h. 2. þm. Eyf. (J. J.) að taka vel eptir því sem jeg segi, svo hann ekki hafi rangt eptir mjer, eins og síðast.

Jeg sagði, að jeg gæti ekki sjeð princip það, sem hefði verið verulega ráðandi hjá netndinni, nema ef vera skyldi að »nívellera«, jeg hafði einmitt það orð. (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf. Jeg skrifaði það líka). **Það er að segja,** hún hefir krukkað í margt, lækkað sumt en hækkað flest. Í öðrum löndum, þá er það vanalega stjórnin sem heimtar og segir: »Þetta þarf jeg til þessa; þessa upphæð verður þingið að leggja fram«, og svo er það þingið sem »controllerar« og dregur úr. Hjer er það þvert á móti; þingið vill leggja svo eða svo mikið út, en stjórnin verður að halda í við það; þingið leggur á skattana handa stjórninni, þrátt ofan í vilja stjórnarinnar, og eykur þá. Jeg játa, að mjer þykir það eigi rjett að farið, og held ekki með því, að prívatmenn sjeu að setja á fót stofnanir, sem þeir svo slengja upp á landssjóð og segja: »Taktu nú við; jeg get ekki aðstaðið lengur«. Hitt þætti mjer eðlilegra, eins og líka á sjer stað annarsstaðar, að þegar prívatmenn stofna einhvern skóla eða aðrar slíkar stofnanir, þá styrki þingið að því að koma þeim upp og að þeir komist í gott lag, en svo beri þeir sig sjálfir, og stofnendurnir sjái þeim sjálfir borgið. En hjer sem sagt er þetta öfugt. Menn stofna skólana, hvort sem það eru einstakir menn eða hjeruð, segja svo við þingið: »nú vantar mig fje, jeg þarf að fá það; þú verður að leggja það fram, og bera allan kostnaðinn, en þjer kemur ekkert við, hvernig skólanum er stjórnað; vjer viljum ekkert eptirlit hafa af stjórnarinnar hálfu; ef vjer fáum fjeð, þá erum við ánægðir«.

Svona er með flesta skólana, að þeir eru stofnaðir af einstökum mönnum eða einstökum hjeruðum; en því næst heimta stofnendur meira og meira fje, eptir því sem fram líða stundir, og þetta aðhyllist fjárlaganefndin. Er þetta rjett princip? Mjer er spurn!

Árið 1877 var lagt til kvennaskólanna 600 kr., en tveimur árum seinna 1879 komust þeir ekki af með minna en 2900 kr. Þetta var góð byrjun.

Árið 1881 fengu þeir 3000 kr.
— 1883 — — 3000 —
— 1885 — — 3600 —
— 1887 — — 4300 —
— 1889 — — 4900 —
— 1891 — — 7000 —

Þannig hafa smásaman bætzt á þessar stofnanir á 14 árum 6400 kr., úr 600 upp í 7000 kr., og þó eru þessar stofnanir sumpart einstakra manna eign og sumpart einstakra hjeraða. Ef stofnendurnir segðu við stjórnina og þingið: »Nú vil jeg setja á fót kvennaskóla, viltu ekki hjálpa mjer að koma honum upp? en svo skal jeg sjá um hann á eptir, landssjóði að kostnaðarlausu«, þá gæti jeg verið með því, og vildi hlynna að því; en í stað þess þá er hjer allt af heimtað meira og meira.

Sama má segja um búnaðarskólana; það var þegar áður en þeir voru stofnaðir lagt fje til eflingar sjávarútvegi og jarðrækt:

árið 1877 var til þeirra lagt 5000 kr.
— 1879 — — — — 10000 —
— 1881 — — — — 20000 —
— 1883 — — — — 20000 —
— 1885 — — — — 20000 —

En þá koma búnaðarskólarnir.

Árið 1887 var lagt til eflingar búnaði . . . . . 18000 kr.
Þar af fjekk Hólask. 3500 kr.
og Ólafsdalsskóli . . 2500 —
6000 kr.

Árið 1889 var lagt til eflingar búnaði . . . . . 18000 —
Þar af fjekk Hólask. . 3500 kr.
— — — Ólafsdalsskóli . . 2500 —
— — — Eiðaskóli 2000 —
— — — Hvanneyrarskóli . . 2000 —
10000 kr.

Árið 1891 var lagt til eflingar búnaði . . . . . 20000 —
Þar af fjekk Hólask. . 3500 kr.
— — — Ólafsdalsskóli . . 2500 —
— — — Eiðaskóli 2000 —
— — — Hvanneyrarskóli . 2000 —
10000 kr.

Árið 1893 á nú Hólaskóli ekki að komast af með minna en 6000 kr. og Eiða með 3000 kr. Hvað ætli það verði á endanum? Hólaskóli á nú einn að fá eins mikið og 3 aðrir fengu fyr, og allt er þó við sama; stjórnin getur ekkert eptirlit haft með skólunum, en þeir segja að eins: »Þetta verðum við að fá, annars verðum við að hætta«.

Þá koma í þriðja lagi þessir barnaskólar og alþýðuskólar. Þar er nú enn þá verra:

Árið 1877 var lagt til þeirra 1300 kr.
— 1879 — — — — 2500 —
— 1881 — — — — 6000 —
— 1883 — — — — 5500 —
— 1885 — — — — 6000 —
— 1887 — — — — 7000 —
— 1889 — — — — 7700 —
— 1891 — — — — 11000 —

Þá kúlmíneraði það; en allt fyrir það er ekki látið við svo búið standa, heldur á nú að leggja til þeirra 13,400 kr. Þetta mun nefndin ef til vill kalla princip.

Jeg get nú ekki betur sjeð, en að þeir, sem stofnuðu þessa skóla í fyrstu, hefðu átt að sjá svo fyrir, að þeir yrðu ekki annar eins byrðarauki fyrir landssjóðinn og út lítur fyrir.

Nú byrjar sagan. Af þessu fje hefur Flensborgarskólinn fengið:

1883 . . . . . 1600 kr.
1885 . . . . . 2500 —
1887 . . . . . 2500 —
1889 . . . . . 2700 —
1891 . . . . . 3000 —

og nú 1893 á hann að fá 4600 krónur. Þetta er prívat-stofnun, sem á að heita

gjöf, en það er sannarlega dýr gjöf; mjer liggur við að kalla það hefndargjöf. Jeg þekki þessar gjafir hjer í Reykjavík; þær eru það sem jeg kalla hefndargjafir. Jeg vil ekki segja í hverju skyni, að þær eru gefnar. Jeg skal leggja það út á bezta veg og segja, að þær sjeu gefnar í góðum tilgangi, en þá má ekki fleygja þeim alveg upp á landssjóð, því þá er tilganginum ekki náð.

Nú er við Flensborgarskólann forstöðumaður og annar kennari til. Jeg skal ekki lasta þessa menn með einu orði eða í neinu, en það lítur svo út, sem forstöðumaðurinn hafi fundið til þess, að hann dygði eigi að grafa, en skammaðist sín að biðja, og þess vegna hafi verið stofnað eitthvert það starf, sem vel ætti við hann.

H. 2. þingm. K.-G. (J. Þór.) tók það fram, að hann hefði ekki beðið um neitt handa sjálfum sjer, en það stendur á sama, hvort hann biður um það eða aðrir fyrir hans hönd. Hann hefur nú 1400 kr. og kauplausan bústað, og jeg skal ekki segja, að það sje of mikið, en 1891 var beðið um 500 kr. viðbót handa honum, sem hann þá fjekk, og þar að auki fjekk hann fje til áhalda. Enn fremur hafa verið veittar til þessarar kennarafræðslu 500 kr. og af því hef jeg heyrt, að hann hafi fengið 200 kr., svo þá hefur hann haft núna í 2 ár 700 kr. launaviðbót. Jeg skal ekkert lasta hann, þótt hann vilji hafa lítið eitt af því, sem bæta á við. Slíkt og þvílíkt finnst fjárlaganefndinni rjett princip. Þegar ávallt er verið að krukka í þær stofnanir, sem stjórnin hefur umsjón yfir, og eru nú eign alls landsins og fyrir allt landið, og draga af þeim, svo sem latínuskólanum, prestaskólanum og læknaskólanum, en hækka við þær, sem landssjóði koma ekkert við, þá þykir mjer principið fara að skekkjast. Þegar jeg lít á nefndarálitið, þá sýnist mjer að með landssjóð sje farið eins og hrátt skinn, þar sem hver nefndarmanna togar í sinn skækilinn og vill fá sem mest fyrir sitt kjördæmi, nema h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.). Hann hefur farið undarlega að ráði sínu, þar sem hann hefur um ekkert beðið handa Ísfirðingum, en jeg skil, hvernig á því stendur. Ísfirðingar eru allt of stoltir til þess, að vilja leggjast á landssjóð. Þeim þykir sæmra að spila upp á sínar eigin spýtur og berjast sjálfir fyrir sjer, án þess að vera að kvabba á landssjóð. (*Einhver*: Ekki þm. A.-Skaptaf.). Það er satt, h. þingm. A.-Skaptf. (J. J.) hefur heldur ekki barizt mjög mikið fyrir að fá fje handa sínu hjeraði, en hann hefir hugsað sem svo, að hann njóti góðs af bænum Austfirðinga, því að nú eru komin lög frá þinginu, sem sjálfsagt öðlast staðfestingu konungs, um það, að leggja hans kjördæmi undir norður- og austuramtið, og þess vegna lætur hann hina taka af sjer fyrirhöfnina með að biðja.

Þegar litið er á þetta allt yfir höfuð, þá þarf ekki að álasa mjer eða senda mjer hnútur fyrir það, þótt jeg segi, að principið hjá fjárlaganefndinni sje komið út um þúfur. Það má segja um þessar fjárbænir sem fjárlaganefndin og deildin hefur samþykkt, að »sumt var gaman, sumt var þarft, en sumt vjer ekki um tölum«; þeir verða að hafa það, þó jeg kalli það ekki rjett princip, að draga af því, sem landssjóður á að kosta, og bæta við þær stofnanir, sem honum koma ekkert við, eða, eins og jeg sagði áðan, að ekkert er hugsað um hið almenna, en hver togar eptir mætti í sinn skækil.

Jeg skal ekki fara neitt út í hinar einstöku breytingartill., sem fram hafa komið; sumt af þeim verður samþykkt en sumt vonandi ekki. Þetta frumv.

fer nú til efri deildar og er vonandi, að hún lagi eitthvað í því, af því sumt er alveg óþolandi. Þegar t. a. m. á að neyða upp á stjórnina því fje, sem hún sjer, að kemur ekki að neinu gagni, hvaða princip er það? Það er t. a. m. sú tillaga, að verja 1000 kr. til skjalasafnsins. Landsstjórnin vill það ekki, landshöfðingi segir, að það sje ekki til neins, en þingið segir: »þú skalt hvort sem þú vilt eða ekki greiða þetta fje tilteknum manni«.

Það er að eins ein breyt.till. sem jeg vildi minnast á, og það er sú sem fer fram á, að varið sje 1000 kr. til að verja Steinsmýrarengi skemmdum. Jeg verð að mæla með henni. Þessi jörð er landssjóðseign og það er engum skyldara en honum að verja eign sína. Jeg vil leggja það til, að landssjóður verji sem mestu til að bæta jarðir sínar í Vestur-Skaptafellssýslunni; því hann á flestar jarðirnar þar. Jeg ætla svo ekki að fara fleirum orðum um þetta mál. Jeg býst við hnútum, og mun svara þeim ef þær eru þess verðar, og bið forseta alls ekki að verja mig gegn þeim, og hafi þeir þær eins margar og þeir vilja.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg vildi leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breytingartill. á þingskj. 407. Eins og kunnugt er fjell bæði uppástunga stjórnarinnar og nefndarinnar um styrk til forngripasafnsins, og á jeg bágt með að skilja það. Það er þó öllum kært, að það sje auðgað og því sje haldið við. Það er stutt síðan safn þetta var stofnað, og er það þó all-merkilegt orðið, en þá var mikið liðið af dýrmætasta tímanum og illu heilli voru þá hinir beztu og merkustu forngripir farnir úr landinu. Þó hefur safnið auðgazt að mun og mætti nú kosta stórfje, ef það væri selt. Það er hin mesta nauðsyn að raða gripunum, því að nú er safnið mjög óaðgengilegt. Til þessa starfa eru ætlaðar 600 kr. hvort árið á breyt.till. á þingskj. 407, og er það hið minnsta, sem ætla má til þess, að koma á því skipulagi, sem nauðsynlegt er. Og geta skal jeg þess, að núverandi forstöðumaður safnsins segist eigi geta gjört það fyrir þetta fje. En hæstv. landsh. hefir látið það í ljósi, að fá mundi mega annan mann til að taka það að sjer. Þetta þarf að gjöra bæði fyrir útlendinga og innlenda menn, því að það er minnkun, ef enginn getur fengið sig til að skoða safnið, og er illt fyrir þá, sem vilja gjöra það, að þurfa að verja mjög löngum tíma til þess. Til þess nú að safnið geti verið aðgengilegt fyrir innlenda og útlenda, þarf að raða gripunum í flokka og setja númer á þá, svo að hver geti í fljótu bragði sjeð, hvar þess er að leita, sem hann helzt vill sjá.

Jeg vona því að h. deild verði þessu samþykk og það því fremur sem styrkurinn er bundinn því skilyrði, að síðari hluti hans sje eigi látinn af hendi fyrr en lokið er verkinu.

Jón Þórarinsson: Að gefnu tilefni af h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) skal jeg svara honum nokkrum orðum.

Hann ætlaði að breiða yfir mósöguna, en tókst það ekki. Tölurnar eru ætíð órækir vottar og á þeim byggði jeg, og mun vera hægt að sýna þær enn, ef á liggur. Hann var að fjargviðrast um, að jeg hefði sagt, að hann brúkaði 3000 kr. til skólans. En jeg skal geta þess, að jeg nefndi þessa upphæð einmitt af því, að þm. hafði sjálfur nefnt hana í sinni ræðu. Hann minntist á nokkrar stofnanir, sem fjárlaganefndin hefði brotið öll princip á. Jeg vildi raunar helzt ekki þurfa að eiga orðastað við þenna mann um menntamál, en af því að jeg get ekki látið orð hans fara ómótmælt fram hjá

mjer, þá verð jeg að sætta mig við það. Þar sem hann talaði um Flensborgarskólann, sagðist hann raunar vita, að hann ætti að heita gjöf, en sagði hann vera hefndargjöf. Hvort gjöf er hefndargjöf eða ekki, verður að vera undir því komið, hvort hún er til ógagns eða gagns. Kallar þm. það t. d. hefndargjöf, ef landinu er gefin stofnun, sem brýn þörf er á og sem vinnur mikið gagn, þótt landið þurfi þá að leggja henni fje árlega? Jeg er nú svo einfaldur, að halda, að gjafir, sem að gagni koma, sje ekki hefndargjafir.

Að því er skólana snertir, þá er það auðvitað, að allir skólar eru hefndargjafir í augum þeirra manna, sem telja alþýðumenntunina ekki einungis einkisvirði, heldur jafnvel skaðræði. H. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) fór að slá mjer og öðrum kennara við skólann gullhamra upp úr miðju kafi, en því hafði jeg sízt búizt við úr þeirri átt. En jeg vildi feginn vera laus við þá, því jeg veit, að þar fylgir ekki hugur máli. Hann talaði um að það væri rangt að styrkja skólann af almannafje, af því að hann væri fyrir einstök hjeruð, en ekki fyrir allt landið. En síðan farið var að styrkja hann til muna af landsfje, hefir hann einmitt verið fyrir allt landið. Það er auðvelt að sannfærast um það, og þarf eigi annað en skoða, hvaðan piltarnir eru, sem á skólanum hafa verið hin síðustu ár. Þm. Rvík (H. Kr. Fr.) fer opt svo, að hann lifir í endurminningu liðinna tíma, en veit ekkert um nútímann, eða þá atburði sem honum tilheyra, og svo er um þetta. Skólinn var upphaflega ætlaður einu sýslufjelagi, og þetta sýslufjelag vildi styrkja hann með fjárframlagi, og gerði það einnig eitt eða tvö ár. En þá fór svo, að þessi tjárveiting var talin ólögmæt, með því að eigi væri heimild til að veita fje til slíkra skóla úr sýslusjóði, og var gjaldkera skólans boðið að skila fjenu aptur. Þegar svo var komið, að skólanum var varnað þess að njóta nokkurs styrks úr sýslusjóði, þá var einnig fallin burt sú ástæða, að takmarka verksvið hans við þetta eina sýslufjelag. En þá var það og, að þingið fann ástæðu til að styrkja skólann verulega, með því að það viðurkenndi þörfina á honum og um leið að hann ynni gagn. Þó að nú h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) leiti um land allt, mun hann varla finna marga, er votti það, að skólinn hafi ekki gert neinn gagn. Mjer þykir ákaflega leiðinlegt að þurfa að taka svona ofan í lurginn á gömlum kennara mínum, en jeg var neyddur til, af því að hann rjeðst á almenna og nytsama stofnun að eins vegna persónulegrar óvildar.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg vildi ekki verða til að lengja þessar umræður, en þó verð jeg enn að tala nokkur orð í þessu máli. En reyna mun jeg að haga svo orðum mínum, að þau særi engan. Jeg get eigi stillt mig um að svara h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) nokkru, því það var ýmislegt í tölu hans, sem jeg get eigi látið ómótmælt. Að vísu brá hann ekki fjárlaganefndinni meira um principleysi en öðrum, en hann brá hverjum einstökum um það, sem verra er. Þessi ræða hans sannfærði mig um, að þegar tekið er tillit til þess, sem hann segir, þá verður að gera fyrir misvísningu töluverði, og hún er stundum æði-mikil og nálgast enda hringinn. Það er því opt eigi þægilegt að greiða úr þessu og svara eptir því sem hæfir. Einkanlega er mjer vandfarið í þessu, þar sem jeg er yngri maður. Það fer fyrir h. þm. eins og öðrum gömlum mönnum, að hann venst smám saman á að skoða alla aðra sem börn, af því að þeir eða jafnaldrar þeirra hafa vaxið upp undir

handarjaðrinum á honum. Það verður að taka tillit til þessa. Hann sagði að í öðrum löndum væri það stjórnin sem bæði um fje til slíkra stofnana, en þingið hjeldi í. Það má vel vera að þetta sje rjett, að minnsta kosti vitum við að það er föst regla í Englandi, og jeg skal ekki mótmæla því að þetta sje gott. En það þykir mjer undarlegt um þenna ráðna og roskna mann, að hann brýtur sjálfur öll þau góðu ráð og reglur, sem hann gefur. Jeg vil einmitt leggja áherzlu á þetta, því að jeg skil það ekki. Hann gat þess, að fyrst væri beðið um lítið, en svo færðu menn sig upp á skaptið og bæðu æ um meira og meira. Búnaðarskólar og aðrir skólar, sem hann átti við, eru allir byrjaðir af veikum mætti, en þökk sje þeirri »udvikling«, sem gjörir það að verkum, að þeir þurfa meiri upphæð en í byrjun, og jeg vildi óska að hún yrði að tífaldast. Öll menntun er dýr. Hvað kosta aðrir skólar hjer á landi? Prestaskólinn kostar 24 þús., læknaskólinn nál. 12,000 kr. og latínuskólinn 68,000, en Möðruvallaskólinn 17,000. Allir aðrir skólar til samans kosta 39,000 kr. Að Flensborg sje hefndargjöf er ekki svaravert; það eru orð, sem helzt ættu ekki að heyrast. Þegar Möðruvallaskólanum eru veittar 17,000 kr., þá sýnist undarlegt að kalla sams konar stofnun svo, þótt hún sje kannske ekki alveg eins fullkomin, þegar þess er jafnframt gætt, að landssjóður varði upphaflega allt að 30,000 kr. til að byggja hús fyrir Möðruvallaskólann, en Flensborgarskólinn er gjöf. Það er ranglátt og óhæfa að kalla hann hefndargjöf. Það er undarlegur hugsunarháttur að vilja gera svo upp á milli þeirra. Allir búnaðarskólarnir til samans fá ekki helming á við latínuskólann, og það eru víst eigi aðrir en h. þm. Rvík. og hans sinnar, sem halda að fjeð ávaxtist betur þar en á búnaðarskólunum. Þar sem hann sagði að nefndarmenn toguðu sinn skækilinn hver, þá er það eins og hvert annað gletnisorð að skilja, ímynda jeg mjer. Að minnsta kosti yrði það æði langt sótt, ef það ætti að reyna að sanna það af gjörðum nefndarinnar. Hann sagðist vona, að efri deild mundi laga frumv., þegar það kæmi þangað. Það eru orð, sem jeg vil ekki heyra af nokkurs manns munni hjer í deildinni. En þótt þingið veiti fje til stofnana án þess stjórnin biðji um það eða vilji það, þá getur það fullt eins vel verið þinginu til sóma. Jeg skal þá ekki víkja fleirum orðum að þessum h. þm., en vona að hann geti eigi litið svo á, að jeg hafi sent honum hnútur. Út af samanburðinum á styrknum til Boga Melsted og styrknum til Þorvaldar Thoroddsen vil jeg geta þess, að þótt hann hafi nú eigi borgun nema eptir reikningi, þá var eigi svo áður, heldur fjekk hann ákveðna upphæð, án þess að gera reikning. Samanburðurinn er rjettur hjá mjer, því að Bogi vinnur engu síður en Þorvaldur, þótt hann sitji við skrifborðið, en Þorvaldur búi í tjaldi upp við jökla; þeir safna báðir. Ekki þykir mjer það mikið, þótt líða verði 3—4 ár áður en hann byrjar að gefa út bókina, því að allir láta mikið yfir því, hve erfitt sje að skrifa Íslands sögu, og hefir því verið hjer í deildinni í dag líkt við að vinna óplægða jörð. Það er eigi rjett hjá h. þm. V.-Skapt. (G. G.), að till. hafi legið öðruvísi fyrir áður. Þá var einmitt orðið »rita« fellt með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli.

Það mun nú vera ráðlegast, að tala eigi fleira að sinni. Það sem h. þm. Borgf. (B. B.) sagði, er ekki svaravert, en þó vil jeg minnast á eitt atriði. Hann sagði að dansk-íslenzk orðabók

mundi borga sig, en jeg get frætt hann um að höfundurinn hefir boðið handritið, en ekki getað fengið ritlaun. En ef hann fær styrkinn, þá eru það eins konar ritlaun, og þá má fá mann til að kosta útgáfuna.

Jeg vona nú að endi verði á umræðunum og að atkvæði falli svo um einstaka liði, að vel megi við una. Og læt jeg hjer nú staðar numið.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 2. gr. 8. (380) samþ. í e. hlj.; breyt.till. við 10. gr. C. 4. (401) samþ. með 19 atkv. samhlj.; breyt.till. við 11. gr. 2. k. (409) felld með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Bj. Bjarnarson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Kl. Jónsson,
Guðl. Guðmundsson,	Bened. Kristjánss.,
Jón Jónsson, A.-Sk.,	Bogi Melsteð,
Jón Þórarinsson,	H. Kr. Friðriksson,
Jón Þorkelsson,	Jens Pálsson,
Ól. Briem,	Jón Jakobsson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jónss., Eyf.,
Skúli Thoroddsen	Jón Jónsson, N.-M.,
Þórður Guðmundss.,	Sigfús Árnason,
	Þór. Böðvarsson,
	Þorl. Guðmundss.;

breyt. till. við 11. gr. 2. (411) felld m. 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Bened. Kristjánsson,
Kl. Jónsson,	Bj. Bjarnarson,
Björn Sigfússon,	Bogi Melsteð,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jakobsson,
H. Kr. Friðriksson,	Jón Jónsson, A.-Sk.,
Jens Pálsson,	Jón Jónsson, Eyf.,
Jón Þórarinsson,	Jón Jónsson, N.-M.,
Jón Þorkelsson,	Sigfús Árnason,
Ól. Briem,	Sig. Gunnarsson,
Þór. Böðvarsson,	Skúli Thoroddsen,
Þorl. Guðmundss.,	Þórður Guðmundss.;

breyt.till. við 11. gr. 3. (406) samþ. m. 16 : 4 atkv.; breyt.till. við 12. gr. C. a. 2. (406) (1) samþ. með 20 samhlj. atkv., (2) samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. við 12. gr. C. (413) samþ. m. 21 samhlj. atkv.; breyt.till. við 12. gr. D. (405) (1) samþ. með 16 samhlj. atkv., (2) samþ. í e. hlj.; breyt.till. við 13. gr. B. I. b. 2. (406) samþ. með 21 samhlj. atkv.; breyt.till. við 13. gr. B. VI. (412) felld með 11 : 7 atkv.; breyt.till. við 13. gr. B. VI. (409) felld með 12 : 8 atkv.; breyt.till. við 13. gr. C. 3. b. (406) samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. við 13. gr. C. 5. (397) tekin aptur; breyt.till. við 13. gr. C. 5. (407) (1) samþ. með 17 samhlj. atkv., (2) samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. við 13. gr. C. 7. (399) (1) felld með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Kl. Jónsson,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundsson,	Bened. Kristjánss.,
H. Kr. Friðriksson,	Bj. Bjarnarson
Jón Jónsson, A.-Sk.,	Björn Sigfússon,
Jón Þórarinsson,	Bogi Melsteð,
Jón Þorkelsson,	Jens Pálsson,
Sig. Gunnarsson,	Jón Jakobsson,
Þór. Böðvarsson,	Jón Jónsson, Eyf.,
Þórð. Guðmundss.,	Jón Jónsson, N.-M.,
Þorl. Guðmundss.,	Ól. Briem,
	Sigf. Árnason,
	Skúli Thoroddsen;

breyt.till. við 13. gr. C. 7. (399) (2) þar með fallin; breyt.till. við 13. gr. C. 12. (409) (1) felld með 15 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Bj. Bjarnarson,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundsson,	Kl. Jónsson,
H. Kr. Friðriksson,	Bened. Kristjánss.,
Jón Þórarinsson,	Björn Sigfússon,
Jón Þorkelsson,	Bogi Melsteð,
Sig. Gunnarsson,	Jens Pálsson,
Þórð. Guðmundss.,	Jón Jakobsson,
	Jón Jónsson, A.-Sk.,
	Jón Jónsson, Eyf.,
	Jón Jónsson, N.-M.,

Nei:
Ól. Briem.
Sigf. Árnason,
Sk. Thoroddsen,
Þór. Böðvarsson,
Þorl. Guðmundss.;

breyt.till. við 13. gr. C. 12. (403) (2) samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. við 13. gr. C. 12. (409) (3) felld með 14 : 7 atkv.; breyt.till. við 13. gr. C. 15. (406) (1) samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. við 13. gr. C. 15. (406) (2) felld m. 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
Bened. Kristjánss.,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Kl. Jónsson,
Bogi Melsteð,	Bj. Bjarnarson,
Jón Jakobsson,	Guðl. Guðmundss.,
Jón Jónsson, A.-Sk.	H. Kr. Friðriksson,
Jón Jónsson, N.-M.,	Jens Pálsson,
Jón Þórarinsson,	Jón Jónsson, Eyf.
Ól. Briem,	Jón Þorkelsson,
Sigf. Árnason,	Sig. Gunnarsson,
Þorl. Guðmundss.,	Sk. Thoroddsen,
	Þór. Böðvarsson,
	Þórð. Guðmundss.;

breyt.till. við 13. gr. C. 16. (406) (1) samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. við 13. gr. C. 16 (406) (2) samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. við 13. gr. C. 18 (410) (1) felld með 11 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Bj. Bjarnarson,
Kl. Jónsson,	Björn Sigfússon,
Bened. Kristjánss.,	H. Kr. Friðriksson,
Bogi Melsteð,	Jens Pálsson,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jakobsson,
Jón Jónsson, A.Sk.,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson, Eyf.,	Sigf. Árnason,
Jón Jónsson, N.-M.,	Sk. Thoroddsen,
Jón Þórarinsson,	Þór. Böðvarsson,
Jón Þorkelsson,	Þórð. Guðmundss.,
Sig. Gunnarsson,	Þorl. Guðmundss.;

breyt.till. við 13. gr. C. 18. (410) (2) felld með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
Einar Jónsson,	Bj. Bjarnarson,
Kl. Jónsson,	Björn Sigfússon,
Bened. Kristjánss.,	Guðl. Guðmundss.,
Bogi Melsteð,	H. Kr. Friðriksson,
Jón Jakobsson,	Jens Pálsson,
Jón Jónsson, N.-M.,	Jón Jónsson, A.-Sk.,
Sigf. Árnason,	Jón Jónsson, Eyf.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Þórarinsson,
Sk. Thoroddsen,	Jón Þorkelson,
Þór. Böðvarsson,	Ól. Briem,
	Þórð. Guðmundsson,
	Þorl. Guðmundsson;

breyt.till. við 13. gr. C. (389) samþ. m. 14 : 2 atkv. Frumv. í heild sinni með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj. og afgreitt síðan til efri deildar.

Frumv. til laga um vegi (486, 487); 3. umr.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Fyrir hönd nefndarinnar finn jeg ekki ástæðu til að segja neitt um mál þetta frekar en búið er. Þær fáu breytingar, sem nú eru fram komnar, eru orðabreytingar, sem eptir eðli sínu ekki geta valdið neinum ágreiningi.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 1. á þingskj. 418 samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 2. á þgskj. 418 samþ. með 19 samhj. atkv.; breyt.till. 3. á þgskj. 418 samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 4. á þgskj. 418 samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 5. á þgskj. 418 samþ. án atkvæðagr. Frumv. í heild sinni með áorðn. breyt. samþ. með 19 samhlj. atkv. og sent efri deild.

Þrítugasti og áttundi fundur, mánudaginn 14. ág. kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til laga um kirkjur (C. 153, 275, 336, 394, 416); frh. 2. umr.

Framsögumaður (*Þór. Böðvarsson*): Nefndarálitið í þessu máli kom til umr. 3. þ. mán. Eptir 11 daga hvíld er það nú aptur komið á dagskrá, reyndar með 4 prentvillum.

Undir 4. tölulið, breyt.till. við 2. gr., er tvítekið orðið »fyrri«. Undir 12. tölul. er vísað til 12. gr., en á að vera 11. gr. Undir 14. tölul., sem er breyt.-till. við 13. gr., stendur orðið: »sóknar-fundir« í staðinn fyrir: »sóknarnefndir«. Undir 16. tölul. er sagt, að hjeraðsprófasti skuli greiða 10 kr. árlega þóknun úr »ríkissjóði«, en á auðvitað að vera úr »kirkjusjóði«.

Nefndin hefir nú enn einu sinni íhugað þetta mál eins vel eins og henni var unnt og reynt að taka tillit til allra þeirra bendinga, sem fram komu við fyrri hluta þessarar umræðu. Nefndin hefir sjerstaklega viljað taka tillit til hinna mikilsvirtu bendinga hæstv. landshöfðingja, og er honum þakklát fyrir þær, eins og fyrir hinar góðu undirtektir hans undir málið yfir höfuð að tala. Nefndin hefir líka viljað taka tillit til bendinga, sem komu í ljós frá öðrum h. þingdm.

Það er þá fyrst að telja breyt.till. undir 11. tölulið, um, að bændakirkjur komist inn í hinn sameiginlega kirkjusjóð. Þar höfum vjer sett inn þann varnagla, að ákvæðin þar að lútandi gildi því að eins, að eigendur þeirra og stjórnendur kirkjusjóðsins samþykki.

Þá komu sumir með þá mótbáru, að sjóðþurður væri líklegur, en móti því hefir nefndin komið með þá tillögu, að skuldlaus innstæða sjóðsins skuli aldrei vera minni en 100000 krónur. En þá má spyrja: Er þetta mögulegt? Ef það er ekki mögulegt, þá gengur það út yfir kirkjurnar, en ekki út yfir gjaldendur. En það þarf ekki að óttast fyrir, að kirkjunum verði meiri hætta búin í þessu tilliti.

Í árslok 1891 var sjóður ljens- og safnaðarkirkna 147459,54
en skuldir 37382,71
Tekjur afgangs . . . 110076,83
Þess má líka geta, að við árslok 1891 átti kirkjusjóður í sparisjóði . 6650,00
en í útlánum með vöxtum . . 13745,00
eða alls . . . 20395,00
Þetta hefir safnazt í sjóðinn frá fardögum 1890 til ársloka 1891. Við árslok 1892 má gera ráð fyrir, að hann hafi verið orðinn helmingi stærri, eða um 40,000 kr. Af þesssu má sjá, að engar líkur eru til, að sjóðþurður verði, eða að sjóðurinn þurfi nokurn tíma að fara niður úr 100000 kr.

Einhver h. þingdm. tók það fram við fyrri umr. þessa máls, að flutningur allur og vinna að endurbygging og viðgerð kirkna mundi verða mjög dýr, þegar hinn almenni kirkjusjóður ætti að borga. En er það víst, að reikningarnir verði samþykktir eins og þeir koma fyrst? Þeir heyra þó undir umsögn og samþykki hjeraðsprófasts, hjeraðsnefndar og að síðustu undir samþykki biskups. Það er ekki ætlazt til þess, að reikningarnir verði borgaðir, ef þeir að dómi þessara eru of háir, heldur verða þeir þá færðir niður. En þó slíkir reikningar verði settir niður, þá er þó betra, að fá borgun fyrir þessi verk, unnin í þarfir kirknanna, en að vera skyldir til að vinna, eins og nú á sjer stað, fyrir ekkert.

Jeg man ekki til, að fleira væri talað við hinar fyrri umræður málsins, sem gæti verið á móti frumv., eins og það kom upphaflega frá nefndinni.

Þá er að minnast á tvær breyt.till., sem aðrir h. þingd.m. hafa komið fram með.

Breyt.till. á þingskj. 233 um að nema burtu úr 4. gr. frumv. orðin: »enda sje það verð eigi hærra en gangverð á gjalddaga«, gat meiri hluti nefndarinn-

ar ekki aðhyllzt. Jeg lýsti yfir því fyrir mitt leyti í nefndinni, að jeg áliti ekki miklu skipta, hvort þetta ákvæði stæði í frumv. eða ekki. Það getur verið, að þetta sje óþægilegt að því er vorþing snertir, en öðru máli er að gegna í október, þegar víst verð er komið á allar vörur. Það þótti að eins óviðkunnanlegt að fella þetta ákvæði úr frumv., þar sem líkt ákvæði gildir enn um gjöld til landssjóðs.

Þá er að minnast á hina tillöguna á þingskjali 291. Til þessarar viðaukatillögu tók nefndin svo mikið tillit, sem henni var mögulegt að því er fyrri hluta viðaukatill. snertir. En síðari hluta till. um að einnig skuli greiða presti 3% vexti árlega af þeim hluta sjóðsins, er hann greiðir árlega í kirkjusjóð, þóttist nefndin ekki geta aðhyllzt, með því þetta gæti valdið ruglingi, þar sem sumir eru þegar búnir að greiða ekki svo lítið í hinn almenna kirkjusjóð. Að fara að heimta aptur vexti af því, mundi valda töluverðum vafningum.

Jeg skal leyfa mjer, að geta þess, að annar flutningsm. þessarar viðaukatill., h. 1. þm. S.-Múl. (Sig. Gunn.), sem líka er einn af nefndarmönnum, hefir lýst því yfir, að hann væri ánægður með það tillit, sem nefndin hefði tekið til viðaukatillögunnar.

Út af því, sem enn er framkomið gegn málinu, hefi jeg svo ekki fleira að athuga, en jeg vildi, áður en jeg sezt niður, fara fáeinum orðum um mál þetta í heild sinni.

Það eru 7 gjöld, sem falla niður, ef þetta frumv. með breyt.till. nefndarinnar verður að lögum, það eru: kirkjutíund, ljóstollur, legkaup, kirkjugjald af húsum, lausamannsgjald til kirkju, sætisfiskur og loks öll skylduvinna. Þessi gjöld eru óeðlileg, valda miklum vafningum og brjefaskriptum. Kvaðirnar, sem hvílt hafa á bændum, eru úreltar og ill-framkvæmanlegar. Bygging og viðhald kirkjugarða t. d. hefir opt. valdið sundrung og óánægju í söfnuði. Við allt þetta verða menn nú lausir, ef þetta mál kemst fram, og jeg efast ekki um, að menn muni verða þakklátir fyrir breytinguna. Fyrir öll þau óeðlilegu gjöld, sem jeg nefndi, kemur að eins eitt gjald. Það heitir »gjald«, en er sárlítið gjald, 75 aurar fyrir hvern fermdan mann. Eptir mínum skilningi er það sár-lítið. Það getur í hæsta lagi orðið 1½ króna á bónda hvern, ef hann borgar líka fyrir konu sína; en ef hún borgar fyrir sig, þá verða það að eins 75 aurar á hvern mann. Hve miklu hærra verður ekki gjald til kirkna nú t. d. hjá manni, sem býr á jarðarskrokk, sem lítið getur af sjer. En þótt upphæð þessa gjalds sje lítil, þá mun hún samt verða nægileg, þegar hið marga smáa er komið saman í eitt. Jeg held að jeg hafi heyrt einhvern segja, að þetta gjald mundi lenda á húsbóndanum. En það verður þá því að eins, að hann láti þá ekki gjalda, sem eiga að gjalda. Annars má segja hið sama um gjald, sem alþingi hefir gefið út lög um ekki alls fyrir löngu; það er gjaldið til styrktarsjóðanna handa alþýðufólki. Það lendir líka á húsbóndanum, ef hann ekki lætur þá gjalda, sem eiga að gjalda það.

Jeg vona nú að engum h. þingd.m. komi til hugar að koma með breyt.till. við gjaldupphæðina, því hún mun ekki óhæfilega sett, en svo lágt, sem þorandi er að fara. Jeg hef reiknað, hve mikið mundi koma inn á ári með 75 aura gjaldi. Árið 1889 og 1890 voru eptir manntali 47,687 manns 15 ára og eldri. Ef þessi tala er margfölduð með 75 koma út 35,765 kr. 25 aur. Manntal allt var þessi ár tæpar 70,000 og það

mun verða svipað næstu árin hjer á eptir. Jeg skal nú játa, að þetta er hin allra minnsta upphæð, sem vera má, en samt er jeg ekki hræddur um, að hún muni ekki nægja.

Aðalávinningurinn við þetta fyrirkomulag verður: betri meðferð á kirknafje en nú og að undanförnu hefir átt sjer stað. Eptir þessum lögum yrði allt kirkna fje tryggt. En þá má spyrja: Hvað er nú að, hver getur þá haft á móti þessu máli? Jeg get helzt ímyndað mjer, að mótmælin komi frá prestastjettinni.

Prestar hafa haft afnot af tekjum kirkna sinna vaxtalaust; en nú missa þeir þennan rjett og er jafnframt gert að skyldu, að borga 75 aura gjald til kirkna þeirra, er þeir þjóna, ef það er sóknarkirkja. En jeg get ekki álitið nokkurn prest það lítilmenni, að hann hafi á móti þessu fyrirkomulagi, þar sem hann losast við alla ábyrgð á kirkju sinni og þá freisting, sem haun hefir haft til að eyða fje kirkna, sem opt hefir komið þeim að stór-tjóni. Jeg gæti sagt rjettar sögur um þetta mál, því jeg hefi sjálfur tekið við 2 kirkjum, sem hafa liðið stór-tjón af þessu fyrirkomulagi, sem nú er. Önnur kirkjan hafði staðið í 40 ár, þegar jeg tók við henni; hún átti þá 600 kr. í sjóði; hún hafði verið byggð úr torfi upp úr allgóðri timburkirkju. Þegar jeg var búinn að hafa þessa kirkju undir hendi í 8 ár, var hún þegar búin að græða aðrar 600 kr. Hin kirkjan hafði verið byggð 1826. Þegar jeg tók við henni 1868 átti hún í sjóði 1200 kr.; en er hún hafði verið undir minni hendi í 10 ár, var hún þegar búin að eignast aðrar 1200 kr. Jeg segi þetta ekki til lýta þeim, sem voru á undan mjer, heldur til að sýna, hvernig þetta gengur og hefir gengið.

Jeg vona nú, að þetta mál nái samþykki h. þingd. Nefndinni er ekki um að gera að fá það fram, hvernig sem það er, heldur er henni um að gera, að það verði sem bezt úr garði gert. Því bæði jeg og nefndin álítum málið mjög áríðandi fyrir land allt og sjerstaklega fyrir kristnina á landi voru.

Nefndin mun enn taka fúslega öllum bendingum, sem fram kunna að koma og laga frumv. til 3. umr., ef þörf þykir.

Sighvatur Árnason: Jeg vildi að eins hreifa nokkrum athugasemdum um framgang þessa máls hjer á þinginu. Því var hreift við fyrstu umræðu málsins, að málið hefði fyrst átt að koma fyrir hjeraðsfundi til umsagnar og íhugunar. En mál þetta hefir einmitt verið lagt fyrir hjeraðsfundi, að minnsta kosti hefir það verið gert í mínu kjördæmi, og svo mun hafa verið víðar, svo að mjer finnst óþarfi að láta frumv. ganga aptur til hjeraðsfunda. Það gæti orðið til þess, að ýmsir nýir vafningar kæmust inn í málið, sem tefðu framgang þess, en bættu það ekki á neinn hátt.

Ef breytingar nefndarinnar komast að, er gerðar hafa verið eptir bendingum hæstv. landsh. og ýmsra þingm., þá þykir mjer sem málið verði að öllu viðunandi.

Það er líka sjerstaklega athugavert og nauðsynlegt, að mál þetta gangi fram, því að annað mál liggur á bak við, málið um tekjur presta. Það er því ekki fjarri lagi, að lofa þessum lögum að reyna sig, svo menn verði búnir að fá nokkra reynslu á þessum lögum, áður en það mál kemur inn á þingið, svo menn geti betur glöggvað sig á því, hvernig á að haga tekjum presta. Jeg álít því, bæði af þessum ástæðum og öðrum, sem búið er að taka fram, að betur eigi við, að mál þetta

fái framgang á þessu þingi, heldur en að fresta því, eins og sumir h. þingmenn hafa stungi upp á.

Benedikt Kristjánsson: Í upphafi málsins skal jeg taka það fram, að jeg álít, að í þessu frumvarpi sje nokkur ákvæði mjög heppileg; aptur eru önnur er jeg álít ekki heppileg, heldur þvert á móti varasöm, svo varasöm, að mjer ris hugur við.

Að því er snertir ákvæðið um gjald til kirkna, þá er jeg því samþykkur, að sanngjarnast sje og eðlilegast, að gjaldið komi niður á hvern einstakan, en ekki eins og verið hefur, því að það eru einstaklingar safnaðarins sem kirkjuna nota; því verður ekki neitað, að það virðist vera mjög óheppilegt að halda kirkjum við af tíundum af fasteignum og lausafje, eins og það væri fasteignir og gangandi peningur, sem kirkjurnar koma að notum. Jeg er því, að öllu leyti samþykkur frumvarpinu að því er ákvæðin um gjaldmátann snertir.

Aptur á móti þykir mjer mjög vafasamt, hvort upphæð gjaldsins sje nógu hátt sett; hitt væri reyndar æskilegt, að gjaldið væri svo lágt, sem framast mætti vera, og jeg vil ekki neita því, að gjaldið kunni að hrökkva til, þótt allur kostnaðurinn til kirknanna verði goldinn úr hinum almenna kirkjusjóði, eins og frumvarpið fer fram á. En hræddur er jeg um, að gjaldið kunni að verða of lágt, sjerstaklega þegar tekið er til greina, að öll skylduvinna fellur burtu, svo sem flutningur á efnivið til kirkju, einkum sje kirkjan langt í burtu, svo sem 2—3 dagleiðir frá verzlunarstað. Jeg er hræddur um, að flutningsgjaldið yrði afar hátt, ef ætti að greiða það úr kirkjusjóðnum eingöngu. Það hefur verið venja, að sóknarmenn byggðu grundvöllinn undir kirkju í fjelagi og flyttu grjót að um langan veg o. s. frv.; en eigi að greiða þá vinnu í peningum, þá getur það gjald orðið all-hátt. Eins er varið með byggingu kirkjugarða.

En hvað sem þessu líður, þá er það víst, að þessi tilhögun getur verið sanngjarnari, því bændur geta búið í sóknninni árum saman, sem aldrei þurfa að inna þessa skylduvinnu af hendi, en annar verður að inna þessa vinnu af hendi, þótt hann hafi sama árið komið í sóknina eða ekki verið nema eitt eða tvö ár í henni. Hjer verður því meiri jöfnuður á en áður. En þótt nú þessi breyting á gjaldinu komi að ýmsu leyti misjafnt niður við það sem nú er, þá er hún samt sem áður eðlilegri. Jeg skal taka til dæmis, að í einhverri sókn eru margar kirkjujarðir, sem eru tíundarfrjálsar til kirkju; þá verða tekjur kirkjunnar auðvitað hærri en áður eptir ákvæðum frumv.

Hjer er ekki um landssjóðskirkjur einar að ræða, heldur bændakirkjur, safnaðakirkjur og ljensskirkjur. Jeg álít að það sje rjett ákvæði, að bændur sjeu ekki skyldir til, að láta kirkjur sínar ganga inn í hinn almenna kirkjusjóð, því að það væri brot á móti eignarrjettinum, en á hinn bóginn má gjöra ráð fyrir því, að engir bændakirkjueigendur vilji láta kirkjur sínar ganga í hinn almenna kirkjusjóð, ef þær eru vel efnaðar. Skyldur bænda, er kirkjur eiga, eru að eins þær, að halda þeim í sómasamlegu ástandi, svo að hin opinbera umsjón geti ekki að því fundið.

Það getur verið, að sumir bændakirkjueigendur hafi undir höndum töluvert kirknafje, sem þeir greiða enga vexti af, en geta haft til eigin afnota, og er þá eðlilegt, að þeir vilji ekki skjóta kirkjunni undir hinn almenna kirkjusjóð.

Nú stendur svo á, að sumar kirkjur eru fátækar, en sumar ríkar. Það má líkja kirkjunum við próventumenn í tilliti til sambandsins milli þeirra og eigendanna. Sje nú próventumaðurinn ríkur, þá hefir bóndinn hagnað af því, að annast hann, en sje próventumaðurinn aptur á móti fátækur, þá græðir húsbóndi hans ekki fje á honum, heldur þvert á móti tapar.

Þeir, sem eiga fátækar kirkjur, myndu vilja losast við þær, því að þeir hafa ábyrgð á þeim; en sú kvöð hefir legið á eigninni frá alda-öðli og gengið að kaupum og sölum eða erfðum mann frá manni, svo að ekki er ástæða til að ljetta þessari kvöð af, þótt eigendur óski.

Þau ákvæði eru í frumvarpinu, að stiptsyfirvöldin megi veita bændakirkjum inntöku í kirkjusjóðinn. En stiptsyfirvöldum má gjöra ýmsar missýningar, því að þau geta ekki eins og Óðinn forðum sezt í Hliðskjálf og sjeð, hvernig tekjum og þörfum hverrar kirkju er háttað eða hver afleiðingin muni verða af því, að taka þessa kirkjuna eða hina inn í kirkjusjóðinn. En óárennilegt er að taka mjög fátækar kirkjur inn í kirkjusjóðinn; það gæti ef til vill staðizt, ef hann fengi allar kirkjur upp og ofan.

Jeg hefi ekki lifað mig mikið inn í hin nýju kirkjulög frá 22. maí 1890, þó búið sje með þeim að ráðstafa tekjum ljenskirkna, svo þær falli í hinn almenna kirkjusjóð. Presturinn hafði áður fjárhald kirkju sinnar undir umsjón hinnar almennu kirkjustjórnar og prestar eru skyldir að halda kirkjum þessum í sómalegu ástandi. Væri kirkjan fátæk, þá var hún byrði á prestakallinu, svo presturinn varð að gefa af embættistekjum sínum til kirkjunnar, og þess konar kirkjur gátu verið í mjög góðum prestaköllum og tekjuskortur þeirra kom af því, að í þeim sóknum eru svo margar kirkjujarðir. Ef prestur í góðu prestakalli vill losa sig við fátækar kirkjur og fái því nú framgengt, þá sje jeg ekki annað en verið sje að bæta upp tekjur prestakallsins. Til þess væri góð og gild ástæða, ef það væri í fátæku brauði, en að öðrum kosti er þess ekki þörf.

Það er annars líklegt, að hin sameiginlegi sjóður og stjórn hans innilyki ekki fleiri kirkjur en safnaðakirkjur og fátækar kirkjur sem eigendur hafa viljað selja söfnuðum í hendur, og jafnvel landssjóðskirkjur, en jeg efast um, að hann geti hlynnt að þeim svo vel sje.

Eins og nú er annast söfnuðirnir kirkjur sínar án sjerstakra gjalda. Hvers vegna á nú að fara að taka aptur þessar kirkjur frá söfnuðunum? Bæði er það, að umsjón og fjárhald þessara kirkna hefir reynzt vel, því það eru hagsmunir safnaðanna að hafa þær í sem beztu ástandi, og jeg get ekki búizt við, að söfnuðir láti kirkjur sínar vera í óviðunanlegu ástandi, enda eru þær undir umsjón hinnar almennu kirkjustjórnar. Af safnaðakirkjum er því ekki að vænta hagnaðar fyrir hinn almenna kirkjusjóð, því þær eru því að eins komnar í hendur safnaðanna, að hinir fyrri eigendur þeirra hafi ekki sjeð sjer skaða í því, að afhenda þær söfnuðunum.

Jeg vil taka það fram aptur, að jeg felli mig mjög vel við breytinguna á gjöldunum í frumv., en jeg verð að segja enn af nýju, að mjer rís hugur við hugmyndinni um hinn sameiginlega kirkjusjóð, og jeg get ekki gefið því ákvæði atkvæði mitt, og það því síður, sem h. varaforseti (Þór. B.) hafði þau ummæli í öðru máli, sem jeg að öllu leyti fellst á — jeg held það hafi verið frumvarpið um vegina —, að það

væri óheppilegt að leggja mikla áherzlu á centralisatiónina; decentralisatiónin yrði að vera henni samfara; en hjer stendur einmitt eins á.

Það er mesti munur á því, hvernig er farið með fje eptir því, hver stjórnar því. Sá bóndi, sem býr sjálfur búi sínu, hann getur hagnýtt sjer marga hluti, af því að hann er sjálfur við; hann þarf ekki þar fyrir að vera nurlari; en ef hann hefur ráðsmann þar, en er sjálfur fjarverandi, þá er hætt við, að honum eyðist meira fje á búi sínu, svo hann geti ekki sinnt öllum þörfum búsins. Líkt mundi fara um stjórn hins sameiginlega kirkjusjóðs. Hún yrði fjarlæg flestöllum kirkjum; þeir sem umsjón kirknanna hefðu af hennar hendi, biðja að vísu um eitt og annað til endurbóta, en hún getur ekki ávallt vitað, hvort sú bæn er á rökum byggð eða ekki; svo yrði það dýrt að kaupa mann til eptirlits með því, sem gjöra þyrfti á hverjum stað.

Jeg vil ekki spá því, að menn vildu sprengja upp þá vinnu, er þeir ynnu á kostnað sjóðsins, en jeg gjöri ráð fyrir, að þeir muni selja fullkomlega dýrt verk sín, sem annars hefði mátt gjöra fyrir minna, ef hagsýni hefði verið viðhöfð.

Sömuleiðis er jeg hræddur um, að söfnuðir mundu verða all-frekir í kröfum sínum við þenna sjóð, kirkjum sínum til handa. Myndu þeir ekki flestir vilja hafa harmonium í kirkjur sínar og laun handa söngkennurum?

Framsögumaður gat þess, að menn eyddu fje kirkna til ýmislegra þarflausra og gagnslausra viðgerða á þeim. En jeg held, að það sje nú fátítt orðið, enda geta verið skiptar skoðanir á því, hvað sje óþarfa eyðsla. Sumir kalla það ef til vill eyðslu, ef fjárhaldsmaður kirkju vill lagfæra ýmislegt smávegis. En því er eins varið með kirkjur sem önnur hús, að þörf er á að lagfæra strax það, sem lagfæra þarf, svo meira tjón hljótist ekki af.

Jeg orðlengi þetta svo ekki meira, en tek það enn fram, að jeg get greitt atkvæði með breytingunni á gjöldunum; en jeg get ekki fallizt á ákvæðin um hinn sameiginlega kirkjusjóð.

Landshöfðingi: Jeg ljet það í ljósi við 1. umræðu þessa máls, að frumvarp þetta væri hin mesta rjettarbót, og mjög nauðsynleg rjettarbót. Það mun engum blandast hugur um, að síðustu lög um þetta efni frá 22. maí 1890 hafi ýmsa verulega galla, enda er það eðlilegt, því að grundvallarsetningar þær, sem komu fram í 1. og 2. grein frumv. þess, sem borið var upp á þingi 1889 um tekjur og umsjón kirkna, vildi þingið ekki aðhyllast og felldi því burtu 5 fyrstu greinarnar í hinu upprunalega frumv., svo að frumvarpið varð með því móti höfuðlaust, en höfuðlaus lög geta ekki að haldi komið. Jeg þarf ekki annað en benda á allar þær fyrirspurnir, er komið hafa fram út af þessum lögum, og svo sem dæmi þess, hve mjög þessum lögum hefir verið flaustrað af, má taka það, að ekki er sami gjalddagi á tekjum bændakirkna og annara kirkna, nje heldur sami gjaldeyrir t. a. m. á ljóstolli. Og þar á ofan bættist, hve erfitt var að framfylgja þessu.

Mjer hefir heyrzt á flestum þingmönnum, að þeim þætti frumv. heppilegt, og ef breyt.tillögurnar á þingskj. 351 komast að, þá verður það svo aðgengilegt, sem framast má búast við. Í breyt.till. þessum er tekið tillit til flestra mótmæla, er komu fram við 1. umræðu málsins, einkanlega frá h. 2. þm. Eyf. (J. J.) um kostnaðinn við organ í kirkjum og hitun þeirra. Nú

er þessu vikið svo við, að sá kostnaður þarf eigi að stofna kirkjusjóði í neina óreiðu.

H. þm. Mýr. (B. Kr.) tók fram mörg atriði viðvíkjandi þessu máli, sem jeg get fallizt á. Jeg er h. þm. samdóma um, að það atriði sje mikilsverð rjettarbót, að öllum hinum margbreyttu gjöldum til kirkju er steypt saman í eitt fast gjald, sem lagt er á hvern einstakan mann í söfnuðinum. Sjerstaklega vil jeg taka það fram, að jeg er því samþykkur, að allri skylduvinnu og flutningavinnu sje ljett af, þeirri er verið hefir, því að það er stefnan í löggjöfinni á vorum tímum, að breyta allri skylduvinnu í peningagjald. Það er og rjett hjá h. þm. Mýr. (B. Kr.), að þessi skylduvinna fyrir kirkjur kemur ekki jafnt niður; þetta er mjög ósanngjarnt. Jeg vil taka til dæmis flutning á efnivið til kirkju. Bóndi, sem búið hefir mörg ár í sókninni, kemst ef til vill algjörlega hjá þessari skylduvinnu, af því að kirkjan fær enga aðgjörð á þeim tíma, en aptur getur svo atvikazt, að sá, sem búið hefir að eins eitt ár í sókninni, verði að inna mikla vinnu í þarfir kirkjunnar af hendi.

Þessi flutningavinna kemur og mjög misjafnt niður. Sumar kirkjur eru langt frá kaupstað, aðrar eru rjett hjá kaupstað. Sóknarbændur í þeim kirkjusóknum, sem fjær eru, verða því miklu harðara úti en sóknarbændur í hinum, sem nær eru.

Jeg verð að taka það fram aptur, að sú stefna frumvarpsins sje mjög heppileg, að leggja fast peningagjald á hvern gjaldskyldan mann, í stað þeirra gjalda, sem nú eru. En á hinn bóginn er jeg ekki samdóma h. þm. Mýr. (B. Kr. um, að ísjárvert sje, að stofna almennan kirkjussjóð; sjerstaklega virðist mjer engin frágangssök að gefa prestum eptir þá kvöð, að þeir sjeu skyldir að hafa á hendi alla ábyrgð af kirkjum sínum, hvort sem kirkjusjóður hrekkur til eða ekki, þó aldrei nema þessi kvöð hafi hvílt á þeim frá fyrstu. Jeg ber ekki á móti því, að þetta ástand sje rjett eptir uppruna sínum, en nú hafa menn gleymt því, hvaðan þessi kvöð á rót sína að rekja, og nú lifir það í meðvitund almennings, að allar tekjur af kirkjugóssinu sje embættistekjur prestanna, svo að þeim beri að eins að gjöra reikningsskil fyrir hinum eiginlegu kirkjugjöldum, sem kirkjusjóðurinn myndast af. Prestar kvarta opt undan þeirri ábyrgð af kirkjunum, sem á þeim hvílir eptir gildandi lögum, og hið opinbera hefir opt tekið í þann strenginn, að ljetta henni af þeim að meira eða minna leyti, enda kemur hún mjög ójafnt niður, allt eptir því hvort kirkjan er fátæk eða rík. En hafi nú þessi kvöð komið ójafnt niður, hví skyldu menn þá vilja halda henni, er kostur gefst á að ljetta henni af? Það er og ósanngjarnt, ef sami prestur situr lengi í brauði og nýtur vaxtanna af kirkjusjóðnum, en næsti prestur situr skamma stund, en verður að endurbyggja kirkjuna og fer ekki að eins á mis við að njóta þessara vaxta, heldur verður jafnvel að leggja fram frá sjálfum sjer það sem vantar á, að kirkjusjóðurinn hrökkvi fyrir byggingarkostnaðinum.

H. þm. Mýr. (B. Kr.) taldi 4 flokka af kirkjum: ljenskirkjur, bændakirkjur, safnaðakirkjur og landssjóðskirkjur. En jeg hefi ávallt skoðað það svo, að landssjóðskirkjur sje að öllu sem bændakirkjur, og þá eigi sjerstakur flokkur, því að landssjóður á kirkjur sínar með sömu rjettindum og sömu skuldbindingum, sem hver annar kirkjueigandi.

H. þm. Mýr. (B. Kr.) áleit ennfremur, að bændur myndu eigi verða fúsir á, að láta kirkjur sínar ganga undir kirkjusjóðinn, nema kirkjurnar væri fá-

tækar. En jeg verð að líta svo á, að þar sem kirkjueigendur með því móti leysa fasteign þá, sem kirkjunni er ánöfnuð, úr því veðbandi, sem hún er í fyrir viðhaldi og endurreisn kirkjunnar, og verða þannig frjálsir eigendur kirkjufasteignarinnar, þá sje mjög líklegt að þeir vilji vinna svo mikið til þessa hagræðis, að afsala sjer fjárhaldi kirknanna. Ef ríkt er gengið eptir reikningsskilum fyrir gjöldum til bændakirknanna, þá er alls ekki svo þægilegt, að hafa kirkjusjóðinn með höndum, því að innheimta er ekki allt af auðveld. Þar á ofan bætist, að nokkur vandkvæði eru á, að trúa bændum fyrir að hafa allan veg og vanda af heilum flokki af kirkjum; það brestur einatt á, að þær sje í sæmilegu standi. Það væru því bein hlunnindi ekki að eins fyrir kirkjurnar sjálfar, heldur og fyrir kirkjubændur, ef þeir vildu afsala sjer fjárhaldi kirkna þeirra, sem þeir eru taldir að eiga.

Ekki er jeg heldur samdóma h. þm. Mýr. (B. Kr.) í því, sem hann talaði um safnaðakirkjurnar. Söfnuðir, sem hafa á hendi umsjón og fjárhald kirkna sinna, hafa sömu skyldna að gæta við þær, sem prestar þeir, er kirkjur hafa að ljeni, hafa við sínar kirkjur. Með þessu frumvarpi er einmitt næg trygging fengin fyrir því, að tekjum safnaðakirknanna verði sem bezt ráðstafað, og að þeim verði ávallt haldið í sómasamlegu standi. En með því fyrirkomulagi, sem nú er, vantar alla slíka trygging. Ef söfnuður, sem hefir á hendi fjárhald og umsjón kirkju sinnar, vanrækir viðhald kirkjunnar eða endurbygging hennar, þá hefir kirkjustjórnin engin úrræði til að þröngva söfnuðinum til að gegna skyldu sinni í þessu efni. Að vísu má höfða mál á hendur sóknarnefndinni, til að skylda hana til, að viðlögðum dagsektum, að framkvæma aðgjörðina eða endurbygginguna, en hvað er kirkjan bættari, þó slíkur dómur sje fenginn yfir sóknarnefndinni? Henni getur verðið ómögulegt að fullnægja dóminum. Hvaðan á hún að taka það fje, sem þarf til aðgjörðarinnar, ef það er ekki til í kirkjusjóði? Það má svara því, að hún geti jafnað því á söfnuðinn; en hvar er heimildin til þess? Og eptir hvaða mælikvarða ætti slík niðurjöfnun að fara fram? Um það vantar öll lagafyrirmæli. Það má líka vísa sóknarnefndinni á að taka lán til kirkjubyggingarinnar. En hver vill lána henni fje, þar sem engin trygging er önnur en hinar árlegu kirkjutekjur, og enginn ákveðinn skuldunautur að ganga að? Þess vegna hefi jeg neitað um öll slík lán úr landssjóði. Úr öllum þessum vandkvæðum er ráðið með þessu frumv. Kirkjutekjurnar verða greiddar árlega í hinn almenna kirkjusjóð og ávaxtaðar þar á tryggilegan hátt, og kirkjusjóðurinn leggur fram það fje, sem þarf kirkjunum til viðhalds og viðreisnar, og jeg hefi þá föstu trú, að hinn almenna kirkjusjóð muni ekki bresta fje til að fullnægja þeim skuldbindingum, sem þetta frumv. leggur honum á hendur, ef honum er stjórnað með greind og gætni, sem jeg trúi stiptsyfirvöldunum fullkomlega til.

Jeg tek það fram aptur, að prestum, sem ljenskirkjur hafa, og bændum, sem eiga ríkar kirkjur, er svo mikill hagnaður að því, að losast við fjárhald kirknanna, að hann er meira virði en sá mjög vafasami hagnaður, er þeir hafa af því, að hafa fjárhaldið á hendi. Lögin, sem vjer höfum nú um fjárhald kirkna, eru mjög ófullkomin, og hin mesta nauðsyn væri, að þeim sje breytt sem fyrst.

Þórður Guðmundsson: Jeg hefi litlu við að bæta það sem þeir hæstv. landsh

og h. þm. Mýr. (B. Kr.) hafa talað greinilega og ítarlega um málið.

Eins og við fyrri umr. málsins, þá játa jeg það, að málið hefir tekið miklum bótum í höndum nefndarinnar, en jeg er þó á sömu skoðun sem fyr, að málið hefði átt að ræðast heima í hjeruðum, áður en það væri gert að lögum. Það eru 2 atriði sem ekki hefir verið bent á í umræðunum, og jeg vil minnast lítið eitt á, en sem víst verða talin smáatriði. Mjer finnst nokkuð aukinn rjettur einstakra manna, með nokkrum ákvæðum í frumv. þessu; aptur eru önnur ákvæði, sem skerða rjettindi hlutaðeigandi manna að mínu áliti.

Það er ákveðið í 11. gr., að prófasti skuli goldnar 10 kr. á ári hverju, af hverri kirkju í prófastsdæmi hans, hvort sem hann vísiterar eða ekki. Þetta er nokkuð hátt gjald, og óeðlilegt að borga jafnt fyrir kirkjur, sem aldrei eru vísiteraðar. Því þó jeg álíti vísitazíu mjög lítilsverða allopt, þá eru það þó ferðalög, sem þær baka prófföstum; starf það að koma kirkjutekjum í hinn almenna kirkjusjóð, getur ekki álitizt mjög umfangsmikið fyrir prófast. Þar á móti virðist þröngvað rjetti kirkjuhaldara. Þeir áttu að fá 1/10 í innheimtulaun, eins og þeir hafa flestir fengið um nokkur ár, en eptir 5. gr. eiga þeir ekki að fá nema 6 af hundraði. Jeg held innheimtan og umstang af kirkjuhaldinu hvíli eins eptir sem áður á kirkjuhaldara, þó gjaldmátanum sje breytt, því varla munu aukast peningar hjá gjaldendum, þó nefskatturinn komist á. Þar að auk munu þeir verða að færa prófasti kirkjugjaldið heim til hans, já, og það í peningum.

Kirkjuhaldarinn, hvort sem hann er bóndi eða prestur, er sannarlega ekki öfundarverður þó hann fengi 1/10, því hann hefir af því bæði mikla ábyrgð og fyrirhöfn. Jeg mun því koma með breytingartill. til 3. umr., um það, að svipta þá ekki þeim rjetti, sem þeir hafa.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Jeg benti á það við fyrri umræður þessa máls, að ráðlegast væri að láta það hvíla sig, en leita álits hjeraðsfunda um það, og jeg get enn lýst því yfir, að ekkert það hefir framkomið í umræðunum, sem hafi sannfært mig um það, að þessi skoðun mín sje ekki á rökum byggð. H. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) byrjaði ræðu sína á því, að taka það fram, að þetta mál hafi verið lagt fyrir hjeraðsfundi og sje því þýðingarlaust að gera það aptur. En jeg vil spyrja, hvaða »þetta mál?«. Í þingbyrjun kom þetta frumv. fram, og þá sagði flutningsmaður, að það væri mjög vel undir búið, það væri samið af beztu og vitrustu mönnum andlegu stjettarinnar, og þá sjálfsagt vel úr garði gert; þessu svaraði hann 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) sem hafði látið sjer þau orð um munn fara, að frumv. hefði upphaflega verið svo illa úr garði gert, að það hefði naumast verið íhugunarvert. En hvernig fór? Deildin valdi nefnd í málið, einvalalið af sínum beztu mönnum, og sú nefnd vann með elju og dugnaði og umskapaði frumv. Við 2. umr., þá er vakið athygli á mörgum göllum á því, og þá tók nefndin það enn til meðferðar, svo að nú kemur það endurfætt fyrir deildina, — áður var það umskapað.—

Sannar þetta ekki, að málið sje ekki undirbúið sem skyldi?

Sú skoðun, að láta það enn koma fyrir hjeraðsfundi, hefir því við mikil rök að styðjast. Hæstv. landsh. sagði, að lög frá 1890 væru svo gott sem höfuðlaus, því þau hefði ekki verið nægilega hugsuð. En hvaða ástæða er til að ætla, að þetta sje nægilega hugsað?

Hvaða ástæða er til þess að ætla, að nefndin hafi haft tækifæri til þess, að íhuga það svo rækilega, að málið hefði ekki gott af því, að koma fyrir hjeraðsfundi og fá nýja yfirvegun og meðferð?

Jeg skal benda á, að frumv. þetta hefir enn stóra galla. Við 9. gr., sem á að verða 7., er það að athuga, að eptir því sem fram er tekið í niðurlagi hennar, þá get jeg ekki betur sjeð en loku sje skotið fyrir það, að nokkur bændakirkja komist í þennan almenna kirkjusjóð. Þeir einir munu sækja um að komast í þennan sjóð, sem fátækar kirkjur eiga og hafa hag af því að komast í hann, en þetta verður aptur til tjóns fyrir hinn almenna kirkjusjóð, og þá hafa stiptsyfirvöldin leyfi til að neita og munu líka gera það. Það er ekki heppilegt að útiloka þannig heilan flokk kirkna frá þessum sjóði, og jeg álít það betra að geyma þessa breytingu þangað til menn hafa fundið ráð til þess að þessi sjóður verði sameiginlega fyrir allar kirkjur.

Jeg skal vekja athygli h. þingdeildarm. á því, sem mjer var bent á, en jeg var ekki svo skarpur að finna sjálfur, að eptir niðurlaginu á 9. gr. þá lítur svo út, sem bændakirkjur eigi að hafa rjett til þess, að fá borgaðan úr almennum kirkjusjóði ýmsan kostnað, svo sem við kirkjugarðshleðslu o. s. frv.

Síðasta málsgreinin segir, að ákvæði þessarar greinar, 9. gr., sem nú á að verða 7. gr., nái ekki til bændakirkna. — Í öllum öðrum gr. er talað um kirkjur yfir höfuð og bændakirkjur hvergi undanteknar. Það lítur því svo út, sem bændakirkjur eins og aðrar kirkjur eigi að fá öll sín útgjöld greidd úr hinum sameiginlega sjóði, þótt þær hafi ekkert í hann greitt; en þar sem þetta er þó víst ekki meiningin, þá þyrfti að laga þetta, og láta undantekningarákvæðin ná til fleiri greina.

Það ákvæði, að hin almenni kirkjusjóður skuli aldrei vera minni en 100 þús. kr., getur verið gott, en skyldi það ekki geta orðið nokkuð þröngt? Skyldi það ekki geta orðið til þess, að kirkjur geti ekki orðið í því ástandi, sem frv. vill að þær sjeu og »kröfur tímans« heimta, svo jeg viðhafi það orð, sem hefir orðið svo óvinsælt hjer í deildinni?

Þá eru ákvæðin í 11. gr., sem er alveg sama og setja prófasta á föst laun. Það má nú — ef til vill — mæla því bót, en það er líka margt sem mælir móti því, svo jeg álít hana óþarfa. Þá er 16. breytingartill. Hún er nú engin veruleg efnisbreyting, en hefir sama galla og jeg hefi áður tekið fram, að hækkaðar eru tekjur sumra fjárráðamanna, en lækkaðar annara. Jeg skil ekki að það sje tilgangur flutningsm. (Þ. Böðv.).

Það hefir verið bent á það, að frá aldaöðli hafa sumar kirkjur verið prestum sínum byrði, en aðrar hafa aukið tekjur þeirra.

Þetta hefir verið skyldu-kvöð, sem prestur hefir orðið að gangast undir, hvort sem það hækkaði eða lækkaði tekjur hans.

Þess ber og einnig að gæta, viðvíkjandi þeim kirkjum, sem lán hafa tekið, að þeim prestum sem þjóna við þær kirkjur og eptirkomandi prestum er beinlínis gefið fje, og það eptir því mikið, sem skuldarupphæðin er há.

Það get jeg heldur ekki skilið að sje tilgangur frumv. Fyrir þetta hefði mátt komast með því, að láta kirkjurnar komast smátt og smátt í sjóðinn.

Það er ekki svo lítill tekjuauki fyrir presta, að hafa kirkjusjóð vaxtalausan undir höndum. En með því að leggja

allt í þennan almenna kirkjusjóð, þá eru þær tekjur teknar af prestinum, og öðrum embættismönnum mundi vera bættur upp sá tekjumissi.

Það hefir komið fram breytingartill. frá h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.), sem fer fram á, að bæta dálitið úr þessu. En þó fresturinn sje 15 ár, þá er það óverulegt spor í þá átt að ljetta á prestunum, enda hefir sú breytingartill. ekki fundið náð í augum nefndarinnar. Jeg get ekki annað sjeð, en að það sje hart, að svipta presta sem komnir hafa verið í embætti áður, að svipta þá þeim rjetti, að hafa kirknasjóði vaxtalausa.

En þótt þetta spor væri nú stigið þegar með lögunum, — höfuðlausu lögunum og vanhugsuðu frá 1890 —, ef það hefir þó verið rangt, sem margir ætla, því er það þá ekki leiðrjett?

Af þessum ástæðum verð jeg að vera á sömu skoðun og jeg var við fyrri umræður þessa máls, og álít rjettast að leggja það fyrir hjeraðsfundi, og vita, hvort það ekki skýrist betur.

Jeg er sannfærður um það, — og það skal vera minn spádómur —, að verði hrapað að þessu, þá muni innan skamms þær raddir láta til sín heyra, sem þykir þetta óhafandi, raddir sem munu tala svo alvarlega, að einsætt verði að hlýða þeim.

Einar Jónsson: Jeg get ekki verið samþykkur þeim h. þm. (J. J., 2. þm. Eyf.), sem nú settist niður, að þetta frumv. sje svo ófullkomið, að ekki megi samþykkja það strax, enda held jeg, að það tæki ekki miklum bótum, þótt það væri sent út um land. Ef menn eru samþykkir aðalstefnu þess, þá má samþykkja það nú í heild sinni, og síðan breyta og bæta það, sem þörf þykir þegar frá líður.

H. þm. minntist á 18. tölul. á þingskj. 351, — það er, eins og menn munu hafa tekið eptir, prentvilla, 16 fyrir 18, — og sýndi ljóslega fram á, hvaða kvöð það er fyrir prestana, þar sem kirkjur eiga lítið fje, að þurfa að annast viðhald þeirra og endurbyggingu, og aptur á móti, hver hagur það er fyrir þá, þar sem kirkjur eiga nokkurn sjóð, að hafa umráð yfir því fje, án þess að þurfa að svara rentu af því, og jeg er honum samþykkur að þessu leyti. Þess ber líka að gæta, að þessi kvöð hefir orðið mikið þyngri, þar sem kirkjur hafa verið fátækar, síðan kirkjubyggingar breyttust svo mjög, sem orðið hefir á síðari tímum, því meðan þær voru torfhús, þá gat þetta aldrei orðið eins tilfinnanlegt eins og nú, síðan þær kröfur fóru að verða til kirknanna, að þær skyldu vera veglegri hús en áður var títt. Jeg hef allt af álitið og álít, að rjett sje að ljetta þessari kvöð af, því þó prestarnir reyndar hafi enga heimting á því, þar sem segja má, að þeir hafi vitað, að hverju þeir gengu, er þeir tóku við embættunum, þá er öll sanngirni, sem mælir með því, að þessu sje ljett af þeim. En þegar ræða er um hitt atriðið, þar sem kirkjur eru auðugar og presturinn hefir vitanlega mikla vexti af sjóði þeirra, og fullan rjett til að njóta þeirra vaxta, eptir eldri lögum, þá hefir það ekki verið venja þingsins að kippa launum af þeim, er öðlazt hafa rjett til þeirra, og þess vegna er það, að jeg og annar h. þm. höfum leyft okkur að koma með breytingartillögu, sem jeg verð enn að halda fram, því þó borgunartíminn sje lengdur, þá þykir mjer ekki svo mikið unnið við það. Jeg fyrir mitt leyti vildi heldur hallast að því, að hann væri styttri, t. d. að eins 10 ár, því þá væri það fengið, sem er aðal-tilgangurinn með lögum þessum, að ná kirknasjóðunum á tryggan stað.

Þegar það höfuðatriði er fengið, að fá sjóðina svo þeir ekki tapist, þá get

jeg heldur ekki sjeð neitt á móti því, að greiða þyrfti af sjóðunum vexti um styttri tíma til þeirra presta, sem rjett hafa til þess að njóta þeirra meðan þeir eru í embættum þeim, er þeir nú hafa.

Í 16. gr., sem verður 11. gr., er talað um að greiða hjeraðprófasti 10 kr. árlega þóknun úr sjóðnum fyrir hverja þá kirkju, er þangað greiðir gjöld sín. Eins og þetta hjer er orðað, finnst mjer mega misskilja það þannig, að það sjeu að eins þær kirkjur, sem í sjóðinn leggja, sem greiða gjöld til prófasts, því í 20. gr., sem verður 14. gr., eru eldri lagaákvæði numin úr gildi, og mætti þar af draga þá ályktun, að bændakirkjur, sem ekki heyrðu undir sjóðinn, þyrftu ekki að greiða nein vísitazíulaun. Það verður víst ekki álitið, að laun prófasta sjeu of mikil, eins og þau eru nú, og mun vart vera tilætlun nefndarinnar að færa þau niður, en eins og greinin liggur fyrir, liggur næst að skilja hana svo, að þeir eigi ekki að fá nein önnur laun en 10 kr. af hverri þeirri kirkju, sem greiðir fje í hinn almenna sjóð. Laun þeirra eru ekki of mikil, þó að þau væru að eins skoðuð sem borgun fyrir vísitazíuferðirnar, en þó hafa þeir eins og kunnugt er margt fleira að gera, sem lítil eða engin borgun er greidd fyrir. Þannig hafa þeir eigi svo lítil skrifstörf, en enga borgun fyrir þau og laun þeirra alls ekkert miðuð við þau. Þau störf eru þó svo mikil, að ef ætti að leggja þau á einhvern veraldlegan embættismann, mundi þykja sjálfsagt að auka laun hans. Ætlun mín er nú alls ekki sú, að bæta við laun þeirra, þó að þau sjeu ekki há, en jeg vil ekki láta taka af þeim, og vildi helzt, að þeir hefðu ákveðna upphæð í hverju prófastsdæmi, án tillits til þess, hversu opt þeir visitera.

Í 9. gr., sem verður 7. gr., segir svo: »Heimilt er þó reikningshaldara að halda eptir vaxtalaust allt að 100 kr. af tekjum kirkju«. Nú vil jeg spyrja: hve lengi? (*Þ. B.*: Allt af!). Það er mikið gott, en er það þá meiningin, að hann megi halda eptir 100 krónum á hverju ári, og láta það safnast fyrir hjá sjer? Það getur orðið allsnotur upphæð með tímanum. Jeg þykist reyndar skilja, hver meiningin er, en jeg kynni betur við að bæta hjer inn í einhverju orði til að fyrirbyggja misskilning.

Framsögumaður (*Þór. Böðvarsson*): Jeg fer að skilja á mönnum, að þeim muni þykja nóg komið af umræðum um þetta mál, og skal jeg því vera stuttorður.

Jeg er þakklátur h. 1. þm. Rvell. (Þórði G.) fyrir hans hlýju ummæli um málið.

H. þm. Mýr. (B. Kr.) talaði margt og mikið gott og fjekk þakkir fyrir úr þeim stað, sem honum mun þykja meir í varið en þó hann fengi þakkir hjá mjer. Því fáa sem hann hafði fram að færa móti frumv. hefir hæstv. landshöfðingi þegar svarað. Það var að eins eitt atriði, sem jeg vildi minnast á, þar sem hann sagði, að lögin ljettu engu af söfnuðunum, þá er það misskilningur, þar eð sú grein, sem um það hljóðaði, á nú að fellast í burtu úr frumv. Það er sjálfsagt, að hver gerir kröfu til sinnar kirkju sem mesta, en það er biskup, sem skammtar þeim og þeir fá eigi meira en honum gott þykir. Það kann vel að vera, að herra biskup kunni að verða í vanda staddur, að jafna á milli hinna heimtufreku beiðenda, en þó má ætla, að hann á einhvern hátt komist út af því, sjerstaklega, þegar fastákveðið er, hve mikið ávallt skuli vera í sjóði.

Mig furðaði stórum, er jeg heyrði, að þetta frumv. ætti að auka laun prófasta, því jeg álít, að þau verði þvert

á móti minni, því það er vanalega, þó ekki sje það án undantekningar, að vísitazíulaun prófasta sjeu yfir 10 kr. fyrir hverja kirkju.

Þá er h. 2. þm. Eyf. (J. J.). Jeg get ekki að því gert, að mjer datt ósjálfrátt í hug það sem eitt rómverskt skáld segir: »Þó ekkert dust sje, þá áttu samt að dusta klæðin«: — »Et si nullus erit pulvis tamen excute pellem«. —

Jeg þykist vita, að hann vilji þessu máli vel og álíti því æskilegt, að það sje athugað sem bezt; en þar sem hann svo spurði: »hvað er þetta mál?« þá skildi jeg ekki hvað hann fór. Hann sagði að þetta mál hefði verið samið og íhugað af hinum æðstu og beztu mönnum, en síðan hefði því verið breytt og nú væri komin ýms ný þýðingarmikil ákvæði inn í það. Jeg get ekki sagt að svo sje, því þessi hugmynd um sameiginlegan sjóð er ekki ný, heldur er það hugmynd, sem lengi hefir verið í huga mínum, og sem jeg bar upp fyrir hinum æðstu, vitrustu og beztu mönnum, en þeir voru svo deigir, að þeim þótti það ekki tiltækilegt að svo stöddu. Það er þessi eina breyting um þennan sameiginlega sjóð, sem hefir allar hinar breytingarnar sem eðlilega afleiðing, og með þessari breytingu hefir hæstv. landsh. mælt svo mikið, og það voru einmitt hans ummæli, sem gáfu mjer hug og djörfung til að bera þessa breytingu fram fyrir h. deild.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) þótti það galli, að þessar breyt.till. hafa ekki verið bornar upp fyrir hjeraðsfundunum; jeg held það mætti æra óstöðugan, ef ætti að bera undir þá allar þær breytingar sem kunna að koma fram við meðferð slíkrar löggjafar hjer á þingi. En þar sem hann sagði, að loku væri skotið fyrir það, að bændakirkjur gætu orðið teknar upp í kirknasjóðinn, þá er það einmitt leyft, og jeg er sannfærður um, að sje sanngirni beitt, þá muni þessar reglur innan skamms ganga yfir alla. Þar sem h. sami þm. talaði um, að prestar misstu tekjur af kirknafje, þá ber þess að gæta, að prestar hafa aldrei átt neinn rjett til afnota af kirknafje sem launa, og því getur það í þeim skilningi enginn launamissir verið fyrir þá. Og hvað það snertir, að ákveða að sjóðurinn megi aldrei fara niður úr 100,000 kr., þá hef jeg einmitt með tölum sýnt fram á, að engin ástæða er til að óttast, að því geti ekki orðið fylgt.

Hvort það sje rjett eða rangt, sem farið hefir verið fram á í lögunum frá 1890, skal jeg ekkert segja um, en hafi það verið rangt, þá er mildað úr því nú.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) spáði því, að þessi lög mundu innan fárra ára reynast mjög óhentug og þá mundi verða að breyta þeim. Jeg þykist vera eins góður spámaður um það og h. þm., og að því leyti betri, að jeg þekki þetta mál betur, og jeg vil spá, að strax þegar lögin koma til framkvæmda, muni allt ganga vel og þau muni líka æ betur og betur þegar fram líður og menn komast betur inn í anda þeirra. Þetta vona jeg að h. skrifarar skrifi eptir mjer, eins og þeir þegar hafa skrifað spádóm h. 2. þm. Eyf. (J. J.)

Jeg sje, að h. forseti tekur upp klukkuna og sezt því niður.

Forseti: Það er orðið áliðið tíma, og hjer er tillaga um að nú sje til atkv. gengið.

Tillagan var samþykkt.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 1 á þingskj. 351 við 1. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 2 á þingskj. 351 við 1. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 3 á þingskj. 351 við 1. gr. samþ. með 19 samhlj. atkv.; 1. gr. frv. með áorðn. breyt. samþ. með 18 sam-

hlj. atkv.; breyt.till. 4 á þingskj. 351 við 2. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.; 2. gr. frv. þannig breytt samþ. með 19 samhlj. atkv.; breyt.till. 5 á þingskj. 351 við 3. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. 5 á þingskj. 233 við 4. gr, samþ. með 12 samhlj. atkv.; 4. gr. frv. þannig breytt samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 7 á þingskj. 351 að 5. gr. falli burt samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 8 á þingskj. 351 að 6. gr. falli burt samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. 9 á þingskj. 351 við 7. gr. samþ. með 13 gegn 4 atkv.; 7. gr. frv. breytt samþ. með 14 samhlj. atkv.; 8. gr. frv. óbreytt samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. 11 á þingskj. 351 við 9. gr. samþ. með 14 gegn 1 atkv.; breyt.till. 11 á þingskj. 291 við 9. gr. felld með 12 gegn 5 atkv.; breyt.till. 12 á þingskj. 351 við 10. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. 13 á þingskj. 351 við 11. og 12. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. 14 á þingskj. 351 við 13. gr. samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 15 á þingskj. 351 við 14. og 15. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.; breyt.till. 16 á þingskj. 361 við 16. gr. felld með 12 gegn 11 atkv.. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Klemens Jónsson	Einar Jónsson
Björn Bjarnarson	B. Kristjánsson
Guðl. Guðmundss.	Björn Sigfússon
H. Kr. Friðriksson	Bogi Melsted
Jens Pálsson	J. Jónss. þm. Eyf.
Jón Jakobsson	J. Jónss. þm. N.-M.
J. Jónss. þm. A.-Sk.	Ólafur Briem
Jón Þórarinsson	Sigfús Árnason
Jón Þorkelsson	Sighv. Árnason
Sig. Gunnarsson	Skúli Thoroddsen
Þór. Böðvarsson	Þ. Guðmnndsson
	Þorl. Guðmundss.

16. gr. frv. óbreytt samþ. með 13 gegn 1 atkv.; breyt.till. 17 á þingskj. 351 við 17. gr. samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. 18 á þingskj. 351 við 18 gr. samþ. með 16 gegn 1 atkv.; breyt.till. 19 á þingskj. 351 við 19. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. 20 á þingskj. 351 við 19. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 21 á þingskj. 351 við 20. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. 22 á þingskj. 351 um nýja gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 18 gegn 3 atkv.

Frumv. til laga um breyting á 4. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. desbr. 1875 (C. 485, 489); 3. umr.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Eins og h. þingdm. er kunnugt, hefir þetta mál gengið viðstöðulaust í gegn um deildina, enda fjekk það við 1. umr. hin beztu meðmæli hjá hæstv. landshöfðingja og fleirum, og býst jeg við, að það hafi ekki mikið að þýða, hvort jeg mæli með eða móti. En af því að jeg hef ekki verið með þessu frumv. og mun greiða atkvæði móti því, þá vil jeg að eins gera grein fyrir skoðun minni.

Tilgangur frumv. þessa er tvenns konar. Fyrst og fremst sá, að yfirsetukonur verði betur að sjer, og í öðru lagi sá, að bæta kjör þeirra með því að auka laun þeirra. Jeg er samdóma h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) um það, sem hann sagði við 1. umr., að það er engin vissa fyrir því, að yfirsetukonur verði betur að sjer, ef þær læra hjer í Reykjavík, heldur en ef þær læra hjá einhverjum hjeraðslækni úti um landið. Það er alls ekki víst, að þær sem læra í Rvík geti bjargað fleiri sængurkonum en hinar, því að ef fæðing á annað borð gengur illa, getur það komið fyrir, að sængurkonan deyi jafnvel í höndum beztu læknа; og þótt sængurkonur deyi, er það engin sönnun fyrir því, að yfirsetukonan sje ónýt. Jeg hygg, að lær-

dómur yfirsetukvenna sje alls ekki svo ónógur, sem látið hefir verið; jeg hef ekki heyrt kvartað um, að þær væru illa að sjer eða illa launaðar, og mun gagnið af þessum ákvæðum tvísýnt. En að það verður kostnaður fyrir landssjóð og sýslusjóð; það er auðsætt. Jeg ætla nú ekki að fara að tala um landssjóðinn, því að það eru sumir, sem ekki vorkenna honum, þótt dálítið sje lagt á hann. En sýslusjóðirnir mega sannarlega ekki við því, að útgjöld þeirra sjeu aukin til muna; þeir eru fátækir og mega ekkert missa. En að sýslunefndir megi hækka laun yfirsetukvenna, þar sem nauðsyn ber til, því hef jeg ekkert á móti.

Af þessum ástæðum sem jeg hefi tilgreint mun jeg greiða atkvæði móti frumv. þessu.

Sighvatur Árnason: Jeg vil hreyfa nokkrum athugasemdum, með því að jeg á breyt.till. eina við frumv. þetta.

Jeg veit ekki til, að komið hafi fram neinar almennar umkvartanir frá yfirsetukonum í sveitum yfir því, að kaup þeirra sje of lágt. En samt sem áður, með því að jeg býst við, að mál þetta nái fram að ganga á þinginu, þá hefi jeg viljað vera fremstur í flokki með að miðla hjer málum. Í frumv. er farið fram á, að yfirsetukonur í sveit hafi í laun 60 kr. á ári. En jeg, ásamt 2 öðrum h. þingm., hefi leyft mjer að koma fram með þá breyt.till., að þessum 60 kr. sje breytt í 50 kr., í stað 40 króna, eins og það nú er. Málið er líka svo vaxið, að minnsta kosti í sveitum, að þær lærðu yfirsetukonur eru sumstaðar ekki meira stundaðar en ýmsar aðrar konur, sem reynslan hefir sýnt sig, að eru fullt eins færar í því eins og sumar hinar lærðu, og hafa þær þó engin föst laun, en fá að eins þá borgun hjá hlutaðeigendum í hvert skipti, sem líka er venja að borga lærðu yfirsetukonunum, auk hinna ákveðnu launa. Sje nú farið að hækka þetta kaup, þá er líka þess að gæta, að hinar lærðu yfirsetukonur gefast misjafnlega vel og eru misjafnt stundaðar, en þenna fasta viðauka (20 kr.) fá þær allar jafnt, hvort þær eiga það skilið eða ekki, eða hvort þær eru vel hæfar til að gegna stöðu sinni eða ekki. Jeg fyrir mitt leyti held því, að það mætti nægja, að færa gjaldið upp í 50 krónur í sveitunum, að minnsta kosti fyrst um sinn. Enda getur sýslunefnd eptir 10 ára góða þjónustu veitt allt að 20 króna viðbót úr sýslusjóði, og álít jeg það út af fyrir sig heppilegt, því að þá kemur mismunurinn fyrst eðlilega fram á þeim vel hæfu og miður hæfu yfirsetukonum.

Eins og h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) tók fram, álít jeg það mjög ísjárvert, að íþyngja sýslusjóðum með álögum, sem þeir ekki meira en svo geta risið undir, og frá mínu sjónarmiði eiga menn að varast svo mikið sem hægt er, að íþyngja þeim, nema brýn nauðsyn krefji, og hjer er ekki svo. Jeg er handviss um, að það mundi ekki vera þakklátt verk til sveita, ef gjaldið væri hækkað upp í 60 krónur. Það er alls ekki svo að skilja, að jeg sje að telja þessar 60 krónur eptir duglegum yfirsetukonum, en jeg veit, að það liggja ekki fyrir neinar bænir í þessa átt, og þess vegna er engin ástæða til að fara að leggja gjald þetta á sýslusjóðina að nauðsynjalausu.

Jeg vona að h. deild íhugi þetta, hvað sveitirnar snertir; um kaupstaðina varðar mig minna. (*J. Þór.*: Svo?). Jeg þekki ekki eins vel til þar, því að jeg er sveitamaður, og skal jeg alls ekki vera því mótfallinn, að það sje hækk-

að upp í 100 krónur þar, með því þeir álíta það nauðsynlegt sem til þekkja. Jeg álít því, að það sje ráðlegast, að minnsta kosti fyrir mig, sem sveitamann, að halda eindregið fram þessari breyt.till. vorri.

Flutningsmaður (Jón Þórarinsson): Það kom flatt upp á mig, að nú við 3. umr. þessa máls skuli rísa upp nýir menn á móti því, sem ekkert hafa áður haft að setja út á það.

H. þm. A.-Skaptf. (J. J.) sagði, að tilgangur frumv. þessa væri tvenns konar: að mennta betur yfirsetukonur og bæta kjör þeirra. Þetta er alveg rjett. En hann bætti því við, að hann væri samdóma h. þingm. Rvík. (H. Kr. Fr.), þar sem hann sagði, að menntun yfirsetukvenna mundi ekki aukast, þótt ákvæði frumv. þessa næðu gildi. En mjer var það alveg óskiljanlegt, þegar hann fór að rökstyðja þá skoðun sína, að það væru engar líkur til, að þær lærðu meira hjer í Reykjavík, heldur en ef þær væru að eins nokkra mánuði hjá einhverjum hjeraðslækni. Jeg hjelt að h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) stæði einn uppi með þessa skoðun, og mjer datt ekki í hug, að það væri meining hans, heldur hjelt jeg, að hann hefði slegið því fram af allt annari orsök. Það virðist engum efa geta verið bundið, að auðveldara sje að læra þessa fræðigrein þar, sem verklegar æfingar geta verið samfara bóknáminu, heldur en þar sem á engum praktiskum æfingum getur verið kostur, enda þó að kennslukraptarnir væru á báðum stöðunum jafngóðir. En þar að auki eru allar líkur til þess, að þeir út af fyrir sig sjeu betri við læknaskólann en í læknishjeruðunum úti um landið.

H. þm. A.-Skaptf. (J. J.) sagði, að engar kvartanir hefðu komið fram um kjör þeirra. Um þetta atriði skal jeg geta þess, að fyrir utan það, að ein yfirsetukona hefir í nafni margra annara skrifað mjer um þetta, hefir læknir skorað á mig að koma fram með frumv. þetta, og einmitt leggja áherzluna á launahækkunina, af því að almenn óánægja meðal ljósmæðra ætti sjer stað í því efni. Hann áleit þetta mjög mikið velferðarmál, að bæta kjör þeirra, svo að duglegir kvennmenn fengjust til þess að gefa sig við þessu starfi, og væri mjög mikið undir því komið, að það sje leyst samvizkusamlega af hendi.

H. 2. þm. Rvell. (Sighv. Á.) bar það einnig fyrir, að engar umkvartanir hefðu komið frá yfirsetukonum. En eins og jeg hefi skýrt frá, þá hafa þær komið, þótt ef til vill ekki eins formlegar og æskilegt hefði verið.

H. sami þm. (Sighv. Á.) tók það fram sem sína eigin reynslu, að lærðar yfirsetukonur væru ekki meir »stundaðar« í sveitum en ýmsar aðrar svo nefndar »nærfærnar konur«. Ef hann hefir meint með þessu, að þessar nærfærnu konur væru alveg eins notaðar til þess að sitja yfir konum, þá gerir það ekkert til; munu ákvæði frumv. þessa öllu heldur verða til þess, að sá siður fari að leggjast niður, því að því betur sem yfirsetukonur eru menntaðar, því meiri líkindi eru til þess, að gengið sje fram hjá hinum ólærðu.

En þetta eru allt saman smá atriði. Aðalmergurinn málsins er þessi í augum þessara h. þingm. voðalega launahækkun. Þeim er allt í einu orðið svo annt um sýslusjóðina. Það hefur þó komið fram stundum áður, að þeir hafa ekki gjört svo mikið úr því, þótt dálitlu sje bætt á þá. Þeir eru að hrópa upp, að ekki megi ofþyngja á sýslusjóðunum. Mikil dæmalaus ofþyngging! Eitt hundrað krónur! Þeir ættu ekki að láta sjer

um munn fara slík orð. Jeg er hreint ekki hræddur um, að það muni mælast illa fyrir lögum þessum. Jeg er þvert á móti viss um, að allir almennilegir menn, sem dálítið hugsa um sig og sína, munu vera þakklátir fyrir hvert skref í áttina til þess, að koma upp duglegum yfirsetukonum og mennta þær betur en hingað til hefur verið gjört, og munu ekki láta sjer í augum vaxa, þótt þeir verði að kosta dálítið meiru til.

H. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) sagði, að sig varðaði það engu, hvernig það væri haft í kaupstöðunum, af því að hann væri sveitamaður. Þetta þykir mjer mjög merkilegt. Mjer finnst þessi ummæli h. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) gefa tilefni til þeirrar ályktunar, að færi svo, að hann yrði einhvern tíma fulltrúi kaupstaðarhjeraðs, þá mundi hann gjöra yfirlýsingu þvert á móti, og segja sem svo, að um sveitirnar varðaði sig ekkert; hann væri þá þingmaður bara fyrir kaupstað.

Jeg get ekki skilið, að nokkur veruleg mótmæli geti komið fram gegn frumv. þessu, enda hafa margir mælt fastlega með því. Þessi mótmæli, sem fram hafa komið, get jeg ekki kallað annað en ómerkilegt krukk, og finnst mjer það sitja miður á mótmælendum, að gjöra það að kappsmáli, hvort launin eru 10 krónum meiri eða minni.

Björn Bjarnarson: Jeg hefi skrifað undir breytingartill. þessa til þess að koma öðrum lið hennar að. Jeg er ekki með því, að lækka launin um þessar 10 krónur, sem breytingartill. fer fram á; jeg vil ekki láta færa launin hjálpkvenna niður úr því, sem frumv. fer fram á. En hitt stend jeg fast við, að 3. málsgr. 1. gr. sje sleppt. Jeg vil að menn fái borgun fyrir vinnu sína meðan þeir vinna, en af eptirlaunaákvæðum höfum vjer nóg og vil jeg því ekki innleiða þau hjer af nýju.

Sighvatur Árnason: Jeg get alveg eins byrjað á hinu síðasta er h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) sagði, eins og því fyrsta. Hann sagði, að jeg hefði sagt, að mig varðaði ekki um, hvaða lög væru sett í kaupstöðum, en hann hefur ekki tekið rjett eptir mjer og rangfærir orð mín, en jeg sagði, að jeg ætlaði að greiða atkvæði með frumv. hvað kaupstaðina snertir, af því að jeg reiddi mig á það, sem honum og öðrum kunnugum mönnum þætti rjett vera í því efni.

H. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) sagði, að engum mótbárum hefði áður verið hreift við þetta mál; hvernig getur hann sagt það? Þar sem vjer hinir sömu menn, komum við 2. umr. fram með breyt.-till. í sömu átt, en tókum hana aptur og ráðgjörðum breyt. til 3. umr.

Hann kallaði mótbárur okkar »krukk« og kvað það muna litlu, hvort launin væru 10 krónum meiri eða minni. En hann hefur þá ekki gætt vel að upphæðum þeim, sem lenda á sýslusjóðunum. Jeg vil taka til dæmis eina sýslu, þar sem eru 10 yfirsetukonu-umdæmi. Þar verður gjaldið til yfirsetukvenna 200 krónum meir á ári en verið hefir, en auðvitað hálfu minni viðbót ef breytingartill. kemst að. (*J. Þór.*: Skárri eru það ósköpin!) Í Rangárvallasýslu eru t. d. 13 yfirsetukvenna-umdæmi og yrði þá viðaukinn þar 260 kr.; þetta á ekkert að muna um; en svo má segja um fleira, en safnast þegar saman kemur.

Það mun vera víðar en í Rangárvallasýslu, að farið er að þyngjast á sýslusjóðnum. Eptir nokkur ár koma svo þessi eptirlaun, sem frumv. nefnir, og þá er ekki ólíklegt, að h. flutningsmaður sjái um, að þau verði viðtekin í hans kjördæmi. Það dugar ekki að

segja um hvað eina, að það muni ekki um það, því að margt smátt gjörir eitt stórt. Það er varhugavert, að safna þannig saman byrðum á þjóðina, hún getur orðið þung á endanum, sú byrðin. Jeg er viss um, að menn út um landið munu ekki vera þakklátir fyrir svona lög, því að það hefur ekki enn þá komið fram, að brýn nauðsyn sje á þeim, enda hefi jeg ekki orðið var við, að slíkt væri nefnt á nafn á þingmálafundum í vor. (*Jón Þórarinsson*: Jú, á sumum!). Það getur verið á einstaka fundi. Jeg hefi máske ekki lesið þá alla ofan í kjölinn; en svo mikið er víst, að í minu kjördæmi var nú ekki minnzt á þetta einu orði, og á mörgum öðrum fundum hefur því ekki verið hreift.

Jeg vil líka taka það fram um sýslugjöldin yfir höfuð, að eptir því sem þau aukast og peninga-þröngin er hins vegar, þá er mjög áríðandi, að hófs sje gætt í þessu, þar sem engin brýn þörf kallar á eptir; það er allt öðru máli að gegna, ef brýna nauðsyn ber til að hækka gjöldin.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. á þingskj. 398 felld með 13 gegn 9 atkv.; 2. breyt.till. á þingskj. 398 felld með 12 gegn 9 atkv.; 3. breyt.till. á þingskj. 398 felld með 14 gegn 4 atkv.

Frumv. óbreytt samþ. með 14 gegn 7 atkv., og afgr. síðan til Ed.

Frumv. til laga um eyðing sels í laxveiðiám (C. 222, 486); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Sigurður Gunnarsson*): Oss sem h. deild kaus í nefnd, til að athuga frumv. um friðun á laxi, var einnig falið á hendur að íhuga frumv. um eyðing sels í laxveiði-ám, og það er þetta frumv., sem hjer liggur fyrir. Eins og sjá má, höfum vjer tekið það ráð, að nema burt 4. gr. úr frumv. um friðun á laxi, og taka að nokkru leyti ákvæði hennar upp í frumv. þetta.

Þegar litið er nú á nefndarálitið, þá vona jeg, að við það verði kannazt, að meiri hluti nefndarinnar hefir reynt að halda höfðinu upp úr á frv. þessu, þar sem hann hefur ráðið til að halda að eins 1. gr. þess með nokkurri viðbót, en fella hinar greinarnar. Oss meiri hlutanum fannst það miklum vandkvæðum bundið, að ákveða skaðabætur frá laxveiði-eigendum, þótt minni hlutinn væri ekki á þeirri skoðun.

Jeg skal að eins benda á dæmi það, sem minni hlutinn hefur tekið af Þjórsá, þar sem tveir menn eiga laxveiði í, en all-margir selveiði. Þar mundi það vera býsna hart fyrir þessa tvo laxveiðendur, að eiga að gjalda öllum selveiðendunum skaðabætur; en af því að þetta er framhald 1. umræðu, þá skal jeg ekki tefja tímann, en óska að eins að málið fái að ganga til 2. umr.

Þórður Guðmundsson: Eins og sjá má af nefndarálitinu, þá hef jeg ekki getað orðið háttv. meðnefndarmönnum mínum samdóma um mál þetta. Mjer kemur það undarlega fyrir sjónir, að h. meiri hluti vill ráða til þess, sem hann gjörir í nefndaráliti sínu, þar sem hjer er um það að ræða, að svipta marga menn stór-mikilli tekjugrein. Hjer á að heimila laxveiði-eigendum, að skjóta sel og flæma hann burtu úr laxveiði-ám, þar sem hann um langan tíma, jafnvel margar aldir, hefur verið talinn selveiði-jörðunum til gildis. Að vísu gjörir frumv. ráð fyrir, að bæta skaðann um 5 ára tíma bændum þeim, sem fyrir hallanum verða, og embættismönnum á meðan þeir sitja í embætti og búa á selveiðajörðinni. Þetta álít jeg að eins gyllingar og gjört til þess, að tæla menn til að ganga að frumv.,

því að þessi 5 ára borgun er sama sem ekki neitt; jeg sje heldur ekki ástæðu til að gjöra embættismönnum hærra undir höfði en bændum, þegar eins stendur á með báða.

Jeg hefi sýnt það í nefndarálitinu, með dæmi um Þjórsá, hvernig það tekur sig út, að ætla að flæma sel burt úr laxám. Eins og jeg hefi tekið fram í nefndarálitinu, þá hafa 15 jarðir selveiði í Þjórsá, en laxveiði ekki nema tvær. A annari jörðinni veiðist að vísu töluverður lax, en á hinni veiðast ekki meira en 10—30 laxar á ári. Er það nú rjett að svipta þessa mörgu menn, sem selinn veiða, þeirri atvinnu, án þess að þeir fái nokkuð í aðra hönd?

Jeg skal enn nefna dæmi til að sýna, hvernig þetta muni taka sig út. Einn af þessum selveiðendum er bláfátækur maður, sem hefir fyrir 9 börnum að sjá. Á síðasta vori veiddi hann 50 kópa, og það er ekki hátt sett, þótt sagt sje að þeir hafi gefið honum 200 kr. tekjur. Þetta er að vísu engin stór upphæð, en eigi að síður munaði hún hann miklu; og er það þá rjett gagnvart honum, og gagnvart sveitarfjelagi því, sem hann mundi verða til byrði, ef hann yrði sviptur hlunnindum þessum, — er það rjett segi jeg, að svipta hann selveiðinni bótalaust?

H. meiri hluti segir að vísu ekki að menn muni fá steina fyrir brauð, hann segir þvert á mót, að tillögur sínar muni geta lax fyrir sel. En það er ekki rjett, því að eins og jeg hefi tekið fram í nefndarálitinu, og eins og margsannað er, þá veiðist ekki lax í lagnet á lausasandsbotni, en þar veiðist selur, og ekki er tiltækilegt að hafa ádráttarveiði í Þjórsá eða öðrum stórám; áhöld til hennar kosta of mikið. Það mundi því verða ofan á, ef laxveiðendum yrði heimilað að flæma burt selinn, að selurinn hyrfi, en lax kæmi allvíða ekki í staðinn. Jeg sje heldur ekkert á móti því, að laxveiðendur borgi hinum einhverjar skaðabætur.

Jeg vil benda á, hvort ekki mundi ráðlegt að leggja útflutningstoll á lax eins og annan fisk, og verja þeim tolli til að bæta selveiðendum þann halla, sem þeir bíða við eyðing selsins.

Jón Jónsson, (þm. N.-Múl.): Jeg get lýst því yfir að jeg er ekki einungis samdóma h. meiri hluta um að sel skuli eyða á þeim stöðum, sem frumv. nefnir, heldur vildi jeg fara lengra, og láta eyða selnum kringum land allt, því ef hann er skaðræðisgripur á þessum stöðum, þar sem frumv. leyfir að drepa hann, þá mun hann og vera það annarsstaðar. Jeg held, þótt frumv. þetta verði að lögum, þá muni þau lög ekki nema að hálfu leyti ná tilgangi sínum. Jeg skal nefna tvö vatnsföll, þar sem jeg hygg að lögin mundu ekki koma að fullu haldi; það er Jökulsá á Brú og Lagarfljót. Það hagar svo til að selalátur eru skammt þaðan, norður við fjöllin, en þó svo langt, að ekki má eptir frumv. drepa þar sel, — en það er ekki lengra á milli en það, að þegar styggð kemur að selnum í þessum látrum, þá fer hann þaðan í hópum upp í Jökulsá, og enda Lagarfljót; hygg jeg því, þó hann yrði rjettdræpur ger í Jökulsá, að hann mundi samt allt af slæðast þangað úr þessum áðurnefndu látrum, meðan hann er ekki dræpur þar líka. Jeg tek þetta fram sem dæmi, því jeg hygg að víðar muni standa líkt á og þar.

Jeg get því ekki annað álitið, en að rjettast sje, að gera sel rjettdræpan kring um allt land, svo framarlega sem það þykir víst að hann spilli bæði laxveiði og annari fiskiveiði, og jeg álít það enda stórkostlegt ranglæti að gera sel rjettdræpan í sumum veiðistöðum, án nokkurs endurgjalds til eigendanna, en

leyfa aptur öðrum eigendum selalátra að vera í friði með hann.

Að vísu er þetta frh. 1. umr. og því ekki leyfilegt að fara út í einstakar greinar, en af því frumv. á, eptir till. meiri hlutans, að eins að verða ein grein, þá er örðugt að tala um það án þess, að fara út í þessa einu grein, og skal jeg því leyfa mjer að benda h. nefnd á, að það ákvæði hennar er dálítið athugavert, að selur sje rjettdræpur í ósum þeirra áa, er lax gengur í.

Jeg vil spyrja, tekur þetta ákvæði einnig til áa, slíkra sem Jökulsá? — sú er jeg áður nefndi —, þar sem ekki er hægt að segja, að lax sje í Jökulsá, — af því hann veiðist þar aldrei —, en aptur á móti veiðist lax í þver-ám þeim, er í Jökulsá falla. Mun þá ákvæðið um eyðing sela verða þeim að liði, er lax veiða í þveránum, fyrst enginn lax veiðist í Jökulsá sjálfri? Þar sem selurinn liggur í Jökulsárósnum, en í þveránum, gæti, ef til vill, orðið miklu meiri veiðivon, ef selnum í Jökulsá væri útrýmt.

Jeg hefi komið með þessa bendingu, eigi af því, að jeg sje móthverfur h. nefnd, heldur af því að jeg vildi að ákvæði frumv. gætu orðið sem ótvíræðust. Skal jeg svo enda með því, sem jeg byrjaði á, að helzt vildi jeg óska að selur yrði gerður rjettdræpur í öllum ám og alstaðar með ströndum landsins.

Framsögumaður (*Sigurður Gunnarsson*): Hvað ræðu h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) snertir, þá gleður það mig, að hann er alveg á sömu skoðun og meiri hl. nefndarinnar, því að í nefndarálitinu stendur, að oss virðist langrjettast að lýsa selinn rjettdræpan kring um allt land, og jeg get lýst því yfir, að skoðun meiri hlutans er, að þetta sje rjettast; en eins og tekið er fram í nefndarálitinu, þorðum vjer ekki að fara lengra en svo, að gera hann rjettdræpan í laxám og úti fyrir ósum þeirra; kom þetta til af því, að vjer vorum hræddir um að slík lög mundu sæta svo mikilli mótspyrnu, og vildum því heldur stíga fetið hálft en heilt. En ef vjer sæjum von til að slík lagaákvæði, sem h. þm. (J. J.) óskaði eptir, næðu framgangi, þá mundi meiri hlutinn fús til að veita sitt fylgi til þess og breyta frumv. í þá átt.

Að því er snertir ræðu minni hlutans og ágreiningsatkvæði hans, þá skal jeg benda h. deild á, að það hefir ekki neitt niðurlagsatriði inni að halda; það er því mjög erfitt að svara honum og mun jeg leiða það hjá mjer að þessu sinni.

ATKV.GR:. Frumv. vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um friðun á laxi (C. 242, 465); frh. 1. umr.

Framsögumaður (Björn Sigfússon): Jeg hefi lítið um mál þetta að segja að svo stöddu, því að aðalástæðurnar fyrir breytingum nefndarinnar á frumv. eru teknar fram í nefndarálitinu.

Aðalatriðin eru þau, að gera ávæðin þannig, að tilgangur laganna um friðun laxins og frjálsa göngu hans náist sem bezt. Sömuleiðis hefir nefndin reynt að bæta inn í ákvæðum í þá átt, að veiðieigendur við sömu á fái meira jafnrjetti en nú er.

Finn jeg svo eigi ástæðu til að fara fleiri orðum um frumv. eða nefndarálitið að svo stöddu.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Jeg skal verða stuttorður að þessu sinni, en jeg verð að lýsa því yfir að mjer þykir það allkynlegt, að h. nefnd hefir komið með jafn mikilvægar breyt.till. við frumv. þetta, sem hún hefir gjört, þar sem það er orðrjett hið sama frumv., sem samþykkt var í báðum deildum á

síðasta þingi. Mjer var nokkuð kunnugt um hvernig málinu horfði þá við, því að jeg var einn í þeirri nefnd, sem skipuð var hjer í deild, til að íhuga það.

Mjer sýnist frumv. verða mjög umsteypt, ef breyt.till. nefndarinnar komast að. Í frumv. er gjört ráð fyrir að þvergirðingar falli burt, en jeg man það að nefndin 1891 felldi burt það ákvæði, að hafa veiðivjelar opnar 36 stundir í viku hverri einmitt með hliðsjón af því, að þvergirðingin var bönnuð. Það er alkunnugt að víða á landinu veldur það miklum erfiðleikum. Niðurstaða nefndarinnar varð sem sagt sú, að eigi skyldi þurfa að hafa veiðivjelar opnar nje taka upp laxveiðanet 36 stundir í viku, en aptur á móti lagði hún til, að veiðitíminn yrði styttur um hálfan mánuð. Þetta sýnist ekki heldur mjög hart eða hættulegt, þar sem engin veiðivjel má ná lengra en út í miðja á. Aðaltilgangur friðunarlaganna er ekki heldur sá, að sporna sem mest móti því, að laxinn sje hindraður á göngu sinni, heldur sá, að landið í heild sinni hafi sem mestan arð af laxveiðinni. Og sje sá tilgangurinn, þá er á það að líta, hvernig honum geti bezt orðið náð, og það getur orðið á fleiri hátt en með friðun einni saman, því að svo má ganga langt með hana, að yfir markið sje farið og laxveiði minnki en vaxi ekki fyrir hana. Það er kunnugt að bæði er stærð laxa og göngutími mjög misjafnt, og geta því sömu ákvæði um veiðitíma og möskvastærð neta eigi gilt alstaðar.

Jeg skal benda á eitt af aðalatriðunum í breytingum nefndarinnar, það ákvæði, að möskvar í netum megi ekki vera minni en 11 þumlungar og eigi skemmra en 2 þumlungar milli rimla í laxakistum. Fengi þetta framgang, þá mundi að eins veiðast örlítill hluti laxa í sumum ám, en það getur þó alls eigi verið tilgangurinn að hindra sem mest laxveiðina.

Hvernig stendur annars á því, að ár eptir ár er verið að bera fram frumv. um breyting á laxalögunum? Það koma þó ekki fram raddir á þingmálafundum um það, allra sízt í þá átt að gjöra lögin sem yfirgripsmest.

Mín ætlun er sú, að aldrei verði komið góðu lagi á mál þetta fyr en sú aðferð verður valin, að setja að eins með lögum örfáar aðalreglur, en láta hjeruðin að öðru leyti hafa sem mest samþykktarvald um það. Jeg held að ákvæðin um að taka upp net og halda veiðivjelum opnum þrjú dægur í viku, og eins það ákvæði að auka möskvalengd í netum og bil milli rimla í laxakistum gangi í öfuga átt við það sem til er ætlað, og verði til að minnka laxveiði. Jeg skal annars reyna til að tala ítarlegar um þessi atriði við 2. umr. En jeg sje ekki neina sjerlega ástæðu til að vera að breyta laxalögunum, á meðan eigi hefir verið komizt að fastari niðurstöðu en enn er, og verð jeg að vera á móti frumv. einkum af því, að svo langt er liðið á þingtímann, og nóg annað með tímann að gjöra en að vera að þjarka um þessar breytingar, sem lítil líkindi eru til að fái framgang að þessu sinni.

Framsögumaður (*Björn Sigfússon*): Jeg finn ástæðu til að mótmæla orðum h. 2. þm. Eyf. (J. J.), en sumt af orðum hans er svo lagað, að því verður ekki svarað fyr en við 2. umr. Honum þótti allkynlegt, að nefndin skyldi koma með mikilvægar breytingar á frumv., sem hefði verið samþykkt á síðasta þingi, þar sem hann sjálfur athugaði það í nefnd. Jeg get ekki sjeð að svo sje, eða að þessi nefnd ætti að binda sig neitt við það, úr því skoðun hennar var sú, að frumvarpið þyrfti umbóta

við, og það ljet jeg strax í ljósi í byrjun þessarar umræðu. H. þm. minntist á, að það hefði ekki sjezt af þingmálafundum, að æskt væri neinnar breytingar á þessum lögum, og því væri engin ástæða til að breyta þeim. Jeg hefi að sönnu ekki kynnt mjer þingmálafundina svo vel, að jeg sje viss um, að h. þm. (J. J.) hafi hjer rjett fyrir sjer, en þótt svo væri að ekkert hefði verið minnzt á mál þetta á þingmálafundum, þá sannar það ekki mikið, — því mörg eru þau mál, sem eru áhugamál í hjeruðum en aldrei koma fram á þingmálafundum, enda er ekki hægt, að ræða öll mál á einum degi eða rjettara sagt hálfum degi, sem þingmálafundirnir standa yfir. En það, að komið er með frumvarp um laxveiði inn á þingið hvað eptir annað, sannar meira en þótt það væri rætt á fáeinum þingmálafundum. Án þess að fara frekar út í einstök atriði verð jeg að drepa á, að vjer álítum að heppilegt sje, að haldið sje hinum fyrri ákvæðum, að veiðivjelar sje opnaðar um helgar frá því á laugardagskvöldum um náttmálabil, þangað til á mánudögum um dagmálabil, og álítum, að rjett sje að halda þeim ákvæðunum í hinum núgildandi lögum um það efni, og vjer skiljum ekki í þeirri mótbáru, að örðugt sje að halda veiðivjelunum opnum um helgar; enda kann jeg ekki við, að leyfilegt sje að halda áfram veiðum á helgum dögum. Auk þess er það álit margra manna, að laxinn gangi einkum með löndunum upp eptir ánum, sjer í lagi í stóránum; en þar sem veiðivjelarnar, hvort heldur eru veiðikistur eða lagnet, liggja einkum með löndunum, er hætt við, að laxinn verði hindraður í göngu sinni, ef hann kemst að eins utan hjá veiðivjelunum; en sje það rjett, að laxinn gangi einkum með löndunum, er nauðsynlegt að opna veiðivjelarnar á helgum. Þvergirðingar hefir einmitt síðasta þing — og sjálfsagt h. 2. þm. Eyf. (J. J.) með — viljað afnema, svo hann ætti sízt að saka nefndina um það.

Í 2. lagi leggur nefndin til að stækkaðir sjeu möskvarnir í lagnetum, og bilið milli spelanna í veiðikistunum, frá því, sem er í núgildandi lögum og í frumv., en þetta finnst h. 2. þm. Eyf. (J. J.) ekki heppilegt. Auðvitað má »disputera« um þetta fram og aptur, en það er skoðun meiri hluta nefndarinnar, að það eigi að hafa netin stórriðnari og stækka bilið milli spelanna frá því sem nú á sjer stað, til þess að smálaxinn geti sloppið; og jeg get fullvissað h. 2. þm. Eyf. (J. J.) um, að sje haldið áfram að hafa netið jafn smáriðin og verið hefir, þá veiðist ofmikið af smálaxi, en það álít jeg vanhyggni. Það er að vorri hyggju viðlíka búhnikkur eins og ef bændur hefðu þá reglu að skera unglömbin í stað þess, að láta þau þroskast þangað til þau væru orðin fullvaxin. Jeg get ómögulega skilið, að þótt það ákvæði fengi framgang, að stækka möskva lagnetanna og bilið milli spelanna, að minna veiddist fyrir það; jeg álít þvert á móti að viðkoman yrði meiri ef smálaxinn yrði ekki drepinn, en nú er sægur af honum veiddur á ári hverju.

Eins og kunnugt er, er töluverð laxveiði í mínu hjeraði, og get jeg frætt h. 2. þm. Eyf. (J. J.) á því, að laxveiðendur þar eru orðnir sannfærðir um, að netin sjeu of smáriðin og eru farnir að taka upp stórriðnari net, og það hefðu þeir ekki gert, ef þeir álitu það skaðlegt fyrir sig. Það er áreiðanlegt, að smálaxar ánetjast í netum, sem eru svo stórriðin, að þeir gætu smogið í gegnum þau. Þegar þeir eru komnir í

netið, verður þeim svo bylt við, að þeir snúa sjer við og hringsnúast og flækja sig.

Eitt af því sem þingm. mun hafa sagt var það, að aðaltilgangurinn ætti ekki að vera sá, að laxinn væri hindraður á göngu sinni, heldur sá, að landið í heild sinni hefði sem mestan arð af laxveiðinni. Jeg hygg þvert á móti að það eigi einmitt að vera einn aðaltilgangurinn í friðunarlögum, að búa svo um, að laxinn sje ekki hindraður um of á göngu sinni upp á hrygningarstaðina, og þetta hafa forfeður okkar fundið, er þeir settu ákvæðið: »ganga skal guðsgjöf frá fjöru til fjalls, ef gengið vill hafa«. Af þessu mun landið í heild sinni hafa mestan arð.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) ljet enn í ljósi, að ekki ætti að setja önnur lög um laxveiði en fáeinar greinar um hin helztu atriði, en allt annað ætti að leyfa hlutaðeigandi hjeruðum að gera samþykktir um. Jeg er honum í raun og veru samdóma um, að þetta er rjett hugsun, en reynsla sú sem vjer höfum fengið af samþykktum hjer á landi er ekki glæsileg. Hefi jeg velt því fyrir mjer, hvort ekki væri rjett að heimila samþykktir fyrir laxveiðinni, en reynsla sú, er fengin er af þeim, gefur mjer ekki glæsilegar vonir um þau not, sem af þeim mundu verða, og auk þess er jeg hræddur um, að örðugt mundi að koma samþykktunum á, og þessvegna hef jeg horfið frá því aptur, að sýslunefndunum sje fengið þetta vald í hendur. Í einstökum atriðum mætti þó leyfa sýslunefndum að setja ákvæði um veiðar þessar, en ekki í neinum aðalatriðum.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Það sem h. framsögum. nefndarinnar (B. S.) í þessu máli færir fram, sem ástæður fyrir því, að frumv. þetta sje þjóðarvilji, er engin sönnun að mínu áliti. Til þess að frumv. komi fram, þarf að eins, að 1—2 menn komi með það inn á þing, en það er engin sönnun fyrir því, að það sje þjóðarvilji.

H. framsögum. (B. S.) áleit, að nauðsynlegt væri, að taka net og veiðivjelar upp um helgar, vegna þess, að lax gengi mest upp eptir ánum við löndin, en jeg get bent honum á, að laxinn getur gengið með hinu landinu, svo það er langt frá, að honum sje bannað að ganga eptir ánni, því hann hefir alltaf greiðan gang, þar sem ekki má leggja veiðivjelar hvorar móti annari, nema þegar áin er nægilega breið.

Mjer þótti vænt að heyra, að menn væru farnir að hafa möskvana stærri í netunum í Húnavatnssýslu og hafa komið sjer saman um það án lagaskyldu; það er rjett aðferð og vel viðeigandi. Það er mikill munur á stærð laxanna í ánum. Í Elliðaánum eru örfáir laxar sem ekki mundu geta komizt milli spalanna, ef bilið væri 2 þuml., og sjaldan kemur það fyrir að smáir laxar flækist í netum, og það gæti eins komið fyrir, þó möskvarnir væru hafðir 11 þuml. *(Björn Sigfússon*: Sjaldnar). Já $^{2}/_{11}$ sjaldnar, svo það verður hvort sem er ekki fyrirbyggt með því móti, og fari svo að smálax komi í netin, er innanhandar að sleppa honum lifandi. H. framsögum. sagðist ekki vilja treysta á samþykktirnar, reynslunnar vegna, því hún væri ekki svo glæsileg, en jeg get nú hvorki sagt, að hún sje glæsileg eða óglæsileg, því reynslan er svo lítil í því efni. En stefnan virðist nú vera orðin sú, að heimila hjeruðunum samþykktarvald í ýmsum málum, og mjer finnst þetta mál heyra þar undir, fremur en nokkurt annað mál.

Eins og jeg tók áður fram eru laxarnir misstórir, en þess er líka að gæta, að árnar eru mjög misstórar, sumar

eru mjóar, en sumar breiðar eins og t. d. Hvítá í Borgarfirði. Nefndin leggur meðal annars til, að nema burtu ákvæði það, sem leyfir að leggja frá báðum löndum, þar sem áin er mjög breið. Mjer sýnist engin ástæða vera til að banna það; það getur ef til vill verið 100 faðma bil milli veiðivjelanna samt, og sýnist það vera ærið rúm fyrir laxinn að ganga um. Jeg álít meira að segja hættulegt, að semja almenn lög um þetta efni í einstökum atriðum. Það verður að vera aðaltilgangur laganna, að landið í heild sinni fái sem mest upp úr þessum atvinnuvegi hvað sem einstaklingunum eða einstökum hjeruðum líður.

Framsögumaður (Björn Sigfússon): Það var eitt atriði í ræðu h. 2. þm. Eyf. (J. J.), sem jeg verð að svara, þar sem hann áleit ekki þörf á að koma í veg fyrir, að laxveiðivjelar væri lagðar út frá báðum löndum, hvor á móti annari. En nú er það almennt álit manna, að laxinn gangi mest með löndunum, og sje það rjett, þá er þetta næst því, að stemma stigu fyrir göngu hans, sjeu veiðivjelarnar lagðar út frá báðum löndum, eða því nær sama sem að þvergirða ána. Það er ekki heldur nauðsynlegt, að hafa hverja vjelina móti annari. H. 2. þm. Eyf. (J. J.) sagði, að nefndin hefði lagt til, að færa takmarkið, bilið milli vjelanna, úr 100 föðmum, eins og stóð í frumv., niður í 60 faðma, og þá færi að verða nokkuð stutt á milli. Jeg skal geta þess, að nefndin lagði þetta til af því, að hún var hrædd um, að ef ákvæðinu um 100 faðma væri haldið, þá kynni það að koma í bága við einstaka menn, er ættu lítið land að á.

H. sami þm. (J. J.) minntist á, að laxinn væri misstór í ánum, og er auðvitað, að jeg játa það. Jeg þekki þær ár, sem lax er eins smár í og í Elliðaánum. En að minni hyggju á alls ekki að veiða laxinn meðan hann er smár, heldur að lofa honum að þroskast. Hvað það snertir að fleygja megi smálaxinum í ána aptur, þá hef jeg ekki trú á að margir muni gera það, úr því búið er að draga hann á land. Nei, flestir munu heldur bara taka hann og borða hann. En ef það væri óheppilegt, að rýmka til með möskvastærðina eða bilið milli spalanna í grindunum, þá er lítil ástæða til, að kom fram með þetta frumv., því tilgangur frumv. á einmitt að vera sá, að auka friðunina; og geti h. þingdeild ekki fallizt á það, þá hefir það tapað þýðingu sinni og tilgangi sínum að auka friðunina.

ATKVÆÐAGR.: Þá var eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þm. samþ. að hætta umræðum.

Málinu vísað til 2. umr. með 13 gegn 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
Klemens Jónsson	Einar Jónsson
B. Kristjánsson	Bogi Melsted
Björn Bjarnarson	Guðl. Guðmundss.
Björn Sigfússon	H. Kr. Friðriksson
J. Jónss. þm. A.-Sk.	Jens Pálsson
Jón Þórarinsson	Jón Jakobsson
Jón Þorkelsson	J. Jónss. þm. Eyf.
Sighv. Arnason	J. Jónss. þm. N.-M.
Sig. Gunnarsson	Sigfús Árnason
Skúli Thoroddsen	
Þór. Böðvarsson	
Þ. Guðmundsson	
Þorl. Guðmundss.	

Frumv. til laga um aukatekjur þær, er renna í landssjóð (C. 386); 1. umr.

Klemens Jónsson: Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um frumv. þetta, því að það hefur verið ýtarlega rætt í h. efri deild og engar breytingar verið gjörðar á því þar, nema orðabreytingar einar, og þar eð það hefur

verið sett í nefnd í h. efri deild, þá sje jeg ekki ástæðu til, að setja nefnd í það hjer í deildinni, svo jeg álít, að það sje svo úr garði gjört, að óhætt sje að láta það ganga umræðulaust að minnsta kosti til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumvarp til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 342, 462); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Björn Sigfússon*): Það er enginn nýr gestur þetta frumv. hjer í deildinni, því það hefur verið hjer þing eptir þing, og hefur farið fram á það að afnema með öllu afgjald það sem hvílir á Stað á Reykjanesi. Þetta afgjald er komið á af misgáningi en eigi af því, að ætti að leggja svo mikið á þetta brauð. Þegar gjört var ráð fyrir því, að leggja þetta afgjald á, þá var einnig gjört ráð fyrir því, að Garpsdalur yrði sameinaður því, en af því varð þó ekki. Þetta er því eingöngu sprottið af vangá, að afgjaldið er svona hátt, og sýnist því vera fyllsta ástæða til þess, að færa það niður, eins og hjer er farið fram á; jafnvel þó núverandi prestur þar hafi ekki neina rjettarkröfu til þess, þá mælir þó öll sanngirni með því.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg er nú samdóma h. 2. þm. Húnv. (B. S.) um það, að eigi ekki einungis að lækka árgjaldið af brauði þessu um 200 kr., heldur eigi að nema það af með öllu. Þetta 400 kr. afgjald var 1879 lagt á með því skilyrði, að Garpsdalur fylgdi því, en svo var hann skilinn frá, en afgjaldið ekki tekið frá fyrir það. Vjer verðum að gá að því, að Staður er lítið brauð. Eptir brauðamatinu 1854 er jörðin metin 1/3 hluti brauðsins. Brauðið var allt metið 311 kr., og af því jörðin 100 kr., svo eptir eru að eins 200 kr. Þetta er líka mjög lítið brauð. Því fylgja að eins 3 smá-kot, svo að auk afgjaldsins af þeim eru tekjurnar engar aðrar en sóknartekjurnar. 1884 þá var það metið 1514 kr., en þá var dúnn að minnsta kosti í 15 kr., ef ekki 20 kr. verði. Setjum svo, að hann hafi verið í 15 kr. verði, en nú er hann í 8 kr. Þá verður brauðið nú ekki meir en rúmar 900 kr., þegar dreginn er frá sá mismunur, sem nú er á dúnverðinu og þá var. Það var eptir prestakallalögunum »principið«, að láta brauðin ekki vera yfir höfuð lægri en 1000 kr., en þegar þess er gætt, að það eru ekki nema 65 pund af dún sem fást nú úr eyjum þeim, sem jörðinni fylgja, og dúnninn er í svo lágu verði, þá sjest það, að brauðið verður miklu minna en 1000 króna brauð. Þó presturinn hafi sótt um það eins og það nú er, þá gat hann ef til vill búizt við því, að menn mundu gæta sanngirni og afnema árgjaldið til landssjóðsins með öllu. Það er athugavert, að leggja mikið afgjald á þessi hlunninda-brauð. Hlunnindin geta minnkað og jafnvel horfið. Hvernig er það með Hólma í Reiðarfirði? Á það brauð eru lagðar 600 kr. En nú er það ekki meira en 900 króna brauð, án þess frá sje reiknað »pension« prestsins, sem brauðið hefur haft.

Jeg tel það ekki rjett, að leggja mikil gjöld á hlunninda-brauð. Þess vegna ætla jeg rjettast, að taka frumvarpið eins og það kom frá efri deild, því hún hefur gætt allrar sanngirni í því, að leggja ekki neitt á brauðið.

Jeg vona, að h. deild taki til greina tillögu h. efri deildar og samþykki frumv. óbreytt. H. þm. geta sjeð, hvort ekki er rjett reiknað hjá mjer.

Brauðið var metið 1514 kr., en þá var dúnninn í víst 15 kr. verði, ef ekki

í 20 kr.; í því verði var hann víst ein 2 ár. Eptir þessu verður mismunurinn á dúninum þá og nú rúmar 500 kr., svo brauðið er nú ekki nema 960 kr. ef dúnninn er í 8 kr. verði, sem ekki er nú víst, að hann einu sinni verði. Dúnninn gengur þá allur í afgjaldið og presturinn verður að leggja alla sína fyrirhöfn fyrir honum til fyrir ekki neitt. Hjer finnst mjer því full ástæða til að sleppa öllu árgjaldinu.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhljóða atkv.

Frumv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 257, 462); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Björn Sigfússon*): Nefndarálitið gjörir grein fyrir áliti nefndarinnar á þessu máli og jeg finn því ekki ástæðu til, að tala mörgum orðum um það að þessu sinni.

Landshöfðingi: Í þessu ítarlega nefndaráliti er farið nokkrum orðum um veitingarvaldið, sem jeg get ekki kannazt við, að sjeu rjett. Þar segir, að viðvíkjandi Vallanesi hafi stjórnin alls eigi gjört skyldu sína samkvæmt 2. gr. laga 27. febr. 1880 til að greiða fyrir tilgangi laganna, og að það sje að nokkru leyti henni að kenna, ef landssjóður hefur skaða af breytingu á því prestakalli. Þetta get jeg alls ekki kannazt við.

Eins og kunnugt er, losnaði Þingmúli 12. október 1890. Þegar fregnin um það barst hingað suður, þá var prestinum í Vallanesi þegar skrifað og hann spurður, hvort hann eptir fyrirmælum laga 27. febrúar 1880 vildi bæta því brauði við sig. Hann kvaðst eigi vilja það og varð sameiningunni því ekki komið fram þá; því að prestar sem sitja í brauði sínu eru ekki skyldir til að taka við auka á brauðinu, ef þar með fylgir afborgun. Þá var Þingmúlabrauðinu slegið upp í febrúar að mig minnir. Síðan voru umsóknir sendar prófasti þar eystra til þess, að láta söfnuðina velja milli þeirra, sem í kjöri voru. Þegar það svo kom aptur frá söfnuðunum, þá var brauðið veitt. Það stendur í þessu nefndaráliti, að sjera Bergur hafi þá verið svo þrotinn að heilsu, að sýnilegt hafi verið, að hans mundi eigi njóta lengi við. Þetta var veitingarvaldinu ókunnugt um. Hann var ekki nema 65 ára, og mátti því búast við, að hann mundi geta þjónað nokkur ár til. Hann dó 7. maí 1891, en brauðið var veitt 2. júní sama ár. Þegar jeg skrifaði undir veitingarbrjefið, þá var mjer ókunnugt um, að sjera Bergur var dáinn. En þótt mjer nú hefði verið það kunnugt, þá sje jeg ekki að það hefði verið nokkur ástæða til að fresta veitingunni, eða jafnvel ekki leyfilegt, úr því brauðinu hafði verið slegið upp og söfnuður hafði lýst yfir því, að hann væri ánægður með þann prest, sem í boði var. Þegar brauðinu var slegið upp var það tekið fram, að prestur sá er fengi veitingu fyrir brauði þessu, yrði að sætta sig við sameining þá, er lög 27. febr. 1880, 1. gr., gjöra ráð fyrir, svo og aðrar þær breytingar, sem að lögum kynnu að verða gjörðar á prestakalli þessu. Því að það var þá kunnugt, að söfnuðir þar eystra voru óánægðir með sameiningu þá á Vallanesi, Hallormsstað og Þingmúla, sem lögin 1880 ráðgjöra og vildu fá breytingar fram á því. En þingið 1891 synjaði um breytingu þá, sem farið var fram á í þessu, en sú synjun stafaði ekki af því, að Þingmúli var þegar veittur. Það atvik gat ekki bundið hendur löggjafarvaldsins, allra sízt þar sem veitingin var áðurnefndum skilyrðum bundin. Þingið

1891 neitaði að breyta lögunum 1880 af því, að því þótti ekki ástæða til að álíta hið nýja Vallanes prestakall of erfitt eins og það var ákveðið þar. Að Vallanes var ekki veitt strax, kom af því, að þessi óánægja þar eystra var kunn orðin og það var kunnugt, að tilraun átti að gjöra á þinginu 1891 til að breyta lögunum, að því er þessa sameiningu snertir.

Hefði Vallanes verið veitt þá þegar hinum nýja presti að Þingmúla, hefði loku verið skotið fyrir aðskilnaðinn í tíð þess prests. Þess vegna var það, að veitingarvaldið beið eptir úrslitum málsins á þinginu. Meira gat það ekki gjört, og þegar þingið vildi láta lögin vera óbreytt, þá var Vallanes samkvæmt lögum 1880 veitt þeim presti, sem nú er þar. Jeg get nú ekki skilið, hvers vegna söfnuðirnir eru óánægðir með aðgjörðir stjórnarinnar í þessu máli. Það var alveg eins háttað, þegar Hítarnes og Staðarhraun voru sameinuð, og er eigi meiri ástæða til óánægju fyrir Vallaness söfnuð en Staðarhrauns söfnuðinn. Hið eina, sem getur verið óánægjuefni, eru lögin 27. febrúar 1880. Jeg tel það ástæðulaust, að kenna stjórninni um þá óánægju eða það, sem af henni leiðir. Hún hefur ekki átt neinn hlut í því, og söfnuðirnir verða að hafa alla ábyrgð á því, ef þeir segja sig úr þjóðkirkjunni fyrir þessar sakir. Stjórnin hefur í þessu máli fylgt lögunum, eins og var skylda hennar. Þykir mjer undarlega við bregða, ef það bakar landsmönnum óánægju, að stjórnin gjörir skyldu sína.

Jón Þorkelsson: Jeg sje á nefndarálitinu, að h. nefnd muni draga í efa, að ástæða sje til að minnka afgjaldið af Miklaholti, og að hún vilji fara nokkuð annan veg en bænarskrá prestsins fer fram á, ef lina skal afgjaldið. Eins og menn vita, var með lögum 1880 27. febr. lagt 400 kr. gjald á brauðið, og má vera, að það hafi ekki verið misráðið eins og þá stóð á. En nú er þess að gæta, að síðan hafa ýms hlunnindi fallið mjög í verði. Selveiði er ein af aðalhlunnindum þessa brauðs, og þá var sellýsi t. d. í miklu hærra verði en nú; tunnan var þá 60—70 kr. en nú 20 kr., og engin líkindi til, að hækka muni úr því sem komið er, og telur prestur, að þessi tekjumissir nemi árlega hjer um bil 200 kr. Hjer við bætist, að með landshöfðingjabrjefi 13. febr. 1882 voru nokkrir bæir úr Krossholtssókn lagðir til Staðarhrauns, sem áttu að fylgja Miklholti eptir prestakallalögunum 27. febr. 1880. Við það hefir presturinn beðið um 40 kr. tekjumissi á ári hverju. Enn má geta þess, að prestsekkja situr í brauðinu. Þá telur prestur þar og fátækt mikla og tekjur gjaldast dræmt. Telur prestur, að hann hafi nú einar 930 krónur í tekjur, þegar alls sje gætt. Nefndin hefir álitið, að tæplega væri ástæða til að lina þetta afgjald af Miklaholti, og því síður að leggja það allt á Helgafell, en vill leggja nokkuð af því á Staðarstað. Það get jeg ekki fallizt á, því að nú hvílir 300 kr. afgjald á því brauði, og það er auk þess metið minna en Helgafell. Lækkun á dúnverði kemur raunar líkt niður á báðum þessum brauðum, en að öðru er Helgafell miklu betra brauð. Jeg skal ekki dyljast þess, að þetta mál er ekki svo vel undirbúið sem verða mætti, því að það hefir enn eigi verið lagt fyrir hjeraðsfund. En það er ljóst, að eigi að minnka afgjaldið á Miklholti, þá á að taka það frá Helgafelli, en ekki Staðarstað. Jeg skal enn geta þess, að jeg hefi með höndum beiðni frá mönnum í Kolbeinsstaðahreppi, um, að sá hreppur sje gerður aptur að sjerstöku prestakalli, eða með öðrum orðum, að koma aptur

á fót Hítarnesþingunum fornu. En því miður er mál þetta eigi nægilega undirbúið, þótt hjer liggi nú beiðni fyrir þinginu um það, og hefir það því ekki verið fengið nefndinni til meðferðar. En mjer fannst rjett að geta þessa í umræðunum um þetta prestakallamál, úr því mjer var falin þessi bænarskrá, og hins vegar líkindi til, að málið komi aptur fram, þótt síðar verði, og þá vonandi undirbúið svo sem nægir.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Jeg þarf eigi að svara h. þm. Snæf. (J. Þork.) mörgum orðum. Nefndin lagði lítinn dóm á tillögur hans, en leit að eins lauslega á þær.

Hæstv. landshöfðingi vildi reyna að bera blak af stjórninni í Vallanessmálinu, og fórst það fimlega, eins og hans var von og vísa, en þó lýsti það sjer, að hjer voru veikar varnir, og mun jeg nú svara máli hans fám orðum.

Jeg get ekki sjeð, að nefndarálitið hafi farið með neitt skakkt. Það var ekki að greiða fyrir tilgangi laganna, að veita Þingmúla og Hallormsstað saman. Jeg man ekki betur en að þm. S.-Múl. á fyrra þingi (Lárus Halldórsson) færði það sem ástæðu móti skiptingu hins sameinaða Vallaness-prestakalls, að hún mundi koma í bága við rjettindi prestsins í Þingmúla, er mundi þykjast eiga tilkall til allra tekjanna af Hallormsstað og Þingmúla. Í annan stað ber þess að gæta, að beiðni lá fyrir frá Hjeraðsmönnum, að meiri hlutinn af Hallormsstaðarsókn væri lagður undir Vallanes, en Þingmúli yrði sjálfstætt brauð. Þegar svo Þingmúla og Hallormsstað var slegið upp, þá voru það Skriðdælir einir, sem lýstu yfir því, að þeir vildu prestinn, sem í boði var, þó með því skilyrði, að hann sæti í Þingmúla, sem eigi kom heim við gildandi lög, en þeir í Hallormsstaðarsókn lýstu yfir, að þeir vildu bíða láta með veitinguna. Það hefði því átt að setja prest til bráðabirgða, og lá ekki á að veita fyr en úrslit málsins á þinginu voru kunn orðin. Fyrst þar fjekkst þjónusta um veturinn, þá hefði miklu fremur mátt fá hana um sumartímann.

Jeg get því ekki fallizt á, að þessi ráðstöfun, að veita Hallormsstað svo fljótt og Vallanes ekki fyr en 1892, hafi verið heppileg, sízt ef landssjóður hefir tapað á henni 1000 kr. Jeg skal fúslegu játa, að hæstv. landshöfðingi hefir stundum beitt prestakosningarlögunum mjög frjálslega, svo sem þá er kosning ónýttist í Ásaprestakalli í Skaptafellssýslu og hann vildi samt ekki veita brauðið, þótt hann hefði fullan rjett til þess samkvæmt lögum, heldur ljet kjósa að nýju. En mjer finnst að við veitingu Hallormsstaðarprestakalls hafi ekki verið tekið jafn mikið tillit til vilja sóknarmanna í Hallormsstaðarsókn, og betur hefði farið að flýta eigi veitingunni svo mjög; og hvernig sem jeg lít á þetta mál, get jeg ekki annað sjeð, en að hjer sje ástæða til að víta aðgerðir stjórnarinnar.

H. efri deild hefir samþykkt skipting brauðsins og lagt til að lækka afgjaldið af Vallanesi um 400 krónur, en það hjelt nefndin, að h. neðri deild mundi þykja of mikill tekjumissir fyrir landssjóð, en vildi gera breytinguna sem aðgengilegasta, og leggur því til, að goldið sje 650 kr. af brauðinu, ef breytingin gengur fram, en þær 350 kr., sem þá eru eptir, ætlast hún til að landssjóði bætist upp með tímanum, með því að lækkað sje tillag til Fjarðarprestakalls og Stöðvar, svo sem nefndarálitið ber með sjer.

Einar Jónsson: Út af ræðu hæstv. landshöfðingja skal jeg minnast lítið

eitt á, hvernig óánægjan myndaðist í Vallanesprestakalli. Jeg vil alls ekki segja, að stjórnin hafi gert rangt í þessu máli; en seint er um langan veg að spyrja sönn tíðindi, og getur málið horft öðruvísi við austur á landi en hjer í Reykjavík, að minnsta kosti um tíma, án þess að nokkuð sje rangt haft í frammi. Og svo vildi nú til hjer, að þetta mál horfði alls ekki glæsilega við þar eystra. Þrír höfðu sótt um Þingmúla og Hallormsstað, en af þeim kom að eins einn til greina, því að einn hafði verið felldur burt af biskupi og landshöfðingja, en annar tekið sókn sína aptur eptir það, svo að eins verður síðast að tala um einn. Prófastur bar undir söfnuðina í Þingmúla- og Hallormsstaðarsóknum, hvort þeir gerðu sig ánægða með prestsefnið, og fundur er svo ákveðinn á Þingmúla, til að ræða um það. En þá vildi svo til, að 2—3 dögum áður en sá fundur er haldinn deyr síra Bergur prestur í Vallanesi. Þá er Vallanes laust, og þá er ekki heldur á þessu svæði lengur að tala um neitt annað brauð en Vallnesbrauð. Þingmúli og Hallormsstaður eru ekki lengur til sem sjerstakt prestakall; það er að eins partur af Vallaness-prestakalli og virtist nú sjálfsagt að hætta við veitingu á þessum parti þess, en slá brauðinu upp í heild sinni. Póstleið lá fyrir suður innan fárra daga, og menn þóttust vissir um, að lát síra Bergs yrði þá þegar tilkynnt biskupi. Þetta mun hafa vakað fyrir Vallaness-sóknarmönnum, og þeir hafa álitið, að allt mundi ganga sinn eðlilega gang. Sama munu Hallormsstaðar-sóknarmenn einnig hafa hugsað, því að þeir lýstu því yfir á fundinum, sem þrátt fyrir þetta var haldinn í Þingmúla, að þeir vildu eigi að svo stöddu kjósa neinn prest, þar eð Vallanes hlyti að verða í einu lagi. En Þingmúla-sóknarmenn einir kjósa það prestsefni, er hjer var um að ræða, og þó með því skilyrði, að prestur sá sæti í Þingmúla. Jeg skal ekki tala mikið um lögmæti þessa fundar, en víst var það, að þar var prófastur ekki viðstaddur, og mun engan hafa sett fyrir sig. En samt sem áður er Þingmúli og Hallormsstaður veittur umsvifalaust, og presturinn er kominn austur áður en nokkurn varir. Þá gaus óánægjan upp, og menn vissu ekki, hvernig í þessu lá, þar sem sjálfsagt þótti, að lát síra Bergs hefði frjetzt jafnsnemma suður sem fundargerðin frá Þingmúla. Og hefði svo verið, verður víst ekki móti því mælt, að rangt hafi verið að farið, en hafi lá, síra Bergs ekki frjetzt eins fljótt suður þá horfir málið allt öðruvísi við frá hálfu stjórnarinnar hjer syðra en það gerði eystra, og verður ekkert um það sagt, nema kunnugt væri um það, hvenær lát síra Bergs frjettist suður.

Þegar prestur sá, er veittur var Þingmúli, var kominn austur, var hann settur til að þjóna Vallanesi, en Vallanesi aldrei slegið upp, og fengu Vallanes-sóknarmenn þannig aldrei færi á að njóta nokkurs atkvæðis um prestskosningu þar. Menn þögðu að vísu yfir sumarið 1891, af því að málið um sundurskipting Vallaness-brauðs var þá til meðferðar á þinginu, en það var fellt þar, eins og kunnugt er. Eigi var þó Vallaness-brauð auglýst til veitingar, en þegar kom fram á vetur, kom upp úr þurru veiting Vallaness til prestsins í Þingmúla með konunglegri staðfesting. Þá magnaðist óánægjan mjög og hefir farið vaxandi síðan, og virðist eitthvað þurfa við að gera.

Hinn hæstv. landsh. áleit ekki rjett, að samþykkja þetta frumv. nú, af því að svo lítil líkindi væru til, að Vallanes losnaði bráðlega. En jeg sje eigi, að það sje nein veruleg ástæða, því að þótt maður sá, sem nú er prestur í

Vallanesi, sje ungur, er hann dauðlegur eins og aðrir og Vallanes getur losnað fyr en varir. Og hvað sem því líður, þá er jeg viss um að óánægjan út af þessu máli mun minnka, ef frumv. þetta verður samþykkt. En verði það ekki, vona jeg, að hinn þjónandi prestur finni ástæðu til, að sækja burtu, þar sem hann mun eiga kost á, að geta fengið önnur góð brauð, og á þann hátt getur brauðið líka losnað.

Jeg hefi talað þessi orð, til að sýna, hvernig óánægjan, sem nú ríkir í Vallanesprestakalli, hefir myndazt, en ekki til að saka veitingarvaldið hjer syðra beinlínis, þar sem jeg veit ekki með vissu, hvort tilkynning um lát síra Bergs hefir komið suður í tíma, en það er aðalatriðið í þessu efni.

ATKV.GR:. Málinu vísað til 2. umr. með 13 : 9 atkv.

Frumv. til laga um breyting á 3. gr. í lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda (C. 375); 1. umr.

Flutingsmaður (*Björn Sigfússon*): Jeg hefi leyft mjer að koma fram með þetta stutta frumv. í því trausti, að ekki þurfi langan tíma til þess að ræða það. Það er í rauninni ekki annað en skýring á 3. gr. laga 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda. Eins og menn kannske muna, hljóðar 3. greinin í lögunum þannig: »Kostnað við eyðing refa skal greiða úr sveitarsjóði«. Breytingin fer að eins fram á, að bætt sje inn í »í heimalöndum og á almenningum«. Þegar lög þessi voru samþykkt, þá var það sjálfsagt meiningin, að lög þessi skyldu að eins ná yfir þann kostnað, sem áður var jafnað niður eptir fjárframtali. En eins og greinin er orðuð, getur hún valdið misskilningi, og sumir hafa skilið hana svo, að þetta næði yfir allan kostnað sem leiddi af eyðing, einnig á afrjetti einstakra manna.

Í tilefni af þesssum tvískilningi var leitað álits landshöfðinga í vetur, og í svari sínu skýrði hann svo frá, að eptir hans áliti ætti þetta ákvæði í nefndum lögum að eins að ná yfir þann kostnað, er áður var jafnað niður eptir fjárframtali. Það er því að eins til þess að fyrirbyggja misskilning, að jeg hefi komið fram með frumv. þetta. Það er svo einfalt, að jeg sje ekki ástæðu til að fjalla mikið um það, og vona jeg að það verði látið ganga viðstöðulaust til 2. umr.

Þorlákur Guðmundsson: En þar sem h. flutningsm. (B. S.) kemur með þetta frumv. til að fyrirbyggja misskilning, þá vil jeg skjóta því til hans, hvort það geti ekki risið misskilningur af því, einmitt eins og það er orðað nú. Jeg veit að ekki er alstaðar gerður glöggur munur á almenningi og afrjetti. Að minnsta kosti þekki jeg til, að beitiland, sem er sameiginlegt fyrir heilar sveitir, er kallað afrjett, en ekki almenningur. Það er því undir öllum kringumstæðum rjettara eða víðtækara að nefna til afrjetti líka, en taka þá undan afrjetti einstakra manna, þar sem goldin er upprekstrartollur.

Flutningsmaður (*Björn Sigfússon*): Jeg skal viðvíkjandi þessari bendingu frá h. 1. þm. Árn. taka það fram, að jeg sje enga brýna þörf á að taka þetta ítarlega fram. Þó að nú einhversstaðar upprekstrarland heillar sveitar sje kallað afrjetti, þá er það ekki annað en almenningur. Jeg get ekki sjeð að það gæti verið að tala um að leggja kostnaðinn annarsstaðar á. Þó skal jeg taka bending þessa til íhugunar, hvort ástæða sje til að gera breytingartillögu í þá átt.

Sighvatur Árnason: Jeg fyrir mitt leyti vil líka vekja athygli á frumv.

Ef svo er, að það sje alvara deildarinnar að gefa þessu máli gaum, þá skal jeg geta þess, að hjer kemur meira til en það, sem tekið er fram í frumv. Jeg veit þau dæmi að nokkur ágreiningur hefir risið af afrjettum einstakra manna, eða nokkurra manna í hreppsfjelaginu, og er nauðsynlegt að hafa einnig ákvæði um refadráp þar. Það verður og að taka tillit til þess, þar sem svo stendur á, að nokkur hluti sveitar á afrjetti út af fyrir sig. Þar getur orðið ágreiningur um, hvort þeir eigi að bera kostnaðinn, sem eiga afrjetti, eða allur hreppurinn. Jeg fyrir mitt leyti álít að allur hreppurinn eigi að bera kostnaðinn, því að það er almennt gagn fyrir hreppinn, að refar sjeu drepnir, hvort sem er á einstakra manna afrjettum eða almenningum. Það verða menn vel að athuga, og bið jeg h. flutningsm. að íhuga þetta nákvæmlega. Eðlilegast og brotaminnst væri, að allur þessi refaveiðakostnaður hvíldi á hreppnum.

Einar Jónsson: Grein sú, í hinum gildandi lögum, sem hjer ræðir um að breyta, hljóðar svo: »Kostnað við eyðing refa skal greiða úr sveitarsjóði«. Mjer finnst þetta vera svo skýrt að eigi sje þörf á að breyta því; það virðist liggja í augum uppi eptir greininni, að kostnaðinn við eyðing refa eigi að taka úr sveitasjóði, hvar sem þeim er eytt, hvort heldur það er í heimalandi eða annarsstaðar. Jeg sje ekki á hverju verður villzt í greininni, og ef á að fara að ákveða að borgun fyrir eyðing refa á sjerstökum plássum eigi að greiða úr sveitasjóði, þá er eins og gefið í skyn með því, að til sjeu önnur svæði er eigi skuli borga úr sveitasjóði fyrir eyðing refa á, og ef þessi h. deild skyldi hverfa frá þessu at þeirri ástæðu, að hún áliti þess ekki þörf, þá álít jeg að það sem hjer er komið fram í málinu, sje næg bending til að sýna, að greinin í hinum gildandi lögum á við eyðing allra refa, hvar sem þeim er eytt.

Landshöfðingi: Eins og h. 2. þm. Húnv. (B. S.) sagði, þá kom fram fyrirspurn frá Húnvetningum um, hvernig skilja ætti grein þá, er h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) las upp. Eptir undirbúningi laganna varð jeg að líta svo á, að ákvæði greinarinnar ættu ekki við aðrar framkvæmdir en þær, sem refatollurinn náði til, eða að þau ættu að eins við hvernig greiða skyldi kostnað fyrir eyðing refa í heimalöndum og afrjettum, sem sveitarfjelög eiga. Af undirbúningi laganna sjest það, að meiningin með breytinguna var eigi önnur en sú, að refatoll skyldi framvegis greiða úr sveitarsjóði, í stað þess að honum hafði áður verið jafnað niður eptir fjenaðartölu. Að mínu áliti nær því 3. gr. laganna frá 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda eigi til annarar eyðingar refa en þeirrar, er áður var borguð með refatollinum.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn (C. 370); 1. umr.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Jeg hefi leyft mjer að koma fram með frumv. þetta í því trausti, að því verði vel tekið í hinni háttv. þingdeild, með því að það er svipað frumv. því, sem samþykkt var í þessari deild á síðasta þingi, en sem þá var fellt í efri deild.

Eins og kunnugt er, veita lögin frá 19. febr. 1886 hverjum manni heimild til að segja sig úr þjóðkirkjunni, en gjaldfrjálsir til prests og kirkju eru þeir einir, sem eru í einhverju kirkjufjelagi, er hefir þann prest, eða for-

stöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu. Af þessu leiðir, að þeir utanþjóðkirkjumenn, sem að vísu eru í einhverju kirkjufjelagi, en sem ekki hafa fengið sjer þann prest, er hlotið hefir konunglega staðfestingu, njóta ekki gjaldfrelsis; og sama er að segja um þá utanþjóðkirkjumenn, sem einhverra orsaka vegna eigi standa í neinu kirkjufjelagi. En jeg vona, að h. deild sje mjer samdóma um það, að eigi sje það eðlilegt, að þeir menn skuli vera skyldir til að greiða öll gjöld til þjóðkirkjunnar og presta hennar, sem eru utan þjóðkirkju, af því að þeim geðjast ekki t. d. að einhverju leyti að trúarskoðunum hennar eða kirkjusiðum. Jeg fyrir mitt leyti er, og hefi einatt verið, þeirrar skoðunar, að það sje ekki samboðið þjóðkirkjunni, að taka gjöld af slíkum mönnum, eða gjöra sjer þá skattskylda.

Þetta frumv. fer, eins og menn munu hafa tekið eptir, nokkru skemmra en frumv. frá 1891; hjer er ekki gjört ráð fyrir, að þeir, sem hafa sagt sig úr þjóðkirkjunni, skuli vera lausir við að greiða fasteignartíund til prests og kirkju, með því að þessi ákvæði mættu allmikilli mótspyrnu á síðasta þingi, og kaus jeg því heldur, að nema þau burt, svo að þau ekki yrðu frumv. til falls, því að jeg tel hjer vera um svo þýðingarmikið mál að ræða, að mjer þykir það miklu skipta, að það fái framgang, enda virðist mjer og tími til þess kominn, að vjer komum löggjöf vorri í líkt horf, sem nágrannaþjóðir vorar í þessu efni. Frændþjóð vorri Dönum hefir t. d. þótt svo mikils umvert, að hepta ekki frelsi manna í trúarefnum, að í grundvallarlögum þeirra eru ákvæði mjög lík þeim, sem eru í frumv. þessu.

Það má að vísu segja, að ekki sje ýkja-brýn þörf á lögum þessum hjer á landi, af því að utanþjóðkirkjumenn sjeu svo fáir; en þó er það kunnugt, að hjer á landi eru þó ýmsir menn, sem standa utan þjóðkirkjunnar, bæði á Ísafirði, og í Þingeyjarsýslu, og hver veit, hve margir þeir eru, sem í hjartanu eru þjóðkirkjunni fráhverfir, en sem að eins standa í henni, bundnir þessum gjaldskyldulögum? Þess er og að gæta, að bæði getur það komið fyrir, að þeir, sem myndað hafa söfnuð utan þjóðkirkju, geti ekki þegar í stað fengið sjer prest, og eins getur hitt borið að, að prestur sá, sem utanþjóðkirkjumenn hafa kosið, fái ekki konunglega staðfesting, og þá er það sannarlega óeðlilegt, að þessir utanþjóðkirkjumenn þurfi bæði að gjalda kjörpresti sínum og þjóðkirkjuprestinum.

Að svo mæltu vil jeg ekki fjölyrða meir um málið, meðan jeg heyri ekki nein mótmæli gegn því; en með því að orðið er svo áliðið þingtímans, að ekki veitir af, að vel sje á haldið, ef málið á að fá framgang á þinginu, þá vona jeg, að þingdeildin leyfi málinu að ganga áfram nefndarlaust.

ATKV.GR: Frumv. vísað til 2. umr. með 16 : 2 atkv.

Frumv. til laga um laun bæjarfógeta á Seyðisfirði (C. 490); 1. umr.

Flutningsmaður (Einar Jónsson): Jeg þarf ekki að tala langt mál með frv. þessu, því að það er sjálfsögð afleiðing af frumv. því um bæjarstjórn á Seyðisfirði, sem samþykkt hefir verið hjer í deild og sem jeg vona að einnig verði samþykkt í h. efri deild. Hjer er farið fram á að sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu verði jafnframt bæjarfógeti á Seyðisfirði, og fái að launum fyrir þann starfa 500 kr., eins og bæjarfógetinn á Akureyri og Ísafirði. Jeg hygg að embættisstörf hans muni ekki verða minni en þeirra, nema meiri skyldu verða, því að skipakoma er

meiri á Seyðisfirði en hinum stöðunum.

Jeg óska svo að frumv. fái að ganga umræðulaust gegnum h. deild.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.). Jeg veit að h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) muni koma það á óvart, eptir því sem honum fórust orð í síðustu umr., um fjárlögin, að jeg mæli á móti því að fje sje veitt í austfirðingafjórðung, en bæði verður það sem varir og hitt, sem ekki varir. Svo er mál með vexti, að jeg er ekki með því að Seyðisfjörður sje gjörður að kaupstað að svo stöddu. Jeg álít það ekki sjerlega mikla hagsmuni fyrir Seyðfirðinga að fá bæjarstjórn, eða að minnsta kosti ætla jeg að þeir geti sjer að skaðlitlu verið án hennar næsta fjárhagstímabil. Jeg er sammála h. þm. Borgf. (B. B.) um það, að eigi sje víst að Seyðisfjörður verði aðalkauptún á Austurlandi, er stundir líða, heldur muni verða hentugri staður við botn Reiðarfjarðar. Líka mætti ímynda sjer, ef sigling um Lagarfljótsós heppnast vel, að við hann risi upp aðalkauptún Austfirðinga, að minnsta kosti mun það draga frá verzlun á Seyðisfirði. Þetta mál, sem hjer liggur fyrir, er útgjaldamál fyrir landssjóðinn, og get jeg ekki verið því meðmæltur, með því að jeg sje enga brýna nauðsyn til að Seyðisfjörður fái svo fljótt kaupstaðarrjettindi, og hefi aldrei greitt atkvæði með því máli.

Flutningsmaður (*Einar Jónsson*): Þó uppsigling kæmist á um Lagarfljótsós, þá mun þar aldrei myndast neinn kaupstaður, því jeg hygg, að skip muni sjaldan fara um ósinn nema fyrri part sumars. Að því er Reiðarfjörð snertir, þá lýsti jeg því yfir undir umræðunum um kaupstaðarrjettindi á Seyðisfirði, að þar mundi heldur ekki myndast stór verzlunarstaður á einum stað. Annars hefði ræða h. þingm. A.-Skaptf. (J. J.) átt betur við, þegar ræða var um kaupstaðarrjettindi og bæjarstjórn á Seyðisfirði.

Skúli Thoroddsen: Jeg verð að taka undir með h. þm. A.-Skaptf. (J. J.), að jeg greiddi ekki atkvæði með frumv. um kaupstaðarrjettindi á Seyðisfirði, enda mun jeg heldur ekki greiða atkv. með þessu frumv.

Jeg sje enga verulega þörf fyrir landssjóð að leggja þetta fje fram nú. Jeg get ekki sjeð, að þess sje nein brýn þörf fyrir Seyðfirðinga, að heimta kaupstaðarrjettindi. Jeg held menn geri sjer meiri hugmynd um það hagræði, sem slík rjettindi hafa í för með sjer, en í raun og veru er. Það mundi miklu betra og hagfeldara fyrir Seyðfirðinga, ef hreppnum væri skipt í tvennt; jeg held, að þeir fengju þá allt það, sem þeir í raun og veru óska og þarfnast. Ef Seyðisfjörður fær kaupstaðarrjettindi, þá fær hann auðvitað sjerstaka bæjarstjórn, sem er kannske »finna« nafn en hreppsnefnd. Svo er það sjálfsagt, að bæjarfógeti verður formaður bæjarstjórnarinnar, bærinn fær byggingarnefnd, hafnarnefnd og fleira af því tagi. En þessu »humbugi«, ef jeg mætti svo segja, fylgir töluvert umstang og óþarfa vafningar.

Jeg skal ekkert um það segja, hvort Seyðisfjörður er vel lagaður til að vera höfuð-kaupstaður á Austurlandi, en jeg efast um, að það mál sje svo rækilega hugsað, að þörf sje að ráða því til lykta nú á þessu þingi. Jeg held, að vel mætti draga það, að minnsta kosti til næstu embættismannaskipta, því þá mætti skipa bæjarfógetann án sjerstaks endurgjalds, án sjerstakra útgjalda úr landssjóði. Norður-Múlasýsla er, sem kunnugt er, í tölu hinna bezt launuðu sýslumannsembætta hjer á landi, vegna þess, að sýslumaðurinn hefir töluverðar »sportlur« af tollum og útlendum fiskiskipum, sem koma í verzlunarstaðina.

Jeg skal og geta þess, út af ummælum h. flutningsmanns, að þar sem hann minntist á skipakomur til Seyðisfjarðar sem ástæðu til launa handa bæjarfógetanum, þá er þess að gæta, að sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu hefir nú að mörgu leyti hinum sömu störfum að gegna, að því er afgreiðslu skipa og tollgreiðslu snertir, eins og þó hann væri bæjarfógeti á Seyðisfirði.

Fleira skal jeg ekki segja um frumv. þetta, en mun greiða atkvæði gegn því.

Flutningsm. (*Einar Jónsson*): Það var mikið óheppilegt, að þessar ræður skyldu ekki vera fluttar meðan málið um kaupstaðarrjettindi á Seyðisfirði var hjer fyrir deildinni, því þessar ræður fara í þá átt, að fella það mál. Þar sem þó enn ekki hafa talað fleiri en tveir af þeim, sem voru á móti því máli, þá vona jeg, að hinir verði þó með þessu máli, sem er bein afleiðing af hinu.

Hvað það snertir, að 3000 kr. sjeu nægileg laun handa sýslumanni í Norður-Múlasýslu og bæjarfógeta á Seyðisfirði, þá mætti segja hið sama um laun tilsvarandi embættismanna á Akureyri og Ísafirði. Norður-Múlasýsla er ein með erfiðustu sýslum á landinu, og störf bæjarfógeta á Seyðisfirði yrðu ekki minni en störf bæjarfógetans á Ísafirði og Akureyri. Þess vegna virðist rjett, að eigi sjeu minni laun sýslumanns og bæjarfógeta á Seyðisfirði en á hinum stöðunum, en á þeim eru þau 3500 kr. Að vísu gegnir hinn núverandi sýslumaður í Norður-Múlasýslu mörgum þeim störfum, sem bæjarfógeti yrði að gegna; en þess ber að gæta, að sýslumaðurinn í þessari sýslu er alls ekki lögskyldur til að búa á Seyðisfirði, en vegna þess, að mikil þörf er á öflugri lögreglustjórn þar, væri nauðsynlegt, að hann væri skyldur til þess, og það yrði hann, ef hann yrði bæjarfógeti þar.

Sigurður Gunnarsson: Jeg verð að taka undir með h. flutningsmanni (E. J.), að mjer þykir undarlegt, að slíkar ræður sem h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) og h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) skuli koma fram nú, þar sem út lítur fyrir, að þeir vilji koma h. þingd. til að gera ómögulegt frumv., sem deildin er nýlega búin að samþykkja.

H. flutningsm. (E. J.) er búinn að svara h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.), svo jeg þarf ekki að vera langorður. En jeg vil minna h. 1. þm. Ísf. á, að þar sem hann ætlaði að gera sig að eins konar »formyndara« fyrir Seyðfirðinga og segja þeim, að þeir hefðu ekki gott af að fá kaupstaðarrjettindi, þá verð jeg að ætla, að þeir hafi eins mikið vit á, hvað þeim er fyrir bestu í þessu efni, eins og hann. Til að fá kaupstaðarrjettindi á Seyðisfirði nú munu vera sömu ástæður til staðar, eins og voru á sínum tíma fyrir kaupstaðarrjettindum á Ísafirði og Akureyri. Málefni kaupstaðanna eru æfinlega nokkuð ólík málefnum sveitanna, og ekki gott að blanda þessum málefnum saman.

Jeg vona, að þessar ræður, sem fluttar hafa verið á móti málinu, hafi ekki þau áhrif á þingd., að hún greiði atkv. á móti málinu, og gjöri með því lögin um bæjarstjórn á Seyðisfirði ómöguleg.

ATKVÆÐAGR.: Málið fellt frá 2. umr. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Bj. Bjarnarson,
Kl. Jónsson,	Bogi Melsteð,
Bened. Kristjánss.,	H. Kr. Friðriksson,
Björn Sigfússon,	Jens Pálsson,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jakobsson,
Jón Jónsson, N.-M.,	Jón Jónsson, A.-Sk.,

Já:	*Nei*:
Jón Þórarinsson	Jón Jónsson, Eyf.,
Jón Þorkelsson,	Ólafur Briem,
Sig. Gunnarsson,	Sighv. Árnason,
Þór. Böðvarsson,	Sigf. Árnason,
Þórð. Guðmundss.,	Skúli Thoroddsen,
	Þorl. Guðmundsson.

Frumv. til laga um að veita stjórninni heimild til að fyrirskipa, að auglýsingar þær, er rætt er um í opnu brjefi 27. maí 1859, verði teknar upp í Stjórnartíðindin, deildina B. (C. 244); 1. umr.

Flutningsmaður (*Björn Bjarnarson*): Það er stundum sagt um frumv., sem verið hafa fyrir þinginu áður, að þau sjeu ekki nýir gestir; og þetta frumv., sem nú liggur fyrir, er eitt af þeim. Það gekk að hálfu leyti gegn um þingið 1885, og þá kom frumv. frá stjórninni, og var lagt fyrir efri deild þingsins. Það var tekið fram í ástæðunum fyrir stjórnarfrumv., að heimildar þeirrar, sem frumv. fer fram á að stjórninni sje veitt, væri leitað vegna þess, að engin trygging væri fyrir því, að út kæmi jafnan á Íslandi þjóðblað, er væri vel lagað til að flytja auglýsingar þær, er hjer ræðir um.

Jeg skal nú þegar lýsa því yfir, að jeg álít, að þannig sje nú einmitt ástatt, að ekkert blað sje til í landinu, sem sje »vel lagað« til þessa, og jeg vona, að það verði aldrei hjer eptir. Frumv. kom þá frá stjórninni og var lagt fyrir efri deild; þar var því mjög vel tekið; það var samþykkt í einu hljóði við 1. og 3. umr., en með 10 samhlj. atkv. við 2. umr., en í neðri deild fjell það með 12 atkv.

Sá, sem hreifði helzt andmælum móti því þá meðal þingmanna, var ritstjóri einn, sem þá var meðal fremstu mótstöðumanna stjórnarinnar; en það er alkunnugt, að þegar menn annars eru í »opposition« við stjórnina, hættir þeim opt við, að láta það hafa áhrif á sig í flestum málum sem hún fylgir.

Frumv. fór einungis fram á að veita stjórninni heimild til að auglýsa í Stjórnartíðindunum, en jeg vil bæta því við, að allar stjórnarvaldaauglýsingar ættu að vera auglýstar þar. Það mundi verða talsverð tekjugrein og innan skamms ljetta kostnaðinn við útgáfu tíðindanna, einkum ef skerpt væri aðhaldið að hlutaðeigandi stjórnarvöldum til að auglýsa þar.

Hæstv. landshöfðingi sagði í ræðu sinni, er hann hjelt í máli þessu 1885, að ekkert væri á móti því, að Stjórnartíðindin kæmu út vikulega og í hálfri örk, eða eins opt og hvert annað blað, svo auglýsingarnar gætu borizt eins fljótt út, og hann tekur það fram í ræðu sinni, að hann áliti miklu tryggilega, að birta auglýsingar í þeim en í nokkru öðra blaði. Þess er að gæta, að þau koma áreiðanlega í hvern hrepp og hverja kirkjusókn, og mætti þó og ætti að gera þau enn miklu útbreiddari með því að senda þau fleiri mönnum ókeypis (t. d. öllum hreppsnefndarmönnum). Með því móti ykist einnig lagaþekkingin, sem nú mun vera í hnignun, síðan hætt var að lesa ný lög upp á þingum, því lagabirtingarlögunum 24. ágúst 1877 er hvergi hlýtt, þar sem jeg þekki til; hreppstjórarnir hirða ekkert um þessa skyldu sína, og sýslumennirnir hafa ekkert eptirlit með, að þeir geri það.

Áður en þau lög voru gefin út, vissu þó þeir, sem þing sóttu, þegar ný lög urðu til, en nú vita varla aðrir um það en þeir sem lesa Stjórnartíðindin.

Það er enn eitt atriði, sem taka má til greina í þessu efni. Það mun vera almennt álitið, að þessar auglýsingar

hafi það í för með sjer, að það blað, sem þær flytur, verði háðara stjórninni en góðu hófi gegnir, eða fremur en önnur blöð landsins. Það er enda álitið, að stjórnin hafi notað auglýsingarjettinn til að sýna blaði þóknunarvott sinn. En það getur þó farið svo, að þetta verði hefndargjöf, því svo hafa eiganda þess blaðs, er auglýsingarrjett þenna hefir nú, fyrir skömmu farizt orð, sem hann væri hræddur um, að þessi rjettur fældi kaupendur frá blaði sínu, eða ætti verulegastan þátt í hnignun þess og óvinsæld blaðsins. Þegar málið er skoðað frá þeirri hlið, þá væri ástæða til að losa blöðin við þessa byrði; það er ekki rjett að auglýsingar þessar hafi skaðleg áhrif á lífsstöðu nokkurs manns. Og þar sem frumv. þetta mætti engri mótspyrnu fyrir 9 árum síðan, þá er ólíklegt, að það mæti henni nú. Jeg hefi líka heyrt ýmsar raddir í þá átt, að æskilegt væri, að málið gengi fram, og jeg vona því, að h. deild taki málinu vel.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg skyldi sízt vera á móti þessu frumvarpi, ef jeg sæi, að auka mætti tekjur landssjóðs verulega með þessu móti, en útbreiðsla hinna opinberu yrði auglýsinga jafn víðtæk og áður. En þar sem frumvarp þetta fjell á þinginu 1885, þá sýnist mjer augljóst, að þingið hafi sjeð einhverja verulega galla á því, og ekki gat það verið einum manni að kenna, eins og mjer heyrðist h. flutningsmaður geta til.

Það liggur líka í augum uppi, að það er allt annað en fullnægjandi gagnvart almenningsþörfum, að prenta allar slíkar auglýsingar í Stjórnartíðindunum. Flutningsmaður (B. B.) sagði reyndar, að Stjórnartíðindin mætti ganga út í hálfum örkum, og senda þau sem blað út um landið. En jeg er hræddur um, að það yki kostnað að mun, því að þau yrðu eigi send eins og önnur blöð með hverri ferð sem fengist; þau yrðu ekki send með öðrum en póstum.

H. flutningsmaður (B. B.) sagði og, að gjöra mætti Stjórnartíðindin útbreiddari en áður. En jeg skil ekki, hvernig það mætti verða. Eins og nú stendur, er þeim útbýtt gefins til embættismanna og allra sveitarstjórnarvalda, og þess utan getur hver sem vill fengið þau með gjafverði, og þó kaupir alþýða þau mjög lítið. Það er því ekki landsstjórninni eða þinginu um að kenna, þó þau gangi svo lítið út, og allur þorri manna ekki kaupi þessa fróðlegu og þörfu bók. Jeg held, að það yrði fremur til tjóns fyrir land og lýð, ef auglýsingarnar ætti að birta í Stjórnartíðindunum.

H. flutningsmaður (B. B.) minntist á skeytingarleysi hreppstjóra um það, að lesa upp lagaboð á kirkjufundum og öðrum mannfundum. Jeg játa það satt að vera. En það er ekki víst, að þeir gæti þeirrar skyldu sinnar öllu fremur eða betur, þótt auglýsingarnar væru prentaðar í Stjórnartíðindunum. *(Björn Bjarnarson*: Senda þau »inn á hvert einasta heimili«). Já, senda þau inn á hvert einasta heimili, segir flutningsmaður; hvað mundi það kosta? Jeg held, að hitt væri ráðlegra, að skerpa nokkuð aðhaldið að hreppstjórum og sýslumönnum að birta lögin. Og þó að ef til vill sje ekki rjett, að snara því fram á þingi, að þeir skeyti ekkert um að gæta skyldu sinnar í því efni, þá er það rjett, að talsvert er ábótavant í því efni, þar sem jeg þekki til, og svo mun víðar vera. Jeg vildi leggja það til, að gjöra hreppsnefndum og sýslunefndum að skyldu, að halda saman Stjórnartíðindunum og sýna þau sýslumönnum á vorþingum, því að nú er það opt, að þær týna þeim með öllu; það mundi hreppsnefndar-oddvitar og hreppstjórar síður gjöra, ef þeir ættu

að sýna á manntalsþingum óskert eintak af þeim.

Annars er mjer þetta ekkert kappsmál. Mjer er alveg sama hvar auglýsingarnar eru birtar, að eins að almenningur fái að sjá þær sem fyrst, svo hag og rjett almennings sje vel borgið, enda mundi gróðinn fyrir landssjóð verða mun minni en flutningsmaður ætlar.

Flutningsmaður (Björn Bjarnarson): Jeg verð með fám orðum að minnast á það, sem h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) sagði, þó það væru engar verulegar mótbárur. Hann var eitthvað að tala um kostnaðinn við það, að auglýsa í Stjórnartíðindunum. En hvernig stendur á því, að það borgar sig fyrir blöðin að flytja auglýsingar? Stjórnartíðindin á þó að senda með hverjum einasta pósti. Að Stjórnartíðindin verði sem útbreiddust og sem almennast lesin, er nauðsynlegt vegna lagaþekkingarinnar. Jeg ætlast ekki til, að þau sjeu send hverjum einstökum manni, heldur bara hreppstjórum og hreppsnefndar-oddvitum til útbýtingar meðal hinna.

Hið eina sem mælir með því, að auglýsa í blaði, fremur en í Stjórnartíðindunum, er, að sje Stjórnartíðindin að eins gefin út einu sinni í viku, en blaðið optar, þá berast þær tíðar út hjer í Reykjavík og næsta nágrenni við hana; en önnur hjeruð landsins eiga jafnan rjett á, að vita um þær, og þau fá þær eins fljótt með póstum í Stjórnartíðindunum eins og hverju öðru blaði.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: H. flutningsmaður (B. B.) hefur nú tekið fram flest af því, sem jeg ætlaði að segja. Jeg álít, að miklu meiri trygging sje fyrir því, að auglýsingar komi að haldi, ef þær eru prentaðar í Stjórnartíðindunum, því að í öllum sveitum sjást þó Stjórnartíðindin, en um blöðin getur borið til beggja vona. Þess er og að gæta, að Stjórnartíðindin verða uppi, svo lengi, sem hjer er stjórn. Blöðin eru svo misjafnt útbreidd, og opt líða svo langir tímar, að þau sjást eigi. Svo geta þau og dottið úr sögunni þegar minnst varir. Það er líka dýrt, að senda auglýsingar í blað. Væru þær birtar í Stjórnartíðindunum, þá hyrfi sá kostnaður. Stjórnartíðindin yrðu meira keypt og kostnaðurinn við útsendinguna yrði að vísu meiri, en auglýsingarnar eru allt af að vaxa og eptir því yrðu tekjurnar meiri. Það mundu mjög margir gjörast kaupendur Stjórnartíðindanna einmitt fyrir auglýsingarnar. Jeg vil því sem bezt styðja að því, að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Þorlákur Guðmundsson: Opt hefi jeg heyrt h. 2. þingm. Eyf. (J. J.) takast betur að verja mál en nú. Það veit jeg, að satt er, að margt er það, sem kemur í Stjórnartíðindunum, sem ekki kemur í blöðum. En væri Stjórnartíðindin aukin svo mikið, sem hjer er farið fram á, þá þyrfti stjórnin að hafa útsölumenn í hverjum hreppi. Það var ein ástæða h. 2. þm. Eyf. (J. J.), að blað myndi detta úr sögunni, svo að ótryggilegt væri, að birta opinberar auglýsingar í blaði. En jeg sje ekki, að sú ástæða sje mikils virði, því að þótt eitt blað kunni að falla niður, þá verður þó ávallt eitthvert blað uppi, sem hefur mikla útbreiðslu, og má þá auglýsa þar í hinar opinberu auglýsingar.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg vildi að eins taka það fram, að af því að efni Stjórnartíðindanna er svo lagað, að ekki getur jafnan verið fyrir hendi efni í hálfa nje heila örk, þá er fyrst og fremst ekki sjáanlegt, að auglýsingar

geti borizt fljótar út í þeim en í blaði, sem kemur út tvisvar í viku. Það getur opt komið fyrir, að hálfur mánuður líði, áður en nóg efni sje komið til að fylla hálfa eða heila örk. Ef auglýsingar ætti að birta þar, þá yrði það til hins mesta ógagns, því að það eru margar auglýsingar, sem bráðnauðsynlegt er, að berist út sem fyrst, svo sem um innköllun í búum, uppboð, erfðaskipti og fleira. Þess er og að gæta, að blöð hafa venjulega fastákveðna útkomu-daga, en það geta nú Stjórnartíðindin aldrei haft.

Að vísu þarf nú varla að gjöra ráð fyrir, að stjórnin noti þessa heimild, sem hjer er farið fram á, að veita henni, því þetta er ekki skipun til stjórnarinnar; frumvarpið skyldar hana ekki til, að láta birta þessar auglýsingar í Stjórnartíðindunum.

Sighvatur Árnason: Það var að eins stutt athugasemd, sem jeg ætlaði að gjöra. Jeg er að öllu samdóma h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), að í frumvarpinu felst engin skipun, heldur að eins heimild. En að því er snertir vanrækslu hreppstjóra, að birta lagaboð og yfirvaldaauglýsingar, þá er jeg á því, að færi landsstjórnin að prenta slíkar auglýsingar í Stjórnartíðindunum, þá væri það meira aðhald fyrir hreppstjóra en áður til að birta bæði þessar auglýsingar og annað, sem þeim ber að birta hreppsbúum. Jeg skil ekki, að hreppstjórar mundu þá vanrækja að lesa auglýsingarnar upp bæði á kirkjufundum og öðrum mannfundum, þar sem þær eru margar í raun og veru svo mjög áríðandi.

Flutningsmaður (*Björn Bjarnarson*): Út af mótbárum þeim, sem komið hafa fram síðan áðan, vil jeg geta þess, að nokkur hætta getur verið á, að birta þessar auglýsingar í blaði. Blaðinu getur smám saman farið hnignandi ár frá ári, kaupendum fækkað smátt og smátt og blaðið þannig misst útbreiðslu, án þess stjórnin veitti því eptirtekt, og tæki því ekki auglýsinga-rjettinn af blaðinu. Gætu auglýsingarnar þannig að lokum orðið fáum kunnar í slíku blaði, en Stjórnartíðindin aptur á móti aukast ár frá ári. Og hafi stjórninni ekki þótt það hættuspil fyrir 8—9 árum síðan, að birta auglýsingar í Stjórnartíðindunum, þá er það því síður nú, þar sem allar samgöngur eru greiðari en þá, og efni tíðindanna fer sífellt vaxandi. Og ef skerpt væri aðhaldið að hlutaðeigandi stjórnarvöldum, að birta allar auglýsingar sínar í Stjórnartíðindunum, þá mundi ekki þurfa að óttast fyrir, að ekki væri nóg efni í hálfa örk, einu sinni eða tvisvar í viku. Það mundi máske rjettast, að gjöra stjórnarvöldum þetta að skyldu, og skal jeg athuga það til næstu umræðu, því jeg þykist viss um, að málið fær að ganga til annarar umræðu. (*Jón Þórarinsson*: Nei). Jeg skal gjarnan taka til greina mótmæli hinna h. þingdm. og athuga, hvort ástæða sje til að breyta frumv. til 2. umræðu.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 : 5 atkv.

Þrítugasti og níundi fundur, þriðjudaginn 15. ágúst kl. 12 á hád.

Allir á fundi.

Frumvarp til laga um eptirlaun (C. 303, 432); 2. umr.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Sú almenna óánægja út af eptirlaunalögum þeim, er nú gilda, og hinum ýmsu frv., sem komið hafa fram um breytingar á þeim, stafa ekki einungis af því, að mönnum finnast eptirlaunin óeðlileg í sjálfu sjer, heldur einnig af því, að almenningi vex í augum hin mikla út-

gjaldabyrði, sem eptirlaunin baka landssjóði. Þetta frumv. mun því flestum kærkomið, þar eð það miðar til þess, að ljetta þessa byrði að miklum mun, þegar fram líða stundir.

Þær breyt.till., sem nefndin hefir gert við frumv. eins og það kom frá efri deild, eru ekki til þess að raska þeim grundvallarreglum, sem efri deild hefir sett, heldur að eins að færa upphæðina lítið eitt niður.

Grundvallarregla sú, sem efri deild virðist hafa sett sjer, er sú, að eptirlaunin fari yfir höfuð eigi fram yfir helming embættislaunanna, í stað þess að eptir núgildandi lögum eru eptirlaunin jafnaðarlega $^2/_3$ af fullum embættislaunum.

Í breyt.till. sínum hefir nefndin lagt það til, að hinn fasti hluti eptirlaunanna sje $^1/_5$ af embættislaununum, í stað $^1/_4$ eptir frumv. efri deildar, að eptirlaun ekkna sjeu ákveðin $^1/_{10}$ í stað $^1/_8$ og að eptirlaunin sjeu helmingur í stað $^2/_3$ hluta í þeim sjerstöku tilfellum, þegar embættismaður slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, eða þegar embættismaður fær lausn fyrir þá sök, að embættið er lagt niður. Annars ná þessar breytingar minnst til þeirra embættismanna, sem lægst laun hafa, enda er nauðsynlegt, að svo sje. Þannig er t. d. með læknana, sem hafa einna lægst laun, að þeir missa mjög lítils í, eða jafnvel einskis, og eptir fyrstu þjónustuárin eru eptirlaunin jafnvel hærri, allt upp að 7 ára embættisþjónustu, en eptir fullan þjónustutíma eða c. 30 ár, þá eru þau lítið eitt lægri. Þannig er það eptir hinum núgildandi lögum 1000 kr., sem læknir á að fá eptir 30 ára þjónustu, eptir frumv. efri deildar 975 kr., en eptir breyt.till. nefndarinnar yrðu eptlaunin þar á móti 900 kr. rjettar, og sjest á því, að munurinn er ekki mikill. Það hefir líka verið sjerstaklega svo til ætlazt, að mest yrðu lækkuð eptirlaun þeirra, sem hafa miklar embættistekjur, því eptir því sem þeir hafa haft betri laun, má gera ráð fyrir, að þeir hafi sjeð sjer betur borgið í ellinni. Þar sem almennt var gengið út frá þeirri grundvallarreglu, að eptirlaunin fari eigi fram úr helmingi launa, þá áleit nefndin einnig rjett að fylgja sömu reglu í þeim tilfellum, sem rætt er um í 2. gr.; það er þegar maður slasast þegar hann er að gegna embætti sínu eða missir embætti sitt við það, að embætti hans er lagt niður. Efri deild hafði þar haldið $^2/_3$, en nefndinni fannst meiri samkvæmni í því, að miða eptirlaunin við helming launa í þessum sjerstöku tilfellum.

Þá er 4. breyt.till. nefndarinnar við 7. gr., að eptirlaun ekkna sjeu ákveðin $^1/_{10}$ í stað $^1/_8$ af launum mannsins.

Við meðferð þessa máls á undanförnum þingum hefir það verið samþykkt í þessari deild, að hafa eptirlaun ekkna fastákveðin 200 kr., en með því ekki hefir tekizt að fá því framgengt, hefir nefndin ráðið það af, að fara meðalveg í þessu efni, þannig, að ekkjur þeirra embættismanna, er hafa 2000—3000 kr. í laun, fái 200—300 kr. í eptirlaun. Þetta virðist því aðgengilegra, sem ekkjum þeirra, sem há laun hafa haft, er vanalega tryggt fje úr lífsábyrgðarstofnun eða annarsstaðar frá, og þar við bætist, að með konungsúrskurði má veita ekkju í viðbót við eptirlaunin 20 til 100 kr. árlega fyrir hvert barn hennar, þangað til það er orðið 18 ára. Nefndin áleit yfir höfuð þá stefnu heppilega sem efri deild hefir tekið í þessu máli, og þar sem engin mótmæli hafa komið gegn frumv. hjer og engar breyt.till., þá má álíta, að h. deild sje málinu hlynnt, og að það fái fram að ganga.

Skúli Thoroddsen: Jeg get verið samþykkur nefndinni í tillögum hennar í nefndarálitinu, en jeg vildi að eins vekja athygli á því, af því að svo langt er liðið á þingtímann, að það væri næsta óheppilegt, ef breytingar þær, sem gerðar kynnu að verða við frumv., leiddu til þess, að málið næði eigi fram að ganga á þinginu.

Jeg vildi því helzt ráða til þess, að þessi deild samþ. að eins till. um að lækka eptirlaunin úr 1/4 niður í 1/5, því mjer er kunnugt um, að ýmsir þingm. í efri deild eru því samþ.; en að öðru leyti vildi jeg helzt aðhyllast frumv. efri deildar óbreytt. En h. framsögum. (Ól. Br.) skýrir nú máske frá því, hvort nefndin vill halda fast fram öllum till. sínum, eða hvort hún, til þess að betra samkomulag fengist við efri deild, vildi fella niður nokkrar þeirra.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Jeg skal taka það fram, að nefndinni er ekkert kappsmál að halda fram nema því einu, sem líklegt er að h. efri deild geti aðhyllzt, enda eru þessar breytingar ekki svo miklar, að jeg fái sjeð neinar líkur til þess, að efri deild geti ekki gengið að þeim. En fyrst og fremst er ekki gott að vinsa úr og segja, hvað efri deild vill aðhyllast og hvað ekki; í annan stað, ef deildin sjer að eigi verður nógur tími til að málið gangi í gegnum sameinað þing, þá er henni innan handar að láta sjer lynda aðgerðir efri deildar, og samþ. frumv. með þeim breytingum, sem á því kunna að verða.

Jeg verð því frá nefndarinnar sjónarmiði að halda því fram, að breyt.till. hennar verði samþykktar, að því leyti, sem menn hafa ekki verulegt á móti þeim, hvað efnið snertir.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. frv. samþ. með 22 samhlj. atkv.; breyt.till. við 2. gr. 1 á þingskj. 355 samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. við 2. gr. 2 á þingskj. 355 samþ. með 12 gegn 2 atkv.; breyt.till. við 2. gr. 3 á þingskj. 355 samþ. með 13 samhlj. atkv.; 2. gr. breytt samþ. með 13. samhlj. atkv.; 3.—6. gr. samþ. hver um sig með 20 samhlj. atkv.; breyt.till. við 7. gr. á þingskj. 355 samþ. með 14 samhlj. atkv.; 7. gr. breytt samþ. með 19 samhlj. atkv.; 8. og 9. gr. óbreyttar samþ. með 20 samhlj. atkv. hvor; 10. gr. óbreytt samþ. með 18 samhlj. atkv.; 11. gr. óbreytt samþ. með 20 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu var vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti (C. 317, 496); 2. umr.

Framsögumaður (Guðl. Guðmundsson): Jeg sje enga ástæðu til þess, að hafa langar umræður um þetta mál, þar sem engar breytingar hafa komið, hvorki frá nefndinni nje öðrum, og engin mótmæli gegn því.

Jeg vil því að eins vísa til nefndarálitsins og ræðu minnar við 1. umr., og vil jeg því ráða til þess, að samþ. það óbreytt. Málið á frumv. er að vísu nokkuð flókið, og ógreiðara en það mætti vera, en jeg sje enga ástæðu til þess, að tala um það »á þessu stigi málsins«, enda álít jeg, að það hafi engin spillandi áhrif á málefnið sjálft.

ATKVÆÐAGR.: 1.—9. gr. óbreyttar samþ. hver um sig í einu hlj.; 10.—12. gr. samþ. hver um sig með 20 samhlj. atkv.; 13.—17. gr. samþ. hver um sig með 19 samhlj. atkv.; 18.—36. gr. samþ. hver um sig með 20 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Frumv. til laga um atvinnu við siglingar (C. 257, 496); framh. 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að láta í ljósi þakklæti mitt við h. nefnd,

fyrir það, hversu vel hún hefir tekið þessu frumv. Hin eina breyt.till. sem komið hefir er ekki í sjálfu sjer óaðgengileg, en jeg vil skjóta því til h. nefndar, hvort henni finnist eiga vel við, að þessi lög öðlist ekki gildi fyr en við nýár 1896. Jeg álít það óviðkunnanlegt, að þetta frumv. komist ekki í gildi fyr en á eptir að lög frá næsta þingi gætu verið komin í gildi.

Framsögumaður (*Skúli Thoroddsen*): Jeg er þakklátur hæstv. landsh. fyrir það, hvernig hann hefir tekið undir tillöguf nefndarinnar. Það kann satt að vera, að það sje óviðkunnanlegt, að þessi lög komi eigi til framkvæmdar fyr en eptir næsta þing, en jeg sje þó ekkert verulegt á móti því. Það hefir líka þá »praktisku« þýðinginu, að menn geta þá vitað, á hverju þeir eiga von, og notað tímann til að afla sjer lögskipaðrar þekkingar á stýrimannaskólanum. Það sem kom nefndinni til þess að gjöra breytingartillögur sínar var það, að hún óttaðist, að ella kynni að verða skortur á hæfum mönnum.

Landshöfðingi: Jeg vildi að eins skjóta því til h. nefndar, hvort hún vildi ekki yfirvega frumv. til 2. umr., og hvort henni þætti ekki viðkunnanlegra 1. júlí 1895 í stað 1. jan. 1896. Það, að hafa þennan tíma svo langan, gæti orðið til þess, að þá mundu þeir, sem ekki hafa lært, reyna að koma sjer í stýrimannsstöðu, til þess að njóta góðs af ákvæðinu í 11. gr.

Jeg sje ekkert á móti því, að frestur inn væri hinn sami á báðum stöðum í 18. gr., en jeg mun ekki gjöra það að neinu kappsmáli; en vil að eins biðja h. nefnd að íhuga það til 2. umr.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frumv. til laga um breyting á lögum um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, 14. jan. 1876, og viðauka við þau (C. 253, 499); frh. 1. umr.

Framsögumaður (*Einar Jónsson*): Jeg skýrði frá því við fyrri hluta þessarar umræðu, hvað kom okkur til þess að koma með þetta frumv., svo jeg finn enga ástæðu til þess að taka það upp aptur. Jeg skal að eins geta þess, að það er komið inn á þingið til þess, að koma inn í lögin þeim ákvæðum, sem ekki eru til í núgildandi lögum um þetta efni. Það er ekki tilgangur flutningsmanna eða nefndarinnar, að setja neinar skorður við því, að menn flytji sig af landi burt; þeim á að vera það jafnfrjálst eins eptir sem áður. En tilgangurinn er sá, að girða fyrir það, að menn sjeu tældir burt, og að sem tryggilegastir samningar kæmust á milli þeirra sem fara og þeirra sem flytja þá, að aðbúnaður útfaranna sje sem beztur, ennfremur að gjöra mönnum erfiðara en nú er að hlaupa burt frá skuldum og óbættum sökum. Til þess að ná þessum tilgangi, hefir nefndin fundið ástæðu til, að breyta ýmsu í frv. og hefir þannig lagt til, að ýms ný ákvæði sjeu tekin upp í frumv., og að önnur sjeu felld burtu eða breytt. Það er sjer í lagi ein ákvörðun, sem hún leggur til, að sleppt verði; það er ákvörðunin um skuldagreiðslu útfara, af því að hún hefir tekið upp aðrar ákvarðanir, sem gjöra það ákvæði miður nauðsynlegt. Jeg vona að menn sjái, hvílík nauðsyn er á þessu máli, og að eitthvað þarf að gjöra í því efni og það þegar á þessu þingi, og lofi því þess vegna að ganga greiðlega sinn gang. Mönnum er einnig ljóst, hvaða atburðir hafa komið þessu máli á gang. Það sýnist eigi rjettlátt, að leggja háar sektir á útflutningsstjóra og jafnvel atvinnumissi, en láta aðra fara um land hindrunarlaust, til þess að æsa fólk til

þess að flytja af landi brott, eins og nú hefir verið gjört á síðustu tímum, og er mjög líklegt að fari í vöxt. Vjer álítum nauðsynlegt, að reisa nú þegar skorður gegn því, að slíkir menn geti farið um hindrunarlaust, og ginnt menn með ósönnum lýsingum og fögrum loforðum til þess að yfirgefa fósturjörð sína.

Af því eigi má fara nú út í einstök ákvæði, þá hefi jeg ekki meira að taka fram, en óska að eins að h. þm. sinni þessu máli rækilega.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. til laga um kosningar til alþingis (C. 359, 477); frh. 1. umr.

Forseti gat þess, að hann yrði að leiðrjetta það sem stæði á dagskránni, að þetta væri frh. 1. umr.; því að þetta væri 1. umr.

Framsögumaður (*Klemens Jónsson*): Jeg get ekki verið samdóma h. forseta um, að þetta eigi að vera 1. umr. málsins, heldur er það frh. 1. umr., eins og á dagskránni stendur. Frumv. þetta er orðið til úr 2 frumv., er fram hafa komið í efri deild, nefnilega stjórnarfrv. og öðrum frumv. frá efri deild. Þar að auki hefir að mestu leyti verið tekið upp í það frumv. á þingskj. 49, sem áður hafði komið fram hjer í deildinni, og eru það nálega þær einu breytingar, sem gjörðar hafa verið hjer í deildinni við frumv., eins og það kom frá efri deild á þingskj. 255. Eins og h. deild er kunnugt, hefir málið gengið gegnum 3 umr. í efri deild, og þegar það svo kom fyrir þessa deild, var sett nefnd í það. Nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að ráða h. deild til þess, að samþykkja frumv. eins og það hefir komið frá h. efri deild, og hefir hún því gjört við það þessar áðursögðu breytingar. Hjer stendur eins á eins og í málinu um frumv. til laga um stofnun lagaskóla. Þá var ágreiningur milli meiri og minni hlutans. Þar kom nefndarálitið fram í tvennu lagi sem 2 sjerstök frumv., en ekki sem breyt.till. við hið upphaflega frumv., og var málið látið ganga sinn gang til 2. umr. Jeg get ekki sjeð, að hjer standi öðruvísi á, og neitt sje því til fyrirstöðu, að þetta sje frh. 1. umr, þó jeg reyndar játi, að það hefði verið heppilegra, að koma fram með breyt.till., en hinsvegar er þetta svo lítilfjörlegur formalismus, að það ætti ekki að verða frumv. að falli. Það er auðvitað, að ef þetta verður samþykkt, þá gengur næsta mál á dagskrá út. Ef þetta er látið vera frh. 1. umr., eins og mjer og finnst rjett, þá er líklegt, að málið komist gegnum þingið; en ef það á eptir 3 umr. hjer í deildinni og svo að fara til efri deildar, og ganga þar gegnum 3 umr., þó er ólíklegt að nógur tími sje til þess.

Forseti: Jeg viðurkenni að vísu, að það stendur líkt á með þessi 2 mál, eins og h. framsögum. tók fram. En sú aðferð, er jeg þá beitti, er strangt tekið ekki rjett. Raunar hefir áður verið gripið til hennar í vandræðum, en það er óyndisúrræði að gjöra það. Frá minu sjónarmiði var ekki rjett að beita strangleika þá, því svo hefði getað litið út, að jeg vildi útiloka meiri hlutann frá því að koma fram áliti sínu. Þetta er ekki rjett, nema undantekning sje gjörð frá þingsköpunum, og álít jeg því rjettast, að halda sjer við þingsköpin.

Framsögumaður (*Klemens Jónsson*): Jeg beygi mig náttúrlega undir úrskurð h. forseta, en jeg vil leyfa mjer að gera þá fyrirspurn, hvort eigi megi skjóta þessu undir atkvæði h. deildar,

eins og vant er að gera í líkum tilfellum.

Forseti: Frá almennu sjónarmiði hefi jeg ekkert sjerlegt á móti því, að bera þetta undir deildina, og má allt af verja það. En með því hæstv. landshöfðingi er viðstaddur, þá vil jeg leyfa mjer að biðja hann að gera svo vel og segja álit sitt í þessu efni.

Landshöfðingi: Það er mitt álit, að eins og frumv. þetta nú liggur fyrir, verði það ekki skoðað sem breyt.till. við hið upphaflega frumv., heldur sem sjálfstætt frumv. Í nefndarálitinu stendur: »Fyrir 1.—19. gr. komi svo látandi greinar; í stað 20.—22. gr. komi svo látandi greinar; í staðinn fyrir 23. —39. gr. komi svo látandi greinar«; með öðrum orðum: það er ekki ein einasta grein látin standa í því frumv., sem nefndin fjekk til meðferðar. Það eru eintómar nýjar greinar. Ef nú frumv. þetta á að ganga gegn um 3 umr. hjer í deildinni og eina umræðu í efri deild, þá fær það að eins 4 umr., í staðinn fyrir 6, eins og lögboðið er. Jeg vil því leggja það til, að frumv. verði nú tekið til 1. umræðu sem nýtt frv.

Það var nokkuð öðru máli að gegna með lagaskólann. Það mál var borið upp hjer í deildinni, og átti því eptir 3 umr. í efri deild, svo að það hefði hvort sem var fengið 6 umr. í allt.

Forseti: Jeg skal játa, að eins og hæstv. landshöfðingi hefir bent á, er ekki eins ástatt með þessi tvö mál. Jeg vona því, að h. framsögumaður falli frá uppástungu sinni og hlíti tillögu hæstv. landsh.

Framsögumaður (Klemens Jónsson): Jeg skal þá fallast á tillögu hæstv. landshöfðingja, að þetta sje látin vera 1. umr., því jeg vil ekki verða þess valdandi, að frumv. falli fyrir þá sök, að það fái einungis 4 umræður í staðinn fyrir 6. Á þessu stigi málsins sje jeg því ekki ástæðu til að orðlengja um það, og leyfi jeg mjer að eins að óska, að málið fái góðan byr hjer í þessari h. deild, og fái að ganga til efri deildar, og hljóti þar hinn sama framgang.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr m. 16 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um kosningar til alþingis (C. 178, 477); frh. 1. umr.

Tekið aptur.

Frumv. til laga um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski, lýsi o. fl. (C. 413); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að geta þess viðvíkjandi þessu frumv., að það kom til orða í h. efri deild, að bæta einu atriði við það, viðvíkjandi útflutningsgjaldinu af síld. Það er nefnilega farið að viðgangast — það getur verið, að það hafi ekki verið fyr en í vetur —, að síld er flutt út, ekki í tunnum eða þess háttar ílátum, heldur er síldinni ausið úr lásnum upp í kassa og íslög lögð á milli; er hún þannig flutt út, mest til Englands. Þegar þannig er að farið, er erfitt að beita því ákvæði í lögunum, að greiða skuli svo og svo mikið gjald af hverri tunnu eða hverjum 120 pottum. Það er erfitt, að reikna gjaldið nákvæmlega út, þegar síldin er komin í svona lagaða kassa. Jeg vil því leyfa mjer að skjóta því til deildarinnar, hvort ekki væri æskilegt, að þeim viðauka væri bætt við lögin, að af síld, sem er flutt út á annan hátt en í tunnum, skuli greiða gjaldið eptir einhverri vissri tölu. Það er raunar misjafnt, hve margar síldir fara í tunnuna, og er það auðvitað komið undir stærð síldarinnar. En það má fara

meðalveginn, og eptir því sem jeg hefi fengið að vita hjá þeim sem til þekkja, munu að meðaltali um 300 síldir fara í tunnuna, og mætti ákveða gjaldið samkvæmt því.

Jeg get þessa til þess, að menn í-hugi það til 2. umr., og ef einhver er sjerstaklega kunnugur í þessu efni, þá væri gott að fá álit hans að heyra.

Jón Þórarinsson: Hjer er líklega enginn, sem er vel kunnugur þessu, en mjer finnst, að ef reikna skyldi eptir síldartölu, þá yrði það enn þá erfiðara en að mæla upp kassana. Það má allt af mæla upp kúbikrúmtak kassa, eða þá hafa mál á kössunum sjálfum, sem jeg veit að er algengt. Ef svo er gert, er hægra að fá rjett mál eptir kössunum en að mæla í tunnutali. Væri að eins tilgreint tunnutal, gæti það orðið ónákvæmt. En þar sem hjer er bundið við 120 potta tunnur, þá er það algerlega fullnægjandi.

Jens Pálsson: Út af þessu atriði skal jeg geta þess, að kunnugir menn hafa sagt mjer, að venja væri að flytja út síld til Noregs í 4½ eða 9 kúbikf. kössum. Þessir 9 kbf. kassar eru kallaðir heilkassar, en hinir hálfkassar, og er álitið, að þeir samsvari tunnu. Jeg segi þetta í sambandi við það, sem h. 2. þm. G.-K. (J. Þór.) tók fram, hvort ekki mætti ákveða útflutningsgjaldið eptir kúbikmáli.

Landshöfðingi: Jeg játa, að það eru engin vandræði með að ákveða gjaldið þegar síldin er flutt í kössum til Noregs. Því að til þess eru brúkaðir þessir kassar, sem h. þm. Dal. (J. P.) minntist á, sem samsvara einni 120 potta tunnu eða tveimur. En mjer hefir verið sagt, að þessi útflutningur, sem jeg minntist á, færi fram á enskum smáskipum. Þar hafa menn ekki samskonar kassa og Noregsmenn hafa. Fyrir utan það er síldin lögð niður í lögum og ís á milli laganna. Það er því erfitt að ákveða, hve mikið rúm ísinn tekur upp og hve mikið síldin. Jeg segi ekki, að það sje svo bráðnauðsynlegt að ákveða þetta nú. En ef reynsla kemur fyrir því innan næsta þings, að nauðsynlegt sje að setja ákvæði um þetta, þá er nógur tími til að laga þetta þá. En ef það virðist nauðsynlegt að gera það fyr, þá má gefa út bráðabirgðarlög, sem svo yrðu lögð fyrir þingið 1895.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. m. 20 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um stofnun brunabótafjelags (C. 290); 1. umr.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Þetta frumv. er hjer um bil samhljóða frv. í sömu átt, sem á þinginu 1891 var samþykkt í neðri deild með miklum atkvæðafjölda. Eins og menn sjá fer frv. fram á, að sett sje á stofn innlent brunabótafjelag og landssjóður ábyrgist með 300,000 kr., að það geti staðið í skilum. Hjer er auðvitað ekki farið fram á, að allar húseignir á landinu sjeu teknar í ábyrgð í þessu innlenda fjelagi, heldur að eins í kaupstöðunum og helztu verzlunarstöðunum. Engum mun geta blandazt hugur um, hve gagnlegt og mikilsvert það er, að hús og aðrar eignir sjeu vátryggðar fyrir eldsvoða. Sjeu þau það eigi, þá eru þau ekki veðgeng, og getur það opt verið óþægilegt, ef húseigandi þarfnast peningaláns. Hús þau, sem ekki eru vátryggð, eru líka miklu óvissari eign, þar sem eigendur þeirra eiga það á hættu, að missa ef til vill aleigu sína á svipstundu, ef eldsvoða ber að höndum. Allt þetta ætti að vera hin sterkasta hvöt til þess, að menn almennt hjeldu húseignum sínum í brunabótaábyrgð. Að vísu verður ekki sagt, að

menn eigi ekki kost á, að vátryggja hús hjer á landi. Með tilskipun 14. febr. 1874 er húseigendum í Reykjavík gjört að skyldu, að tryggja hús sín, að 2/3 í brunabótafjelagi hinna dönsku kaupstaða, en að 1/3 hefir Reykjavíkur kaupstaður sjálfur tekið að sjer ábyrgðina. Á öðrum stöðum verða menn þar á móti að leita til fjelaga í útlöndum, sem stjórnin getur ekki haft neitt eptirlit með. Þótt enn hafi eigi orðið tjón að þessu, þá er þó engin trygging fyrir því, af landsstjórnarinnar hálfu, að það geti ekki komið fyrir. Það er og eðlilegast, að landið sje sjálfstætt í þessu tilliti og þurfi ekki að sækja til annara. Því að það hefur bæði mikinn kostnað og umsvif í för með sjer, og vegna þess, að eptirlit vantar, verður ábyrgðargjaldið hærra en þörf er á. Það er kunnugt, að útlend fjelög taka jafnaðarlega 5 kr., og á sumum stöðum enda 7 1/2 kr. af hverjum 1000 krónum í virðingarverði húseigna hjer á landi, og er það hátt gjald og óaðgengilegt. Þetta kemur með fram af því, að hjer er ekkert eptirlit með bygging og viðhaldi húsa til að tryggja þau fyrir eldsvoða, og í annan stað vantar alstaðar nema í Reykjavík slökkvi-tól þau, sem nauðsynleg eru. En samt sem áður er brunahættan ekki meiri hjer en annarstaðar, og hefur það sínar eðlilegu orsakir. Það er vanalega svo hjer á landi, að ekki er nema ein eldstóin í sama húsinu. Við þetta verður hættan minni, og enn minnkar hún við það, að húsin eru bæði lítil á móts við hús í útlöndum og standa strjált. Það er og sýnilegur hagur að því, að brunabótagjald allt renni í innlendan sjóð, því að þá fer fjeð ekki burt og verður arðberandi í landinu.

Erlendis er það venjan, að auðmenn leggja saman og stofna vátryggingarsjóð og er það almennur gróðavegur. En nú eru farnar að heyrast raddir um, að nauðsynlegt þyki, að ríkisstjórnin hafi meira eptirlit með slíkum fjelögum. Hjer á landi eru engir þeir auðmenn, sem gætu komið slíku fyrirtæki á stofn, og er því ekki annars kostur, til þess að innlendur brunabóta-sjóður geti nú myndazt, en að löggjafarvaldið hlutist til um stofnun hans og landsstjórnin gangist að öllu fyrir framkvæmd þess fyrirtækis. Auðvitað hlýtur landssjóður að ábyrgjast, að brunabótasjóðurinn geti staðið í skilum. En mjer sýnist sú ábyrgð landssjóðs ekki geta orðið voðaleg frá neinni hlið. Því að það er óvíst, hvort nokkru sinni þyrfti á henni að halda. Það yrði því að eins, að stór bruni kæmi fyrir, áður en safnað væri í sjóðinn. En ef svo bæri undir, þá yrði landssjóður að hlaupa undir bagga eins fyrir það, þótt ekki væri það lögboðið. Ef t. d. kæmi upp stórkostlegur eldsvoði í einhverjum kaupstað eða verzlunarstað landsins, mundi naumast hægt að reisa hann úr rústum nema með því móti, að landssjóður eða einhver opinber stofnun lánaði fje til þess. En ábyrgð sú, sem hjer er um að ræða, er ekki fólgin í öðru en því, að landssjóður láni með vanalegum kjörum, en hann á að fá það fje endurgoldið. Frá sjónarmiði landsmanna, þeirra er skatt greiða í landssjóð, þarf ekkert að vera á móti þessu, því að þetta er almannahagur og alþjóðargagn. Þessa ábyrgð landssjóðs mætti einnig minnka með því, að kaupa endur-ábyrgð í útlendum fjelögum á einstökum stórhýsum eða ákveðnum hluta húseignanna í heild sinni, einkum fyrst í stað, meðan innlendi brunabótasjóðurinn væri eigi orðinn svo mikill, að hann álitist fulltryggjandi, en þess mundi að öllum líkindum ekki verða langt að bíða.

Viðvíkjandi fyrirkomulaginu finnst mjer stjórnin mætti vera einfaldari en

frumv. gjörir ráð fyrir. Mjer þætti eðlilegast, að bankastjórnin hefði hana á hendi, og ætti það einkum vel við með tilliti til ábyrgðarinnar, sem á landssjóði hvílir, þar sem starfsmenn landsbankans eru skipaðir af landsstjórninni og auk þess sitja í stjórn bankans tveir menn, sem kosnir eru af alþingi og eru að því leyti trúnaðarmenn þingsins.

Þá er enn að minnast á það atriði, hvort rjett sje, að gjöra það að lagaskyldu, að húseigendur í helztu kaupstöðum landsins tryggi hús sín í þessu fjelagi. Það held jeg sje alveg nauðsynlegt fyrst um sinn. Bæði mundi það flýta vexti sjóðsins stórum, og þar að auki hefur það einmitt mikla þýðing fyrir landssjóð vegna ábyrgðar þeirrar, sem honum er ætlað að bera. Þótt slík almenn ábyrgðar-skylda auðvitað hafi í för með sjer útgjöld fyrir hvern einstakan húseiganda, þá er það að minnsta kosti ekki ósanngjarnara en hver annar nauðsynlegur skattur, sem lagður er á með lögum í almenningsþarfir, og þó menn vilji líkja brunabótagjaldinu við skatt, þá er það einmitt einkennilegt við það fremur en önnur skyldugjöld, að það er lagt á í sjerstöku augnamiði, þeim einum til gagns, sem gjaldið greiða. Síðar mætti losa um þetta aptur, eins og átt hefur sjer stað í útlöndum, þegar það er komið í vana fyrir mönnum að tryggja eign sína á þennan hátt.

Viðvíkjandi undirbúningi málsins skal jeg geta þess, að það hefur mætt mótspyrnu að því er Reykjavík snertir, bæði frá bæjarstjórninni og í efri deild þingsins 1891. En jeg held að það sje ekki hyggilegt af Reykjavík, að vilja einangrast í þessu máli. En þó hún gengi undan, þá geta hinir kaupstaðirnir ásamt helztu verzlunarstöðum landsins byrjað upp á sitt eindæmi og látið Reykjavík sigla sinn eiginn sjó. Ísafjörður og Akureyri hafa ávallt verið málinu sinnandi. Á þinginu 1891 var það upplýst, að á bæjarstjórnarfundi á Ísafirði veturinn áður hefði því verið hreift, að koma upp innlendu brunabótafjelagi, og áhugi ýmsra málsmetandi manna þar í kaupstaðnum hefði verið svo mikill, að sumir hefðu enda viljað láta bæinn sjálfan ráðast í að koma á fót innbyrðis brunabóta-ábyrgð. Á Akureyri hefir mál þetta einkum verið tekið til ítarlegrar meðferðar, bæði í bæjarstjórninni og á almennum fundi bæjarbúa á næstliðnu vori, og voru menn þess fýsandi, að það fengi sem beztan framgang. Í Eyjafirði hefur og fjelag eitt, sem lætur mikið til sín taka um landsmál yfir höfuð, tekið þetta mál á dagskrá sína. Það er »Fundafjelag Eyfirðinga«, sem mörgum er að góðu kunnugt. Málinu hefur og verið hreift á þingmálafundum í ýmsum kjördæmum landsins og alstaðar fengið eindregin meðmæli.

Þetta mál er þess eðlis, að það er hægt að tefja fyrir því um stund, en ekki eyða því til fulls. Það hlýtur að ryðja sjer braut, og fyrir því vona jeg að sem flestir verði til að styðja það, bæði innan þings og utan.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg álít að hjer sje um mjög mikilsvert mál að ræða, sem vert sje að styðja á allan hátt. Þó slíkt brunabótafjelag, sem hjer um ræðir, hefði ekki verið stofnað fyr en Reykjavík gekk í útlend brunabótafjelög, þá ætti fjelagið nú stóran sjóð. Það eru hús á fleiri stöðum en í kaupstöðum, sem menn sjálfsagt vildu fá inn í fjelagið. Flest hús í öðrum verzlunarstöðum munu líka vera í eldsvoðatrygging annarsstaðar, svo það er afarmikið fje, sem fer út úr landinu á

þennan hátt. Það er vafalaust, að það skiptir þúsundum. Jeg sje því að hjer er um mikilvægt mál að ræða; en það er eitt sem jeg vildi hreifa og það er, hvort það fyrirkomulag, sem hjer er stungið upp á, muni vera hið eina rjetta. Ef ekki væri svona liðið á þingtímann, þá mundi jeg stinga hiklaust upp á nefnd í málinu.

Jeg álít jafnvel að rjettast sje að setja nefnd, þó málið ekki geti gengið fram á þessu þingi, því það getur orðið til að skýra málið og búa það undir næsta þing. Jeg skal því leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

Klemens Jónsson: Jeg hefi ekki mjög miklu að bæta við það, sem h. meðflutningsmaður minn að þessu máli tók fram, því til meðmælingar. Mjer er það kunnugt, að mönnum norðanlands er þetta mál mikið áhugamál. Það hefur verið tekið til rækilegrar íhugunar í bæjarstjórninni á Akureyri og Akureyrarbúar hafa mikinn áhuga á, að það fái framgang.

Málið kemur seint fram. Vegna fjárlaganna hefir ekki verið hægt að taka það á dagskrá fyr en nú. Ef nú á að fara að setja nefnd í málið, þá er það ekki til annars en að eyðileggja það; en þó málið geti ekki komizt út úr þinginu nú, þá getur það fengið góðan undirbúning til næsta þings með umræðum um það nú.

Jeg verð þess vegna algjörlega að mæla á móti nefndarkosningu, og það því fremur, sem þetta frumvarp um innlent brunabótafjelag er alveg samhljóða frumvarpinu, sem var fyrir síðasta þingi, eptir að nefnd hafði íhugað það og endurbætt það á þinginu, og var frumvarp þetta samþykkt hjer í deildinni með öllum þorra atkvæða. Ef nefnd verður ekki kosin, þá er ekki óhugsandi, að það geti gengið fram á þessu þingi; en þó er það, sem sagt, ekkert lífs-skilyrði, að það gangi fram nú, en lög um þetta efni er vonandi að við fáum innan skamms.

Forseti gjörði þá athugasemd, að ef nefnd yrði kosin í þetta mál, þá fengi það vafalaust ekki framgang á þessu þingi. Samt kvaðst hann mundu bera tillöguna um nefndarkosning undir atkvæði þingdeildarm.

ATKV.GR.: Nefnd felld með 14 : 5 atkv.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal ekki segja, hvort mönnum er þetta sjerlegt áhugamál eða ekki. Það er ef til vill sumstaðar áhugamál manna. Alstaðar er það ekki. Það skal jeg játa, að þetta er mikilvægt mál, en — það er líka vandasamt mál. Þó þessir menn, sem jeg annars hefi gottt traust á, hafi samið frumv., þá mun það þó ekki svo úr garði gert, að það þurfi ekki vandlegrar íhugunar við.

Fyrir hönd Reykjavíkur mótmæli jeg því, að þetta mál verði látið ná til hennar. Hinir kaupstaðirnir geta látið þingið setja sjer lög í þessu efni, ef þeir vilja; en Reykjavík getur ekki gengið að þeim.

Af því að ekki er að hugsa til, að málið geti, hvort sem er, fengið framgang á þessu þingi, þá get jeg eigi sjeð að það sje til nokkurs, að ræða það; en það hefði, ef til vill, verið rjett, að láta nefnd fjalla um það á þessu þingi, og þannig undirbúa það betur undir næsta þing. Með breyt.atkv. er hvort sem er ekki að hugsa til að laga frv. svo vel fari.

Þetta er sannarlegt vandamál, þar sem landssjóður á að ábyrgjast margar miljónir króna. Í Reykjavík einni eru hús í ábyrgð fyrir fullar 2 miljónir kr. Þegar svo önnur kaupstaðarhús bætast við, þá verður ábyrgðin ekki lítil. Auk þessa er gjald það, sem hjer er ákveðið, sett alveg út í bláinn. Vjer höfum

engar skýrslur að styðjast við um gjaldið. Annarstaðar hefir gjaldinu verið breytt optar en einu sinni eptir meðaltali skaðabótanna um nokkur ár. Það getum vjer ekki gert hjer.

Það þarf engan verulegan stórbruna, þegar um landið allt er að ræða, til þess að fjelagið geti engum sjóð safnað um langan tíma, og jafnvel eigi borgað tjón það, sem af bruna kann að hljótast, en það getur auðvitað orðið svo heppið að lítið eða ekkert brenni áður en all-stór sjóður hefir myndazt. En einmitt af því, að mjög illa getur farið, þá er mjög varhugavert að leggja út í að stofna hjer slíkt brunabótafjelag. Úr því fellt var að kjósa nú nefnd, greiði jeg atkv. á móti málinu. Jeg sje ekki, að það verði til annars en að eyða tímanum, að halda því lengra áfram á þessu þingi.

Þorlákur Guðmundsson: Þegar mál þetta kom fyrst fyrir þingið 1891, var jeg því meðmæltur, og jeg verð að vera því meðmæltur enn. Mig hefir allt af furðað á því, að mál þetta skyldi ekki vera komið til þingsins fyrir löngu, einmitt frá bæjarstjórn Reykjavíkur. Því þó það sje þýðingarmikið fyrir alla kaupstaði landsins og verzlunarstaði, virðist mjer það þýðingarmest fyrir Reykjavík. Mjer virðist að hún ætti ekki að senda árlega svona mikið fje út úr landinu til að tryggja með hús sín. Að hinu leytinu er jeg samdóma h. þm. Rvík. um, að hjer sje um vandasamt mál að ræða, þar sem landssjóður á að ábyrgjast stór-fje, og málið í öllu tilliti vandasamt. Þess vegna stóð jeg líka upp fyrir nefnd, enda er naumast tími til að málið geti gengið fram á þessu þingi hvort sem er. Því það má ganga að því vísu, að h. efri deild muni setja nefnd í því, er það kemur upp þangað, og tafarlaust getur það ekki fram gengið.

Einar Jónsson: Jeg vil lýsa því yfir, að jeg verð að vera á móti nefnd, ekki af því, að jeg álíti hana ónauðsynlega, heldur af því, að jeg vil, að málið komist fram, ef unnt er, á þessu þingi. Tíminn er orðinn svo stuttur, að nefnd hefði ekki einu sinni tíma til að íhuga málið. Hins vegar var málið rætt töluvert ítarlega á síðasta þingi, og í nefnd, sem þá var sett, voru valdir hinir hæfustu menn, sem völ var á, og vjer eigum varla völ á betri mönnum nú. Menn muna máske ekki, hverjir þeir voru, og vil jeg því nefna þá, það voru: Eiríkur Briem, Indriði Einarsson, Skúli Thoroddsen, Lárus Halldórsson og Sigurður Stefánsson. Kom nefndin fram með álit sitt 3. ágúst og hafði því góðan tíma til að íhuga málið. Síðan var það ásamt frumv. rætt í deildinni, svo málið er ekki óíhugað.

Jeg fyrir mitt leyti óska, að málið fái sem greiðastan gang gegnum þessa deild, svo það geti sem fyrst komizt til h. efri deildar.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um búnaðarskóla (C. 334); fyrri umr.

Framsögumaður (Einar Jónsson): Nefndarálitið í þessu máli er svo ítarlegt, að hafi h. þm. kynnt sjer það vel, þá þarf ekki að fara langt út í það. Það kom fram sú skoðun hjá h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) í umræðunum um fjárlögin, að landssjóður ætti helzt ekki að skipta sjer af búnaðarskólunum, af því að þeir væru einstakra hjeraða stofnanir, nema ef vera skyldi að hann legði fram fje til að koma þeim á fót. Hann hafði það einkum á móti fjárveitingunni, að stjórn skólanna væri ekki í höndum landsstjórnarinnar. Jeg sje ekki, að þessi skoðun hafi við gild rök að styðjast, því að þótt búnaðarskól-

arnir sjeu einstakra manna eða einstakra hjeraða stofnanir, geta þeir eigi að síður verið þarflegar stofnanir, sem vert sje að styrkja af landsfje, enda hefir þingið sýnt, að það er á þeirri skoðun. En það geta aptur á móti verið skiptar skoðanir um, hvernig búnaðarskólunum skuli haga, og hvort þeir eigi að vera einn, tveir eða fjórir, og það getur verið þingmál að ákveða þetta, er það veitir styrkinn til skólanna. Búnaðarmál landsins eru viðurkennd að vera þingmál, og þá eru búnaðarskólamálin það líka. Það hefir verið leitað álits manna út um land um það, hvort halda skyldi framvegis jafnmörgum búnaðarskólum og nú eru, eða fækka þeim, og það hefir orðið ofan á að hafa þá jafnmarga og þeir eru. Þó er þess að gæta, að álit manna hefir orðið mjög mismunandi. Sumir vilja hafa fjóra búnaðarskóla, aðrir tvo, og sumir að eins einn. Þeir sem vilja hafa búnaðarskólana tvo, eru þeir sem helzt geta gert sjer von um að þessir búnaðarskólar mundu verða í fjórðungi þeirra; en Austfirðingar og Vestfirðingar, sem minni von geta gert sjer um að halda búnaðarskólum í fjórðungum sínum, verði þeim fækkað, halda því fram, að búnaðarskólar skuli vera fjórir á landinu. Þetta sýnir að fjórðungarnir hafa tekið tryggð við búnaðarskóla sína; þeir eru farnir að sjá, að skólarnir bera árangur, og þykir sárt að missa þá, en svo hlýtur að verða, ef þeir fá engan styrk af almannafje. Amtsráðin hafa öll hallazt að því, að hafa búnaðarskólana fjóra, og nefndin sömuleiðis.

Þá er að tala um fyrirkomulag skólanna, og hvort ástæða sje til að breyta því. Nefndin hefir fundið til þess, að allmikil ósamkvæmni er í reglugjörðum skólanna, einkum að því er snertir inntökuskilyrði, kennslugreinir og burtfararpróf. Í Stjórnartíð. 1890 eru prentaðar reglugjörðir búnaðarskólanna á Hvanneyri og á Hólum; má þar sjá, að ýms ósamkvæmni er á reglugjörðum þessara tveggja skóla. Þannig er svo kveðið á í reglugjörðinni fyrir Hvanneyrarskóla, að á hann megi ekki ganga piltar yngri en 18 ára, nje eldri en 28 ára, en í reglugjörðinni fyrir Hólaskóla er að eins lægra aldurstakmarkinu haldið. Í reglugjörðinni fyrir Hvanneyrarskólann er það enn fremur gert að inntökuskilyrði, að nemandinn sje vel lesandi og nokkurn veginn skrifandi, og kunni að reikna fjórar höfuðgreinar í heilum tölum; en í reglugjörð Hólaskólans eru þau inntökuskilyrðin, að nemandinn sje vel læs og skrifandi, kunni 4 reikningsgreinir í heilum tölum og brotum, og beina þríliðu, riti íslenzku stórlýtalaust, skilji auðvelda dönsku á bók og hafi lært ágrip af landafræði. Það er því miklu auðveldara að komast á skólann á Hvanneyri en á Hólum, en af því leiðir aptur, að piltar þar geta vart tekið eins miklum framförum í undirstöðugreinum búfræðinnar eða búfræðisbóknáminu, eins og á Hólum.

Nefndin var annars á þeirri skoðun, að ekki væri ráðlegt að gera aðgangin að búfræðisnáminu eins auðveldan og gert er á Hvanneyri.

Um burtfararprófið er það að segja, að á Hvanneyri er í bóklegu gefnir 8 vitnisburðir, á Hólum 11 og á Eiðum 16. Þessu er að vísu eigi þannig háttað, að námsgreinarnar sjeu svona misjafnlega margar, heldur að þær eru meira eða minna flokkaðar saman undir 1 vitnisburð, en þessi ósamkvæmni virðist oss að ekki ætti að eiga sjer stað, og því er farið fram á það, að landshöfðingi hlutist til um, að reglugjörðir skólanna sjeu endurskoðaðar, og þær gerðar svo samkvæmar hvor ann-

ari sem hægt er, einkum að því er snertir inntökuskilyrði, námsgreinir og burtfararpróf.

Það virðist rjett, að alþingi sem leggur svo mikið fje til stofnana þessara hafi hönd í bagga með, hvernig kennslunni á þeim sje hagað. Nefndin hefir að vísu ekki hugsað sjer, að breytingin á skólanum geti komizt á þegar í stað. Hún hugsaði sjer, að fyrst leitaði landshöfðingi umsagnar búnaðarskólastjóranna um það, hvernig reglugjörðirnar skyldu vera, og gæti álit þeirra ekki orðið samhljóða, þá leitaði hann aðstoðar þeirra manna, er skyn bera á, til þess að semja reglugjörð fyrir búnaðarskólana, og legði svo þá reglugjörð aptur fyrir búnaðarskólastjórana, og ef viðunanleg samhljóðun gæti eigi fengizt á þann hátt, þá yrðu reglugjörðirnar lagðar aptur fyrir alþingi. Þá hefir nefndin og bent á það, að henni þættu verklegar æfingar verða um of út undan við búnaðarskólana um sumartímann. Vor og haust er veðurátt opt svo, einkum á Norðurlandi og Austurlandi, að lítið er hægt að vinna þá að jarðabótastörfum. Þetta sýndi sig bezt vorið 1892; þá var ekki stungufært fyr en í júlímánuði, eða svo var það á Eiðum. En miðkafla sumarsins er jafnan hægt að vinna að jarðabótastörfum, og þá ættu námssveinarnir að geta haft mikinn tíma til æfinga, því að æfing í verklegum störfum er auðvitað næsta nauðsynleg fyrir búfræðinga. Þegar reglugjörðir búnaðarskólanna yrðu endurskoðaðar, þyrfti því að sjá fyrir, að áherzla sje lögð á hið verkleg nám búfræðinganna, og nefndin hefir leytt sjer að koma með þá tillögu, að störfum sje þannig skipt með búfræðingaefnum, að að eins helmingur þeirra gangi að heyvinnu á sumrum, en hinn helmingurinn sje hafður við jarðabótavinnu. Ennfremur hefir nefndin komið með nýja tillögu, tillögu um það, að sjerstök deild sje stofnuð við búnaðarskólana og veran á þeim aukin um eitt ár. Í þessari deild ætlast nefndin til að einungis sje kennd gagnfræði. Það, sem vakti fyrir nefndinni með stofnun þessarar deildar, var einkum það, að á þann hátt gætu búfræðingaefnin gefið sig í tvö ár hjer um bil eingöngu við búfræðisnámi, og það áleit nefndin nauðsynlegt fyrir þá, til þess að geta náð nokkurri festu í náminu. En eins og nú hagar til, gengur mjög mikill tími frá sjálfu búfræðisnáminu til gagnfræðanáms, og dregur það að sjálfsögðu mjög úr búfræðisnáminu. Ef þessi sjerstaka deild yrði stofnuð við búnaðarskólana, mætti í henni ljúka af því gagnfræðanámi, sem búfræðingunum er nauðsynlegt; en það vakti líka fyrir nefndinni, að yrði þessi deild stofnuð, þá gæti hún líka haft þýðingu sem alþýðuskóli, því að hún gæti og tekið á móti piltum, sem ekki ætluðu að ganga á búnaðarskóla.

Það eru ýmsir menn, sem vilja afla sjer dálítillar meiri menntunar en þeir eiga kost á heima, en hafa máske ekki efni eða vilja á að ganga á hina eiginlegu gagnfræðaskóla; þessir piltar koma sjer svo fyrir einn og einn í stað í sveitum, þar sem kennslu er að fá; þetta verður bæði dýrara fyrir þá, og auk þess álít jeg þá fræðslu betri, sem þeir tá á skólunum en hjá einstökum mönnum; á skólunum venjast þeir á reglubundið nám, og líkindi er að þeir læri þar meira á einum vetri en á sveitabæjum, þar sem þeir optast koma sjer fyrir hjá embættismönnum, sem eru öðrum störfum háðir, og verða því að hafa kennsluna meira eða minna í hjáverkum. Það má hafa það móti þessari tillögu, að ofmikil aðsókn muni verða að gagnfræðadeildinni við búnaðarskólana, en það er hægt að fyrir-

byggja það með því að takmarka tölu þeirra, er aðgang geta fengið að þeim.

Eitt mælir enn með því að setja þessa gagnfræðadeild í samband við búnaðarskólana, og það er, að ungmenni þau, sem þangað leita, hljóta að sjá búnaðarframfarirnar á skólanum, og þannig getur vera þeirra í gagnfræðadeildinni óbeinlínis haft heillavænleg áhrif á þá sem bændur síðarmeir, þótt ekki gangi þeir gegnum gagnfræðadeildina.

Til þess að gjöra nemendum sem hægast fyrir að ganga í gegnum þessa deild, þar sem þeir eiga að borga fyrir sig, og til þess að skólanum verði eigi ofvaxið að sjá þeim fyrir fæði og þjónustu, þá má gjöra ráð fyrir að þeir leggi með sjer í skólabúið kindur og önnur matvæli, eða að þeir fæði sig sjálfir. Það mætti reyndar hafa það á móti þessu fyrirkomulagi, að fyrir suma búnaðarskólana yrði það svo erfitt að flytja að öll þau föng, er þyrftu, og getur verið, að nokkuð sje til í þessu, en þó er þess að gæta að skólinn á að fá borgun fyrir þessa auknu fyrirhöfn, og ekki sýnist ástæða til að ætla að það yrði svo erfitt fyrir skólastjórann, að hafa þessi brytastörf á hendi, að það sje nokkur frágangssök.

Svo er farið fram á, að til þess að fá inngöngu á búnaðarskólana hafi þeir sem þangað ætla að leita, orðið að ganga undir vorpróf í gagnfræðadeildinni. Með þessu er tvennt unnið. Það er stofnaður vísir til alþýðuskóla, og svo er með því trygging fengið fyrir því, að nemendur komi betur undirbúnir á búnaðarskólana en nú gjörist. Þá þyrftu þeir minna að tefja sig þar við gagnfræðanám en nú, og mundu því jafnvel geta tekið prófin fyr á vorin, og þannig byrjað fyr á hinum verklegu störfum, þegar það væri hægt.

Nefndin er einhuga á því, að allt þetta mundi bæta búnaðarskólana töluvert, án þess að auka mjög kostnaðinn til þeirra. Það er auðvitað, að nýjum kennara mundi þurfa að bæta við í gagnfræðadeildinni, en kennari mundi fást til að kenna það, sem þar þarf að kenna, er ekki mundi verða kröfuharðari en svo, að hann gjörði sig ánægðan með 200—400 kr. í laun. Aðalkostnaðurinn mundi liggja í því, að stækka yrði skólahúsin. Á Hólum er nú nýbúið að byggja stórt hús, og mun þar vera nóg húsrúm. Á Eiðum þarf nú að breyta húsum hvort sem er, og mætti þá taka tillit til þessarar breytingar. Sama mun vera að segja um skólann á Hvanneyri, að þar muni þurfa að byggja þótt þessi breyting komist ekki á.

Landshöfðingi: Jeg ætla ekki að fara út í hin einstöku atriði í nefndarálitinu. Framsögum. (E. J.) færði svo ítarleg rök fyrir þeim, að þess gerist ekki þörf. En það eru niðurlagsatriði nefndarinnar, sem jeg skal fara nokkrum orðum um.

Jeg vildi vekja athygli h. nefndar á því, hvernig eigi að koma því fram, sem nefndin þar gerir að aðalatriðum. Þar stendur meðal annars: »Alþingi skorar á landshöfðingja að gjöra ráðstafanir til o. s. frv.«. En má jeg spyrja: Hvaða vald hefir landshöfðingi til að gera þessar ráðstafanir? Ef landshöfðingi segði t. d. við búnaðarskólastjórann í Ólafsdal eða búnaðarskólanefndina á Hólum. þjer verðið að breyta reglugjörðunum, sem gjörðar hafa verið fyrir skóla yðar, — ætli þeir myndu ekki fljótt svara: Vjer viljum hafa reglugjörðirnar eins og þær eru? Í öðru lagi vill nefndin að landshöfðingi hafi eptirlit með því, að verkleg kennsla verði meiri á búnaðarskólunum. Það er ekki gaman að vita, hvernig nefndin hefir hugsað sjer, að landshöfðing-

gerði ráðstafanir í því efni. Ef landshöfðingi nú t. d. skrifaði amtsráðunum sem eigendum þriggja skólanna, og svo prívat-eiganda fjórða skólans, að þeir skyldu breyta þessu, hvernig á landshöfðingi þá að fara að, ef amtsráðin og búnaðarskólastjóri nú svara: Vjer viljum enga breytingu hafa á þessari kennslu, heldur hafa hana eins og hún er; vjer stöndum ekki undir hr. landshöfðingjanum. Og þessi breyting kemur því ver við, sem nefndin sjálf gjörir ráð fyrir, að afleiðingin verði sú, að þá þyrfti að auka styrkinn úr landssjóði að einum þriðjungi. En hver á gera það? Á það að vera landshöfðinginn? Hann hefir ekkert fje til umráða til þessa, því að í fjárlögum þessa þings er ekki einn eyrir ætlaður til þess.

Þá kemur þriðja tillaga nefndarinnar, að stofnuð sje sjerstök gagnfræðadeild við búnaðarskólana. Hvaða vald hefir landshöfðingi til að skipa eigendum búnaðarskólanna, að stofna þessar deildir? Jeg held að eina ráðið til þess að fá því framgengt hefði verið, að það skilyrði hefði verið sett í fjárlögunum, að styrkurinn til búnaðarskólanna yrði því að eins útborgaður, ef þeir hlýði hverri þeirri skipun, sem landshöfðingi setur þeim. En það geta víst orðið skiptar skoðanir um það, hvort það sje heppilegt, að fá landshöfðingjanum svo mikið vald í hendur; jeg fyrir mitt leyti óska ekki eptir því.

Jón Þórarinsson: Mjer lízt ekki á þessar tillögur h. nefndar, því að þær ganga í öfuga átt við þá stefnu, sem fylgt var í þessu máli á tveimur síðustu þingum. Nefndin vill halda fjórum búnaðarskólum föstum, þrátt fyrir það, þótt ýmsar raddir hafi heyrzt um það frá landsmönnum, að skólunum skyldi fækkað. Þar að auki fer nefndin fram á, að auka námið við þá, en það sýnist einmitt miða til að gera þá fastari en áður, og það er óhjákvæmilegt, að auka fjárframlagið til þeirra. Þeir verða landssjóði mun þyngri byrði en áður, en vinna þó ekki að öllu samlögðu meira gagn en áður. Því meira sem heimtað er að skólarnir kenni, því meira fje verður að sjálfsögðu að leggja til þeirra. Þó að gert sje ráð fyrir, að piltar borgi mat og þjónustu, þá verður kostnaðurinn ekki minni fyrir landssjóð; en þetta legg jeg þó ekki mikla áherzlu á. Aðalatriðið er, að nefndin vill halda föstum fjórum skólum, en því er jeg alveg mótfallinn, og af þeirri ástæðu greiði jeg atkvæði móti öllum tillögunum, því að mjer þykir sjálfsagt, að fækkað sje búnaðarskólum, enda er nú kostnaðurinn við þá farinn að vaxa mönnum í augum. Að vísu er kostnaðurinn við hvern einstakan skóla ekki svo mikill, en þegar þeir koma allir saman, þá er það mikið fje, sem til þeirra er lagt. Til þess að draga úr þessum kostnaði, þá er einmitt ráðið að hafa þá færri, og um leið er hægt að búa þá betur úr garði en ella.

Svo vildi jeg spyrja h. nefnd, hvaðan henni kemur heimild til að fara því fram, að skólunum sje haldið fjórum og þeim aukið verksvið. Hún skýrir sjálf svo frá, að einungis eitt kjördæmi vilji halda þeim öllum, en að öll önnur kjördæmi landsins óski ýmist að fækka þeim niður í 2 eða 1. Það er venjulegra, að taka hæfilegt tillit til yfirlýsts vilja hjeraðanna, en að ganga í berhögg við hann; en það virðist mjer h. nefnd hafa gert hjer.

Það er og ýmislegt fleira, sem jeg hefi á móti tillögum h. nefndar.

H. framsögumaður (E. J.) sagði, að reglugerðir búnaðarskólanna væru ekki í samræmi hver við aðra, og það er rjett. En fyrsta tillaga nefndarinnar til tekur ekki, hvort fylgja skuli al-

staðar hinu strangasta inntökuskilyrði eða hinu linasta, sem í þessum reglugjörðum er tilgreint; hún til tekur að eins, að skilyrði þessi eigi alstaðar að vera jöfn.

Jeg álít, að búnaðarskólarnir geti gert allt eins mikið gagn sem slíkir, þótt þar væri kennd allt að helmingi minni bókfræði en nú á sjer stað, að undanteknu því, er heyrir til búfræði námsins sjálfs. Mjer finnst, að gagnfræðakennslan eigi þar ekki heima, þótt hún í sjálfu sjer sje æskileg; en hana ætti heldur að kenna á sjerstökum skólum.

Þegar jeg sá orðið gagnfræði í tillögu h. nefndar, þá kom mjer það nokkuð kynlega fyrir sjónir, og datt í hug, að hún mundi nota það í annari merkingu en vanalega, því að þessu orði fylgdi engin skýring. Það sem piltar geta numið á hálfu ári er svo lítið, að það getur ekki heitið gagnfræði. En þó játa jeg það, að það getur verið betra en ekki neitt; en svo mikið er það ekki, að gerandi sje aukakostnaður fyrir þeirra hluta sakir.

Í einu orði sagt, þó að tillögur nefndarinnar yrðu samþykktar, þá gerði það enga breytingu til bóta á núverandi fyrirkomulagi búnaðarskólanna. En jeg vona, að margir meðal þingmanna muni og finna þá agnúa á þessum tillögum, að þær verði eigi samþykktar. Mjer finnst, eins og jeg tók fram, að nefndin hafi tekið ranga stefnu. Jeg vona því, að málið verði fellt að þessu sinni, svo að kjósendur geti látið eindregið álit sitt í ljósi fyrir næsta þing, því að jeg viðurkenni það, að tillögur þær, sem nú liggja fyrir, fara nokkuð á víð og dreif.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla í fám orðum að lýsa meiningu minni á þessu máli. Mjer finnst h. nefnd hafi ekki komizt að heppilegri niðurstöðu í málinu, og eins og sjá má á áliti nefndarinnar hafa komið fram 3 skoðanir í þessu máli hjá sýslunefndunum víðsvegar um land viðvíkjandi búnaðarskólunum, og er það athugavert. Fyrsti flokkurinn, sem er 6 sýslunefndir, vill að eins hafa einn vísindalegan búnaðarskóla á landinu, og fyrirmyndarbú í sambandi við hann. Annar flokkurinn, sem eru 8 sýslunefndir, vill hafa tvo búnaðarskóla, og þriðji flokkurinn, sem eru 6 sýslunefndir, vill hafa þá fjóra, eins og nú er. Þegar nú er litið á þetta, þá er auðsætt, að það eru 14 sýslunefndir, sem leggja það til, að fækka skólum þessum að minnsta kost um 2, því þær sýslunefndir, sem vilja að eins hafa einn vísindalegan búnaðarskóla, mundu eflaust heldur vilja hafa þá tvo heldur en fjóra. Þar á móti eru að eins 6 sýslunefndir, sem leggja það til, að hafa sinn búnaðarskóla í hverju amti, eins og nú er. Svo það kemur í ljós, að það er meira en $^2/_3$ hlutar sýslunefndanna í landinu, sem ræður til að fækka búnaðarskólunum, og þar eð þetta eru amtsskólar, en ekki landskólar, hafa sýslunefndirnar mikið atkvæði hjer um, og jeg vil segja mest atkvæði í þessu máli.

Jeg er ekki á því, að þingið fari að blanda sjer í þetta mál með því að gera þessa 4 skóla að landsskólum, sem eru einmitt amtsskólar, fyrst með því að auka verksvið þeirra og þar af leiðandi kostnaðinn við þá, og síðan með því, að leggja yfirstjórn þeirra undir landsstjórnina. Jeg álít það mjög varhugavart fyrir þingið, að blanda sjer í ráðahag eða stjórn þessara skóla, þar sem hún heyrir undir sýslunefndirnar og amtsráðin; af því mundi leiða, að meira og meira fje þyrfti að leggja til

þeirra úr landssjóði, og þingið gjörði sjer að nokkurs konar skyldu að leggja til meira fjé, eptir því sem þarfir þeirra og kröfur útheimta. Það eru, sem sagt, rúmir tveir þriðju partar sýslunefnda á landinu á móti því að halda öllum þessum búnaðarskólum við líði; því skyldi þá þingið vilja taka fram fyrir hendurnar á öllum þessum sýslunefndum með því koll af kolli að leggja stórfje til allra þessara skóla? Jeg er orðinn sannfærður um, að 1 vísindalegur skóli með hæfilega mörgum fyrirmyndarbúum, t. d. 1 eða 2 í hverri sýslu, gerir meira gagn en 4 samskonar skólar þeim sem eru, en jeg vil ekki leggja þessum fyrirmyndarbúum fje árlega, heldur að eins til að stofna þau, og síðan ættu þau að geta borið sig sjálf. Á þessum fyrirmyndarbúum mætti sýna hið verklega, sem stæði í sambandi við hina vísindalegu kennslu á landskólanum, og þessi fyrirmyndarbú yrðu fyrir hvers manns auga í hjeruðunum til góðs eptirdæmis. Ef vjer hefðum á þenna hátt 1 vísindalegan háskóla á landinu, þá kæmu menn af honum til að standa fyrir þessum fyrirmyndarbúum, sem hlytu að vera vel að sjer í vísindalegu tilliti. Jeg er mjög á móti niðurlagsatriðunum hjá h. nefnd, og furða mig á, að hún skyldi ekki komast að annari niðurstöðu.

Jeg ræð til, að málið sje látið bíða að þessu sinni, úr því ekki er útlit fyrir, að það geti fengið heppilega niðurstöðu.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Jeg vildi mega spyrja þá h. þm., sem vilja láta fækka búnaðarskólunum, hvort þingið á að skipa fyrir að leggja skólana niður? eða hvort þingið á að styrkja suma þeirra en ekki suma? Mjer er það ekki ljóst, hvaða veg þeir vilja kjósa, en hygg þó, að þeir muni vilja afnema styrkinn til sumra skólanna. En hverja skólana á að styrkja? Hvert hjerað heldur eðlilega fram sínum skóla. Þingið getur auðvitað sett skilyrði fyrir styrk þeim, er það veitir skólunum af landsfje, og þá stefnu finnst mjer það ætti að taka; en jeg sje ekki, hvernig það ætti að fara að leggja þá niður.

Framsögumaður (Einar Jónsson): Það er óheppilegt fyrir mál þetta, að hæstv. landshöfðingi skuli þannig taka undir það; en samt sem áður sje jeg ekki, að það sje eins óframkvæmanlegt og hann álítur. Það er þá fyrst að tala um það, hvort þingið vilji eiga þátt í fyrirkomulagi skólanna, og jeg þykist vera viss um það, úr því það veitir fje til þeirra; en til þess að framkvæma þetta, sá nefndin ekki annað ráð en að snúa sjer til hæstv. landshöfðingja, sem hefir hið æðsta framkvæmdarvald hjer á landi.

Hæstv. landshöfðingi sagði, að ef hann færi því fram við forstjóra búnaðarskólans í Ólafsdal, að breyta reglugjörð þess skóla, þá mundi hann ekki taka því nærri, þar sem hann ætti hann sjálfur; hann væri einstaks manns eign, en hinir væru eign einstakra fjelaga.

Jeg tók það fram áðan, að hæstv. landshöfðingi fengi álit skólastjóranna um reglugjörðirnar, sem síðan mætti leggja fyrir næsta þing; því nefndin ætlast ekki til, að þetta fari fram á þessu fjárhagstímabili fremur en verða vill, og að því er 2. till. snertir, þá sá nefndin sömuleiðis ekki annað ráð en að snúa sjer til hæstv. landshöfðingja.

Jeg skil ekki, að þeir 3 skólar, sem sveitarfjelögin eiga, mundu ekki verða fúsir á að breyta reglugjörð sinni, til að auka hið verklega nám, því að mjer er kunnugt, að þeir sem mestan hug hafa á framförum skólanna, óska einmitt, að þetta komist á. Auðvitað verður að auka tillagið úr landssjóði, sje hið verklega nám aukið, því að það

veldur sjerstökum kostnaði fyrir skólana, en þingið getur sett skilyrði fyrir þeim styrk, er það veitir.

Það mun að vísu máske eiga nokkuð langt í land, að stofnaðar verði 3 deildir í skólunum, en sje það álit þingsins, að heppilegt sje að gjöra það, þá rekur það á eptir búnaðarskólastjórnunum, að koma þeim á. Það mætti fresta byggingum og öðrum kostnaði við skólana, þangað til það væri komið í kring.

Þegar mál þetta fór frá nefndinni, var það meiningin, að það yrði á undan fjárlögunum, en það fórst fyrir, og var það óheppilegt vegna styrks þess, er skólarnir áttu að fá eptir hennar tilætlun. Það hefur nú reyndar verið aukinn styrkurinn til tveggja skólanna, en nefndin ætlaðist til, að hann væri einnig aukinn til Hvanneyrarskólans, enda var farið fram á það við umræðurnar um fjárlögin, en eins og kunnugt er fjell það, mest sökum þess, að ekki höfðu komið skýrslur eða fjárbænir beinlínis frá skólastjórninni.

Jeg get ekki fallizt á það, sem h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) sagði, að hann vildi ekki auka við hið bóklega nám á þann hátt, sem hjer er farið fram á, og jeg sje ekki heldur, að þessi kennsla, sem fram ætti að fara í 1. deild skólanna, verði svo lítilfjörleg, að hún geti ekki heitið gagnfræðiskennsla. Inntökuskilyrðin í þá deild ættu að vera hin vanalegu fermingar-skilyrði, og nemendur þannig að hafa lært skript og reikning að nokkru, og námið yrði fólgið í því, að halda áfram með skript og reikning, bæta svo við rjettritun, landafræði, söguágripi, dönsku o. s. frv., og þetta veit jeg ekki betur en kallað sje gagnfræði, svo þetta er alls ekkert villandi orð.

H. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) lagði áherzlu á, að nefndin hefði komizt að skakkri niðurstöðu. Höfuð-atriðið er mið-tillaga nefndarinnar, nefnilega að auka verklega námið, og í sambandi við það er 1. tillagan um samhljóðun reglugjörðanna, sjer í lagi um inntökuskilyrðin, nefnilega að þau sjeu nokkuð harðari, svo að hægt sje að draga til munar við hið verklega.

H. sami þingmaður minntist á, að það væri ekki heppilegt, að hafa 4 búnaðarskóla, heldur ætti að hafa einn vísindalegan búnaðarskóla með fyrirmyndar-búum, en jeg efast um, að það yrði farsælla eða kostnaðar minna. Jeg held þvert á móti, að það yrði kostnaðar meira. Það hafa verið leidd glögg rök að því, sjerstaklega af forstöðumanni Ólafsdalsskólans, að það mundi verða heppilegra að hafa skólana 4, og jeg er alveg samþykkur hans röksemdum, sem mönnum munu kunnar.

Sje það meiningin að hafa ekki nema 1 skóla, en gjöra hina skólana að fyrirmyndar-búum, þá sje jeg ekki, hvað unnið er við það, eins og hjer hagar til.

ATKV.GR.: Inngangsorð tillagannа: »Alþingi ályktar, að fela landshöfðingja á hendur« o. s. frv., samþykkt með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson	Klemens Jónsson
Björn Bjarnarson	Bogi Melsted
Björn Sigfússon	Guðl. Guðmundss.
Jón Jakobsson	H. Kr. Friðriksson
J. J. þm. A.-Sk.	Jens Pálsson
J. J. 2. þm. Eyf.	Jón Þórarinsson
Jón Þorkelsson	Sigfús Árnason
Ólafur Briem	Sighv. Árnason
Sig. Gunnarsson	Þórarinn Böðvarss.
Skúli Thoroddsen	Þórður Guðmundss.
Þorl. Guðmundss.	

Benidikt Kristjánsson greiddi eigi

atkvæði og var því talinn með meiri hlutanum.

1. till. nefnd. samþ. með 13 samhljóða atkv.; 2. till. nefnd. samþykkt með 13 samhlj. atkv.; 3. till. nefnd. felld með 14 : 6 atkv.

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til síðari umræðu með 13 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um styrkveitingar til búnaðarfjelaga (C. 337); fyrri umr.

Framsögumaður (*Björn Bjarnarson*): Eins og háttv. þingdeild er kunnugt, hefur að undanförnu verið veittur styrkur til búnaðarfjelaga, og í hitt hið fyrra voru samdar reglur um, hvernig honum skyldi útbýtt. Sumum hefur þótt ýmislegt athugavert við reglur þessar, og hefir nú búnaðarmálanefndin, sem svo er nefnd, gjört dálitlar breytingar á þeim.

Það er almennt viðurkennt, að búnaðarfjelögin hafi átt verulegan þátt í þeim framförum, sem orðið hafa í búnaði hjer á landi, þó þær sjeu ekki eins miklar og menn vildu óska; enda má ekki búast við stórum stigum í neinu hjá svo fámennri og kraptlítilli þjóð. Þau eru því þess verð, að hlynnt sje að þeim.

Framkvæmdir búnaðartjelaganna fara nú óðum í vöxt og hafa þegar umskapað margt í búnaðar-háttum manna. Það er mikilsvert, þó eigi sje nema að þeim blettum, sem taldir hafa verið ræktaðir, nefnilega túnum og engjum, sje komið í það ástand, að þeir geti með rjettu talizt ræktað land, og þetta er ekki á svo litlu framfara-stigi, sem sjálfsagt er að nokkru leyti því að þakka, að þingið styður fjelögin með fjárveitingum.

Nefndin viðurkennir þessar framkvæmdir búnaðarfjelaganna og leggur því til, ekki að eins að þau fengju hinn sama styrk og áður, heldur að styrkurinn væri aukinn framvegis; en deildin vildi ekki fallast á þá tillögu eins og sýndi sig við meðferð fjárlaga frumvarpsins hjer á dögunum; en samt sem áður vænti jeg, að tillaga þessi, finni náð fyrir augum deildarinnar.

Nefndin hefur komið með nokkrar breytingar á reglunum fyrir styrkveitingunni eins og þær voru samdar í hitt hið fyrra, og hún hefur líka samið sýnishorn af skýrslum, sem gjört er ráð fyrir, að styrkur verði veittur eptir. Sýnishorn þessi er að skoða sem bending frá nefndinni um það, hvernig hún hugsaði sjer skýrslurnar, en verið getur, að landshöfðingi, sem ætlazt er til, að gefi þær út, geti notið að ráða þeirra manna, sem sjái betra lag á þeim, og að hann því breyti þeim í einhverjum atriðum.

Jeg þarf að benda á, að í byrjun 3. tölul. er prentvilla, þar sem stendur: »skýrslunum« fyrir: »styrknum«.

Viðvíkjandi úthlutun styrksins skal jeg sjerstaklega benda á það, að þar sem samkvæmt 3. gr. í skilyrðunum, borinni saman við aðra málsgrein 2. greinar, er gjört ráð fyrir, að 1/5 hluti styrksins gangi til þeirra fjelaga, er leggja stund á framför í fjenaðarrækt o. s. frv., og gefa fullnægjandi skýrslur um það, þá er þetta að vísu nýmæli, en nefndin lítur svo á, að framfarir í þessum greinum landbúnaðarins sjeu skilyrði fyrir því, að grasræktin komi að fullum notum, og sje þetta því engu síður áríðandi en þær jarðabætur, er hana efla.

Hæstv. landshöfðingi hreifði því fyrir skömmu, að skýrslurnar frá búnaðarfjelögunum gætu gefið bendingu um, hvernig styrknum hefði verið varið að undanförnu. Nefndin hefur í hyggju,

að athuga þetta nákvæmar til síðari umræðu.

Jeg get ekki búizt við neinni mótspyrnu móti þessu máli, og fer því ekki um það fleiri orðum, fyr en jeg heyri, hvort menn hafa nokkuð að athuga við það.

Sighvatur Árnason: Jeg er yfir höfuð samþykkur nefndarálitinu, en vil til athugunar fyrir hina h. nefnd að eins geta um einn eða tvo liði í reglu þeirri, sem liggja á til grundvallar þegar lagt er í dagsverk. Það er þá fyrst um tölulið 2, þar sem talað er um, hvað mikið eigi að leggja í dagsverk af einhlöðnum grjótgarði í samanburði við tvíhlaðinn grjótgarð. Það er sitt hvað með sömu fyrirhöfn að ná efni að sjer að hlaða 2 faðma af einhlöðnum grjótgarði eða $1^1/_2$ faðmur af tvíhlöðnum garði, að öllum kringumstæðum jöfnum. Jeg álít, að þegar þetta er borið saman, þá megi að minnsta kosti 3 faðmar af einhlöðnum garði leggjast til móts við $1^1/_2$ faðm af tvíhlöðnum, því þess ber einnig að gæta, að í tvíhlaðinn garð er svo langt um meira varið til endingar eða frambúðar. Þann garð, sem einhlaðinn er, þarf ávallt að gera við á hverju ári, nema því betra grjót sje til staðar. Þetta er ekki stór athugasemd, en jeg álít þó, að hún ætti að takast til greina. Að öðru leyti hef jeg frá mínu sjónarmiði ekki ástæðu til þess að athuga meira, sem veruleg þörf sje að taka til greina.

Viðvíkjandi vatnsveitingaskurðunum, þá finnst mjer heldur mikið lagt í þau dagsverk á móts við annað, þegar þess er gætt, að þetta er mjög illt verk, bæði hraknings- og þreytuverk. Það er líka ljettara dagsverk, að mínu áliti, sem ákveðið er við þúfnasljettun en við matjurtareiti.

Jeg hef h. nefnd til athugar tekið þessi 4 atriði fram, en jeg legg minni áherzlu á hin 2 síðasttöldu, heldur legg jeg aðaláherzluna á hið fyrst talda, því munurinn á verkinu á ein- og tvíhlöðnum garði er mjög mikill, og á varanlegleikanum engu minni.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að gera stutta athugasemd. Í skilyrðunum fyrir styrkveitingunni til búnaðarfjelaga, 2. tölulið, er sagt, að styrkbeiðslunni skuli fylgja skýrsla um heyafla og ástand búpenings, í því formi, sem landshöfðingi býr til. Jeg verð að skoða þetta sýnishorn, sem nefndin hefir komið fram með, sem það form, er skýrslurnar eiga að fara eptir, og eptir því mætti setja í skilyrðin: »Eptir því sýnishorni, er hjer fylgir með«. Jeg hef ekkert vit á að setja reglur fyrir skýrslum um það, hvernig heyja-ástandi manna er varið, eða hvernig farið er með fjenað í hinu og þessu hjer aði landsins, og yrði því eingöngu að fara eptir því, sem nefndin hefir búið til, og er þá einlægast að segja, að skýrslurnar skuli samdar eptir því. Jeg ætlaði að eins að skjóta því til nefndarinnar, hvort hún hefði nokkuð á móti þessu.

Framsögumaður (*Björn Bjarnarson*): Jeg er hæstv. landshöfðingja þakklátur fyrir bendingar hans, og gjöri ráð fyrir, að nefndin verði fús á að taka þær til greina. Jeg held, að ekkert frá hennar hlið geti verið því til fyrirstöðu, að orðunum viðvíkjandi skýrsluformunum sje þannig breytt, úr því honum finnst það betur fara.

H. 2. þm. Rvell. (Sighv. Á.) minntist á það, sem lagt væri í dagsverk af grjótgörðum. Jeg skal benda á það út af þessum samanburði hans á einhlöðnum og tvíhlöðnum grjótgarði, að það er að gjöra ráð fyrir, að skoðunarmenn tæki ekki aðra garða upp í skýrslurnar en

þá, sem eru vel af hendi leystir. Ef hann á að vera vel af hendi leystur, verður grjótið að vera valið, ef það er ekki tilhöggvið; annars hrynur hann á hæla þeim sem hleður. En vandlega gjörður einhlaðinn garður úr höggnu grjóti eða vel völdu er betri en tvíhlaðinn, því sá garður getur ekki klofnað.

Af þessum ástæðum var það, að nefndin ákvað dagsverkið þannig; hún áleit einhlaðinn garð, þannig lagaðan, eins góðan og tvíhlaðinn garð; eins er optast erfiðara að afla efnis í slíkan garð, og hvað teningsmálinu viðvíkur, þá er það ekki tiltölulega svo miklu meira í tvíhlöðnum en einhlöðnum garði, og því ekki hálfu meira verk á honum.

Jeg er ekki á móti því, að ef til vill sje nokkuð lítið lagt í dagsverkið af þúfnasljettun, en þess ber að gæta, að það er varanlegt verk og einhver hin þarflegasta jarðabót. Annars er mjer þetta ekkert kappsmál; og í jöfnu hlutfalli við aðrar jarðabætur mætti ef til vill leggja 11—12 □ faðma af þúfnasljettun í dagsverkið. En nefndin hefir haft það fyrir augum, að sumstaðar er þetta mjög miklum erfiðleikum bundið, t. d. þar sem grætt er út tún úr skriðum eða mjög grýttum jarðvegi eða seigum mýrum, og þá geta stundum 5—6 □ faðmar verið nóg dagsverk. Jeg skal játa það, að vinna að vatnsveitingaskurðum er opt erfið, og getur verið fullhátt, að leggja það í dagsverk, sem gjört er ráð fyrir, en að þeim eru yfir höfuð ekki eins mikil not, og í annan stað er þeim víða illa haldið við, og því hefir nefndin verið þyngri á metunum við þá.

Sighvatur Árnason: Jeg játa það, að þúfnasljettun er einhver hin þarfasta jarðabót, enda lagði jeg enga áherzlu á að breyta því, en það hvarf úr huga mínum áðan, að minnast á sýnishorn 2 í nefndarálitinu, þar sem talað er um að setja vigt á sauðfje í skýrsluna. Það getur verið gott að gefa skýrslu um meðferð og ástand sauðfjenaðar, en að vigta hverja einustu kind, það er ofætlun og allt of mikil fyrirhöfn. (*Bj. Bjarnarson*: Meðalkind er nóg). En það mætti nú má ske laga þetta á einhvern hátt.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: Jeg var að biðja um orðið til þess að gjöra afsökun mína, að færa ástæðu fyrir því, hvers vegna jeg get ekki gefið þessu atkvæði mitt til síðari umr., nema því að eins, að gjörðar verði ýmsar breytingar. Jeg hefði gjört þær þegar við þessa umræðu; en jeg fjekk ekki tækifæri til, að lesa þingsályktunartillöguna, fyrr en nú á síðustu stundu, en við það, og svo líka þær umræður, sem orðið hafa nú um málið, hefir það skýrzt svo fyrir mjer, að jeg sje margt athugavert við það, og að það ætti því að breyta því að ýmsu leyti.

Það er sjálfsagt með þessar fjárskoðanir og heyskoðanir, að þær geta gjört gagn á sumum stöðum, en þó eigi það gagn, að ástæða sje til, að leggja fram fje að eins til að koma því á, að fjár- og heyskoðun sje gjörð, eins og farið er fram á. Jeg fæ ekki betur sjeð en að hvert fjelag sem fyllir út skýrsluformið og sendir til landshöfðingja, það hafi rjett til að fá styrk; jafnvel þó að einkunnirnar í einkunnadálkunum sjeu laklegar, þá hefir það þar fyrir jafnrjetti við það fjelag, sem allt er í bezta lagi hjá.

Það getur verið gott að stuðla að því að skoðanir komizt á, en að gefa fje fyrir skoðunina eina, hversu ómerkilegt sem allt er, það get jeg ekki fellt mig við. Jeg vildi því helzt, að nú væri fellt allt í burtu, sem snertir þessar hey- og fjárskoðanir, að minnsta kosti

þangað til betri regla er fundin fyrir úthlutun styrksins, hvað þetta snertir.

Þá kem jeg að hinu; þar finnst mjer, eins og líka hefir verið bent á, mikið vanta til þess að sanngjarnlega sje lagt í dagsverk. Jeg vil taka t. d. ein hlaðinn og tvíhlaðinn garð. Jeg þekki til sumstaðar, þar sem gott laust hraungrýti er við hendina, að þar má hlaða 5—10 já allt upp að 20 faðma einhlaðinn garð á dag. (*Nokkrir*: Svo!). Já, jeg get ekki skilið að það mætti ekki hlaða 20 faðma garð úr brunahraungrýti, sem liggur laust; það er undir öllum kringumstæðum mjög fljótlegt að hlaða úr því. En að gjöra ekki meiri en ½ faðms mun á einhlöðnum og tvíhlöðnum garði, finnst mjer fjarstæða. Hvað torfgarðana snertir, þá kann það að vera nokkur ástæða til, að leggja töluvert meir af þeim í dagsverk en grjótgarði, en hitt finnst mjer ekki rjett að leggja alla torfgarða að jöfnu. Jeg veit þó ekki betur en torfgarður þó ekki sje hærri en 3 fet með góðum varnarskurði, geti mikið vel varið ágangi, og ef hann er hafður þykkur svo geti gróið upp, þá getur hann staðið miklu lengur en þessir háu garðar, sem eru svo þunnir, að þeir blása upp og endast þar af leiðandi mjög illa. Það sem mest hefir verið fundið að reglunum frá 1891, að minnsta kosti þar sem jeg þekki til, er það, að að eins er talað um hæðina, og því er mjög mikið af góðum varnargörðum í Þingeyjarsýslu, sem ekki er hægt að taka upp í skýrsluna, vegna þess, að þeir hafa ekki nægilega hæð. Jeg skil ekki annað en að það sje meira umvert, að hafa garðana þykkri. Torfgarðar sem eru þunnir þorna í gegn, og geta aldrei haldið til lengdar. (*H. Kr. Fr.*: Það ætti alls ekki að hafa torfgarða!). H. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) vill alls ekki hafa torfgarða; það er mikið gott, en það eru einstaka jarðir, já, jeg held heil byggðarlög jafnvel, sem ekki hafa grjót í landareigninni, sízt svo að það verði haft í garða. Enda geta torfgirðingar verið mjög góðar. Lágir þykkir garðar með trjágirðingu eða vírgirðing ofan á eru einhverjir hinir beztu varnargarðar. Í skýrsluforminu er gjört ráð fyrir að leggja skurði í dagsverk eptir teningsmáli; því má ekki sama gilda um torfgarða? Sem sagt, jeg álít óheppilegt að *geta* ekkert fyrir góða, lága torfgarða, en þar á móti fyrir ónýta garða ef þeir eru svo eða svo háir, sem hrynja strax. (*B. B.*: Þeir eru þá ekki vel gjörðir!). Jú, þeir geta verið vel gjörðir, sljettir og felldir, en af því þeir eru skakkt lagðir bera þeir í sjer rótina til þess, að geta ekki orðið að notum.

Hvað skurðina snertir þá skil jeg ekki þessi orðatiltæki: 2-stungnir og 3-stungnir; jeg þykist reyndar á sambandinu sjá hvað meint er, það munu vera meintar stungur, en hversu löng er þá hver stunga? um það sjest ekkert í nefndarálitinu.

Jeg vil alvarlega leggja til að breytt verði þessu torfgarðamáli nefndarinnar, hæðin ekki ákveðin meir en 3—4 fet, og þykktina ættu búfræðingarnir að vera færir um að ákveða.

Þorlákur Guðmundsson: Það má lengi deila um það, hvort meira verk sje, að hlaða 2 faðma að einhlöðnum garði eða 1½ at tvíhlöðnum, því það er mikið komið undir atvikum með grjótið á hverjum stað. Jeg verð að vera samdóma framsögum. (B. B.) um það, að einhlöðnu garðarnir sjeu beztir, ef þeir eru vel gjörðir og úr góðu efni, stóru grjóti. Mjer þótti h. 2. þm. Eyf. (J. J.) leggja nokkuð ríflega í, þar sem hann talaði um að hlaða mætti 20 faðma á dag; en þess verður að gæta

að það var ekki meining nefndarinnar að leggja þannig í dagsverk, eins og verið væri að hnitmiða til launa, heldur hitt, að tryggja að ekki væri oflítið lagt í dagsverk, svo menn gætu fengið styrk þó lítið verk væri unnið, og hvort nefndinni hefir tekizt það eða ekki, skal jeg ekki fella neinn dóm um, enda má lengi þræta um það. Hvað ákvæðið í 2. gr. snertir, þá er jeg, og víst nefndin í heild sinni, landshöfðingja þakklátur fyrir bendingar hans, og vill gjöra breytingar í þá átt, því að við settum þetta ákvæði meðfram af því, að við vildum ekki ganga framhjá hæstv. landshöfðingja, þar sem hann er sá sem á að úthluta styrknum, en það er meining nefndarinnar að miða verkið við skýrsluformið, sem hjer er stungið upp á, eða hjer með fylgir. Þetta er að minnsta kosti mitt álit.

Framsögumaður (*Björn Bjarnarson*): Jeg skal reyna að vera fáorður.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) kom með þá athugasemd, út af tillögum nefndarinnar hvað skýrsluformið nr. 2 snertir, að hann sæi ekki annað en öllum fjelögum væri gjört jafnt undir höfði, hvort sem skýrslan bæri með sjer að meðferð þeirra á heyjum og fjenaði væri ill eða góð. Jeg vil fyrst leyfa mjer að benda á, að það er að eins lítill hluti styrksins, sem lagt er til að skipt sje þannig, og það getur eigi verið meiningin, þegar byrjað er að koma þessum skoðunum á, að ætlast til þess, að allt sje í bezta lagi. Maður verður því að hafa ástandið fyrir augum eins og það er, og jeg skal játa það fúslega, að það er meining okkar, að þessi styrkur sje að eins til þess að koma skoðunum á, en þær gefa aptur aðhald og siðferðislega hvöt til þess að vanda aðbúnað á heyjum og fjenaðarhús sem bezt, og til að leggja stund á batnandi fjárrækt og fjenaðarmeðferð. Það er mikið varið í að njóta ráða og leiðbeininga hæfustu manna í þeirri grein í hverri sveit; það hlýtur að hafa góð áhrif, er fram líða stundir, og jeg vona því að menn sjái, að full ástæða er til, að veita þenna litla fjárstyrk því til stuðnings, að þetta komist á. Þetta miðar þó til að styðja framför annars aðalbjargræðisvegar landsmanna.

H. sami þm. (J. J.) talaði um, að sum ákvæðin um, hvernig leggja skuli í dagsverk, eigi ekki við allsstaðar; sjerstaklega tilnefndi hann garðana, bæði grjótgarða og torfgarða; jeg skal fúslega játa, að svo kunni að vera, en nefndin sá sjer ekki fært að elta allar þær tilbreytingar, sem stafað geta af hinum ýmsu landsháttum, enda ber þess að gæta, að sýslunefndin á að velja mann, sem ætla má að hafi vit á, hvað bezt hentar í hverju hjeraði, og hann á að taka upp í skýrslu sína þær jarðabætur, sem hann álítur vel gjörðar og til gagns megi koma, og leggja þær í dagsverk, og þá virðist ekki ástæða til að ímynda sjer, að hann muni taka aðra garða en þá sem vel eru gjörðir. Í Þingeyjarsýslu eða öðrum þurrviðrasömum hjeruðum mundi því ekki talinn vel af hendi leystur torfgarður, sem væri svo þunnur, að hann óðara skrælnaði, og því hryndi svo að segja á hæla þess sem byggði.

Annars mun nefndin taka fegins hendi hverri skynsamlegri bendingu, sem hún fær frá h. 2. þm. Eyf. (J. J.) og öðrum, og mun fúslega taka þær til yfirvegunar og laga sig eptir þeim.

Þórður Guðmundsson: Jeg skal ekki teygja umræðurnar. Það, að jeg tek til máls er, að eins af þeirri ástæðu, að jeg er ekki samdóma h. 2. þm. Eyf. (J. J.) um það, að oflítið sje í lagt, að ætla manni að hlaða fjóra faðma af torfgarði á dag. Það getur ekki verið garður forsvaranlega hlaðinn í forar-

blautri mýri, sem maður hleður yfir 4 faðma. En viðvíkjandi skýrsluformi nr. 2, þá er jeg hræddur um, að þó fje yrði lagt til þess að koma á svo felldum skoðunum eins og skýrsluformið nr. 2 sýna, þá verði þær að eins á pappírnum, enda er hjer ætlazt til, að þær sjeu svo nákvæmar, að jeg álít skoðanamál, hvort þær svari kostnaði. Það kann vel að vera, að þær sjeu til gagns, en í byrjuninni þá mega reglurnar að minnsta kosti ekki vera svo flóknar, að þær geri skoðanirnar nær því óframkvæmilegar.

ATKVÆÐAGR.: Till. á þingskj. 234 samþ. með 14 samhlj. atkv.; 1. skilyrði samþ. með 14 samhlj. atkv.; 2. skilyrði fyrri liður samþ. með 14 samhlj. atkv.; 2. skilyrði síðari liður fellt með 10 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
Einar Jónsson	Klemens Jónsson
B. Kristjánsson	Bogi Melsted
Björn Bjarnarson	Guðl. Guðmundss.
Björn Sigfússon	H. Kr. Friðriksson
Jón Jakobsson	Jens Pálsson
J. Jónss. þm. A.-Sk.	J. Jónss. þm. Eyf.
Olafur Briem	Jón Þorkelsson
Sig. Gunnarsson	Sigfús Árnason
Þór. Böðvarsson	Sighv. Arnason
Þorl. Guðmundss.	Þ. Guðmundsson

3. skilyrði samþ. með 12 samhlj. atkv.; 1. regla (C. 338) samþ. með 15 samhlj. atkv.; 2. regla samþ. með 12 samhlj. atkv.

Málinu vísað til síðari umr. með 16 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um áætlun við kostnað við steinhúsbyggingu fyrir söfnin (C. 467); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþ. í einu hlj.

Fertugasti fundur, miðvikudaginn 16. ág. kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um kirkjur (C. 519, 522, 527); 3. umr.

Framsögumaður (*Þórarinn Böðvarsson*): Jeg vil fara nokkrum orðum um breyt.till. þær (C. 527), er nefndin hefir komið fram með til 3. og síðustu umr. þessa máls.

Það er þá fyrst, að aptan við 4. gr. bætist: »enda sje það verð eigi hærra en gangverð á gjalddaga«. Þetta var sem sje fellt úr frumv. við 2. umr., en meiri hluti nefndarinnar getur samt ekki fallizt á, að þetta megi falla burt. Jeg fyrir mitt leyti hjelt, að það mundi litlu skipta; en úr því að sama ákvæði stendur í núgildandi lögum um gjöld þau er greiða skal í landssjóð, þá get jeg ekki betur sjeð en rjett sje að taka það líka upp í þessi lög.

Þar næst kemur sú breyt.till., að síðari málsgrein 7. gr. um bændakirkjurnar sje felld burtu; en hún er tekin upp á öðrum stað, með litlum orðabreytingum.

Þá er 3. breyt.till. Nefndinni hefir þótt rjett, að bætt sje þeim viðauka við 11. gr., að það sje að eins þær kirkjur, er greiða gjöld sín í hinn sameiginlega kirkjusjóð, er gjalda skuli fyrir þetta 10 króna gjald fyrir kirkjuskoðun. Þetta ákvæði átti við frumv., eins og það fyrst kom fram, því þá var ætlazt til, að lögin næðu yfir allar kirkjur í landinu. En nú ná þau að eins yfir safnaðarkirkjur og ljenskirkjur. Þótti nefndinni rjettast, að bændakirkjurnar gyldu kirkjuskoðun eptir hinum núgildandi visitazíulögum þangað til þær gengju inn í hinn almenna kirkjusjóð. En það er álit mitt, að margar þeirra eða flestar muni innan skamms ganga inn í hann.

Þá kemur sú till. að 14. gr. verði 15. gr. og leiðir það af sjálfu sjer, úr því einni gr. hefir verið bætt inn í.

Þá kemur 6. tölul., um að 15. gr. falli burt. Það getur vel verið, að lögin verði búin að öðlast gildi á þeim tíma, sem þar er tiltekinn, og getur verið, að svo verði ekki; en miklu getur ekki skakkað. Það skiptir ekki miklu, því það getur ekki verið um annað að ræða en legkaup þau, er goldin verða frá þeim tíma, nefnilega 1. jan. 1894, þangað til lögin öðlast gildi, og sá tími verður að líkindum ekki langur.

Þá kemur breyt.till. frá 6 h. þm. á þingskj. 438. Fer sú till. fram á, að innheimtumaður fái 8% í innheimtulaun í staðinn fyrir 6%. Jeg álít þetta eigi skipta verulega miklu, en er því engan veginn mótfallinn, heldur þvert á móti. Þetta er meðalvegur milli 6% sem áður var, og 10%, sem það er eptir núgildandi lögum.

Það er ljóst, að innheimtulaun verða hærri; en jeg fyrir mitt leyti sje ekki eptir þeim. Það yrði einmitt fleiri söfnuðum hvöt til þess, að feta í fótspor þeirra safnaða, er þegar hafa að sjer tekið kirkjur sínar. Að minnsta kosti verða þessi innheimtulaun aldrei nein *stórkostleg útgjöld fyrir kirkju*sjóðinn. Sje jeg nú að svo stöddu ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um málið.

Sighvatur Árnason: Jeg vil enn á ný leyfa mjer að fara nokkrum orðum um frumv. þetta, og þá sjerstaklega 1. breyt.till. á þingskjali 445, sem er risin upp aptur, eptir að sama ákvæði hefur verið drepið fyrir stuttu af meiri hluta h. deildar. Mjer virðist það hart, að beita slíku við h. deild. Hví er nú nefndin að reyna að smeygja inn þessum fleyg, sem að mínu áliti gjörir ekkert annað en »skemma« frumv.? Það eru einmitt fátæklingarnir, sem þetta kemur niður á; þeir hafa ekki peninga og verða því að borga með þeim eyri, sem fyrir hendi er. Hvað á að gjöra með verðlagsskrá, ef ekki er farið eptir henni með opinber gjöld? Það er þá nær af má hana alveg. Mjer liggur við að kalla þetta siðspillandi ákvæði í lögum. Það gefur innheimtumönnum hvöt til að beita ásælni. Og þessi ásælni kemur niður á hinum fátækari, sem ekki hafa peninga, og verða því að grípa til þess, sem er hendi nær, til þess að láta í gjöld sín. Mjer fyrir mitt leyti þykir slæmt, að menn skuli vera að berjast fyrir jafnóvinsælu atriði í lögum, sem þetta mundi verða. Því að, það er auðsjeð, að þegar ágreiningur verður milli gjaldanda og gjaldtaka um gangverð á vörutegundum, þá vill gjaldandi hafa verðið sem hæst, en gjaldtaki sem lægst. Gjaldandi tekur dæmi upp á, að svo og svo mikið sje gefið fyrir vöruna, og gjaldtaki tekur líka dæmi sjer í hag, og getur mikill ágreiningur spunnizt út úr því.

Jeg vil taka til dæmis, að gjaldandi komi með smjör, er hann vill borga með gjald sitt til kirkju. Setjum nú svo, að verðlagsskrárverðið sje 60 aurar, eins og vanalegt er. Gjaldheimtumaður segir þá dæmi upp á 55 aura verð á smjöri. Gjaldandi nefnir þá dæmi upp á 65 aura eða jafnvel 70, eins og opt er hjer í Reykjavík.

Hver á nú að skera úr þessu í sveitum, þar sem ekki er eins hægt að leita rjettar síns, eins og í kaupstöðunum? Það verður eflaust úr, að gjaldtaki ræður og gjaldandi verður að lúta í lægra haldinu, eins og optast fylgir fátæktinni. En þegar gjaldtaki semur reikninginn, þá verður verðlagsskráin góð og gild til að miða verðið við á þessum smjörpundum, þó hann geti

selt pundið 5 til 10 aurum dýrara en hann tók það af gjaldanda.

Áður en jeg sezt niður, vil jeg bæta við fám orðum viðvíkjandi 11. grein. Jeg bjóst við að öðru vísi löguð breytingartill. mundi koma frá nefndinni en hjer liggur fyrir. Eptir ákvæðum þessarar 11. gr., sem er um laun prófasta fyrir kirknavisitazíu, ber þeim hið sama gjald, hvort sem þeir visitera kirkjuna ekki, og hvort sem þeir sýna það í verkinu, að þeim sje annt um barnafræðsluna eða ekki. Þessi gjöld verður mikil byrði á kirknasjóðnum, einkum þegar menn gjöra ráð fyrir, að sem flestir kirkjueigendur gangi inn á, að leggja gjöld kirkjunnar í hinn almenna sjóð.

Jeg tek til dæmis Austur-Skaptafells, Vestur-Skaptafells, Árness og Rangárvallaprófastsdæmi. Í þessum 4 prófastsdæmum til samans munu vera um 60 kirkjur. Þá yrði borgunin til prófasta 600 krónur, sem á að skiptast milli þessara 4 prófasta. Taki maður þetta nú sem hlutfallslegt dæmi fyrir öll prófastsdæmi á landinu og margfaldi maður með 5, þá verður þetta gjald til samans 3000 krónur á ári úr kirkjusjóðnum, og það er sannarlega álitlegt gjald og ekki lítil útgjöld fyrir kirkjusjóðinn. (*Þ. B.*: Það er ekki meir en nú er!). Jú, því margir prófastar framkvæma ekki slíkt nema annaðhvort ár.

Jens Pálsson: Jeg finn hjá mjer hvöt til þess, að láta til mín heyra um þetta mikilvæga mál, áður en það nú gengur til atkvæða. Jeg hefi sjálfur haft á hendi reikningshald og kirkjuhald í 20 ár, og þekki því þá annmarka, sem hafa verið og eru á kirkjuhaldi og fjárhaldi kirkna, og finnst mjer þeir vera miklir og margir. Þetta frumv., sem nú liggur fyrir, hefur að minu áliti inni að halda mjög mikilvægar og heppilegar bætur á þeim vandkvæðum, sem hafa átt sjer stað í þessu efni. Því að meðan það helzt, að kirkjugjöld eru sumstaðar í 7 gjaldtegundum, en allsstaðar í 5, og meðan hver tegund hefur sinn sjerstaka gjalddaga, svo að þeir menn, sem eiga að gjalda, vita alls ekki, hvenær þeir eiga að gjalda hvert gjaldið fyrir sig, þá verður þetta allt saman óeðlilegt, ruglingslegt og mjög erfitt viðureignar. Á þessu er ráðin hin bezta bót með frumv. þessu. En það sem gjörir frumv. bezt í minum augum er það, að það er sannfæring mín, að það sje rjett princip, sem hjer er fylgt, það, að gjaldið sje persónulegt.

Í annan stað eru ákvæði þessa frumvarps líkleg til þess, að bæta úr hinu hrörlega ástandi kirkna. Það er sannarlega þörf á því, og jeg er sannfærður um, að það mun hafa mikla þýðingu fyrir guðsþjónustuna og trúarlíf manna yfir höfuð.

Jeg er því flutningsmanni þessa máls mjög þakklátur fyrir, að hann hefur komið fram með þetta frumv., og þeim mönnum, sem hjálpað hafa til, að koma frumv. í það form, sem það nú hefur, og má með sanni segja, að það er gott og mjög vel vandað að öllu leyti. Sumir hafa látið í ljósi áhyggju út af þessum almenna kirkjusjóði. Jeg get með engu móti tekið undir með þeim mönnum. Jeg álít þvert á móti, að þetta sje gott snjallræði til þess, að unnið verði af krapti í sameiningu, — til þess, segi jeg, að sameina hina tvístruðu og veiku fjárkrapta einstakra kirkna í einn sterkan fjárkrapt, er með magni sínu geti verkað sterkt og stöðugt.

Það voru þessi almennu orð, sem jeg vildi tala um frumvarp þetta, og jeg

vil enda á því, að lýsa yfir því, að það er ósk mín og von, að það verði samþykkt, því að þetta er mjög gagnlegt, og jeg vil segja bráðnauðsynlegt frumv.

Björn Bjarnarson: Jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þetta mál, áður en það hjer í deildinni gengur til atkvæða að síðustu. Jeg þykist þurfa að lýsa afstöðu minni til málsins, þótt jeg hafi verið í nefndinni, sem um það hefir fjallað, og naín mitt standi undir nefndarálitinu án ágreiningsatkvæðis.

Þetta er mjög viðtækt mál, máske hið viðtækasta, sem þingið hefir haft til meðferðar að þessu sinni, því að það tekur beinlínis til hvers mannsbarns á landinu, og er það því ekki um skör fram, þótt það sje íhugað sem rækilegast.

Því hefir verið haldið fram, að mál þetta hafi notið mikils undirbúnings. Það hefir verið sagt, að það hafi legið fyrir hjeraðsfundum út um land til umsagnar; en þá mun það raunar hafa verið í allt öðru formi en nú, svo þetta mál verður varla sagt að hafi fengið undirbúning í hjeruðum. Áður en það kom inn á þing, hafði nefnd af úrvalsmönnum kirkjunnar hjer á landi, kosin af synodus, málið til meðferðar. Frv. það, er lagt var fyrir þingið, hafði þessi synodusnefnd samið eptir beztu vitund; hefir þó nefnd sú, er þingið skipaði í málinu, fundið ástæðu til að gjöra allmiklar breytingar á frumvarpinu. Jeg hef ekki gert ágreiningsatkvæði í nefndinni, þótt jeg ekki væri samþykkur stefnu þeirri, er nefndin tók í málinu. Jeg tók það fram í nefndinni, að jeg vildi láta málið bíða, svo það yrði rannsakað betur, og áleit jeg tiltækilegast, að skipuð yrði nefnd milli þinga til að undirbúa það til næsta þings. En jeg fann brátt, í hvaða »elementi« jeg var staddur, þegar jeg kom í þessa nefnd, og sá, að mínar skoðanir á kirkjumálum mundu fá þar lítinn byr. Á hinn bóginn sá jeg, að með því að setja mig í spor þjóðkirkjunnar, og skoða málið frá hennar sjónarmiði og fylgja með gjörðum meðnefndarmanna minna, mundi jeg fremur geta haft einhver áhrif á starf nefndarinnar. Jeg skal þakksamlega játa, að h. meðnefndarmenn mínir hafi verið góðir samvinnumenn, svo jeg hefi enga ástæðu til óánægju í því tilliti, enda hefi jeg verið hinn auðsveipnasti, svo það var engin ástæða til annars. Þrátt fyrir það, að jeg hefi þannig fylgt nefndinni hingað til, þá verður það »hingað en ekki lengra«.

Af því jeg áleit, að mál þetta þyrfti að skoðast sem allra bezt, þótti mjer áríðandi, að unnið væri að því með rólegri samvinnu. Mjer þótti því ráðlegast, að láta málið ganga gegnum allar umræður hjer í deildinni, án þess að hleypa keppni í það, með því að koma fram með tillögur í aðra stefnu.

Jeg vil líkja frumv. þessu við hempu eða stakk — ef jeg mætti leyfa mjer að tala í eptirlíkingum — stakk, sem nær manni frá hvirfli til ilja, þar sem þjóðin er líkami sá, er stakknum á að steypa yfir. Hann er sniðinn upp og þræddur saman hvað eptir annað, og þess á milli borinn við deildina sem nokkurs konar »model«, til að sjá, hvernig hann »passar«. Synodusnefndin hafði í fyrstu sniðið stakk þenna og þrætt hann saman. Nefndinni, sem þingdeildin setti, líkaði þetta snið alls ekki; hún spretti honum því í sundur, sneið hann upp, svo hann varð eins og annað fat; með þessu nýja sniði þingnefndarinnar var hann síðan borinn við formið, deildina; kom þá brátt í ljós, að hann fjell ekki við alla hluta hennar. Mismiðin voru svo auðsæ, að sniddarinn, hinn ötuli og kappsami formælandi málsins,

flutningsmaður frv., formaður og framsögumaður nefndarinnar, h. varaforseti (Þór. B.) sá ekki annað fært, en að þrífa hann til sín undan umræðunum, fara með hann heim hið bráðasta, spretta honum enn og sníða af honum misfellurnar. Og jeg var enn svo auðsveipur, að jeg tók þátt í þessu starfi, og lagði mína krapta fram til þess, að það yrði sem bezt af hendi leyst. Enn er hinn uppsniðni stakkur þræddur saman og borinn við deildina á ný í framhaldi 2. umræðu, og koma þá enn nýjar misfellur í ljós. Og enn sezt hin eljusama nefnd við að laga hann, og nú berum vjer hann við í endurhættu sniði. Jeg skal ekki segja neitt um það, hvort hann fellur nú vel við deildina eða ekki, en það fullyrði jeg, að ef steypa á yfir þjóðina stakki þessum saumuðan í þessu formi, sem hann nú hefir fengið, þá er það eins og að færa mann í nýtt fat, sem aldrei hefir verið borið við hann meðan það var í sniðunum.

Jeg álít það ekki rjett, að leiða málið til lykta nú á þessu þingi; mundi rjettara að gefa þjóðinni kost á að íhuga það, safnaðarstjórnarvöldunum að segja álit sitt um það þangað til þing kemur saman næst, og það því fremur, sem þess mun ekki langt að bíða. Því hefir verið barið við áður, að ekki mundi til neins að bera mál þetta undir hjeraðsfundi og sóknarnefndir, af því að skoðanir manna mundu verða svo margvíslegar. En nú liggur málið allt öðruvísi fyrir en þegar það fyrst var hafið. Nú er búið að ræða það svo gott sem í 5 umræðum hjer í deildinni og marglagfæra frv., og það verð jeg að segja, að það er miklu aðgengilegra fyrir söfnuðina nú, og hægra að átta sig á því, heldur en að koma fram með tillögur um það óundirbúið. Þeir þurfa nú ekki annað en segja já eða nei, segja hvort þeir vilja, að frumv. þannig lagað verði að lögum eða ekki, eða þá í hverjum atriðum því ætti að breyta.

Af því að jeg lít svona á málið, hefi jeg fylgt nefndinni að verki, og mun enn greiða atkvæði með breyt.till. hennar, af því að jeg hefi, eins og jeg sagði áðan, reynt að setja mig í spor þjóðkirkjunnar. En úr því jeg er hjer staddur á þeim eina stað í landinu, þar sem manni er frjálst að láta meiningu sína í ljósi, þá get jeg lýst því yfir, að jeg er ekki í mörgu samþykkur skoðunum þjóðkirkjunnar, en hallast fremur að fríkirkjustefnunni, og jeg óska og vona, að kirkjan á Íslandi verði innan skamms frjálst og sjálfstætt fjelag. Jeg álít raunar ekki fjarri því, að með frv. þessu sje stigið spor í þá áttina, en það stig er ekki svo verulegt, að jeg fyrir það álíti ástæðu til, að samþykkja frv. nú.

Af ástæðum þeim, sem jeg nú hefi talið, mun jeg, þegar gengið verður til atkvæða um frumv. í heild sinni, greiða atkvæði á móti því, af því að jeg álít það vissast, úr því að jeg vil, að málið gangi ekki í gegn um þingið. Nú er orðið áliðið þingtímans og má vart búast við, að tími verði til fyrir h. efri deild að taka málið til ýtarlegrar meðferðar. Ef vel væri, þyrfti að setja nefnd í það þar líka, og þá mundi það daga uppi. En ef kapp væri á lagt, mundi mega láta það ganga í gegn óbreytt og án nákvæmari skoðunar, og álít jeg það engan veginn æskilegt. Jeg mun því í þetta skiptið greiða atkvæði móti frumv., og jeg skora á alla þá h. þingdm., sem unna frjálsri yfirvegun safnaðanna í þessu máli, að fylgja þessu mínu lofsverða dæmi. Jeg vona, að meiri hluti h. deildar aðhyllist þessa skoðun á málinu og láti það ekki fara lengra. Að síðustu vil jeg taka það enn skýrt fram, að af því jeg er málinu hlynntur, hefi jeg viljað láta það

ganga sem allra lengst í deildinni, svo það fengi sem beztan undirbúning.

Þórður Guðmundsson: Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál nú, nje heldur um breytingartill. þá á þingskj. 438, sem jeg hefi skrifað undir og það því síður, sem h. framsögum. (Þ. B.) hefur lýst því yfir, að nefndin mundi geta aðhyllzt þessa breyt.till.

Jeg hefi áður látið í ljósi álit mitt á málinu yfir höfuð að tala og get því komizt hjá að tala frekar um það. En jeg skal með fáum orðum snúa mjer að breytingartill. Jeg held að inn. heimtumenn kirkjuteknanna væru ekki ofhaldnir af því, þótt þeir fengi 10% í innheimtulaun, eins og tíðast mun hafa verið hingað til, hvað þá heldur ef þeir fá ekki meira en 8% af tekjunum, eins og farið er fram á í breyt.till.

Jeg hefi áður bent á, hve hart það væri, að svipta einstakar jarðir því tíundarfrelsi, sem þær hafa áður haft. H. framsögumaður (Þ. B.) sagði, að svo væri ekki, en það hefur hann ekki sannað, því þó að jarðirnar ekki sjeu sviptar þessum rjetti, þá eru mennirnir sviptir honum.

Annars er mál þetta svo mikið vandamál, að það er mjög mikill vafi á því, hvort heppilegt sje að samþykkja það nú á þessu þingi. Nefndin hefir breytt frumv. hvað eptir annað, og sýnir það bezt, hvílíkt vandamál þetta er. Jeg get þess vegna ekki lagt út í að gefa þessu máli atkvæði mitt, þó jeg verði að játa, að það í mörgu falli miði til góðs. Jeg vil leyfa þjóðinni sjáltri að segja álit sitt í þessu vandamáli.

Jeg get ekki verið samdóma h. þm. Dal. (J. P.) um, að ekki sje ástæða til að vera hræddur við hinn almenna kirkjusjóð. Jeg er þvert á móti á því, að menn geti haft ástæður til að efast um, að það fyrirkomulag fari vel, enda er búið að marg-benda á gallana á fyrirkomulagi þessa sameiginlega kirkju sjóðs.

Jeg vil ekki leiða mig í þann vanda, að gefa því atkvæði mitt, eins og það er nú úr garði gjört í heild sinni.

Sigurður Gunnarsson: Við hinar fyrri umræður hafa margir h. þingdeildarm. orðið til þess, að mæla frumv. þessu mjög mikla bót. Þeir hafa lýst því yfir, að það hefði í sjer fólgna mjög mikla kosti, en enginn hefur þó tekið kosti frumv. eins greinilega fram eins og hæstv. landshöfðingi. Að vísu hafa einnig komið fram nokkur mótmæli gegn frumv., sjer í lagi frá h. 2. þm. Eyf. (J. J.), en honum get jeg þó verið þakklátur, því á mótmælum hans hefir málið mjög mikið grætt.

Þegar jeg aptur lít til mótmæla h. meðnefndarmanns míns, h. þm. Borgf. (B. B.), þá verð jeg að taka mjer í munn það, sem menn svo opt hafa yfir, að svo »bregðast krosstrje sem önnur trje«. Jeg hefi einatt orðið þess var, að nefndarmenn, sem hefur greint á við meiri hluta nefndar, hafa vikið í ýmsu frá settri stefnu, en aldrei hefi jeg vitað til, að nefndarmaður, sem ekkert ágreiningsatriði hefur gjört gagnvart meðnefndarmönnum sínum, hafi farið eins greinilega í hring eins og h. þm. Borgf. (B. B.) hefur gjört í þessu máli. Honum fórust svo orð í ræðu sinni, að hann hefði fljótt fundið, í hvaða »elementi« hann var, þar sem nefndin var, og hann vildi gefa í skyn, að hann hefði ekki kunnað við sig í þessu »elementi« eða jafnvel verið feiminn í þessu »elementi«. Hann fór mörgum orðum það, að hann hefði hugsað svo margt í þessari nefnd; hann hefði nú hugsað þetta og þetta. En úr því hann ekki ljet þessa hugsun sína í ljósi í nefndinni, þá á það naumast við, að láta hana í ljósi nú á þessu stigi málsins. Annars þarf jeg ekki að svara þessum

h. þm. neinu, því hann fór ekkert út í málið, nema þar sem hann var að líkja því við stakk, sem svo opt hefði verið breytt. Jeg sje ekki að það eigi að verða málinu til forátttu, að nefndin hefur tekið öllum skynsamlegum bendingum, sem fram hafa komið við málið, sjer í lagi þar, sem þær hafa verið til bóta.

Jeg skal nú ekki fara út í frumv. sjálft, því það hefur þegar verið gjört all-rækilega af mörgum h. þingdeildarmönnum. Jeg skal að eins taka það fram út af þeim orðum h. 1. þm. Rangv. (Þórð. Guðm.), að hann væri hræddur við fyrirkomulag hins sameiginlega kirkjusjóðs, að jeg heyrði hann ekki færa neinar sennilegar ástæður fyrir þessari skoðun sinni.

Við hinar fyrri umræður þessa máls ljetu og ýmsir h. þingdeildarm. í ljósi, að hinn fyrirhugaði sameiginlegi kirkjusjóður mundi ekki geta borið öll þau gjöld, sem á honum ættu að hvíla og úr honum þyrfti að greiða. Mig minnir h. þm. Mýram. (B. Kr.) kæmist svo að orði, að »kærleiks-faðmur þessa sjóðs mundi ekki geta sinnt öllum, sem í hann vildu komast«. Jeg sje þó ekki betur, en að í frumv. sje svo um hnútana búið, að sjóðnum þurfi ekki að vera nein hætta búin. Eitt af því, sem jeg sje, að þetta fyrirkomulag muni hafa í för með sjer, er einmitt sparnaður á kirknafje. Bygging kirkna mun eptir þessu fyrirkomulagi fara fram eptir ákveðnara og hentugra »plani« en áður og sparnaður verður mikill við það, að gjöra má innkaup fyrir fleiri kirkjur í senn, og með því, að fá má betri kaup á öllu efni en nú er hægt að fá, með því að vísa má á víst fje til að greiða með það, sem kaupa þarf.

Það er kunnugt, að efnahagur kirkna hefur verið og er mjög misjafn og fjárhald og efnahagur bæði presta og annara einnig mjög misjafnt, svo þegar þurft hefur að byggja kirkju, hefur orðið að taka lán til byggingarinnar. Lánið er þá vanalega tekið hjá kaupmönnum, sem láta allt til byggingarinnar með uppskrúfuðu verði. Af þessu vona jeg að sjáist, til hve mikils sparnaðar þetta fyrirkomulag leiði.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið, en vona, að h. þingdeildarmönnum, sem hingað til hafa verið málinu hlynntir, hafi ekki snúizt svo hugur af ræðum hinna tveggja h. þingdeildarm., sem nú hafa talað á móti málinu, sjer í lagi af ræðu h. meðnefndarmanns míns, að þeir nú greiði atkvæði á móti frumv.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg minntist dálítið á þetta mál við 1. umr. þess, en var ekki svo heppinn að geta talað frekar um það við 2. umr., með því að umræðurnar voru þá skornar niður, eins og of mjög tíðkast í þessari h. þingd. Jeg verð þess vegna nú að minnast dálítið á fáein atriði málsins.

Jeg minntist á það við 1. umr., að flutningur á efni til kirkjubyggingar og önnur skylduvinna gæti orðið afar-dýr sjóðnum. H. framsögum. (Þ. B.) andmælti þessari skoðun minni við 2. umr. og áleit þennan kostnað ekki hættulegan, þar eð allir reikningar hlytu að liggja undir samþykki og úrskurð kirkjustjórnarinnar, sem mundi setja þá reikninga niður, sem henni þættu of háir.

Jeg ímynda mjer þó að menn vinni þessi verk eptir samningum, en þeir reikningar, sem byggðir eru á samningum, verða þó ekki færðir niður. Nú er eitt af tvennu. Annaðhvort verður sóknarnefnd eða prestur, sem sjer um bygginguna, að semja við einhvern í sókninni um flutning á efni til kirkju þeirrar, er gjöra skal við eða byggja, eða ef ekki gengur saman með

þeim, þá að bjóða vinnuna upp og leggja boðin síðan fyrir hjeraðsnefnd, prófast og biskup. Hvernig eiga þessi kirkjuvöld þá að fara að, ef þeim þykir of mikið heimtað fyrir vinnuna? Þau geta ekki skyldað neinn til að vinna að flutningnum fyrir minna en menn vilja ganga að af frjálsum vilja. Þau verða því að sæta því boði, sem þau geta fengið lægst, og reikninginn fyrir vinnuna geta þau svo ekki sett niður eptir að verkið er unnið. Það verða að vera samningar, þegar enginn er skyldugur að vinna.

Jeg mundi þó ekki leggja mikla áherzlu á þetta atriði, ef jeg að eins sæi, að hinn sameiginlegi kirkjusjóður þyldi öll þessi útgjöld; en það er jeg hræddur um að hann þoli ekki. Sumir eru nú samt ekkert hræddir um þetta, enda legg jeg, sem sagt, ekki alla áherzluna á þetta atriði. Jeg legg aðaláherzluna á fyrirkomulag hins sameiginlega kirkjusjóðs og finnst gamla setningin gilda um hann, að menn taki frá einni kirkjunni og leggi til hinnar, að öllum hlutaðeigendum fornspurðum. Kirkju, sem er í stórskuld og verður því ekki byggð upp af sínu eigin fje, verður þá að byggja af fje annara kirkna. Jeg veit mjer verður svarað því, að allar kirkjur skuli byggja af hinum sameiginlega kirkjusjóð; jú, rjett, en bara eins og yfirstjórn sjóðsins sjálfri þóknast.

Jeg get ekki skoðað þennan sameiginlega kirkjusjóð eins og sumir, sem einhvern bjartan hnött, sem engan skugga beri á, því frá mínu sjónarmiði eru margir dimmir hnettir, sem sveima í kringum þessa björtu plánetu, og sem slá skuggarákum á hinn bjarta hnött.

Jeg skal taka dæmi af tveimur kirkjum, sem nýlega er búið að byggja. Önnur er kirkjan á Torfastöðum í Árnessýslu; hún var mest byggð af gjöfum einstakra manna. Þannig gaf einn maður 500 kr., annar 300 kr. o. s. frv. að mjer er sagt. Þessi kirkja komst þannig upp skuldlaust eða skuldlítið. Á sama tíma er Kálfatjarnarkirkja í Gullbringusýslu byggð; hún mun nú í skórskuld eptir bygginguna, enda veit jeg ekki til að neitt verulegt hafi verið gefið til hennar. Nú fer Torfastaðakirkja þegar að safna í sjóð, en allt, sem inn kemur til Kálfatjarnarkirkju í mörg ár, gengur til að borga skuld þá, sem hún er komin í við bygginguna, en Torfastaðakirkja fer að safna af sínum litlu tekjum, og mætti svo á líta, að hennar fje gengi til að borga með skuld hinnar. Þannig er það ekki lítill ójöfnuður, ef allar kirkjur eiga að hafa jafna hlutdeild í hinum sameiginlega sjóði. En þeir sem til kirkju gjalda eiga ekki neitt atkvæði um, hvernig kirkjan er byggð, þegar þess þarf.

Jeg er hræddur um, að þetta fyrirkomulag valdi almennri óánægju, ef það verður að lögum. Sóknarnefndirnar hafa hreint ekkert vald yfir kirkjusjóðnum, og jeg veit ekki hvort þær eiga að fá nokkurn eyri fyrir starfa sinn, t. d. umsjón með kirkjubyggingum. Það verður ekki sjeð af frumvarpinu; það verður að vera undir náð yfirstjórnarinnar.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið. Jeg hefi viljað gjöra þessar fáu athugasemdir áður en því verður ráðið til lykta hjer í deildinn. En jeg verð að endingu að lýsa því yfir, að jeg get nú ekki gefið því atkvæði mitt.

H. Kr. Friðriksson: Jeg var kosinn í nefnd í þessu máli, og jeg verð að segja alveg hið gagnstæða því, sem h. þm. Borgf. (B. B.) tók fram, að jeg hefi unnið að málinu í nefndinni eptir beztu vitund og sannfæringu. Það er mjög illt, að þessi h. nefndarmaður skyldi

ekki hafa einurð eða vit á, að segja skoðun sína á málinu meðan nefndin var við störf sín, en koma nú með mótbárur sínar eptir á, í ótíma. En það er þó bót í máli, að þessar mótbárur hans eru einkis virði. Hann þykist sjá, að stefna þessa máls sje skökk; en það er lítilfjörlegur og vesall liðsmaður, sem ekki leggur neitt til málanna meðan tími er til, en vill rífa allt niður eptir á. Hann hlýtur sjálfur að sjá, hvaða minnkun hann gjörir sjer með þessu ráðlagi. Hann hlýtur að sjá, að þingdm. hljóta að missa allt traust á manni, sem vanrækir skyldu sína á þennan hátt.

Þar sem hann bar það fram, að hann hefði lýst því yfir í nefndinni, að hann væri á annari skoðun um málið en hinir nefndarmennirnir, þá neita jeg því algjörlega, að hann hafi með nokkru einu einasta orði haft á móti stefnu málsins.

En úr því hann þykist hafa sjeð galla á málinu, átti hann þá að geyma allt vitið hjá sjálfum sjer, en láta meðnefndarmenn sína ekkert vita um, að hann hefði meira vit en þeir? Nei, það var skylda hans að tala í tíma og láta vizku sína í ljósi. Það er óhappalegur liðsmaður, sem hegðar sjer eins og þessi nefndarmaður.

Jeg skal játa, að þetta er vandamál. En úr því það er vandamál, þá er það skylda allra þingdm. að vinna að því sem bezt. Hafi nokkur vakið veruleg mótmæli gegn málinu í nefndinni, þá var það jeg. En þegar jeg þóttist sjá, að það gæti orðið vel viðunanlegt, þá fylgdi jeg því fram. Það má lengi vera að semja lög þangað til þau verða svo fullkomin, að enginn getur sett út á þau. Ef drottinn í himnaríki getur ekki gjört svo öllum líki, þá er ekki von að nefndin geti það. Nefndin lagaði sig eins og hún gat eptir bendingum annara þingdm. og tók allt það til greina, sem hún ætlaði að gæti orðið málinu til góðs eða bóta. Nefndin hefir jafnvel fallizt á orðabreytingar til að geðjast h. þingdm. Hinar síðustu breyt.till. eru eiginlega heldur ekki breytingar, þar sem að eins er farið fram á að flytja ákvæði frumv. til.

Jeg er sannfærður um, að þetta frv. er svo úr garði gjört, að allir geta sætt sig við það. Jeg held að nú sjeu ekki þeir gallar á því, að frumv. sje ekki vel viðunandi. Nefndin hefir haldið hinni rjettu stefnu í þessu máli, því eins og kirkjan í raun og veru er ein, eins er það rjett, að hún hafi einn sameiginlegan sjóð. Þetta álít jeg hina rjettu stefnu.

Þeir eru ýmsir, sem halda, að sjóðurinn muni ekki hrökkva til að greiða allan þann kostnað, sem á honum á að hvíla; en þeir gæta ekki að því, að eptir frumv. eru útborganir úr sjóðnum bundnar þeim skilyrðum, að hann hlýtur að hrökkva til. Ef allar kirkjur landsins hafa nú efni á að byggja sig upp eða kosta viðhald sitt, þá hafa þær það eins þó tekjur þeirra renni í sameiginlegan kirkjusjóð. Tekjur þeirra minnka ekki, þó sjóðurinn verði stofnaður. Það er auðvitað, að sumar kirkjur leggja minna í sjóðinn en þær þurfa til byggingar og viðhalds o. s. frv., en svo eru tekjur annara aptur margfalt meiri en þær þurfa við, svo allt jafnar sig.

Sumar aðfinningar við frumv. eru svo smásmuglegar, að það tekur ekki að svara þeim. Menn hafa ekki skoðað málið út í æsar, þegar þeir eru að vandræðast um, að þeir geti ekki fundið, að þessi eða þessi eigi að fá borgun fyrir starfa sinn í þjónustu kirknanna. Það er þó auðsjeð, að frumv. ætlast til, að það, sem gjört er fyrir kirkjurnar, sje borgað, og að allir, sem

vinna að kirkjubyggingu, hvort heldur eru umsjónarmenn, eða aðrir starfsmenn, skuli fá borgun fyrir starfa sinn.

Jeg tek það upp aptur, að það er ekki ástæða til að óttast, að sjóðurinn þoli ekki útgjöldin, því að það er lagt á vald kirkjustjórnarinnar t. d., að láta gjöra við kirkjur eptir því, sem sjóðurinn hefir efni til. Ef því útgjöldin verða of mikil, þá segir kirkjustjórnin: Sjóðurinn þolir ekki meiri útgjöld nú, en verkið skal verða unnið svo fljótt sem efni sjóðsins leyfa.

H. þm. Borgf. (B. B.) má hugsa mikið um þetta mál, ekki til þings 1895, heldur til 1897, áður en hann kemur þessu máli betur fyrir en gjört er í frumv. þessu. En þar sem hann ekki er kristinn eða ekki er í þjóðkirkjunni, eins og hann sagði, þá má honum standa nokkurn veginn á sama um þetta mál.

Það hefir mikið verið talað um, að hjeraðsfundir ættu að fá þetta mál til íhugunar og umsagnar. Jeg veit ekki betur en að þeir hafi haft þetta mál til íhugunar. En það er ekki nóg að segja einungis af eða á um frumv. sem fyrir þá er lagt, heldur verða þeir þá líka að segja, hvernig þeir vilja hafa frumv., ef þeim líkar ekki það, sem fyrir þá er lagt. Ef þeir ekki gjöra það, þá græða þingmenn og aðrir, sem síðar eiga að fjalla um málið, lítið á því, þótt málið sje lagt fyrir hjeraðsfundina. Þetta mál er sannarlega búið að ganga í gegnum svo marga hreinsunarelda, að þingmenn ættu að geta dæmt um það eins og það er.

Jeg fyrir mitt leyti vona, að h. þingd. láti málið nú ganga beina leið gegnum deildina og til h. efri deildar, sem jeg líka vona að muni beina málinu sem bezt áleiðis.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson): Umræðurnar hafa orðið nokkuð lengri og öðruvísi um þetta mál en jeg gat búizt við. En h. meðnefndarmenn mínir, 1. þm. S.-Múl. (S. G.) og þm. Rvík (H. Kr. Fr.), hafa nú allrækilega tekið svari nefndarinnar gagnvart þeim mótmælum, sem fram hafa komið frá nokkrum h. þm.

En þó finn jeg skyldu mína, að fara nokkrum orðum um ræður einstakra deildarmanna og um málið yfir höfuð.

H. 2. þm. Rang. (Sighv. Á.) talaði nokkrum orðum fyrir breytingartillögu, sem hann og nokkrir aðrir þingdm. hafa komið fram með.

Jeg gat sízt búizt við því af honum, sem hefir einmitt borið hlýjan hug til þessa máls, að hann myndi segja, að ákvæði nefndarinnar væru siðspillandi. Jeg segi þvert á móti, að þau sje siðbætandi. Þau taka burt þá freistingu, sem gjaldendur geta haft, ef ákvæðin standa, að ota þeim aurum, sem eru í háu verði í verðlagsskránni, en fallnir í verði á gjalddaga. Að þessu leyti getur það bætt siðferði manna, ef ákvæðin standa ekki. Hann talaði um, að gangverð á gjaldeyri gæti ekki verið orðið ákveðið um það leyti, sem frumvarpið setur gjalddaga, 31. október. En það er ekki rjett. Þá er einmitt komið gangverð á alla kaupstaðarvöru, og sú vara er einmitt almennastur gjaldeyrir, ull og fiskur.

Hann minntist og á, að gjaldandi yrði að sæta því verðlagi, er gjaldheimtumaður setti á vöruna, ef verðlagsskrá og gangverði bæri eigi saman, svo ágreiningur gæti orðið; en ef svo færi, þá er það þó ávallt löglegt undanfæri, að selja vöruna við uppboð. Mjer þykir annars mjög fyrir því, að jeg skyldi þurfa að andæfa þessum h. þm. (Sighv. Á.), og jeg vona, að hann sannfæri sig um, að andmæli hans eru eigi á svo miklum rökum byggð, sem hann nú hyggur.

Sami h. þm. vildi hafa 11. grein frumvarpsins á aðra leið, og kvað hana myndu leiða af sjer, að prófastar skeyttu eigi um að skoða kirkjur. En mjer þykir það nokkuð djúpt tekið í árinni, að prófastar leyfðu sjer að gera slíkt þvert ofan í embættisskyldu sína, vitandi vel, að biskup yrði var við þessa vanrækslu þeirra, og myndi þá fljótt vanda um það við þá.

H. 1. þm. Rangv. (Þ. G.) sagði eitt og annað og þar á meðal, að hver búandi væri neyddur til að svara kirkjugjaldinu fyrir alla sína heimilismenn. En jeg vil taka það fram, að það er einmitt einn af kostum frumvarpsins, að hann þarf þess ekki, er ekki skyldur til þess.

H. sami þm. talaði um tíundarfrjálsar jarðir. Þær eru tíundarfrjálsar og eru það eins, þó að lög þessi öðlist gildi. Nefndin hefur hækkað innheimtulaunin úr 6% sem stóð í frumvarpinu upp í 8%, en 10%, sem h. 1. þm. Rangv. (S. Á.) talaði um, voru ekki hin almennu innheimtulaun, heldur 6%, þar sem ekki eru kaupstaðir í sóknunum.

Þá er það hræðsla margra þingm. við hinn sameiginlega kirkjusjóð, sem jeg þarf að fara nokkrum orðum um. Jeg verð að segja: Lof sé hinum hæstvirta landshöfðingja, því að hann hefir gefið mjer áræði til að koma með þessa hugmynd fram á þingi, þótt jeg hafi haft hana áður. Jeg efast um, að nokkur hugmynd hafi komið fram í löggjöf vorri, sem heillavænlegri sje fyrir hag kirkjunnar, en einmitt þessi hugmynd.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.), minntist á kirkjureikningana, hvernig að skyldi fara, ef þeir yrðu of háir, eða menn að öðru leyti greindi á um það. Hvers þarf annars en að fá reikningana úrskurðaða? Það er svo hægt, sem hugsazt getur. Álíti prófastur þá ósanngjarna, þá setur hann þá niður eða hjeraðsfundur, eins og biskup að síðustu, er hann leggur á fullnaðarúrskurð.

Þá sagði hinn sami þingm., að hinn sameiginlegi kirkjusjóður þyldi eigi öll þessi útgjöld til kirkna, er fram kynnu að koma. En jeg hefi með tölum leitt ljós rök að því, að þessi hræðsla hans er ekki á rökum byggð.

Því að, eins og h. þm. S.-Múl. (S. G.) tók ljóst fram, þá sparast nú ákaflega mikið við þetta fyrirkomulag, já svo mikið, að það nemur ef til vill svo tugum þúsunda skiptir á einni einustu kirkju.

En minntist hann á, að hlutaðeigandi söfnuðir hefðu eigi atkvæðisrjett um kirkjur; en það er ekki rjett; þeir hafa fyllsta atkvæðisrjett, og verður án efa farið eptir tillögum þeirra.

Hann sagði enn fremur, að menn litu á þennan sjóð eins og bjarta plánetu. Já, jeg læt mjer þá líkingu vel lynda. Þessi sameiginlegi kirkjusjóður er sannarlega sólin í frumvarpinu.

Hann tók það fram, að sóknarnefndir fengju engan eyri fyrir ómak sitt. En það er hvergi tekið neitt fram um það í frumvarpinu. Það er þar ekki tekið fram, að sá er leggur fram efnið til kirkjubyggingar, fái nokkurt endurgjald eða smiðir fái laun, svo er og heldur ekki tekið fram, að sóknarnefndir fái nokkuð fyrir ómak sitt. En eins og smiðurinn og sá sem leggur til smíðarefnin fá sanngjarna borgun, svo mun og sóknarnefndum verða úrskurðuð hæfileg þóknun, ef þær krefjast þess og sýna sæmileg skilríki.

H. 1. þm. Rangv. (Þórð. G.) reiknaði rangt vísitazíu-launin. Sú upphæð er miklu lægri en hann hjelt, sjálfsagt þriðjungi minni, því að ekki ganga allar kirkjur undir kirkjusjóðinn.

Þeir h. þm., h. þm. S.-Múl. (S. G.) og h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) hafa nú svarað h. þm. Borgf. (B. B.), svo að

jeg get verið því táorðari. Jeg man ekki eptir því, að hann bæri á móti nokkru atriði í frumvarpinu, eða hann minntist einu orði á það, að láta frumvarpið bíða að þessu sinni. Þvert á móti. Jeg verð að segja honum það til lofs, að hann vann með hinni mestu alúð í nefndinni og skrifaði undir hvert nefndarálitið á fætur, öðru og síðast í gærkveldi gerði hann það, og þá sá jeg að honum hlaut að vera þetta mál alvörumál. Jeg verð því að leyfa mjer að segja, að það sje ósæmileg aðferð af nefndarmanni, að koma svona fram eptir dúk og disk, eins og hann hefur komið, ef honum er það alvara nú, en jeg leyfi mjer að halda, að honum hafi verið alvara, þegar hann vann í nefndinni, en hafi ekki talað nú í alvöru.

Hann talaði um spenning í þessu máli, en mjer vitanlega hefir hann alls ekki átt sjer stað. Nefndin vann í mesta bróðerni, að því er virtist, og engum hinna 4 nefndarmanna kom víst til hugar, að nokkur Júdas væri þeirra á meðal.

Líkingu hans um stakkinn get jeg gengið fram hjá; hún á víst að vera skáldleg; en ekki sýnist hún vera neitt sjerlega fyndileg, og jeg kann ekki við hana, en ef jeg ætti að halda henni, og álíta með þingmanninum, að þegar lög þessi koma til framkvæmdar, þá verði þjóðin íklædd þessum »stakki«, þá þykist jeg viss um, að þjóðin muni una sjer vel í þessum stakki.

Hann tjáði sig í nefndinni vera fullkomlega samþykkan frumvarpinu; og hvað kemur þá til, að hann hefur einráðið að greiða atkvæði móti því nú? Það hefur þó engum breytingum tekið.

Það er annars eitt, sem jeg veit, að þingmenn munu hafa móti frumvarpinu, og það er, að það nær ekki yfir allar kirkjur; en enginn hefur þó þess vegna haft neitt á móti því, nje komið með breytingartillögur í þá átt.

Hið annað, sem mörgum h. þm. er þyrnir í augum, er hinn sameiginlegi kirkjusjóður. Hæstv. landsh. hefir nú svo rækilega og alúðlega mælt með frumvarpinu, en þó sjerstaklega með þessari sól frumvarpsins, hinum sameiginlega sjóði.

Eitt af því marga, sem hinn hæstv. landshöfðingi tók fram, var það, að lögin sem nú gilda væru lítt nýt og í raun og veru höfuðlaus. Jeg get sagt hið sama, því að það var rjett að mjer komið að greiða atkvæði móti þeim, þegar þau komu frá h. efri deild. En jeg tók mig aptur og hugsaði sem svo: Látum þau ganga, þau eru betri en ekki, og jeg vona, að ekki verði langt að bíða annara fullkomnari.

Jeg vil spyrja: Getur nokkrum gjaldanda þótt fyrir því, að losast við margar og leiðar kvaðir, sem á honum hafa legið, ef hann ætti kost á því? Jeg svara mjer sjálfur: Enginn, enginn gjaldandi mundi sjá eptir þeim. Nú liggja, eins og menn vita, ýmsar kvaðir á bændum frá kirkjunnar hálfu. En eins og þetta frumvarp ber með sjer, þá losna menn svo að segja við þessar kvaðir. Gjöldin verða svo lítil á hverjum einum, að þeir finna varla til þess. Það er ekki eins mikið gjald eins og margur greiðir fúslega fyrir aðgöngu að skemmtunum fyrir fólkið hjer í Reykjavík eina klukkustund; það er mörgum pörtum minna en útreiðarferðir kosta upp í sveitirnar hjeðan úr Reykjavík og í sveitum á sunnudögum.

Mun nú nokkrum manni þykja tilfinnanlegt, að greiða 75 aura fyrir sig til viðhalds drottins húsi? Jeg get ekki vænzt þess, að þingmenn sjái ekki svo kosti þessa frumvarps, að þeir greiði

ekki atkvæði með því; en geri þeir það ekki, þá fá þeir þær þakkir sem þeir eiga skilið. (*J. J.*, 2. þm. Eyf.: Já, já!). Ef þeir hafna þessu frumvarpi, þá hafa þeir hafnað einu hinu nytsamasta máli sem komið hefir fram á þessu þing og þeir bera ábyrgð af því. Það skiptir miklu, hvort menn tilbiðja guð í álitlegri og vel hirtri kirkju, þar sem vel fer um þá, eða í kirkju, sem er fremur hjallur en kirkja.

Þá báðu 8 nafngreindir þm. þess skriflega, að umræðunum væri hætt, en tillagan um það var felld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Kl. Jónsson,	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmunds.,	Benid. Kristjánss.,
H. Kr. Friðriksson,	Björn Bjarnarson,
Jens Pálsson,	Björn Sigfússon,
J. Jóns. þm. A.-Sk.,	Bogi Melsted,
Jón Þórarinsson,	Jón Jakobsson,
Jón Þorkelsson,	J. Jónss. þm. Eyf.,
Sigfús Árnason,	J. Jónss. þm. Nm.
Sighv. Árnason,	Olafur Briem,
Þór. Böðvarsson,	Sig. Gunnarsson,
Þorl. Guðmundss.	Skúli Thoroddsen,
	Þ. Guðmundsson.

Einar Jónsson: H. framsögum. (Þór. B.) gat þess, að hann væri ekki á móti breytingartill. á þingskjali 438, sem fer fram á að innheimtulaun á kirkjugjöldum verði 8% í staðinn fyrir 6%, og þykir mjer gott að heyra það, því að jeg er henni samþykkur. Mjer finnst sannarlega engin of sæmdur af, að fá 8% í innheimtulaun, þar sem greiða má kirkjugjöldin í ýmsum landaurum, ull, smjöri eða fiski, og mun eflaust líka verða gjört í peningaþrönginni, en innheimtumaður verður að koma þeim aurum í peninga. Einkum mundi hann ekki vera of haldinn af því, ef tillagan um að miða ekki við gangverð á gjalddaga fær fram að ganga. Á gjalddaga gildir auðvitað verðlagsskrá, sem samin er eptir gangverði árið á undan, en það verð getur vel hafa verið hærra en gangverð á gjalddegi, t. a. m. verð á ull, sem sjaldan er hið sama 2 ár í röð og opt verður talsvert mikill munur á árlega. Getur innheimtumaður því opt fengið talsvert minna í hendur að verðinu til, en hann á að skila frá sjer samkvæmt verðlagsskránni. Þess er og að gæta, að þar sem gjaldið er ekki nema 75 aurar, þá stendur svo vel á að borga það með einu pundi af smjöri eða ull, eða dálitlu af fiski, og mun eflaust opt verða borgað þannig.

Jeg mæli með því, að breytingartillagan á þingskjali 438, og sjerstaklega breytingartillaga nefndarinnar undir 1. tölulið, sje samþykktar.

Björn Sigfússon: Af því jeg hefi ekki áður talað í þessu máli, finn jeg ástæðu til að fara um það nokkrum orðum, svo atkvæði mitt verði ekki misskilið. Jeg hefi sem sje greitt atkvæði með því við 1. og 2. umr. Aðalstefnu frv. er jeg hlynntur, að því leyti sem það fer fram á að sameina mörg og margbrotin gjöld í eitt gjald, sem mjer virðist byggt á eðlilegum grundvelli. Þetta hygg jeg vera hagfelda rjettarbót. En hvað hinn almenna kirkjusjóð snertir, skal jeg ekki neitt fara út í nú að dæma um, hvort hann sje æskilegur eða ekki. Það er algjört nýmæli og mjög athugavert. Það hefir áður verið sagt, að mál þetta hafi verið lagt fyrir hjeraðsfundi, og skipuð í það nefnd af »synodus«, en þetta er ekki rjett, að því er hinn almenna kirkjusjóð snertir; um hann er engin umsögn til, mjer vitanlega, nema frá þessari h. nefnd, sem jeg að vísu veit að hefir hugsað málið svo rækilega sem henni var unnt, en tími hennar hefir verið of naumur og margt kallar að í senn

Mál þetta er stórmál og vandamál, þar sem kollvarpa skal gömlum grundvelli og rótgrónum. Jeg hygg því að skynsamlegra sje að afgreiða ekki frumv. sem lög frá þinginu nú, en að gefa bæði þingmönnum og þjóðinni allri færi á að hugsa það betur til næsta þings; á því mun málið græða, en ekki tapa. Jeg tel — meira að segja — víst, að h. varaforseti (Þ. B.) geti enn bætt sig á því. Jeg get enga nauðsyn sjeð á að hrapa að því, að samþykkja frv. nú; betra að bíða eptir lögunum 1—2 ár, og fá þau betur úr garði gjörð.

Af þessum ástæðum mun jeg ekki gefa frumvarpinu atkvæði mitt núna við 3. umr.

Björn Bjarnarson: Það virðist lýsa sjer dálítill misskilningur hjá h. meðnefndarmönnum mínum, sem jeg þarf að leiðrjetta. Mjer virtist sem þeim þætti það svo ákaflega vítavert, að jeg lýsti því yfir, að jeg ætlaði ekki að greiða atkvæði með frumvarpinu. En jeg held jeg hafi tekið það skýrt fram, að ástæður mínar til þess voru þær, að jeg vildi, að þjóðin fengi tækifæri til að átta sig á málinu, og enn fremur, að þótt jeg hefði ekki gjört ágreiningsatkvæði við nefndina, þá hefði jeg ekki aðhyllzt þá stefnu, að keyra frumvarp þessa efnis gegn um þingið. Jeg vildi ekki með ágreiningi slíta mig út úr samvinnu meðnefndarmanna minna, heldur vann jeg með nefndinni og fylgdi hennar stefnu eptir beztu vitund. Og ef hjer lægi fyrir yfirlýstur vilji þjóðarinnar í þessu máli, þá skyldi jeg nú ekki hika við, að greiða atkvæði með frumvarpinu. En af því hún hefir ekki átt kost á, að segja álit sitt um málið, sem þó varðar persónulega hvern mann á landinu, þá vil jeg gefa henni tóm til þess. Til þess að lögin verði vinsæl, þurfa þau að koma frá hjarta þjóðarinnar.

H. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) áleit framkomu mína sem nefndarmanns eigi drengilega. Jeg veit eigi, í hverju sá ódrengskapur ætti að vera fólginn. Jeg lýsti því yfir, að án tillits til minna persónulegu hugmynda um kirkjumál hefði jeg reynt að setja mig í spor almennings í þessu máli. Jeg veit að mestur hluti kjósenda minna er þjóðkirkjumenn, og hef því litið á málið frá þeirri hlið, þó jeg hneigist fremur að fríkirkjunni. Jeg veit nú ekki, hvað er drengskapur, ef ekki einmitt þetta, að vinna að málinu eptir því sem jeg hugði fjöldanum hentugast, án tillits til mín sjálfs. Skal jeg í þessu sambandi minnast á það, þar sem h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) var að bregða mjer um ýmsa þingmanna-ókosti. En hvað mætti ekki segja um hann? Hann gjörir sjer ekki of mikið far um að vinna í anda kjósenda sinna, því svo virðist fremur sem hann setji sig út til að koma í sem flestum málum fram þver-öfugt við vilja þeirra, og með sínum alræmda einstrengingsskap berja það blákalt fram, sem honum einum sýnist rjett. Hrakyrðum, rangfærslum og ósannindum þingm. er óþarft að svara frekar en jeg gjörði jafn-óðum og hann bar það fram; það var hverjum manni auðsætt, að hann fór þar með fjarstæður einar Jeg gjörði enga trúarjátning. Það var því eintómur tilbúningur hans, er hann sagði þar að lútandi. Einungis ljet jeg í ljósi, að jeg hallaðist fremur að fríkirkjufyrirkomulaginu, og skilja þeir sem vitið hafa, að slíkt á ekkert skylt við trú eða trúarjátning, enda mun enginn annar en h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) hafa leitt það út úr orðum mínum.

Jeg hefi nú jafnframt að mestu leyti svarað h. varaforseta (Þ. B.), þar sem hann var að vikra í kring um það, að framkoma mín í þessu máli væri ekki

»ærleg«. Þar sem hann var að tala um, að hann hefði ekki heyrt mig láta í ljósi, að mjer þætti nokkuð athugavert við þenna gang málsins, þá verður hann en ekki jeg að hafa ábyrgð á því minnisleysi sínu eða heyrnarleysi; menn sljófgast opt á heyrn og minni með aldrinum. Jeg tók líka eptir því, að þar sem hann hafði skrifað upp nöfn nefndarmannanna á frumvarps höfuðið, hafði hann gleymt mínu nafni, og ef hann gleymir mjer, er ekki að vænta, að hann muni hvað jeg tala.

Að síðustu lýsi jeg því enn yfir, að ef þjóðin tjáir sig samþykka frumv. þessu, þá er jeg með; annars ekki. Þykist jeg nú hafa glögglega fært rök fyrir atkvæði mínu, svo að nægi þeim, er skilja vilja; aðra hugsa jeg ekki til að sannfæra.

Framsögumaður (*Þórarinn Böðvarsson*): Jeg hefði óskað, að jeg þyrfti ekki að taka optar til máls, en jeg held það ætli ekki að verða. Það er viðvíkjandi þeirri mótspyrnu, sem hinn fyrirhugaði almenni kirkjusjóður hefur mætt, þá skal jeg enn taka það fram, að jeg hef sýnt með tölum, að hann hlýtur að hafa mjög mikla þýðingu og mjög góð áhrif í för með sjer. Hæstv. landshöfðingi hefur ljósar en jeg og aðrir tekið fram hina miklu kosti hans.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) kvað það viðsjárvert, að hrapa að þessu máli, en jeg get ekki álitið, að hrapað sje að því, þar sem nú hefur verið um það hugsað í nærfelt 2 mánuði. Jeg er ekki viss um, að umhugsunin um það yrði mikið meiri fyrir það, þó því væri frestað. Það er að vísu stutt til næsta þings, en það gæti orðið langt fyrir þetta mál. Það gæti orðið dýrt, þegar litið er á allt það ólag, sem reikningsfærsla kirkna nú er í.

H. þm. Borgf. (B. B.) vildi bíða og láta þjóðina átta sig á þessu máli Jeg skil ekki, að hún þurfi sjerstaklega að átta sig á þessu eina máli. Ekki er hið mikla mál fjárlögin borið undir þjóðina, enda tæki það langan tíma, og svo yrði um öll mál, ef sú aðferð væri viðhöfð. Þetta er því að eins viðbára, sem er einskis virði.

H. sami þingmaður sagði, að hann gæti ekki verið samþykkur neinum lögum nema þeim, sem kæmi frá hjarta þjóðarinnar. Nú þóttist hann hafa unnið í anda þjóðarinnar og hafa verið henni samkvæmur í öllu. Hann undirskrifar hvert nefndarálitið eptir annað, en nú ætlar hann að greiða atkvæði móti frumv. Hvað á þá þjóðin að gjöra? Jeg held að honum hafi áður verið alvara, en nú gjöri hann að gamni sínu. Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar meir.

ATKV.GR.: Breyt.till. við 4. gr. 1. á þingskj. 145 samþ. með 12 : 4 atkv.; breyt.till. við 5. gr. 2. á þingskj. 438 samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. við 7. gr. 2. málsgr. 2. á þingskj. 445. samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. við 11. gr. 2. málsgr., 3. á þingskj. 445. samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. við 13. gr. 2. málsgr., 3. á þingskj. 445. samþ. með 14 samhl. atkv.; breyt.till. við 15. gr. 2. málsgr., 3. á þingskj. 445. samþ. með 14 samhlj. atkv.

Frumv. samþykkt í heild sinni með áorðnum breytingum með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Benid. Kristjánsson,
Klemens Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Sigfússon,
H. Kr. Friðriksson,	Bogi Melsted,
Jens Pálsson,	J. J., þm. Eyf.
Jón Jakobsson,	Ólafur Briem,
J. J., þm. A.-Sk.	Sigfús Árnason,
J. J., þm. N.-M.	Þórður Guðmundss.,
Jón Þorkelsson,	Þorl. Guðmundsson.
Jón Þórarinsson,	

já:
Sighvatur Árnason,
Sigurður Gunnarss.,
Skúli Thoroddsen,
Þórarinn Böðvarsson.

Frumv. síðan afgr. til efri deildar.

Frumv. til laga um gjaldþrotaskipti (C. 317, 426); 2. umr.

Forseti skaut því til landshöfðingja, hvort ekki væri leyfilegt, að taka mál þetta fyrir á þeim fundi, þó ekki væri liðinn sá tími, sem samkvæmt þingsköpunum á að líða á milli 2. og 3. umr.

Landshöfðingi kvaðst sem umboðsmaður stjórnarinnar ekkert hafa á móti því, ef deildin væri því samþykk.

Síðan samþykkti deildin með 21 samhljóða atkvæði þessi afbrigði frá þingsköpunum.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í heild sinni með 21 atkv. og afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um eyðing sels í laxveiði-ám (C. 222, 475, 576, 529); 2. umr.

Framsögumaður (Sigurður Gunnarsson): Jeg sje að hjer eru komnar fram 2 breyt.till. við nefndarálitið á þingskj. 428 frá h. 1. þm. Skagf. (Ólafi Briem). Á breyt.till. er auðsjeð, að hann vill halda þeirri stefnu, sem hið upphaflega frumv. fer fram á, að láta þá fá skaðabætur, sem missa í við það, að lög þessi öðlast gildi.

Viðvíkjandi þeirri breyt.till. sem fer fram á það, að fela sýslunefndum að ákveða það sem áður átti beinlínis að skipa með föstum lögum, þá verð jeg að vera því algjörlega mótfallinn, eins og jeg lýsti yfir við 1. umr., að jeg væri á móti frumv., að undantekinni 1. gr.

Þá hafa 2 h. þingdeildarmenn komið fram með breyt.till. á þingskj. 433, sem fer í sömu stefnu og álit meiri hluta nefndarinnar, en gengur lengra, þar sem hún fer fram á það, að selur skuli rjettdræpur með fram ströndum landsins hvar sem er, og eins og jeg tók fram við 1. umr., þá get jeg frá mínu sjónarmiði vel fallizt á það, án þess jeg segi það fyrir hönd nefndarinnar allrar.

Jeg skal svo eigi fjölyrða meir um málið að sinni, en heyri fyrst undirtektirnar.

Þórður Guðmundsson: Það kemur hjer sem optar í ljós af umræðunum og nefndarálitinu að dæma, að þegar um eitthvert vandamál er að ræða, þá verða menn eigi á eitt sáttir. Hjer er og, að sitt sýnist hverjum. Sumir vilja leyfa laxveiðendum að skjóta og styggja sel í laxveiðiám, þó með því skilyrði, að þeir sem í missa fái skaðabætur, en aptur er það aðrir, sem vilja eyðileggja þessi hlunnindi einstakra manna, án endurgjalds. En einn flokkur manna, hinn þriðji, heimtar hvorki meira nje minna en að selur skuli rjettdræpur um allt land, og þá finnst mjer skörin vera farin að færast upp í bekkinn. Það er sannarlega eptirtektavert, þegar þingmennirnir, ráðsmenn þjóðarinnar, vilja eyðileggja atvinnu margra manna, — þegar sú stefna er ráðandi, að leggja á nýja skatta og breyta gjaldi í þann gjaldeyri, sem ekki er fáanlegur í landinu, svo mönnum er lítt mögulegt að borga og þar á ofan eyðileggja atvinnu margra manna. Það er ekki svo ríkt þetta land, að eyðileggja megi atvinnu íbúa þess, einkum þar sem svo stendur á, eins og hjer, að ekkert útlit er fyrir, að neitt það fáist í stað þess, er geti jafngilt því, sem eyðilagt er. Jeg álít selveiði yfir höfuð mjög notaleg hlunnindi, og á hinn bóginn mjög kostnaðarlitla, enda bendir hið gamla orðtæki »flest er safi hjá selveiði« á það, að

mikill auður sje að þeirri atvinnugrein. Skyldi ekki mörgum, sem þessara hlunninda njóta, verða hverft við, ef þau lög koma, sem svipta menn þessu atvinnufrelsi, einkum þar sem nú er hvívetna það á orði, að frelsið eigi að sitja í fyrirrúmi.

Reynslan mun sýna það, að það er eigi heppilegt fyrir þingið, að blanda sjer mikið inn í atvinnufrelsi manna. Skyldu Breiðfirðingar, sem hafa svo miklar tekjur af þessu, una því vel, ef þeir væru sviptir þeim, sem þeir um langan aldur hafa haft? Skyldi t. d. presturinn í Miklaholti kunna vel við það, ef náungar hans fara út í eyjarnar, sem selveiðin er mest í og drepa og styggja allan sel og stinga ágóðanum í sinn eiginn vasa, en prestur stæði eptir með tvær hendur tómar, eða ef slíku væri fram farið við prestinn í Arnarbæli, þar sem selveiðin er jafnvel 1/4 hluti af tekjum prestakallsins, og skyldi ekki öllum þeim, sem veiða sel yfir höfuð að tala, finnast það hálfgerð ofbeldislög, að svipta þá jafnmikilli tekjugrein án nokkurs endurgjalds? Jeg er ekkert á móti því, að selur sje dræpur í laxveiðiám, en jeg verð að rísa öndverður gegn því, að gengið sje svo langt, að heill flokkur bænda sje sviptur atvinnu sinni, án þess þeir fái nokkuð í staðinn. Jeg vona, að h. deild sjái það, að hjer er um mikið að ræða. Jeg álít enn fremur, eins og jeg tók fram í nefndarálitinu, að þetta stríði gegn 50 gr. stjórnarskrárinnar.

Jón Jónsson, 2. þm. N.-Múl.: Ástæðurnar fyrir þessu eru glögglega teknar fram í nefndaráliti meiri hlutans. Þar er kveðið svo að orði, að selurinn sje hinn mesti spillvirki, er spilli bæði lax- og fiskveiðum, tveimur hinum mestu atvinnugreinum landsins. Það er einnig tekið fram, að aðrar þjóðir eyði selnum með öllu mögulegu móti. Jeg er ekki fiskifræðingur og skal heldur ekki fara að deila við h. 1. þm. Rvell. (Þórð G.) um það, hvort þingið grípi inn í atvinnufrelsi manna, með því að gefa út lög, sem miða til þess að eyða sel. Jeg get heldur ekki sjeð neitt á móti því, þó þingið leggi á skatta og að það gefi út lög, sem bæta tvo mikilsverða atvinnuvegi landsins, lax- og fiskiveiðar.

Jeg skal ekki dæma um, hvort þetta er gagnstætt 50. gr. stjórnarskrárinnar, en jeg vona, að lögfræðingar þingsins og sjerstaklega hæstv. landshöfðingi lýsi skoðun sinni á þessu, og jeg byggi meira á skoðun þeirra en okkar, því við 1. þm. Rvell. (Þórð. G.) munum hvorugur vera tiltakanlega vel að sjer í lögfræði. Jeg skal svo ekki tala meira að sinni.

H. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) tók breyt.-till. svo vel, og jeg vona, að fleiri meðnefndarmenn hans taki í sama strenginn, og að frumv. þetta fái greiðan gang gegn um deidina.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr. á þingskj. 428 felld með 12 atkv. gegn 10 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
H. Kr. Friðriksson,	Einar Jónsson,
Jens Pálsson,	Kl. Jónsson,
Jón Jakobsson,	Ben. Kristjánsson,
Jón Jónsson, A.-Sk.,	Bj. Bjarnarson,
Jón Þorkelsson,	Bj. Sigfússon,
Ól. Briem,	Bogi Melsteð
Sigfús Árnason,	Jón Jónsson, Eyf.,
Sighv. Árnason,	Jón Jónsson, N.-M.,
Þór. Böðvarsson,	Jón Þórarinsson,
Þorl. Guðmundsson,	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þórð. Guðmundss.;

breyt.till. við 1. gr. á þingskj. *453 felld* með 14 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Klemens Jónsson,	Einar Jónsson,
Ben. Kristjánsson,	Björn Sigfússon,
Björn Bjarnarson,	Bogi Melsteð,
H. Kr. Friðriksson,	Jens Pálsson,
Jón Jónsson, Eyf.,	Jón Jakobsson,
Jón Jónsson, N.-M.,	Jón Jónsson, A.-Sk.,
Sig. Gunnarsson,	Jón Þórarinsson,
Skúli Thoroddsen.	Jón Þorkelsson,
	Ólafur Briem,
	Sigf. Árnason,
	Sighv. Árnason,
	Þór. Böðvarsson,
	Þórð. Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundsson;

viðaukatill. við 1. gr. á þingskj. 385 samþ. með 14 samhlj. atkv.; 1. gr. breytt samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. við 2. gr. á þingskj. 428 felld með 13 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Einar Jónsson,
Björn Sigfússon,	Klemens Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Ben. Kristjánsson,
H. Kr. Friðriksson,	Bogi Melsteð,
Jens Pálsson,	Jón Jónsson, Eyf.,
Jón Jakobsson,	Jón Jónsson, N.-M.,
Jón Jónsson, A.-Sk.,	Jón Þórarinsson,
Ól. Briem,	Jón Þorkelsson,
Sigfús Árnason,	Sig. Gunnarsson,
Sighv. Árnason,	Sk. Thoroddsen,
	Þór. Böðvarsson,
	Þórður Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundsson;

breyt.till. um, að 2. gr. falli burt á þgskj. 428 samþ. með 12 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Kl. Jónsson,	Einar Jónsson,
Ben. Kristjánsson,	Bj. Bjarnarson,
Bj. Sigfússon,	Bogi Melsteð,
Jón Jakobsson,	Guðl. Guðmundss.,
Jón Jónsson, A.-Sk.	H. Kr. Friðrikss.,
Jón Jónsson, Eyf.,	Jens Pálsson,
Jón Jónsson, N.-M.	Ólafur Briem,
Jón Þórarinsson,	Sigf. Árnason,
Jón Þorkelsson,	Sighv. Árnason,
Sig. Gunnarsson,	Sk. Thoroddsen,
Þór. Böðvarsson,	Þórð. Guðmundss.,
Þorl. Guðmundsson;	

breyt.till. við 3. gr. á þgskj. 428 þar með fallin; breyt.till. hin 1. við 3. gr. felld með 12 samhlj. atkv.; 4. gr. þar með fallin.

Frv. fellt frá 3. umr. með 12 : 8 atkv.

Frumvarp til laga um aukatekjur þær, sem renna í landssjóð (C. 38); 2. umr.

Einar Jónsson: Jeg ætla mjer ekki að fara út í efnið í þessu frumv, en að eins benda á það, að orðalagið er víða ekki viðfeldið og þyrfti að breyta og laga það til 3. umr. Í 37. gr. stendur: »Nú eru verzlunarvörur seldar við opinbert uppboð, og svo mikið í einu, að hvort hamarshögg nemur minnst 30 kr., og skulu þá uppboðslaun af upphæð þeirri, sem uppboðið nemur meiru en 600 kr., en af hinum fyrstu 600 kr. skal ætíð greiða fullt gjald eptir 36. gr., ákveðin eins og hjer segir:«

Þetta er mjög klúðurslegt orðalag, og er nauðsynlegt að breyta því.

Þar að auk eru ýms orðatiltæki óaðgengileg t. d. »upp á æru og samvizku« í 34. gr. og »setja veð fyrir skuldir« í 24. gr., »uppboðs-afsalsbrjef á fasteign sem seld hefir verið við uppboð« í 43. gr. o. s. frv.; en það er sjerstaklega 37. gr., sem ekki má fara burt úr deildinni ólöguð.

Jeg hefi þess vegna hugsað mjer að koma með breytingartill. til 3. umr.

ATKV.Gr.:

1.—13.	gr. samþ.	með	21	samhlj.	atkv.
14.—23.	— —	—	19	—	—
24.—30.	— —	—	19	—	—
31.—34.	— —	—	20	—	—

35.—46. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.
47.—51. — — — 19 — —
52.—64. — — — 20 — —
65.—68. — — — 20 — —

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Frumvarp til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 342, 462); 2. umr.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Við 1. umræðu gat h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) þess, að sjer þætti eðlilegast, að allt afgjaldið væri tekið af brauðinu. En nefndin gat ekki viðurkennt, að presturinn ætti fullan rjett til að losast algerlega við gjaldið, því að þegar hann sótti um brauðið, þá hafði hann næga vitneskju um, að þetta árgjald lægi á brauðinu, og sótti um það með þessar kvöð, sem á því lá. Árið 1879 var í ráði að sameina Garpsdal við Stað, en því var sleppt á síðustu forvöðum, en árgjaldið af Stað hjelzt. Þess vegna hafði nefnd sú, er þá var í brauðaskipunarmálinu á alþingi, ekki tekið til íhugunar, hvort ástæða væri að leggja árgjaldið á Staðinn einan; verður þar að fara eptir álitum. Nú hefir verið lögð fram skýrsla frá prestinum um tekjurnar af brauðinu, og sjest af henni, að tekjurnar eru nú ekki taldar meiri en um 600 kr. En skýrslan er alls ekki fullnægjandi, heldur miklu fremur tortryggileg. Þar er gert of lítið úr hlunnindunum, eða að minnsta kosti gert langt of mikið úr kostnaðinum við það, að gera þau sjer að notum. Bújörðin er líka auðsjáanlega of lágt metin. Nefndin sá sjer því ekki fært að fara eptir þessum skýrslum. Auðvitað er það á valdi h. deildar, hvað hún gerir í þessu, en jeg hefi nú skýrt frá gjörðum og ástæðum nefndarinnar.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg þykist vera kunnugur þessu máli og þessu brauði, og skal lýsa yfir því, að jeg verð að vera með efri deild í því, að ljett sje af brauðinu öllu gjaldinu. Jeg skal taka það fram, að þegar prestakallalögin voru samin, þá var málið áður lagt fyrir hjeraðsfundi *og rætt* þar. Eptir þessum tillögum hjeraðsfundanna fór svo nefnd sú, er á þingi var skipuð í málið. Því miður, liggur mjer við að segja, var farið eptir þeim; því að síðan hafa komið aðrar tillögur, þar sem hjeraðsbúar hafa viljað hafa allt á annan veg. Þá var í ráði að sameina Stað og Garpsdal, og leggja árgjald á hið sameinaða brauð, en úr því ekki varð af sameiningunni, þá átti árgjaldið af Stað að falla niður; því að Staður er tekjurýrt brauð, og má heita, að bújörðin sje eini kosturinn við það. Eptir till. þm. Dalam., að mig minnir, var hætt við að leggja Garpsdal undir Stað. En tekjur af Garpsdal eru hjer um bil 400 kr. eða rúmlega það, og lagði nefndin því til 1879, að árgjaldið yrði lagt á einmitt vegna þessarar sameiningar, af því að hún áleit, að presturinn mundi hafa nokkuð úr Garpdalssóknninni fram yfir matið, en erfiðleiki brauðsins óx ekki mikið. Fyrir því er auðsætt, að gjaldið átti að falla, þegar ekki varð af sameiningunni. H. framsögumaður gat þess, að presturinn hefði sótt um brauðið með þessari vissu, að árgjaldið hvíldi á því. En hann gat talið það miklu líklegra, að því yrði ljett af, þegar ekki varð neitt úr sameiningunni. Það hefir verið tekið fram, að gjaldið væri einkum lagt á hlynnindin, sem einkum munu vera falin í dúntekju. En allir vita, að dúnn hefir lækkað um fullan helming í verði, síðan prestakallalögin voru gefin út. Hafi nú presturinn hlaupið á sig, þegar hann sótti um þetta brauð, þá hefir hann nú fengið fullþungar skriptir fyrir glópsku sína, þar sem hann hefir borgað í öll þessi ár, og mun víst flestum sýnast

öll sanngirni mæla með því, að hann fái að losna við gjaldið frá árinu 1893 að reikna. Jeg skal taka það fram, að jeg er mjög vel kunnugur þar vestra, og mæli hið bezta fram með því, að málið verði samþ. eins og það kom frá efri deild.

ATKV.GR.: Breytingartill. (C. 465) við frumv. samþ. með 14:5 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 : 1 atkv.

Frumvarp til laga um friðun á laxi (C. 242, 465); 2. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg vildi leyfa mjer að óska, að öðrum liðnum á þingskj. 373 sje skipt í tvennt við atkvæðagr.

Forseti: Það skal verða eptir ósk h. þingm.

Framsögumaður (Björn Sigfússon): Jeg vildi leitast við í stuttu máli að skýra frá, hvernig háttað er þeim breyt.-till., sem nefndin hefir komið með. 1. breyt.till. við 1. gr. er þýðingarlítil. Það er, að þessi orð falli úr 1. gr. »eptir að hafa — hlut eiga«. Þetta sýnist vera óþarft, þar sem sýslunefndum er falið að setja tímatakmarkið, nær veiðitíminn skal byrja og enda. En nefndin leggur til, að bætt sje aptan við greinina ákvæði um 36 stunda friðun á viku hverri, eins og er í núgildandi lögum. Það sem vakti fyrir nefndinni var, að varlegra væri að halda þessu ákvæði núgildandi laga, og sjerstaklega leggur hún það til af þeirri ástæðu, sem jeg gat um við framhald 1. umr., að það er álit manna, að laxinn gangi með löndum í stórám, og því sje rjett að taka upp eða opna veiðivjelar 36 stundir á viku. Þetta ákvæði sje jeg ekki að geti verið fráfælandi fyrir neinn. 3. breyt.till. er við 2. gr., að fyrir 100 faðma komi 60 faðma. Ef bilið er 100 faðmar, gæti vel farið svo, að þeir, sem lítið land eiga að á, verði útilokaðir. En við því er síður hætt þegar bilið á að vera 60 faðmar, og það hyggur nefndin að sje nokkurn veginn nægilega langt. Þá stingur nefndin upp á að ákvæðið í enda sömu greinar, $^2/_3$ af þvermáli árinnar, falli úr. Það er víst óvíða þörf á, að vjelar sje hvor andspænis annari. Þá er 5. breyt.till. við 3. gr., að fyrri hluti greinarinnar orðist þannig: »Ekki má leggja laxanet eða laxveiðivjel úti fyrir ármynnum í sjó nær ósnum en sjór fellur lengst út um stórstraumsfjöru. Sýslunefnd ákveður, hve nærri ósum stöðuvatna veiðivjelar megi leggja. Ádráttarveiði má viðhafa í ám og stöðuvötnum aðra hvora viku, sömuleiðis í árósum og fyrir utan þá á sama tíma, þó að eins með öðruhvoru útfalli sjávar«. Í þessu liggur ekki annað en skýring á ákvæðum þeim, sem standa í frumv. Það má lengi deila um það, hvenær lax sje hindraður í göngu sinni. Það er því betra að kveða glöggt á, og þótti þá við eiga, að láta stórstraumsfjöru ráða. Þá kemur breyt.till. við síðari málsgrein sömu gr. Þar er gerð veruleg breyting. Að leyfa ádráttarveiði 4 stundir á hverjum sólarhring þykir nefndinni óheppilegt. Það verður varla öðruvísi skilið en að hver veiðieigandi geti tekið við af öðrum, ef að eins enginn dregur á lengur en 4 stundir í sólarhring, og þannig haldið átram hvíldarlausri ádráttarveiði allan veiðitímann út í gegn. Afleiðingin mundi verða sú, þar sem veiðin er kappsamlega stunduð og vel fallið til ádráttar, að gjörsópa mætti öllu kviku úr ánum og eyðileggja með því veiðina til frambúðar. Nefndin leggur því til, að hún sje leyfð aðra hvora viku. Þetta sýnist í fljótu bragði vera mikil breyting, en er það ekki í raun og veru. Því að tíminn er sá sami, það er að segja helmingur tímans, þar sem nú má ekki draga á nema annað dægr-

ið. Aðalástæðan til þess, að nefndin leggur þetta til, er sú, að ef dregið er á á hverjum degi frá morgni til kvölds, þá má gjörsópa ána neðan til og varna laxinum að ganga upp á hrygningarstaðina, sem ekki einungis tekur alla veiði frá þeim, er ofar búa með ánum, heldur einnig hinum líka í framtíðinni. En þegar gangan er óhept heila viku í bili, þá getr laxinn komizt þangað er hann vill og jafað sig um ána. Jeg get ekki betur sjeð en að þetta ákvæði sje praktiskt að því leyti, að það spari tíma. Það fer miklu meiri tími í að vera að gukta við ádráttarveiði á hverjum degi, og hlýtur að vera betra að taka »túra« aðra hvora viku. Þá leggur nefndin til, að 4. gr. sje felld úr. Þar eru ákvæði um seladráp í laxám. Ástæða nefndarinnar er sú, að hún vill halda því fyrir utan laxalögin. Þótt frumv. það, sem fram kom um þetta efni, væri fellt, get jeg þó eigi lagt til, að 4. gr. sje haldið, því að jeg er hræddur um að það gæti orðið til þess, að frumv. næði ekki staðfestingu. Þá er breyt.till. við 5. gr., að í stað »9 þumlungar« komi: 10 þumlungar. Það er eptir bendingu, sem fram kom í deildinni, að nefndin hefir gert þessa till. Þótt jeg persónulega sje ekki samdóma þeim, sem halda að þessi möskvastærð mundi gera veiði svo sem að engu, þá skal jeg þó játa, að hún kynni að verða minni í svip. En það mundi hún ekki verða til frambúðar. En einmitt við það, að lax er betur friðaður og viðkomunni er betur borgið, hlýtur laxveiði að aukast.

Aðrar breytingar, sem nefndin hefir ráðið til að gera á frumv., eru að eins orðabreytingar, nema sú sem er undir 12. tölul., að eptir 5. gr. komi ný gr. Jeg verð að láta í ljósi að jeg skil ekki annað en h. deild fallist á, að það sje heppilegt að taka þetta ákvæði, að þeir, sem veiða vilja í sameiningu, skuli leggja málið fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd. Ef fjelagsveiði kemst á, mundi það víða verða tímasparnaður og hagnaður fyrir laxveiðieigendur, og mundi mönnum reynast það betra en að bauka út af fyrir sig. Jeg vona því, að deildin hafi ekkert móti því, að taka þessa grein upp. Að öðru leyti skal jeg nú ekki taka fleira fram að sinni, en vona að deildin taki málinu vel. Mjer er raunar kunnugt um, að ærinn vígahugur er kominn í marga, af því að liðið er mjög á þingtímann, og vilja skera niður sem flest af málum þeim, sem fyrir liggja. En jeg vona þó að þeir sje eigi svo blóðþyrstir, að þeir skeri niður mál, sem hefir mikla þýðing fyrir landið og atvinnuvegi þess.

Sighvatur Árnason: Þótt jeg leiddi hjá mjer að gera verulegan ágreining í nefndinni um mál þetta, þá verð jeg að játa, eins og jeg tók fram við meðnefndarmenn mína, að jeg var þeim ekki alveg samdóma um allar breyt. á frumv.

En fyrst vil jeg minnast á það, að þegar mál þetta var til 1. umr. hjer í deildinni, þá ætlaði jeg að svara h. 2. þm. Eyf. (J. J.) fám orðum, en þá var tekið fyrir umræðurnar eins og svo opt ber við hjer í þesssri h. deild og má ske optar en vera skyldi. H. 2. þm. Eyf. (J. J.) minntist á tilgang frumv., þann tilgang, að lax gæti veiðzt sem mest. En eptir minni meiningu er það ekki aðaltilgangur frumv., heldur hitt, að laxganga sje látin sem allra minnst hindruð, svo laxinn geti yfir höfuð notið sinnar eðlilegu göngu til að hrygna, nefnil. til að aukast og margfaldast, og að laxveiði á þann hátt aukist að því skapi, og til þess, að allir sem *hlut* eiga að máli, geti notað laxveiðina eptir því sem kringumstæður liggja til,

hvort sem þeir svo búa ofar eða neðar við ár. Þetta er að minni skoðun aðalmeining laganna, svo sem gömul lög segja: »svó skal guðs gjöf ganga frá fjöru til fjalls sem ganga vill«. Svona stóð málið í huga mínum, meðan jeg átti hlut að störfum nefndarinnar, og stendur enn.

H. 2. þm. Eyf. (J. J.) minntist líka á það, að menn vildu hvað eptir annað vera að breyta laxalögunum. Mjer finnst þetta í raun og veru vera eðlilegt, þar sem um svo mikið vandamál er að ræða. Vjer höfum líka dæmi annara þjóða, t. d. Norðmanna, fyrir oss í þessu. Þeir breyttu hvað eptir annað laxalögum sínum, þangað til þeir eptir langa mæðu komust að fastri niðurstöðu með það, hvernig þeim væri bezt skipað, eptir því sem reynslan kenndi þeim. Skal jeg nú snúa mjer að sjálfu nefndarálitinu. Þó að jeg gerði ekki ágreiningsatkvæði gagnvart meðnefndarmönnum mínum, þá var jeg þeim þó ekki að öllu samdóma, eins og jeg gat fyr um.

Nefndin hefir komið með viðaukatill. við 1. gr. Þessari viðaukatill. undir 2. tölul. allt aptur að orðunum »net þau« er jeg ekki samþykkur, því að fyrst nú svo er reynt að sjá fyrir í frumv., að lax sje frjáls og óhindraður á göngu sinni, þá álít jeg þennan viðauka um, að friða lax 36 stundir í viku hverri, óþarfan; enda fjekk þessi viðauki mótmæli við framh. 1. umr. hjá 2. þm. Eyf. (J. J.) og hætt er við að hann fái þau hjá fleiri h. þingd.m. Svo er nú að minnast á athugasemd okkar tveggja nefndarmanna, viðvíkjandi 5. gr., þar sem talað er um möskvamál laxaneta. Það er að vísu komin fram frá nefndinni í heild sinni breyt.till. við breyt.till. í nefndarálitinu; sú breyt.till. fer fram á, að netmöskvarnir skuli vera 10 þuml. í stað 11 þuml. Jeg gekk inn á þessa breytingu með nefndinni, þótt mjer væri hún um geð (*B. Sigf.:* H. þm. kom sjálfur með hana). Já, jeg gerði það af því svo var komið sem komið var, að meðnefndarm. mínir vildu hafa 11 þuml. möskva. H. meðnefndarm. mínum er kunnugt um, að jeg vildi halda fast við 9 þuml. málið. En af því að þeir tóku svo mikið dýpra í árinni, þá tók jeg þann kostinn, að reyna þó af tvennu illu, að fá hið minna.

Hjer í Elliðaám er t. d. svo smár lax, að hann mundi því nær enginn veiðast í jafn stórriðin net, sem nefndin vill hafa þau. Jeg álít það yfir höfuð varúðarvert að hafa möskva laxneta stærri en 9 þuml. í hinum smærri ám, með því að jeg hef heyrt laxfróða menn segja, að laxar með því máli væru farnir að hrygna. Auðvitað er þetta hið minnsta mál á möskvum, en öllum er frjálst að hafa þá stærri, ef þeir vilja. Jeg hefi viljað gera þessa athugasemd, af því þetta hefir allt af búið í huga minum og verið á vörum mínum gegnum öll nefndarstörfin.

Jón Jónsson (2. þm. Eyf.): Jeg skal fyrst víkja fáum orðum að upphafinu á ræðu h. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.), þar sem hann talaði um aðaltilgang frumv. þessa og laxfriðunarlaga yfir höfuð.

Jeg fór nokkrum orðum um það við 1. umr. þessa máls, að aðaltilgangur allra friðunarlaga mundi eiga að vera sá, að landið allt í heild sinni hefði hag af þeim, en sá eini hagur sem hjer getur verið um að ræða er, að meiri lax veiðist eptir en áður, og miði lögin frá því, en ekki að því að meiri lax veiðist, þá álít jeg allan annan tilgang þeirra hafa misheppnazt. H. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) sagði, að aðaltilgangurinn fyrir sjer hefði verið sá, að laxinn hefði sem frjálsasta göngu og sem flestir gætu notið góðs af honum.

Þetta er auðvitað út af fyrir sig gott, en þó því að eins að hinir mörgu veiði eins mikið og hinir fáu.

Landið í heild sinni hefir jafnan hag af því, hvort 50 menn veiða lax fyrir 10 kr. hver, eða einn maður veiðir fyrir 500 kr., en ef þessi eini maður veiðir lax fyrir 1000 kr., en hinir 50 að eins fyrir 500 kr., þá er skaðinn auðsær. Svo langt getur friðunar-principið gengið, að skaði væri að. Jeg skal nú við hverja einstaka till. nefndarinnar reyna að sýna, hvort mjer virðist þær miða að því að landið í heild sinni fái meiri lax eða eigi.

Í niðurlagi ræðu sinnar gat h. framsögum. þess, að frumv. þetta hefði mikla þýðingu fyrir landið og atvinnuvegi þess. Jeg skal ekki neita því, að þótt laxveiði sje ekki mjög þýðingarmikil atvinnugrein, þá sje hún þó svo þýðingarmikil, að vert sje að hlynna sem bezt að henni með hagkvæmum lögum. En þegar um það er að ræða, að löggjafarvaldið tekst á hendur að setja lög um einstaka atvinnuvegi, hvort heldur það er um laxveiðar eða annað, þá þarf jafnan varlega að að fara. Það hagar svo ýmislega til í ýmsum hjeruðum landsins, að erfitt er að láta ein lög ná yfir þau öll. Það er ekki ólíkt með laxveiði og fjárhirðingu. Jeg ætla að það muni reynast viðlíka erfitt að setja nú lög um laxveiði, eins og ef farið væri að semja lög um meðferð á sauðfje og hirðingu um land allt. Slíkt er meira vandaverk en að þingið geti færzt það í fang; það mun meira að segja reynast óvinnandi verk. Jeg verð því enn að halda fram hinu sama sem við 1. umr., að hyggilegast mundi vera að ákveða með lögum að eins örfá grundvallaratriði um laxveiðar, en láta það að öðru leyti vera komið undir samþykktum einstakra sveita, byggðum á staðháttum á hverjum stað, hvernig þær vilja haga veiðinni.

Eptir þessi orð um málið í heild sinni skal jeg snúa mjer að breyt.till. nefndarinnar; hef jeg leitazt við að bera bæði þær saman við frumv. sjálft og hin núgildandi laxalög. Að vísu hef jeg orðið að gera það í flýti, en þó þykist jeg hafa fengið nokkurn veginn glöggan samanburð á þessu þrennu: laxalögunum, frumv. og breyt.till. nefndarinnar.

Í núgildandi laxalögum er heimilað að veiða lax 3 mánuði á ári, en um þessa 3 mánuði á þó lax að vera friðaður 3 dægur í viku hverri; þann tíma á að taka upp öll laxanet og láta laxveiðivjelar standa opnar, svo að laxinn hafi frjálsa göngu. Með þessu er rúmlega $^1/_5$ af öllum veiðitímanum numinn burt. Eptir frumv. var veiðitíminn styttur um hálfan mánuð, svo að hann skyldi að eins vera $2^1/_2$ mánuður; en þar var eigi farið fram á, að net skyldu upp tekin, eða veiðivjelum haldið opnum 36 stundir í viku, svo að í sjálfu sjer var veiðitíminn heldur lengdur. Nú hefir nefndin viljað gera stórkostlega breytingu á þessu; hún vill að veiðitíminn sje $2^1/_2$ mánuður, eins og til er tekið í frumv., en hún leggur það jafnframt til, að lax sje friðaður 36 stundir í viku þennan tíma. Ef þessi 3 dægur í viku eru dregin saman og gert að sólarhringum, þá verða það 15 sólarhringar á $2^1/_2$ mánuði, og er þá veiðitíminn að eins orðinn 2 mánuðir. Þetta ákvæði gengur því auðsjáanlega í þá átt, að auka friðunina og takmarka veiðina, en jeg álít að það gangi of langt, og sje því til skaða. Jeg álít, að friðunarákvæðin í 1. gr. sjeu nægileg.

H. framsögum. (B. S.) byggir á því, að lax gangi mest með löndum fram, og hljóti því að lenda í veiðivjelunum,

sjeu þær ekki opnar. Jeg er ekki svo laxfróður, að jeg viti með vissu, hvort lax fer mest með löndum fram, en þó ætla jeg að mikið gangi annarsstaðar eptir ánum, því að öðrum kosti mundi ekki eins mikið af laxi fara fram hjá góðum veiðivjelum og raun gefur á.

Þegar kemur að 2. gr., þá er þess fyrst að gæta, að í hinum núgildandi lögum er heimilað að þvergirða eina kvísl í á, sje meiri veiði í annari kvísl hennar, og sömuleiðis er þeim heimilað að þvergirða á, er einn á veiði í henni. Í frumv. 1891 voru bæði þessi ákvæði látin falla burt. Þetta tvennt, sem frv. breytir frá lögunum, miðar í þá átt, að friða laxinn meira en áður. Þegar þetta er borið saman við ákvæði nefndarinnar í 1. gr. um að hafa veiðivjelar opnar 3 dægur í viku, þá eru frá mínu sjónarmiði allt of miklar hömlur lagðar á notarjett laxveiðieiganda til laxins.

Þá er enn eptir að minnast á eina breyt.till. við 1. gr., sem h. framsögum. (B. S.) játaði sjálfur að hefði ekki svo mikla þýðingu, og jeg verð að segja það, að jeg get nú ekki fundið, hvaða ástæða hefur verið fyrir h. nefnd, að koma með hana; það sýnist þó engu í spillt, þótt sýslunefnd leiti álits beztu manna í hjeraði um það, hve nær hentast muni að veiðitími byrji og endi. Það getur verið, að þetta ákvæði frv. hafi ekki mikla þýðingu, en ef það nú hefur einhverja þýðingu, þá hefur það þó þýðingu til gagns, en ekki til ógagns.

Þá leggur nefndin til, að 60 faðma bil eptir endilangri á sje á milli veiðivjela þeirra, er ganga út frá báðum löndum; í frumv. var þetta ákveðið 100 faðmar, og í gildandi lögum segir, að það þurfi eigi að vera nema 30 faðmar. En svo leggur nefndin til, að falli burt ákvæðið um, að heimilt sje að leggja veiðivjel frá báðum löndum, þegar allt megin árinnar, þ. e. $^2/_3$ eru á milli vjelanna. Þetta er sjálfsagt byggt á þeirri skoðun, að lax gangi nær því eingöngu með löndum fram. Væri sú skoðun rjett, þá gæti það máske staðizt, að fella burt ákvæði þetta. En það er ekki sannað, að svo sje, og er það því meinbægni, að leyfa mönnum ekki í stór-ám að leggja net nokkuð frá landi við bæði lönd. Það getur hagað svo lagnastæðum, að stór-mikið tjón sje að því, að mega ekki leggja net út frá báðum löndum.

Jeg sje að h. framsögumaður (B. S.) hristir höfuðið, og jeg ætla ekki að særa hann með því, þótt jeg segi, að hann muni ekki kunnugur laxveiðum í stórám, en að hann miði tillögur sínar sjerstaklega við eitthvert eitt hjerað, þar sem hann er kunnugur.

Jeg set, að svo hagi til, að tveir menn noti þann rjett, að leggja net út frá báðum löndum, hvor á móti öðrum, eins og lögin nú heimila. Hvor þeirra á þá að leggja niður lögn sína, ef þessi tillaga verður samþykkt? Tillögur nefndarinnar segja ekkert um það, og jeg óttast, að út af því mundu rísa deilur og óvild, enda sýnist mjer það vera í eðli sínu óþörf rjettarskerðing.

Þá er í frumv. heimilað að veiða silung alla árstíma í ám, »og vötnum« vill nefndin bæta við, nema með ádrætti. Þetta á nú líklega að skiljast svo, að eigi megi brúka ádrátt fyrir silung á þeim tíma, sem lax er friðaður. En sumstaðar getur þetta orðið einstökum mönnum og jörðum til töluverðs skaða, án þess að það annars vegar gjöri nokkurt gagn, eða yfir höfuð sje þörf á því.

Jeg þekki dæmi þess, þar sem töluvert hagræði er af silungsveiði í laxá; það er einmitt í á þeirri, sem jeg bý við, að silungur veiðist með ádrætti, og ef svo er að skilja ákvæði nefndar-

innar, að ekki megi draga fyrir silung, nema á þeim tíma, er lax má veiða, er sama sem að silungsveiði sje bönnuð í þeirri á.

Silungsveiðin er þar snemma á vorin og er lokið áður en lax gengur í ána; enda þekki jeg engin dæmi þess, að lax hafi fengizt þar, er dregið hefur verið fyrir silung. En þessi silungsveiði er til allmikils hagræðis fyrir suma þá, er þar búa; og þar sem hún, samkvæmt reynslu og ásigkomulagi á þeim stað, hefir engin áhrif á laxgöngu eða laxveiði, sýnist það vera óþarflega hart, að banna fátækum mönnum að afla sjer bjargar á harðasta tíma árs.

Jeg vildi að eins vekja athygli á, að þetta ákvæði væri dálítið ísjárvert.

Þá leggur nefndin það til, að 4. gr. frumv. falli burt. H. framsögum. (B. S.) gat þess, að þessi tillaga nefndarinnar væri miðuð við það, að frumv. um eyðing sela gengi fram, og þá gat hún rjett verið, en úr því svo er komið, að það frumv. er fallið, þá sýnist mjer þetta vera ein bezta greinin í þessu frumv., og vil að henni sje haldið. Það má ekki minna vera en að mönnum sje heimilt að skjóta sel í laxveiðiám, því að öll þessi ráðgerða laxafriðun nálgast ekki það gagn, sem verða mundi að eyðing sela; um það vona jeg að h. framsögum. (B. S.) sje mjer samdóma.

Þá kem jeg að því ákvæði, sem jeg minntist á við fyrri umr., að ákvæðinu um stækkun möskva í laxnetum, og aukning bilsins milli rimla í laxavjelum. Jeg minntist þá á, hve þetta ákvæði væri athugavert, og nefndin sjálf virðist að nokkru leyti hafa komizt að sömu niðurstöðu, því að hún hefur nú komið með breyt.till. um að minnka nokkuð möskvana frá því sem hún lagði fyrst til og þrengja bilið milli rimlanna. Jeg veit ekki, hvort allir h. deildarmenn hafa gjört sjer glögga grein fyrir, hvílíkur feikna stærðarmunur sje á laxi, sem kemst gegnum $1^1/_2$ þumlungs bil milli rimla og hins, sem kemst gegnum tveggja þumlunga bil; það er ekki einungis að sá laxinn sem smýgur gegnum stærra bilið hlýtur að vera $^1/_4$ þykkri, heldur er hann stærri á alla vegu, hann er einnig stórum lengri; jeg er ekki full-fróður um, hver þyngdarmunurinn muni vera, en þó mun það ekki vera of mikið tiltekið, þótt jeg segi, að að minnsta kosti helmings munur muni vera á þeim laxi, sem getur smogið milli rimla með 2 þuml. millibili, og þess, sem kemst milli rimla með $1^1/_2$ þuml. millibili; þetta ákvæði er því æðiradikalt, og það jafnvel þótt bilið væri ekki aukið nema um $^1/_4$ úr þumlungi, eins og breyt.till. fer fram á. Alveg sama er um möskvastærðina að segja. Jeg benti á það við síðustu umræðu og hef síðan fengið gleggri upplýsingar um það frá kunnugum mönnum, að ef haldið yrði því ákvæði, að möskvar í netum skyldu eigi minni vera en 11 þuml. og bil milli rimla í veiðivjelum eigi minna en 2 þuml., þá mundi sumstaðar á laxveiði-stöðum því nær enginn lax fást framar.

Það er líka alveg óþarfi, að vera að breyta hjer til, því að ef eitthvað á að ná inn undir ákvæði 6. gr., þá er þetta einmitt eitt af því. Í henni segir svo: »Nú er svo háttað á einhverjum stað, að nauðsyn þykir bera til, að breyta til um einhver þau ákvæði, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er sýslunefnd, einni eða fleirum, heimilt að setja reglur um það, en þó svo, að grundvallarreglum laga þessara um friðun laxins og frjálsa göngu sje í engu haggað eptir því, sem við á í á hverri«. Þó að sýslunefnd setji nú þá reglu, að stærð möskva skuli vera 10—11 þuml. eða bil á milli rimla í lax-

veiðivjel 2 þuml., þá er eigi með því haggað grundvallarreglunum um friðun laxins og frjálsa göngu. Því eru allar breytingartill. nefndarinnar um möskvastærð og bil milli rimla óþarfar.

Ein grein er nú í hinum gildandi lögum, er nefndin í málinu 1891 rjeð til að felld væri burt; það er sú grein, er kveður á um fjelagsveiði. Þessari grein vill nefndin nú skjóta aptur inn í frumv. Jeg hef ávallt frá upphafi verið töluvert á móti þessu ákvæði. Það er töluvert viðsjárvert, að meiri hluti veiðieigenda geti heimtað fjelagsveiði. Það hagar víða svo til, að einn á miklu meiri veiði en aunar, og þá getur sá sem meiri veiðina á orðið hart úti við fjelagsveiðina. Vjer getum hugsað oss, að einn maður eigi jafnmikla veiði sem 20 aðrir. Þeir þurfa reyndar eigi að vera nema 3—4, en eigi að síður geta þeir þrýst þessum eina manni til að hafa fjelagsveiði við sig, þótt hann vilji ekki.

Annað er það athugavert við þetta, að sýslunefnd á að semja reglur um þetta, og þær reglur eiga að gilda sem lög; það eru víst hinar einu reglur, sem sýslunefndir geta sett, án þess að þeim megi skjóta undir æðri stjórnarvöld — reglur um hundalækningar, er hvíslað að mjer —. Jeg sje nú ekki hvers vegna ástæða er til að treysta sýslunefndum betur hjer en við samning annara reglugjörða.

Yfir höfuð er mjer illa við þessa grein, og vildi að hún kæmist ekki inn í frumv., en komist hún að, ætti að breyta henni svo, að reglur þessar giltu því að eins, að amtmaður staðfesti þær.

Það sem snertir ákvæði frumv. og breytingartill. um ádráttarveiði, þá er það ekkert í öllum þessum laxveiðireglum, sem vandasamara er að ákveða, eða sem fremur þarf að miða við mismunandi ásigkomulag hinna ýmsu staða; það þarf því að fara mjög varlega í lagasetning um þessi atriði. H. framsögum. (B. Sigf.) sagði, að ákvæði frumv. um 4 stunda ádráttarveiði-tíma gætu orðið notuð á þann hátt, að dregið væri á allan daginn og áin gjörsópuð af laxi. Þetta kann að vera rjett athugað hjá honum, að svo hagi til einhversstaðar, en það á alls ekki við um hinar stærri ár, og það sannar, eins og fleira, hve ásigkomulagið er mismunandi, og hve víðsjált og vandasamt er að setja lög um það.

Þegar jeg lít yfir sögu þessa laxamáls á þinginu — en það hófst löngu áður en þingið fjekk löggjafarvald, og hefir, minnir mig, verið í hreifing á hverju þingi síðan 1867 að minnsta kosti —, þá sje jeg það af öllu, að mál þetta er meira vandamál en svo, að hrapandi sje að því, að gera gagngerðar breytingar. Breytingarnar, sem þingið hefir gert frá upphafi, eru margar, og hver breyting, sem það hefir gert, hefir þegar á eptir þótt óhæfileg og skaðleg fyrir laxaveiðina á sumum stöðum. Mjer sýnist því ekki gjörlegt, að halda áfram þeirri stefnu, að láta þingið eitt fjalla um þessa löggjöf, heldur taka upp þá stefnu, að ákveða sem minnst í lögunum sjálfum, en gefa hjeruðunum, hlutaðeigendum sjálfum, heimild til að haga svo einstökum ákvæðum eins og bezt á við á þessum og þessum stað.

Nefndin sem sett var í þetta mál á þingi í hitt hið fyrra samdi frumv. það, er hjer liggur fyrir, en sú nefnd, sem sett var í þetta mál á þinginu nú, umrótar því öllu, sem nefndin í hitt hið fyrra gerði á frumvarpinu eins og það var samþykkt þá. Stjórnin synjaði því staðfestingar, og þessi meðferð nefndarinnar á frumvarpinu nú getur orðið til að gefa stjórninni undir fótinn, að synja

frumvarpinu staðfestingar enn á ný. Jeg skil ekkert í því, að nefndin skyldi leiðast til, að gera svona gagngerðar breytingar.

Mjer er fyrir mitt leyti ómögulegt að fallast á tillögur hennar, og jeg vona, að h. þingdm. hugsi sig flestir vandlega um, áður en þeir gefa svo stórgerðum tillögum atkvæði sitt.

Framsögumaður (Björn Sigfússon): Jeg stend ekki upp til þess að svara öllum einstökum atriðum í hinni löngu ræðu h. 2. þm. Eyf. (J. J.) og öllu því, sem hann hefir fundið nefndinni til foráttu; mörgu af því er áður svarað með hinni fyrri ræðu minni, og það yrði of langt mál að taka það upp aptur, enda man jeg minnst af öllu því, er hann sagði, og ætla líka óþarfa, að svara því öllu. Að endingu fellir hann harðan dóm yfir starfi okkar nefndarmanna. Það getur verið, að það sje ómerkilegt í hans augum. En mjer dylst þó ekki, að margar af aðfinningum hans um störf nefndarinnar, sjeu byggðar á töluverðum misskilningi. Það má vel hugsa, að honum er sárt, að þetta fósturbarn hans, frumv. frá 1891, fjekk ekki aðdáun nefndarinnar, en þó hann sjálfur geti ekki sjeð á því nein líkamslýti, er það ekki næg sönnun fyrir að þau sjeu ekki til. Hann fellst á, að aðalreglan um frjálsa göngu og friðun laxins sje rjett, en líkar þó ekki reglur þær, er nefndin hefir sett til að tá þessu framgengt. Nei, hann vill byggja með annari hendinni, og brjóta það svo niður með hinni. Eitt sem hann talaði virtist benda á, að hann gengi út frá því sem sjálfsögðu, að minna mundi veiðast, ef friðun sú, sem farið er fram á í frumvarpinu, fengi framgang. Jeg skil ekki í, að þetta geti verið rjett hugsað. Ef ákvæðin miða til þess, að friða laxinn meira, hlýtur honum að fjölga, og veiðin að vaxa, að sönnu ekki rjett í svipinn, en þó að minnsta kosti þegar fram í sækir. Jeg hafði líka tekið þetta fram áður, að veiðin mundi ekki vaxa í svipinn, heldur þegar fram í sækti.

Í öðru lagi fjekkst h. sami þm. um það, hvað veiðitíminn yrði stuttur eptir tillögum nefndarinnar, en jeg held, að þessi ótti hans komi eingöngu af ókunnugleik.

Í frumv. er gert ráð fyrir, að veiðitíminn sje $2^1/_2$ mánuður. Og álít jeg þar ekkert að athuga við, og þetta hefir hann sjálfur samþykkt áður, þótt veiðitíminn sje 3 mánuðir í hinum gildandi lögum. Jeg álít reyndar, að ekki sje neitt skaðlegt að hafa veiðitímann svo langan, en jeg álít það hreint og beint óþarft, því veiðin er hvergi stunduð svo lengi, meira að segja sumstaðar ekki lengur en 1 mánuð. En það er satt, að veiðitíminn má ekki vera alstaðar eins, en jeg efast ekki um, að sýslunefndir setji mismunandi tímabil og láti þau á einum stað byrja t. d. í miðjum maí, en á öðrum stað í byrjun júní, enda hafa þær fulla heimild til þess, aðeins að tíminn sje eins langur og til er tekið í lögunum. Þær haga sjer eptir því sem við á á hverjum stað. Sýslunefndir í Norðurlandi hafa leyft sjer að láta veiðitímann byrja sumstaðar 1. maí, en sumstaðar 1. júní, og þannig geta sýslunefndir sett um land allt. Jeg sje ekki, að $2^1/_2$ mánuður sje ekki nægilega langur veiðitími, enda er það ekki nema hálfum mánuði styttra en áður hefir verið, svo jeg sje ekki, að frumv. þurfi að vera nein grýla fyrir þá sök.

Þar sem okkur h. 2. þm. Eyf. (J. J.) greinir á um það, hvort laxinn gangi með löndum fram, eða eptir miðri ánni, þá mundum við geta lengi þrætt um það, þar sem hvorugur okkar getur sannað það með áþreifanlegum rökum, en þetta var nú skoðun mín og allrar nefndarinnar, einkum hvað stórárnar

snertir, og jeg hefi eins mikinn rjett til að halda fram minni skoðun, eins og hann sinni. Af því að nefndin byggir á því, að laxinn gangi með löndum, þá þykir henni óráðlegt, að veiðivjelar megi vera hvor móti annari; enda get jeg ekki skilið, að það sje endilega nauðsynlegt. En ef hann skyldi þekkja einhvern einstakling, sem þetta væri óþægilegt fyrir, og vill ekki þess vegna hafa till. nefndarinnar, þá verð jeg að segja, að hann fylgir ekki fast sinni gullvægu reglu, að hafa mest fyrir augum hag alls landsins. Hann hjelt að jeg miðaði till. mínar við eitt hjerað, þar sem jeg væri kunnugur; já, að vísu geri jeg það, eptir því sem reynslan hefir kennt mjer að við ætti, en jeg hefi engu síður reynt að athuga og kynna mjer, hvað við á annarstaðar. Aptur verð jeg að segja um þm. Eyf., að mjer finnst hann miða till. sínar, sumar hverjar, aðeins við einstaka menn, og það er þó verra. Þá var það eitt atriði, sem honum þótti svo ákaflega hart, og hann fordæmdi svo mjög, að við vildum taka upp úr núgildandi lögum, að sýslunefndir geti gert ákvæði um fjelagsveiði. Hann sagði t. d., að einn gæti átt meiri veiði en annar, og þegar til skiptanna kæmi gæti risið mikill ágreiningur út úr því og sá kynni að verða fyrir hallanum, sem ætti miklu meiri veiðina. Hann gætir þess ekki, að um leið og sýslunefndin setur reglur um fjelagsveiði, á hún eptir till. nefndarinnar einnig að skipa fyrir um, hvernig veiðinni væri skipt, svo hver fái sinn hlut eptir tiltölu, nefnil. að sá fái meiri veiðihlut sem meiri veiðivon hefir, eptir undanfarandi reynslu.

Hvað silungsveiði snertir, skal jeg fyrst geta þess, að orðin, sem hann vitnaði til: »nema með ádrætti«, eru frumv. orð, og því hans eigin orð, en ekki nefndarinnar, þó honum þyki þau nú óhafandi. Nú vildi h. þm., að leyfð væri ádráttarveiði fyrir silung í laxám, líklega á hverjum tíma sem er; en mjer þykir það ákaflega varasamt, því silungurinn er ekki veiddur nema í smáriðin net og þá yrði friðunin á smálaxinum að engu, og jeg trúi því ekki, að það yrði meira en 1 af 100, sem kastaði laxinum aptur í ána.

Annars tíðkast silungsveiði meira með lagnetum en ádrætti, en sýslunefnd gæti ef til vill gjört nánari ákvæði um þetta atriði. H. þm. Eyf. (J. J.) kvaðst ekki hafa trú á sýslunefndum til að semja reglur um fjelagsveiði, en þó hefir hann sagt nokkru áður, að hann tryði þeim fyrir, að gera aðalsamþykktir, og þetta er hvað á móti öðru. Hann lagði á móti því, sem jeg lýsti sem persónulegri skoðun minni, að jeg gæti ekki ráðið deildinni til að halda ákvörðuninni í þessu frumv. um seladráp, sem er eingöngu af því, að reynslan hefir sýnt, að þetta atriði getur orðið til staðfestingarsynjunar; samt er jeg alls ekki fastur á þessu, úr því sela-ófriðarfrumv. var fellt. Hann vill um fram allt halda ákvörðuninni; hann vill friða laxinn fyrir selnum en ekki fyrir mönnunum. (*J. J.* 2. þm. Eyf.: Já, jeg vil heldur jeta laxinn sjálfur en láta selinn gera það). Það get jeg vel skilið, en mjer þykir það of mikil græðgi að vilja jeta allan lax upp til agna, og leyfa engu handa eptirkomendunum. Mjer finnst gagnslaust að þrátta um þetta lengur; jeg hefi eptir föngum gert grein fyrir skoðun minni, en h. 2. þingm. Eyf. (J. J.) er vanari en jeg að sækja og verja mál hjer á þingi, svo hann hefir að líkindum meiri áhrif á deildina en jeg, enda hygg jeg að svo sje í garðinn

búið, að sumir h. þm. sjeu ekki hjer komnir til að láta sannfærast í þessu máli.

Jeg tel víst, að jeg hafi gleymt að svara sumu af því sem h. andmælandi fann nefndinni til foráttu í hinni löngu ræðu sinni, en mörgu var áður svarað, og allt um það sezt jeg niður að þessu sinni.

Jens Pálsson: Jeg þurfti að eins að gera dálitla athugasemd. Jeg skil ekki betur en að vanti eitt þýðingarmikið ákvæði inn í frumv., en jeg hafði ekki tíma til að glöggva mig á því, svo jeg gat ekki komið fram með breytingartill. Þetta ákvæði ætti að koma inn í 4. gr. frumv., þar sem stendur: »Hverjum manni er heimilt að skjóta sel og styggja« o. s. frv. H. 2. þm. Eyf. (J. J.) vill halda þessu ákvæði, og jeg tek undir það með honum. En sje það nauðsynlegt, að drepa sel og styggja, þá er ekki síður nauðsynlegt, að drepa fiskiendur, og þarf að gjöra það að lagaskyldu, að drepa þær, því þær jeta laxsýlið, og jeg tel þær skaðlegri en selinn, því þó selurinn jeti mikið, þá jetur hver selur tæplega laxa tugum eða jafnvel hundruðum saman á sólarhring, en það gera fiskiendurnar við laxungana. Þar sem fiskiendur sækja að, geta þær algjöra eytt laxinum; jeg álít því enn þá meira áríðandi að eyða þeim vörgum en selnum, þó slæmur sje. Það er því bráð nauðsyn á, að koma fram með breyt.-till. um þetta til 3. umr.

ATKV.GR: Breyt.till. við 1. gr. á þingskj. 373 felld með 15 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
Björn Sigfússon,	Benid. Kristjánss.,
J. Jóns. þm. A.-Sk.,	Björn Bjarnarson,
Sighv. Árnason,	Bogi Melsted,
Sig. Gunnarsson,	Guðl. Guðmunds.,
Þór. Böðvarsson,	H. Kr. Friðriksson,
Þ. Guðmundsson,	Jens Pálsson,
Þorl. Guðmundss.,	Jón Jakobsson,
	J. Jónss. þm. Eyf.,
	J. Jónss. þm. Nm.,
	Jón Þórarinsson,
	Jón Þorkelsson,
	Ólafur Briem,
	Sigfús Árnason,
	Skúli Thoroddsen.

Breyt.till. við 1. gr. á þingskj. 373 aptur að — Net, felldur með 13 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Björn Sigfússon,	B. Kristjánsson,
Jens Pálsson,	Björn Bjarnarson,
J. Jónss., þm. A.-S.,	Bogi Melsted,
Jón Þorkelsson,	G. Guðmundsson,
Sig. Gunnarsson.	H. Kr. Friðriksson,
Skúli Thoroddsen,	Jón Jakobsson,
Þór. Böðvarsson,	J. Jónss. þm. Eyf.
Þ. Guðmundsson,	J. J., þm. N.-M.,
Þorl. Guðmundss.	Jón Þórarinsson,
	Ólafur Briem,
	Sigfús Árnason,
	Sighv. Árnason,

Síðari liðurinn þar með fallinn; 1. gr. óbreytt samþ. með 13 : 2 atkv.; breyt.-till. við 2. gr. á þingskj. 373 samþ. með 13 samhlj. atkv.; breyt.till við 2. gr. á þingskj. 373 felld með 13 : 8 atkv.; 2. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 13 samhlj. atkv.; breyt.till. við 3. gr. fyrri lið felld með 13 : 8 atkv.; breyt.till. við 3. gr. síðari lið samþ. með 12 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
B. Kristjánsson,	Bogi Melsteð,
B. Bjarnarson,	G. Guðmundsson,
Björn Sigfússon,	H. Kr. Friðriksson,
J. Jónss., þm. A.-S.	Jens Pálsson,
Jón Þorkelsson,	Jón Jakobsson,
Ólafur Briem,	J. J. þm. Eyf.

já:	*nei:*
Sighv. Árnason,	J. Jónss. þm. N.-Múl.
Sig. Gunnarsson,	Jón Þórarinsson,
Skúli Thoroddsen,	Sigfús Árnason,
Þórð. Guðmundss.,	Þór. Böðvarsson,
Þorl. Guðmundss.	

3. gr. breytt samþ. með 17 : 1 atkv.; breyt.till. að 4. gr. frumv. falli burt felld með 13 : 5 atkv.; breyt.till. við 5. gr. á þingskj. 452 felld með 14 : 8 atkv.; breyt.till. við 9. gr. á þingskj. 473 felld með 13 : 8 atkv.; 5. gr. óbreytt samþ. með 12 samhlj. atkv.; breyt.till. 12 á þingskj. 373 samþ. með 14 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
B. Kristjánsson,	Bogi Melsted,
Björn Bjarnarson,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Sigfússon,	H. Kr. Friðriksson,
Jens Pálsson,	Jón Jakobsson,
J. J. þm. A.-Sk.,	J. J. þm. Eyf.,
Jón Þorkelsson,	J. J. þm. N.-M.,
Ólafur Briem,	Jón Þórarinsson,
Sighv. Árnason,	Sigf. Árnason,
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þór. Böðvarsson,	
Þ. Guðmundsson,	
Þorl. Guðmundss.	

Breyt.till. 13 á þingskj. 373 samþ. með 14 samhlj. atkv.; 6. gr. sem verður 7. gr. samþ. með 12 atkv.; 7. gr. sem verður 8. gr. samþ. með 12 atkv.; 8. gr. sem verður 9. gr. samþ. með 13 atkv.; 9. gr. sem verður 10. gr. samþ. með 12 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 12 : 5 atkv.

Frumv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 257, 462, 521); 2. umr.

Framsögumaður (*Björn Sigfússon*): Þar sem máli þessu hefir verið vel tekið og engar breytingar hafa komið fram nema frá nefndinni, og engin mótmæli gegn því, þá finn jeg enga ástæðu til þess að fjölyrða mikið. Nefndin hefir gengið út frá því, að landssjóður tapi ekki við þessa breytingu, þar sem hann kæmi til að missa 400 kr. eptir frumv. eins og það kom frá efri deild. Um viðaukatill. á þingskj. 435 frá h. þm. Snæf. (J. Þ.) hefi jeg lítið að segja. Nefndin hefir ekki haft tækifæri til þess að athuga hana til hlítar, en flutningsmaður till. mun sjálfur skýra frá málavöxtum. Jeg er hræddur um, að ef hún verður samþykkt, þá geti það orðið málinu til falls. Efri deild kynni að fella hana, og það yrði þá til þess að málið yrði að flækjast milli deildanna, og svo yrði ekki tími til þess að útkljá það á þessu þingi.

Jeg hefi þá ekki öðru við að bæta, en óska að h. deild. taki breytingunum vel, og láti málið ganga greiðlega gegnum deildina.

Jón Þorkelsson: Jeg hefi komið fram með viðaukatill. við frumv. þetta. Ástæðan fyrir því er sú, sem jeg gat um við 1. umr. þessa máls, að presturinn í Miklaholtsprestakalli hefir beðizt þess, að afgjald það, sem lagt var á brauðið með lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, yrði afnumið. Jeg hefi lagt það til, að þetta afgjald yrði fært niður um helming, og álitið rjett, að þessi helmingur yrði tekinn af Helgafellsprestakalli, svo landssjóður tapi engu við þessa breytingu. Helgafell er bezta brauðið í prófastdæminu, og á það er ekkert árgjald lagt. Nefndin hefir lagt það til, að þessu yrði skipt niður á Staðarstað og Helgafell, en því verð jeg að vera algjörlega mótfallinn. Staðarstaður er rýrara brauð og þar að auk er þar afgjald undir, en ekki á

Helgafelli. Ástæðan, sem Miklaholtsprestur ber fyrir sig, er sú, að hlunnindi brauðsins hafa rýrnað síðan hann tók við því, einkum hefir sellýsi fallið mjög í verði, frá $^2/_3$ til $^3/_4$ eða úr 60—70 kr. og niður í 20 kr., eins og jeg tók, að jeg ætla, nægilega skýrt fram við 1. umræðu. Við þetta hafa tekjur brauðsins rýrnað um nær 200 kr. Ennfremur hafa teknir verið nokkrir bæir úr Krosshólasókn og lagðir undir Staðarhraunsprestakall. Þetta er líka tekjuhalli, sem nemur um 40 kr. Þess vegna finnst mjer öll sanngirni mæla með því, að þetta sje veitt. En jeg skal ekki halda því til streitu, af því að þetta mál hefir ekki verið lagt fyrir hjeraðsfund, af þeirri orsök, að hinn þáverandi hjeraðsprófastur (Eiríkur Kuld) var þá veikur og er nú síðan dáinn. Jeg held að engin ástæða sje til þess að ætla, að þessi viðaukatill. verði frumv. til falls.

Jeg skal svo bæta því við, að verði þessi viðaukatill. ekki samþykkt, að þá verði Helgafell nú veitt með þeim fyrirvara, að presturinn megi búast við, að af brauðinu verði að borga í landssjóð einhverja upphæð.

Landshöfðingi: Jeg get varla óskað að nefnd sú, sem fjallað hefir um þetta mál, fái betri útreið en nefndin fjekk í næsta máli á undan, því jeg fæ ekki annað sjeð, en að breyt.till. hennar sjeu mikið fremur til að spilla en bæta. Jeg ætla ekki að fara að eyða orðum um þessar 50 kr. hækkun á árgjaldinu af Vallanesprestakalli, sem nefndin fer fram á fram yfir það sem efri deild hafði ákveðið; en það, að fella niður 200 og 150 kr. af tillaginu til Fjarðarprestakalls og Stöðvarprestakalls, það get jeg ekki fellt mig við. Hvað Fjarðarprestakall snertir, þá var með prestakallalögunum 1880 ákveðið það tillag, sem það nú hefir, og þar sem það þá var álitið sanngjarnt, þá er mjer ekk i kunnugt um neinar þær breytingar síðan, sem geti gert aðgengilegt að lækka það.

En hvað Stöðvarprestakall snertir, þá tekur það engu tali, að taka frá því þetta litla tillag, sem það hefir, því fyrst er það eins og menn vita, að Stöðvarkall er mjög lítið brauð, er ekki einu sinni metið 1000 kr., eins og lagt var til grundvallar 1880, að normalbrauð ættu að vera, og ef uppástungan um þessa lækkun næði fram að ganga, þá mundi það komast niður undir 800 kr. En svo ber að gæta þess, eins og sumum í nefndinni mun kunnugt, að prestssetrið Stöð hefir nýlega orðið fyrir skemmdum; við það áfall missti það töluvert af túninu og mikið af engjum. Jeg get því ekki skilið, hvernig það getur samrýmzt, að þegar það hefir beðið svo mikið tjón af náttúrunnar völdum, þá eigi tekjur þess frá hálfu löggjafarvaldsins að skerðast enn fremur um 150 kr. Enn fremur er þess getandi, að presturinn í Stöð hefir borið sig upp við landsstjórnina yfir rýrnun þeirri, sem prestakallið hefir orðið fyrir, og óskað eptir að fá frekari uppbót. Þessi ósk prestsins kom fram fyrir h. fjárlaganefnd í hitt eð fyrra, og með sjerstöku tilliti til þess, þá lagði hún það til, að á síðustu fjárlögum væri veitt meira en þurfti til hinnar ákveðnu uppbótar á prestaköllunum, í þeim tilgangi, að stjórnin gæti hjálpað af því þeim prestaköllum, sem yrðu fyrir slíkum áföllum, og af þessu fje hefir Stöðvarkall nú í 2 ár notið 100 kr. uppbótar, og heldur því áfram meðan engin breyting verður á.

Annars er frumv. eins og það kemur frá efri deild í alla staði óaðgengilegt. Í 4. gr. er gert ráð fyrir því, að þessi breyting komi ekki til framkvæmda fyr en við næstu prestaskipti,

nema því að eins, að presturinn samþykki breytinguna án endurgjalds úr landssjóði. Jeg get ekki látið mjer skiljast, að Þingmúlasókn með 2 bæjum úr Vallanessókn og 2 bæjum úr Hallormsstaðasókn rýri ekki tekjur brauðsins um meir en 400 kr., þar eð jeg verð að álíta, að tekjurnar af Þingmúlasókn einni muni vera yfir 400 kr. Jeg get því ekki ímyndað mjer, að presturinn gangi að þessum kjörum, og ef svo er, þá virðist mjer ástæðulaust að svo stöddu að koma með lagaákvæði, sem þá fyrst eiga að koma í gildi, þegar prestaskipti verða, þar sem engar líkur eru til þess að það verði í bráð. Hinn núverandi prestur er ungur maður, sem vonandi er, að eigi enn langan aldur fyrir höndum.

Hvað tillögu h. þm. Snæf. (J. Þork.) snertir, þá sje jeg ekki, að hún eigi neitt skylt við þetta frumv. Jeg vil líka geta þess, að verði hún samþykkt hjer og gangi svo til efri deildar og verði einnig samþykkt þar, þá yrði jeg að skoða svo, að hún hefði að eins fengið 3 umr., og gæti því ekki lagt til að lögin yrðu staðfest. Vilji menn hafa hana fram, þá ætti að gera það með sjerstöku frumv.; en jeg vildi fyrir mitt leyti helzt óska, að þetta mál yrði fellt.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Það er kunnugt, að þessar breytingar á prestakallalögunum koma fram nálega á hverju þingi. Á fyrsta þingi eptir að lögin komu út, kom h. forseti, sem nú er, þá þm. Norðmýlinga, fram með þá tillögu, að endurskoða lögin þá þegar, en þeirri tillögu var hafnað. Það hefir síðan sýnt sig, að það hefði ekki verið ástæðulaust, því síðan hafa sí og æ komið nýjar og nýjar bænir um breytingar, og þetta er að nokkru leyt eðlilegt, því engin von var til, að fyrir þinginu lægju þá nægar skýrslur til að gera þetta mál svo úr garði, að allir gætu og vildu við það una.

Hjer stendur svo á, að breyting sú, sem gerð var með prestakallalögunum, 1880, hefir fyrst rjett nýlega komizt á, og það með alveg sjerstökum atvikum og nokkuð einkennilegum, sem nægilega hefir verið minnzt á. Út af þessu er risin mesta óánægja í prestakallinu og það svo mjög, að líklegt er, að mestur hluti Þingmúlasóknar segi sig úr þjóðkirkjunni.

Jeg vildi nú vekja athygli á því, að hjer í deildinni mun í kvöld koma til umræðu frumv. til laga um utanþjóðkirkjumenn, og ef það nær fram að ganga, þá mun landssjóður hjer fá allmikinn byrðarauka, ef eigi er úr bætt, því í þessu frumv. er gert ráð fyrir, að þeir sem segi sig úr þjóðkirkjunni skuli lausir við öll gjöld, en landssjóður bæti viðkomandi prestum þann halla, sem þeir bíða. Jeg áleit rjettara að taka þetta fram, en auðvitað er, að hver greiðir atkvæði eins og hann álítur rjettast. Eins og hæstv. landshöfðingi tók fram, þá er reyndar líklegt, að presturinn í Vallanesi samþykki ekki að sleppa neinum hluta af prestakalli sínu; þó er það ekki víst, hvað hann kann að gera, því líklegt er, að honum sem presti þyki leitt, að menn sjeu svo óánægðir, og það kynni ef til vill að knýja hann til að ganga að breytingunni.

Af því nefndin var því hlynnt, að þetta gæti tekizt, þá áleit hún rjettast að koma með það fram fyrir h. deild, sem hún hjelt að helzt gæti fengið framgang, og sömuleiðis vildi hún sem minnst þyngja á landssjóði, því þó nú sje eptir þessu dálitill halli, þá bættist hann upp með tímanum, ef það yrði samþykkt, sem nefndin fer fram á, að láta

niður falla svo mikið af uppbót hinna brauðanna, sem hallanum svarar. Jeg get ekki verið samdóma hæstv. landshöfðingja um það, að Fjarðarkall fyrir þessa breytingu yrði óaðgengilegt, því það hefir tekið miklum bótum síðan 1880. Fólkinu hefir fjölgað í sveitinni og hagur þess batnað að mun. Í annan stað, þá mun tillagið hafa verið ákveðið svo hátt af þeirri ástæðu, að það voru svo mörg stór og góð prestaköll í prófastsdæminu, sem lagt var frá, og það var álitið, að það ætti helzt að koma til bóta hinum rýrari í sama prófastsdæmi. Sama má segja um Stöðvarkall. Hvað það kall snertir, þá er brauðið tekjulítið, en bújörðin góð, og þó hún hafi nú orðið fyrir skemmdum, þá getur það nokkuð lagazt með tímanum, enda þekki jeg 2 prestaköll í mínu prófastsdæmi, sem eru enn rýrari — ekki 800 kr. — og hafa þó gengið út. Það er vitanlegt, að söfnuðirnir beiðast svo víða breytinga, að það er ekki hægt að sinna öllum þeim óskum og þingið mundi tregt til að leggja til þess fje úr landssjóði, en eptir þeim ástæðum, sem hjer voru fyrir hendi, áleit nefndin rjettast að leggja þetta til, enda vonaði hún, að það mundi helzt geta orðið til að greiða fyrir málinu.

Þórarinn Böðvarsson: H. þm., sem nú settist niður sagði, að ávallt kæmu nýjar og nýjar bænir um breytingar á prestakallalögunum. Það vantaði þó eigi, að þau væru borin undir hjeraðsfundi áður en þau voru samþykkt. Jafnvel hver prófastur gaf álit sitt í málinu. Það má reyndar segja, að þingið hafi brostið kunnugleik á málinu, en hina einstöku hjeraðsbúa átti ekki að bresta kunnugleika til að ákveða það sem bezt mátti verða fyrir þeirra hjerað.

Þegar um þetta hjerað er að ræða, þá er að ræða um þann hluta landsins, sem mjer óaði mest við að gera svo stórkostlegar samsteypur á. Nefndin hefði heldur aldrei lagt það til, hefðu ekki hjeraðsfundirnir og þingm. hjeraðsins haldið því fast fram. Jeg vil því mæla með því, að þessi brauð verði að skilin.

Hvað hitt snertir, að taka 200 kr. af þeim 800, sem veittar eru til Mjóafjarðar, þá skal jeg ekki dæma um, hvort það sje tiltækilegt, en frá Stöð í Stöðvarfirði skil jeg ekki að megi taka 150 kr., enda hefir hæstv. landshöfðingi fært ástæður fyrir því.

Hvað viðvíkur viðaukatillögunni á þgskj. 435, þá vildi jeg helzt óska, að hún væri tekin aptur. Af því það er liðið svo langt fram á þingtimann, þá verð jeg eptir atvikum að vera með því að samþykkja frumv. eins og það kom frá h. efri deild.

Einar Jónsson: Jeg er alveg samdóma h. varaforseta (Þ. B.) og vildi mikið óska, að frumv. yrði samþykkt, eins og það liggur fyrir frá efri deild. Jeg sje heldur ekkert á móti því, þó samsteypan sje nýlega komin til framkvæmdar og presturinn sje ungur, hann er þó dauðlegur eins og við hinir, hann getur líka farið frá brauðinu þegar minnst varir, því ef þetta ósamlyndi helzt, þá er ekki ólíklegt, að hann finni hvöt hjá sjer sem prestur til þess að fara.

Aptur á móti er jeg samdóma h. landshöfðingja um það, að Stöð megi ekkert missa nú vegna áfalls þess, sem bújörðin hefur orðið fyrir, því að þar háttar svo eins og víða annarsstaðar, að beztu tekjurnar eru bújörðin.

Hvað Fjarðarprestakall snertir, þá hefur það breytzt mikið síðan 1880, og það hvað mest nú á seinni tíð. Eins og nú stendur þyldi það vel 200 kr. lækkun í samanburði við ýms önnur

brauð, en það prestakall er víst nú orðið talsvert mannfleira en 1880, og auk þess hefur hagur sóknarmanna batnað, því að fiskiveiðar hafa tekið þar miklum framförum á síðustu árum og landbúnaðurinn jafnvel líka.

Ef frumv. yrði samþykkt, og svo, að 200 kr. skyldi leggja frá Firði í Mjóafirði, þá yrði það að eins 400 krónur, sem landssjóður missti í við það. Að lokum vildi jeg óska, að 5. gr. á þingskj. 435 verði borin upp í tvennu lagi.

Sigurður Gunnarsson: Hæstv. landsh. bað ekki vel fyrir þessu frumv., nje heldur breytingartill. nefndarinnar, og er það næsta óheppilegt fyrir málið, en h. varaforseti (Þ. B.) talaði hlýlega um frumv. sjálft og óskaði því góðs gengis hjer í deildinni.

Hvað breytingartill. snertir, þá skal jeg játa, að mjer er ekki fast í hendi með þær, sjerstaklega hvað snertir afborgun af Stöð; en eins og h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) tók fram, þá er allt öðru máli að gegna með Fjarðarprestakall; það þyldi vel að 200 kr. væru dregnar frá tillaginu.

Þar sem h. varaforseti (Þ. B.) talaði um undirbúninginn undir prestakallalögin frá 1880, að hann hafi þó verið all-vandaður, þá verð jeg að vera á annari skoðun; því jeg hygg að óhætt megi segja, að á Austurlandi, þá vissu menn svo að segja ekkert af, fyr en breytingin dundi yfir. Það var reyndar að nafninu til skotið á fundi í hverri sókn til að kjósa fulltrúa á hjeraðsfund; en er þangað kom, þá var því otað að mönnum, að ekki dygði annað en að samþykkja samsteypurnar, því brauðin yrðu að bera sig sjálf. Þessi var nú undirbúningurinn.

Sem sagt, jeg hef ekkert á móti að breytingartillagan um Stöð falli, en mjer er eins mikið áhugamál nú eins og mjer var á síðasta þingi, að þetta mál fái fram að ganga, enda vil jeg biðja h. þingdeildarmenn, að hafa það fastlega í huga, að ástandið er allískyggilegt eystra og hjer þarf því að gjöra eitthvað.

Jeg tók það fram þá og tek það fram enn, að óskirnar um að fá þessu breytt eru eins gamlar og lögin; þessar óskir eru sprottnar af eðlilegri þörf, og ætti því að vera þess meiri ástæða til að taka þær til greina.

Björn Bjarnarson: H. nefnd hefur sýnt viðleitni á að fara meðalveg í þessu máli. Þess vegna leggur hún það til, að landssjóði verði bættur upp tekjuhalli sá, sem hann bíður af sundurskipting Vallaness prestakalls, með því að taka sömu upphæð frá tveimur öðrum prestaköllum. En þó þetta sje nú nokkur bót í máli, þá virðist mjer auðsætt, að landssjóður hljóti að bíða halla af þessu, ef Vallaness prestakall losnar fyr en hin, eins og h. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) gaf í skyn, að líklegt væri. Hann tapar þá 350 krónum á ári, þangað til Fjörður og Stöð losna. Jeg felli mig því bezt við þá till. hæstv. landshöfðingja, að fella frumv. Jeg kann ekki við þessar sífelldu smá-breytingar.

Flutningsmaður till. um að minnka afgjald af Miklaholti færði það sem eina aðal-ástæðu, að verð á sellýsi hefði breytzt. En það held jeg mætti æra óstöðugan, ef fara ætti að breyta prestakallalögunum í hvert sinn, sem vöruverð breytist.

Landshöfðingi: Jeg ætla að eins að gjöra stutta athugasemd við ræðu h. þm. A.-Sk. (J. J.), sem sagði, að menn þar eystra mundu segja sig úr þjóðkirkjunni, ef þetta mál gengi eigi fram. Sú hótun hefur heyrzt fyr, að menn mundu ganga úr þjóðkirkjunni, ef þeir fengi eigi vilja sinn um einhverja

breytingu á brauðaskipun hjá þinginu. Ef þingið nú samþykkir þetta frumv., þá mundi margur líta svo á, að það hefði gjört það til þess, að Vallaness-sóknarmenn framkvæmdu eigi hótun sína. En þá er jeg hræddur um, að margir mundu koma »að austan og vestan« og hóta þinginu með hinu sama.

Það hefir verið minnzt á, að Kolbeinsstaðahreppur vildi verða sjálfstætt brauð, slíkt hið sama Móar á Kjalarnesi og enn Kálfafell á Síðu. Þessir hóta auðvitað allir að fara úr þjóðkirkjunni, ef þeir fá ekki vilja sinn, og fleiri munu síðan fylgja þessu dæmi. Þingið yrði auðvitað allt af að láta undan þessari hótun, ef það gjörir það einu sinni. Jeg held því að það sje mjög varahugavert, að hafa þessa hótun fyrir ástæðu. (*Björn Bjarnarson*: Hún er höfð fyrir grýlu á þingið).

ATKV.GR.: Breyt till. við 1. gr. (372) felld með 13 : 10 atkv.; 1. gr. með breyt. felld með 13 : 10 atkv.

Frumv. allt þar með fallið.

Frumv. til laga um breyting á 3. gr. í lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda (C. 375, 521); 2. umr.

Flutningsmaður (*Björn Sigfússon*): Samkvæmt bendingu frá h. 1. þingm. Árn. (Þ. G.) hefi jeg komið fram með breyt.till. við þetta frumv. og vildi með því taka til greina, að hann hjelt hina upphaflegu grein ekki nógu víðtæka. Jeg vona að h. deild samþykki frumv. með þessari breytingu og lofi því að ganga greiðlega sinn veg.

ATKV.GR.: Breyt.till. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 1. gr. með breyt. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 2. gr. samþykkt með 16 samhlj. atkv.; 3. gr. samþykkt með 16 : 1 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 : 1 atkvæði.

Frumv. til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn (C. 370); 2. umr.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Af því að frumv. þetta fjekk all-góðar undirtektir við 1. umr., finn jeg enga ástæðu til, að fara mörgum orðum um það, nema jeg heyri einhver mótmæli koma fram gegn því.

Þórður Guðmundsson: Jeg vil láta skoðun mína á þessu máli í ljósi og lýsa yfir því, að jeg get eigi gefið því atkvæði mitt. Jeg get ekki betur sjeð en að þetta sje hvöt fyrir menn, að ganga úr þjóðkirkjunni, en til þess vil jeg ekki stuðla með lögum. Því að menn mundu ganga úr henni til að losna við gjald til prests og kirkju, en jafnvel brúka þó hvorutveggja að einhverju leyti eptir sem áður, sem þeir geta eptir 2. gr. frumvarpsins. Það er ætlazt til að landssjóður borgi prestum þann tekjuhalla, sem af þessu leiðir. Það þykir mjer alls eigi geta átt við, að sletta þess konar gjöldum á hann. En hver á að borga kirkjunni? Það á víst ekkert að fást um, þó þær missi af tekjum sínum. Það yrði máske hinn almenni kirkjusjóður, en það er ekki vert að íþyngja honum um of, einkanlega á meðan hann er ekki kominn á laggirnar eða búinn að safna fje. Jeg álít það mjög varhugavert, að gefa mönnum slíka hvöt til að ganga úr þjóðkirkjunni.

Einar Jónsson: Ef þörf er á því, að frumv. þetta verði samþykkt, þá er auðsætt að einhverjir fleiri eða færri muni nota það, og þá bakar það landssjóði vafalaust talsverð útgjöld, og það er ekki svo lítil ástæða á móti frumv. og hana eina álít jeg næga til að fella það. Það er engin ástæða til að baka landssjóði sjerstök útgjöld fyrir menn, sem kynnu að vilja segja sig úr þjóðkirkjunni af einhverjum einstaklegum

ástæðum, máske mjög þýðingarlitlum. Það er ný-búið að fella hjer mál, sem bakaði landssjóði dálítil útgjöld í þarfir heilla safnaða, einmitt sakir útgjaldanna, og þá munu sömu ástæður víst mega gilda gagnvart þessu máli.

Auk þessa er þess að gæta um barnakennslu í sveitum mjög víða, að hún er eigi kostuð af neinum sjerstökum sjóði, og er þá eigi gott að sjá, hvernig ætti að fara með þetta gjald, sem utanþjóðkirkjumennirnir ættu að gjalda til barnakennslu.

Flutningsmaður (*Skúli Thoroddsen*): Mjer komu á óvart mótmæli þau, er nú hafa komið fram gegn frumv. þessu, og ætla jeg því að leyfa mjer að svara þeim nokkrum orðum.

H. 2. þm. Rangv. (Þórður G.) og 1. þm. N.-Múl. (E. J.) fundu báðir frumv. það til foráttu, að það myndi baka landssjóði allmikil útgjöld; því að það gæfi mönnum hvöt til að fara úr þjóðkirkjunni, og svo yrði landssjóður að borga öll þeirra gjöld til prests og kirkju; en jeg held að það sje óþarfi, að gjöra þetta svo mjög að grýlu, því að þeir, sem fara úr þjóðkirkjunni, losast ekki við gjöldin, og hafa þannig engan efnalegan hagnað, heldur renna gjöldin að eins í annan vasa, til barnakennslu í þeim hreppi, er þeir eru búsettir í. Eins og h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) tók fram, eru að vísu engir sjerstakir sjóðir til, sem ætlaðir eru til menntunar unglinga, að minnsta kosti ekki nema í stöku hreppum; en það er sjálfsagt, að gjaldið rynni þá í sveitarsjóð, og yrði af hreppsnefndinni varið til barnafræðslu; og ekki get jeg neitað því, að mjer þætti það mjög vel til fallið, ef skapazt gæti í sem flestum hreppum dálítill menntunarsjóður, og hver veit nema þessi lög gætu myndað vísi til þess? Jeg get heldur ekki ímyndað mjer, að gjöld landssjóðs myndu vaxa tilfinnanlega þótt lög þessi kæmust á, nema ef vera skyldi rjett að eins í svipinn, því að það myndi framvegis að sjálfsögðu verða tekið fram, þegar brauðum er slegið upp, að prestur yrði að sætta sig við þann tekjumissi, er leitt gæti af ákvæðum laga þessara, alveg eins og nú er gjört, að því er snertir ákvæði laganna frá 19. febr. 1886. Auk þess er það og aðgætandi, að eptir nefndum lögum frá 19. febr. 1886 losast söfnuðirnir við gjöld þau til kirkju og presta, er frv. nefnir, svo framarlega sem þeir fá sjer prest, er hefir konunglega staðfestingu. Hjer er því að eins um þá menn að ræða, er einhverra orsaka vegna eigi vilja vera í neinu kirkjufjelagi, og um fríkirkjusöfnuði að eins þann tíma, er líður frá því að söfnuðurinn myndast, og þar til prestur hans hefir hlotið konunglega staðfestingu.

Menn hljóta líka að játa, að það er mjög ósanngjart, að sá maður, sem ekki hefir sömu trú, eins og þjóðkirkjan, sje knúður til þess með lögum, að borga gjöld til prests og kirkju í því trúarfjelagi, sem hann eigi er í, og sem hann máske enda, frá sínu sjónarmiði, telur útbreiða óhollar kenningar; og jeg trúi því heldur ekki, að prestar þjóðkirkju vorrar vilji, þegar þeir hugsa sig vel um, taka við peningum til eflingar trú og kristindómi frá mönnum, sem ef til vill hafa gagnstæðar trúarskoðanir, því að það er auðvitað, að þeir peningar eru opt goldnir af miður góðu geði; og jeg vil taka enn dýpra í árinni, og segja, að jeg get ekki sjeð, að hin íslenzka þjóðkirkja geti verið þekkt af því, að gjöra sjer skattskylda þá menn, er eigi játa trú hennar; mjer finnst það vera ósamboðið þjóðkirkju vorri, sem sannarlega hefir þó sett sjer allt annað og æðra takmark en að sækjast eptir þessa heims gæðum.

Og ein afleiðingin af því núverandi fyrirkomulagi er einnig sú, að í þjóðkirkjunni er fjöldi manna, sem að eins kalla sig kirkjunnar menn, en eru fjarlægir henni í huga og hjarta; en í kirkjunni hýrast þeir, af því að þeir verða nú á annað borð, hvort sem er, að greiða til prests og kirkju. Lögin skapa þannig hræsni og hræsnara í kirkjunni.

Það má nú að vísu segja, að hjer á landi sje hin sýnilega þörf á þessu frv. eigi ýkja mikil, þar sem það að eins sjeu nokkrir heimilisfeður í 2 sýslum, er utan þjóðkirkju standi; en rjettlætiskrafan er þó hin sama, hvort sem fleiri eða færri eiga hlut að máli; og þess minni er og ástæðan til að óttast tekjumissi fyrir landssjóðinn.

Ef þetta frv. færi fram á hið sama, sem farið var fram á í frumv., sem borið var upp á alþingi 1891, að hver sem segði sig úr þjóðkirkjunni skyldi vera laus við öll gjöld til prests og kirkju, án þess að þurfa að greiða prests- og kirkjugjöldin í nokkurn annan sjóð, þá mætti máske segja, að mönnum væri gefin »premía«, til þess að fá þá til að segja sig úr þjóðkirkjunni, eins og einnig var haft til andmæla á þinginu 1891; en þegar menn ekki losast við nein gjöld, þótt það fari í annan vasa, þá er ómögulegt að segja, að mönnum sje með frv. þessu gefin hvöt til að segja sig úr þjóðkirkjunni. Frumv. fer ekki fram á annað en að hverjum manni leyfist að þjóna guði sínum á þann hátt, sem samkvæmast er samvizku hvers eins.

Að síðustu skal jeg taka það fram, að jeg hefi því betri vonir um, að frv. þetta nái fram að ganga, sem prestar hjer á landi hafa jafnan haft það orð á sjer, að vera frjálslyndir, og vona jeg, að það frjálslyndi þeirra komi einnig í ljós í kirkjumálum.

Einar Jónsson: Ef þetta frumv. er nauðsynlegt fyrir þá menn sem ekki geta fellt sig við að vera í þjóðkirkjunni, þá skil jeg ekki, hvers vegna skuli ráðstafa gjöldum þeirra eins og hjer er farið fram á, nefnilega til barnakennslu. Ef þeir geta ekki fellt sig við að gjalda til prests og kirkju, þessarar stofnunar, sem almennt er viðurkennt, að hafi góð áhrif á þjóðfjelagið, þá skil jeg ekki, að þeir geti betur fellt sig við, að gjalda til barnakennslu í þjóðkirkjunni, sem fer eptir sömu kenningu og í sama anda sem kenning sú er prestar þjóðkirkjunnar flytja; því að höfuðatriðið í barnauppfræðslunni er einmitt kristindómurinn, eins og kunnugt er. H. flutningsm. sagði, að ef ekki væri til neinn sjerstakur sjóður til barnakennslu, þá tjelli gjaldið í sveitarsjóð. Það get jeg ekki sjeð að verði eptir ákvæðum frumv. Þar er hvergi gjört ráð fyrir því. Það á ekki að vera nein ástæða, er jeg færði gegn frumv. þessu áðan, að þetta mundi auka landssjóði útgjöld. En jeg skal taka eitt glöggt dæmi til sönnunar máli mínu, nefnilega Vallaness prestakallið, sem áðan var verið að tala um. Menn mundu þar ugglaust í ríkulegum mæli ganga úr þjóðkirkjunni, ef þetta frumv. yrði að lögum, og þá yrði landssjóður að sætta sig við að borga ekki 400 kr., heldur 600 kr., ef ekki 1000 kr. Ef tíðkazt hafa hótanir um að ganga úr þjóðkirkjunni, ef menn fá ekki einhverju framgengt, er þeir vilja, þá skil jeg ekki í öðru, ef þetta verður að lögum, en að menn mundu nota sjer það, að þeim er gjört svona ljett fyrir og hópast úr þjóðkirkjunni, án þess þó að nokkrar sannar og eðlilegar orsakir væru til þess. Og það getur víst orðið ekki svo lítið fjárspursmál fyrir landssjóðinn.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg hefi einhvern tíma verið riðinn við mál, sem var líkt þessu. Það eru nú nokkur ár síðan, og minnir mig að það væri 1885. Jeg álít það ekki heppilegt, að löggjafarvaldið taki slíkar málaleitanir mjög óstinnt upp. Jeg er ekki mjög mótfallinn lögum í þessa átt, þótt þau raunar fari nokkuð lengra en jeg fór þá. Þau fara þó ekki lengra en sams konar lög í Danmörku.

Helzta ástæðan, sem færð hefir verið á móti málinu, er sú, að það baki landssjóði kostnað. Þótt jeg væri yngri prestur en jeg er, svo meiri líkindi væru til, að menn í söfnuði mínum gengju úr þjóðkirkjunni, þá mundi mjer aldrei koma til hugar að taka borgun af þeim mönnum, sem segðu sig úr þjóðkirkjunni, eða heimta hana úr landssjóði, og vona jeg að fleiri prestar sjeu svo. Það mundi því í rauninni ekki þyngja mikið á landssjóði, þótt þetta væri leyft. Það væri annað mál, ef þeir ættu að vera lausir við öll gjöld í þá átt. Þá gæti það verið freisting fyrir þá að ganga úr þjóðkirkjunni. Þá hefðu þeir eigi þurft annað en segja: »Jeg er utanþjóðkirkjumaður«. En eptir því sem málið nú horfir við, er engin hætta á, að það verði nema einstakir menn, sem nota leyfið, ef það verður nokkur.

Björn Bjarnarson: Jeg verð að taka undir með h. varaforseta (Þ. B.) um, að frumv. þetta sje meinlítið og gagnslítið. Jeg held, að ekki þurfi að óttast, að af þessu frumv. leiði mikil útgjöld fyrir landssjóðinn, þar sem í því er ákveðið, að þeir sem segi sig úr þjóðkirkjunni skuli borga öll prest gjöld í þarfir sveitarsjóðs, því þá er auðsætt, að þegar sýslumaður á að heimta gjöldin inn á manntalsþingum, verða þau sjálfsagt að greiðast í peningum. Nú vitum vjer, hve erfitt er að greiða gjöld sín með peningum hjer á landi, svo þeir, sem þessi lög vildu nota, yrðu talsvert harðara úti en þeir annars verða, að því er snertir gjöld til prests og kirkju. Jeg held þess vegna, að mjög fáir yrðu til að nota þann rjett, sem frumv. heimilar. En þó það ekki yrðu nema fáir menn, máske færri en 10, sem notuðu þennan rjett, þá álít jeg, að gefa ætti þessum mönnum kost á að losa sig við þjóðkirkjuna á þenna hátt, og af því að jeg þykist viss um, að frumv. þetta baki landssjóði ekki mikinn kostnað, þá sje jeg ekkert ísjárvert við að gefa því atkv. mitt.

Flutningsm. (*Skúli Thoroddsen*): Jeg vildi að eins gjöra örstutta athugasemd við ræðu h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.). Hann tók það fram, að hann skildi ekki, hvernig gjaldið eptir þessu frumv. ætti að greiðast í sveitarsjóð, en það virðist þó ekki mikill vandi að skilja það, þar sem gert er ráð fyrir því í 3. gr. frv. Þar stendur, að sýslumaður skuli innheimta gjaldið á næsta manntalsþingi og afhenda það hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita.

Þá áleit hann, að þeir, sem vildu vera utan þjóðkirkju, gætu ekki betur fellt sig við að greiða gjaldið til barnakennslu í sinni sveit, en til prestsins, þar sem kristin fræði væru sú höfuðgrein, sem börnum væri kennd. En þetta er ekki rjett skoðun, því sveitarstjórnin hefir engan rjett til að skipta sjer af, hvað og hvernig börnum utanþjóðkirkjumanna er kennt.

Að því er snertir þá mótbáru h. þm., að þetta frumv. muni baka landssjóði mikil útgjöld, þá furðar mig á, að slík mótbára skuli koma frá mikils virtum presti í hinni mikils virtu þjóðkirkju. Það sýnir, að eitthvað muni vera rotið í þeirri sömu þjóðkirkju, þar sem menn halda, að menn muni nota hið fyrsta bezta tækifæri til að losa sig við hana.

Er þjóðkirkjan svo nauðuglega stödd, að hún þurfi að halda mönnum nauðugum innan sinna takmarka? Ef hún er svo stödd, þá finnst mjer sannarlega geta verið spurning um það, hvort miklu sje artandi upp á þessa þjóðkirkju. Það mun og flestum kunnugt, að þó allur fjöldi manna hjer á landi játi trú þjóðkirkjunnar, þá er þó töluverð ólga í hjörtum manna, þar sem töluverðir nýir straumar hafa borizt hingað vestan um haf. Þessi ólga getur ekki brotizt fram meðan þjóðin lifir undir þessu ófrelsi í trúarefnum. Af því alþýða manna er svo fátæk, sjer hún sjer ekki fært að kosta bæði sjerstakan prest og gjalda jafnframt til prests og kirkju í þjóðkirkjunni. Því eptir lögunum frá 19. febrúar 1886 um utanþjóðkirkjumenn geta verið töluverð vandkvæði á því fyrir þá, sem utan þjóðkirkju eru, að fá sjer prest þann, er kgl. staðfestingu hefir; stjórnin getur neitað um staðfestinguna af ýmsum ástæðum, og alla þá tíð, sem stjórnin ekki fæst til að samþykkja prest utanþjóðkirkjumanna, þá verða þeir að gjalda öll gjöld til þjóðkirkjuprestsins, auk þess, sem þeir verða að kosta sinn eigin prest. Mig furðar mikið á því, ef hin íslenzka þjóðkirkja þykist þurfa að halda sjer þannig uppi á fje þeirra, sem utan hennar eru.

Það hefir verið tekið til dæmis, að Vallanessöfnuður muni nota sjer þann rjett, sem þetta frumvarp veitir, ef það verður að lögum. Það getur vel verið; en það dugar ekki að horfa í þann kostnað, sem landssjóður mundi hafa í því tilliti; eða á að bíða til eilífðar með þessa sanngjörnu rjettarbót, af því að henni eigi verði á komið án kostnaðar fyrir landssjóðinn?

Eins og kunnugt er, hefir landssjóður árlega orðið að bæta prestinum í Hólmaprestakalli í Reiðarfirði upp tekjuhalla þann, er hann, vegna fríkirkjusafnaðarins í Reiðarfirði, hefir orðið fyrir, og jeg hefi þess vegna ekki sjeð mjer annað fært en að taka upp í þetta frumv. ákvæði um það, að þeir prestar, sem fengið hafa embættisveitingu, áður en lög þessi öðlast gildi, skuli fá tekjuhalla þann endurgoldinn úr landssjóði, er leiðir af því, að menn segja sig úr þjóðkirkjunni. Jeg óttaðist, að prestar þjóðkirkjunnar mundu álíta sjer misboðið, ef þeir fengi ekki þennan tekjuhalla bættan, og að þingið mundi þá engan frið hafa fyrir sífelldum kvörtunum og fjárbænum úr þessari átt.

ATKVÆÐAGR.: Þá var eptir skriflegri ósk 8 nafngreindra þingm. samþ. að hætta umræðum. — Síðan var 1. gr. frumv. felld með 11 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
Kl. Jónsson,	Einar Jónsson,
B. Kristjánsson,	B. Sigfússon,
Bj. Bjarnarson,	Guðl. Guðmundsson,
Jens Pálsson,	H. Kr. Friðriksson,
Jón Jakobsson,	Jón Jónsson, A.-Sk.,
Jón Jónsson, Eyf.,	Jón Þórarinsson,
Ól. Briem,	Jón Þorkelsson,
Sigf. Árnason,	Sig. Gunnarsson,
Sighv. Árnason,	Þór. Böðvarsson,
Sk. Thoroddsen,	Þórð. Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundsson;

tveir þingdm. voru ekki viðstaddir.

Frv. var þannig fallið.

Frumv. til laga um sameining amtmannaembættanna (C. 282, 528); 2. umr.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Mjer hefir láðzt að geta þess við 1. umræðu þessa máls, að í 6. gr. er prentvilla, þar sem sagt er, að úr gildi sje numin 2. gr. laga 9. desbr. 1889 um breyting

á lögum 15. okt. »1775«; því fyrir »1775« á að standa 1875.

Jeg gat þess við 1. umr., að aðaltilgangur þessa frumv. væri sá, að spara landssjóði 5000 kr. á ári. Jeg er alveg sannfærður um, að spara megi þetta fje á vel framkvæmanlegan og vandræðalausan hátt, þ. e., án þess að landið, þjóðin eða stjórn opinberra mála bíði við það hinn minnsta skaða. Þar sem nú hægt er að spara landssjóði 5000 kr. á ári öllum að skaðlausu, þá sje jeg ekki annað, en að það sje ekki að eins rjett, heldur skylda þingsins að gera það.

Það eru komnar fram 2 breyt.till. við frumv. Önnur er um það, að amtmaðurinn skuli vera búsettur í Reykjavík. Þessa tillögu get jeg vel aðhyllzt. Hin breyt.till er um það, að 4. gr. frumv. skuli vera 6. gr., og 5. og 6. gr. skuli verða 4. og 5. gr. Þessa tillögu get jeg líka vel aðhyllzt.

Skal jeg svo ekki, að svo stöddu, tala fleira um málið.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.): Jeg vil áður en gengið er til atkvæða í máli þessu, alvarlega vekja athygli h. deildar á því, að hjer er um mikinn sparnað að ræða fyrir landssjóð, og að hjer er fylgt fram hinni sömu stefnu, sem þingið hefur fylgt áður, þeirri stefnu, að leggja niður amtmannaembættin. Nú stendur svo á, að annað amtmannsembættið er laust, og má því vera, að stjórnin fallist á frumv. þetta.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. samþ. með 12 gegn 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei:*
B. Kristjánsson	Einar Jónsson
Björn Bjarnarson	Klemens Jónsson
Björn Sigfússon	Guðl. Guðmundss.
Jens Pálsson	H. Kr. Friðriksson
J. Jónss. þm. A.-Sk.	Jón Jakobsson
Jón Þórarinsson	J. Jónss. þm. Eyf.
Sigfús Árnason	Jón Þorkelsson
Sighv. Árnason	Ólafur Briem
Skúli Thoroddsen	Sig. Gunnarsson.
Þór. Böðvarsson	
Þ. Guðmundsson	
Þorl. Guðmundss.	

Breyt.till. við 2. gr. samþ. með 12 : 7 atkv.; 2. gr. breytt samþ. með 12 : 5 atkv.; 3. gr. óbreytt samþ. 12 : 3 atkv.; breytingartill. við 4. gr. á þingskj. 486 samþ. með 12 : 2 atkv.; 4. gr. breytt samþ. með 12 atkv.; 5.—7. gr. óbreyttar samþ. með 12 atkv. hver.

Málinu vísað til 3. umr. með 12 : 8 atkv.

Frumv. til laga um að veita stjórninni heimild til að fyrirskipa, að auglýsingar þær, er rætt er um í opnu brjefi 27. maí 1859, verði teknar upp í Stjórnartíðindin, deildina B. (C. 244); 2. umr.

Flutningsmaður (Björn Bjarnarson): Jeg álít að mál þetta hafi verið nægilega rætt við 1. umr. og vona, að það mæti jafngóðum undirtektum nú sem þá.

Einar Jónsson: Jeg verð aptur á móti að álíta, að málið hafi ekki verið nægilega rætt við 1. umr., og því sje þörf á að ræða það nú. Jeg fyrir mitt leyti hef ekki fengið glöggva grein fyrir, hve miklar tekjur landssjóður mundi fá fyrir hinar opinberu auglýsingar, því að ef við því mætti búast, að þær yrðu litlar, þá er mjög vafasamt, að hjer sje farið fram á nokkra heillabreyting, en sjeu þær miklar, þá getur verið ástæða til, að fylgja henni fram. Það er annars auðgert að reikna út, hve miklar tekjur landssjóður mundi fá fyrir auglýsingarnar, ekki þarf nú annað en að taka Ísafold og reikna út hvað þær hafa gefið af sjer, t. d. um tveggja ára tíma. Það er einnig auðsætt, að útgáfu-kostnaður Stjórnartíð-

indanna mundi aukast að mun; bæði pappír, prentun og útsending mundi kosta meira, ef hinar opinberu auglýsingar yrðu teknar upp í þau. Þetta álít jeg að allt þurfi að rannsaka betur, áður en mál þetta er leitt til lykta, og vil jeg því leyfa mjer að stinga upp á, að 3 manna nefnd sje skipuð í því.

ATKV.GR.: Nefndarkosning felld með 12 : 10 atkv.

Flutningsmaður (*Björn Bjarnarson*): Jeg skal geta þess, út af ræðu h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.), að jeg hef nú ekki nákvæmlega reiknað út tekjurnar af auglýsingunum, en jeg veit, að auglýsingar eru taldar ein hin bezta tekjugrein fyrir blöð.

Að því er tekjur þessar snertir, mun jeg hafa reiknað þær út, áður en málið kemur til 3. umr., og gefa þá upplýsingar um það.

Bogi Melsted: Jeg greiddi atkvæði áðan með því, að nefnd væri kosin í málinu, af því að mjer finnst, að það þurfi að skoða þetta mál, betur en gert hefur verið.

Jeg hef í dag leitað mjer upplýsinga um, hvað opinberu auglýsingarnar gefi í aðra hönd á ári, og hef jeg orðið þess vísari, að allar auglýsingar frá embættismönnum gefi 434 kr. á ári, og eru þá taldar með uppboðs-auglýsingar, er eigi eru lögboðnar og eigi mundu verða birtar í Stjórnartíðindunum. Af þessari upphæð komu 279 kr. úr Kjósar- og Gullbringusýslu og úr Reykjavík, en úr öllum öðrum sýslum landsins að eins 155 kr. Auglýsinga-tekjurnar úr Gullbringu- og Kjósarsýslu og úr Reykjavík eru svo háar með fram fyrir þá sök, að hlutaðeigandi embættismenn setja opt uppboðs-auglýsingar í auglýsingablaðið; það er svo nálægt þeim, að slíkar auglýsingar ná ekki útbreiðslu á annan hagfelldari hátt. Af þessu yfirliti er það auðsætt, að auglýsingagjaldið mundi ekki verða arðsöm tekjugrein fyrir landssjóð.

Jeg get þess, að jeg hef leitað þessara upplýsinga og borið þær hjer fram einungis af því, að mjer er annt um hag landssjóðs, en ekki af því, að jeg beri nokkurt sjerstakt blað fyrir brjósti, er mjer sje annt um, að njóti ágóðans af auglýsingunum; mjer er alveg sama um, í hvaða blaði þær koma út. En jeg verð að vera á móti því, að þær sjeu prentaðar í Stjórnartíðindunum, af því að ágóðinn er lítill, en slíkt hefði töluverðan kostnað í för með sjer.

Stjórnartíðindin yrðu þá að koma miklu optar út en þau gjöra nú, og það yrði óumflýjanlegt, að stækka þau, svo að næsta er efasamt, að breytingin hefði tekju-auka í för með sjer fyrir landssjóð, en auðsjeð óhagræði að henni fyrir almenning.

Flutningsmaður (*Björn Bjaranrson*): Mjer virðist dálítill misskilningur koma fram í ræðu h. 2. þm. Árn. (B. M.); hjer er ekki um annað að ræða en heimild, er veitist stjórninni til, að láta prenta hinar opinberu auglýsingar í Stjórnartíðindunum, ef henni sýndist svo, en mjer virtist hann telja það sjálfsagt, að henni væri gjört að skyldu, að láta prenta auglýsingarnar þar, ef frumv. þetta verður að lögum. Jeg ber svo mikið traust til stjórnarinnar í þessu máli, að hún muni ekki láta prenta auglýsingarnar í Stjórnartíðindunum, ef hún sæi að landssjóður mundi bíða tjón við það, en það vantraust virtist mjer liggja beint í orðum h. þm. Árn. (B. M.).

Annars vildi jeg biðja h. þm. Árn. (B. M.) að skýra frá, hvaðan hann hefur fengið upplýsingar sínar. Jeg held vissast sje að koma sjer eptir, hve auglýsinga-tekjurnar eru miklar með því,

að rannsaka það sjálfur, taka blað það, sem nú flytur þær og reikna út eptir því tekjurnar samkvæmt auglýsinga-verðinu.

Bogi Melsted: Mjer er engin launung á því, hvaðan jeg fjekk þessar upplýsingar; jeg fjekk þær þaðan, sem jeg vissi, að þær gátu verið áreiðanlegastar, frá sjálfum útgefanda auglýsinga-blaðsins. En þó skal h. deild ekki ætla, að jeg komi hjer fram sem málsvari hans; það dettur mjer ekki í hug; hjer er mjer ekki um annað að gjöra en hag landssjóðs, og vil jeg að málið sje rannsakað, áður en það er til lykta leitt, en það ekki knúð fram, án þess menn gjöri sjer ljósa grein fyrir, hvað þeir eru að gjöra.

H. þingm. Borgf. (B. B.) kvaðst bera svo gott traust til stjórnarinnar í þessu máli; en hvað sem því líður, þá vil jeg eigi síður, að þingið hafi hönd í bagga með henni.

Jeg hefði annars betur getað skilið, að h. þm. Borgf. (B. B.) hefði komið með þá tillögu, að auglýsingar þessar væru fengnar öðru blaði, því að slíkt þyrfti eigi að valda neinu óhagræði fyrir almenning.

Guðlaugur Guðmundsson: Mjer finnst meðferð bæði þessa máls og fleiri mála hjer í dag svo flaustursleg, að hver varkár þingmaður því nær verði að greiða atkvæði gegn þeim. Nú eru komnar fram nýjar upplýsingar í þessu máli og þær eru svo frá annari hlið vefengdar.

Mjer fjell það illa, er nefndarkosning var felld áðan, en af þeim orsökum, að nýjar upplýsingar hafa komið fram í málinu síðan, vil jeg nú að nýju leyfa mjer að stinga upp á, að nefnd sje skipuð í málið.

ATKV.GR.: Uppástunga um að 3 manna nefnd væri skipuð í málið var felld með 12 : 10 atkv., en 5 manna nefnd samþykkt með 13 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson	Björn Bjarnarson
Klemens Jónsson	Jón Jakobsson
Björn Sigfússon	Jón Þórarinsson
Bogi Melsted	Jón Þorkelsson
Guðl. Guðmundss.	Sigfús Árnason
H. Kr. Friðriksson	Sig. Gunnarsson
Jens Pálsson	Þór. Böðvarsson
J. Jónss. þm. A.-Sk.	
Olafur Briem	
Þ. Guðmundsson	
Þorl. Guðmundss.	

J. Jónss. þm. Eyf. og Skúli Thoroddsen greiddu ekki atkvæði og voru því taldir með meiri hlutanum.

Í nefndina voru kosnir:

Björn Bjarnarson	með 14 atkv.
Guðl. Guðmundsson	— 9 —
Bogi Melsted	— 8 —

Fleiri höfðu eigi nægan atkvæðafjölda og var því kosið á ný um 2 og hlutu kosningu:

Jón Þórarinsson	með 15 atkv
J. Jónss., 2. þm. Eyf.	— 14 —

Tillaga til þingsályktunar um málaleitanir við erlend ríki um frjettaþráð til Íslands (C. 341); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á 2 umr., og var það samþykkt.

Fertugasti og fyrsti fundur, fimmtudaginn 17. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um eptirlaun (C. 525); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþykkt umræðulaust með 14 samhlj. atkv. og endursent efri deild til framlagningar þar í deildinni.

Frumvarp til laga um háskóla (C. 597, 605); 3. umr.

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Jeg finn ekki ástæðu til, að fara neinum orðum um frumv. fyr en jeg heyri undirtektir manna. Aðeins leyfi jeg mjer að mæla sem bezt með frumv.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg býst við því, að mörgum kunni að þykja það dálítið óviðkunnanlegt, ef jeg geri enga grein fyrir atkvæði mínu við 3. umræðu þessa máls.

Jeg vildi ekki láta mál þetta fara svo framhjá, að jeg ekki svaraði h. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) nokkrum orðum um það, er hann sveigði að mjer sem framsögumanni meiri hlutans við aðra umræðu þessa máls, þar sem mjer þá var varnað svars. Þessi h. þm. hreytti ýmsum illyrðum að meiri hlutanum í því máli, en þó einkanlega að mjer. En það var auðheyrt af orðum hans, að hann hafði ekki hugmynd um það sem hann var að tala um; hann hafði ekki minnsta snefil af heilbrigðum skilningi á málefninu, að jeg ekki segi heilbrigðri skynsemi, því ekki vil jeg geta þess til, að hann hafi vísvitandi rangfært það, sem lá prentað fyrir augunum á honum. Svo sem til dæmis um það, hvað litla hugmynd hann hafði um það, hvernig tillögur lágu fyrir í málinu, má nefna það, að hann velti sjer hvað eptir annað yfir »minni hluta« nefndarinnar, einmitt yfir þann, sem hann þm. sjálfur var að verja, og sagði að »minni hluti« nefndarinnar hefði gefið þesu máli það »kjaptshögg«, að það biði þess aldrei bætur. Hann hefir því ekki lesið nefndarálitin, þar sem það er augljóst, að hann hefir ekki þekkt sundur meiri hluta og minni hluta.

Hann hefir hrapað ókunnugur inn í málið, og er ekki ólíklegt, að saga h. þm. Snæf. (J. Þork.) hafi ruglað hann svo, að hann hafi verið að tala til einhvers minni hluta í öðru máli fyrir tugum ára síðan. Það er ekki hægt að svara ákærum slíkra manna með rökum, því að eigi ræða þingm. að hafa nokkra þýðingu fyrir það mál, sem verið er að fjalla um, þá verður hann að hafa lesið allt er að því lýtur í þingskjölunum; annars fellir hann, eins og h. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.), ástæðulausan sleggjudóm á málið.

Það sýnist eigi vera heppilegt af þingmanninum, að kasta þannig fram röklausum sleggjudómum til að vekja úlfúð og æsingar, bæði meðal þingmanna sjálfra og meðal þingmanna og kjósenda þeirra. Kjósendum vorum verður eigi fátt til tortryggni, þótt vjer fulltrúar þeirra aukum það ekki með því, að bregða hvorir öðrum um uppspunnin óhróðursmál.

Atkvæðagreiðslan við 2. umræðu sannar annars ljóslega þau orð mín, að menn vildu gjarnan hafa háskóla, en hann mætti ekkert kosta. Eins og frv. nú liggur fyrir, þá er það hin sanna mynd af hugmyndum minni hlutans um þennan skóla, og þeirra, sem honum fylgja. Það er kennaralaus og launalaus skóli, blóðlaus hugmynd, sem enga praktiska þýðingu hefir. Þetta sannar og sýnir atkvæðagreiðslan við 2. umr.

Mjer finnst það ófyrirsynju gert af minni hlutanum og hans fylgismönnum, að koma fram með breyt.till. til að færa þessa háskólahugmynd niður á við aptur nú við 3. umr. En látum svo vera.

Þegar nú þessi skóli er genginn svo saman, að þar á ekki að kenna nema 3 fræðigreinir, læknisfræði, guðfræði og lögfræði, þá fer nú harla lítill ágreiningur að verða með meiri- og minnihlutanum. Hvað getur háskóli með þessum námsgreinum verið annað en nafnið tómt? Til þess það geti heitið há-

skóli, þá þarf að kenna þar margar fræðigreinir, eða svo er það hvervetna, þar sem háskólar eru.

Jeg skal geta þess, að jeg greiddi atkvæði með málinu til 3. umræðu, af því, að þá var nýbúið að fella tillögu meiri hluta nefndarinnar. Mjer þótti betra að hafa illt en annað verra. Jeg hefi líka þá von, að háskóli komist á hjer með tímanum, háskóli, sem sje meira en tómt nafnið á pappírnum, en áður en það verði, geta ef til vill liðið einn eða tveir mannsaldrar. Það verður ef til vill eigi fyr en um miðja næstu öld. Til þess að hafa háskóla, sem í nokkru lagi sje, þá þarf mikið fje, en það mun líða langt um áður hin íslenzka þjóð hafi fje til þess.

Það frumv. um háskóla, sem nú liggur fyrir, er að vísu óháfandi, eins og það er; en það gengur nú svo hjer í deildinni, að maður verður opt að greiða atkvæði með frumv., sem manni ekki líkar, að eins til að sýna, að maður hafi hlýjan hug til málsins sjálfs.

Loks vil jeg minnast á, að það er athugavert í þessu frumv. með öðru fleiru, að stúdentar, sem tekið hafa próf við háskólann í Höfn, eru ekki útilokaðir frá að keppa um embætti hjer á landi.

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Jeg heyrði nú ekki allt í ræðu h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.); en það, sem jeg heyrði, gat jeg ekki skilið að gæti gefið ástæða til að hafna þessu frumv. Hann talaði um, að skólinn væri eptir frumv. kennaralaus og launalaus. En gætt gat hann þess, að nú er komin fram breyt.till., sem bætir úr því. Það vakti fyrir mjer og öðrum h. þm., sem þessa breyt.till. gerðu, að launin mundu hafa þótt of há í frumv., úr því að einmitt sú grein, sem ákvað þau, var felld við síðustu umræðu, og eru þau nú sett niður í 2000 og 3000. Þetta kallar nú h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G,) að draga málið niður. En jeg skal benda honum á, að það hefir verið venja, að minnsta kosti í Höfn, að docentar við háskólann fengi 2000 kr. laun í upphafi og prófessorar 3000. Oss þótti því kennarar við háskólann hjer vera full sæmdir af 2000 og 3000 kr., að minnsta kosti fyrst í stað. Sjálfsagt væri það kostnaðarminnst, að kennararnir hefðu engin laun, og væri vel, ef h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) fyndi ráð til þess. (*Guðl. G.:* Það er ekki jeg, sem hefi haldið því fram).

H. þm. V.-Skaptf. gat ekki skilið, að skóli, er svo fáar námsgreinar væri kenndar í, eins og til er tekið í frumv., gæti verið háskóli. En hann kveðst mundu hafa skilið það, ef námsgreinarnar hefðu verið nógu margar til teknar. Honum þykir svo bráðnauðsynlegt að þar sjeu kenndar miklu fleiri námsgreinar. En það er í þessu máli eins og fleirum betra, að fara stillt af stað og biðja að eins um það, sem einhver von er um að fáist áður en aldir líða. Jeg veit nú satt að segja ekki, hvort maður getur vænzt þess, eins og nú standa sakir, að frumv. fái staðfesting konungs, þótt það gangi gegnum þingið. En jeg legg minni áherzlu á það, heldur en hitt, að halda þessu máleíni áfram í rjetta stefnu. En vitanlega óskum við allir að það verði sem fyrst leitt til æskilegra lykta.

H. sami þm. (Guðl. G.) sagði enn fremur, að honum þætti það athugavert, að kandídatar frá Kaupmannahöfn væru ekki útilokaðir frá, að keppa um embætti hjer á landi. En þar til liggja þau svör, að þetta gerir eigi svo mjög mikið til, ef þetta frumv. nær eigi fram að ganga, sem menn bera kvíðboga fyrir. (*Guðl. G. o. fl.:* Á, er það svo?). Og þó það næði fram að ganga, þá væri engin ástæða fyrir oss

að samþykkja það ekki, hvað svo sem stjórnin gerir.

Orðum þeim, sem h. þm. V.-Skaptf. beindi að h. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) þarf jeg ekki að svara, því að sá h. þm. (Sighv. Á.) er eins fær um það sjálfur og jeg. Jeg skal að eins geta þess, að öll sú senna er sprottin af því, að annaðtveggja hefir 2. þm. Rangv. orðið mismæli eða þm. V,-Skaptf. hefir misheyrzt. En er ekki valt að byggja á slíku? Og að h. þm. V.-Skaptf. hefir misheyrzt, sjest meðal annars af því, hvernig h. 2. þm. Rangv. greiddi atkv.; hann hefði ekki farið að greiða atkv. þvert ofan í sjálfan sig, sem hann þó hefði hlotið að gera, ef h. þm. V. Skaptf. hefði heyrt rjett, eða hermt rjett orð hans. En við slíkt háttalag hefir h. 2. þm. Rangv. hvorki verið kenndur fyrr nje síðar. Ræður h. 2. þm. Rangv. munu ekki koma neinum æsingum af stað hjer á þinginu, nje heldur úlfúð heima í hjeruðum, og engar ræður, er haldnar hafa verið í þessu máli. Enda hefir ekki verið til slíks stofnað. Við það getur h. þm. V.-Skaptf. huggað sig.

Klemens Jónsson: Við 2. umræðu þessa máls talaði jeg ekkert, því að jeg hafði engu við það að bæta, sem framsögumaður meiri hlutans (Guðl. G.) og h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.) færðu sem ástæður fyrir áliti meiri hlutans. En það sem ofan á varð, var það, sem minni hlutinn (J. Þork.) vildi hafa, og það var háskóli með engum kennara og engum launum! Mjer sýnist liggja í augum uppi, að þingið sje með þessu að leika komedíu; alvarlegt mál er það ekki. Tillaga meiri hlutans var því miður felld við 2. umræðu, en aðalatriði hennar var eins og kunnugt er, að fá innlenda lagakennslu. Þjóðin þráir einmitt slíka lagakennslu, og hefir verið leitað á marga vegu að fá því framgengt; það hafa komið fram fjórar aðaluppástungur: að stofna lagaskóla, landskóla, þjóðskóla og háskóla, allt í þeim tilgangi að koma á innlendri lagakennslu. En sakir þess að menn hafa haft svona mörg járn í eldinum, þá hefir allt saman brunnið, og málið ekki náð fram að ganga. Nú er þá enn komið frumvarp um háskóla fyrir þingið, en meiningin er þó ekki önnur en sú, að fá lagaskóla eða kennslu í íslenzkum lögum. Í þessu frumvarpi er ekki farið fram á annað en að steypa saman prestaskólanum og læknaskólanum og bæta svo lagaskólanum við. Þessi háskóli er, eins og h. þm. V.-Sk. (G. G.) komst að orði, blóðlaus húgmynd. Eða hver meining er í því að stofna slíkan háskóla, er ekki yrði betur úr garði gerður? Er það að eins til að fá »rector magnificus« og hengja gullkeðju um háls honum, ef annars væri ráð á því? En það er mjög hætt við, að efnin verði lítil fyrst um sinn, úr því að kennararnir engin laun eiga að hafa.

Til þess nú að bæta úr þessum galla er fram komin breytingartilla, frá 8 h. þm. En það er öðru nær en að hún gjöri það. Það er tekið fram, að laun kennaranna við prestaskóladeild og læknaskóladeild háskólans skuli vera hin sömu og laun kennaranna við prestaskólann og læknaskólann eru nú. Kennaranum í heimspeki eru ætluð sömu laun og honum eru ákveðin í lögum, en sá hængur er á því, að þau lagaákvæði eru ekki til, því eins og alkunnugt er, eða hlýtur að vera, er annar kennarinn við prestaskólann kennari í heimspeki, og það ekki einungis við prestaskólann, heldur einnig við læknaskólann, án þess honum sjeu ákveðin nein sjerstök laun fyrir þann starfa. Það lítur út fyrir, að menn hafi alls eigi athugað þetta, og má það merkilegt heita.

Merkilegt út af fyrir sig er það og, að formanni lögfærðisdeildarinnar eru ætluð minnst laun. Einmitt hann, sem hlýtur að eiga erfiðast uppdráttar, af því að hann verður að brjóta ísinn fyrir nýrri námsgrein — hann á að hafa minnst laun — einar 3000 krónur, eins og sýslumenn í meðalsýslum hafa, og má geta því nærri, að fást muni framúrskarandi menn í þetta embætti með þessum launum!

Hvað hafa þá þessir h. 8 þm. eiginlega hugsað sjer með breyt.till. sinni? Ætla þeir að bæta upp með henni þetta blóðlausa frumv.? Já, þá verð jeg að segja, að það er hver silkihúfan upp af annari.

Háskóli er annars framtíðarmál þessarar þjóðar og á að vera það; hann kemst einhverntíma á, en þess er enn langt að bíða, svo að það er ekki ástæða til að halda fram háskólanum nú, því að það gerir heldur að spilla fyrir málinu en bæta. En það er ekki á ábyrgð meiri hlutans, þó að málið fari forgörðum í þetta skipti. Þetta frumvarp er að eins til að eyðileggja það áhugamál, að fá innlenda lagakennslu, þótt það verði brennandi spursmál með tímanum að koma háskóla á. Jeg get af þessum ástæðum hvorki greitt atkvæði með frumv. nje breyt.till.

Jeg get ekki svo skilizt við þetta mál, að láta það ekki í ljósi, að mjer þykir það sorglegt, að reyndir menn og greindir, eins og 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.), skuli vera að halda langar ræður í máli, sem hann auðsjáanlega hefir ekkert skilið í.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla fyrst að snúa mjer að því, sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði síðast, að jeg hefði ekki haft minnstu hugmynd um það, sem jeg var að tala um. En mjer virðist ræða h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sýna, að annað muni vaka fyrir honum en það, sem málinu er fyrir beztu.

Um h. þm. V.-Skapt. (G. G.) má segja, að svo verður á horskum sem heimskum. Hann sagði aptur og aptur á þá leið, að jeg hefði hallmælt minni hluta nefndarinnar í ræðu minni um daginn. En þetta er algjörlega ranghert. Jeg vona að skrifararnir hafi bókað það rjett. (*Guðl. G.*: Jú. Það er rjett, það muna svo margir. *Jón Þork.*: Nei!). En hitt getur verið, að jeg hafi orðið nokkuð djarfyrtur gagnvart meiri hlutanum.

Mjer þótti nokkuð undarlegur apturkippur koma í þetta mál hjá meiri hluta nefndarinnar. Það er meiri en dæmi sje til í allri sögu þessa máls.

H. þm. V.-Skapt. (G. G.) talaði um ábyrgð þá sem minni hlutinn og fylgjendur hans hafi bakað sjer með framkomu sinni í þessu máli; en jeg er fyrir mitt leyti ekkert hræddur við hana, og jeg held það verði skoðunarmál, hvorumegin ábyrgðin liggur, enda mun nú málið varla komast gegnum þessa h. deild í þetta sinn, fyrir frammistöðu meiri hlutans, og því síður lengra. Jeg held, að þm. megi vera ljóst af sögu þessa máls, sem hefst um miðja þessa öld, hverju halda skuli fram. Málinu hefir aldrei verið haldið fram í þessu horfi, sem meiri hlutinn fylgdi, enda má mikið vera, eptir stefnu tímans, ef þjóðin gerir sig ánægða með það, sem meiri hlutinn kveður sig harðánægðan með. Menn geta ekki neitað því, að þjóðin sje farin að blína á framsókn þessa máls. (*Jón Þork.*: Heyr!). En rjett í því snúa nokkrir h. þm. aptur í þessu máli, þrátt fyrir það, þótt heyrzt hafi raddir úr öllum kjördæmum í framsóknaráttina, og flestir af þeim, sem sitja hjer á bekkjunum, hafa einmitt haft með sjer áskoranir kjósenda sinna, að halda þessu máli fram í sama horfi

og áður. En þegar þeir koma til þingsins, þá snúa þeir við blaðinu, einmitt þegar svo langt er komið, að einhver von gat verið um, að fá lagaskólamálinu framgengt, fyrir eindregið fylgi allra landsmanna. Jeg get ekki ásakað mig fyrir það, þótt jeg sitji fastur við minn keip í þessu máli. Jeg get ekki sjeð, að nokkur ástæða sje til að skipta um skoðun eða hörfa til baka.

Jeg bið allrar velvirðingar á því, hafi jeg farið of hörðum orðum um meiri hlutann; jeg játa fúslega, að það á ekki vel við, et svo væri, enda hefi jeg leitazt við að temja mjer það, að hefja eigi illdeilur á þingi. En jeg get ekki, ætlað að orð mín hafi nokkur áhrif á kjósendur h. þm. V.-Skapt. (G. G.); það gæti miklu fremur verið, að mínu áliti, að frammistaða hans á þinginu í þessu máli gæti orðið til þess.

Mín skoðun er sú, að brýn þörf sje á lagaskóla innlendum, og þeir muni vera nokkrir í kjördæmi h. þm. V.-Sk. (G. G.), er sje sömu skoðunar og jeg. Jeg skal annars varast að meiða h. þm. í orðum mínum. (*Guðl. G.*: Gott fyrirheit). En vel getur það hent hann líka, að verða fulldjarfur, ef mikið blæs á móti, og þarf máske stundum ekki mikið til.

Jens Pálsson: Jeg var einn af þeim, sem ætlaði að taka til máls við 2. umræðu en komst ekki að. Jeg ætla því að tala fáein orð nú og lýsa því yfir, að það sem mjer finnst eiga að vaka fyrir mönnum og það sem vakir fyrir mjer í þessu máli, er það, hvað hjer muni verða gagnlegast. Það er gagnið eða gagnsemdin, sem í þessu máli, sem öðrum, verður sjerstaklega að koma til skoðunar.

Þegar jeg virði fyrir mjer frv. það, sem meiri hlutinn kom hjer fram með og ber það saman við það frumv., sem nú á að greiða atkvæði um, og spyr sjálfan mig, hvort þeirra mundi að meiru gagni verða, þá verð jeg að lýsa því yfir, að jeg álít hið fyrra frumv., sem hjer var fellt, miklu gagnsamlegra en það, sem hjer liggur fyrir.

Þau hafa það hvorutveggju sameiginlegt, að þau lýsa yfir þörfinni á sjerstaklegri, vísindalegri og verklegri, kennslu í íslenzkri lögvísi í landinu sjálfu; að þessu leyti standa þau jafnfætis, en frumv. meiri hlutans hafði það fram yfir, að öllum var gert að skyldu að nota kennsluna hjer, og það var skilyrði fyrir því, að þeir gætu fengið embætti, að þeir sönnuðu, að þeir hefðu notað þessa kennslu. (*Forseti*: Frumv. meiri hlutans var fellt og liggur því ekki fyrir; jeg vil biðja þm., að halda sjer við það sem hjer liggur fyrir). Jeg veit, að frumv. meiri hlutans var fellt, en jeg álít mjer heimilt að tala um það til samanburðar við það sem nú liggur fyrir.

Í þessu háskólafrumv. er alls ekki farið fram á að gera mönnum að skyldu að njóta hinnar innlendu kennslu í lögvísi, og því ekki heldur í íslenzkri lögfræði; það er ekki nauðsynlegt eptir frumv. til að komast að embættum; og af því leiðir, að það má af líkum ráða og jafnvel færa góð rök fyrir því, að þessi lögfræðingadeild íslenzka háskólans fái að standa auð. Háskólinn í Kaupmannahöfn veitir stórkostleg hlunnindi, en hjer verða þau víst mjög lítil eða engin; ennfremur má ganga að því vísu, eptir því sem verið hefir, að Hafnarháskóla kandídatar gangi fyrir hinum til embætta; og hvernig fer þá? Á lögfræðisdeild háskólans hjer ganga sárfáir eða engir, og þá virðist auðsætt, að þetta frumv. er langt frá því að vera eins gagnlegt og hitt, sem fellt var.

Svo sný jeg mjer að annari hlið þessa máls — hinni pólitisku hlið þess.— Það var víst frá þeirri hlið málsins,

sem h. 2. þm. Rvell. (Sighv. Á.) varpaði svo þungum orðum í okkar garð, þar sem hann ljet sjer ekki minna nægja en að kalla okkur liðhlaupara og fleira því um líkt. Nú vil jeg spyrja, hefir það meiri pólitiska þýðingu, að setja lagaskóla á stofn, sem að líkindum stendur auður, þótt kallaður sje háskóli, en að láta hvern þann, er embætti vill fá, vera skyldan til að hafa fengið þekkingu í íslenzkum lögum? Jeg vil segja, að fá þá skyldu viðurkennda hefir meiri pólitiska þýðingu, en að fá á pappírnum háskóla með sjerstakri lögfræðisdeild; það kemur oss sannarlega að litlu haldi, þó vjer skýrum þessa stofnun háskóla.

H. 2. þm. Rvell. (Sighv. Á.) áleit, að nú væri þjóðin svo þroskuð, að hún ætti að fá annaðhvort lagaskóla eða háskóla. Jeg skil nú ekki, hvar þetta »annaðhvort eða« á við, eptir því sem hjer stendur á. Ef með rjettu ætti að segja »annaðhvort eða«, þá ætti þar með að vera sagt, að háskólinn, sem hjer er í smíðum, feli í sjer annað og meira en prestaskólann og læknaskólann, sem við nú höfum, og svo lagaskólann; en það er nú ekki; hjer er að eins um þessar þrjár deildir að ræða; öðru máli væri að gegna, ef í þessum háskóla væri fjórða deildin fyrir ýmsar vísindagreinir, svo sem sögu, náttúrufræði, málfræði og heimspeki, þá þyrfti auðvitað minnst 4 embætti, eitt í hverri grein, og væri það kostnaðarauki; en væri þetta, þá væri meining í að kalla það háskóla, og þá mætti segja »annaðhvort« háskóla »eða« lagaskóla; en eins og hjer er tarið fram á, að hafa, að eins 3 deildir, þ. e., bæta lögfræðiskennslunni við það sem er, þá þýðir þessi háskóli fyrir oss alveg sama sem lagaskóli, munurinn er enginn nema nafnið tómt. Þó jeg hafi nú lýst þessu yfir, þá verð jeg að taka undir með h. þm. V.-Sk. (V.-Sk. (G. G.), að atkvæðagreiðslan gæti spillt fyrir málinu, og því mun jeg ekki greiða atkvæði móti frv. í heild sinni. (*J. Þork.*: Alveg rjett!). Jeg hef ekki þar fyrir sagt, að jeg muni greiða atkvæði með frumv.; ef til vill greiði jeg atkv. með sumum greinum. Jeg vil líka taka það fram, svo það verði ekki misskilið, að jeg vil, að hjer rísi háskóli, og vildi gjarnan óska, að hann kæmist á fót sem fyrst, en jeg get ekki aðhyllzt þetta fyrirkomulag á honum.

Guðlaugur Guðmundsson: H. þingm. Snæf. (J. Þork.) sagði, að þessu frumv. væri eigi ætlað að verða að lögum; að því leyti er jeg honum samdóma; en hann sagði líka, að það ætti að sýna, hvað vjer viljum, og þar get jeg alls ekki verið honum samdóma. Fyrirsögnin sýnir, hvað við viljum og jafnvel 1. gr. líka, en allt hitt er mjög langt frá því, og sýnir jafnvel, hvað vjer ekki viljum, sumt hvað.

Svo sný jeg mjer að h. þm. Rvell. (Sighv. Á.). Á ræðu hans sje jeg, að hann er eins fjarlægur því nú, að skilja minnstu ögn í málinu, eins og fyr við 2. umr. þessa máls; hann var alveg saklaus af því að hafa nokkra skýmu af skynsamlegum skilningi á því, hvað meiri hluti nefndarinnar fór fram á; hann hefir bitið sig svo fast í orðapólitíkina, að honum er ómögulegt að gera mun á grundvallarstefnu meiri og minni hlutans. Annar hlutinn vill halda fast við orðapólitíkina; en hinn vill taka málið frá hinni praktisku hlið og byrja á því, sem hann heldur að verði að gagni í framkvæmdinni. Það er þetta, sem þingm. getur aldrei skilið, enda rangfærir hann vitanlega tillögur meiri hlutans með opnum augunum. Jeg segi ekki, að hann rangfæri vísvitandi, því auðsjáanleg sjer hann ekki gegn um sína pólitisku starblindu neitt út úr

augunum. Hann sagði, að þjóðin »blíndi« á þetta mál; jeg held nú fari svo miklu fremur, að margir blíni á framkomu þingm. (Sighv. Á.) í þessu máli. Jeg skil ekki, hvernig þingm. fer að því, þar sem framsögumaður minni hlutans (J. Þork.) skýrt og greinilega hefir tekið það fram, að eigi þurfi að vænta að frumv. um báskóla nje lagaskóla gangi fram, að kenna okkur, sem vorum í meiri hlutanum, um, ef þetta mál gengi ekki fram, okkur, sem einmitt höfum bent á þann eina veg, sem gæti leitt til þess að málið kæmist áfram.

Það sem þingm. (Sighv. Á.) sagði um mig og kjósendur mína, gæti jeg gjarnan látið liggja milli hluta án þess að svara honum nokkru, en jeg skal að eins taka það fram, að jeg hvorki tala nje greiði atkvæði eingöngu eptir því, sem kjósendur mínir helzt mundu óska, heldur eptir því, hvort jeg álít það rjett eða ekki rjett, svo þingm. getur alveg sparað sjer að fara að ögra mjer með kjósendum mínum, enda má vel vera, að hann gerði mjer ekkert þægra verk en það, að koma því til leiðar, að þeir kysu mig ekki aptur á þing.

Sighv. Árnason: Jeg ætlaði að eins að svara h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) því, að þó því sje kastað framan í mig, að jeg hafi ekki vit á þessu máli, þá hef jeg sem þessir h. þingm. alveg sama rjett til að segja, að þeir hafi ekki heldur vit á þessu eða hinu. Það skyldi vera sú ein ástæðan, sem þeir sjálfir vita af, að jeg er bóndi en þeir eru »juristar«, en jeg vona þó, að jeg hafi minn fulla rjett hjer á þingi, svo orð mín og atkvæði gildi hjer eins mikið og hvers þeirra.

H. þingm. V.-Skaptf. (G. G.) kallaði þetta frumv. orðapólitík, en jeg held að það megi þá segja um fleiri frumv. sem fara fram á það sem ekki fæst eða hefir ekki fengizt hingað til. En fengist þessi háskóli, sem hjer er farið fram á, sem vera má að sje ófullkominn, en þó til að byrja með, þá er það skoðun mín, að þetta mætti síðar laga svo í hendi sjer, að fullt gagn mætti verða að, eins og líka reynslan hefir sýnt í því sem öðru, að fátt getur verið svo fullkomið í byrjuninni, að ekki þurfi að laga það síðar.

Það er búið þegar að tala svo mikið um þetta mál, að jeg finn ekki ástæðu til að orðlengja meira um það, enda vil jeg ekki gefa tilefni til þess, að orðaköst verði út af orðum mínum og ummælum, en það verð jeg að segja, að þó jeg eptir orðum hinna áðurnefndu þingm. skilji máske hvorki þetta mál nje annað, þá getur mjer ekki fundizt, að í slíkum svörum þeirra felist neinar þær ástæður, sem bendi á, að þeir hafi betur vit á þessu máli en við hinir, sem minna látum, og þegar slík svör eru höfð í frammi, þá má ætla, að menn sjeu ekki vel byrgir af ástæðum.

Ólafur Briem: Jafnvel þó jeg væri samdóma h. þm. V.-Skaptf. (G. G.) og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) um aðalefni þessa máls, eins og það lá fyrir við 1. umr., þar eð mjer þótti meira varið í litla framkvæmd en mikla ráðagerð (*G. G.*: Heyr!), þá hef jeg þar fyrir enga ástæðu til að vera á móti þessu frumv. sem hjer liggur fyrir.

H. þingm. V.-Skaptf. (G. G.) lagði út af því, að ekki ætti að kenna meira við háskólann en það sem nú er kennt við prestaskólann og læknaskólann, og lögfræðina að auki, en jeg skal taka það fram, að jeg skoða svo, að með þessu frumv. sje að eins lagður grundvöllurinn, að hægra sje þá að byggja ofan á síðar meir, t. d. fjölga kennslugreinum, enda gerir frumv. sjálft ráð fyrir því, og jeg álít enda, að til þess þurfi ekki ný lög, heldur mun nægja, að veita til þess fje í fjárlögunum.

Þannig mætti t. d. bæta við kennslu í Íslands sögu, bókmenntum m. m.

Út af ræðu h. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.), þar sem hann ámælti okkur 6, sem komum með breyt.till. um laun lögfræðiskennendanna, fyrir ósamkvæmni, af því þau laun, sem við stingum upp á handa kennendunum við lögfræðisdeildina, sjeu ekki í samræmi við núverandi laun kennaranna við hina æðri skóla, þá vildi jeg taka það fram, að jeg verð að mótmæla því, að hjer geti verið um nokkra ósamkvæmni hjá okkur að tala, því að við höfum ekki ákveðið neitt um launin, eins og þau nú eru eða látið uppi neina yfirlýsingu um, að við værum þeim samþykkir, enda álítum við það liggja fyrir utan þetta frv. að gera breytingu á hinum núgildandi launalögum.

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Jeg heyri, að mótstöðumenn þessa frumv. eru farnir að kalla það »orðapólitík«; en sje það verðskuldað, þá finnst mjer, að með sama rjetti mætti kalla þá menn, sem með slíkt fara, »orðabelgi«.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) þarf jeg að svara dálitlu. H. þm. sagði, að svo hefði litið út, sem menn hjer í deildinni við 2. umræðu þessa máls hefðu verið að spila »kómedíu«, en jeg vil nú benda h. sama þm. á, að hafi svo verið, þá var hann einn með að »spila« þessa »komedíu«, og hefði hann því líklega gert bezt í því, að láta þessi orð ótöluð.

Sama h. þm. þótti mest í það varið að fá innlenda lagakennslu, — þetta voru þm. óafbökuð orð —, en ekki eru þau í samkvæmni við orð h. þm. V.-Skaptf. (G. G.), því að hann tók fram, að eins áríðandi væri að fá kennslu í öðru, t. d. íslenzkum bókmenntum, sögu og fl., og í því er jeg samdóma. Og satt er það, langt er síðan, að því fyrst var hreyft, að fá kennslu í íslenzkri bókmenntasögu; það var 1865, og hver var svo árangurinn? Hann varð sá, að það sem beðið var um, var ekki veitt, en það var stofnað kennaraembætti í þeirri grein við háskólann í Kaupmannahöfn, sem Íslendingar höfðu aldrei beðið um.

Hvað frumv. það snertir, sem hjer liggur fyrir, þá fæ jeg ekki sjeð annað en fullvel megi samþykkja það eins og það liggur fyrir með breyt.till.; það er líka eins og það frumv., sem samþykkt var í þessari deild á síðasta þingi með 20 atkv., og þótti þá fullgott.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) talaði um, að það vantaði að tilteknar væru í frv. ýmsar vísindagreinar, sem nauðsynlegar væru, en jeg skal benda á, að í 2. gr. stendur svo: »auk þess skal þar einnig kennd heimspeki og önnur vísindi, eptir því, sem síðar verður ákveðið með lögum«; frumv. þetta gerir því einmitt ráð fyrir miklu stærri háskóla en hjer er farið fram á í byrjuninni.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði, að kennarinn í heimspeki ætti eptir þessu frv. engin laun að hafa. Það hefir allt til þessa verið lægsti kennarinn við prestaskólann, sem líka hefir verið kennari heimspeki, og hann hefir 2400 kr. laun, og í frumv. er ekki farið fram á að nein breyting verði gjörð á þessu. Jeg skal annars geta þess, að það hefir verið fundið frumv. til foráttu, og lagt út af því, að launin væri of lágt sett, og gjörum við þó forstöðumanninum við lögfræðisdeildina lítið lægra undir höfði en assessorunum við yfirrjettinn eptir lögunum 1889. (*Kl. J.*: Þeir hafa 3500). Jú, en það munar þá ekki neinum ósköpum.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði, að það væri framtíðarspursmál fyrir okkur að fá háskóla, en gat þess jafnframt, að þetta sem hjer er farið fram á mundi verða til að spilla fyrir málinu. Jeg skil nú ekki, hvernig þm., svo skynsam-

ur maður sem hann er, fer að mæla svo; hann veit þó eins vel og jeg að hjer liggur fyrir frá því í vor svar frá hæstv. landshöfðinga, og svar frá h. excell. ráðgjafanum um það, að við fáum ekki lagaskóla, og þessir menn munu ekki hafa skipt um skoðun síðan. Þegar menn vita nú að menn fá ekki hið minna, þá er hið eina rjetta að biðja um það mesta. sem við viljum hafa og sjáum okkur kleyft að koma á fót, þótt við fengjum það strax. Þess vegna er ekki nú þegar farið fram á meira en að bæta við einni háskóladeild við það, sem er, lagaskóla, en jafnframt búið svo um, að ávallt er hægt að hlaða utan um það, sem þetta frumvarp felur í sjer, þegar efni og ástæður leyfa; og víst mundi það þykja saga til næsta bæjar, ef þetta frumv. væri nú fellt, eptir að búið er að fella bæði lagakennslu og lagaskóla, þetta frumv., sem fer fram á háskóla, er felur í sjer það, sem allir þykjast vilja, og er lagaskóli.

H. þm. Dal. (J. P.) sagði margt fallegt og gott eins og hann er vanur, það er því að eins fátt eitt, sem jeg hefi að athuga við það. Hann sagði að frumv. meiri hlutans mundi fyrr koma að gagni, ef það hefði náð fram að ganga; en jeg sje ekki annað en, ef háskólinn nær fram að ganga, en að þá mundi hann koma að enn meira gagni. Og auk þess sem hann innibindur í sjer mikið meira og þar af leiðandi er mikið betri en hitt annað, þá er það ómótmælt, að einmitt sú tillaga, sem meiri hlutinn kom með, hefði getað orðið til hins mesta ógagns. (*Guðl. G.*: Það er ekki rjett!). Það er einmitt rjett, því bæði jeg og aðrir tókum það fram, að það gæti orðið til þess, að við fengjum aldrei neitt meira, og því var ómögulegt fyrir h. þm. V.-Skapt. (G. G.) eða nokkurn annan að mótmæla með rökum. Þeir geta ekkert betur spáð í þær eyður en við.

H. þm. Dal. (J. P.) hjelt því fram, að í meiri hluta tillögunni hefði verið innifalin skylda til þess að nota hina innlendu lagakennslu, og þar með allir útilokaðir frá embættum á landi hjer aðrir en þeir, sem það gerðu; en hvað kemur þá til þess, fyrst h. sama þm. þykir þetta svo æskilegt, að hann hefir ekki komið með breytingartill. við þetta frumv. í þá átt, og hvað kemur til þess að hann ásamt mörgum fleiri góðum mönnum hefir samþykkt frumv. þetta á síðasta þingi, alveg eins og það liggur hjer fyrir? Því mun líklega valda þessi tvíveðrungur, sem eins, og kveðið var hjer i deildinni í gær:

»eyðileggur okkar þing
frá almennu sjónarmiði«.

Það er þessi æðri og betri þekking, sem h. þm. Dal. (J. P.) og annar þingmaður, er jeg læt ónefndan í þetta skipti, eru farnir að fá í seinni tíð. Það eru farnar að koma í þá einhverjar vitrana- og opinberana-hviður, sem allar leiða til þess, að þeir gangi ofan í sjálfa sig.

Jeg verð enn þá einu sinni að benda á, að ef menn nú fella þetta frv., þá er þetta mál fallið með öllu á þessu þingi, og biðja vil jeg menn áður en þeir greiða atkvæði í þá átt, að gæta vel að, hvaða ógagn þeir vinna með því þessu máli í heild sinni framvegis. H. sami þm. hjelt, að lagakennsla mundi hafa meiri pólitiska þýðingu en háskólinn, en jeg skal upplýsa hann um það, að lagakennslan hefir ekki og getur ekki haft neina pólitiska þýðingu.

Hann tók það fram, að hann vildi vera með því að stofna háskóla, ef kenndar væru í honum fleiri vísindagreinar, en eins og jeg hefi tekið fram, þá felur þetta frumv. í sjer vísi til þess, að þar verði kenndar eins marg-

ar námsgreinar og efni og ástæður eru til.

Að endingu var sá sami h. þm. í standandi vandræðum með það, hvernig hann ætti að greiða atkvæði, af því kjósendur hans hefðu ekki sagt honum það. (*J. P.*: Rangt! Ósatt!). Sá var skilningur í orðum h. þm. Það er nú vitaskuld, að í sumum málum, sjerstaklega þeim, er snerta landbúnað og fiskiveiðar eða aðra sjerstaka landshátttu, getur verið ástæða fyrir þm. að haga atkvæði sínu eptir vilja kjósenda sinni, en í þessu máli mun farsælast að hver greiði atkvæði eptir sinni eigin skoðun.

H. þm. V.-Skapt. (G. G.) sagði, að jeg hefði tekið fram, að þetta ætti ekki að verða að lögum. Þetta voru vitanlega aldrei mín orð, í þeim skilningi, sem þingmaðurinn ætlar, en hitt sagði jeg það í þeim skilningi, að það mætti varla gera sjer mikla von um, eða að það mundi ekki standa til að fá staðfestingu á lögunum meðan sá landshöfðingi og ráðgjafi eru, sem nú sitja að völdum, þar sem við höfum þeirra álit svart á hvítu fyrir framan okkur skýrt og greinilegt, að þeir vilja alls ekki hafa lagaskóla hjer á landi, og engin ástæða er til að ætla að þeir breyti skoðun sinni, nema ef þeir skyldu öðlast þessa »æðri og betri þekkingu«, sem nú er farið að tíðkast. Það er því meiningarlaust fyrir okkur að biðja um lagaskóla, sem búið er að neita um. (*Kl. J.*: Er meiri von um háskóla?) Það er ef til vill heldur meiri von um hann, af því að háskóla er ekki neitað í stjórnarbrjefinu frá 24. maí þ. á., heldur lagaskóla, og einmitt af því að okkur hefir verið neitað um hið minna eigum við að halda því fram, sem við helzt viljum fá og mest er, þó aldrei, nema við höfum litla von um að fá því framgengt við stjórnina. Við höfum þá gert okkar vísu og sýnt með einbeittum vilja, hvað við viljum fram hafa. H. þm. V.-Skapt. (G. G.) sagði að háskóli í þessu formi, sem frumv. fer fram á, væri ekki það sem við vildum hafa, en það hlýtur að vera missögn, því að frumv. felur í sjer fyrst og fremst lagaskóla, auk þess sem við höfum og svo hvað annað, sem við síðar höfum efni á að auka við. Það sje fjarri mjer að fara að þrátta um hvort h. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) skilji mál þetta eða ekki, en það eitt læt jeg um mælt, að hvorki jeg nje h. þm. V.-Skapt. (G. G.) nje h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) höfum fengið neitt innsigli upp á það, að skilja þetta mál öðrum fremur, svo ef þeir segja að aðrir hafi ekkert vit á því, þá hafa þeir, sem við er mælt, jafnfullan rjett til að segja, að viðmælendur hafi heldur ekkert vit á því, og skilji það ekki.

Sigurður Gunnarsson: Hinir fornu meiri hluta menn í þessu máli hafa nú, eins og h. þingdmenn hafa heyrt, verið að hampa framan í deildina litla peðinu sínu, sem fjell í valinn við 2. umræðu þessa máls, og renna nú sorgbitnum augum eptir því. Og til þess að sýna, hve mikil eptirsjón sje í þessu peði, hafa þeir valið háskólahugmyndinni hæðileg orð, og sjerstaklega gefið henni nafnið »blóðlaus hugmynd«, sjerstaklega í sambandi við það frumvarp, sem uú liggur hjer fyrir, (*Guðl. G.*: Ekki satt), og hefir einkum 1. þm. Eyf. (Kl. J.) gengið vel fram í því.

Í frumv. þessu stendur, að í Reykjavík skuli setja á stofn háskóla fyrir íslenzk embættismannaefni. Er það blóðlaus hugmynd hjá þjóð, sem hefir sitt eigið mál, fagurt og auðugt, sem á sínar sjerstöku bókmenntir, fornar og nýar, hefir sjerstakt þjóðerni og sjerstök lands-rjettindi? Máske finnst þá »hin blóðlausa hugmynd« í 2. gr., þar

sem ákveðið er, að deildir háskólans skuli vera þrjár. Jeg get nú ekki sjeð að það nafn eigi við, þótt þjóðin vilji fá lagaskóla og sameina hann við þær tvær embættisskóla-stofnanir, sem við höfum, prestaskólann og læknaskólann, og kalla þá alla saman háskóla. Geta menn láð þjóðinni, að henni þyki leiðinlegt, að embættisskóladeildir þær, sem hún hefir, sjeu húsnæðislausar, og vilji jafnframt og lagaskóla er bætt við, koma upp einhverjum kofa yfir þær? Því að þetta hlýtur að liggja á bak við frumvarpið. Ætli »blóðlausa hugmyndin« sje þá í 3. gr.? Nei. Í 4. gr. getur hún ekki verið, því að þar eru að eins tiltekin þau skilyrði, sem þeir menn eiga að fullnægja, er á skólann ganga. Þá mun jeg nú vera kominn að því atriðinu, sem gefur h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) ástæðu til að tala hjer um blóðlausa hugmynd, þar sem við atkvæðagreiðsluna við 2. umræðu fjell burtu greinin, er ákveður laun kennaranna við háskólann; en jeg sje ekki betur en h. þm. Skagf. (Ól. Br.) hafi tekið hvassasta broddinn af þessum ummælum, með breyt.till. sinni, er ákveður þessi laun. Þarf jeg því eigi að fara frekar út í það. H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) játaði, að háskólaspursmálið væri tímaspursmál, og gladdi það mig að heyra það. Hann sagði og, að það mundi einhvern tíma verða brennandi spursmál. En jeg veit ekki betur en það hafi verið, sje og muni verða, svo að hjer var engin þörf á að hafa neitt »futurum«. Hann talaði um, að það hefði verið tvískinnungur í mönnum í þessu máli, og sí og æ verið skipt um kröfur. En jeg fullyrði, að höfuð-kraftan hefir allt af verið hin sama. En mótspyrna stjórnarinn hefir valdið því, að reynt hefir verið að lempa sig á ýmsan hátt, þó meira í orði en á borði. (*Kl. J.*: Variatio delectat!). Hið fyrsta og einasta dæmi þess, að vikið hafi verið frá aðalstefnunni, eru till. hins forna meiri hluta í þessu máli, og þar er h. þm. Eyf. (Kl. J.) með. Þar er tvískinnungurinn, ef hann er nokkurs staðar.

Jens Pálsson: Eins og menn hafa heyrt á umræðunum, kemur það fram, að allir eru á eitt sáttir um það, að aðal-atriðið í þessu máli og takmark það, sem þjóðin keppir að, sje, að Íslendingar sem sjerstök þjóð öðlist háskóla, sem ber nafn með rentu, því að það er andleg lífsnauðsyn þjóðarinnar. En hitt greinir menn á um, hvorn veg skuli fara til að ná þessu takmarki. Jeg og hinir aðrir h. þm., sem í meiri hluta nefndarinnar vorum, álítum að svo löguð lagakennsla, sem við fórum fram á, væri þó spor í áttina, væri það stærsta fótmál í áttina, sem nú væri unnt að stíga. Við höfum fengið ákúrur fyrir að bregðast í þessu máli, og hafa menn kallað það að bregðast, að við höfum fylgt þeirri sannfæring okkar, að betra sje að fá viðurkennda í verki nauðsynina á vísindalegri kennslu í íslenzkum lögum, já, að fá þessa kennslu í framkvæmd, og fá slegið fastri þeirri skyldu lögfræðislegra embættismannaefna, að njóta slíkrar kennslu, áður en þeir eigi innkvæmt í embætti, að þetta sje betra en það sem er sama og ekkert. Jeg vil fyrir mína hönd og þeirra, sem með mjer voru, vísa öllum slíkum ákúrum burt. Það hefir verið talað um blóðlausa hugmynd hjer, en jeg vil ekki taka þá hugmynd mjer í munn. En háskóla-hugmyndin á að vera og er há hugmynd, og stofnun sú, sem ber nafnið, verður að svara til þeirrar verulegu hugmyndar. Annars mundi mjer þykja hana vanta of mjög krapt eða merg og blóð. Jeg ætla nú ekki að lengja deiluna um veginn, sem fara á í þessu máli. En með þessu og

því, sem jeg tók fram áðan, vil jeg mótmæla ákúrum þeim, sem jeg hefi fengið. Það er sagt blátt áfram og felst ekkert í því, er villi mönnum sjónir. H. þingm. Snæf. (J. Þork.) bryndi fyrir mjer, að jeg hefði greitt atkvæði með sams konar frumv. á þinginu 1891. En jeg ætla að biðja hann að reyna ekki optar að leggja á mig slíkan atkvæðaklafa. Þá lá slíkt frv. sem hið fellda meiri hluta frumv. ekki fyrir til atkvæðagreiðslu. Mjer hafði þá ekki hugsazt sá praktiski vegur, sem nú lá fyrir, því síður hugleitt hann rækilega. En ef jeg sje, að sú stefna, sem jeg hefi fylgt í máli, sje óheppileg eða ekki gagnleg, þá hefi jeg rjett til að kjósa aðra betri og greiða atkvæði í þá stefnu, og þess vegna öðru vísi en áður, já, meira að segja, álít það siðferðislega skyldu mína. Jeg mun þó ekki greiða atkvæði móti háskólanum, fyrst málinu nú er komið í það horf, sem það er í. (*Jón Þorkelsson*: Það er þó strax betra).

H. sami þingm. sagði, að jeg hefði verið í standandi vandræðum með, hvernig jeg ætti að greiða atkvæði, af því að kjósendur mínir hefðu eigi sagt mjer fyrirfram, hvernig jeg skyldi haga því. Þetta er alveg rangt og hlýtur að vera misheyrn hjá hinum h. þingm. Og jeg verð að segja meira. Þótt honum aldrei nema hefði orðið slík misheyrn á, þá átti hann að geta sjeð af framkomu minni í málum hjer á þingi, að ekki var farandi með slíkt. Sami h. þingm. sagði, að málinu ætti að halda fram í þessu formi, af því að það væri engin von um staðfestingu á lögunum. Það skil jeg ekki. Jeg held rjettast, úr því svo stendur á, að taka það bezta, sem fæst. En við erum nú engan veginn horfnir frá stefnunni fyrir því, þótt við viljum stíga eitt óskeift fótmál áfram í rjetta átt, heldur en að standa í stað. Það er ekkert fordæmanlegt eða óeðlilegt við það.

Jeg skal þá eigi orðlengja meira að sinni, en vona, að h. þm. sjái, að enginn ódrengskapur eða ósamkvæmni hefir komið fram af minni hendi í málinu.

Klemens Jónsson: H. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) valdi tillögu meiri hlutans ýms hæðileg orð og kallaði hana peð, og við 2. umræðu krypling. En það er ein af þeim »vittigheder«, sem maður gefur ekki 5 aura fyrir. En hann hneykslast á því, að við höfum kallað þetta frumv. blóðlausa hugmynd. Jeg stend við það, að jeg kallaði frumv., eins og það er, blóðlausa hugmynd. Þar er sagt: Háskóla viljum vjer hafa á Íslandi, en enga launaða kennara viljum vjer þar hafa! Þeirra þarf nú kannske ekki við. (*Jón Þorkelsson*: Hefir þingm. ekki sjeð breytingartill.?) Jú, en jeg tala um frumv. eins og það var samþykkt við 2. umr. (*Forseti*: Jeg skal minna á, að það er frumv. í sambandi við breytingartill., sem liggur fyrir til umræðu). Jú, en jeg hef leyfi til að tala um frumv., eins og það nú liggur fyrir hjer, og minnast eigi á breyt.till., ef mjer svo þóknast; en þó hefi jeg nú gjört það, og mun enn svo gjöra.

H. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) vildi reyna að bera í bætifláka fyrir þessa tillögu. Hann sagði, að í henni væri engin ósamkvæmni, því að þeim þættu laun forstöðumanna læknaskólans og prestaskólans of há. En það skín ekki út úr breyt.till. Hann talaði um, að þetta þing hefði eigi samið þau launalög, en þessi laun voru einmitt hækkuð 1889 hjá sumum, og þá átti víst h. þingm. Skagf. (Ól. Br.) sæti á þingi. Þegar forstöðumaður lögfræðisdeildarinnar á

að hafa minni laun en hinir, en á þó að byrja af nýju, yrkja óplægða jörð, byrja á þungri vísindagrein, sem ekkert hefur áður verið um fjallað hjer á landi, þá má nærri geta, hve hæfur maður muni fást í þessa stöðu, eins og jeg hef áður sagt, og því sje jeg ekki, að þessi breyt.till. bæti úr skák.

Sigurður Gunnarsson: Jeg vil lýsa því yfir, að mjer þykir sorglegt, hve óánægður h. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.) er með nöfnin, sem jeg valdi goðinu hans góða, þar sem hann segist ekki vilja gefa 5 aura fyrir það, sem hann kallar fyndni mína. En jeg skal gleðja sálu hans með því, að jeg hefi aldrei ætlað mjer að græða á henni.

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Jeg trúi að virðulegur h. þm. Dal. (J. P.) hafi sagt, að takmarkið væri hið sama sem hann með meiri hlutanum stefndi að, nefnilega háskóli, en að hann gæti samt ekki greitt atkvæði með háskóla sem stendur. Hann sagði líka, að hann hefði rjett til, að skipta um skoðun. Auðvitað hefur h. þm. Dal. (J. P.) það, úr því hann hefur öðlazt »æðri og betri þekkingu«, eins og hann sjálfur hefur lýst yfir. Hann tók það fram, að engin von væri til þess, að fá málinu framgengt, og því væri engin meining í að vera að leggja út í það. Það er eins ástatt með annað mál, sem nýlega hefir verið samþykkt hjer á þingi, og sem Íslendingar þó hafa fengið full-glöggt svar upp á frá stjórninni. Það er eitt af þessum stóru pólitisku málum milli Íslands og Danmerkur — stjórnarskrármálið. Eins er með háskólann. Þegar ekki er farið fram á miðlun í stjórnarskrármálinu, þá situr það illa á mönnum, að fara að gjöra það á háskólamálinu. (*Guðl. Guðm.*: Það er nú allt annað!). Nei, það er alveg það sama. Mig furðaði stórlega á því, sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) sagði. Hann var að tala um, að hjer væri að eins um skóla að ræða, en enga kennara og engin laun. Jeg verð að leyfa mjer að benda h. þm. á breyt.till. á þingskj. 426. (*Kl. Jónsson*: Jeg hef hana fyrir augunum!) Þá get jeg ekki annað skilið, en þm. sje blindur. Ef þar liggur ekki neitt fyrir um laun handa kennurunum, þá veit jeg ekki, hvað liggur fyrir þinginu. H. sami þm. talaði samt um það, þótt hann þættist ekki sjá nein laun — að launin væru of lág. En jeg verð að ætla, að þau muni ekki vera það.

Það hefur líka engin breytingartill. komið fram um, að launin væru sett hærri, enda verður nú deildin að skera úr því, hvort henni þykja launin sett hæfilega hátt eða ekki, með því annaðhvort að fella eða samþykkja breytingartillöguna.

Jeg álít nú málið orðið nægilega rætt, og óþarft að vera að skrafa meir um það. En jeg leyfi mjer að endingu að skora á h. deild, að láta ekki málið falla, því að þar með er allt það fallið, sem þingið hefur borið fyrir brjósti í þessu efni í 48 ár. Skal jeg svo eigi fara fleirum orðum um málið, nema eitthvað komi fram, sem jeg þarf að svara.

Bogi Melsted: Jeg hefi ekki talað í þessu máli fyr, en af því að jeg veit, að mikil áherzla verður lögð á það, hvernig atkvæði falla um það, skal jeg fara fám orðum um það, áður en gengið er til atkvæða.

H. þm. Snæf. (J. Þork.) sagði, að hann legði ekki mikla áherzlu á það, hvernig frumv. þetta væri, og það gerði ekkert, þótt það væri illt. Jeg er honum ekki samdóma í því, enda þótt það rætist líklega, er hann sagði, að frumv. þetta mundi ekki ná samþykki stjórnarinnar. Hann tók það fram, að atkv.gr. í þessu máli væri einungis um það, hvort menn væru með máli þessu eða

ekki. Vegna þessara orða h. þm. (J. Þork.) skal jeg geta þess, að lagaskóla vil jeg fá, og að jeg álít hann nauðsynlegan, en frumv. þetta líkar mjer ekki. Aðalatriðið er, að fá lagaskóla, en þar koma aptur tvö atriði til greina; annað er það, að íslenzk lög sjeu stunduð og rannsökuð, og að löggjöfin sje »systematíseruð«, eins og hjá öðrum menntuðum þjóðum. Þetta er bæði erfitt verk og vandasamt mjög og ekki annara meðfæri en duglegra manna. Þá kemur hitt atriðið á eptir, það atriði, að íslenzk lög sjeu kennd þeim, sem skipa á í lögfræðisembætti hjer á landi. En slíkt getur ekki orðið svo í góðu lagi sje, fyr en lögin hafa verið rannsökuð. Jeg legg ekki mikla áherzlu á það, hvort lagaskóla, læknaskóla og guðfræðisskóla er slegið saman í eina heild og gefið eitt nafn eða ekki; nafn skólans þykir mjer ekkert höfuðatriði. En með br.till. þeirri, sem hjer er komin fram, sje jeg ekki að þeim tilgangi verði náð, sem hlýtur að vera aðaltilgangur lagaskólans eða lögfræðisdeildar háskólans, þeim tilgangi, að kennsla sje þar í góðu lagi. Þegar vjer förum að miða laun kennaranna við lagaskólann, þá verðum vjer að taka tillit til, hvernig önnur lögfræðingaembætti eru launuð. Jeg er á móti mjög háum launum, og mjer líkar illa launalögin frá 1875, einkum að því, er snertir ýms hin hærri laun; aptur líkar mjer betur launalögin frá 1889, því þau bættu úr mesta ójöfnuðinum í launalögunum frá 1875. Þótt eigi þurfi að fara eins hátt og gert er í lögunum frá 1889, þá sje jeg ekki annað en til að fá góða lögfræðinga að lagaskólanum verði þó að setja laun forstöðumannsins viðlíka hátt og laun forstöðumanns prestaskólans, læknaskólans og lærðaskólans, eða 4000 kr. Jeg held, að til þess, að fá góðan forstöðumann fyrir lagaskólann megi ekki gjöra honum lægra undir höfði en forstöðumönnum hinna skólanna; jeg get eigi sjeð, að það sje rjett, og því greiddi jeg atkvæði síðast móti greininni um kennarana og laun þeirra, að mjer þóttu þau of lág. Eptir breyt.till. eiga þau að verða eins og allra lægstu sýslumannalaun, í stað þess sem þau ættu að vera svo há, að lögfræðingar vildu heldur kennaraembætti við lagaskólann en sýslumannsembætti eða jafnvel yfirdómaraembætti, því að þessi embætti verða ein hin vandasömustu lögfræðisembætti hjer á landi og er því mjög áríðandi að þau verði vel skipuð. Laun annars kennara mættu alls eigi vera lægri en 3000 kr.

Jeg hef ekki komið fram með breyt.till um þetta við frumv., af því að svo mörg mál liggja allt af fyrir, að eigi vinnst tími til að íhuga þau öll nógu vandlega, og sum þeirra tekin fyr á dagskrá en menn búast við. Enn fremur hugði jeg þm. Snæf. (J. Þork.) hafa vit á þessu. Það mun nú bráðum sýna sig, hvernig jeg greiði atkv. um málið, en þótt jeg greiði atkv. móti þessu frumv., þá er það engan veginn svo að skilja, að jeg geri það af því, að jeg sje á móti stofnun lagaskóla, heldur af því, að mjer líkar frumv. alls eigi.

Jeg held að eigi hafi verið hyggilega farið að í þessu máli; því mundi nú lengra á veg komið, ef það ráð hefði verið tekið, að veita efnilegum íslenzkum lögfræðingum fjestyrk til þess að stunda íslenzk lög. (*Jón Þork.*: Það hefir verið gert). Það er að vísu satt, en sá styrkur var veittur að eins eitt ár, en hefði átt að veita hann bæði fyr og lengur.

Ef svo langt kæmist, að íslenzk lög yrðu rannsökuð og »systematíseruð«, þá

væri þegar mikið unnið að undirbúningi íslenzks lagaskóla, og stórt stig stigið í þá átt, að fá hann.

Framsögumaður (Jón Þorkelsson): Úr því h. 2 þm. Árnes. (B. M.) hefi girt sig í brækur og staðið upp til að tala í þessu máli, þá mun rjettara að svara honum örlitlu, þótt raunar hafi það allt verið sagt áður af öðrum, er h. þm. (B. M.) talaði. Hann sagði sig gilti ekki einu, hvernig frumv. um háskóla væri. Jeg er honum þar samdóma. En þó lítur út fyrir, að honum sje ekki sjerlega annt um það, því að það er kunnugt frá því síðast, að h. þm. (B. M.) greiddi ekki atkv. með 1. gr. frv., en þar á móti, að jeg trúi, með 2. gr., sem flestir voru á móti. (*B. M.*: Nei, jeg greiddi atkv. með 3. gr.). Hann vildi því gjarnan hafa kennara með 3000 og 4000 kr. launum, en vill þó enga kennslu hafa. Líka sagðist hann vera með lagaskóla, og það skyldi enginn taka það svo, að hann væri honum mótfallinn, þótt hann greiddi atkv. á móti honum — ja, hann er ekki búinn að átta sig á því enn þá, sauðurinn, hvernig hann ætlar að greiða atkvæði —; en jeg bið að gæta þess, að hver sem greiðir atkvæði móti þessu frumv., hann greiðir í raun og veru atkvæði gegn lagaskóla.

Jeg sje að h. þm. (B. M.) er örlátari hjer en sumstaðar annarstaðar, er hann vill spenna þessi laun upp úr öllu veðri, og hafa þau 3000 kr. og 4000 kr. Jeg veit ekki betur, en að ýmsir hafi talað um það, og þeim vaxið í augum kostnaðurinn við háskólastofnunina; en það er gleðilegt, að þessi virðulegi þm. (B. M.) hefir ekki þann askloks-hugsunarhátt hjer, þar sem um svo mikið er að tefla. Hann vill gera þessi embætti eins girnileg sem sýslumannaembætti; en jeg skal geta þess, að til eru sýslumannaembætti ekki hærra launuð en þau, og auk þess fylgir þeim allmikil peningaábyrgð, ferðalög, slit og volk. (*B. M.*: Þeir fá það borgað). Jú, en heilsa og líf verður ekki metið til peninga eða borgað með fje. H. þm. (B. M.) gat þess enn fremur, að honum þætti málið tekið of snemma á dagskrá; en jeg hjelt að hann væri meiri skarpleikamaður en svo, að hann gæti ekki verið búinn að átta sig á því, frá því það var á dagskrá hinn 11. þ. m. og nú þangað til hinn 17.

Að endingu læt jeg þá ósk í ljósi, að deildin sjái svo sóma sinn, að hún láti mál þetta ganga slysalaust í gegn.

ATKVÆÐAGR.: Eptir ósk 6 þm. var við haft nafnakall.

Breyt.till. um nýja grein á þingskj. 426 var samþ. með 17 gegn 4 atkv. og sögðu

Já:	*Nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
B. Kristjánsson,	Bogi Melsted,
Björn Bjarnarson,	Jón Jakobsson,
Björn Sigfússon,	Sigf. Árnason,
H. Kr. Friðriksson,	
J. J. þm. A.-Sk.,	
J. J. þm. Eyf.,	
J. J. þm. N.-M.,	
Jón Þórarinsson,	
Jón Þorkelsson,	
Ólafur Briem,	
Sighv. Árnason,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þór. Böðvarsson,	
Þ. Guðmundsson,	
Þorl. Guðmundss.	

Guðl. Guðmundsson og Jens Pálsson greiddu eigi atkv. og var það tekið gilt af deildinni.

Frumv. með áorðinni breyt. samþ. í heild sinni með 18 gegn 5 atkv. og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,

jd:	*nei*:
B. Kristjánsson,	Bogi Melsted,
Björn Bjarnarson,	H. Kr. Friðriksson,
Björn Sigfússon,	Jón Jakobsson,
Guðl. Guðmundss.,	Sigfús Árnason,
J. J., þm. A.-Sk.	
J. J., þm. Eyf.	
J. J., þm. N.-M.	
Jón Þórarinsson,	
Jón Þorkelsson,	
Ólafur Briem,	
Sighvatur Árnason,	
Sigurður Gunnarss.,	
Skúli Thoroddsen,	
Þór. Böðvarsson.	
Þórður Guðmundss.,	
Þorl. Guðmundsson.	

Jens Pálsson greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum.

Frumv. síðan afgreitt til efri deildar.

Frumv. til laga um breyting á lögum um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur 14. jan. 1876 og viðauka við þau (C. 253, 499); 2. umr.

Framsögumaður (Einar Jónsson): Jeg talaði almennt um þetta mál við 1. umr. þess, og lýsti þá aðalástæðum flutningsmanna fyrir frumv. Það hafa engin mótmæli komið fram gegn málinu síðan, svo jeg mun sleppa að tala meira þangað til jeg hef heyrt umræður manna um það.

Landshöfðingi: Jeg sje, að nefnd sú, sem kosin var til að íhuga þetta mál, hefir klofnað í tvennt; eru 3 menn í meiri hluta nefndarinnar, en 2 í minni hlutanum. Jeg verð nú að láta það álit mitt í ljósi, að jeg felli mig miklu betur við tillögur minni hlutans en meiri hlutans.

3. gr., eins og meiri hluti nefndarinnar vill hafa hana, er, að mínu áliti, ísjárverð, bæði að því er snertir efni og orðfæri. Í þessari grein er svo ákveðið, að enginn megi ferðast hjer um land í þeim erindum, »að æsa menn til að flytja af landi burt, nje halda opinberlega ræður eða fyrirlestra í þeim tilgangi«. Jeg held að það yrði erfitt fyrir dómstólana að skera úr því, hvort maður sem heldur hjer ræður eða fyrirlestra um ágæti annars lands en ókostina við að vera hjer á landi, gjöri það beinlínis í þeim tilgangi, að æsa menn og ginna til að flytja hjeðan, enda álít jeg það of mikið band á skoðanafrelsi manna, að mega ekki láta í ljósi álit sitt á þessu eins og öðru. Það er beinlínis bannað í stjórnarskránni, að leggja nein bönd á prentfrelsið. Þetta frumv. sýnist því ekki geta samrýmzt því frelsi, sem stjórnarskráin veitir, því eins og menn mega hindrunarlaust láta í ljósi skoðanir sínar á prenti, eins virðist eðlilegt, að menn megi gjöra það í ræðum og fyrirlestrum.

Sömuleiðis verð jeg að vera samdóma h. minni hluta nefndarinnar að því er snertir ákvæðin í 9. gr. undir 10. tölul. í nefndarálitinu, þar sem meiri hlutinn leggur það til, að vísa skuli þeim manni úr landi, sem brýtur ákvæði 3. greinar. Þessi hegning er afarhörð, og álít jeg mjög ísjárvert að lögleiða hana. Ef þess vegna 3. gr. þykir viðsjárverð, þá er 9. gr. það líka. En ef það er tiltækilegt að banna það, sem tekið er fram í 3. gr., hvers vegna má þá ekki skoða 9. gr. sem viðaukaákvæði við 3. gr. og láta dómstólana skera úr því, hvort vísa skuli hinum brotlega af landi burt?

Ef nú ákvæði 3. og 9. gr. ekki þykja tiltækileg og þessar greinar verða felldar burt, þá sje jeg ekki, að frv. með hinum öðrum breytingum nefndarinnar hafi mikið fram yfir gildandi lög um útflutning manna úr landi í aðrar heimsálfur.

Jeg sje, yfir höfuð að tala, ekki, að frumv. geti stuðlað að því, að sá aðal-

tilgangur náist, að aptra því, að menn frá Ameríku geti komið hingað og tælt menn til að flytja vestur hjeðan af landi. Það mun ekki tiltækilegt að girða fyrir það með lögum, að menn fari af landi til Ameríku, því það, sem mest stuðlar að mannflutningum hjeðan, er ekki ræður og fortölur agentanna, heldur brjef þau, sem berast hingað til lands frá ættingjum og vinum manna í Ameríku, enda eru líka peningar sendir hingað árlega fyrir fargjald ýmsra manna. Þetta er það, sem ómögulegt er að girða fyrir með lögum.

Jeg held þess vegna, að þetta frv. hafi ekki að geyma meiri rjettarbót en er í gildandi lögum, og því sje rjettara að láta það ekki fara lengra.

Framsögumaður (Einar Jónsson): Það er óheppilegt, að aðalatriði þessa frv. skyldi ekki geta hlotið meðmæli hæstv. landshöfðingja, en aðalatriði málsins eru einmitt fólgin í 3. gr.

Jeg verð að vera á annari skoðun en hæstv. landshöfðingi um áhrif þessara svokölluðu vesturfarapostula á mannflutninga hjeðan til Ameríku. Jeg er sannfærður um og hefi talsvert fyrir mjer í því, að þeir menn, sem farið hafa hjer um land í vetur og áður og prjedikað vesturfarir, hafi gert talsvert til þess að tæla menn og ginna til að yfirgefa þetta land. Þessi hefir líka verið tilgangur þeirra og þeim hefir líka tekizt mjög mikið. En jeg álít, að þess háttar aðferð ætti alls ekki að vera leyfileg, enda hefir löggjafarvaldið 1875 álitið þessa aðferð alls óleyfilega, þar sem það samþykkti frumv., sem varð að lögum 14. jan. 1876 og lagði háar sektir við, ef útflutningsstjórar beittu ósönnum fortölum, til að fá menn til að flytja úr landi. Eiga nú þessir »vesturfarapostular« að vera rjettlærri en útflutningsstjórarnir? I hinum gildandi lögum eru engin ákvæði sem ná til þessara manna; þess vegna þykir meiri hluta nefndarinnar illa farið, ef engin ákvæði í þá átt, sem 3. grein bendir til, geta komizt fram á þessu þingi.

Það kann að vera, að ákvæði 3. gr. sjeu ekki heppilega orðuð, en það mætti kannske orða greinina betur, svo hún yrði aðgengileg. Mjer finnst það ekki brot á því frelsi, sem stjórnarskráin veitir mönnum til að láta skoðanir sínar í ljósi, þó bannaðar sjeu slíkar ræður, sem þessir menn halda, því þær eru bæði skaðlegar fyrir landið, af því að það missir fólkið, og fyrir fólkið, sem flytur sig úr landi, af því að því eru villtar sjónir með röngum eða lognum lýsingum, sem það sjer um seinan, hvernig í liggur. Hitt er ómögulegt að hindra, að menn skrifi hingað að vestan bæði satt og logið og sendi hingað peninga til að styrkja menn til vesturfarar. Það getur verið spurning um, hvort rjett sje að leggja refsingar við þessum fortölum og æsingarræðum, sem til eru teknar í 9. gr., en af því slíkar æsingar ganga landráðum næst, þá tókum vjer flutningsmenn það ráð, að leggja það til, að þeim, sem slíkt aðhafast, skyldi vísað úr landi.

Þar sem hæstv. landshöfðingi ljet í ljósi, að ekkert væri eiginlega nýtt í þessu frumv. nema ákvæði 3. gr. með þeirri hegningu er henni fylgir, þá get jeg ekki samþykkt það, og vil nú lítið eitt benda á mismuninn.

Nefndin hefir lagt það til, að 2. gr. frumv. innihaldi það ákvæði, að enginn — hvorki útflutningsstjóri nje aðrir — megi semja við útfara, hvorki skriflega nje munnlega, um flutning í aðra heimsálfu á þann hátt, að útfari skuli vinna af sjer farareyri, er þangað kem-

ur, enda sje sá samningur ógildur. Hjer er gengið lengra en ákveðið er í þessu efni í núgildandi lögum, því eptir þeim má t. a. m. skipstjóri á skipi, sem gengur beina leið til Ameríku, flytja allt að 10 farþegum beina leið án þess að þeir snúi sjer fyrst til útflutningsstjóra.

Undir 5. tölul. á þingskj. 422 hefir nefndin stungið upp á, að það ákvæði verði tekið inn í 2. gr., að þegar skip er haft til að taka útfara á fleiri höfnum en einni í sömu ferð, þá skuli leyfið fengið hjá lögreglustjóra á þeim stað, er útfarar eru fyrst teknir í skipið. Jeg verð að álíta, að það sje til mikilla bóta, að skipið sje mælt á þeim fyrsta stað, sem það tekur útfarana, í stað þess, að það hefir hingað til verið gert á þeim stað, sem það hefir farið frá síðast; en það er óheppilegt ákvæði, því ef útflutningsstjóri er búinn sð fylla skipið meira en góðu hófi gegnir, þegar það kemur á síðustu höfnina, þá mundi það koma sjer mjög illa, að fara að reka fólk þar á land. En þegar það er ákveðið þegar á fyrstu höfn, hve margir megi fara með skipinu og lögreglustjóri á hverjum þeim stað, sem skipið kemur á síðar, getur sjeð leyfið, þá getur hann gætt þess, að fyrirmælunum um tölu og meðferð útfara sje hlýtt á hverjum stað, og að skipið offyllist ekki áður en það kemur á síðasta staðinn.

Ákvæðið undir 6. tölulið um, að hver útfari hafi leiðarbrjef frá lögreglustjóra, er sett því til tryggingar, að útfarar sleppi síður frá óbættum sökum, og er það betra en nú á sjer stað. Til að tryggja það enn betur, að menn geti ekki farið af landi burt án þess að borga skuldir sínar eða svara til annara óbættra saka, höfum vjer sett það ákvæði, að útfari skuli afhenda lögreglustjóra, áður en hann fær leiðarbrjef sitt, vottorð frá hreppsnefndaroddvita og hreppstjóra í þeim hrepp, er hann átti síðast heima í, að þeir hafi ekkert að athuga við útför hans. Vjer gátum ekki farið lengra en að binda vottorðið við síðasta hreppinn, þó að það sje ekki fullkomin trygging, en vjer gerðum ráð fyrir, að hreppsnefndaroddvitinn eða hreppstjórinn í þessum hreppi hlyti yfir höfuð að vita talsvert um ástæður útfara einnig í öðrum hreppum.

Þessi ákvæði, sem jeg nú hefi bent á, eru heldur til bóta frá því sem nú er, enda vildi jeg óska, þó aldrei nema færi svo óheppilega, að 3. og 9. gr. fjellu, að frumv. með breytingum nefndarinnar yrði að öðru leyti samþykkt.

ATKVÆÐAGR.: 1. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv. af 19, er inni voru; breyt.-till. 1. á þingskj. 422 samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. 2. á þingskj. 422 samþ. með 12 samhlj. atkv.; breyt.till. 3. á þingskj. 422, frá »Enginn — nje«, samþ. með 12 samhlj. atkv.; breyt.till. 3. á þingskj. 422 til enda felld með 11 : 6 atkv.; breyt.till. 4. á þgskj. 422 samþ. með 12 samhlj. atkv.; breyt.till. 5. á þingskj. 422 samþ. með 12 samhlj. atkv.; 2. gr. frumv., sem verður 4. gr., breytt, samþ. með 13 samhlj. atkv.; breyt.till. 6. á þingskj. 422, 1. lið. samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. 6. á þingskj. 422, 2. lið., felld með 13 : 7 atkv.; breyt.till. 7. á þingskj. 422 samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 8. á þingskj. 422 samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. 9. á þingskj. 422 samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. 10. á þingskj. 422 felld með 12 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
Einar Jónsson,	Bj. Bjarnarson,
Kl. Jónsson,	Bogi Melsteð,
Ben. Kristjánsson,	Jens Pálsson,
Bj. Sigfússon,	Jón Þórarinsson,
H. Kr. Friðrikss.,	Ól. Briem,

Já:	*Nei:*
Jón Jakobsson,	Sigf. Arnason,
Jón Jónsson, A.-Sk.,	Sighv. Árnason,
Jón Jónsson, N.-M.,	Sig. Gunnarsson,
Jón Þorkelsson.	Sk. Thoroddsen,
	Þór. Böðvarsson,
	Þórð. Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundss.;

breyt.till. 11. á þingskj. 422 samþ. með 12 samhl. atkv.; breyt.till. 12. á þgskj. 422 samþ. með 12 samhlj. atkv.; breyt.till. 13. á þingskj. 422 samþ. með 12 samhlj. atkv. Fyrirsögn frv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 : 1 atkvæði.

Frumvarp til laga um kosningar til alþingis (C. 359, 477, 529); 2. umr.

Framsögumaður (*Klemens Jónsson*): Jeg þarf ekki að vera langorður um þetta frumvarp, sem prentað er á þingskj. 387, og það því síður, sem engar mótbárur hafa komið fram gegn því hjer í deildinni.

Jeg vil geta þess, að prentvillur eru í tveimur greinum frumvarpsins. Í 17. grein stendur: »1. gr.« en á að vera: »9. gr.« og í 34. gr. stendur: »kjörstjóri« í staðinn fyrir: »kjörstjórnin«.

Það hafa komið fram 3 frumvörp á þessu þingi. Eitt frá stjórninni, eitt frá h. 5. konungk. þm. og hið þriðja frá tveimur h. þm. í neðri deild.

Upp í frumv. sem hingað kom frá h. efri deild á þingskj. 255, er tekið frumv. stjórnarinnar orðrjett. Þetta frumvarp leggur aðal-áherzluna á, að gjöra kjósendum sem auðveldast, að neyta kosningarrjettar síns. Í frumv., eins og það kom frá h. efri deild, var farið fram á, að kosningin færi fram í hverjum hreppi. En nefndinni þótti þetta of langt gengið og vill heldur, eins og stendur í frumvarpi þessu, gefa amtsráðunum heimild til að fjölga kjörstöðum eptir því, sem þörf krefur, þó þannig, að þeir verði eigi fleiri en þrír í kjördæmi.

Eins og nú er, þá eiga menn allvíða mjög erfitt með að neyta hins dýrmæta kosningarrjettar síns. Mun nú flestum heiðruðum þingdeildarm. það kunnugt, hvernig hjer hagar til. Þótt kjörstaður sje t. d. nálega í miðju kjördæmi, þá geta þó hvergi nærri allir sótt hann. Jeg veit, að svo er í mínu kjördæmi. Kjörstaðurinn þar er Akureyri. Fyrir utan Grímsey eru það tveir hreppar í sýslunni, sem eru svo að segja alveg útilokaðir frá því, að geta sótt þenna kjörstað, og svo mun vera í fleirum sýslum, svo sem Ísafjarðarsýslu, Múlasýslum, Þingeyjarsýslu og víðar.

Til þess nú að gjöra mönnum hægra fyrir í þessu efni, er því hjer farið fram á, að fjölga kjörstöðunum, en þetta er þó töluverðum annmörkum bundið, einkum að því er atkvæðagreiðsluna snertir, því að það liggur nærri, að erfiðar muni vera, að ná yfir helming atkvæða með þessu móti, en samt sem áður þótti nefndinni rjettast, að halda því, eins og sjá má á frumvarpinu; en jeg ímynda mjer annars, að jeg þurfi ekki að fara út í einstakar greinir, því jeg geng út frá, að h. þingmenn þekki frumv.

Jeg þarf ekki heldur að halda langar ræður um frumv. þetta í heild sinni, en geta vil jeg þess, að það er ekki nýr gestur. Það var flutt hjer á síðasta þingi og þá samþykkt í einu hljóði í neðri deild, og við 2. umr. í efri deild, en varð ekki útrætt þar sakir naumleika tímans.

Jeg ætla því, að frv. þetta sje svo vel hugsað og vel undirbúið, að eigi þurfi að tara um það mörgum orðum. Einhverjum kann nú að þykja óþarfi, að halda máli þessu áfram í þetta sinn, af því að þingtíminn sje orðinn svo

stuttur, að það muni eigi komast í gegn á þinginu. En jeg skal lýsa því yfir, að h. flutningsmaður þess í efri deild, hefir farið þeim orðum við mig, að frumv. myndi verða samþykkt óbreytt eins og það kæmi frá h. neðri deild. Nefndinni þótti ekki ástæða til að taka breyt.till. h. þm. A.-Skaptf. (J. J.) til greina, allra sízt hina síðari; hin fyrri er meinlaus, þótt hún kæmist að, en gagnslaus að mestu.

Nefndin ræður því til að samþykkja frumv. óbreytt.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um breyt.till. þær (C. 529), er jeg hefi komið fram með við frumv. þetta. Hin fyrri miðar til að laga orðfærið, þar sem í frumv. ræðir um 2 kjördæmi í Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, en nú er hin forna Þingeyjarsýsla og eins Skaptafellssýsla 2 aðgreind sýslufjelög hvor um sig, er hafa eigi annað sameiginlegt en sýslumanninn. Norður-Þingeyjarsýsla og Suður-Þingeyjarsýsla eru sín í hvoru amti og Austur-Skaptafellssýsla verður auk þess bráðum talin með Austfirðingafjórðungi af sjálfri landsstjórninni, og þess vegna virðist mjer fara betur, að orða greinina eins og stendur í breyt.-tillögunni.

Síðari breyt.till. fer fram á, að kjörfundir sjeu haldnir í júní, en ekki í september. Því júnímánuður er miklu hentugri til ferðalaga; þá eru dagar langir og nætur bjartar, svo vera má á ferð á nóttunni, og þá eru heyannir ekki byrjaðar. Aptur á móti eru dagar miklu styttri í september og annir meiri, ýmist heyannir eða göngur á afrjetti, og þá eiga menn miklu örðugra með að vera burtu frá heimili sínu, enda var það álit margra h. þingdeildarm. í öðru máli, sem var hjer fyrir deildinni um daginn, að hægra væri að hafa fundahöld í júní en í septembermánuði, og þar eð eins hlýtur að vera ástatt í þessu máli, sem nú liggur fyrir, þá tel jeg heppilegra, að ákvæðið í breyt.till., sem hefir verið samþykkt í h. efri deild, fái fram að ganga, heldur en það sem stendur í frumv., eins og það liggur fyrir.

ATKV.GR.: 1.—6. gr. incl. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 7.—17. gr. incl. samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. við 18. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.; 18. gr. breytt samþ. með 16 samhlj. atkv.; 19.—22. gr. samþ. með 14 samhlj. atkv.; 23.—25. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. við 26. gr. á þingskj. 451 felld með 14 : 4 atkv.; 26.—36. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.; 37.—41. gr. samþykkt með 16 samhlj. atkv.

Fyrirsögn kaflanna og frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna og bæjarfógeta (C. 337, 530); framhald 1. umr.

Framsögumaður (*Bogi Melsted*): Mjer finnst ekki ástæða að fjölyrða um mál þetta »á þessu stigi málsins». Að eins skal jeg geta þess, að það kom til orða meðal nefndarmanna, að mönnum væri leyft að halda uppboð, er þeir vildu selja eitthvað, án þess að leita til sýslumanns. Væri þetta leyft, ættu ákvæði frumvarpsins að gilda eptir sem áður um uppboð þau, er sýslumenn hjeldu. Nefndinni þótti þó ekki ráðlegt, að koma fram með breyt.till. um þetta, vegna þess, að ýms vandkvæði yrðu á því, að innheimta verð þess, sem selt væri á slíkum uppboðum, þar sem ekki mætti taka það lögtaki. En jeg get

um þetta, ef einhver h. þingdeildarm. vildi koma fram með breytingartillögu um þetta til 2. umræðu.

Helztu breytingar, er h. efri deild gjörði á frumv., er getið um í nefndaráliti voru. Um borgun fyrir eptirrit af skjölum embættanna, sem sýslumenn og bæjarfógetar eiga að fá eptir frumv. þessu, en áður hefur runnið í landssjóð, skal þess getið, að hún nemur eigi miklu, nema í helztu kaupstöðum landsins og þá einkum í Reykjavík. En þar sem dagpeningar sýslumanna voru afnumdir, fór nefndin eigi að hreifa við þessu.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um stofnun brunabótafjelags (C. 290, 523); 2. umr.

Flutningsmaður (*Ólafur Briem*): Við 1. umr. þessa máls mætti það lítilli mótspyrnu, nema lítið eitt af hálfu h. þingm. Reykv. (H. Kr. Fr.), sem vildi láta Reykjavík vera undanskilda því, að vátryggja hús í þessum fyrirhugaða brunabótasjóði; að öðru leyti fór hann fremur hlýlegum orðum um frumvarpið. Ummæli h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.) sýndu það berlega, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefur ekki tekið sinnaskiptum síðan 1891, þegar hún sendi til h. efri deildar *mótmæli gegn frumvarpinu* því, sem þá lá fyrir. Það hefir reyndar aldrei komið berlega fram, á hverjum ástæðum þessi undanfærsla Reykjavíkur er byggð, enda er ekki sýnilegt, við hver rök hún hefur að styðjast, þar sem flutningsmönnum þessa máls hefir aldrei komið annað til hugar, en að Reykjavík væru í hinu innlenda fjelagi boðnir þeir kostir, sem hún gæti bezta fengið annarsstaðar. Samt sem áður getur þessi mótspyrna Reykjavíkur valdið því, að frumvarpið eigi örðugra uppdráttar og nái ef til vill ekki fram að ganga. Jafnvel þó jeg játi, að það sje mikil eptirsjá að Reykjavík, ef hún sneiðir sig hjá þessum fjelagsskap, álít jeg þó, að það eigi ekki að verða því til fyrirstöðu, að hinir kaupstaðirnir og helztu verzlunarstaðir landsins byrji á samtökunum, og því hef jeg komið með þá breytingartill., að undanskilja Reykjavík.

Auðvitað hlyti fjelagið þá að verða í miklu smærri stíl, þar sem Reykjavík ein er stærri en aðrir þeir staðir allir til samans, sem nefndir eru í 2. gr. frumvarpsins. Húseign hennar einnar er virt til brunabóta nálega 2 miljónir króna. Þessi tillaga, að Reykjavík falli burt, byggist að eins á þeirri ástæðu, að greiða fyrir málinu, draga úr þeirri mótspyrnu, sem annars gæti orðið, et ekki til falls, þá til mikillar tálmunar. Þetta er ein aðal-breytingin á þingskj. 441 (tölul. 2).

Önnur aðal-breytingin er viðvíkjandi stjórn fjelagsins. Eptir því sem frumv. frá 1891 fór fram á, að stjórn fjelagsins væri fyrir komið, þá yrði hún bæði umfangsmikil og kostnaðarsöm, þar sem gjört var ráð fyrir, ekki að eins aðal stjórn á einum stað, heldur einnig fulltrúum út um allt land, sem ættu að koma saman til fundahalda, er hlytu að hafa kostnað töluverðan í för með sjer. Til þess að gjöra stjórn fjelags þessa sem einfaldasta og kostnaðarminnsta, þá hef jeg með breytingartill. undir 14. tölul. við 14. gr. frumvarpsins stungið upp á, að stjórn landsbankans sje falinn þessi starfi á hendur. Eins og jeg gat um við 1. umr., þá er þetta fyrirkomulag hentugt, fyrst og fremst af því, að þessi störf eru að sumu leyti náskyld bankastörfunum, og full trygging er fyrir því, að þeir, sem eru í stjórn landsbankans, sjeu heppilega valdir til þessa starfa, og í annan stað eru bankastörfin ekki svo yfirgripsmikil enn sem komið

er, að þeir geti ekki annað því, þó þessu sje viðbættt.

3. aðalbreytingin er 27. og 28. breyt.-till. á sama þingskj., þar sem talað er um ábyrgð landssjóðs. Í frumv. frá 1891 er farið fram á, að ábyrgð landssjóðs sje bundin við 300,000 kr. fyrst um sinn, og fari svo smámsaman minnkandi, eptir því sem sjóðurinn eykst. Ef Reykjavík er felld úr, þá mætti minnka þessa upphæð; því húsin sem vátryggjast eiga í sjóðnum fækka þá um helming, og af því jeg áleit ekki þörf á að tiltaka neina upphæð, þá hefi jeg eigi farið fram á, að þessi trygging landssjóðs sje bundin við neina vissa upphæð. En til þess að fyrirbyggja það, að þetta gæti orðið landssjóði ofvaxið, þá er það ráð, sem jeg tók fram við 1. umr., að hann endurtryggði í útlendum brunabótafjelögum hinar dýrustu byggingar. Í breytingartill. undir tölul. 28 er jafnframt farið fram á, að ef landssjóður þyrfti að lána fje til þess að brunabótasjóðurinn geti staðið í skilum, þá endurborgist eigi að eins höfuðstóllinn, heldur og vanalegir vextir, og get jeg ekki álitið að með því sje til ofmikils ætlazt, þar eð gjöra má ráð fyrir, að stjórn brunabótasjóðsins setji iðgjöldin hæfilega há, til þess að sjóðurinn geti staðið sig, og þá, ef hann þarf á láni að halda, geti borgað höfuðstólinn með vöxtum. Ef þessa er gætt, er engin hætta á því, að það verði landssjóði að neinu fjártjóni, þó hann hlaupi undir bagga, sem ef til vill aldrei þyrfti að koma fyrir, svo framarlega sem nokkur ár líða svo eptir stofnun brunabótasjóðsins, að ekki ber stórkostlegan eldsvoða að höndum. Eptir frv. 1891 átti kostnaður sá, sem leiddi af ferðum fulltrúanna til fundar í fyrsta sinni, að borgast úr landssjóði, en þar sem sá kostnaður fjelli burt, ef stjórn fjelagsins væri falin á hendur stjórnendum landsbankans, þá þyrfti ekki stofnun þessi að baka landssjóði nein útgjöld.

Þá er breyt.till. undir tölul. 10. Í frumv. frá 1891 er það ákveðið, að brunabótagjaldið hvíli á húseignunum á þeim stöðum, er nefnd eru í 2. gr., en hjer í breytingartill. er þetta ákvæði látið ná til allra húseigna undantekningarlaust. Í sömu stefnu gengur breyt.till. undir tölul. 22, sem sje, að engin húseign falli úr ábyrgð, þó iðgjald hafi ekki verið greitt. Í frumv. frá 1891 er þetta bundið við þá staði, sem nefndir eru í 2. gr., en hjer er ætlazt til, að það ákvæði nái til allra tryggðra húseigna. Það væri mjög leitt, ef það dregst, að gjalda fram yfir tilsettan tíma af einhverjum óviðráðanlegum atvikum eða slysum, sem gjaldanda er ekki sjálfum um að kenna, að þá skyldi húsið falla úr ábyrgð.

Að öðru leyti skal jeg geta þess, að þó breyt.till. sjeu margar að tölunni til, þá eru eigi fleiri verulegar efnisbreytingar, og yfir höfuð standa þær flestar í nánu sambandi hverjar við aðra og hljóta því að falla hver með annari.

Klemens Jónsson: Eins og jeg hefi áður tekið fram við 1. umr. þessa máls, þá var á síðasta þingi fundið frumv. þessu einkum það til foráttu, að eigi hefði verið leitað álits bæjarsjórnanna í hinum 3 kaupstöðum landsins. Þó var gengið að því sem vissu, að Reykjavík væri því mótfallin, en þm. Eyf. sem þá var, núverandi þm. Ísf. (Sk. Th.), lýsti því þó yfir, að hann hefði vissu fyrir því, að Akureyri mundi eigi vera því mótfallin, og sama gilti um Ísafjörð. Nú hefir þetta verið ýtarlega rætt á Akureyri í vetur, bæði af bæjarstjórninni og af nefnd, sem sett var til þess að íhuga málið, og síðan á almennum fundi, sem þar var haldinn.

Ennfremur hefir verið talað um það á mörgum fundum í Eyjafirði, og hefir það alstaðar orðið ofan á, að þetta væri eitt af helztu málum, sem þetta þing ætti að taka til ýtarlegrar meðferðar. Það sem menn greindi á um á Akureyri var það, að sumir vildu hafa skylduábyrgð, aðrir ekki. Nú hafa flutningsmenn þessa frumv. eigi sjeð sjer fært annað en að hafa skylduábyrgð, og álitið, að sjóðurinn mundi eigi geta staðizt án þess. Það sem helzt var talið á móti þessu í mínu kjördæmi var það, að það gæti verið mjög illt fyrir kaupmenn, einkum smákaupmenn, að vera nauðbeygðir til þess að tryggja hús sín hjer á landi, af því þeir væru neyddir til þess að taka lán hjá útlendum kaupmönnum, og yrðu þá að setja húseignir sínar í veð fyrir skuldinni, en þær yrðu eigi teknar gildar nema þær væru vátryggðar í útlendum brunabótafjelögum. Kaupmenn voru því hræddir um að þetta kynni að spilla fyrir þeim með það að fá lán nema þeir vátryggðu hús sín líka í útlendum fjelögum, en það yrði þeim kostnaðarsamt, þangað til sjóður þessi væri kominn vel á veg og hefði náð góðri festu. Sje svo, að creditorar væru hræddir við þetta, þá er það allrar íhugunarvert, og því vil jeg biðja h. þm. að íhuga það, hvort þetta mundi ekki verða þessum mönnum til skaða. Jeg hefi tekið þetta fram af þeirri ástæðu, að þessi mótbára var mjög sterklega tekin fram í mínu kjördæmi, og því álít jeg mjer skylt að skýra hinni h. þingdeild frá þessu. Jeg get samt eigi álitið þetta mikla grýlu, í það minnsta er jeg fyrir mitt leyti ekki hræddur við það sjálfur, og því vona jeg, að h. þingdeild taki þessu máli vel, eins og áður.

H. flutningsmaður (Ó. B.) hefir komið fram með mjög margar breyt.till., en af þeim eru 3 aðalbreyt.till. Af þessum 3 get jeg vel fallizt á 2. Það er sem sje sú um stjórn sjóðsins, sem jeg verð að álíta mjög heppilega, og sömuleiðis það, að tiltaka ekki ábyrgðarupphæð landssjóðs; að báðum þessum breyt.till. er mjög mikil bót; en aptur á móti er jeg ekki sannfærður um það, að rjett sje að sleppa Reykjavík. Það er ekki sjeð, að íbúar hennar hafi neinn óhag af því að vátryggja sín hús í þeim sjóði, en hins vegar er það víst, að vöxtur og viðgangur þessa fyrirhugaða sjóðs er mjög mikið undir því kominn, að Reykjavík sje með. Jeg veit það reyndar, að Reykjavík hefir góð vátryggingarkjör nú, en það getur líka verið að hún geti haft þau eins góð eptir nokkur ár, ef hún nú strax er með í fjelaginu. En ef hún verður eigi strax með, þá er jeg hræddur um að það geti staðið fyrir því, að þetta komist í gang, eða staðið sjóðnum í það minnsta fyrir þrifum.

Jeg álít því ekki rjett að sleppa Reykjavík, en geti h. flutningsmaður (Ó. B.) sannfært mig um það, að sjóðurinn geti náð vexti og viðgangi eins eptir sem áður, þá skal jeg ekki vera því mótfallinn.

Jeg skal svo ekki fjölyrða þetta meir, en óska, að menn lofi frv. þessu að ganga sem greiðlegast sinn gang, því nú er mjög liðið á þingtímann.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Út af orðum h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) þá skal jeg geta þess, að jafnvel þó jeg viðurkenni, að ástæður þær, sem Reykjavík ber fyrir sig, sjeu eigi á fullum rökum byggðar, þá álít jeg þó, að öðru máli sje að gegna með hana en hina kaupstaðina og verzlunarstaði þá, sem hjer eiga hlut að máli; brunabótamálum í Reykjavík er þó óneitanlega betur fyrir komið en annarsstaðar á landinu, því að þar er þeim málum skipað

með lögum, og meðan Reykjavík viðurkennir eigi sjálf, að það sje henni til framfara, að taka þátt í innlendum ábyrgðarsjóði, þá hefir hún þó meiri átyllu til undanfærslu en hinir aðrir staðir, þar sem engar reglur um það efni eru til. En það sem mjer gekk til að koma með breyt.till. í þá átt, að undanskilja Reykjavík, var það, að jeg óttaðist fyrir, að það gæti orðið málinu, ef ekki til falls, þá til mikilla tálmana, að láta þetta frumv. einnig ná til hennar. En á hinn bóginn gat jeg eigi ímyndað mjer, að það gæti orðið afleiðing af því, að láta Rvík ganga undan, að hinir aðrir staðir kipptu líka að sjer hendinni. Reykjavík hefir haft allgóð kjör í brunabótasjóði hinna dönsku kaupstaða, svo hún hefir eigi þurft að borga alls nema rúma 3 %, og lagt nokkuð af því gjaldi í sjerstakan brunabótasjóð, sem bærinn á sjálfur. Þetta munar miklu frá því, sem annarsstaðar er á landinu, þar sem borga verður 5 af hndr. og jafnvel $7^1/_2$ af hndr. Þess vegna er það enn þá meiri nauðsyn fyrir aðra staði en hana að fá þessu framgengt.

Viðvíkjandi því, hvort skylduábyrgð ætti að lögleiða eða ekki, þá skal jeg taka það fram, að jeg get eigi álitið það fráfælandi, og í öðru lagi er það alveg nauðsynlegt til þess að landssjóður geti tekizt þá ábyrgð á hendur, sem honum er ætluð. Jeg get heldur ekki sjeð, að þau andmæli, sem fram hafa komið frá þessari hlið, hafi við mikið að styðjast. Eptir því sem segir í fundarskýrslum frá Akureyri, má sjá, að engin eindregin mótmæli hafa þar komið fram gegn skylduábyrgðinni. Af þeim sem kosnir voru af bæjarstjórninni í nefnd til þess að íhuga þetta mál, þá leggja 2 með því, að skylduábyrgð sje lögleidd, en einn leggur á móti, og hann er ekki eindregið á móti því, en þykir það óeðlilegt og »citerar« í hin dönsku brunabótalög, en það er svo gott að vita, að þar var einmitt fyrst skylduábyrgð, en var af tekin síðar. Sama álít jeg að muni eiga sjer stað hjer, að þess þurfi eigi heldur með, þegar fram í sækir, því þegar þetta er orðin tízka og menn eru komnir upp á lagið, þá verður þetta ákvæði óþarft sökum þess, að þá mun öllum mönnum finnast sjálfsagt að vátryggja hús sín.

Þegar þetta mál kom fyrir hinn almenna fund á Akureyri, þá var það samþykkt með 19 atkvæðum gegn 6, að skylduábyrgð skuli vera. Viðvíkjandi því, hvort sjóðurinn muni geta staðið sig, þá skal jeg ekki fara með neina spádóma um það efni, en þó er nokkur reynsla til þess að byggja á. Að því er snertir Akureyri, þá er skýrsla til um það, að þar hefir skaði að bruna orðið á 2. þúsund, en húseign þar er metin 150 þús. Ef þau brunabótagjöld, sem þaðan eru borguð út úr landinu, hefðu verið lögð í sjóð, þá væri sá sjóður nú orðinn 28 þús. Þetta er að vísu eitt dæmi, svo ekki er hægt að byggja með öruggri vissu á því, en líklegt er, að sama muni eiga sjer stað á öðrum stöðum.

Sighvatur Árnason: Jeg vildi að eins spyrja, hvort leitað hefði verið álits manna í verzlunarstöðum þeim, sem nefndir eru í frv., um þetta mál. Mjer virðist nokkuð hart að skylda menn til þess, að vátryggja hús sín, og jeg býst við, að ýmsum húseignamönnum víðsvegar um landið geti orðið þetta nauðungarmál. Það getur verið, að búið sje að leita yfirlýsingar manna um það, en þess hefir enn ekki verið getið.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Þótt eigi liggi fyrir neinar beinar yfirlýsingar viðvíkjandi brunabótamálinu frá hin-

um einstöku kaupstöðum, þá verð jeg að álíta, að úr því að engin mótmæli hafa komið fram, þá sje þetta vilji þeirra. Menn vissu, að málinu var hreift á síðasta þingi og í neðri deild samþykkt með miklum atkvæðafjölda. Þó að efri deild stytti frumv. aldur, þá mátti samt ganga út frá því vísu, að það mundi verða tekið fyrir aptur á næsta þingi, enda var það talið sjálfsagt í blöðunum. Það er líka fjarri því, að þeir kaupstaðir, sem þegar hafa látið til sín heyra um þetta mál, hafi verið því mótfallnir. Ganga yfirlýsingar þeirra einmitt í þá átt, að það sje eindreginn vilji þeirra, að frumv. nái fram að ganga sem allra fyrst. Það er ekki eingöngu Akureyri, sem hefir gefið yfirlýsingu í þá átt, heldur einnig fleiri verzlunarstaðir á landinu.

Þór. Böðvarsson: Viðvíkjandi þessu frumv. finn jeg mjer það skylt að geta þess, að mál þetta hefir ekki verið tekið fyrir í kaupstöðum þeim, sem í mínu kjördæmi eru; og jeg held að jeg megi fullyrða, að hvorki Hafnarfjörður nje Keflavík mundu taka því fúslega, ef þingið gerði þeim að skyldu, án þess það væri borið undir þá, að ganga inn í fjelag þetta. Í báðum þessum kaupstöðum eru mörg gömul hús, sem lengi hafa verið vátryggð í hinu sama fjelagi, og mun það enginn hagnaður fyrir eigendur þeirra að tryggja þau í öðru fjelagi, hvort sem er innlent eða útlent.

Þorlákur Guðmundsson: Eins og jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, er það skoðun mín, að heppilegast hefði verið að sett væri nefnd í þetta mál. Jeg geri ráð fyrir, að ef nefnd hefði verið sett í málið, þá hefði hún tekið til íhugunar, hvort ekki væri ráðlegt, að leita samþykkis hinna einstöku kaupstaða. Jeg get hugsað mjer, að sumir verzlunarstaðir muni vilja ganga í spor Reykjavíkur. Það væri ekki gott, ef Reykjavík, höfuðstað landsins, væri sleppt úr, svo að ef menn álíta frumv. þetta gott og samþykkja það án þess að leita álits verzlunarstaðanna, þá vil jeg með engu móti að Reykjavík sje sleppt úr, sem höfuðstað landsins, og sem hlýtur að hafa svo mikið að þýða fyrir framtíð þessa máls.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 1 á þingskj. 441 samþ. með 13 samhlj. atkv.; 1. gr. breytt samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 2 á þingskj. 441 felld með 12 gegn 4 atkv.; breyt.till. 3 á þingskj. 441 samþ. með 13 samhlj. atkv.; breyt.till. 4 á þingskj. 441 samþ. með 15 samhlj. atkv.; 2. gr. breytt samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. 5 á þingskj. 441 samþ. með 15 samhlj. atkv.; 3. gr. breytt samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 6 á þingskj. 441 samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 7 á þingskj. 441 fallin; 4. gr. breytt samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. 8 á þingskj. 441 samþ. án atkv.gr.; 5. gr. frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 6. gr. frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv.; 7. gr. frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. 9 á þingskj. 441 samþ. án atkv.gr.; 8. gr. frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 10 á þingskj. 441 samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. 11 á þingskj. 441 samþ. án atkv.gr.; 9. gr. breytt samþ. með 16 samhlj. atkv.; 10. gr. frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. 12 og 13 á þingskj. 441 samþ. án atkv.gr.; 11. gr. frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. 14 á þingskj. 441 samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 15 á þingskj. 441 samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. 16 á þingsk. 441 samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. 17 á þingskj. 441 samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 18 á þingskj. 441 samþ. með

16 samhlj. atkv.; breyt.till. 19 á þingskj. 441 samþ. með 14 samhlj. atkv.; 16. gr. breytt samþ. með 13 samhlj. atkv.; breyt.till. 20 á þingskj. 441 samþ. með 13 samhlj. atkv.; 17. gr. frumv. breytt samþ. með 13 samhlj. atkv.; breyt.till. 21 á þingskj. 441 samþ. með 16 samhlj. atkv.; 18. gr. breytt samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 22 á þingskj. 441 samþ. með 14 samhlj. atkv.; 19. gr. breytt samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 23 á þingskj. 441 samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 24 á þingskj. 441 samþ. með 14 samhlj. atkv.; 20. gr. frumv. breytt samþ. með 15 samhlj. atkv.; 21. gr. frumv. óbreytt samþ. með 15 samhlj. atkv.; 22. gr. frumv. óbreytt samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 25 á þingskj. 441 samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. 26 á þingskj. 441 samþ. með 14 samhlj. atkv.; 23. gr. frumv. breytt samþ. með 14 samhlj. atkv.; breyt.till. 27 á þingskj. 441 samþ. með 11 gegn 3 atkv.; breyt.till. 28 á þingskj. 441 samþ. með 11 gegn 4 atkv.; 24. gr. frumv. samþ. með 12 gegn 1 atkv.; breyt.till. 29 á þingskj. 441 samþ. með 12 samhlj. atkv.; breyt.til. 30 á þingskj. 441 felld með 14 gegn 1 atkv.; breyt.till. 31 á þingskj. 441 samþ. með 14 gegn 2 atkv.; 27. gr. frumv. breytt samþ. með 11 samhlj. atkv.; breyt.till. 32 á þingskj. 441 samþ. með 14 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr, með 17 samhlj. atkv. — Fimm þm. voru eigi á fundinum meðan á atkv.gr. stóð.

Frumvarp til laga um ferðakostnað alþingismanna (C. 409); 1. umr.

Þórður Guðmundsson: Þær mörgu raddir, er komið hafa frá þingmálafundunum, að ferðakostnaður alþingismanna sje fastákveðinn með lögum, eru sprottnar af því, að mönnum finnst þingfararkaup alþingismanna óþarflega hátt, og er það sumpart komið af vanþekkingu manna, sumpart af smásmygli. Á hinn bóginn verður því ekki neitað, að það hefir brytt á því, að þingfararkaup nokkurra þingmanna hefir verið sett nokkuð hátt, og dæmi eru til að það hefir gengið svo langt, að það hefir verið ósæmilegt fyrir þingm. að láta það sjást í þingtíð. Ef þettu frumv. á að gera jöfnuð á þessu, og bæta úr því sem miður hefir þótt fara í þessu efni, þá er jeg hræddur um, að það misheppnist. Að mínu áliti fer það alveg í öfuga átt, og hækkar það fremur en lækkar, þegar litið er til undanfarinna ára. Jeg hefi fyrir mjer skýrslu yfir næstu 7 þing, er jeg skal leyfa mjer að lesa upp:

	Ferðakostn. eptir reikn. Kr.	Ferðakostn. eptir þessu frv. Kr.	Mismunur.
1881	3308	4290	910
1883	3052	3800	748
1885	2887	4190	1303
1886	3602	4840	1238
1887	4158	4770	612
1889	4596	4660	64
1891	5171	5480	309
	26846	32030	5184

Af þessari skýrslu sjest, að eptir þessu frumv. mundi þingfararkaupið í þessi 7 ár hafa orðið 5184 kr. meira en það var eptir reikningi alþingismanna, eða að jafnaði rúmar 700 kr. á ári. Mismunurinn liggur í því, að hjer er reiknað út eptir landferðum; en það hafa ætíð verið nokkrir þingmenn, sem hafa ferðazt með strandferðaskipunum, og ferðin þannig orðið ódýrari. Og nú, þegar allt af er verið að auka strandferðirnar, og líkindi eru til þess, að fleiri þm. muni geta farið sjóveg en áður, þá finnst mjer þetta enginn sennilegur jöfnuður. Jeg segi ekki þetta til þess að mæla móti frv., sem gengi í

þá átt, að gera jöfnuð á þingfararkaupi og setti það fastákveðið, og þar með heldur að lækka það en hækka.

Þórarinn Böðvarsson: Þetta mál hefir opt áður komið fyrir þessa h. þingd. og jeg verð að álíta það ísjárvert, að deildin felli það þing eptir þing, og gefi því aldrei neinn gaum.

Jeg skal ekki fara út í einstakar greinar frumv. eða sýna með tölum, hvort þetta fyrirkomulag, sem hjer er stungið upp á, er landssjóði til skaða eða ekki, því það heyrir alls ekki til að fara út í slíka rannsókn við þessa umr. Slíkt heyrir 2. umr. til.

Það hefir sjálfsagt einhverja ókosti, að setja þingfararkaup alþingismanna fast. Þetta hefir meðal annars þá kosti, að þá verður ekki sagt, að þessi eða þessi þingm. hafi eytt neinu af landsins fje, á móti lögum. Þá þyrftu blaðamennirnir heldur ekki að skrifa í blöð sín langar greinar um ferðakostnað alþingism., og eyða þannig rúmi í blöðunum frá öðru, sem uppbyggilegra væri fyrir þjóðina að vita um.

Jeg vil af þessum og mörgum öðrum ástæðum leggja það til, að mál þetta fái að ganga í gegnum deildina.

Einar Jónsson: Jeg get ekki verið samþykkur þessu frumv. eins og það er. Mjer þykir í raun og veru eðlilegt, að hver þingm. geti gert reikning fyrir ferð sinni, eins og hún fellur, og fengið þann reikning borgaðan. Jeg treysti þingm. til þess, að gera ekki ósanngjarnar kröfur, enda er ekki svo hætt við, að neinn þingm. komist fram með það, þar sem þingið kýs rannsóknarnefnd til að rannsaka og úrskurða ferðakostnaðarreikningana.

Eptir þessu frumv. er þingfararkaupinu slegið föstu, hvernig sem þingm. ferðast, en það álít jeg ekki rjett. Það er ekki rjett frá sjónarmiði landssjóðsins, að borga þingmanni út 300 kr., ef ferð hans kostar að eins 100 kr., og það er ekki rjett, þegar litið er á hag þingmannsins, að borga honum að eins 300 kr., ef ferð hans »faktiskt« kostar hann 400 kr.

Jeg álít að mál þetta ætti ekki að fara lengra nú, en bíða þangað til samgöngur vorar á sjó eru komnar í betra og fastara horf.

Benidikt Kristjánsson: Vjer vitum, að í fornöld var fast-ákveðið þingfararkaup, en þó margt sje gott í fornum lögum, þá er þar fyrir ekki sagt, að þess vegna sje rjett að innleiða nú fast þingfararkaup. En jeg fyrir mitt leyti verð þó að álíta rjett, að ákveða fast þingfararkaup, því hvernig svo sem ferðakostnaðarreikningar alþingismanna hafa verið að undanförnu, þá verður því þó ekki neitað, að mjög misjafnt hefur kostnaðurinn verið reiknaður á stundum fyrir sömu leiðina. Það er ekki meining mín, að þingið eigi að leyfa mönnum að ferðast sem stórhöfðingjum, heldur sómasamlega. Það getur verið, að þeir þurfi að kosta meiru til ferðarinnar, sem hrumir eru eða þungfærir, þeir fyrnefndu þurfa lengri tíma, en hinir síðarnefndu fleiri og duglegri hesta, en jeg álít ekki, að landssjóður eigi að taka slík atvik til greina. — Vjer vitum, að það er nokkuð óákveðið, hvernig menn reikna þingfararkaupið. Nefndirnar, sem kosnar hafa verið hjer á þingi til, að úrskurða ferðakostnaðarreikningana, hafa í hvert skipti verið á dálítið misjafnri skoðun á því máli. Sumar nefndir hafa kannske hlíft sjer við að setja reikningana mikið niður fyrir þingmönnum, og er það ekki láandi að öllu leyti.

Að því er snertir tölurnar á þessu frumv., þá má breyta þeim, hvort heldur þær eru of háar eða of lágar. Það er einungis eitt, sem mjer þykir vanta í þetta frumv., og það er að

samsíða ákvörðunum frumvarpsins sje settur ferðakostnaður, sem greiðist þegar farið er sjóveg. Á þann hátt er töluvert ódýrara að ferðast til og frá einkanlega frá fjarlægum stöðum. Ef menn vilja heldur vera á sjó og fara sjóleið, þá á ekki að borga þá ferð meira en hún kostar. Það er ekki rjett að skylda þingmenn til að fara sjóveg þegar þess er kostur, því að það gætu hugsazt þeir þingmenn, sem synd væri að láta ferðast sjóveg. Þeir gætu verið svo sjóveikir, að þeir liðu mikla nauð á því ferðalagi. Mjer finnst að þingmenn ættu yfir höfuð að tala að mega ferðast, hvort heldur þeir vildu landveg eða sjóveg. Þess vegna verður að tiltaka tvennan ferðakostnað, kostnað miðaðan við landferðir og kostnað miðaðan við sjóferðir.

Jeg legg því til að mál þetta verði látið ganga til 2. umr. og að þeir, sem vilja breyta frumv., gjöri það nú á milli umræðanna.

Þórður Guðmundsson: Jeg er alveg samdóma h. þm. Mýr. (B. Kr.) um að í frumv. vanti áætlun yfir ferðakostnað við sjóferðir; ef sú áætlun er nú ekki gjörð, verður engin mynd á þingfararkaupinu, því þingmenn geta stungið miklu af þessum peningum í sinn vasa án þess að hafa nokkurn tíma þurft að útborga þá.

Jeg get því ekki gefið þessu ferðaáætlunarfrumv. atkvæði mitt, ef jafnhliða er ekki sett ferða-áætlun á sjó, enda þykir mjer þessar ferðakostnaðartölur allt of háar, eins og jeg hefi áður bent á.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv.

Frumv. ttl laga um úrskurðarvald sáttanefnda, rjettarfar og aðför í minni skuldamálum (C. 419); 1. umr.

Þórarinn Böðvarsson: Þetta frumv. hefur verið vel íhugað og rætt í h. efri deild, enda álít jeg töluverða rjettarbót í því fólgna. Það er nú orðið svo liðið á þingtímann, að jeg álít ekki gjörlegt, að setja nefnd í málið, enda efast jeg um, að frumv. tæki verulegum bótum við það.

Þeir, sem hafa verið lengi í sáttanefnd, hljóta að hafa fundið til þess, hve óheppilegt það er, að þessar nefndir skuli ekkert vald hafa. Þeir mega að eins tala. Að vísu er ekki gott að koma því svo fyrir, að mikið verði gjört á móti vilja hlutaðeigenda, þeirra, sem fyrir sáttanefnd mæta, en hjer er þó stigið nokkuð spor í þá átt.

Óneitanlega hefur frumv. verulega galla, en jeg held að töluvert mætti bæta úr þeim með breytingartillögum, þótt nefnd væri ekki kosin.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um búnaðarskóla (C. 526, 529); síðari umr.

Einar Jónsson: Eins og menn muna, var felldur við fyrri umr. þessa máls síðasti liður hinnar upphaflegu tillögu, svo tillagan er nú að eins í tveimur liðum. Hæstv. landshöfðingi hafði talsvert á móti því við hina fyrri umræðu þessa máls, að honum væri falið að framkvæma ákvæðin í síðari lið tillögunnar. Búnaðarmálanefndin hefur nú aptur tekið þetta mál til íhugunar, en hún hefur ekki getað sannfærzt um, að undanfærsla landshöfðingjans sje á rökum byggð, en verður að álíta, að þingið hafi engan eðlilegri veg að fara en að snúa sjer til hans með framkvæmd á þessari tillögu. En til þess að taka þó nokkurt tillit til mótbára hæstv. landshöfðingja, hefur nefndin stungið upp á þeirri breytingu, á þingskj. 454, að steypa báðum liðum tillögunnar saman í einn lið og skora á landshöfð-

ingjann, að láta endurskoða reglugjörðir búnaðarskólanna, en að þingið ákveði beinlínis, að ákvæðið í 2. lið skuli tekið upp í reglugjörðirnar.

Hið eina, sem þingið þá skorar á landshöfðingjann að gjöra, er það, að hann láti endurskoða reglugjörðir búnaðarskólanna og gjöra þær svo samhljóða sem unnt er. Nefndinni þótti því síður ástæða til, að losa landshöfðingjann við þessa framkvæmd, sem það virtist beinlínis liggja undir hann eins og á stendur með stjórn búnaðarskólanna nú, þar sem amtsráðin hafa yfirstjórn þeirra, en þau standa aptur undir landshöfðingjanum. Að þetta sje hinn rjetti vegur, sjest enn fremur beinlínis af því, að landshöfðinginn hefir staðfest reglugjörð búnaðarskólans á Hólum og viðurkennt með því, að búnaðarskólarnir komi honum við.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þessa þingsályktunartillögu að sinni, en óska þess að eins, að hún verði samþykkt ásamt breytingartill. á þingskj. 454.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskjali 454 samþykkt með 13 atkv. samhljóða. Þingsályktunartill. þannig breytt samþ. með 13 atkv. samhlj.

Send til efri deildar.

Tillaga til þingsályktunar um fjárveitingar til búnaðarfjelaga (C. 527, 528, 529); síðari umr.

Framsögumaður (*Björn Bjarnarson*): Eins og h. þingdeild er kunnugt, tókst svo slysalega til við fyrri umr. þessa máls, að síðari liður 2. gr. í skilyrðunum var felldur burtu, en 3. liðurinn var látinn halda sjer, þó hann væri byggður á þessari föllnu málsgrein 2. greinar.

Breyt.till. á þingskj. 455 fer fram á, að taka upp aptur þessa málsgrein, þó breytta nokkuð með tilliti til orða hæstv. landshöfðingja, þar sem hann ljet í ljósi, að ekkert mundi vera á móti því, að ákveða í skilyrðunum, að skýrslurnar væru gjörðar eptir formum þeim, er nefndin hafði búið til, og vona jeg að h. þingdeildarmenn hafi ekkert á móti þessu.

Þá kemur breyt.till. h. þm. á þingskj. 448 og 449. Breyt.till. á þingskj. 448 fer fram á, að í staðinn fyrir 2 faðmar í 2. tölul. b. 1. komi 3 faðmar. Jeg reyndi við fyrri umræðu að sýna fram á, að það sem er í reglunum sje sanngjarnara, í samanburði við tvíhlaðna garða, og sje því ekki enn ástæðu til, að fallast á þessa breytingartill. Aptur á móti hefi jeg ekkert á móti, að fallizt sje á breyt.till. á þingskj. 449, þar sem farið er fram á, að ekki sje heimtaðir eins háir torfgarðar.

Reyndar er þessi breytingartill. ekki þýðingarmikil, en ef þetta getur átt betur við sumstaðar, þá má það vel vera; enda er ekki fastákveðið annað en minnsta hæðarmálið; jeg álít því ekki skaðlegt, þó breyt.till. kæmist að, og get jeg verið með henni, ef h. þingdeildarm. þykir þá betur en áður. Að öðru leyti er litlu við að bæta.

Jeg er sannfærður um, að 2. gr. í skilyrðunum í sambandi við aðra málsgrein 2. greinar, sem hjer er komin fram aptur sem breytingartillaga, feli í sjer mikinn framfaravísi fyrir landbúnaðinn, og jeg vildi óska, að h. þingdeild viðurkenndi það með því, að lofa till. að fá framgang, því þó ekki sje gjört ráð fyrir miklum árangri í bráð af skoðununum, er jeg þó sannfærður um, að þær eru mikils virði, enda er reynsla fengin fyrir því, að þær hafa þegar haft all-mikil bætandi áhrif á meðferð fjenaðarins, þar sem þær hafa átt sjer stað.

Jens Pálsson: Jeg skal stuttlega gera grein fyrir breyt.till. sem jeg og 5 aðrir h. þm. hafa gert, sem fer fram á, að í staðinn fyrir 3 faðma af einhlöðnum garði, komi 2 faðmar. Oss fannst eigi vera jöfnuður á því, að 2 faðmar af einhlöðnum garði og 1½ af tvíhlöðnum með jafnri hæð væri álitnir jafnir, því að, þótt grjótið sje við hendina, sem á að fara í garðana, verður að hreifa svo mikið meira grjót í tvíhlaðna garðinn, að það nemur meiru en svarar ½ faðmi á lengdinni. Ef grjótið aptur á móti er ekki við hendina, heldur verður að flytja það að, þá verður mismunurinn enn meiri, því að fyrst þarf að flytja grjótið að, og síðan hlaða úr því. Jeg hefi reynslu fyrir því, að það er ekki þungt dagsverk, að hlaða 3 faðma af einhlöðnum garði. Jeg álít að röskur maður geti hlaðið 2×3 faðma, ef efnið er hentugt og við hendina. Jeg álít að það verði nærfellt jafnt, að hlaða 3 faðma af einhlöðnum garði og 1½ af tvíhlöðnum, og vona því, að h. þm. geti fellt sig við þessa breytingartillögu.

Framsögumaður (*Björn Bjarnarson*): Eins og jeg sagði áðan, geri jeg þetta ekki að kappsmáli, því að það munar svo litlu, þó að jeg sje enn ekki sannfærður um, að breytingin sje til bóta. Það er víðast, að mikið þarf að hafa fyrir að fá efni í einhlaðinn garð, það er varanlegt sje. Jeg læt mjer á sama standa, hvort þessi breyt.tillaga fær framgang eða eigi.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg er samdóma tillögunni um styrkveitingu til búnaðarfjelaga að mörgu leyti, en mjer þykja skilyrðin, sem sett eru fyrir þessum styrkveitingum, nokkuð flókin. Eins og jeg hefi tekið fram í nefndinni og mínum h. meðnefndarmönnum er fullkunnugt, þegar um það er ræða að innleiða eitthvað nýtt, þá virðist ekki ráð að gjöra það í byrjun of flókið; til að byrja með, er rjettast að hafa það sem einfaldast. Jeg sje ekki, hvað það á að þýða, að senda landshöfðingja skýrslur um, hvernig bændur ganga um hey sín, hvort einn sópar betur um garð sinn en annar. Enn fremur kann jeg ekki við orðalagið í tillögunni; það er svo óákveðið. Af tillögunni má ráða, að eigi skuli skoða hjá öðrum en þeim, sem tekið hafa framförum; en hver á svo að ákveða, hverjir eru á framfarabraut? En ekki hjá hinum, sem standa í stað, eða eru á apturfarabraut. Það er bezt að hafa orðalagið sem einfaldast; þá verður það síður misskilið. Það varðar mestu, að mínu viti, að líta eptir, hvort fjenaður sje í góðu standi og heybirgðir nógar. Það þarf engar skýrslur að gefa um það, hvernig menn ganga um hey, heldur er hjer um að gera að koma skoðunum á, og að sendar sjeu áreiðanlegar skýrslur.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg játa skilningsleysi mitt, að jeg skil ekki, í hverju sambandi skoðanirnar og skýrslur um þær standa við styrkveitingu til búnaðarbóta. Mjer finnst þetta sjerstakt mál og ekki standa í neinu sambandi við jarðabætur, því að geri einhver jarðabætur, þá lít jeg svo á, sem hann eigi að fá laun fyrir þær án tillits til þess, hvernig hann fer með fjenaðinn.

Einhver getur gert jarðabætur, þótt fjenaður hans sje í slæmu standi, og þær jarðabætur eru umbætur á jörðinni, þótt hann fari eigi sem bezt með fjenað sinn. Jeg læt mjer nægja búnaðarfjelögin. Þau eiga að vinna að því, að bæta jarðir, en eigi beinlínis að fjenaðarræktinni. En hitt er satt, að líklegt er, að sá, sem ræktar vel jörð sína, fari líka vel með fjenaðinn. En það getur staðið svo á, að fjenaðurinn

sje ekki í góðu standi hjá þeim, sem gerir jarðabætur. Á hann þá að verða af styrknum, ef fjenaður hans er ekki í standi? Mjer finnst, að það ætti ekki að vera að blanda þessu saman.

Einar Jónsson: Styrkurinn er ekki veittur til jarðabótafjelaga eingöngu, heldur til búnaðarfjelaga. Það er því rjett, að taka tillit til fleira en jarðabóta einna. Það er ekki minna vert, að bóndinn fari vel með arðinn af búi sínu, fari vel með skepnur sínar, hús og hey, en að hann bæti jarðir sínar. Af því vjer höfum þetta tvennt fyrir augum, þá eru tvö atriði í skilyrðinu.

H. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) sýnist síðara atriði skilyrðanna um fjenaðarskoðunina vera of flókið. En jeg get ekki sjeð, að svo sje, og mun hann ekki hafa athugað það til hlítar; því að þótt það sje gert að skilyrði, að skýrslur fylgi styrkbeiðninni til landshöfðingja, þá er ekki ætlazt til, að landshöfðingi meti þessar skýrlur og leggi dóm á, hvort fjárhirðingin hjá þessum eða hinum hafi reynzt vel, dável, eða ágætlega, og hagi svo styrknum eptir því. Nei, hann á að eins að líta eptir, hvort þær sje útfylltar eða eigi. Það væri heldur eigi heppilegt, að ætla landshöfðingja að meta skýrslurnar eptir innihaldi þeirra, því að ekki má ganga að því vísu, að landshöfðingi sje ávallt búfróður maður.

Skýrslur þessar hafa eigi aðra þýðingu fyrst um sinn, en að koma mönnum til að láta skoðanirnar fara fram, því að þegar þær eru á komnar, þá munu þær smátt og smátt sjálfkrafa hafa góð áhrif, og vekja samkeppni manna.

Jeg verð því að telja það harla mikilsvarðandi, að styrkveitingin sje á einhvern hátt bundin því skilyrði, að skoðanir þessar hafi farið fram, og skýrslur gerðar, því að þótt þessar skýrslur yrðu í fyrstu mjög ófullkomnar, þá myndi það sjást með tímanum, að bændur hefði tekið framförum í fjenaðarhirðingu, einmitt sakir þessara skýrslna um skoðunargjörðirnar.

Það er þegar góð reynsla fengin fyrir því, hvað þessar skoðunargerðir geta unnið á, um það, að bændur hafi farið betur með skepnur sínar, og vandað betur húsagerð sína og hirðingu heys. Og einmitt af því, að skoðunargerðirnar verka svo á fjelagsmenn, þá gerðum vjer þær að skilyrði fyrir styrkveitingunni að nokkru leyti. Því er í 3. lið ákveðið, að $^1/_5$ af styrknum skuli veittur þeim, er fullnægjandi skýrslur gefa. En eins og jeg hefi áður sagt, þá á landshöfðingi eigi að meta þær eða veita styrk eptir þeim, heldur að eins taka tillit til þess, að þær fylgi styrkbeiðninni, því að þá er auðsætt, að skoðunargerð hefir farið fram.

Framsögumaður (Björn Bjarnarson): Orð h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) eru sprottin af misskilningi. Hann sagði, að skýrslurnar ættu eigi að taka til annara en þeirra er sýndu framfarir í fjenaðarrækinni. En það er ekki rjett. Þær eiga að ná yfir alla fjelagsmenn. Þess má og geta, að það er þegar talsverð framför í því, ef þessar skoðanir komast á, því að þær munu með tímanum verða til mikilla framfara í fjárrækinni.

Í sambandi við þessar efasemdir h. þm. vil jeg benda á, að gjört er ráð fyrir, að valdir sje tveir menn, sem bezt traust er borið til, til að framkvæma þessar skoðanir, og þá trú hefi jeg á þjóð minni, að hún ekki velji ó hæfa menn til ábyrgðarsamra starfa. Þessir menn eiga síðan að gefa skýrslurnar eptir beztu samvizku. Jeg vil ekki ætla þjóðinni það, að hún sje svo spillt, að hún velji til þess samvizku-

lausa menn, eða hafi ekki öðrum en slíkum á að skipa. Að gjöra ráð fyrir slíkri siðferðisspilling, eða óttast fyrir, að allar skýrslur yrðu falskar, er svo illt vottorð þjóðinni til handa, að jeg vildi óska, að heyra ekki slíkt af þingmanns vörum. Hjá h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.) kom fram greinilegur misskilningur á málinu. Hann taldi sjálfsagt, að öll jarðabótafjelögin yrðu að gefa þessar skoðunarskýrslur, og að hjer væri öllu blandað saman. Það er ekki nema 1/5 af búnaðarfjelagsstyrknum ætlaður til þessarar skoðana. Sje miðað við fjárlagafrumv. eins og það fór hjer úr deildinni sjest, að alls eru ætlaðar 12000 kr. til búnaðarfjelaga, þar af 2000 kr. til Búnaðarfjelags Suðuramtsins. Þá eru 10,000 kr. eptir; af þeim verða nú samkvæmt tillögum þessum 8000 kr. ætlaðar til jarðabótafjelaga, en að eins 2000 kr., sem ætlaður eru til fjenaðarskoðana, og njóta þau fjelög þess hlutans af styrknum, sem skoðanirnar hafa í því lagi, sem formið bendir til. Þetta er svo greinilega aðskilið, að það spillir ekki hið minnsta fyrir jarðabótafjelögunum. Jeg vona nú að enginn sjái ofsjónir yfir því, að verja einum 2000 kr. til þess, að bæta búpeningsræktina, þennan aðalbjargræðisveg allra landsmanna. Jeg verð að láta það í ljósi, að jeg varð alveg forviða, er jeg sá við fyrri umr. þessa máls, að h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.), forseti hins stærsta búnaðarfjelags á landinu, greiddi atkvæði móti þessari tillögu. Vil jeg þó ekki segja eins og h. sami þm. opt hefir sagt, þegar um eitthvert mál, er Rvík varðar, er að ræða, að vjer aðrir þm. ættum að fulltreysta viti og forsjá sinni og kjósenda sinna í slíkum málum; jeg vil ekki segja, að hann eigi að lofa oss bændum einum að ráða í þessu mál. Nei, til þess ber jeg of mikla virðingu fyrir greind hans og þekkingu í þessu efni; og því fremur undrar mig, að hann ekki skyldi verða fyrstur og fremstur manna til að styðja þetta mál, bæði með orðum og atkvæði.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skil ekki enn þá, til hvers þessar skýrslur eigi að vera, ef ekki á að veita verðlaun eptir þeim. Uppástungan hljóðar þannig: »Enn fremur skal bónarbrjefinu fylgja skýrsla um meðferð á heyjum, ástand fjenaðarhúsa og um rækt og meðferð búfjenaðar hjá fjelagsmönnum þeim, er leggja stund á framfarir í þessum greinum Inndbúnaðarins. Skýrslur þessar skulu sendar eptir meðfylgjandi formi (sjá sýnishorn nr. 2 á þingskj. 214), og byggðar á skoðunargjörðum, er framkvæmdar sjeu að minnsta kosti tvisvar á vetri, af tveim skoðunarmönnum í samvinnu, er fjelagið kýs til þess«. Það stendur á sama, hvernig skýrslurnar eru, ef þær að eins koma; þá er nóg; þótt þær lýsi því, að fjárhirðingin sje í slæmu ástandi, þá á samt að veita verðlaun eptir þeim. Jeg ímynda mjer, að bændur ættu að sjá það sjálfir, þótt þeir fengju engin verðlaun, hvort góð meðferð á fjenaði er til hagnaðar eða ekki. Jeg hefi ekki á móti skoðunum, sem fari fram milli bænda í hreppnum, því það getur verið, að þær hvetji menn til betri meðferðar á fjenaðinum, en mjer þykir það ekki launavert, þótt þeir fari vel með fje sitt, því allir ættu að vita, að góð meðferð á fjenaði launar sig vel. Það eru ekki heldur settar neinar reglur um það, hver áhrif þessar skýrslur eiga að hafa. Það ættu þó að minnsta kosti að vera einhverjar reglur fyrir því, eins og við jarðabæturnar. Ef skoðanir fara fram, þá getur það verið áminning fyrir bændur að fara vel með fjenað sinn, en þar með er ekki sagt, að fje þeirra sje verðlaunavert. Ef þess-

ar skýrslur ættu að vera að nokkru gagni, þá ætti að setja reglur fyrir þeim til þess, að hægt verði að sjá, hjá hverjum sje farið bezt með fje. Þess konar verðalaunaskoðanir hafa verið gerðar á Suðurlandi, en jeg segi það, að margir Sunnlendingar hafa ekki mikla trú á þessum verðlaunaskoðunum. Allt annað er það, þótt bændur í einum hreppi myndi fjelög til að skoða hver hjá öðrum. Jeg sje ekki, að breyt.-till. á þingskj. 455 standi í nokkru sambandi við þetta mál.

Þórður Guðmundsson: Jeg er samdóma h. nefnd um, að skoðun á húsum og heyjum bænda sje mjög nauðsynleg og geti haft mikla þýðingu fyrir landbúnaðinn, því mjög víða er ábótavant í því efni; en aptur á móti er jeg ekki á sama málinu um, að senda þessar skýrslur til landshöfðingja eða að vænta megi verðlauna fyrir þær af landssjóði. Jeg álít, að þessar skoðunargjörðir snerti að eins búnaðarfjelögin, og þeim einum beri að borga þau, sem fram úr kynnu að skara í því efni.

Hæstv. landshöfðingi lýsti því líka yfir við fyrri umræðu þessa máls, að hann hefði ekkert vit á að meta þessar skýrslur, svo það hefði ekki neina þýðingu, þó þær væru sendar til sín.

Björn Sigfússon: Það hlýtur að vera sprottið af ókunnugleika h. þm. Rvík (H. Kr. Fr.), að hann er ekki með skoðunargjörðunum, hann, sem svo lengi og með miklum dugnaði hefir tekið þátt í að styðja búnaðarframfarir, sem forseti hins stærsta búnaðarfjelags á landinu. Þeir sem mæla á móti skoðununum, eru einmitt þeir, sem enga reynslu hafa fengið fyrir, hve góð og uppörfandi áhrif þær hafa á þá, sem skoðað er hjá, en þeir sem þekkja þær af eigin reynslu, og hafa með eigin augum sjeð gagnsemi þeirra, þeir eru allir einhuga í, að hin mesta nauðsyn sje að styðja að útbreiðslu þeirra. Það er og hefir áður verið tekið fram, að styrkveitingin sje veitt til búnaðarfjelaga, en það er rýmra orð en svo, að það nái að eins til jarðabótafjelaga, því það er áríðandi að leggja stund á fleira en jarðabætur. Það er ekki minni búnaðarframför í því, að hagnýta sem bezt hina auknu grasrækt og leggja stund á að gjöra allan búpening sem arðsamastan.

H. þingm. Rvík (H. Kr. Fr.) sagði, að það ætti ekki að þurfa að uppörfa menn með verðlaunum til að fara vel með skepnur; þeir ættu sjálfir að sjá, að það sje þeirra hagur; en má þá ekki með sama sanni segja, að það ætti ekki að þurfa að uppörfa menn til að sljetta túnin sín eða bæta jarðir sínar, af því það liggi í augum uppi, að þá beri þær betri arð? Nefndinni fannst engu minni ástæða til að reyna að uppörfa menn til að stunda fleiri greinar búnaðarins en jarðabætur, og lagði því til, að $^1/_5$ búnaðarstyrksins væri varið til umbótatilrauna í búpeningsrækt. Styrkur þessi er svo lítill, að hann mundi varla nægja til að borga ómakið við þessar skoðunargerðir, hvað þá heldur meira. Jeg er samdóma því, að við því mætti búast, að þær yrðu í fyrstu ófullkomnar, en þær mundu skjótt breytast til batnaðar, því þegar skýrslur um meðferð fjárins koma opinberlega fram, þá keppist hver við annan í því, að fara vel með fjenað sinn, hús og hey, en skammast sín fyrir alla vanrækslu í því efni. Allir sem skoðanir þessar þekkja ljúka lofsorði á þær. Þeir sem eru dýravinir, ættu þó sannarlega að fylgja þessu, og sjá það og skilja, að opinberar skoðanir og eptirlit með skepnumeðferð mundi verða eitthvert áhrifamesta meðalið til að draga úr illri meðferð á skepnum.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 1. á þgskj. 455 samþ. með 11 : 3 atkv.; breyt.-

till. 2 á þingskj. 455 felld með 10 : 9 atkv.; breyt.till. á þingskj. 448 samþ. með 13 samhlj. atkv.; breyt.till. á þingskj. 449 samþ. með 14 samhlj.. atkv.

Tillagan með áorðnum breyt. samþ. með 17 samhlj. atkvæðum og afgreidd til efri deildar.

Tillaga til þingsályktunar um áætlun um kostnað við steinhússbyggingu fyrir söfnin (C. 467); ein umr.

Flutningsm. (*Halldór Kr. Friðriksson*): Jeg hef ásamt h. 2. þm. Árn. (B. Th. M.) leyft mjer að koma með uppástungu þessa, sökum þess, að söfn vor eru húsnæðislaus. En einkum er það þó forngripasafnið. Mikið af því liggur sökum rúmleysis enn þá í kössum, og sumt af því jafnvel úti; er því eins og allir sjá mjög hætt við, að það skemmist, auk þess sem enginn fær að sjá það. Þess vegna er það með öllu nauðsynlegt, að fá því húsrúm, er viðunanlegt er. Svo er náttúrugripasafnið, sem að vísu er ekki beinlínis eign landssjóðsins, en þó eigi að síður mikils virði fyrir landið. Þetta safn er nú húsvilt, og ef það eykst, þá verður hvergi hægt að fá því húsnæði. Þá er litmyndasafnið; það er að sönnu lítið enn; en jeg eins og fleiri munu vilja, að það aukist, en það er ekki auðið, vegna þess, að það hefir ekkert húsrúm. Litmyndir eru ávallt mikils virði, sem einkum á góðan þátt í að auka fegurðartilfinningu manna. Ef það á að verða að tilætluðum notum, þá verður það að hafa svo mikið húsrúm, að það geti aukizt, og menn geti fengið að sjá það.

Við höfum ekki farið fram á meira en að fengin væri áætlun um kostnaðinn við slíkt hús, en láta hið annað bíða til næsta þings, sem getur sagt af eða á um það, hvort fje skuli veitt til þess að reisa húsið eða eigi. Jeg vona, að h. deild samþykki þetta. Það er nauðsynlegt, að söfnin hafi nægilegt húsrúm, svo menn geti sjeð þau. Það er t. a. m. mjög leiðinlegt, að útlendingar, sem einkum vilja sjá forngripasafnið, að þeir skuli ekki geta sjeð nema dálítinn hluta þess.

Jeg vona því, að þetta verði samþykkt, svo uppdráttur fáist og áætlun um kostnaðinn við að reisa slíkt hús.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg vil styðja þessa uppástungu, en jeg vildi gjarnan, að í henni hefði staðið, að þetta hús skyldi einnig vera póststofa og starfstofa landsbankans. Landsbankinn er í rauninni húsnæðislaus og það kemur æ betur og betur í ljós, að póststofan er, eins og hún er nú, allt of lítil. Væri landsbankinn hafður með, mundi hann leggja til talsvert fje til byggingarinnar.

Flutningsmaður (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg skal ekki hafa neitt á móti því, að fje sje varið til þessa, sem þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) nefndi.

Jeg skal játa það, að pósthúsið er allt of lítið, en enginn getur ætlazt til, að »privat«-maður leggi fram svo mikið fje, sem þyrfti til þess, að nægilegt húsrúm fengist, fje til slíks húss, sem hann fengi eigi selt aptur nema með miklu fjártjóni, heldur ætti slíkt hús að vera opinbert hús.

Jeg er ekki á móti því, sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) stakk upp á, en betur kynni jeg við, að póststjórnin og landsbankinn ættu hús út af fyrir sig, en jeg ætla þó rjettara, að söfnin ættu sitt sjerstaka hús. Jeg þorði eigi að fara svo langt, að stinga upp á því, sökum þess, að jeg hjelt, að þingið sæi sjer ekki fært að leggja fram svo mikið fje, sem til þess þyrfti. Jeg er sannfærður um það, að fá mætti uppdrátt yfir svo stórt hús, sem tæki þetta allt,

en jeg hallast heldur að því, að söfnin hafi sjerstakt hús og póststofan og landsbankinn annað.

Bogi Melsted: H. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) talaði svo vel fyrir till. okkar, að jeg þarf engu við að bæta, en jeg ætla að eins að benda hinum h. þm. á það, áður en gengið er til atkv. um till., að það hefir nokkurn kostnað í för með sjer, að gera þennan uppdrátt og áætlun. Við höfum þó ekki farið fram á, að setja inn í fjárlögin fje til þess, því við ætlum, að ef þetta yrði samþykkt, þá mætti með fjáraukalögum fá fje til þess að borga kostnaðinn.

Viðvíkjandi því, sem h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) tók fram, að pósthús vantaði og landsbankann vantaði hús, þá er það rjett; en við vildum ekki fara fram á, að byggja stærra hús en fyrir þessi söfn, því ef farið væri fram á það, þá hlyti sú bygging að vera svo stór og dýr, ef hún ætti að geta dugað alllengi, að það er efasamt, hvort þingið sæi sjer fært að leggja út í það. Það er mjög nauðsynlegt að söfnin fái hús, en það hús yrði að vera stórt, svo að söfnin gætu haft það til frambúðar. Enn fremur á það ekki vel við, að hafa listasöfn og gripasöfn í sama húsi og póststofu og banka, enda mun það vera sjaldgæft í öðrum menntuðum löndum. Þar á móti fer vel á því, að landsbankinn og póststofan sjeu sjer í sama húsi.

Jens Pálsson: Jeg skal lýsa því yfir, að jeg álít, að ýmislegt sje nauðsynlegra en þetta og þess vegna megi fresta því. En það er líka önnur ástæða, sem jeg hef fyrir mínu máli, og hún er sú, að þar sem hjer er um að ræða, að byggja hús fyrir söfnin, eins og í annan stað þar sem útlit er fyrir að innan skamms verði að byggja fleiri opinberar byggingar, þá verð jeg að álíta það mjög »ópraktiskt« eða æði óbúmannlegt (»uoekonomiskt«), að reisa æði-dýr smáhýsi á alþjóðlegan kostnað endur og sinnum, í stað þess að bíða og reisa á sínum tíma eina stóra byggingu, sem svari tilganginum. Það var hjer til umræðu í dag, að stofna háskóla, og ef það á að koma til framkvæmdanna, þá þarf hús fyrir þá stofnun, sem væri svo rúmgott, að þar kæmist fyrir bókasafn, sem ávallt verður að fylgja hverjum háskóla; það er miklu oekonomiskara, ódýrara, að reisa stórhýsi einu sinni fyrir allt, þar sem nóg rúm væri, heldur en að byggja smátt og smátt mörg smáhús; á þann hátt eyðist miklu meira fje en ella, og er það óskynsamleg sóun á landsfje. Þegar þetta hús var reist, þá var ætlazt til, að það væri einnig fyrir söfnin, einkum landsbókasafnið, en nú mun víst rúm það, er því var ætlað, vera nálega upp tekið, og eigi víst, hve lengi það verður nægilegt, enda er nú kvartað yfir því, að þetta hús sje of lítið orðið. Þetta sýnir, að þá hefði verið búmannlegra að byggja í stærri stíl.

Jeg verð því að ráða til, að fresta þessari uppdráttargerð, í þeirri von, að oss vaxi svo fiskur um hrygg, að vjer reisum síðar stærri, gerðarlegri og veglegri byggingu.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. með 14 gegn 1 atkv. og afgr. til efri deildar.

Tillaga til þingsályktunar um strandferðaáætlun (C. 516); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á, að ræða málið í 2 umr. og var það samþ.

Fertugasti og annar fundur, föstudag 18. ágúst kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frumv. til laga um friðun á laxi (C. 540, 560); 3. umr.

Framsögumaður (Björn Sigfússon): Það er að eins ein breyt.till. (C. 560), sem fram hefur komið við frumv. þetta; það hefur sem sje eigi verið gætt að því, að setja í niðurlag 7. gr., að ákvæði hennar skuli einnig ná til næstu greinar á undan. Jeg vona, að enginn hafi á móti þessari tillögu, og mun nefndin samþykkja hana. Jeg hefi nú reyndar lítið að segja um þetta mál frá nefndarinnar hálfu, með því að það eru nú fæstar af tillögum hennar, sem hafa verið samþykktar. Þó hefur ein þeirra verið samþykkt, sem miðar til þess að draga úr friðuninni, nefnilega ákvæðið um 60 faðma bilið milli neta, garða eða veiðivjela, eptir endilangri ánni. En það eitt get jeg sagt með ríkri vissu í nafni allrar nefndarmanna, að ákvæðið um að ádráttarveiði megi viðhafa í ám og vötnum 4 stundir samfleytt á sólarhring hlýtur að vera mjög óheppilegt, því að eins og í nefndarálitinu stendur, mun sú ákvörðun að vorum dómi leiða beint til þess, að ádráttarveiði getur farið fram í sífellu dag eptir dag, allan veiðitímann. En þó að nefndinni þyki þetta óheppilegt, þá hefur hún ekki sjeð sjer fært, að koma aptur með breyt.till. til þess að bæta úr þessu, þar sem h. deild tók svo óstinnt í það við 2. umr. málsins.

Jeg er á sömu skoðun og jeg ljet í ljósi við 1. umr., að í frumv. þessu er sumt, sem telja má til umbóta á núgildandi lögum. En aptur á móti er það skoðun mín, eins og jeg og tók fram þá, að önnur ákvæði sjeu í frumv., sem brjóta niður þessi góðu ákvæði. Eins og frumv. var óbreytt, mundi það hafa verið til skaða og nefndin vildi því reyna til að bæta úr því. En það hefur ekki heppnazt. Það er líkast því, að meiri hluti þessarar h. deildar hafi stigið á stokk og strengt þess heit, að gjöra alls engar umbætur á þessum lögum. Þetta frumv. er ekki betra, ef ekki verra en hið upphaflega frumvarp. Jeg vil taka það fram, að þetta, sem jeg nú hefi sagt, segi jeg sem mína persónulegu skoðun, en ekki í nafni allrar nefndarinnar. Af þessari skoðun minni, sem jeg nú hefi látið í ljósi, leiðir, að jeg get ekki álitið, að það sje heppilegt, að frumv. þetta, eins og það nú liggur fyrir, fari út úr deildinni. Jeg veit ekki hvort það fengi nokkra lagfæringu í h. efri deild; um það skal jeg engu spá. En jeg mundi telja það óheppilegt, ef það gengi til efri deildar og slyppi þar óbreytt í gegn, jafnvel þó jeg telji ýmislegt gott í því. Hið skaðlega yfirgnæfir.

Þórður Guðmundsson: Nefnd sú, sem kosin var í þetta mál og fjallað hefur um það, hefur ekki átt því láni að fagna, að fá lof fyrir starfa sinn, þrátt fyrir það, að hún hefur íhugað málið vandlega og með öllu móti reynt að taka tillit til þess, sem horfir að því, að auka laxveiðina. Það virðist annars mjög óheppilegt, að deildin skuli ekki strax fella þau mál, er hún sjer að hún getur ekki fellt sig við, og það jafnvel þó að breytingar sjeu gjörðar við þau.

Það er sjerstaklega h. 2. þm. Eyf. (J. J.), sem hefur fundið nefndarálitinu margt til foráttu, og hefur hann látið í ljósi þá skoðun, að það gengi of nærri veiðirjetti einstakra manna og jafnvel svipti þá veiðinni.

Jeg hefi marg-opt sýnt fram á það hjer í deildinni, hve viðsjárvert það er fyrir þingið, að blanda sjer mikið inn í atvinnuvegi landsmanna, því að raunin verður optast sú, að of mikið verður þröngvað að atvinnufrelsi einstakra manna, að meira eða minna leyti. Það kann að vera, að það sje ekki í höfuð-atriðunum, en þá í ýmsum smáatriðum.

Þetta er eitt af þeim málum, sem

mjög mikill vandi er að skipa fyrir um, svo engum af laxveiðendum sje gjörður skaði, eða þröngvað rjetti þeirra, þar sem heita má að sín aðferðin eigi við hverja laxveiði-á á landinu. Það er og allt annað að fyrirskipa um veiði í stór-ám, eða smá-ám. Jeg álít, eins og að vísu er fyrirskipað í lögum þessum, að sýslunefndir ættu að hafa sem allra mest vald til þess, að skipa fyrir um veiði-aðferð í laxveiði-ám í sinni sýslu, og þingið ætti sem minnst að fara út í, að semja lög fyrir land allt, því að sömu lögin geta ekki átt við alstaðar, eptir því sem tilhagar hjer á landi. Hinar endalausu breytingar á laxveiðilögunum sýna, að það mun ekki vera neinn hægðarleikur, að semja lög um þetta svo öllum líki. Og jeg get ekki sjeð, að laxveiði hafi aukizt í landinu, síðan þessar mörgu lagaskipanir komu. Það hefur raunar aukizt veiði hjá einstökum mönnum; en það er útsjón þeirra og dugnaði og auknum veiðiútbúnaði að þakka. En veiðin hefur aptur þverrað hjá hinum, sem fjær liggja, því að þessi aukni útbúnaður handsamar laxinn á göngu sinni.

Þetta kann nú að vísu ekki að skaða landið allt í heild sinni, ef að eins laxveiði yfir höfuð að tala minnkar ekki; en þingið verður að hafa það hugfast, að svipta eigi einstaklinginn atvinnu sinni.

Jeg er samdóma h. framsögum. (B. S.), að frumv., eins og það nú liggur fyrir, er óaðgengilegra en hið upphaflega frumv., og jeg álít, að það hafi verið mjög óheppilegt, að tillögur nefndarinnar, sem hún var samhuga um, að væru til bóta, hafa ekki verið teknar til greina.

Sighvatur Árnason: Jeg get ekki áfellt deildina fyrir meðferðina á nefndarálitinu. Jeg felli mig betur við frv. eins og það er nú, en við tillögur nefndarinnar. Og það vil jeg taka fram gagnvart h. 1. þm. Rvell. (Þórð. G.), að víðast hvar er nú orðinn sáralítill munur á þessu frumv. og hinu, sem nefndin fjekk fyrst í hendur. Þó er sá munur, að nú eru 60 faðmar til teknir milli netalagna, og ímynda jeg mjer, að á þeim vegi sje straumfall árinnar búið að ná sjer eðlilega milli neta, og þá er nóg.

Áður en jeg skil við málið, vil jeg taka það fram, að þetta frumv. er í öllum höfuðatriðum hið sama og það, sem samþykkt var af báðum deildum á síðasta þingi. Þegar maður skoðar málið frá ytri og innri hlið, þá álít jeg bezt farið eins og því nú er komið. Jeg býst nú við þeim svörum frá sumum h. þingm., að ekki sje til neins að halda því fram, af því að það muni ekki verða staðfest. Þessi svör eru næsta tíð viðvíkjandi þeim málum, sem ekki njóta þeirrar náðar, að fá allrahæsta staðfestingu. Jeg veit, að í brjósti sumra h. þm. býr þessi ótti fyrir lagasynjunum. En þá vil jeg frá mínu sjónarmiði taka það fram, að jeg álít að hæstv. landshöfðingi, sem er glöggur maður, og hin heiðraða ráðgjafastjórn í Danmörku muni hljóta að sjá, að synjanir á lögum, sem þjóðin leggur mikla áherzlu á, hljóti að draga huga þjóðarinnar úr sambandinu við Dani. En ef stjórnarskránni væri beitt í þá átt, að þjóðin fengi að ráða sjálf löggjöf sinni í innlendum málum, þá mundi þar af dafna bróðurþel milli frændþjóðanna. Og jeg vil segja meira, að ef svo væri að farið, þá þyrftum vjer ekki að vera að berjast fyrir stjórnarskrárbót. Af þessu dreg jeg í huga mínum, og það er sannfæring mín, að það sje rjett, að öll baráttan stafi af stífni frá stjórnarinnar hálfu, og þykir mjer hún þar ekki sýna hyggindi, sem í hag koma. Þegar jeg er sannfærður um, að eitt-

hvert mál sje að gagni fyrir land og lýð, þá get jeg ekki vikið frá því af ótta fyrir synjun, en held því áfram í því trausti og þeirri von, að stjórnin láti sannfærast, sjerlega af því, að jeg er sannfærður um, að þessi barátta öll er nærri því óþörf, ef stjórnarskránni væri beitt svo, að þjóðin fengi að ráða sjálf í sínum sjerstöku málum. Jeg skil ekki annað en þeir, sem hlut eiga að máli, hljóti að sjá, að það væri fyrir beztu bæði þjóð og stjórn.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg verð að segja, að jeg hefði óskað, að þingið hefði eigi þurft að fjalla um þetta mál í þetta sinn. Það er leiðinlegt að vera að fást við það þing eptir þing, án þess að vita með vissu, hvort nokkuð verður gert til bóta. Og jeg verð að taka undir með h. framsögumanni, að mjer þykir leiðinlegt, að deildin skuli ekki hafa getað fallizt á neinar breyt.till. nefndarinnar, nema eina eða tvær þýðingarlitlar. Ef við nefndarmennirnir getum sætt okkur við frumv. eins og það er nú, þá hefðu breyt.till. okkar ekki verið gerðar af sannfæringu; þær hefðu þá verið gerðar af leik. Mjer stendur ekki á sama og jeg er mjög í vafa um, hvort jeg á að greiða atkv. með þessu frumv., eða hvort ekki ætti heldur að bíða með það og sjá hverju fram vindur. Það er svo hvort sem er ekki víst, að efri deild geri það aðgengilegra, og sjerstaklega ætla jeg varúðarvert, að sleppa 36 stunda friðnum, því þá er því síður borgið rjetti og hag þeirra, sem ofar búa.

Sigurður Gunnarsson: Það er þýðingarlaust að vera að ræða um breyt.till. nú; þær eru úr sögunni hvort sem er, og um leið er því kippt úr vegi, sem h. 2. þm. Eyf. (J. J.) lagði svo mikið kapp á að andmæla við 2. umr. málsins, þar sem hann gjörði sjer far um að sýna fram á, hvað breyt.till. nefndarinnar væru illa vaxnar. Jeg skal ekkert segja um það, hvort hann sjer betur eða aðrir; en vera má, að hann sje kunnugri máli þessu en sumir af nefndarmönnum. Hann var í nefndinni sem sett var í þetta mál á síðasta þingi, og var því þá samþykkur, og er jeg því vongóður um, að hann muni einnig gefa frumvarpinu atkvæði sitt, eins og það nú er orðið, enda þótt hann gæfi í skyn við 2. umræðu annað veifið, að hann áliti rjettast, að að eins fám grundvallaratriðum væri skipað með lögum, en hitt væri lagt á vald sýslunefnda. Mjer þótti raunar í aðra röndina þessi uppástunga hans um sýslunefndirnar hálfkynleg, því að það mun hafa sýnt sig, að sýslunefndir eru eigi ætíð svo lagnar á að koma sjer saman í þessu efni, og mun h. 2. þm. Eyf. (J. J.) hafa reynslu í því efni eigi alllangt frá sjer.

Jeg skal nú ekki fara lengra út í málið, og vonast jeg til, að h. deild samþykki frumv. í því formi, sem það nú er.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 7. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv. Frumv. þannig breytt samþ. með 12 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei*:
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
Ben. Kristjánsson,	Bj. Sigfússon,
Bj. Bjarnarson,	Bogi Melsteð,
Jón Jónsson, A.-Sk.,	Guðl. Guðmundsson,
Jón Þórarinsson,	H. Kr. Friðrikss.,
Jón Þorkelsson.	Jens Pálsson,
Ól. Briem,	Jón Jónsson, Eyf.,
Sighv. Árnason,	Sigf. Árnason,
Sig. Gunnarsson,	Þorl. Guðmundss.,
Sk. Thoroddsen,	
Þór. Böðvarsson,	
Þórð. Guðmundss.,	

og afgreitt síðan til efri deildar.

Frumv. til laga um aukatekjur, sem renna í landssjóð (C. 386, 535); 3. umr.

Einar Jónsson: Jeg gat þess við 2. umr., að mjer fjelli ekki ýmislegt orðalag í frumvarpi þessu. Því hefi jeg nú með nokkrum h. þingdm. komið fram með breyt.till. þær, sem prentaðar eru á þingskj. 467. Það hefði að vísu þurft að lagfæra orðfærið á frumv. víðar, en vjer höfum ekki sjeð oss fært að gera það að svo stöddu. Jeg vona, að h. deild hafi ekkert á móti breyt.till. þessum og samþykki þær.

Klemens Jónsson: Jeg er ekki á sama máli og h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.). Sumar þessar orðabreytingar kunna að vera til bóta, en sumar eru ekki til bóta og allar eru þær gjörsamlega óþarfar og ekki nema til að tefja fyrir framgangi málsins.

Breyt.till. við 34. gr., að í staðinn fyrir »upp á æru og samvizku«, komi: »eptir beztu samvizku«, get jeg ekki sjeð, að hafi nokkra þýðingu, því þetta orðtæki er orðið algengt í lagamálinu og læt jeg mjer nægja í því efni að vísa til laga 11. febr. 1876 um aðflutningsgjald af tóbaki.

Ekki get jeg heldur verið þeirri breytingu samþykkur við 43. gr., að í staðinn fyrir »uppboðsafsalsbrjef« komi: »afsalsbrjef«. Slík brjef eru á dönsku kölluð »Auktions-Skjöde« og er það orðrjett þýðing — og rjett þýðing.

Í einu orði að segja eru breyt.till. meinlausar og gagnslausar og engin ástæða til að samþykkja þær.

Einar Jónsson: Ef það er meinlaust og gagnslaust, að lagfæra orðfæri á frv. þeim, sem koma fram á þinginu, þá meta menn ekki mikils móðurmál sitt. En jeg fyrir mitt leyti get ekki álitið það meinlaust og gagnslaust.

Það er sjerstaklega 37. gr., sem er óheppilega orðuð. Það er nógu gaman að heyra hana; hún hljóðar svona:

»Nú eru verzlunarvörur seldar við uppboð, og svo mikið í einu, að hvert hamarshögg nemur rúmum 30 kr., og skulu þá uppboðslaunin af upphæð þeirri, sem uppboðið nemur meira en 600 kr. en af hinum fyrstu 600 kr. skal ætíð greiða fullt gjald eptir 36. gr., ákveðin eins og hjer segir«, o. s. frv.

Jeg skýt því til h. þingdm., hvort þeir sjeu ánægðir með orðalagið á þessari grein. Reyndar geta þeir sem vilja fengið rjettan skilning út úr henni, en það fer jafnan illa, að setja aðrar eins millisetningar eins og þessar. Í 54. gr. finnst mjer annað eins og þetta ekki vera íslenzkt orðalag: »Fyrir borgarabrjef sem skipstjóri skal gjalda 4 kr.«. Jeg get ekki sjeð, að það eigi við að segja: »borgarabrjef sem skipstjóri« eða »borgarabrjef sem handiðnamaður«. Á hinn bóginn eru breytingar á þessu meinlausar hvað efnið snertir, og jeg er sannfærður um, að málið getur komizt fram á þinginu, þótt þessar breytingar fái framgang. Jeg hefi talað við einn hinn helzta mann úr nefndinni, er efri deild hafði sett í þetta mál, og hefir hann sagt mjer, að breytingar þessar yrðu til engrar fyrirstöðu þar í deildinni, og þar sem nú er 3. umr. málsins hjer í deildinni, er málið komið svo langt, að engin hætta er á því, að það geti ekki orðið að lögum, þó að breytingarnar verði samþykktar hjer.

Landshöfðingi: Jeg verð að taka undir með h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að mjer finnast breyt.till. við frumv. þetta flestar lítilsverðar.

Jeg ber ekki á móti því, að það fari betur að hafa málið gott og vandað á lögum, en orðfærið á þessu frumv. hefir einmitt verið lagað í h. efri deild, og þar á meðal á 37. gr., sem h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) þótti svo athugaverð að orðfæri, svo að verði málinu á henni breytt, er verið að breyta orða-

lagi h. efri deildar, en ekki stjórnarinnar. Jeg skal sjerstaklega taka fram eins og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að orðið »upp á æru og samvizku« er búið að ná þeirri hefð í lagamálinu, að ekki er hægt að rýma því burtu. Jeg get ekki heldur sjeð, að »borgarabrjef sem skipstjóri« megi ekki eins vel vera eins og »borgarabrjef sem handiðnamaður«. En breyt.till. þessar eru svo meinlausar, að ekki er hætt við að ágreiningur yrði út af þeim, þó að þær yrðu samþykktar.

ATKV.GR.: Breyt.till. við 10. gr. á þingskj. 467 felld með 11 : 6 atkv.; breyt.till. við 12. gr. á þingskj. 467 samþ. með 11 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
Björn Bjarnarson,	B. Kristjánsson,
Björn Sigfússon,	G. Guðmundsson,
Bogi Melsted,	H. Kr. Friðriksson,
J. Jónss., þm. A.-S.,	Jens Pálsson,
J. Jónss. þm. Eyf.	Jón Þórarinsson,
Jón Þorkelsson,	Sigfús Árnason,
Ólafur Briem,	Þór. Böðvarsson,
Sighv. Árnason,	Þ. Guðmundsson,
Sig. Gunnarsson,	Þorl. Guðmundss.
Skúli Thoroddsen.	

Breyt.till. við 13. gr. á þingskj. 467 samþ. með 12 samhlj. atkv.; breyt.till. við 14. gr. á þingskj. 467 samþ. með 11 samhlj. atkv.; breyt.till. við 15. gr. á þingskj. 467 samþ. 11 samhlj. atkv.; breyt.till. við 17. gr. á þingskj. 467 samþ. með 11 samhlj. atkv.; breyt.till. við 24. gr. á þingskj. 467 felld með 12 samhlj. atkv.; breyt.till. við 31. gr. á þingskj. 467 felld með 15 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
Benid. Kristjánss.,	Björn Sigfússon,
Björn Bjarnarson,	Guðl. Guðmunds.,
Bogi Melsted,	H. Kr. Friðriksson,
J. Jóns. þm. A.-Sk.,	Jens Pálsson,
Jón Þorkelsson,	J. Jónss. þm. Eyf.,
	Jón Þórarinsson,
	Ólafur Briem,
	Sigfús Árnason,
	Sighv. Árnason,
	Sig. Gunnarsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þór. Böðvarsson,
	Þ. Guðmundsson,
	Þorl. Guðmundss.

Breyt.till. við 34. gr. á þingskj. 467 felld með 12 : 6 atkv.; breyt.till. við 37. gr. á þingskj. 467 felld með 13 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
B. Bjarnarson,	B. Kristjánsson,
Björn Sigfússon,	G. Guðmundsson,
Bogi Melsteð,	H. Kr. Friðriksson,
J. Jónss., þm. A.-S.	Jens Pálsson,
Jón Þorkelsson,	J. J. þm. Eyf.
Sighv. Árnason,	Jón Þórarinsson,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Briem,
	Sigfús Árnason,
	Sig. Gunnarsson,
	Þór. Böðvarsson,
	Þórð. Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundss.

Breyt.till. við 43. gr. á þingskj. 467 samþ. með 12 samhlj. atkv.; breyt.till. við 54. gr. á þingskj. 467 felld með 11 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
B. Kristjánsson,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Bjarnarson,	H. Kr. Friðriksson,
Björn Sigfússon,	Jens Pálsson,
Bogi Melsted,	J. J., þm. Eyf.
J. J., þm. A. Sk.	Jón Þórarinsson,
Jón Þorkelsson,	Sigfús Árnason,
Ólafur Briem,	Sighvatur Árnason,
Sig. Gunnarsson,	Þór. Böðvarsson.

já:	*nei:*
Skúli Thoroddsen,	Þórður Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundsson.

Breyt.till. við 56. gr. á þingskj. 467 samþ. með 13 samhlj. atkv.

Frumv. með áorðnum breyt. samþ. í heild sinni með 19 samhlj. atkv. og endursent efri deild.

Frumv. til laga um breytingu á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C. 534, 535); 3. umr.

Framsögumaður (Björn Sigfússon): Breytingartill. á þingskjali 466 (C. 435) fer fram á að breyta frumv. í sama horf og efri deild. Nefndin getur ekki fallizt á, að það sje nauðsyn á að afnema árgjaldið af Stað með öllu. Jeg verð því fyrir hönd nefndarinnar að lýsa því yfir, að henni þótti rjettara að færa árgjaldið að eins niður um 200 krónur. En ef breytingartill. er samþykkt, þá tapar landssjóður meiru. Presturinn hefir heldur enga lagaheimild til að færast undan því, að greiða árgjaldið, brauðið er líka allgott, og þótt 400 króna árgjald af því kunni að vera helzt til hátt, þá munu þó 200 krónur ekki vera of hátt. Jeg vona, að h. deild taki tillögum nefndarinnar eins vel nú og við fyrri umræðu málsins, þrátt fyrir það, þótt hæstv. landshöfðingi ljeti það í ljósi í ræðu sinni, að honum myndi eigi fyrir þykja, þótt nefndin fengi illa útreið, enda mun hann fremur hafa verið gramur áliti nefndarinnar en tillögum hennar.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg hefi gagnstæða von við h. framsögumann. Jeg vona að h. deild taki ekki tillit til breytingar.till. nefndarinnar. Eða ef svo færi, þá kemur það af ókunnugleika deildarinnar. En jeg er þessu máli vel kunnugur. 1854 var brauðið metið á 314 rd. Hver myndi geta kallað það meðalbrauð? Þar af var jörðin virt á 100 rd., svo að reglulegar tekjur voru 214 rd. og í þessum 214 rd. voru fólgin gjöld af tveimur smájörðum fyrir utan gjaldið af 2 hjáleigum; hitt voru sóknartekjur.

Árið 1884 var brauðið metið að nýju, og þá var það virt á 1511 kr.; en þá verður að gæta þess, að þá var dúnn í einna hæstu verði, sem hann hefir komizt. Jeg man ekki, hvort dúnpundið var þá 20 kr.; 15 kr. var það að minnsta kosti. Nú mun dúnpundið vera 8 kr. Tekjur prestsins eru því alls nú 900 krónur rúmar. Dúntekja hefir að jafnaði verið 60—70 pd., aldrei meira en 70 pd.; og ef jeg tel þá dúninn 65 pd., verður hann $65 \times 8 = 520$ kr. Dúntekjurnar eru því nú um 500 krónur. Af þessum tekjum borgar hann 400 króna árgjald; og hefir hann þá næsta lítið fyrir að ná dúninum, því að Máfey — jeg þekki þetta svo vel — er svo langt frá landi, þar sem meginvarpið er.

Það var meginregla þeirrar nefndar eða manna, sem sömdu prestakallalögin, að láta ekkert brauð yfir höfuð vera undir 1000 krónum. Nú er þetta brauð eigi nema rúmar 900 krónur. Það er því sannarlega lítið brauð, þegar litið er til þess, hve lítils virði hlunnindi þess, dúntekjan, er orðin nú.

Að vísu hefir presturinn enga lagaheimtingu á því, að bæta að fullu og öllu við árgjald þetta, en h. nefnd vissi það vel, að þetta álag var lagt á án þess svo væri til ætlazt í upphafi, og því var henni skylt, að leiðrjetta þenna galla á prestakallalögunum. Það er ekkert ranglæti, þótt svo væri gert, heldur þvert á móti mesta sanngirni, og jeg vona hin h. deild sjái það, og geti orðið samþ. h. e. d. um það, að ekkert árgjald sje goldið af brauðinu.

Eg hefi annars ávallt haldið því fram, að varlegt væri að setja hátt árgjald á

hlunnindabrauð. Vjer höfum dæmin fyrir oss, þar sem Hólmabrauð er í Reiðarfirði; það hafði áður 300 pund af dún, en nú eru tekjur brauðsins eigi virtar nema 800—900 kr., og þegar goldin eru af því eptirlaun prestsins, þá eru ekki nema 700 krónur eptir. Það er ekki varlegt, að byggja mikið á þessum hlunnindum. Þau geta brugðizt og enda alveg horfið.

Eg treysti því, að h. þingd. láti þennan gamla prest njóta sanngirni, og losi hann að öllu við árgjald þetta, svo hann þurfi ekki að svara út stórfje af sárlitlum tekjum. Jeg er þessu máli gagnkunnugur, eins og h. þingdm. hafa heyrt, og þeir, sem þar þekkja til, geta borið vitni um, að jeg segi satt.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.): Jeg stend eigi upp til að andmæla mjög brtl.; mjer er það ekkert kappsmál, hvort hún verður samþykkt eða ekki. Jeg ætlaði sjerstaklega að gjöra athugasemd við þau orð h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), að sú hefði verið meginregla nefndarinnar, er fjallaði um prestakallalögin, að láta ekkert brauð hafa minni tekju upphæð en 1000 kr. Það eru til brauð sem ekki eru einu sinni metin 800 kr. (Kálfafellsstaður og Sandfell), og þau mundu æðimörg komast niður úr 1000 kr., ef hlunnindi þeirra væru reiknuð á sama hátt, sem h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) reiknaði hlunnindi Staðarprestakalls; þá ætti jeg t. d. að fá uppbót á prestakall mitt, Stafafell, því að hlunnindi þess, sem eru einmitt hin sömu og á Stað, nl. dúntekja og selveiði, hafa mjög fallið úr gildi síðan brauðamatið var gjört; en mjer dettur ekki í hug að fara því á flot. Jeg veit ekki, hvort h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.) vill bera það upp.

Nefndin sá, að prestur sá, er hjer ræðir um, gat ekki átt heimting á að árgjaldið væri lækkað, en hins vegar þótti henni sanngirni mæla með því; hann hafði sótt um brauðið með þeim ókostum og kvöðum, sem því fylgja; en þó vildi nefndin vægja nokkuð til við hann, af því að líklegt má þykja, að jafnhátt árgjald hefði ekki verið lagt á brauðið og nú hvílir á því, ef prestakallanefndin og þingið hefði ekki ætlazt til, að prestakallinu yrði öðru vísi hagað en síðar varð. Jeg ætla ekki að fara út í reikninga h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), en get þess að eins, að reikningum þeim, sem nefndin hafði fyrir sjer um tekjur prestakallsins, var þannig háttað, að henni fannst lítið á þeim að græða.

Jón Þórarinsson: Jeg var með öðrum fleiri h. deildarm. til að flytja brtl. þessa, af því að mjer fannst óskiljanleg niðurstaða sú, sem h. nefnd hefir komizt að. Hún segir, að upphaflega hafi ekki verið ætlazt til, að árgjald væri greitt frá Stað, nema það yrði lagt saman við annað prestakall. Úr því hún komst að þessari niðurstöðu, þá hefði jeg ekki við öðru búizt, en að hún mundi leggja það til, að ekkert árgjald skyldi greiða frá brauðinu framvegis. En ekki er því að heilsa; hún tekur til — að því er mjer sýnist af handahófi — 200 kr., sem hún vill að greiddar sjeu frá því. Það annað kom mjer til að fylgja þessari brtl., að málið hefir ekki fyr legið fyrir deildinni, eins og það gjörir nú. Við síðustu umræðu lá það þannig fyrir, að þá var að greiða atkvæði um, hvort árgjaldið skyldi heldur vera 400 kr. eða 200 kr. En nú gefst mönnum kostur á að greiða atkvæði um, hvort afnema skuli árgjaldið með öllu, eða láta það vera 200 kr. Hvað sem h. framsm. segir, þá verð jeg að taka undir með h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), að jeg vona, að er h. þingdeildarm. hafa skoðað huga sinn, muni fleiri en færri þeirra verða með því, að

árgjaldið sje með öllu numið burt. Það hefir verið sýnt fram á það með glöggum rökum, og fá mál hafa verið jafnljóslega skýrð hjer í deild, að það er af tómum misskilningi sprottið, að nokkur eyrir hefir verið greiddur frá brauði þessu; og þó að þingið leiðrjetti nú þennan misskilning, þá gjörði það eigi meira en skyldu sína; það hefði átt að vera miklu fyr gjört, og vona jeg að h. deild samþykki brtl.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg get borið það með h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), að meginregla nefndarinnar í málinu um skipun prestakalla var sú, að brauð skyldu ekki metin minna en 1000 kr. Jeg játa það, að einstöku prestakall var að vísu minna metið; en það var þá af því, að þeim fylgdu einhver sjerstök hlunnindi, góð bújörð eða þess háttar, eins og var með Gilsbakka í Borgarfirði og fáein önnur; og í eptirlaunalögunum frá 1880 var því slegið föstu, að eptirlaun presta skyldu ekki greidd af brauðum þeim, er minni tekjur hefðu en 1200 kr.

Það hefur marg-sinnis verið tekið fram, að presturinn á Stað hafi sótt um brauðið með þessu árgjaldi. Vitanlega gjörði hann það, enda hefur hann þegar borgað jafnvel svo þúsundum króna skiptir af því. En jeg legg nú mesta áherzlu á, hvernig gjald þetta er til komið, að það má segja, að það hafi alveg óvart verið lagt á prestakallið; og þessi prestur, sem hjer ræðir um, hafði mikla ástæðu til að vona, að gjaldinu yrði ljett af, er Garpsdalur var greindur frá Stað; enda var þess ekki langt að bíða, að hann færi þess á leit, en þingið hingað til daufheyrzt við því. Nú hefur það bætzt ofan á annað, að hlunnindin hafa farið minnkandi síðari árin og dúnn lækkað í verði, en hann er, eins og kunnugt er, eitt af aðal-hlunnindum brauðsins. Það er ljóst, að þegar árgjaldið er tekið til greina, þá gefur brauðið ekki af sjer nándarnærri 1000 kr. á ári. Aðal-kostir þess eru hlunnindin og bújörðin; að öðru leyti er það næsta rýrt.

Jeg vona því, að h. deild líti svo á mál þetta, að þó hjer sje ekki um fyllstu rjettarkröfu að ræða, þá sje hjer þó fyrir hendi mesta sanngirniskrafa. Presturinn hefur þegar lengi orðið að gjalda það gjald, er lögin frá 1880 ætluðust aldrei til að hann greiddi. Þegar árgjaldið var lagt á, þá var, eins og þegar hefir verið tekið fram, ætlazt til, að tekjurnar af Garpsdalssókn, sem munu hafa verið um 500 kr., legðust til prestakallsins.

Sigurður Gunnarsson: Jeg leyfi mjer að gjöra stutta athugasemd út af orðum h. þm. G.-K. (J. Þ.); hann sagði í ræðu sinni, að nefndin hefði viðurkennt, að ekkert árgjald mundi hafa verið lagt á Staðarprestakall, ef Garpsdal hefði eigi átt að sameina því. En þetta hefir nefndin ekki gjört. Það þarf nú ekki annað en líta á álit hennar til að sjá, að svo er; þar segir, að af því að svo var til ætlazt í fyrstu, að lögð væru saman Staðarprestakall og Garpsdalsprestakall, þá hafi það orðið tilefni til þess, að svo hátt árgjald var lagt á Stað, sem nú er þar, en svo bætir hún því við, að um hitt verði ekki sagt með neinni vissu, hvort þingið hefði þó ekki lagt eitthvert árgjald á Staðarprestakall, eins og ýms önnur góð brauð. Þetta tekur nú nefndin fram, og mjer finnast engar sennilegar ástæður hafa komið fram gegn þessu áliti hennar.

Það er satt, að þetta brauð er eitt af hlunninda-brauðum, og eins hitt, að hlunnindin eru töluvert breytileg; en bæði prestar og aðrir verða að sætta sig við það, þótt þau af ýmsum ástæðum gefi ekki jafnan sama arð; svo að varla er full ástæða til, að færa niður

árgjaldið fyrir þá sök, að þau sjeu nú sem stendur rýrari en þau voru, þegar árgjaldið var lagt á brauðið.

Björn Bjarnarson: Af því að jeg mun greiða atkvæði móti þessu máli, þá ætla jeg að byggja það á fáeinum orðum. Eins og heyrzt hefur á umræðum manna, mun það vera rjett, að prestur sá, er hjer ræðir um, hafi sótt um brauðið, eptir að árgjaldið var lagt á það, og mig minnir ekki betur en að hann sækti eptir því með töluverðu kappi; honum mun þó ekki hafa verið ókunnugt um það, því að hann var áður prestur þar skammt frá. En er hann hefir fengið brauðið, þá fer hann þegar að biðja um að losna við árgjaldið, og þetta hefur gengið ár eptir ár.

Nú eru fyrir þinginu skjöl um þetta mál, og þar á meðal matsgjörð á brauðinu; en sú skýrsla sýnist mjer líkust jarðalýsingum fyrir Árna Magnússonar nefndinni forðum, þar sem öllu er sem hraklegast lýst.

Þar sem um hlunnindin er talað, þar er talið svo til, að presturinn bíði 35 kr. árlegan skaða á selveiðinni, rjett eins og hann sje neyddur til að stunda þessa selveiði, og að landssjóður eigi svo að borga honum þenna skaða! Þetta er nú ein af ástæðunum, sem færðar eru fyrir því, að ljetta af árgjaldinu! Ef þetta verður tekið til greina, þá sýnist mjer þingið komast á þann rekspöl, að hver komi um annan þveran og segi: Jeg vil fá eptirgjöf! Jeg vil fá viðbót! Þið hafið þegar gefið honum Jóni á Stað eptir og honum Markúsi í Reykjavík viðbót; hvers vegna skyldi jeg þá vera settur hjá? Þetta gefur öðrum prestum auðsjáanlega undir fótinn með að reyna að losast við árgjöld sín í landssjóð, en slíkt tel jeg óskylt, því að þeir eiga alveg við sjálfa sig, hvort þeir sækja um brauðin eða ekki, og hvort þeir vilja ganga að því, að greiða árgjöldin eða ekki. Það mundi verða tolldrjúgt fyrir þingið, ef breyta ætti lögum í hvert sinn sem verð breytist á æðardún, selslýsi, skinnum eða öðrum vörum, og það mundi fara að grynnka í landssjóði, ef jafnan ætti að bæta embættismönnum halla þann, er þeir kvæðust bíða við slíkar verð-breytingar.

Halldór Kr. Friðriksson: Þar sem h. 1. þm. S.-Múl. (S. G.) sagðist ekki vita, hvort árgjald hefði verið lagt á Staðarprestakall, ef eigi hefði átt að leggja Garpsdalsprestakall til þess, þá veit jeg og h. varaforseti (Þ. B.), að það mundi ekki hafa verið gjört. Við vorum báðir í nefndinni og okkur á því að vera kunnugt um þetta; árgjaldið var beint lagt á með tilliti til þess, að Garpsdalur legðist til Staðar. Jeg vona, að h. deild rengi þetta ekki.

H. varaforseti (Þ. B.) hefir játað það með mjer, að ef sameiningar-tillagan hefði ekki komið fram, þá hefði engum komið til hugar, að leggja árgjaldið á.

H. þingm. Borgf. (B. B.) sagði, að presturinn hefði sótt um brauð þetta með kappi. Mjer er ekki kunnugt um, að hann beitti þar neinu öðru kappi en því, að sækja um það, eins og vant er.

H. þm. Borgf. (B. B.) sagði, að hann hefði verið prestur þar í nálægð; en veit h. þm. Borgf. (B. B.) hvar hann var? Það lítur svo út sem honum sje það ekki full-kunnugt. (*B. B.*: Jú, hann var prestur á Vesturlandi). Jeg get frætt h. þm. Borgf. (B. B.) á því, að hann var áður prestur á Söndum í Dýrafirði, og jeg get líka frætt h. þm. Borgf. (B. B.) á því, að ekki er hægt að segja, að þeir sjeu nálægt Stað á Reykjanesi.

Í ungdæmi minu var töluverð selveiði á Stað, en hún hefur mjög gengið til þurðar, og get jeg vel trúað því, að hún sje nú arðlítil fyrir prestinn; en ekki get jeg sagt um með vissu, hvort hún muni vaxa aptur; þó eru lítil líkindi til þess, eptir því sem selveiðinni hagar nú til á Breiðafirði.

Þórarinn Böðvarsson: Það er rjett hermt hjá h. þm. Rvík. (H. Kr. Fr.), að nefndinni í prestakallamálinu mundi ekki hafa komið til hugar, að leggja árgjald á Staðarprestakall, ef eigi hefði átt að leggja Garpsdal til þess; þetta hef jeg þegar áður óbeinlínis tekið fram, og að það sje að öllu rjett, má sjá af því, að hún lagði ekkert árgjald á önnur brauð, er líkt stóð á með og Stað.

Jeg veit ekki, hvort presturinn hefir sótt um brauð þetta með miklu kappi, en hitt veit jeg, að hann var fremur ungur prestur, þegar hann sótti um það, en fjekk það þó af því, að fáir sóttu á móti honum; árgjaldsgreiðslan mun hafa fælt kunnuga presta frá að sækja, því að vissir hafa þeir ekki verið um, að það mundi leggjast niður.

ATKV.GR.: Breyt.till. við 1. grein felld með 12 : 9 atkv.

Frumv. óbreytt samþ. með 17 : 1 atkv., og endursent efri deild.

Frumv. til laga um breyting á 3. gr. í lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda (C. 541); 3. umr.

Flutningsmaður (*Björn Sigfússon*): Þar sem engin breytingartillaga hefur komið fram og engin mótmæli gegn frumv., þá hef jeg ekki annað að segja, en að biðja h. deild, að lofa málinu að ganga viðstöðulaust áfram leið sína.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 16 samhlj. atkvæðum, og afgreitt til efri deildar.

Frumvarp til laga um sameining amtmannaembættanna (C. 541, 556); 3. umr.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Tilefni til þess, að jeg ásamt nokkrum öðrum h. þingdeildarm. hef komið með breytingartill. þessa, eru ummæli, er fjellu hjer í deild við 1. umr. málsins. Hún á að sýna það enn glöggar og nákvæmar en áður var gjört með fyrirsögn frumvarpsins, að hjer er ekki um það að ræða, að slá fastri neinni endilegri stjórnarskipunarstefnu hjer á landi. Það er langt frá því. Stjórnarskipunarstefna h. deildar er sannarlega afmörkuð og staðfest með hinni miklu alvöru og festu, er stjórnarskipunarmálið gekk fram með gegnum þessa deild. Þetta mál á enga stór-pólitiska þýðingu að hafa. En það gengur út á það að spara landssjóði 5000 kr. á ári, án þess að tjón þurfi að að verða, og á þann hátt, sem vel er framkvæmanlegur.

ATKV.GR.: Breytingartill. samþykkt með 12 samhlj. atkv.

Frumv. með áorðinni breyting samþ. með 12 : 6 atkv. og sent efri deild.

Frumv. til laga um viðauka og breyting á lögum 4. nóvember 1881, um útflutningsgjald á fiski, lýsi o. fl. (C. 413); 2. umr.

ATKV.GR.: 1. grein frumv. samþ. með 17 samhlj. atkv.; 2. gr. frv. samþ. með 18 samhlj. atkv.; 3. gr. frumv. samþ. með 17 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. var samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu með 18 samhlj. atkv.

Frumvarp til laga um atvinnu við siglingar (C. 257, 496, 560); 2. umr.

Framsögumaður (*Skúli Thoroddsen*): Eins og h. þingdm. munu hafa tekið

eptir, hefir nefndin leyft sjer að koma með litla breyt.till., eptir bendingu h. landsh., um það, hvenær lögin skuli öðlast gildi. Breyt.till. er á þingskj. 487, og að svo miklu leyti sem hún kemur í bága við till. nefndarinnar á þingskj. 416, þá eru þær teknar aptur. Þar eð þetta mál hefir ekki mætt neinum mótmælum hjer í deildinni, þá sje jeg ekki neina ástæðu til að tala meira um það að sinni, en óska að eins, að h. deild aðhyllist frumv. og till. nefndarinnar.

Þórarinn Böðvarsson: Það er sjálfsagt góð meining með þessu frumv. eins og mörgu öðru, sem hefir fram komið hjer á þing, líkt þeim lögum, sem gilda í Danmörku, en jeg held þó að þetta sje eitt með því óþarfara, einkanlega sá kaflinn, sem kallaður er innanlands-siglingar. Hvað eru innanlandssiglingar hjá oss? Það er minnst flutningur á vörum hafna á milli. Aðal-innanlandssiglingarnar eru fiskiveiðar á þilskipum, og þær eru helztar hjer við sunnanverðan Faxaflóa; en til þess að geta stundað þessar fiskiveiðar, þarf ekki skírteini um neina sjerstaka kunnáttu í stýrimannafræði að mínu áliti; hitt þarf miklu fremur, að vera góður og duglegur sjómaður og góður og ötull fiskimaður, og það vitum vjer að margir hafa verið, þó ekki hafi þeir gengið á stýrimannaskóla. Jeg fæ því ekki betur sjeð en að frumv. að þessu leyti mundi verða fremur til að hnekkja en efla fiskiveiðar vorar. Það getur komið auðveldlega fyrir, að maður sem hefir fje, komi sjer á stýrimannaskólann, og nái þar prófi, án þess að vera duglegur sjómaður, eða er ef til vill alveg ónýtur stjórnari á fiskiskipi; allt um það hefir hann með þessu öðlazt rjett, sem þann brestur, er máske er miklu duglegri í stöðu sinni sem skipstjóri á fiskiskipi, en sem fjeleysis vegna hefir ekki getað gengið á stýrimannaskólann.

Hver er tilgangurinn með þessu frv? Líklega sá, að gera líf manna óhultara, þannig, að menn ekki stofnist í háska fyrir fákunnáttu skipstjóra. Jeg held, að það sjeu fá dæmi þess, að fiskiskip hafi farizt; það er víst hjer yfir 20 ár síðan að nokkuð slíkt hefir komið fyrir, og þegar slíkt hefir komið fyrir — það mun vera 1 tilfelli, — þá hefir það alls ekki verið fyrir fákunnáttu skipstjóra, heldur miklu fremur fyrir það, að til fiskiveiðanna hafa verið notuð eldri skip, eða ef til vill af ofhleðslu, svo ef að ráða ætti bót á þessu, þá lægi miklu nær að banna með lögum, að nota gömul skip eða fányt og að ofhlaða þau.

Till. nefndarinnar fara reyndar í þá átt, að draga nokkuð úr þessum agnúum, sem á frumv. eru, með því að færa dálítið til um tímatakmarkið, en eptir þann tíma er engin vægð; þá er ekki til neins fyrir aðra en lærða skipstjóra að gefa kost á sjer til formennsku.

Jeg held sem sagt, að þessi lög sjeu meir til ills en góðs, hvað innanlandssiglingar snertir, en jeg efast ekki um, að hvað aðrar siglingar snertir, sjeu þau til bóta.

Það er reyndar tiltekið, að þau skip sem eru minni en 12 smálestir, skuli undanþegin því, að hafa lærða skipstjóra. Jeg held, að það væri til bóta, að hækka þetta takmark, að minnsta kosti upp í 20—30 smálestir. Það væri eflaust heppilegast, að þau skip, sem væru fyrir innan 30 smálestir, væru engum ákvæðum bundin, í þeirri von, að eigi verði hættara fyrir menn að stunda fiskiveiðar á þeim en verið hefir. Þó jeg sje að þessu leyti á móti frumv., þá vil jeg samt gefa því atkv.

mitt til 3. umr., í von um, að breytingar komi fram í þá átt, sem jeg nú hefi bent á.

Framsögumaður (Skúli Thoroddsen): Það kann vel að vera, að það hafi sumt hvað við allmikil rök að styðjast, sem h. varaf. (Þ. B.) tók fram; en þess ber að gæta, að nokkur bót er þó ráðin á þessu með því ákvæði, sem stendur í 14. gr., að landshöfðingi getur veitt undanþágu frá þeim skilyrðum, sem tekin eru fram í 7.—10. gr. og sjerstaklega frá ákvæðum 9. gr.

H. varaf. vakti líka máls á því, að tilgangur frumv. þessa væri sá, að gera líf manna óhultara; en þetta er, að minni ætlun, engan veginn eini tilgangurinn, heldur er það einnig tilgangur frumv. að því er innlend fiskiskip snertir, að gera menn færari um að stunda fiskiveiðar meðfram ströndum landsins. (*Þór. Böðv.:* Það gerir frumv. engan veginn). Jú, það gerir frumv. einmitt; og með allri virðingu fyrir h. varaforseta, sem rekið hefir þilskipaútveg af dugnaði miklum í mörg ár, þá þykist jeg einnig nokkuð geta talað með um þetta mál, þar sem jeg er úr því hjeraði landsins, þar sem fiskiveiðar á þilskipum hafa tekið mestum vexti á seinni árum, og standa nú í mestum blóma, enda er jeg líka svo frægur, að eiga parta í 2 þilskipum, eins og h. varaforseti (Þ. B.), (*Þór. Böðv.:* Þm. hefir ekki átt það í 40 ár!), og mjer er því vel kunnugt um það, að fyrir vestan hafa einmitt verið umkvartanir yfir því, að skipstjórar kunna ekki neitt í stýrimannafræði, svo að margir þeirra þora varla að hætta sjer út fyrir landsteinana, eða að missa sjónir á landinu, og neyðast því til, að liggja fyrir smáfiski. í stað þess að geta sótt dýpra og dregið stóran fisk á djúpmiðum.

Viðvíkjandi ummælum h. varaf. (Þ. B.), að láta ákvæði frumv. ná til færri þilskipa en áformað er, eða færa takmarkið úr 12 smálestum eitthvað upp á við, þá hef jeg fyrir mitt leyti ekkert á móti því, og skal bera það undir nefndina. (*Þór. Böðv.:* Já, að færa það upp í 30!). Nei, það er af og frá, að jeg vilji ganga svo langt, en upp í t. d. 15—20 smálestir mætti heldur nefna. Het jeg svo ekki meiru við að bæta að þessu sinni.

ATKVÆÐAGR.: 1.—6. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 7. gr. a.—f. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 8. gr. a.—b. samþ. með 16 samhlj. atkv.; 9. gr. a.—d. samþ. með 15 samhlj. atkv,; 10. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv; 11.—17. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. við 18 gr. þingskj. 478 samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. við 18. gr. þingskj. 416 samþ. með 18 samhlj. atkv.; 18. gr. þannig breytt samþ. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. síðan vísað til 3. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um að selja salt eptir vigt (C. 498); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv.

Frumv. til viðaukalaga við lög 12. júlí 1878 um lausafjártíund (C. 414); 1. umr.

ATKVÆÐAGR.: Vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Frv. til laga um fjárforræði ómyndugra (C. 470); 1. umr.

Klemens Jónsson: Þetta frumv. er mjög mikils vert og málið sem það hefir inni að halda er mjög þýðingarmikið. Eins og mönnum er kunnugt, er frumv. komið hingað í deild frá h. efri deild. Þar hafði verið sett nefnd í málið, en sú nefnd klofnaði, og lagði meiri hluti hennar það til, að málið yrði felt, en hinn, að það yrði samþykkt. Það komst

þó gegn um deildina með miklum breytingum, sem eru til bóta, svo það er nú miklu aðgengilegra en það var upphaflega. Þar sem þetta mál er svo þýðingarmikið og mikið vandamál, þá er það ísjárvert að samþykkja það núna á þessu þingi, því það yrði eigi með neinu móti mögulegt, af því tíminn er orðinn svo stuttur, nema með því að samþykkja það eins og það nú liggur fyrir og það kom frá efri deild, og setja enga nefnd í það. En ef nefnd er sett, þá er hætt við að það dagi uppi á þinginu. En jeg get samt ekki sjeð annað en að það sje heppilegra og þess vegna vil jeg stinga upp á því, að 5 manna nefnd verði sett í málið, því það eru öll líkindi til þess, að hún geti verið búin að láta í ljósi álit sitt fyrir þinglok, og gæti það orðið góður undirbúningur til næsta þings. En að samþykkja svo umfangsmikið mál eins og þetta er, eins og það kom frá h. efri deild, þykir mjer mjög ísjárvert.

ATKVÆÐAGR.: Samþykkt 5 manna nefnd með 12 : 8 atkv. og í hana kosnir:
Klemens Jónsson með 19 atkv.
Ben. Kristjánsson — 8 —
Guðl. Guðmundsson — 11 —
Ólafur Briem — 7 —
þá höfðu engir hlotið fleiri en 6 atkv. og því var kosinn einn á ný og hlaut þá kosningu:
H. Kr. Friðriksson með 8 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um sveitarstjórn (C. 342, 517); ein umr.

Klemens Jónsson: Jeg og fleiri h. þm. höfum leyft oss að koma fram með breyt.till. við þessa þingsályktunartill., um það, að orðin »sveitarstjórnar« falli burt á báðum þeim stöðum, sem það kemur fyrir á, eða að tillagan gangi að eins út á, að fátækralöggjöfin sje endurbætt. Jeg hefi eigi orðið var við, að menn hafi fundið að sveitarstjórnarlöggjöfinni; en, eins og mönnum er kunnugt, þá hafa menn opt látið í ljósi óánægju yfir hinni núverandi fátækralöggjöf. Eins og h. þingdm. vita, þá kom fram á þingi 1889 frumv. til fátækralaga, en sem ekki var samþykkt, og opt hefir á fyrirfarandi þingum verið minnzt á þetta mál. Jeg hefi því leyft mjer að koma með þessa breyt.uppást., ef vera kynni, að það yrði til þess, að þetta gæti gengið í gegn.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. á þgskj. 429 samþ. með 14 samhlj. atkv.; tillagan með áorðinni breytingu samþ. með 16 samhlj. atkv. og endursend efri deild.

Tillaga til þingsályktunar um málaleitanir við erlend ríki um frjettaþráð til Íslands (C. 342); fyrri umr.

Framsögumaður (Bogi Melsted): Mál þetta er alls ekki nýtt, því það kom fram milli áranna 1850 og 1860, þegar fyrst var farið að hugsa um að leggja frjettaþráð yfir Atlanzhafið, því þá kom til tals að leggja hann yfir Ísland, og síðan hefir opt verið minnzt á það, en einkum var það veðurfræðingur í Kaupmannahöfn, Hoffmeyer að nafni (d. 1884), sem barðist fyrir því. En það má kalla, að það sje nýtt hjer á þinginu. Því það var fyrst á síðasta þingi, að tillaga til þingsályktunar kom fram og var samþykkt, sem gekk í sömu stefnu og þessi, sem nú liggur fyrir. Því miður er hæstv. landshöfðingi ekki við nú sem stendur, því að jeg ætlaði að spyrja hann að, hvað stjórnin hefði gert til framgangs þessu máli, en hann hefir lofað að vera viðstaddur við síðari umræðu málsins og gefa þá svör.

Það er óhætt að fullyrða, að það væri mjög mikil framför fyrir landið, ef frjettaþráður yrði lagður, sem kæmi landinu í samband við útlönd. Þá kæmist Ís-

land og Íslendingar í dagleg viðskipti við útlendar þjóðis. Sú breyting er svo mikil, að ómögulegt er að segja, hvað gott mundi af því leiða, en víst er um það, að það mundi greiða ákaflega mikið fyrir verzlun vorri. Það mundi greiða fyrir landsstjórninni, þar sem æðsta stjórn landsins situr bæði í Kaupmannahöfn og hjer á landi. Reynslan ein getur sýnt, hve mikil framför og breyting mundi af þessu leiða, en jeg ætla, að eigi sje of djúpt tekið í árinni, þótt sagt sje, að nýtt fjör mundi færast í margt hjá oss. En þörfin á frjettaþræði er nú orðin enn meiri en áður, sökum þess, hve allt gengur nú fljótar en áður, af því nú hafa útlendar þjóðir tekið gufuaflið og rafurmagnið í sína þjónustu.

Þótt mál þetta sje hið mesta framfaramál fyrir Ísland, er það og töluvert nauðsynjamál fyrir marga erlendis. Það hlyti að hafa allmikla þýðingu fyrir alla þá, sem einhverja atvinnu hafa hjer við land eða hjer á landi, en einkum kæmi það veðurfræðinni að miklu gagni. Ísland liggur (langt) norður í reginhafi og verða hjer engar veðurfræðislegar athuganir gerðar vegna þess, að frjettaþráð vantar. En ef hann yrði lagður, þá mundi koma hjer veðurfræðisstofnun á fót, og aðrar þess konar stofnanir víðs vegar um Evrópu og líklega víðar mundu eflaust setja sig í samband við hana. Þetta hefði mjög mikla þýðingu fyrir þá sem eru í förum um Norðursjóinn og norður hluta Atlanzhafsins, og um þetta svæði sigla margir.

Að því er snertir kostnaðinn við að leggja frjettaþráð, þá er hann svo afarmikill, að það er ofvaxið kröptum vorum að framkvæma það. Vjer vitum ekki, hvað mikið fje muni til þess þurfa, en það er nú með þessu farið einnig fram á það, að stjórnin komist eptir því, sem hún mun og gera, ef hún er máli þessu hlynnt. Eini vegurinn til þess að þessu verði framgengt er sá, að önnur ríki, sem gagn hefðu af þessu, styðji að framgangi fyrirtækisins og sömuleiðis stór frjettaþráðafjelög tækju þátt í þessu, og til þess þarf liðveizlu stjórnarinnar, að hún taki að sjer málið og reyni til að koma því fram.

Það er engin ástæða til þess, að tala mikið um þetta. Það er öllum ljóst, hve mikið gagn þetta annars vegar hefði í för með sjer, og hins vegar, að kostnaðurinn er afarmikill og oss einum alveg ókljúfandi. Jeg er sannfærður um það, að allir h. þingdm. vilja, að stjórnin taki mál þetta að sjer og reyni eitthvað fyrir sjer, því lengra er ekki farið. Verzlunarnefndin vildi að tillaga þessi væri rædd í tveim umræðum, til þess að menn ættu kost á að koma fram með breytingar, ef þeir vildu.

Jeg vona, að tillaga þessi fái svo að ganga til síðari umr.

ATKVÆÐAGR.: Vísað til síðari umr. í e. hlj.

Fertugasti og þriðji fundur, laugardag 19. ágúst kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Frumv. til laga um breyting laga um tilsjón með útflutningum á þeim mönnum, sem flytja úr landi í aðrar heimsálfur 14. jan. 1876 og viðauka við þau (C. 548, 582); 3. umr.

Framsögum. (*Einar Jónsson*): Breyt.-till. á þingskj. 504 fer að aðalefninu til í þá átt, sem hæstv. landshöfðingi benti á, nefnilega, að færa ákvæðið úr 9. gr. inn í 7. gr., sem viðbót við þá hegning, sem þar er ákveðin fyrir brot gegn 3. gr. Þá hafa sumir látið það álit í

ljósi, að orðið »æsa« væri of sterkt. Þess vegna er nú farið fram á að setja orðin »telja á« í staðinn. En sú breyting miðar eingöngu til að skýra hugsunina og gera orðið víðtækara. Orðið »æsa« getur ef til vill ekki heimfærzt upp á allt það, sem ætti að falla undir 3. gr.

Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða, en óska, að h. deild taki frv. og breyt.-till. vel.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaftf.: Jeg verð að geta þess, að jeg álít orðið »æsa« einmitt vera hið rjetta orð. Að telja einhvern á eitthvað getur ekki verið vítavert, þegar fortölum fylgja ekki hóflausar ginningar; en hitt finnst mjer, að löggjafarvaldið geti varla látið hlutlaust, þegar menn frá útlendum ríkum fara hjer um til að eyða landið, með því að telja það öldungis óbyggilegt, og segja, að hver maður ætti að fara burt hjeðan, því að slíkar fortölur munu hvergi á byggðu bóli eiga sjer stað, nema hjer, enda virðast þær vera fullkomið banatilræði við íslenzkt þjóðerni.

Landshöfðingi: Jeg viðurkenni fullkomlega hinn góða tilgang flutningsmannanna að frumvarpi þessu. Það væri æskilegt, ef unnt væri að koma í veg fyrir, að fólk sje æst til utanferða, eins og hefir átt sjer stað síðastliðið ár. En mjer sýnist frumvarp þetta einmitt bera með sjer, að slíkt er ekki á löggjafarvaldsins færi, að á þessu verður eigi bót ráðin með lögum. Jeg tók það fram við 1. umr., að það væri ekki mikið nýtt í þessum lögum, nema í 3. gr. Þar stendur, að menn megi ekki ferðast og æsa fólk til utanferða. En þeir mega þó taka sjer fastar stöðvar einhversstaðar í landinu, og æsa fólk þaðan með ritlingum, blöðum, fyrirlestrum og yfir höfuð öllu mögulegu móti. Það er ekki bannað, en við það missir gr. mikið af þeirri þýðingu, sem hún ætti að hafa.

Viðaukinn við 7. gr. er ekki í því fólginn, að dómstólunum sje veitt heimild til að gjöra þá menn ræka af landi burt, sem hafa brotið móti lögunum, heldur stendur þar, að þeir skuli dæmast til að fara af landi burt. Hefði meiningin með þessu ákvæði verið sú, sem mjer skildist h. framsögum. vilja leggja í það, sem sje, að það gæfi dómstólunum að eins heimild, þá hefði átt að standa má, en ekki skal. Hefði till. verið svo orðuð, þá hefði hún verið mun aðgengilegri. Það sýnist þó vera nokkuð hart ákvæði, að skylda mann, að viðlögðum 30 kr. dagsektum, til að fara af landi burt með fyrsta skipi, hvert sem það fer, án nokkurs tillits til þess, hvort brotið er mikils eða lítils vert.

Jeg verð að álíta, að þetta frv. mundi lítið gagn gera, þótt það yrði að lögum, og sýni að eins, að löggjafarvaldið hafi eigi tæki til að reisa þær skorður, sem æskilegt væri, við æsingum til útflutninga, sem nú virðist vera mjög eptirsóktur og vænlegur gróðavegur.

Framsögumaður (*Einar Jónsson*): Það getur verið, að þetta ákvæði sje nokkuð sterkt orðað. En þegar litið er á, að útlendur maður kemur, og reynir að ginna menn af landi burt, og lætur jafnvel í ljós, að tilgangurinn sje, að ná öllu fólki burt af landinu, smátt og smátt, eins og síðasta vetur var gert, þá virðist mjer að það sje alveg rjett, að vísa þessum mönnum burt úr landinu, svo framarlega sem það er ekki óhæfilegt, að vísa burtu þeim mönnum, sem eru sannkallaðir skaðræðisgripir fyrir þjóðina. Þegar þetta er þannig skoðað, þá er ákvæðið ekki of hart, og ef full ástæða þykir til að dæma mann eftir 3. gr., þá er eiginlega sjálfsagt að vísa honum úr landi, svo framarlega

sem slík ákvörðun er ekki óhæf í lögum. En við eitthvað þurfti að miða burtrekstrartímann, og því var nauðsynlegt að hafa eitthvert ákvæði um, hvenær það skyldi gera, og fannst oss þá rjettast að það væri með fyrstu vissri ferð, en vísar köllum við póstskipaferðir og aðrar slíkar; en þótt þeir menn, sem eru álitnir að vera sannarlega skaðlegir fyrir þjóðina, væru sendir með öðrum skipum, og þyrftu að fara nokkurn krók, þá tel jeg það enga óhæfu, því að samgöngur erlendis eru svo góðar, að þeim verður engin skotaskuld úr að komast heim, hvar sem þeir koma á land.

Þótt það hefði kannske mátt orða þetta nokkuð mildara, þá verður því nú ekki breytt, og verður það því að standa eða falla eins og það er. Hæstv. landsh. tók fram, að eptir frumv. þessu væri mönnum ekki bannað að setjast að á einhverjum stað, og æsa þar fólk til utanferða með ræðum og fyrirlestrum, en út af því skal eg geta þess, að við 2. umr. var viðbót við 3. gr., sem átti að fyrirbyggja það, felld, og er þá þar með sýnt, að deildin vill ekki banna þetta, og er það því ekki okkur flutningsmönnum að kenna.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskjali 504 felld með 12 : 10 atkv., að nafnakalli viðhöfðu, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	B. Kristjánsson,
Klemens Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Björn Sigfússon,	Jens Pálsson,
Bogi Melsted,	J. J. þm. A.-Sk.,
H. Kr. Friðriksson,	J. J. þm. Eyf.,
Jón Jakobsson,	Jón Þórarinsson,
Jón Þorkelsson,	Sigf. Árnason,
J. J. þm. N.-M.,	Sighv. Árnason,
Ólafur Briem,	Sig. Gunnarsson,
Þ. Guðmundsson,	Skúli Thoroddsen,
	Þór. Böðvarsson,
	Þorl. Guðmundss.

Breyt.till. við 7. gr. á þingskj. 504 samþ. með 12 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Klemens Jónsson,	Bogi Melsted,
Ben. Kristjánsson,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Sigfússon,	Jens Pálsson,
H. Kr. Friðriksson,	Jón Þórarinsson,
Jón Jakobsson,	Sigfús Árnason,
J. J. þm. A.-Sk.,	Sighv. Árnason,
J. J. þm. Eyf.,	Sig. Gunnarsson,
J. J. þm. N.-Múl.,	Skúli Thoroddsen,
Jón Þorkelsson,	Þór. Böðvarsson,
Ólafur Briem,	Þorl. Guðmundss.
Þ. Guðmundsson,	

Frumv. í heild sinni samþ. með 13 : 7 atkv. og afgreitt til efri deildar.

Frumv. til laga um stofnun brunabótafjelags (C. 567); 3. umr.

Sigfús Árnason: Jeg skal játa, að frumv. þetta, sem hjer liggur fyrir, um stofnun innlends brunabótafjelags, er mjög mikið nauðsynjamál fyrir landið, og að jeg er því yfir höfuð mjög hlynntur. En jeg vil þó jafnframt taka það fram, að þar sem málið hefir engan undirbúning hlotið, og eigi hefir verið rætt í mínu kjördæmi, og svo hygg jeg að sje í flestum verzlunarstöðum landsins, þá mun jeg eigi gefa því atkvæði mitt við þessa umr., þótt jeg hafi greitt atkvæði með því við hinar fyrri umr. þess.

Það er álit mitt, að þegar um annað eins stórmál er að ræða, og svo umfangsmikið og þetta, að nauðsynlegt hefði verið að leitað hefði verið álits allra verzlunarstaða á landinu, áður en lög um það efni eru afgreidd frá þinginu. Finnst mjer því eigi ráðlegt, að málið sje afgreitt frá þinginu í þetta sinn, áður en kaupstöðum er gefinn kostur á að láta álit sitt í ljósi, eptir nákvæma yfirvegun.

Mjer finnst, að lög þessi sjeu að nokkru leyti þvingunarlög, og vil jeg í sambandi við þessi orð mín benda á það sem stendur í 2. gr. frumv. Hún hljóðar svo: »Í kaupstöðunum Reykjavík, Ísafirði og Akureyri og verzlunarstöðunum Vestmannaeyjum, Eyrarbakka«, o. s. frv., skal öllum húseignum, hvort sem þær eru eign hins opinbera eða einstakra manna, haldið í brunabótarábyrgð samkvæmt lögum þessum«. Jeg hefði kunnað betur við, að greinin hefði verið frjálslegar orðuð, þannig: að hver sem vildi gæti fengið brunabótaábyrgð á húseign sinni í fjelagi þessu, en að menn væru ekki beint skyldaðir til þess. Aptur á móti sje jeg ekkert á móti því, að öll opinber hús skuli vátryggja í fjelagi þessu. Jeg er sannfærður um, að þó að greinin væri orðuð eins og jeg benti á, þá mundu samt allflestir húseigendur vátryggja einmitt í þessu fjelagi, þótt þeir eigi væru skyldaðir til þess.

Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um málið, en vil að eins lýsa því yfir, að jeg get ekki greitt atkvæði með málinu, eins og það nú liggur fyrir, og það er ósk mín, að h. þingdeild láti eigi málið ganga lengra að þessu sinni.

Halldór Kr. Friðriksson: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um frumv. að þessu sinni, og vil jeg að eins enn þá einu sinni ítreka mótmæli þau, er jeg áður hefi tekið fram fyrir hönd Reykjavíkur og bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Mjer þykir það sannarlega undarlegt, að vera að semja þessi lög, sem, eins og h. þm. Vestm. (Sigfús A.) tók fram, eru hrein og bein þvingunarlög, án þess að spyrja Reykjavík um, enda þótt Reykjavík eigi húseignir fyrir rúmar 2 miljónir króna, eða fullan helming á móti öllu landinu. Mjer þykir það heldur kynlegt, þegar um önnur mál er að ræða, jafnvel smámál, að þingmenn skuli vera að berja því við, að málið hafi ekki verið rætt á sóknarfundum og hjeraðsfundum; jeg skal eigi tala um þjóðviljann, sem altjend er verið að skírskota til, en láta ekki Reyjavíkur neins getið eða hirða neitt um hana, þegar um það mál er ræða, sem hana varðar meira eina en allt landið. Það þykir mjer sannarlega undarlegt; því að Reykjavík ætti auðvitað að hafa meira að segju í þessu máli en allt landið annars. En ákvæði laga þessara bera það öll með sjer, að Reykjavík á alls ekkert atkvæði að hafa, bæði að því er tilbúning laganna og stjórn fjelagsins snertir. Þetta get jeg ekki kallað annað en yfirgang, og jeg verð enn þá einu sinni að mótmæla því fyrir hönd Reykjavíkur, að lög þessi nái fram að ganga.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 18 : 1 atkv. og afgr. til efri deildar.

Frumv. til laga um kosningar til alþingis (C. 549); 3. umr.

Framsögumaður (Klemens Jónsson): Jeg hefi ekki mikið að athuga við málið eins og það nú liggur fyrir. Jeg skal að eins geta þess, að prentvillurnar í 17. og 34. gr., sem eru mjög villandi, hafa ekki verið leiðrjettar enn þá; en það mun verða gjört áður en málið fer frá deildinni.

Við 26. gr., sem er um, hvenær kosningar skuli framfara, hefir komið ein breyt.till. um, að fyrir »í septembermánuði« komi: »í júnímánuði eða septembermánuði«. Þar eð þessari breyt.till. eigi hefir verið útbýtt fyr en nú á fundinum, hefi jeg eigi getað borið mig saman við meðnefndarmenn mína. En jeg fyrir mitt leyti get ekki fallizt á, að þetta sje látið verið svo á reiki. Að mínu áliti ætti það helzt að

vera svo, að kosningar færu fram á sama degi um land allt. En úr því hjer á landi er svo háttað, að því verður ekki komið við, þá er að fara sem næst því. En ef þessi breyt.till. væri samþykkt, þá mundi það að eins verða til þess að koma glundroða á kosningarnar, og mundi það verða til ógagns og óhags fyrir alla hlutaðeigendur. Jeg leyfi mjer því að óska, að málið sje látið ganga óbreytt til efri deildar.

Jón Jónsson (þm. A.-Sk.): Jeg þóttist hafa tekið það nægilega skýrt fram við 2. umr. þessa máls, að eptir landsháttum er júnímánuður haganlegasti tími ársins til þess að ferðast. Það getur verið, að september sje sumstaðar að einhverju leyti haganlegri, en þar sem jeg þekki bezt til er það júnímánuður, sem hentastur er til fundarhalda.

H. framsögum. (Kl. J.) kvað það mundu valda glundroða, að kosningarnar færi eigi alstaðar fram á sama tíma. Það get jeg með engu móti sjeð, enda tærði h. framsögum. engar sönnur á það. Það er að mínu áliti enginn ókostur, að úrslitin í einu hjeraðinu sjeu kunn, áður en kosið er í hinu, og finnst mjer það þvert á móti mjög opt geta komið sjer vel, að góðir þingmenn eigi kost á að komast að í öðru kjördæminu, ef þeim er hafnað í hinu. Vil jeg því leyfa mjer að mæla sem bezt með breyt.till. okkar 6 þm., og vona jeg að deildin samþykki hana.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þingskj. 505 felld með 12 : 7 atkv.

Frumv. óbreytt samþ. með 18 samhlj. atkv. og afgr. til efri deildar.

Frumv til laga um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl. (C. 377, 530); 2. umr.

Framsögumaður (*Bogi Melsted*): Það er ekki komin fram nein breytingartill. við frumv. þetta, svo jeg hefi ekki ástæðu til, að tala neitt, en vona, að því verði vísað til 3. umr.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins geta þess, að þetta frv. hefur orðið nokkuð óaðgengilegra eins og það kemur nú frá h. efri deild, en það var frá hendi stjórnarinnar, þar sem h. efri deild hefur numið burtu ákvæðin um dagpeninga til handa dómurum, þegar þeir væru fjarverandi frá heimilum sínum við rekstur dómsmála. Embættismenn hafa hatt rjett til, að fá þessa þóknun nú í heila öld og sýnist því ekki vera ástæða til, að taka hana af þeim; en sökum þess, að það var samþykkt í h. efri deild með miklum atkvæðamun, að fella þetta ákvæði burtu, þá sje jeg mjer ekki til neins, að koma hjer í þessari h. deild með breyt.till. í þá átt, að setja þetta ákvæði inn aptur, heldur verð jeg, úr því sem komið er, að sætta mig við það, sem orðið er, þó að frumvarpið hafi að minni ætlun heldur orðið óaðgengilegra en aðgengilegra við þessa breytingu.

ATKV.GR.: 1.—5. gr. incl. samþ. með 17 samhlj. atkv.; 6.—14. gr. incl. samþ. með 18 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 20 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um ferðakostnað alþingismanna (C. 409); 2. umr.

Sighvatur Árnason: Það er nú ekki að sjá af þessu frumv., að í ráði sje, að hafa svo og svo margar strandferðir, með svo og svo mörgum viðkomustöðum, eða á hinn bóginn að landssjóði sje ætlað, að hafa gagn af þessum strandferðum, þar sem ekki er gjört ráð fyrir að þingmenn ferðist með strandferðaskipunum, sem er að miklum mun kostnaðarminna. Jeg hefði vænzt þess af þeim þingmönnum, sem kunnugt er um sjóvegsferðir kringum landið,

að þeir hefðu komið með breytingartill. í þá átt, að setja tvennar tölur fyrir öll þau kjördæmi, þar sem þingmenn gætu átt kost átt, að fara með strandferðaskipinu til Reykjavíkur. Jeg álít ekki eiga við, að borga sömu upphæð, hvort menn fara á sjó eða landi. Jeg vil, sem sagt, hafa tölurnar tvennar, aðra fyrir sjóvegsferð og hina fyrir landferð, og að þingmönnum sje frjálst að fara hvort heldur þeir vilja á sjó eða landi, eptir því sem þeim hentar bezt eptir kringumstæðum. Jeg ímynda mjer, að þó þessar tölur verði settar líka, þá muni margur þingmaður taka heldur þann kostinn, að fara á sjó, heldur en á landi, vegna þess, hve hægara það er, heldur en að fara langar leiðir landveg, sem er bæði þreytandi og kostnaðarsamt.

Jeg vona því, að einhverjir h. þingdeildarmenn verði með mjer í því, að vilja setja þessar tölur inn í frumv. sem breytingartill. til 3. umræðu. Vitaskuld hafa margar raddir komið úr hjeruðunum frá þingmálafundum um þetta mál, að fá því framgengt, en samt sem áður get jeg ekki gefið atkvæði mitt með frumv., nema þessi tillaga komist að, því jeg álít hana vera nauðsynlega og til verulegra bóta, enda get jeg nú ekki aðhyllzt frumv. að öðrum kosti; því ef þetta frumv. yrði að lögum, þá yrði ferðakostnaður alþingismanna alls yfir talsvert hærri en hann hefir áður nokkru sinni verið, eins og tekið hefir verið fram.

Einar Jónsson: Þegar jeg talaði í máli þessu um daginn, tók jeg það fram, að mjer þætti eðlilegast, að borga þingmönnum eptir reikningi, og það þykir mjer að vísu enn, þótt jeg í sjálfu sjer sje ekki á móti föstu þingfararkaupi, en mjer finnst samt, að það vera að tortryggja þingið og þingmenn að gera það að lögum. En hvað sem því líður, þá virðist mjer frumv. eins og það liggur fyrir nú, alveg óhæfilegt, því einmitt nú er ný-búið, að samþykkja lög um kosningar til alþingis, og þar stendur í 37. gr.: »Sömuleiðis fá þeir (alþingismenn) endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi«. Það þyrfti því að breyta þessu ákvæði, svo hvorugt reki sig á annað, ef þetta frumv. ætti að verða að lögum. Það er því alls ekki hægt, að samþykkja þetta frumvarp eins og það er.

Ekki er það heldur rjett, að miða ferðakostnaðinn eingöngu við landferðir, þegar svo ber undir, að þingmenn fara sjóveg, og það getur þráfallt komið fyrir. Jeg óska því, að mál þetta fengi að bíða 1—2 þing enn þá, þangað til strandferðirnar eru komnar í fast horf.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Óviðkunnanlegt þætti mjer það, að málið væri fellt, þar sem þjóðin hefur einmitt óskað eptir þessum lögum. Jeg vildi nú helzt hafa hvorttveggja sameinað, ferðakostnað og dagpeninga á leiðinni, eða setja fast þingfararkaup, en þar eð mál þetta er mjög vandasamt og skoðanir deildarmanna sundurleitar, vil jeg leyfa mjer að leggja til, að skipuð sje 3 manna nefnd í þetta mál. *(Einar Jónsson:* Jeg er með því).

ATKV.GR.: Nefndarkosning samþ. með 12 samhljóða atkvæðum og hlutu þessir kosningu:

Jón Jónsson, þm. A.-Sk. með 12 atkv.
Einar Jónsson — 8 —

Þar eð engir aðrir höfðu fengið nægan atkvæðafjölda, varð að kjósa 1 mann í nefndina á ný og fjekk þá

Sighvatur Árnason 11 atkv.

2. umr. frestað.

Frumv. til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. (C. 531); ein umr.

Framsögumaður (Guðl. Guðmundsson): Hinar helztu breytingar, sem h. efri deild hefur gjört á frumv. þessu, er, að fella úr 1. grein orðin: »eða á annan hátt sviptur frelsi«. Jeg tók það fram við umræðurnar hjer í deildinni, að með þessum orðum væri sjerstaklega átt við gæzluvarðhald hjá hreppstjórum, af því að slík gæzla mundi tæplega falla inn undir orðið »gæzluvarðhald«. Að þessu leyti hefur h. efri deild lagt annan skilning í orðið, þann nefnilega, að gæzlan falli einnig undir það. Þótt nú jeg og h. meðnefndarmenn mínir sjeum enn á þeirri skoðun, að skilningur h. efri deildar í þessu atriði sje eigi rjettur, þá höfum vjer þó eigi viljað gjöra það að kappsmáli, en oss dylst það eigi, að h. efri deild hefur talsvert þrengt verksvið laganna og dregið úr þýðing þeirra með þessari breytingu.

Í öllu falli hljóta menn þó að viðurkenna, að skilningur h. efri deildar er mjög vafasamur, en vafinn hefði horfið með öllu, ef orðin hefðu fengið að halda sjer, er hjer var bætt inn í frumvarpið og jeg tilfærði áðan.

Það hefur nú verið bent til þess, að þetta gjörði eigi svo mikið, af því, að í umræðunum um málið hefði ljóslega lýst sjer sá vilji löggjafarvaldsins, að skilja þessa gæzlu undir orðinu gæzluvarðhald; en þar með er ekki sagt, að dómstólarnir taki tillit til þess. Þeir eru ekki bundnir við þær skýringar eða skilning, er fram kann að koma í umræðum við undirbúning laga. Umræður um mál eru engar lögskýringar. Hæstirjettur fylgir þeirri reglu stranglega, að taka þær eigi gildar að neinu leyti, ef önnur skýring lagatextans er eðlilegri.

Jeg skal leyfa mjer, að tilfæra eitt mjög ljóst dæmi til, að umræður við undirbúning laga hafa enga þýðingu gagnvart dómstólunum, heldur að dómur falli gagnstætt þeim.

Til yfirrjettarins hjer var skotið máli, er reis út af broti gegn lagaboði 16. des. 1885 um niðurskurð á hákarli milli Geirólfsgnúps á Ströndum og Skagatár. Í umræðunum um frumv. þetta á alþingi var það tekið fram, að með því væri meint svæði sem takmarkaðist af hádegisbaugum þeim, sem lægju yfir þessa staði, en landsyfirrjetturinn lagði þann eðlilega skilning í þessi orð, að þar væri meint bein lína, sem lægi milli þessara staða, og þar af leiðandi urðu lögin ónýt, svo þau varð að fella úr gildi aptur strax á eptir. Þetta er ljóst dæmi þess, að dómstólar fara ekki eptir umræðum við undirbúning laga í lögskýringum sínum. Þess vegna munu dómstólarnir ekki taka tillit til þess, hvað þingmenn hafa í umræðunum viljað skilja við »gæzluvarðhald«, og jeg tel í sjálfu sjer mjög hæpið, að telja þar undir þá gæzlu, þar sem menn eru að nokkru leyti frjálsir. Við þessa menn eiga orðin »eða sem á annan hátt eru sviptir frelsi«, eins og hæstv. landshöfðingi tók fram, enda gat ekki legið í þeim annað, og þau hefðu girt fyrir allan misskilning, ef þeim hefði verið haldið. Breytingar h. efri deildar eru því mjög varhugaverðar, en nefndin vildi ekki gjöra þetta að kappsmáli, því úr því má bæta með viðaukalögum.

Þá er annað atriði, sem jeg þarf að minnast á, sem h. efri deild hefir gert breytingu á. Í staðinn fyrir orðið: »skapraun« hefir hún sett orðin: »þjáning«. Þetta sýnist að vísu lítilsverð breyting, en hún getur þó valdið misskilningi. Lögreglustjóri hefur ekki heimild til að leggja líkamlega þjáning

á fanga nema þegar þeir sýna þrjózku, þá má hann setja þá á vatn og brauð; en þetta álít jeg hafa minni þýðingu, og, eins og jeg hefi tekið fram, þá vill nefndin ekki gjöra þetta að neinu kappsmáli, nje gjöra neinar breytingu á frumv., og ræður því til, að samþ. það óbreytt í sama formi og það kom frá h. efri deild.

Því þó fyrri breytingin einkanlega sje ekki sem heppilegust að voru áliti, þá viljum vjer ekki spilla framgangi þessa máls, þar sem þessi atriði eru ekki svo stórvægileg í samanburði við aðalefni málsins sjálfs.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í einu hljóði og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Tillaga til þingsályktunar um strandferðaáætlun (C. 516); fyrri umr.

Málinu vísað umræðulaust til síðari umræðu í einu hlj.

Tillaga til þingsályktunar um málaleitun við erlend ríki um frjettaþráð til Íslands (C. 342); síðari umr.

Framsögumaður (Bogi Melsteð): Þar eð sams konar þingsályktunartillaga og hjer liggur fyrir var samþ. á síðasta þingi, vona jeg að hæstv. landshöfðingi segi frá, hvað stjórnin hefir gert í þessu máli.

Landshöfðingi: Eins og h. framsögumaður (B. M.) tók fram, var á síðasta þingi samþykkt sams konar þingsályktunartillaga sem sú, er nú er til umræðu, og send stjórninni. Stjórnin hefir tilkynnt mjer út af áskorun þingsins í hitt eð fyrra, um, að leita samninga við útlend ríki um lagning frjettaþráðar til Íslands, að eptir því sem á undan er gengið í því máli, sjái hún ekki til neins að svo komnu að hreifa slíkum samningatilraunum með von um nokkurn árangur.

Eins og kunnugt er, hefir um mörg undanfarin ár verið stofnun sú í Kaupmannahöfn, sem kölluð er »Meteorologisk Institut«. Forstjóri hennar, sem var um 1880, kapteinn N. Hoffmeyer, áleit það vera nauðsynlegt til þess að veðurfræðingathuganir gætu komið að tilætluðum notum, að þær fengjust samtímis frá sem flestum stöðum í Norðurálfunni og þó einkum nauðsynlegt, að skýrslur um veðurfræðisathuganir í norðanverðu Atlanzhafi, einkum á Færeyjum og Íslandi, gætu orðið daglega kunnar stofnunum þeim, sem safna slíkum skýrslum, en til þess að þessu gæti orðið framgengt, gerði hann sjer mjög mikið far um að sýna fram á nauðsynina á því, að frjettaþráður væri lagður yfir Færeyjar og Ísland og jafnvel til Grænlands og Ameríku. Af því að »Det store nordiske Telegrafselskab« er ríkasta og stærsta telegraffjelag í Danmörku og líklegast til stórra framkvæmda, vjek Hoffmeyer einkum máli sínu að því eða formanni þess, Geheimeetatsraad Tietgen, að það tæki þetta mikilsvarðandi mál að sjer.

Fjelagið ræddi nú þetta mál með sjer og komst að þeirri niðurstöðu, að slíkt fyrirtæki hefði meiri kostnað í för með sjer en það treysti sjer að leggja út í af eigin ramleik. Fjelagið rjeð því af að leita aðstoðar stjórnarinnar í þessu máli, og af því að það varðaði jafnt alla sem vilja efla vísindalega þekkingu og framfarir, þótti tiltækilegast að byrja á því, að leita fyrir sjer við ýmsar ríkisstjórnir í Norðurálfunni, er þetta mál skipti mestu, hvað þær vildu leggja fram til þessa fyrirtækis. Danska stjórnin ljet sjer mjög annt um málefnið og bar það upp fyrir ríkisstjórnum þeim, sem henni þótti líklegast að mundu vilja vera því sinnandi. Jafnframt því sem hún lofaði að leggja fram nokkurn

skerf af sinni hálfu, ef ríkisdagurinn samþykkti, til þess að frjettaþráður þessi yrði lagður, fór hún þess á leit við þessar ríkisstjórnir, að þær tækju þátt í kostnaðinum við frjettaþráðinn eptir því »interesse«, sem hvert land fyrir sig hefði fyrir þessu máli. Einkum þótti henni líklegast, að stjórnirnar í Rússlandi, Þýzkalandi, Frakklandi og Englandi mundu vilja styrkja þetta málefni; en undirtektirnar voru daufar og vísuðu þær málinu frá sjer. Danska stjórnin sá sjer því ekki fært að halda lengra út í það. En merkilegt var það, að það voru einkum Englendingar og Frakkar, sem tóku einna daufast í þetta mál, og skyldu menn þó hafa ætlað, að þær þjóðir ættu að hafa einna mesta »interesse« fyrir því.

Af þeim ástæðum, að danska stjórnin hefir farið þess á leit nýlega við stjórnir annara ríkja, að styrkja þetta fyrirtæki, en þær hafa tjáð sig ófúsar til þess, finnst henni ekki hlýða að fara þess á leit eptir svo stuttan tíma, nema hægt sje að færa nýjar ástæður fyrir frjettaþræðinum; enda er það ekki siður í hinum »diplomatiska« heimi, þegar stjórnirnar vísa einhverju frá sjer, að pikka í sama farið. Jeg álít því, að þó till. þessi verði samþykkt, þá hafi það engan árangur.

Framsögumaður (*Bogi Melsteð*): Jeg þakka hæstv. landshöfðingja fyrir skýringu þá, er hann hefir gefið í þessu máli. En þótt hann gefi engar vonir um, að stjórnin vilji að svo stöddu sinna þessu máli, þá efast jeg ekki um, að hún gæti eitthvað gert til framgangs þessu nauðsynjamáli; því get jeg ekki fallið frá tillögu minni að svo komnu, og það því fremur, sem jeg er sannfærður um, að stjórnin í raun rjettri vill gjarnan styðja að því, að frjettaþráður væri lagður til Íslands. Auðvitað er, að mál þetta er svo vaxið, að það er ekki á landsstjórnarinnar valdi, en hún getur betur en aðrir stutt að því, að það komist á góðan rekspöl, og fengið þá, sem fje hafa, til þess að taka það að sjer. Ísland eitt getur að eins stutt það með fjárframlagi en ekki meira, og til þess munu menn fúsir. Nú eru liðin 11 ár síðan hún hóf þessar málaleitanir við erlendar ríkisstjórnir. Á þeim tíma kunna að hafa breytzt skoðanir þeirra í þessu máli; stjórnarskipti hafa síðan orðið í ýmsum löndum og jafnframt þeim kunna að hafa breytzt skoðanir á áhugamálum ríkjanna. Væri því æskilegt, að stjórnin á næstu tveim árum gerði nýjar tilraunir um málaleitanir við erlend ríki í þessu máli.

Þórður Guðmundsson: Eptir undirtektum hæstv. landshöfðingja lítur út fyrir að þetta mál fái ekki góðar undirtektir, en jeg verð þó að álíta rjett að halda því fram, að skora á stjórnina að gera sitt ítrasta til að fá því framgengt. Jeg verð að álíta, að af öllum þeim mörgu nauðsynjamálum vorum, þá sje þetta þó eitt hið allra nauðsynlegasta.

Allt það fje, sem lagt er til samgöngubóta, hvort það eru heldur strandferðir eða landvegir, allt það getur ekki komið að fullum notum fyr en vjer fáum frjettaþráð til landsins.

Jeg verð að segja, að þá fyrst færðist vort afskekkta land algjörlega inn í mennta- og framfarastraum hins menntaða heims, og hvílíkt hagræði væri það ekki fyrir oss, daglega að geta svo gott sem talað við menn víðsvegar um heiminn. Jeg álít, að því fje, sem til þess gengi, væri mjög vel varið, og þó það sje vitanlega mjög lít-

ill skerfur, sem vjer erum færir um að leggja fram til þessa stórvaxna fyrirtækis, þá ætti það ekki að fæla oss frá að sýna lit á því.

Jeg er því alveg á sama máli og h. 2. þm. Árn. (B. M.) um, enn á ný að fela málið h. stjórn, og þykist þess fullviss, að hún muni þá gera allt sem hún getur til þess að koma þessu máli á leið, þessu máli, sem mundi verða sísláandi lífæð til að hefja og bæta verzlun landsins, knýjandi til framsóknar og framfara. Þó við sendum verzlunarerindreka víðsvegar um heiminn, þá mundi þýðing þeirra vera hverfandi í samanburði við þetta.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg ætla að eins að segja fátt eitt. Mjer er mikill hugur á að þetta mál gangi fram, ef nokkur von er þess, að stjórnin geti komið því nokkuð á veg.

Eins og hæstv. landshöfðingi tók fram, þá kann það að vera, að svo þyki, sem hjákkað sje nokkuð í sama farið, þar sem stjórnin nýlega hefir hreift málinu og fengið dauflegar undirtektir hjá stórveldunum. En hjer er um mikið og mikilsvarðandi mál að ræða, svo því þyrfti að fylgja fram sem bezt, og svo vil jeg benda sjerstaklega á, að mikið er líka breytt síðan því var hreyft, þó það ekki væri talin meir en 6—7 ár. Fiskiveiðaútvegur Englendinga hefir mjög mikið aukizt hin síðustu árin, þar sem ekki mun vera ofsagt, að þeir hafi um 100 gufuskip, sem stunda þær hjer á ári hverju, koma hjer síðari hluta vetrar og liggja hjer allt sumarið. Þessar fiskiveiðar Englendinga voru litlar eða alls engar fyrir nokkrum árum.

Kynni erlendra ríkja af Íslandi hafa líka farið stórum vaxandi á þessum árum, og gæti það haft mikil áhrif á undirtektir þeirra í þessu máli. Það er fyrst hin síðari árin, að menn hafa fengið nokkuð veruleg kynni af landinu og hag þess. Aðalatriðið hjá þeim, sem halda þessu fram, er vanalegast veðurfræðin, og það er sjálfsagt rjett, að minnsta kosti frá sjónarmiði útlendinga.

En frá oss skoðað, þá er það verzlunin, sem mest mundi vinna við það. Það er ekki við að búast, að við fáum innlenda verzlun eða peningaverzlun, fyrr en við fáum frjettaþráð til landsins. Það er frjettaþráðurinn, sem, eins og áður hefir verið sagt, mundi flytja landið 1—2 hundruð mílur nær menntalöndunum.

Jeg vil því vona, að hæstv. landsh. vilji mæla fram með því við stjórnina, að hún, svo framarlega sem hún sjer sjer fært, taki málið upp enn á ný. Það hefði verið gott, að taka það upp í þingsályktunartill., að við værum fúsir til að leggja fram töluverða fjárupphæð því til styrktar, því það er vitanlega Ísland, sem hefði mestan hag af því, að fá frjettaþráðinn, og þó það sje fátækt land og það gæti því ekki lagt fram mikinn hlut af því, sem þyrfti til þessa fyrirtækis, þá væri það til að sýna, að okkur væri áhugamál að fá þessu framgengt og landsjóður væri fús á að leggja fram sinn skerf.

Jens Pálsson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar með því að taka upp aptur það, sem jeg sagði á síðasta þingi 1891 um þetta mál. En jeg skal lýsa því yfir, að skoðun mín er óbreytt, sú skoðun, að þetta sje eitt hið þýðingarmesta mál landsins, og ef það kæmi í framkvæmd hefði það þau áhrif á framför þjóðarinnar, sem ekki yrði með tölum talin eða metin til verðs. Upplýsingar þær, sem hæstv. landsh. flutti h. deild, komu mjer alveg á óvart; jeg vænti annars. Jeg talaði fyrir máli þessu á þingi 1891, í fullu trausti til þess, að landsstjórnin mundi gera sitt

ítrasta til þess að sinna þingsál.till. og hrinda málinu áfram. En af skýringu þeirri, sem hæstv. landsh. flutti, sje jeg, að vonir mínar hafa brugðizt, því ekkert hefir verið gert. Við ástæðu þá, sem fram kom, hefi jeg það að athuga, að jeg skil ekki, að ítrekuð málaleitun um þau mál, sem menn eru sannfærðir um, að eru góð og mjög þýðingarmikil, þyki hvimleið innan vissra takmarka, hvort sem er í hinum »diplomatiska« heimi eða annarstaðar. Jeg hef þá skoðun, að þegar »diplomatarnir« sem aðrir menn hafa eitthvert sannarlegt nauðsynjamál að flytja, að þeir muni ekki hika sjer við, að vekja optar en einu sinni máls á, að fá því framgengt, ef það flýtti fremur fyrir því en að láta það liggja í salti. Það er enn fremur ef til vill ekkert mál, sem getur gefið stjórninni betra tækifæri til þess að sýna í verkinu, að hún beri umhyggju fyrir landi og þjóð, en einmitt þetta. Allar tilraunir frá hennar hálfu í þá átt, að hrinda þessu máli áfram, væri skýrasti vottur um sanna umhyggju hennar fyrir landi og lýð. Enginn skilji orð mín svo, að jeg sje í efa um það, að hæstv. stjórn vilji oss vel, en jeg vil lýsa því yfir afdráttarlaust, að þjóð vor ætlast til, að stjórnin láti sig þetta mál miklu skipta, og geri sitt ítrasta til að koma því fram, með því að halda því án afláts á lopti, — hvað svo sem »diplomata venjur« segja, — sem góðu og gagnlegu nauðsynjamáli fyrir allan hinn vísindalega og menntaða heim, en einkum fyrir þetta afskekkta land og þjóð vora, sem vill að þessu máli sje fastlega haldið fram í fullu trausti til þess, að frjettaþráðurinn yrði henni braut til sigurs og framfara.

Jeg verð því að treysta því, að ef hið h. þing allt endurtekur nú með samheldni og festu þessa ósk, þessa innilegu beiðni til stjórnarinnar, þá muni þessu mikilsvarðandi máli verða sinnt, þó ekki sje lengra um liðið en er, frá því að það var á dagskrá stjórnarinnar.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. með 22 samhlj. atkv. og afgr. til efri deildar.

Tillaga til þingsályktunar um strandferðir hins sameinaða gufuskipafjelags (C. 534); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþ.

Tillaga til þingsályktunar um aukapóst vestur í Kórunes (C. 538); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþ.

Fertugasti og fjórði fundur, mánudag 21. ágúst, kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frumv. til laga um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald á fiski, lýsi o. fl. (C. 413); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 21 samhlj. atkv. og afgr. til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um atvinnu við siglingar (C. 567); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og endursent efri deild.

Frumv. til laga um að selja salt eptir vigt (C. 498, 579); 2. umr.

Skúli Thoroddsen: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með dálitla breyt.-till. á þingskjali 500, sem fer fram á að nema úr 1. gr. ákvæðið um að *selja* megi salt eptir mæli, ef kaupandi æski þess. Jeg álít frumv., eins og það er

komið frá h. efri deild, þýðingarlítið einmitt vegna þessa ákvæðis 1. greinar. Samskonar ákvæði er í lögum, sem nú gilda, um að selja kornvöru og kol eptir vigt; en mjer er það kunnugt, að þetta ákvæði er töluvert misbrúkað víða úti um land. Ef fátæklingur, sem ekkert á undir sjer, vill kaupa 1 skpd. af kolum t. d., þá kemur það opt fyrir, að kaupmaðurinn, ef hann þykist ekki hafa tíma til að vigta kolin, segir blátt áfram, að hann vilji þá ekki selja kolin, svo að kaupandanum er nauðugur einn kostur, að æskja mælis, ef hann eigi vill verða af kolunum; og á líkan hátt er jeg hræddur um, að frumvarp þetta kynni að verða misbrúkað.

Landshöfðingi: Jeg þekki það ekki, að lögin frá 14. des. 1877, um að selja kornvöru og kol eptir vigt, sjeu þýðingarlítil, þó að þau leyfi kaupanda að biðja um vöru þessa eptir mæli, ef hann vill það fremur en að fá hana eptir vigt. Jeg veit það, að hjer í Reykjavík eru þessar vörur varla seldar öðruvísi en eptir vigt. En hins vegar hlýt jeg að álíta það brot á samningsfrelsi, ef kaupandi ekki má fá 1 skp. af salti, ef hann vill, án þess að það varði allt að 50 kr. sektum.

Jeg hefi auðvitað ekki mikið á móti þessari breyt.till. h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.), en vil að eins benda h. þingd. á, að ef breyt.till. verður samþ., þá er tvísýnt að frumv. komist fram nú á þingi. Tíminn er orðinn svo stuttur, að menn ættu ekki að tefja að óþörfu fyrir þeim málum, sem þeir vilja hafa fram; en þetta mál álít jeg mjög nauðsynlegt og þarflegt.

Skúli Thoroddsen: Mjer er ekki kunnugt um, hvernig lögunum frá 14. des. 1877 er hlýtt í Reykjavík; en það er mjög almennt, þar sem jeg þekki til, að kaupmenn vilja ekki selja kol öðru vísi en eptir mæli, og kaupendum er því nauðugur einn kostur, að æskja mælis, því að annars lætur kaupmaður kolin eigi föl. Jeg kom með þessa breyt.till. að eins til þess, að þau lög, sem hjer ræðir um, gætu fengið praktiska þýðingu, og þó að ekki sje langt eptir af þingtímanum, þá eru þó svo margir dagar eptir af honum, að þetta mál getur auðveldlega fengið framgang, þó að tillaga mín verði samþykkt.

ATKV.GR.: Breyt.till. (500) við 1. gr. felld með 19 : 1 atkv.; 1. gr. óbreytt samþ. með 17 atkv.; 2. gr. óbreytt samþ. með 20 atkv.; 3. gr. óbreytt samþ. með 21 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagr. Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um viðauka við lög 12. júlí 1878, um lausafjártíund (C. 414); 2. umr.

ATKV.GR.: Fyrri liðurinn samþ. með 21 samhlj. atkv.; síðari liðurinn samþ. með 19 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 21 samhlj. atkv.

Frumv. til laga um úrskurðarvald sáttanefnda, rjettarfar og aðför í minni skuldamálum (C. 419); 2. umr.

Landshöfðingi: Þegar menn lesa fyrirsögnina fyrir þessu frumv., sem hljóðar svona: »frumv. til laga um úrskurðarvald sáttanefnda, rjettarfar og aðför í minni skuldamálum«, þá skyldi maður halda, að hjer væri farið fram á mikla breytingu á núgildandi rjettarfarslögum, og með þessu mikil rjettarbót fengin; en þegar farið er að lesa hinar einstöku greinar frumv., þá verður minna úr.

Hjer er tvennt, sem sáttanefndum er falið á hendur: 1. að leggja úrskurð á

mál, og 2. að kveða upp gjörð í ýmsum málum.

Að því er snertir úrskurðarvald sáttanefnda, þá nær það til skuldamála, ef skuldin nemur ekki meiru en 100 kr. og skuldunautar þar að auki viðurkenna skuldina afdráttarlaust. Hitt atriðið, sem sáttanefnd er gefið úrskurðarvald í, er það, að úrskurða hinum kærða hæfilega þóknun fyrir ómak sitt, ef hinn kærði mætir, en kærandi ekki.

Meiningin með þessu virðist vera sú, að gjöra þeim hægra fyrir, sem litla en skýlausa skuld eiga að heimta, enda eru í öðrum löndum sjerstakir dómstólar, sem dæma slík mál. Hið eina, sem hefði getað miðað til að gjöra mönnum hægra fyrir að heimta skuld sína, hefði verið það, að gefa þeim kost á að fá fullnaðarúrskurð sáttanefnda, í litlum en skýlausum skuldamálum, enda ætti ekki að vera mjög mikill vandi að kveða upp fullnaðarúrskurð í slíkum málum, ef skuldunautur viðurkennir afdráttarlaust skuld sína. En það má kannske segja, að það sje viðurhlutamikið, að fá sáttanefndum, eins og þær eru almennt skipaðar hjer í landi, svona mikið vald í hendur, enda sýnist frv. bera vott um fjarskalítið traust á sáttanefndum. En beri löggjafarvaldið ekki það traust til sáttanefndanna, að þeim sje trúandi til að leggja fullnaðarúrskurð á skýlaus skuldamál, þó þau nemi ekki meiru en 5—10 kr., til hvers er þá að fela þeim nokkurt úrskurðarvald á hendur?

Í 3. gr. er ákveðið, að sáttanefnd geti úrskurðað hinum kærða þóknun fyrir ómak sitt, ef hann mætir á sáttafundi, en kærandi ekki. En haldið þið, að hjer sje að ræða um fullnaðarúrskurð? Nei, þegar búið er að úrskurða honum nokkrar krónur í ómakslaun, má skjóta úrskurðinum til hjeraðsdóms. Hvað er þá unnið við þetta? Jeg sje ekki að það sje annað en að hjer sje komið á fót fjórða »instans«. Mjer sýnist óskiljanlegt, að maður, sem skýlaust viðurkennir að hann skuldi allt að 100 krónum, skuli ekki sættast á málið. En ef hann er sá þrákálfur, að vilja ekki sættast, þá mun hann líka vera sá þrákálfur, að áfrýja úrskurðinum. Jeg sje því ekkert unnið við þetta ákvæði, heldur miðar það þvert á móti til að gjöra enn meiri vafninga en nú. Auk þessa eru ýms ákvæði og mótsagnir í frumv., sem gjöra það alveg óaðgengilegt.

Í síðustu málsgrein 1. greinar frumv. stendur: »Þetta á þó eigi við, þegar kærði hefir gagnkröfu á hendur kæranda og kærandi kannast ekki við hana« o. s. frv. Jeg sje ekki til hvers orðið »þetta« í byrjun málsgreinarinnar lítur. Á það við allt, sem á undan er komið eða að eins við næstu málsgrein á undan? Hjer er verið að tala um gagnkröfu, sem kærandi annaðhvort ekki kannast við, eða sem nemur meiru en 100 kr.; en nú er það ekki álitið leyfilegt, að sá, sem stefnir fyrir skuld, leggi að eins nokkurn part af skuldinni undir úrskurð; skuldunautur er ekki skyldur að taka á móti málssókn í fleiru en einu lagi fyrir sömu skuldinni; kretjist skuldareigandi að eins nokkurs hluta af henni, verður að líta svo á, sem hann falli frá tilkalli til hins hlutans.

Þá skal jeg benda á ákvæðin um »gjörðir« í 2. gr. frumv. Þar segir svo, að þær beri að skoða sem fullnaðardóm, sem megi fullnægja á sama hátt sem undirrjettardómi. Hvaða meining er í þessu? Því þá ekki á sama hátt sem hæstarjettardómi? Gjörð verður ekki áfrýjað fremur en hæstarjettardómi, en undirrjettardómi má áfrýja.

Það er skrítið, að sáttanefnd skuli ekki eins og aðrir óvaldir gjörðarmenn

mega kveða upp gjörðardóm í öðrum skuldamálum en þeim, sem eru undir 100 kr. Því má hún eigi kveða upp gjörð í stærri skuldamálum, ef mönnum kemur saman um það? Það sýnist jafnvel fráfælandi að leggja í gjörð mál, þar sem ekki er um meira en 100 kr. að ræða, þegar gjört er ráð fyrir í 8. gr., að kostnaðurinn við gjörðina sje 4 krónur.

5. gr. byrjar þannig: »Nú kemst sáttanefnd að þeirri niðurstöðu, að skuldakrafa kæranda sje á rökum byggð, og skal hún í úrskurðinum til taka aðalupphæðina, sem borga ber«. En hvernig á að að fara, ef sáttanefndin kemst að þeirri niðurstöðu, að krafan sje ekki nema að nokkru leyti á rökum byggð? Þá er allt ónýtt, því sáttanefnd getur ekki dæmt, nema hún megi dæma kæranda allt, sem krafizt er. Yfir höfuð sýnist gengið út frá því í öllu frumv. efri deildar, að kærandi fái allt, sem hann krefur.

Jeg hefi þegar tekið það fram, að öllum úrskurðum og gjörðum sáttanefnda má áfrýja til hlutaðeigandi hjeraðsdóms. En hjer við bætist, að eptir 10. gr. má skuldunautur hafa þriggja mánaða frest til að hugsa sig um, hvort hann vilji áfrýja úrskurðinum. Aptur má úrskurðarhafinn hafa heilt ár til umhugsunar og það ekki einungis um úrskurðinn sjálfan, heldur getur hann einnig frestað áfrýjun á aðförinni á úrskurðinum um heilt ár, og ef lagt er löghald á muni, þá getur úrskurðarhafinn látið allt danka í heilt ár, og eigandi má eigi snerta munina alla þennan tíma.

11. gr. er alveg þýðingarlaus. Í henni er ekkert meira en í tilsk. 15. ág. 1832, 11. gr. Jeg ímynda mjer að ákvæði greinarinnar sje tekið eptir útlendum lögum, þar sem rjettarfar það, sem ræðir um í tilskipun þessari, er ópekkt.

12. gr. er jafnþýðingarlaus eins og 11. gr. Hreppstjórar hafa eptir gildandi lögum heimild til að framkvæma það, sem hjer ræðir um, og það jafnvel þó um stærri upphæðir sje að ræða en 100 kr. 12. gr. mun, eins og 11. gr., vera tekin upp úr útlendum lögum, sem ekki hafa sams konar ákvæði eins og lög 13. jan. 1882, sem þó er vitnað í í þessari grein.

Eptir því, sem jeg nú hefi tekið fram, get jeg ekki skilið, að þessi h. þingdeild geti verið þekkt fyrir að senda þetta frumv. frá sjer óbreytt sem lög. Mjer virðist hins vegar eiga mikið vel við, til þess að sýna h. efri deild kurteysi og tilhliðrunarsemi, að setja nú nefnd til að íhuga málið.

Guðlaugur Guðmundsson: Mjer kom það satt að segja á óvart, að hæstv. landsh. skyldi mæla svo hart á móti þessu frumv. Jeg hefi því miður ekki haft tíma til að kynna mjer frv. svo vel sem skyldi, og gat eigi dottið í hug að svona margar væru á því misfellurnar. En það er fljótt sjeð, að þær eru margar, og líklegt að það geti ekki orðið að lögum eins og það er nú. Sjerstaklega skal jeg taka fram, að það er rjett, að frumv. hefir talsvert vantraust á sáttanefndum; en það held jeg sje á nokkrum rökum byggt, eins og þær nú eru skipaðar. Ætti að leggja mikið vald í hendur þeirra, þurfa þær að vera vel skipaðar. Þó væri það ekki neitt varúðarvert, að veita þeim úrskurðarvald í þeim málum, þar sem hlutaðeigandi hefir játað skuld sína. Jeg skal nú ekki ganga inn á einstök atriði, en það vil jeg taka fram, að aðalstefna frumv. er að gera greiðara að fá aðfararheimild í smáum skuldamálum, og 11. gr. leggur meiri áherzlu á munnlega málfærslu en gert er í núgildandi lögum. Hins vegar býst jeg við, að það fái ekki

góðan byr, eins og það er, en til þess að það falli ekki leyfi jeg mjer að stinga upp á 5 manna nefnd. Helzt vildi jeg óska, að stjórnin taki mál þetta að sjer og undirbúi það undir næsta þing. Málið er í sjálfu sjer merkilegt og mætti vel ná fram að ganga, og verða góð rjettarbót, ef það væri vel undirbúið.

ATKV.KV.: 5 manna nefnd samþ. með 14 samhlj. atkv. Þessir voru kosnir:

Guðlaugur Guðmundsson	með	20 atkv.
Klemens Jónsson	—	15 —
Ólafur Briem	—	12 —
Skúli Thoroddsen	—	11 —
Halldór Kr. Friðriksson	—	9 —

Frumv. til laga um lögilding verzlunarstaðar á Reykjatanga (C. 582); 1. umr.

Flutningsmaður (*Björn Sigfússon*): Þótt frumv. þetta sje seint á ferð, vona jeg þó, að h. deild taki því vel eins og öðrum sams konar málum. Helzta ástæðan er, að á Borðeyri, sem er góð höfn, er plássið á landi svo takmarkað, að ekki er meiri byggingarlóð þar til en þegar er byggð. Það voru þar tvær verzlanir fyrir nokkrum árum, en kaupmaður, sem nú er þar, Riis, keypti húsin og lóðina af hinum, þegar hann fór. Nú er hann því einvaldur þar. Þar geta þá ekki fleiri setzt að, því að það er vafasamt, hvort hann yrði skyldaður til að þoka frá, þótt einhver annar vildi fá útmælda lóð þar. Auk þessa er ýmislegt annað, sem mælir með því, að löggiltur verði verzlunarstaður á Reykjatanga. Eins og kunnugt er, er Hrútafjörður mjór innan til, og leggur fljótt, þegar frost koma á haustum, og það svo, að á einni nótt leggur opt norður fyrir Borðeyri. Það er því opt ís á höfninni á vorin og verða skipin opt að liggja fyrir utan vikum saman. Þetta getur orðið til mikils óhagnaðar, af því að allur vesturhluti Húnavatnssýslu sækir verzlun að Borðeyri. Á Reykjatanga koma slík ísalög ekki fyrir nema í aftökum. Reykjatangi hefir þar að auki ýmsa kosti fram yfir Borðeyri. Þar er mikið og gott byggingarsvæði og drykkjarvatn ágætt, en það er ekki á Borðeyri. Sömuleiðis er miklu betra mótak við Reykjatanga. Þar er og heitur hver og sundlaug, og eru það mikil þægindi fyrir þann verzlunarstað, sem kynni að rísa þar upp. Þá er og þess að gæta, að þetta yrði mikill hagnaðarauki fyrir allan vesturhluta Húnavatnssýslu; ekki eingöngu af því, að þeir þurfa þá ekki að sækja vestur yfir Hrútafjörð, heldur einnig af því, að norðan til við Reykjatanga hagar svo til, að laut eða slakki er í hálsinn og má vanalega nota akfæri þar á vetrum, en það er kunnugt, að móts við Borðeyri er hálsinn brattur og ófær akfærum. Vesturhluti Húnavatnssýslu telur sjer það mikilsvert að fá þenna stað löggiltan, og vona jeg að þingm. hafi kynnt sjer bænarskrá, sem legið hefir frammi á lestrarsalnum. Undir henni standa 70 nöfn. Jeg get nú ekki sjeð neitt á móti því, að veita þeim þessa bæn. Þess má enn geta, að það er ekki nýtt álit, að góð höfn sje við Reykjatanga. Það var álit manna fyrir 100 árum. Og get jeg um það vísað til Olavii Rejsebog, bls. 192.

Jeg vona að h. deild lofi þessu máli að ganga eins greiðlega og öðrum málum af sama tagi.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar um strandferðaáætlun (C. 492, 516, 560, 604); síðari umr.

Jens Pálsson: Jeg hefi leitazt við að íhuga ferðaáætlun þessa, og eptir rækilega yfirvegun fæ jeg ekki annað sjeð,

en að hún sje framkvæmanleg. Þótt annarsstaðar sje ætlazt til töluverðs hraða, þá er allt af við endastöðvarnar ætlazt til svo mikillar dvalar, að þótt svo vildi til, að skipið tefðist talsvert, þá er samt auðsætt, að skipið mun geta farið frá endastöðvunum á tilteknum tíma, nema einhverjar óvenjulegar og ófyrirsjáanlegar hindranir komi fyrir. Þetta var nú annað atriðið, er jeg vildi taka fram; hitt atriðið er, hvort ferðunum sje haganlega skipað niður, svo að þær komi að góðu liði hinum ýmsu byggðarlögum á hinum ýmsu árstíðum. Jeg held, að velflest af því, sem nauðsynlegast er, sje tekið svo til greina, að ferðirnar geti orðið að góðu gagni.

Það hafa að eins tvær breyt.till. komið fram. Önnur þeirra fer fram á, að skipið komi við á Búðum. Jeg þykist sjá, að skipið muni geta haft tíma til að koma þar snöggvast við, og þar sem mjer hefir verið sagt, að höfnin sje fullgóð fyrir slík skip, þá get jeg ekki mælt á móti henni. Hin breyt.till. er sú, að skipið komi nokkrum sinnum við í Vík. Það er mjög lítill krókur, svo að jeg vil eigi heldur hafa á móti þeirri tillögu; en jeg vil geta þess, að burtfarardagarnir frá Vík eru svo ákveðnir, að ef skipið t. d. vegna brima eigi getur komið á þenna stað, þá er því heimilt að halda áfram ferð sinni. Þar eð þessar viðkomur í Vík þannig eigi munu baka skipinu verulega töf, nje geta sett það út af áætlun, vil jeg fyrir mitt leyti mæla með breyt.till., því að viðkomur í Vík geta orðið að gagni þegar gott er veður og engar hindranir eru af náttúrunnar völdum.

Guðlaugur Guðmundsson: Það eru að eins fáeinar stuttar athugasemdir, er jeg vildi leyfa mjer að gera.

1. liðurinn í breyt.till. fer fram á, að fella svigaorðið »Portland« í fremsta dálkinum burt. Fyrir ókunnuga getur það haft misskilning í för með sjer, því að »Portland« er ekki sama sem Vík, þótt stutt sje á milli.

Að öðru leyti hafa breyt.till. ekki nein áhrif á ferðaáætlunina, eins og hún liggur fyrir. Þessa áætlun mun sem sje eiga að skilja svo, eins og hinna dönsku skipa, að burtfarartíminn sje kominn kl. 12 aðfaranótt þess dags, sem stendur í áætluninni.

Breyt.till. hafa enga seinkun í för með sjer fyrir skipið; það má líka hvort sem er sjálfsagt gjöra ráð fyrir, að skipið hafi leyfi til að koma optar við á ýmsum af þessum stöðum, ef flutningur býðst, og það þarf eigi að tefjast. Jeg vil taka til dæmis, að í síðari septemberferðinni væri hentugt, að það kæmi við í Vestmannaeyjum, sem er svo að segja enginn krókur, og jeg efast ekki um, að það mundi koma við þar, ef það t. d. hefði fólksflutning frá Austfjörðum. Að öðru leyti hefi jeg ekkert að athuga, og vona jeg, að h. þingd. samþykki breyt.till.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. 1. á þgskj. 522 samþ. með 18 samhlj. atkv.; breyt.till. 2. á þgskj. 522 samþ. með 17 samhlj. atkv.; breyt.till. 3. á þingskj. 522 samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.till. 4. á þingskj. 488 samþ. með 12 samhlj. atkv. Áætlunin með áorðnum breytingum samþ. með 22 samhlj. atkv.

Tillagan á þingskj. 425 samþ. með 21 samhlj. atkv.

Málið síðan afgr. til efri deildar.

Tillaga til þingsályktunar um strandferðir hins sameinaða gufuskipafjelags (C. 534, 588); ein umr.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg ætla mjer ekki að fara mörgum orðum um þessa þingsályktunartill., því hún fer fram á sama og ráðgjört var í umræðunum af fjárlaganefndinni

um daginn, og voru undirtektirnar þá svo, að jeg vona að till. fái svo góðan byr, að ekki þurfi að fara mörgum orðum um þær nú.

Hvað 1. tölul. snertir, er þar farið fram á, »að strandferðaskip hins sameinaða gufuskipafjelags fari vestur og norður um land á leiðinni til Kaupmannahafnar í síðustu ferð, og komi þá við á öllum hinum stærri verzlunarstöðum«. Þar á móti er ætlazt til, að ferð sú, er farin er sömu leið frá Reykjavík 1. október, og Berufirði 11. október, megi falla niður.

Að sönnu er þetta ekki fullnægjandi fyrir Norðurland, en þessi tilhögun er betri en ekki. Það er áhugamál og nauðsynjamál Eyfirðinga, að fá ferð sem allra síðast, og helzt ekki fyr en seint í nóv. Verði nú þessi áskorun tekin til greina, bætir það nokkuð úr, með því að skip það, sem þá færi vestur og norður um land, eptir 20. okt., mundi verða á ferð fyrir miðju Norðurlandi um mánaðamótin okt. og nóv.

2. tölul. till. fer fram á, að til strandferðanna sje ekki haft lakara skip en »Laura«. Vona jeg að hæstvirtur landshöfðingi sje með því, og mæli með því eptir því sem hann sjer sjer framast fært.

3. liðurinn í tillögunni fer fram á, að fá stærra farþegjaskip á ferðunum milli Íslands og Danmerkur, því það hefir komið fyrir, að farþegjarúmið á »Lauru« hefir reynzt of lítið, t. d. í júnímánaðarferðinni í sumar, því jeg hefi fengið áreiðanlegar fregnir um þetta af mönnum, sem voru með skipinu í þeirri ferð. Nú er svo komið, að líkur eru til, að útlendir ferðamenn fari að venja komur sínar hingað meira en áður hefir verið, og ber þá nauðsyn til, að þeir hafi nægilegt og gott skiprúm. Jeg og tveir aðrir þingd.m. höfum komið fram með breyt.till. við þennan lið, að þessi krafa um stórt og gott skip gildi þó að eins »um sumarmánuðina, maí til september«, því oss þótti óþarfi, að krefjast þess á öðrum tímum ársins, því gufuskipafjelagið hefir þá annað skip, sem er fullnægjandi.

Með þessari breyt.till. vonumst við til, að hafa gjört þenna lið tillögunnar aðgengilegri, og því sje meiri von um, að áskoruninni verði gegnt.

Um viðaukatill. í 4. lið þarf ekki að fara mörgum orðum.

Um staflið a skal jeg taka það fram, að jeg talaði um það við hæstv. landshöfðingja, hvort eigi væri ráðlegt að fá skip gufuskipafjelagsins til, að koma við á Borðeyri, og lofaði hann því, að mæla með því. Það er ekki farið fram á meira en að skipið komi þar við að minnsta kosti í einni ferð á ári, og getur það eigi orðið til mikils farartálma eða tafar.

Um staflið b er það að segja, að þar er farið fram á að skipið komi öðru hvoru við á Blönduósi, eigi eins opt við á Skagaströnd, eða jafnvel að Skagaströnd sje felld burt úr áætluninni. Eptir núverandi áætlun á strandferðaskipið að koma við á Skagaströnd sjö sinnum á ári, en nú er svo komið, að miklu meiri aðsókn er að Blönduósi; ætti því að tjölga ferðum skipsins þangað, en fækka þeim til Skagastrandar; virðist það vera miklu hagkvæmara.

Um staflið c er það að segja, að nefndinni sýndist það alveg hættulaust, að skipið kæmi við á Berufirði í hvert skipti er það færi frá Austurlandinu til Kaupmannahafnar.

Nefndin hefir annars hagað sínum aðaltillögum og breytingartillögum svo, að ekki væri hægt með neinni sanngirni að hafa móti þeim.

Mjer sýnist það eptir atvikum ráðlegast, að fallizt sje á tillögur nefndarinnar, og vænti þess, að h. deild sam-

þykki bæði aðaltillögurnar og breytingartillögur nefndarinnar.

ATKV.GR.: 1. liður tillögunnar samþ. með 21 atkv.; 2. liður tillögunnar samþykktur með 21 atkv.; 1. breyt.till. við 3. lið samþykkt í einu hlj.; 2. breyt.till. við 3. lið samþykkt með 21 atkv.; 3. liður tillögunnar, með áorðnum breyt., samþ. í einu hlj.

Viðaukatillögurnar í 4. lið: 4 a samþykkt í einu hlj.; 4 b samþ. í einu hlj.; 4 c samþ. með 22 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr.

Þingsályktunin í heild sinni samþ. í einu hlj. og afgr. til efri deildar.

Tillaga til þingsályktunar um aukapóst vestur í Kórunes (C. 538); ein umræða.

Benidikt Kristjánsson: Jeg vil leyfa mjer, að gjöra grein fyrir, af hvaða ástæðum jeg kem fram með þessa tillögu.

Nú sem stendur fer aukapóstur frá Arnarholti og vestur í Borgarnes, en þótt ekki sje langt milli Borgarness og Kóruness, þá er samt vegurinn seinfær og ferðir ekki mjög tíðar þar á milli, svo að brjef, sem eiga að ganga í Kórunes eða í Straumfjörð, geta opt legið lengi. Þetta getur kaupmanninum í Straumfirði komið mjög illa, því að nú er, eins og menn vita, komin upp eigi all-lítill verzlunarstaður þar.

Þó að pósturinn færi nú þenna stutta spöl, þá getur það ekki bakað póstsjóðnum mikinn kostnað.

Jeg vona, að h. deild sjái, að hjer er um nokkurt nauðsynjamál að ræða, en ekki mikinn kostnaðarauka. Og vænti jeg þess, að hún vilji fúslega samþykkja þessa tillögu.

ATKV.GR.: Tillagan samþykkt með 16 : 2 atkv., og send hæstv. landshöfðingja.

Tillaga til þingsályktunar um nefnd til að semja ávarp til konungs (C. 538); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu og var það samþykkt með 19 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um aukapóstgöngur á Snæfellsnesi (C. 560); hvernig ræða skuli.

Forseti stakk upp á einni umræðu og var það samþ. með 19 atkv.

Fertugasti og fimmti fundur,

þriðjudaginn 22. ágúst kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Kosinn yfirskoðunarmaður landsreikninganna 1892 og 1893.

Kosning hlaut *Eiríkur Briem* prestaskólakennari með 17 atkv.

Næstur honum hlaut Jón Jensson yfirdómari 6 atkv.

Frumv. til laga um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta og fleira (C. 376, 530); 3. umr.

ATKV.GR.: Frv. samþ. í einu hljóði og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863, og viðauka við hana (C. 597, 608); ein umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg hefi leyft mjer að gjöra breyt.till. við frumv. eins og það kom frá h. efri deild. Jeg vil að leyfið til að kaupa lausamennskubrjef sje bundið við fullveðja aldur, og hefi jeg áður gjört grein fyrir því, hvers vegna jeg vilji það. Jeg sje engin eðlileg rök til, að setja 22 ára aldurs-takmark fyrir lausamennskuleyfi. Hið eina eðlilega takmark er fullveðja aldurinn.

Jeg sje ekki að málið þurfi að daga uppi, þótt breytingartillaga þessi verði samþykkt. Jeg efast ekki um, að nógur tími sje til, að láta það ganga aptur til h. efri deildar. Jeg vil því ráða h. deild til samþykkja breyt.till. mína.

Þórður Guðmundsson: Jeg verð að vera á alveg sama máli sem h. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), að leyfa mönnum ekki að verða lausamenn áður en þeir eru fullveðja. Það getur opt verið svo, að það riði jafn-mikið á þroska og ráðdeild til að ráða kaupi sínu sem arfi, því að opt er arfur eigi meiri en svo, að kaupgjald jafnast við hann. Þó hefir enginn ófullveðja maður ráð yfir arfi. Það virðist líka nokkuð óeðlilegt, að láta menn hafa full ráð yfir nokkru af eigum sínum, en þó ekki öllum. Enginn getur og neitað því, að menn nái fullum þroska og hyggindum heldur eptir en fyrir 25 ára aldurinn, og að minnsta kosti er gjört svo ráð fyrir í gildandi lögum. Jeg held þeir hafi og líka nógan tíma til, að flækjast landshornanna á milli, þótt þeir sjeu fullveðja orðnir, þegar þeir byrja á því, og torvelt getur orðið fyrir menn í öðrum landsfjórðungum, að krefja þessa menn um gjöld sín á meðan þeir hafa ekki náð fullveðja aldri.

Jeg býst við, að menn muni svara mjer því, að þetta, að vera lausamaður, sje ekki meira en að mega giptast, en þar við vil jeg gjöra þá athugasemd, að þeir eru sárfáir, sem giptast á milli 20 og 25 ára aldursins. En hinir yrðu margir, sem á þeim árum gengju út í lausamennsku, því að það eru einkum ungir menn sem fýsast að reyna, hvar bezt muni vera og freista hamingjunnar.

Jeg get því eigi fellt mig við álit meiri hlutans og h. efri deildar, en halla mjer sem sagt að minni hlutanum í þessu máli.

Einar Jónsson: Seinast þegar mál þetta var til umræðu hjer í deildinni, var samþykkt, að hafa orðið fullveðja um aldurstakmarkið, og þá var það látið í ljósi af meiri hlutanum sem þá var í nefndinni, að ákvörðunin »fullveðja« ætti bezt við af þeirri ástæðu, að eðlilegast væri, að sama aldurstakmark heimilaði lausamennsku, sem annars heimilar full ráð yfir fje sínu, en þess var þá um leið getið, að ekki væri ólíklegt, að takmarkið fyrir fullveðja aldrinum breyttist innan skamms, og þá væri rjett, að lausamennskuleyfistakmarkið yrði samferða. En nú hefir h. efri deild sett takmarkið 22 ár, án þess óskað hafi verið breytingar á myndugleikaaldrinum.

Þótt nú hinn fyrverandi meiri hluti nefndarinnar sje enn sömu skoðunar í þessu atriði sem fyr, þá urðu þó nú 4 í nefndinni samþykkir því, að taka nú ekki upp breytingartillögu í þá átt, af því að hætt er við, að málið komist þá eigi gegn um þingið að þessu sinni. Þó mælir eitt mikið móti því, að menn verði lausamenn innan fullveðja aldurs, og það er það, að lausamenn mundu þá eigi geta gjört fullgilda samninga. En menn verða mjög opt, hvort sem er, að eiga skipti og samninga við þá, sem eigi eru fullveðja, og er þá eigi svo miklu meiri hætta hjer en annarsstaðar, að vjer viljum gjöra það að kappsmáli eins og komið er. Þó mundi jeg helzt kjósa, að hvorttveggja fylgdist að, lausamennskutakmarkið og fullveðja aldurinn. Ef jeg væri viss um, að maður gæti komið fram breytingu í þá átt, þá mundi jeg helzt kjósa það, en nú er jeg hræddur um, að tíminn sje orðinn of stuttur og vil jeg því heldur þetta en að lög þessi komist ekki fram.

Þess vegna er jeg með meiri hlutanum nú í því, að gjöra enga breyt.till.

Auðvitað er það á valdi deildarinnar, hvort hún vill eiga það á hættu, að málið ónýtist, eða hún vill samþykkja það eins og það er, því að henni gefst kostur á, að greiða atkvæði um orðið »fullveðja«, eptir breytingartillögu hins háttvirta minni hluta.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg vildi að eins gjöra þá stuttu athugasemd, að það er engin hætta á því, að málið gangi ekki fram. Það eru enn eptir 3—4 dagar af þingtímanum, og það er nóg til þess, að málið geti komizt til efri deildar aptur og svo í sameinað þing.

Því víkur eitthvað einkennilega við, að setja hjer 22 ár sem takmark, þegar það ákvæði er borið saman við 3. gr. laga 26. maí 1863. Frá 22 ára aldri til fullveðja aldurs mundu lausamenn getað flekað margan þann ópekktan mann á því, að nota sjer það, að samningar ófullveðja manna eru ekki gildir að lögum.

Þórarinn Böðvarsson: Mjer virðist eigi vert, að eiga það á hættu, að málið flækist milli deilda og kannske falli. Því að frumv. er svo gott nú, að það væri skaði, ef það týndist nú. Ef efri deild samþykkir ekki breytingar þær, sem hjer yrðu gerðar, þá fellur málið, því að nú er naumast tími til, að fjalla um það í sameinuðu þingi.

Þetta ákvæði um að 22 ára gamlir menn megi ráða sjer sjálfir, er öldungis ekki nýtt eða óheyrt, því að kunnugt er það, að 20 ára gamlir mega menn gipta sig og byrja búskap, og er þar þó meira í húfi en þar sem um lausamennsku er að ræða.

Jeg get því eigi greitt atkvæði með breytingartill. þessari, og ræð h. deild, að samþykkja málið eins og það er nú.

Þorlákur Guðmundsson: H. 1. þm. Rangv. (Þórð. G.) talaði um ósamkvæmni í því, að menn mættu ráða kaupi sínu 22 ára gamlir, en ekki arfi eða öðrum eignum. Það fæ jeg ekki sjeð, að sje í neinni ósamkvæmni við venjuna, því að jeg veit ekki betur en hver maður megi vista sig, úr því hann er 16 ára gamall, og þá jafnframt verja kaupi sínu eptir vild sinni óátalið af öllum. Fjárráðamenn skipta sjer vanalega aldrei af því, hvern veg skjólstæðingar þeirra verja kaupi sínu.

Viðvíkjandi því, sem h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að nógur tími væri til, að málið kæmi í sameinað þing, þá skal jeg geta þess, að mjer þykir það mjög hæpið og þykir ekki ráðlegt, að eiga það á hættu. Mjer þykir mikil rjettarbót að frumv. eins og það er, og mun því greiða atkvæði mitt með því óbreyttu.

Einar Jónsson: Það er sjálfsagt að taka til greina ósamkvæmni þá, er h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) benti á, milli þessa ákvæðis og 3. gr. í núgildandi lögum. Þar stendur, að þeim og þeim sje heimilt að taka leyfisbrjef til lausamennsku, þótt »ekki sjeu þeir fullra 25 ára«, og yrði það fremur óheppilegt ákvæði, ef öllum yrði heimilað það 22 ára. En það er þó ekki víst, að það þurfi að vera veruleg ósamkvæmni í reyndinni.

Jeg skal í þessu sambandi benda á, að í stjórnarfrumv. var 20 ára aldur tiltekinn, en þó ekki farið fram á, að breyta 3. gr., og er þá annaðhvort, að stjórnin er ekki vandvirkari en þingið í þessu efni, eða henni hefir eigi þótt vera nein ósamkvæmni í þessu. Jeg get hugsað mjer, að hún hafi þótzt geta sýnt með lögskýring, að hjer væri engin ósamkvæmni, og mætti skýra það þannig, að þar sem í 3. gr. stendur: »þótt ekki sjeu þeir fullra 25 ára«, þá

sje það ekki útilokandi ákvörðun og þar sem 22 ár er lægra aldurstakmark, þá þurfi það ekki að koma í bága við hitt, þar eð sá, sem er 22 ára, er auðvitað ekki »fullra 25 ára«. Annars mega lögfræðingarnir vita það betur en jeg.

Klemens Jónsson: Jeg ímynda mjer að flestir h. þingm. hafi komið til þings í ár með þeim ásetningi, að lagfæra þessi lausamannalög, og losa eitthvað um þau óeðlilegu bönd, sem hvíla á meginhluta þjóðarinnar. Og þegar nefnd var sett í málið hjer í deildinni, þá munu flestir hafa gert sjer góðar vonir um, að henni mundi takast að koma fram með tillögur í því efni, sem til bóta væru, og sem um leið gæti náð hylli deildarinnar. En svo fór sem kunnugt er, að mikill hluti þingdeildarinnar var sáróánægður með afdrif þau, sem málið fjekk hjer í deildinni, og þótti helzt til lítil rjettarbót að því. Síðan fór það til h. efri deildar, og hún hefir lagfært það mikið, svo frumv. er mun aðgengilegra nú en áður, sökum þessa miðlunarvegs, sem hún hefir farið; því mjer er það persónulega kunnugt, að till. nefndar þeirrar, sem þar var sett í málið, voru nokkurs konar miðlunartillögur. Henni var kunnugt um, að mjög margir vildu halda því aldurstakmarki, 20 árum, sem var í stjórnarfrumv., en að hins vegar var líka mikill hluti með því að hafa það hærra, nefnilega 25 ár, eins og ofan á varð. Fyrir því kom hún með þá miðlunartill., að láta 22 ára aldur vera takmarkið. Enn var henni kunnugt um, að sumum hjer þótti gjaldið of lágt, og gerði því enn til miðlunar að hækka gjaldið upp í 15 kr. fyrir karlmenn, en lækkaði aldurstakmarkið eins og jeg þegar hefi sagt. Og einmitt vegna þeirrar breytingar er það nú miklu aðgengilegra, að minnsta kosti fyrir mig, því jeg legg mikla áherzlu á, að aldurstakmarkið sje sem lægst, meðan vistarskyldan er ekki alveg afnumin.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) sagði, að 22 ára ákvæðið hefði við ekkert að styðjast. Það er ekki rjett. Það mun mega leiða rök að því, að orðið fullveðja var sett af því, að talið var líklegt, að einmitt á þessu þingi mundi koma fram frumv. um að binda fullveðja aldur við sömu eða líka áratölu sem hjer er farið fram á.

H. sami þm. tók það fram, að nægur tími væri fyrir málið að komast aptur upp í efri deild. Það er rjett, en það gæti eigi komið í sameinað þing. Ef menn ætla að láta það veslast upp á hrakningi milli deildanna, þá held jeg það hefði verið nær, að fella það strax.

Jeg vona því, að h. deild samþykki frumv. eins og það kóm frá efri deild, í þeirri sannfæring, að það sje þó nokkur rjettarbót að því, eins og það er nú, þótt ekki sje hún svo mikil, sem vænta mátti, og að þess verði langt að bíða, að vistarskyldan verði alveg afnumin.

Guðlaugur Guðmundssou: Jeg ætla mjer ekki að fara að taka það upp aptur, sem jeg hef áður tekið fram um þetta mál, en að eins snúa mjer að því eins og það nú liggur fyrir. Jeg get ekki sjeð það, að h. efri deild hafi á nokkurn hátt lagfært þetta frumvarp frá mínu sjónarmiði, heldur hefir fært það úr lagi og gert mun óaðgengilegra en það var, þegar það komst í hennar hendur, og var það þó þá öldungis óaðgengilegt fyrir mig.

H. þm. Eyf. (Kl. J.) tók það fram, að þetta væri tilraun frá hálfu h. efri deildar til þess að miðla málum, en þar sem um »princip«-atriði er að ræða, eins og hjer, þá getur engin miðlun komizt að. Það, að binda þetta við 22 ára aldurinn, hefir við engin rök að styðjast. Á þeim aldri verður enginn mynd-

ugur, og það eru engar líkur til, að það aldurstakmark verði nokkur tíma sett sem fullveðja aldur. 20 ára aldurinn var myndugsaldur eptir okkar fornu lögum; 21 árs aldur er það eptir norskum og sænskum lögum, og hjer á þingi hefir áður verið farið fram á, að gera þann aldur að fullveðja aldri. En við 22 ára aldur er ekkert miðað.

Það var að eins eitt, sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hefði getað tekið fram um þenna aldur, og það er það, að þegar menn eru orðnir 22 ára, þá geta menn eptir núgildandi lögum fengið fyrst leyfisbrjef til að vera myndugir, en þó svo sje, þá getur það ekkert snert þetta mál.

Það hefir verið tekið fram, að þetta sje svo mikil rjettarbót, að það væri samvizkusök að tella það, en jeg skal geta þess, að þetta ástand, sem nú er, er svo lengi búið að standa, að menn mundi sætta sig við það, þó enn dragist um 2 ára tíma að samþykkja slík lög sem þessi eru. Þetta er stórmál og meðferð þingsins á því ætti að verða þjóðinni kunnug áður en það er leitt til lykta, og þó það dragist til næsta þings, álít jeg engan skaða skeðan, hvorki málinu nje þjóðinni.

ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 1. gr. felld með 13 : 7 atkv. Frumv. samþ. með 22 atkv., og afgr. til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um gæzlu og viðhald á brúm yfir Ölvesá og Þjórsá (C. 560); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. í einu hlj. og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumv. til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði (C. 597, 617); ein umr.

Björn Bjarnarsson: Það ætlar að verða hlutverk mitt að taka enn þá einu sinni til máls í þessu máli. Síðan jeg talaði í því síðast hefir það gengið gegnum atkvæðagreiðslu í báðum deildum, og verið samþykkt í þeim báðum með 27 atkvæðum alls, og með því er skýrt yfirlýstur sá vilji þingsins, að veita þessu hreppsfjelagi bæjarrjettindi. Frá þeirri hlið og ef borið er saman við vilja manna í hjeraði því, sem þessara rjettinda á að verða aðnjótandi, virðist nú ekkert því til fyrirstöðu, að mál þetta nái fram að ganga. En það er eitt aukaatriði í því, þar sem ekki hefir enn komið fram eins eindreginn vilji þingsins, og það er um laun bæjarfógetans, sem þar á að verða. Eins og h. þingm. er kunnugt, þá var fellt hjer frumv., sem fór fram á að veita sýslumanninum í Norður-Múlasýslu 500 kr. launaviðbót fyrir það að taka að sjer bæjarfógetastörf á Seyðisfirði, en h. efri deild hefir tekið það upp í frumv. sjálft og ákveðið launin 300 kr. Þessi launaviðbót hefir þannig verið lækkuð að mun frá því sem fyrst var farið fram á, og væri það sjálfsögð afleiðing af því, að Seyðisfjörður fengi kaupstaðarrjettindi, að laun sýslumannsins í Norður-Múlasýslu yrði að hækka, þá væri þetta miklu aðgengilegra en hitt var, því þó ekki sje það nema 200 kr á ári, sem sparast, þá getur það dregið sig saman, þegar fram líða stundir; eptir nokkur ár skiptir það þúsundum. En jeg álít enga þörf á að bæta við laun þessa sýslumanns, þó frumv. þetta yrði að lögum. Mjer hefir eigi verið bent með einu orði á það, að störf hans aukist að svo miklum mun við það, að lög þessi komi til framkvæmda. Þessi sýslumaður er búsettur maður á staðnum; hann er einn af þeim, sem óskar eptir, að Seyðisfjörður fái bæjarrjettindi, og get jeg því ímyndað mjer, að hann vilji vinna það til, að fá bæjarrjettindin, að hann bæti fúslega á sig bæjarfógetastörfunum án sjerstakrar launa-

viðbótar fyrir það. Það er og aðgætandi, að þetta sýslumannsembætti er mjög vel launað, það er af 2. flokki og er lauuað með 3000 kr. Auk þess fylgja embætti þessu miklar aukatekjur, einkum mikil tollinnheimtulaun, svo jeg geri ráð fyrir, að embætti þetta gefi af sjer að öllu samantöldu um 4000 kr. Jeg hef að eins haft tækifæri til að kynna mjer yfirlit yfir tekjur sýslumannsins í Norður-Múlasýslu á árinu 1890—91 og hefir hann þá haft í innheimtulaun af:

	1890	1891
útflutningsgjaldi af fiski og lýsi	88,00	120,00
aðflutningsgjaldi af áfengum drykkjum. . . .	250,00	268,00
aðflutningsgjaldi af tóbaki	92,00	131,00
aðflutningsgjaldi af kaffi og sykri.	180,00	280,00
eða samtals . . .	610,00	799,00

Síðan hefir byggðin þar og mannfjöldinn sjálfsagt aukizt mikið og verzlunin með, svo jeg ímynda mjer að aukatekjur þessar hafi einnig aukizt máske allt að því um helming. Þetta þykir mjer benda á, að embættið hafi sæmilegar tekjur, svo ekki sje ástæða til þess með nýjum launalögum að bæta við þennan sýslumann, þó hann taki að sjer þenna bæjarfógetastarfa. Þess vegna hefi jeg og annar h. þm. komið með þá breyt.-till., að fella burt úr 1. gr. ákvæðin um 300 kr. laun handa bæjarfógeta á Seyðisfirði, og í annan stað að bætt sje við síðustu gr., að það sje komið undir samþykki sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, hvort bæjarstjórnarlögin komi til framkvæmdar nú þegar eða eigi fyrri en við næstu sýslumannaskipti.

Jeg skal enn fremur geta þess, að mjer hefir í privat-samræðu verið skýrt frá því af kunnugum manni, þingmanni þar austan að, að eigi þyrfti að efast um það, að hlutaðeigandi embættismaður mundi vinna það til, að Seyðisfjörður fengi bæjarrjettindi, að taka að sjer fógetastörfin án sjerstakra launa.

Mjer finnst að vjer þingm., sem þjóðin hefir borið það traust til, að velja oss fyrir fulltrúa sína og ráðsmenn landssjóðsins, ættum ávallt að vera á varðbergi til að gæta þess, að rjetti hennar og hag þessa sjóðs sje ekki hallað, og það er siðferðisleg skylda vor, að gera þetta svo mikið sem oss er mögulegt. Jeg verð að lýsa því yfir, að mjer fellur mjög illa að sjá þá stefnu í fjármálum, sem nú virðist ríkja hjá þinginu. Það er ekki verið spara fjeð þegar veita á einstökum mönnum styrk, en þegar ræða er um að styrkja einhverja atvinnuvegi landsins, einkum landbúnaðinn, þá kemur sparnaðurinn fram á sínu hæsta stigi. Jeg skal svo ekki þreyta þolinmæði þingd. á lengri ræðu að þessu sinni.

Klemens Jónsson: Jeg ætlaði ekki að tala í þessu máli, en það voru nokkur orð í ræðu h. þm. Borgf. (B. B.), sem jeg hjó eptir og sem sýndu, að hann hafði ekki kynnt sjer málð eins vel og æskilegt væri, sem hefir knúð mig til að taka til máls.

Hann tók það fram, að þó sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu yrði bæjarfógeti á Seyðisfirði, þyrfti hann enga launaviðbót, því að hann mundi ekki hafa neitt meira að gera fyrir það. Eptir þessum orðum að dæma virðist það svo, að þingm. hafi ekki einu sinni lesið frumv. Veit hann ekki, að sýslumaður, sem búandi maður í Seyðisfjarðarhrepp, er alls eigi skyldur til þess að taka nokkurn þátt í sveitarstjórn, svo sem að vera í hreppsnefndinni fremur en hver annar maður, og að honum einmitt sökum hans miklu anna mundi verða hlíft við því, enda heldur ekki rjett að kjósa hann til þess, þar sem hann í mörgum greinum á að hafa eptirlit með hreppsnefndunum, en ef hann

verður bæjarfógeti, þá er hann samkvæmt embættisstöðu sinni oddviti í öllum málum bæjarins. Hann er oddviti í bæjarstjórninni, sem vanalega heldur fundi 14. hvern dag; hann er formaður í byggingarnefnd, hafnarnefnd, heilbrigðisnefnd. Heldur þingm., að störf sýslumannsins aukist ekkert við þetta? Auk þess hvíla á honum sem oddvita ýmisleg önnur störf, svo sem að annast um útmæling lóða, sem einmitt mun fyrst í stað veita þeim sýslumanni, sem þar er nú, ærinn starfa, og sjá um, að lóðabókin sje rjett og reglulega færð. Hann hefir umsjón með innheimtu gjalda. Hann verður að gera útdrátt úr reikning bæjargjaldkera, sem svo á að prentast. Hann er áður meðlimur sveitarfjelagsins, eins og hver annar maður, en nú ber hann ábyrgð fyrir öllum málum bæjarins, smáum og stórum, og á sem oddviti að sjá um framkvæmd á þeim. H. þm. Borgf. (B. B.) ætti að þekkja svo sveitarnefndastörfin, að hann vissi, hve eptirsóknarvert það er, að vera oddviti eða gjaldkeri, og þá ætti hann að renna grun í, hvað einn bæjarfógeti hefir að gera.

Úr því jeg er staðinn upp, þá ætla jeg að minnast lítið eitt á breyt.till. þeirra 2. þm., h. þm. Borgf. (B. B.) og h. 2. þm. Árnes. (B. M.). Það virðist hafa vakað fyrir þeim, að það væri eigi svo mikið á móti því, að Seyðisfjörður fengi bæjarstjórn, en að eigi væri til að tala um að láta landssjóð borga neitt til þess. Jeg hefi nú sýnt fram á það, að störf þessa sýslumanns aukast mjög við þetta, og það svo, að þótt mikil verzlunarviðskipti sjeu þar, og þau bæti það við tekjur sýslumannsins, að þær verði nærri 4000 kr., þá er jeg í miklum efa um það, að duglegur og nýtur maður fáist í embætti þetta, ef launin væru eigi líka hækkuð. Jeg er viss um, að flestir vildu vinna það til, að hafa dálítið launaminna embætti en þetta, og miklu hægra, því þess ber að gæta, að með tolltekjunum fylgir ákaflega mikil peningaábyrgð.

Þegar Akureyri og Ísafjörður fengu bæjarrjettindi, þá fundu menn það rjettilega, að störf hlutaðeigandi sýslumanna mundu aukast að mun, og því var þeim ákveðin 200 ríkisdala árleg þóknun fyrir það að hafa slíkt á hendi, en nú hefir verið felld 500 kr. þóknun, til þessa sýslumanns, en það hefir verið tekið upp aptur í efri deild, en þar ákveðið að eins 300 kr., og það er það allra minnsta, sem hægt er að bjóða. Það ætti því annaðhvort alveg að neita þeim um bæjarrjettindin eða þá veita þeim þau með sömu rjettindum og öðrum stöðum.

Síðari breyt.till. þessara sömu h. þm. er svo hjákátleg, að jeg hef aldrei sjeð annað eins, því eins og greinin verður orðuð, ef breyt.till. verður samþ., þá getur svo farið, að lögin komist ekki til framkvæmda fyr en einhvern tíma á næstu öld.

Þórarinn Böðvarsson: H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hefir tekið flest fram af því, sem þörf er á, til að andmæla ræðu h. þm. Borgf. (B. B.). Mig furðar að frv. þetta skuli mæta mótspyrnu nú, þar sem það hefir verið samþ. nálega í einu hljóði í báðum deildum. Eitt af því marga, sem h. þm. (B. B.) sagði, var, að rjettur landssjóðs væri fyrir borð borinn, ef bæjarfógetanum á Seyðisfirði yrðu veitt sjerstök laun fyrir bæjarfógetastörf sín. Jeg skil ekki, hvað h. þm. (B. B.) meinar með þessu. Eins og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) tók fram, er hjer um það að ræða, að veita einum hinum helzta verzlunarstað landsins bæjarrjettindi, verzlunarstað, sem líklegur er til að ná einna mestum uppgangi af kaupstöðum hjer á landi. Hjer er um verzlunarstað að ræða, sem ekk

að eins þeir, er næstir búa, hafa not af, heldur fá þar og atvinnu margir hjeðan af Suðurlandi. Eins og kunnugt er flytja margir hjeðan þangað á vorum, eins og til innlendrar Ameríku, og leita þar atvinnu á sumrum, en hverfa heim aptur að hausti, opt með ágætt sumarkaup. Hjer er um tvennt að ræða: annaðhvort að veita bæjarrjettindi, eða veita þau ekki, en vilji menn veita þau, þá sýnist það liggja í augum uppi, að veita eigi bæjarfógetanum, sem sjálfsagt hefir meira að gera en bæjarfógeti á Akureyri og Ísafirði, þessa þóknun, sem hjer er farið fram á. H. þm. Borgf. (B. B.) komst út í það, að tala um stefnu í fjárlögunum, og þótti honum sú stefna vera ríkjandi þar, að veita einstökum mönnum fje, og sama stefna þótti honum koma hjer fram; en það er misskilningur; hjer er ekki um það að ræða, að veita neinum einstökum manni fje, heldur hitt, að veita fjárupphæð, sem nauðsynleg er til þess að Seyðisfjörður geti orðið bær.

H. þm. Borgf. (B. B.) talaði um, að tollheimta gæfi sýslumanninum á Seyðisfirði svo mikið í aðra hönd, að óþarfi væri að bæta launum við hann, þótt hann yrði bæjarfógeti; það er rjett; tollheimtan veitir sýslumanninum nokkurn tekjuauka, en hann þarf ekki að sækja þennan tekjuauka til vor; hann hefir hann þegar, samfara þeim störfum, er hann hefir nú, svo að hann fær fyrir það engan nýjan tekjuauka, þótt bæjarfógetastörfin bætist á hann.

Verði till. við síðustu gr. frumv. samþ., þá mundi síðasta gr. frumv. verða ein hin skrítnasta grein, er staðið hefir í niðurlagi laga; hún mundi hljóða þannig: Landsh. gerir ráðstöfun til að lög þessi geti öðlast fullt gildi 1. dag janúarmánaðar 1895, ef hinn núverandi sýslumaður í Norður-Múlasýslu vill taka að sjer bæjarfógetastörf á Seyðisfirði án launaviðbótar, ella við næstu sýslu mannaskipti þar. Þetta hefi jeg ekki sjeð í niðurlagi nokkurra laga. Jeg vona að h. deild, sem hefir sýnzt máli þessu hlynnt hingað til, lofi frumv. að ganga fram óbreyttu.

Bogi Melsted: Mjer finnst að þeir, sem talað hafa móti breyt.till. þeirri, sem jeg og h. þm. Borgf. (B. B.) höfum leyft okkur að koma, hafi ekki athugað, að sýslumaður sá, sem nú er í Norður-Múlasýslu, er ekki eptir henni skyldur að takast á hendur bæjarfógetastörf á Seyðisfirði, nema hann vilji. Það hefir verið tekið fram, að ef Seyðisfjörður yrði gerður að kaupstað, þá væri sanngjarnt að sýslumaðurinn þar fengi líka launaviðbót, eins og sýslumennirnir á Akureyri og Ísafirði fengu, þegar þeir bæir voru gerðir kaupstaðir, með því að störf hans mundu aukast allmikið við það, að verða að takast á hendur bæjarfógetastörf. Jeg veit það mjög vel, að störfin muni aukast fyrir sýslumanninum við það, að verða bæjarfógeti; en að jeg eigi að síður hef gerzt meðflytjandi breyt.till. þessarar, kemur til af því, að mjer virðist embættið mjög vel launað með 3000 kr. fyrir utan aukatekjurnar; jeg vil ekki bæta við laun þeirra sýslumanna, sem svo há laun hafa, því að þess gerist eigi þörf, enda hafa þeir, sem mælt hafa á móti breyt.till., ekki sýnt það, að laun bæjarfógetans mundu ekki nógu há, þótt eigi yrðu þau hærri en laun sýslumannsins í Norður-Múlasýslu eru nú, en það er þó þetta, sem þarf að sanna. Menn hafa einungis haldið því fram, að bæjarfógetinn tilvonandi ætti að fá hærri laun, af því að bæjarfógetarnir á Akureyri og Ísafirði hefðu þau hærri, en það getur vel verið, að laun þeirra sjeu hærri en þau þurfa að vera, og kæmi fram till. um það, að færð væru niður laun bæj-

arfógetanna á Ísafirði og á Akureyri, mundi jeg vera með því, einkum þó að því er snertir bæjarfógetann á Akureyri, því að sýsla hans er hægri en Ísafjarðarsýsla, en nú vill svo til, að þar er ungur maður í embætti, sem vonandi er, að eigi langan aldur fyrir hendi, og því ekki ástæða til að breyta því máli að svo stöddu.

Þess ber að gæta, að þótt laun sýslumanna á Akureyri og Ísafirði væru hækkuð, er þeir urðu bæjarfógetar, þá er þar óliku saman að jafna og þessu; þá var fjárveitingarvaldinu öðruvísi háttað en því er nú, og þá skiptu menn sjer lítið af því, þótt embættismenn fengju launaviðbætur; laun þeirra voru varla skoðuð sem landsins fje, því að þau voru sótt í ríkissjóð, og á þeim dögum var ekki erfitt fyrir hina æðri embættismenn landsins, sjerstaklega fyrir lögfræðinga, að fá launaviðbót. Það var þessi gamli vani, sem hafði skaðleg áhrif, er alþingi samdi fyrst launalögin, og stuðlaði að því, hve ójöfn launin voru sett.

Jeg hef verið einn af þeim, sem ekki hef haft nokkuð á móti því, að Seyðisfjörður fengi kaupstaðarrjettindi, en jeg hef á móti því, að laun sýslumannsins þar verði aukin fyrir það. Ef það hefði frá fyrstu fylgt frumv. um bæjarstjórn á Seyðisfirði, að laun sýslumannsins þar skyldu hækka við það, þá efast jeg um, að eins margir hefðu gefið frumv. atkvæði og gerðu. Síðari till. fer fram á, að lögin skuli koma til framkvæmda 1. jan. 1895, ef hinn núverandi sýslumaður í Norður-Múlasýslu vill taka að sjer bæjarfógetastörfin á Seyðisfirði án launaviðbótar, ella við næstu sýslumannaskipti þar. Hjer hefir verið tekið fram og hermt, eptir kunnugum þm., að sýslumaðurinn á Seyðisfirði muni ekki ófús á að bæta á sig bæjarfógetastörfunum án launaviðbótar, en vilji hann það ekki, þá koma lög þessi ekki til framkvæmda fyr en við næstu sýslumannaskipti, og það hefir jafnvel heyrzt, að bráðum muni von á sýslumannaskiptum í sýslu þessari, svo engin vandræði ættu að geta hlotizt af þessu ákvæði. Að enginn nýtur maður muni fást í þetta embætti, ef launin verði eigi hækkuð, því þarf ekki að svara, því að það er fjarstæða ein.

Einar Jónsson: Það hafa ekki komið fram aðrar efnisbreytingar á frumv. þessu frá því það var síðast hjer í deild, en að inn í það hefir verið bætt ákvæði um laun handa bæjarfógeta á Seyðisfirði, enda er nú ekki rætt um annað en laun þessi. Jeg verð að álíta það sanngjarnt, að sýslumaður sá, er tekur að sjer starfa þennan, fái nokkur laun fyrir hann, meðan það er álitið rjett, að aðrir sýslumenn, sem bæjarfógetastörfum gegna, fái sjerstök laun fyrir þau, því að það er víst, að eigi munu bæjarfógetastörf verða minni á Seyðisfirði en á Akureyri eða Ísafirði. Þeir sem þetta játa, hljóta og að viðurkenna, að hjer sje farið fram á næsta hófleg laun handa bæjarfógetanum.

Það má segja, að tollheimtugjald sýslumannsins á Seyðisfirði sje mikið, en þess er að geta, að hann fær ekki þá viðbót við laun sín fyrir ekkert; hann ber ábyrgð á öllum tollgjöldunum, hefir mikið fyrir að innheimta þau, og verður að setja veð fyrir skilvísri greiðslu þeirra. Allt þetta hefir ómak og erfiðleika í för með sjer, og er miklu rjettara að skoða hundraðsgjald það, sem sýslumaður fær fyrir tollheimtuna, sem borgun fyrir það starf en sem launaviðbót. En af því að tollar munu vera meiri á Seyðisfirði en á Akureyri og Ísafirði, þá virðist þó ekki ósanngjarnt, að taka dálítið tillit til þess, enda eru laun bæjarfógetans á

Seyðisfirði ákveðin að eins 300 kr. í frumv. Þegar hjer í deild var áður rætt um laun bæjarfógeta á Seyðisfirði, þá kom engin breyt.till. fram um að hafa þau lægri en 500 kr., svo að af þeirri atkvæðagreiðslu, sem þá fór fram, var ekki hægt að sjá, hvort h. deild var alveg á móti því, að sýslumaðurinn á Seyðisfirði fengi nokkra viðbót, eða hún var að eins á móti því, að hann fengi hana svona mikla, nfl. 500 kr., en nú gefst henni kostur á að greiða atkvæði um, hvort hún vill veita honum 300 kr. eða ekkert. Ef það er álitið, að sýslumenn sjeu almennt of hátt launaðir, þá er jeg á því, að svo sje í samanburði við marga aðra embættismenn, en hví skyldi byrja á því að lækka laun þessa eina sýslumanns, úr því ekki er gjörð breyting á sýslumannalaununum í heild sinni?

Því verður ekki neitað, að síðari breyt.till. á þingskj. 539 er ekki heppilega orðuð, en varla mun þó ástæða að segja að síðasta grein frumv. verði óskiljanleg, þótt hún komist að. Að öðru leyti hefir h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), talað svo greinilega um breyt.till., að jeg þarf ekki að bæta við það.

Að sjálfsögðu á h. deild kost á að breyta frumv., en þó vildi jeg óska að hún samþykkti það óbreytt, því að öðrum kosti er tvísýnt að það komist út úr þinginu að þessu sinni; en af því að það hefir verið samþykkt með miklum atkvæðafjölda í báðum deildum, þá væri það all-leitt, að breytingar á því nú yrðu því að fótakefli.

Jeg get ekki stillt mig um að fara að lokum nokkrum orðum um málið sjálft, af því mótmæli voru hafin gegn því hjer við fyrri umræður, og skal jeg minnast lítið eitt á Seyðisfjörð sem kaupstað.

Það hefir verið tekið fram, að Seyðisfjörður mundi smátt og smátt veslast upp, og Reiðarfjörður draga að sjer verzlunina þaðan. Þessu mótmæli jeg enn, því að þótt svo fari, að Reiðarfjörður blómgist og dragi að sjer nokkra verzlun, þá mun Seyðisfjörður eigi að síður alla jafnan halda mikilli verzlun. Ef vagnvegur verður lagður um Fagradal, þá má að vísu búast við því, að meira eða minna af verzlun af Upphjeraðinu dragist til Reiðartjarðar, en Úthjeraðið mun halda áfram að reka verzlun á Seyðisfirði jafnt eptir sem áður; það mun og eiga langt í land, að nokkur höfuðverzlunarstaður verði á Búðareyri; fyrst og fremst er ekki víst, hvenær vagnvegurinn verður lagður um Fagradal, og í öðru lagi eru tvær stórar verzlanir á Eskifirði, sem ólíklegt er að leggist niður í bráð.

Þess hefir verið getið til, að stór verzlunarstaður mundi rísa upp við Lagarfljótsós, ef sigling hefst um hann, en varla mun þurfa að gjöra ráð fyrir að þar hefjist verzlun öðruvísi en svo, að hún standi í sambandi við einhvern annan verzlunarstað, og sá verzlunarstaður mundi eflaust verða sá sem næstur er, nefnilega Seyðisfjörður; það þarf ekki að gjöra ráð fyrir því, að hvert skip muni geta siglt um Lagarfljótsós, nje að siglingar geti orðið þar á öllum tíma árs, heldur að eins framan af sumrum, og verður verzlun þar því að styðjast við næsta kaupstað Firðirnir sem næstir eru Seyðisfjarðarkaupstað hljóta og að halda áfram að sækja verzlun þangað, bæði Borgarfjörður, Loðmundarfjörður, Mjóifjörður og máske Norðfjörður og Seyðisfjörður sjálfur, og eins og jeg gat um áðan, munu og Úthjeraðsmenn halda áfram að verzla á Seyðisfirði. Það getur því ekki verið, að hann veslist upp, á meðan svipaður kraptur er í sveitum þessum og nú er; en miklu meiri líkindi eru til, að velmegun þeirra muni auk-

ast en þverra, þegar þess er gætt, hve miklum framförum fiskiveiðar hafa tekið þar að undanförnu, einkum á Mjóafirði, og líkindi eru til að þær eflist þó enn að miklum mun.

Jeg skal geta þess, að árið 1853, þegar verið var að ræða um höfuðverzlunarstað á Austurlandi, þá varð Eskifjörður fyrir því, en ekki Seyðisfjörður. Þá var honum fundið hið sama til foráttu og nú, að hann mundi ekki geta eflzt. En nú er komin 40 ára reynsla síðan á, að hann hefir þróazt stórum, en Eskifjörður aptur á móti ekki nándarnærri eins. Það er því undarlegt, að nú skuli hinar sömu mótbárur vera bornar fram gegn Seyðisfirði og þá, þrátt fyrir þessa 40 ára reynslu, er menn hafa nú fyrir sjer.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið, en óska þess, að h. deild samþykki frumv. óbreytt.

Björn Bjarnarson: Það er ekki nýtt á alþingi Íslendinga, að einstöku embættismenn spretti eins og fjöður upp úr sæti sínu rjett eins og hnífur væri rekinn í brjóstið á þeim, ef reynt er að stemma stigu fyrir hinni óþolandi bitlingasótt, er geisar utan þings og innan. Það hefir að eins verið gjörð lítil tilraun til þess nú, með breyt.till. þeirri, er hjer liggur fyrir, að hepta fár þetta, að eins í einni örlítilli grein, og þó hefir þessi litla tilraun orðið til þess að þrír h. þingd.m. hafa risið upp og runnið í kjölfarið hver eptir annan, til þess að mæla þessu óskabarni sínu bót. Jeg ætla ekki að nýju að taka upp ástæður mínar fyrir breyt.till., því að þótt h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) væri að reyna að hrekja þær, þá fórst honum það ekki svo höndulega, að líkindi sjeu til, að hann hafi getað sannfært nokkurn um órjettmæti þeirra.

Jeg tók það fram í fyrri ræðu minni, að ekki mundu störf sýslumannsins í Norður-Múlasýslu aukast mikið, þótt hann tækist á hendur bæjarfógetastörf á Seyðisfirði, því að jeg áleit að þau væru lítil í samanburði við öll þau störf, er hann hefði fyrir sem sýslumaður. Mjer er það kunnugt, að störf sýslumannsins mundu aukast dálítið, en svo mikið yrði það ekki, að laun hans þyrfti að auka fyrir það. Það er áreiðanlegt, að fullhæfur maður mundi fást í embættið, með þeim tekjum, sem það nú hefir.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) fann ástæðu til að útausa sinni Akureyrar-bæjarfógeta speki, til þess að sýna, hve ákaflega mikið bæjarfógetar hafi að gjöra; en svo er fyrir að þakka, að menn hafa nokkra hugmynd um það. (*Kl. J.*: Það lítur út fyrir, að h. þm. Borgf. hafi enga hugmynd um það). Jú, hann hefir töluverða hugmynd um það, og auk þess er það alls ekki víst, að bæjarfógeti í hinum nýstofnaða kaupstað Seyðisfirði hefði eins mikið að gjöra eins og þessi ósköp, sem bæjarfógetinn á Akureyri hefir. H. þm. Eyf. (Kl. J.) gjörði mikið úr því, hve hjákátlega síðasta grein frumv. yrði orðuð, ef breyt.till. kæmist að, en þetta mætti miklu fremur segja um frumv. greinina eins og hún nú er, og jeg sje ekki betur en að breyt.till sje í fullu samræmi við hana. Það er í henni farið fram á, að lögin komi því að eins til framkvæmda 1. jan. 1895, að sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu vilji taka að sjer bæjarfógetastörfin án launaviðbótar, ella öðlist þau ekki gildi fyr en við næstu sýslumannaskipti. Jeg sje engan slíkan voða samfara þessum ákvæðum, sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), og mjer finnst það heldur lítilmannlegt fyrir önnur eins stórmenni, slíkar politiskar stærðir, eins og h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) og h. varaforseti (Þ. B.), að vera að gjöra sig mikla af því, að hár-

toga orðalag breyt.till., og slá sjer til riddara á henni. Jeg ætla að ýms þau frumv. hafi gengið fram hjer í deild, sem ekki hafa verið minni vansmíði á en munu verða á þessu frumv., þótt breyt.till. verði samþykktar. Það fór ekki betur á því að samþykkja með 18 atkv. ákvæði í frumv. þessu, er vitna í opið brjef um byggingarnefnd á Seyðisfirði frá 6. jan. 1857, eða 36 árum áður en hann hafði fengið kaupstaðarrjettindi! Jeg skal lýsa því yfir að þótt einhverjum kynni að detta í hug, að segja um mig og aðra er spara vilja, eins og fyr hefur sagt verið, að við sýnum nápínuskap, nánasarskap og smásálarskap með sparnaði okkar, þá er jeg ekki svo orðsjúkur, að jeg þoli það ekki vel. Að endingu vona jeg að allir h. þm., er vilja koma alþýðlega fram, samþykki breyt.till. þessa, er ekki fer fram á annað en það sem er sjálfsagður sparnaður fyrir landssjóð.

Sigurður Gunnarsson: Það er ekki nýtt, að heyra h. þm. Borgf. (B. B.) brigzla þingm. um bitlingasýki. Jeg skal lýsa því yfir, að jeg tek mjer nú ekki þess konar nærri, og jeg vona, að allir aðrir h. þingm. sjái, að slíkt er ekki á rökum byggt.

Að öðru leyti vil jeg minna h. þingdeild á, að hún hefur nýlega samþykkt lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði, og það er ljóst, að hún hefur um leið viðurkennt, að rjett væri, að láta að óskum Seyðfirðinga í þessu efni, af því að þörfin sje til staðar. Þess vegna væri það mótsögn, ef h. þingdeild færi nú að ganga inn á nokkra þá breyt.till., sem gæti orðið því til fyrirstöðu, að lög þessi kæmust til framkvæmdar sem fyrst.

Hvað snertir viðbótina við störf hins núverandi sýslumanns, þá hefur h. 1. þingm. Eyf. (Kl. J.) tekið það ljóslega fram, í hverju slík störf eru fólgin, og jeg hef ekki heyrt h. þm. (Borgf. (B. B.) hrekja neitt af því, nema ef vera skyldi, að hann þættist hafa hrakið mál h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) með þessu einkennilega orði: »Akureyrar bæjarfógeta speki«. En þar við er þó athugavert, að þessi »Akureyrar bæjarfógeta speki«, er hann kallaði svo, færði skýr rök fyrir máli sínu, en h. þm. Borgf. (B. B.) engin.

Jeg veit að h. þingd. mun ekki vilja gjöra sig seka í þessari mótsögn, að samþykkja nokkuð það, sem gjörir þau lög, er hún nýlega hefur samþykkt, ómöguleg. Það er rangt, að byggja á lausafrjettum, svo sem því, að h. núverandi sýslumaður væri þegar hver vildi á burtu þaðan. Það er ekki sæmandi, að búa sjer rök úr lausum spádómum.

Jens Pálsson: Það hefur lauslega verið tekið fram, að ef frumv. þetta yrði að lögum, þá mundi það hafa í för með sjer ný störf fyrir hinn núverandi sýslumann á Seyðisfirði. En það hefur ekki verið sýnt fram á, að þótt hinn núverandi sýslumaður tæki að sjer bæjarfógeta-störf, að störf hans yrðu þá of vaxin einum manni. Jeg verð að ganga út frá því, að svo sje ekki.

Þá kemur spursmálið um, hvort rjett sje að bæta nýjum störfum á embættismann, sem er í þjónustu landsins og hátt launaður úr landssjóði, án þess að bætt sje við laun hans. Ef það er leyfilegt, þá sje jeg ekkert á móti, að bæta við störf þessa embættismanns, án þess að bæta við laun hans, og það því fremur, sem laun hans eru rífleg. Vjer þurfum því síður að hlífa vorum sýslumönnum við starfsauka, þegar svo ber undir, sem þeir eins og aðrir júridiskir embættamenn eru tiltölulega hærra launaðir en aðrir embættismenn á landinu, og hvað þetta embætti snertir,

er það skoðun mín, að launin sjeu mjög rífleg, þegar og er tekið tillit til aukatekjanna.

Jeg skal játa, að mjer er það ekki full-ljóst, hvort sá núverandi sýslumaður á Seyðisfirði sje lögskyldur að taka við bæjarfógeta-störfunum eða embættinu án launa-auka, en finnst að hann ætti að vera skyldugur til þess.

Frá sanngirninnar sjónarmiði gæti það að vísu álitizt nokkuð hart, þar sem venjan mun vera á móti þeirri aðferð, en þegar gengið er út frá, að hjer er um embættismann að ræða, sem er mjög vel launaður starfsmaður landsins, þá liggur nær að ætla, að hann eigi að verja tíma sínum í þjónustu embættisins og beri að sætta sig við breyting þessa.

Sje þess vegna lagarjettur til þess, að bæta bæjarfógeta-störfunum á sýslumanninn án sjerstaks endurgjalds, þá verð jeg að álíta það æskilegast, að 1. liður verði samþykktur; en 2. liður álít jeg að eigi að falla burt, með því að hans þarf ekki við, og hann er illa orðaður.

Framsögumaður (*Einar Jónsson*): H. þm. Dal. (J. P.), sem nú settist niður, kvartaði yfir því, að ekki hefði komið úrlausn á því, hvort það væri leyfilegt að bæta störfum á embættismann ríkisins án sjerstakrar þóknunar fyrir það. En h. þm. Dal. (J. P.) verður að gæta að því, að hjer um nýtt embætti að ræða, sem sjestök störf fylgja, og álít jeg það eigi þurfa skýringar við, að sjerstakt embætti verður ekki lagt á mann, sem þegar hefur fengið annað embætti með vissum skilyrðum, án þess að honum sje launað fyrir það. Þess vegna álít jeg það ómögulegt, að leggja bæjarfógeta-störf á þennan mann án þóknunar, nema því að eins, að hann samþykki það sjálfur.

Þess vegna hljóta báðar breytingartillögurnar að standa og falla hvor með annari.

Jens Pálsson: Mjer fullnægði ekki þessi skýring h. 2. þm. N.-Múl. (E. J.). Hann álítur að bæjarfógeta-embættið á Seyðisfirði yrði ekki sett upp á h. núverandi sýslumann án endurgjalds, af því, að það væri sjerstakt embætti, og að hann hefði fengið annað embætti án þess, að það væri gjört að skilyrði. En þá finnst mjer hann ekki heldur vera skyldugur til, að takast á hendur embætti þetta, þótt honum sjeu ákveðin laun fyrir, sem máske eru helmingi minni en hann vill hafa.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. á þingskj. 539 felld með 11 gegn 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Bjarnarson,	Einar Jónsson,
Bogi Melsted,	Klemens Jónsson,
Jens Pálsson,	B. Kristjánsson,
Jón Jakobsson,	G. Guðmundsson,
J. Jónss., þm. A.-S.,	H. Kr. Friðriksson,
J. Jónss. þm. Eyf.	J. Jónss., þm. N.Múl.
Ólafur Briem,	Jón Þórarinsson,
Sigfús Árnason,	Jón Þorkelsson,
Sighv. Árnason,	Sig. Gunnarsson,
Skúli Thoroddsen,	Þór. Böðvarsson,
Þ. Guðmundsson.	Þorl. Guðmundss.

2. breytingartill. þar með fallin.

Frumv. í heild sinni óbreytt samþ. með 14 samhljóða atkv., og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi*.

Tillaga til þingsályktunar um auknar póstgöngur á Snæfellsnesi (C. 560); ein umr.

Flutningsmaður (*Jón Þorkelsson*): Jeg ímynda mjer, að jeg þurfi ekki að tala mikið fyrir tillögu þessari. Jeg gat þess við 2. umræðu í fjárlögunum, að póstgöngur vantaði milli Búða og Ólafsvíkur, og er þó yfir 2 hreppa að fara.

Eins og jeg þá tók fram, kveður svo rammt að þessu, að Stjórnartíðindin berast ekki út í hreppana svo árum skiptir. Jeg skal um leið geta þess, að til póstmeistarans hefur komið áskorun einmitt um þetta sama frá póstafgreiðslumanninum á Rauðkollsstöðum (Þórði Þórðarsyni), þar sem hann getur þess, að póstganga þessi sje mjög nauðsynleg og muni ekki verða dýr, og mælir svo: »Jeg leyfi mjer að mæla fastlega fram með því, að tillaga þessi nái fram að ganga».

Sje jeg svo ekki að svo stöddu ástæðu til, að fara fleirum orðum um tillögu þessa, fyr en mótmæli koma fram, sem jeg ímynda mjer, að ekki verði.

ATKV.GR.: 1. liður samþ. með 13 samhlj. atkv.; 2. liður samþykktur með 15 samhlj. atkv.

Tillaga til þingsályktunar frá nefndinni til að rannsaka kærur út af embættisfærslu Lárusar K. Bjarnasons m. m. (C. 582); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.: *Forseti* stakk upp á einni umræðu og var það samþykkt.

Tillaga til þingsályktunar um göngu aukapóstsins milli Vesturlands og Staðar í Hrútafirði (C. 604); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.: Forseti stakk upp á einni umr. og var það samþ.

Tillaga til þingsályktunar um jöfnuð á aðal-póstferðunum yfir land allt (C. 605); hvernig ræða skuli.

ATKV.GR.: *Halldór Kr. Friðriksson* stakk upp á 2 umræðum, en það var fellt.

Forseti stakk þá upp á 1 umr. og var það samþykkt.

Tillaga til þingsályktunar um að setja nefnd til að semja ávarp til konungs (C. 560); ein umr.

Flutningsmaður (*Jón Þorkelsson*): Jeg skal geta þess, að vjer sem skrifað höfum undir þessa tillögu, höfum gjört það af því, að þegar líkt hefur staðið á og nú á þingi hjer, hefur það verið venja, að þingið sendi ávarp til konungs.

Nú munu verða send frá þinginu 2 stórmál fyrir utan stjórnarskrána, sem sje um afnám hæstarjettar sem æðsta dóms í íslenzkum málum, og um stofnun háskóla, sem enn þá er reyndar á leiðinni. Þar að auki er ástandinu hjer á landi að ýmsu leyti svo háttað, að ástæða gæti verið til þess að fara um það nokkrum orðum í ávarpi þessu. Það gæti líka verið spursmál um, hvort eigi ætti að fá hinni sömu nefnd vald til þess, að semja ávarp frá deildinni til allrar alþýðu á landi hjer.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið, og vona jeg að h. þingdeild fallist á tillögu þessa.

ATKV.GR.: Tillagan samþykkt með 13 samhlj. atkv., og 5 manna nefnd samþykkt með 13 samhlj. atkvæðum. Kosningu hlutu:

Jón Þorkelsson	með	12	atkv.
Sigurður Gunnarsson	—	10	—
Benidikt Sveinsson	—	9	—
Benidikt Kristjánsson	—	9	—
Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.	—	8	—

Fertugasti og sjötti fundur, miðvikudag 23. ágúst, kl. 12 á hádegi. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um vegi (C. 614, 620); ein umr.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Jeg vil einungis geta þess, að breytingar þær, sem h. efri deild hefir gert á frv. eru að eins tvær. Önnur breytingin

er sú, að gjald til sýsluvega og hreppavega hefir verið fært úr 1½ kr. niður í 1 kr. 25 a. Afleiðingin af þessari breytingu verður sú, að í allmörgum hjeruðum lækkar það fje, sem sveitarstjórnir hafa til umráða til vegabóta. Þetta þykir nefndinni engan veginn heppilegt; hún álítur að fje þetta þyrfti fremur að auka en minnka, með því víðast mun vera þörf á meiri endurbótum á sýsluvegum og hreppsvegum en fje hefir enzt til að undanförnu. Samt sem áður vill nefndin ekki leggja það til, að þessari niðurfærslu efri deildar verði nú breytt aptur hjer í deildinni, til þess að tefja ekki fyrir málinu.

Hin breytingin, sem h. efri deild hefir gert á frumv. nefndarinnar, er sú, að hver húsbóndi skuli greiða gjaldið til hreppsvega fyrir heimilismenn sína á vorhreppaskilaþingi, í stað þess, að neðri deild hafði ákveðið, að það skyldi greiða úr sveitarsjóði. Að því er þessa breytingu snertir, vill nefndin láta þess getið, að hún sjer enga ástæðu til að haga greiðslu hreppsvegagjalds á annan hátt en sýsluvegagjaldsins. Auk þess verður hún að álíta gjalddaga að vorinu óhentugri en að haustlagi, og innheimtu á sjerstöku gjaldi umsvifameiri heldur en í einu lagi, með sveitarútsvörum. Þó nefndin þannig geti ekki viðurkennt, að þessi breyting h. efri deildar sje til bóta, vill hún samt ekki gera neina till. í þessu efni, sem gæti tafið fyrir málinu, en leggur eindregið til, að frumv. verði samþ. eins og það nú er.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 22 samhlj. atkv. Sent landsh. *sem lög frá alþingi.*

Frumvarp til laga um eptirlaun (C. 612, 620); ein umr.

Framsögumaður (*Ólafur Briem*): Að því er snertir frumv. þetta, skal jeg taka það fram, að af breytingum þeim, sem þessi deild gerði á því, eins og það kom upphaflega frá h. efri deild, hefir h. efri deild nú fallizt á eina breytingu, þá, að hinn fasti hluti eptirlaunanna sje 1/5 af embættislaunum, í stað 1/4, sem h. efri deild hafði áður haldið fram. Efri deild hefir þar á móti ekki viljað samþ. 3 breyt. þessarar deildar. Þannig hefir hún ekki viljað fallast á, að embættismaður, sem slasast, þegar hann er að gegna embætti sínu, svo að hann verður að fá lausn frá embættinu, skuli fá helming launanna í eptirlaun í stað 2/3, nje heldur að biðlaun verði helmingur embættislauna í stað 2/3, þegar embætti hefir verið lagt niður. Loks hefir h. efri deild ekki viljað fallast á, að eptirlaun embættismanna-ekkna verði 1/10 í stað 1/8 af launum mannsins. En af því, að sú breyting, sem h. efri deild hefir samþykkt, varðar mestu í þessu máli, og hinar 3 breytingarnar hafa minni þýðingu, þá vill nefndin hjer í deildinni ekki tefja fyrir málinu, en leggur það til að það verði samþ. eins og það er nú.

ATKVÆÐAGR., Frumv. í heild sinni samþ. með 19 samhlj. atkv. Sent landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frumvarp til laga um að selja salt eptir vigt (C. 498); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. í einu hljóði. Sent landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumvarp til laga um viðauka við lög 12. júlí 1878, um lausafjártíund (C. 414); 3. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 20 samhljóða atkv. Sent landsh. sem *lög frá alþingi.*

Frumvarp til laga um löggilding verzl-

unarstaðar við Reykjatanga (C. 582); 2. umr.

ATKVÆÐAGR.: Frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv. Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Tillaga til þingsályktunar frá nefndinni til að rannsaka kærur út af embættisfærslu Lárusar K. Bjarnasons m. m. (C. 582, 634); ein umr.

Framsögumaður (*Sigurður Gunnarsson*): Vjer nefndarmenn, sem þessi h. þingd. kaus til að rannsaka kærur út af embættisfærslu Lárusar K. Bjarnasons m. m., höfum nú lokið starfi voru og rannsakað málið eptir því sem föng voru á, og í nefndaráliti því, sem nú liggur fyrir h. þingd., höfum vjer, að jeg hygg, tekið all-skýrt fram, að hverri niðurstöðu vjer höfum komizt, og á hverju vjer höfum byggt tillögu vora. Þykist jeg þess vegna ekki, að svo stöddu, þurfa að fjölyrða um málið sjálft. En jeg sje nú, að hjer eru fram komnar tvær breyt.till. við till. nefndarinnar frá h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.). Fyrir breyt.till. hans er aðaltill., en hin síðari varatill. Skal jeg nú leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breyt.till. þessar.

Eins og kunnugt er, hefir h. þm. V.-Skaptf. áður fundið hjá sjer köllun til að standa á verði til þess að gæta þess, að þingd. gerðist ekki of ráðrík gagnvart stjórninni, eða færi út yfir þau takmörk, sem hann ætlar henni vera sett. Þessi viðleitni h. þm. er sjálfsagt virðingarverð; en jeg álít, að honum hafi ekki með þessum breyt.till. tekizt að sigla fyrir það sker, sem hann hafði sjálfur búið sjer til, og varaði þingd. við að standa á, það sker, að blanda sjer inn í ákæru- og dómsvaldið. Af nefndarálitinu er aptur auðsjeð, að vjer höfum ekki viljað ráða stjórninni til að hefja, að svo stöddu, rannsókn gegu Lárusi K. Bjarnason af ástæðum, sem þar eru skýrt teknar fram. Sýnir þetta að nefndin ber fullt traust til dómstólanna og vill ekki blanda sjer í það, sem undir þá liggur. Jeg get heldur ekki sjeð, að með breyt.till. h. þm. V.-Skaptf. verði náð þeim tilgangi, sem nefndin vill ná, og sem hlýtur að vera hjer aðalatriðið, að bætt verði úr hinu almenna, óskyggilega ástandi, sem nú er í Ísafjarðarsýslu og -kaupstað út af embættisrekstri hins setta sýslumanns og bæjarfógeta þar. Verð jeg þess vegna fyrir nefndarinnar hönd, að vera alveg mótfallinn aðalbreyt.till. h. þm. og ráða h. þingd. algerlega frá að samþykkja hana.

Að því er snertir varatill. sama h. þm., þá vill nefndin ekki leggja neina sjerstaka áherzlu á hana. Hún fer ekki fram á neina efnisbreytingu, en miðar að eins til að gera form till. viðkunnanlegra og mýkra fyrir tilfinninguna. Nefndin hefir þess vegna ekkert á móti því, að þessi breyt.till. verði samþykkt.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þingsál.till., fyr en jeg hefi heyrt undirtektir h. þingdm. undir hana.

Landshöfðingi: Jeg gat þess um daginn, er það var til umræðu hjer, að skipa nefnd til að rannsaka kærur þessar, að jeg byggist ekki við að nefnd gæti leyst það starf af hendi eins og æskilegt væri, því að málið yrði ekki rannsakað til nokkurrar hlítar annarstaðar en í Ísafjarðarsýslu; mjer sýnist og nefndarálitið bera það með sjer, að tilgáta mín hafi rætzt.

Nefndin getur þess, að hún hafi fengið í hendur 12 kærur með 597 nöfnum undir. Þetta er að vísu mjög imponerandi tala, en jeg hefði ekki sjeð neitt á móti því, þótt h. nefnd hefði getið þess, að í sumum kærunum er það tekið fram með berum orðum, að kærend-

urnir hafi sjálfir ekkert af embættismanni þeim, sem hjer ræðir um, að segja, hvorki til ills nje góðs; þeir bera fram kærur sínar eptir orðrómi einum. Það lítur nærri út fyrir, að þeir hafi kunnað betur við að senda þó kærur upp á selskap með hinum. Jeg man ekki fyrir víst, hvað margar þessar kærur eru, en víst eru þær einar tvær. Þegar þessar kærur ganga frá, þá væri gaman að vita, hvað margir af hinum kærendunum hefðu haft persónulega þekkingu á því, er þeir rituðu undir, hvað margir þeirra hefðu sjeð og heyrt sjálfir það, sem þeir bera fram í kærunum. Þetta er ekki svo auðvelt; þó mætti það að nokkru leyti með því, að bera nöfnin undir kærunum saman við skjöl máls þess, sem kærurnar eru risnar af. Jeg skal ekki fara lengra út í þetta, en að eins minna á það, hve varasamt er að byggja mjög mikið á þess konar kærum og nöfnum undir þeim. Vjer vitum að menn skrifa opt af góðsemi undir slík umburðarskjöl, án þess þeir sjeu fullkomlega samþykkir því, er þeir skrifa undir. Mjer er þetta kunnugt af öðrum málum; það hefir t. d. komið fyrir, að sóknarmenn hafa beðið þess, að einhver viss af umsækjendum um brauð mætti vera í kjöri hjá þeim, og er þeir hafa fengið það og til kosninga hefir komið, þá hafa margir af þeim, er undir skrifuðu, ekki kosið hann. Þetta eitt með öðru sýnir, að menn mega vera varasamir í því, að trúa undirskriptum undir skjöl, sem látin eru ganga manna á milli, til þess að leita undirskripta undir þau.

Jeg hefi sjeð þessar 12 kærur, og jeg hefði búizt við, að fyrst nefndin hefir lýst þeim svo rækilega, þá mundi hún líka hafa skýrt frá því, hvað amtmaðurinn í Suður- og Vesturamtinu hefir sagt um þær, og hverjar undirtektir þær hafa fengið hjá landsstjórninni. Á þetta hefir hún ekki minnzt. Þá segist nefndin hafa haft undir höndum vottfastar yfirlýsingar frá ýmsum mönnum, bæði Þorsteini Stefánssyni, Ólafi Ólafssyni, Þórunni Eiríksdóttur, Arnfríði Olafsdóttur og fleirum. Jeg hef ekki sjeð þessar yfirlýsingar, og þekki fæsta af þeim, sem þær hafa gefið, en get þess að eins, að jeg get hugsað mjer, að Ólafur Ólafsson sje sami maðurinn, sem amtmaðurinn í Suður- og Vesturamtinu hefir skipað að höfða sakamál móti fyrir falskan vitnisburð.

Aðalniðurstaðan, sem nefndin hefir komizt að, er sú, að megn óánægja sje með hinn setta sýslumann í Ísafjarðarsýslu, en jeg sje ekki, að nefndin hafi farið nokkuð út í, að reyna að sýna, hvort þessi óánægja sje á rökum byggð eða ekki.

Mörg af atriðum þeim, sem í kærunum eru tekin fram, heyra undir úrslit æðri dómstóla, og munu þeir fá tækifæri til að leggja úrskurð á þau. Mjer finnst h. nefnd hefði átt að reyna að leita sjer upplýsinga um, hvort óánægja kærendanna væri á rökum byggð; hún segir að vísu, að kærurnar hafi ekki verið vefengdar; en hefir hún gjört sjer nokkurt far um að leita sjer upplýsinga um nokkurt það atriði, sem gæti miðað kærunum til vefengingar, og hefir hún haft föng á því á þessum stutta tíma? Það má hún bezt vita sjálf.

En þar sem hún getur þess, að hún hafi leitað álits eins eða fleiri af kærendunum um málið, en getur ekkert um álit og tillögur amtmannsins í Suður- og Vesturamtinu um kærurnar í brjefum hans með þeim til landshöfðingja, sem hún þó hefir haft fyrir sjer, þá lítur svo út, sem hún hafi ekki látið sjer eins hugarhaldið, að leita upplýsinga um það, er gæti verið hinum kærða embættismanni til afsökunar, eins og

það, sem honum ætti að vera til áfellis. Það getur verið, að það sje einhliða skoðun hjá mjer, en jeg fæ ekki með mínum bezta vilja sjeð, að óánægja manna í Ísafjarðarsýslu með hinn setta sýslumann sje á rökum byggð, og það er þó viðurhlutamikið fyrir h. þingdeild að draga taum þeirra, er rísa á móti löglegu yfirvaldi — því að jeg vona þó að h. deild vefengi ekki, að yfirvald það, sem landsstjórnin hefir sett í Ísafjarðarsýslu, sje löglegt yfirvald — það er næsta varúðarvert, segi jeg, að draga taum þeirra manna, sem tefja og hindra lögleg fundahöld, og sýna annan mótþróa gegn yfirvaldi sínu. Áður en gripið er til slíkra örþrifsráða, að halda hlífiskildi fyrir slíkum mönnum, þarf það að vera sýnt og sannað, að mótþróinn sje á fullum rökum byggður. Á meðan það er ekki, þá er það ábyrgðarhluti, að draga taum þeirra, er rísa upp gegn löglegu yfirvaldi, og af mótþróa við það vilja ekki gegna þegnskyldu sinni; slíkt rýrir virðingu fyrir lögum og stjórn, og það getur haft óþægilegar afleiðingar fyrir stjórnsemi yfirvaldanna, ef þeir, sem ekki vilja þola neina stjórn, og þess vegna vilja losast við hvern þann embættismann, sem sýnir af sjer einhverja röggsemi, vita, að þeir eiga hauk í horni, þar sem er neðri deild alþingis.

Formið á ályktuninni sjálfri er ekki heldur sem heppilegast; það er því líkast, sem ergilegur yfirboðari væri að skipa undirmanni sínum að bæta tafarlaust úr einhverju, er honum mislíkaði við hann. H. framsögum. (S. G.) virtist og játa það, að neðri deild alþingis gæti eigi fremur lagt skipanir fyrir landsstjórnina en landstjórnin fyrir deildina. Jeg hefði kunnað betur við, að tillagan væri orðuð eins og hjer væri um tvo málsaðila að ræða, er jafnhliða stæðu, en eigi svo, sem annar ætti yfir hinum að bjóða.

Framsögumaður (Sigurður Gunnarsson): Það er auðheyrt á orðum hæstv. landsh., að hann var hvorki ánægður með nefndina í máli þessu, nje niðurstöðu þá, sem hún hefir komizt að. Sjerstaklega tók hann það fram, að nefndarálitið bæri það með sjer, að nefndin hafi eigi leitazt við að rannsaka, hvort óánægja manna í Ísafjarðarsýslu væri á rökum byggð eða ekki. En jeg vona að nefndarálitið beri það með sjer, að nefndin hafi ekki þótzt geta komið fram sem rannsakandi dómnefnd í máli þessu. Þetta er skýlaust tekið fram í nefndarálitinu. Hæstv. landsh. vildi ekki, að á kærunum væri byggt, nema lögfullar sannanir væru fengnar fyrir því, að þær væru á rökum byggðar; en þess ber að gæta, að vjer nefndarmenn vorum ekki í þeirri stöðu, að vjer gætum rannsakað þær eins og fyrir dómstóli væri. En eitt er af tvennu um kærur þessar: Annaðhvort skrökva allir þeir, er undir kærurnar hafa ritað, eða að einhver talsverður fótur er fyrir því, sem hinu setta yfirvaldi er gefið að sök, og get jeg ekki gjört að því, að mjer þykir, og oss nefndarmönnum, hið síðara líklegra. Og þó einhverjir af þeim sem undir hafa ritað gengju undan, þá gat nefndin samt eigi annað en slegið því föstu, að meiri hluti kærenda mundi vita, hvað þeir væru að fara með. Hið sama má ráða af ástandinu í sýslunni. Það er dæmalaust á síðari tíð, að slíkur samblástur hafi verið gjörður á móti löglegu yfirvaldi, og má mikið vera, að það sje orsakalaust, enda þekki jeg ekki til þess, að alþýða á Íslandi sje svo ólöghlýðin. Slíkt ástand, sem hjer ræðir um, er mjög ískyggilegt, þar sem, meðal annars, enginn sýslunefndarfund-

ur hefir orðið haldinn þar síðan í marz 1892, og þar af leiðandi engu sýslugjaldi jafnað niður. Þetta bendir á, að hjer sje um alvarlegt málefni að ræða, sem ekki megi ganga þegjandi fram hjá, þar sem það eigi að eins snertir allan almenning í Ísafjarðarsýslu, heldur og landssjóðinn. Nú var embættismaður sá, er hjer ræðir um, settur til að framkvæma sjerstakan starfa, rannsaka embættisfærslu Skúla Thóroddsen, og hefir lokið honum. Virðist því geta komið vel heim, að L. Bjarnason sje látinn hætta að reka sýslu þar vestra, og er þá um leið bætt úr því vandræða-ástandi, sem ekki verður neitað að hlotizt hefir af embættisrekstri hans.

Guðlaugur Guðmundsson: Mjer þykir viðkunnanlegra að segja fáein orð til stuðnings breyt.till. þeirri, er jeg hef leyft mjer að koma fram með. Hún miðar til þess, að reyna að útkljá þetta mál á þann eina hátt, sem er fært löglega, að mínu áliti.

Nefnd sú, sem h. deild kaus til að taka þetta mál til meðferðar, var kosin til þess að rannsaka kærur þær, sem fram höfðu komið gegn settum sýslumanni og bæjarfógeta Lárusi Kr. Bjarnason og aðgjörðir landstjórnarinnar þessum kærum viðvíkjandi. Þannig var umboð nefndarinnar orðað og þetta var það starf sem hún átti að leysa af hendi. Nefndin hefir eins og sjá má af áliti hennar »rannsakað« þ: lesið yfir kærurnar, en hvað hún hefir gjört til þess að fullnægja hinum öðrum hluta starfa síns, nefnilega að rannsaka aðgjörðir stjórnarinnar út af þessum kærum, sjest alls ekki af nefndarálitinu. Þess er eigi getið, að nefndin hafi gert hið minnsta í þessa stefnu. Það eru því ekki of hörð orð, þó sagt sje, að starf nefndarinnar sje gagnslítið og allsendis ófullnægjandi, þar sem hún hefir ekki leyst af hendi nema annan helminginn af því, sem henni bar að gera, samkvæmt því »mandati«, sem deildin fól henni á hendur.

Í annan stað þá skýrir nefndin frá því, að hún hafi haft til meðferðar nokkrar kærur og vottorð frá hinum og öðrum mönnum, án þess þó að þessar kærur eða vottorð hafi verið lögð fram þingmönnum til afnota, eða nefndin látið prenta neitt af þeim eða neitt úr þeir, svo að bæði þingmenn, er greiða eiga atkvæði um málið, og almenningur, er síðar les um málið, hafa ekkert í höndunum til að styðjast við. Hjer verða menn að taka allt með trúarinnar augum, trúa því, að þetta sje svona og svona, eins og nefndin vill láta líta á það. Hvernig stendur á þessu? Hvers vegna hefir nefndin ekki prentað eða tekið upp í nefndarálitið einhvern kafla úr þessum kærum eða vottorðum, eða þá að minnsta kosti lagt eitthvað af því fram? Í öllu falli var það óumflýjanlega nauðsynlegt fyrir nefndina að láta prenta skjöl, sem hún vitnar í og sjálf byggir á. Það var henni sjálfri nauðsyn, til þess að sýna og sanna, að hún eigi byggði dóm sinn í lausu lopti.

Í Elliðaármálinu, sem sams konar nefnd og þetta var skipuð út af, voru þó prentuð flestöll skjölin, sem byggt var á. Í Fensmarksmálinu sömuleiðis. Enda er þetta alveg rjett og nauðsynlegt, því það er ómögulegt að ætlast til, að þingd. felli dóm um það sem hún ekki sjer nje þekkir, og án þess hún hafi fyrir sjer þau skjöl, sem slíkan dóm þarf að byggja á. Þetta er að minnsta kosti í fyrsta sinni, að farið er fram á, að upp sje kveðinn dómur að óheyrðum málavöxtum, og án þess skilríki þau, er fyrir hendi eru, sjeu lögð fram fyrir þann, er upp á að kveða dóminn Jeg heyrði reyndar, að skjölin væru lögð fram í einu nefndarherbergi undir umsjón nefndarinnar eina kvöldstund,

og þar gafst mjer tækifæri til þess lítið eitt að kynna mjer þau, en langt frá því, að það væri nægilegt til þess að jeg geti tellt nokkurn dóm um efni þessa máls.

Jeg skal ekki fara langt inn á málið sjálft; jeg er á sömu skoðun nú og jeg var við byrjun þessa máls, að það sje ekki rjett af þinginu að vera að blanda sjer í þetta mál, án þess það sje af því, eins og h. framsögum. (S. G.) hefir viljað bera mjer á brýn, að jeg vilji eigi að deildin gjörist of ráðrík gagnvart stjórninni. Jeg vil, eins og jeg veit að allir skynberandi menn vilja, að h. deild hafi sem mest vald og beiti því í þeim málum, sem undir hennar valdsvið heyra, en jeg vil ekki að deildin rýri þetta vald með því að beita því í ótíma eða þar, sem það ekki kemur að neinu gagni. Mjer er alls eigi um að gera að halda hlífð fyrir stjórninni; það getur hún eins vel gert sjálf, og hún kemur mjer ekkert við hjer; en mjer er um hitt að gera, að halda hlífð yfir virðingu þingsins og þessarar h. deildar, því mjer er sárt um, að hún líði skipbrot á virðingu sinni, og það er þess vegna, sem jeg vil ekki að hún sje að blanda sjer í mál, sem hún, eins og hjer á sjer stað, getur ekki rannsakað til neinnar hlítar, og því engin áhrif haft á, og þar sem framkoma hennar því að eins getur orðið til að veikja virðingu sjálfrar hennar og einmitt með því að draga úr áhrifum hennar á önnur mál.

Mjer þykir álit nefndarinnar vera á mjög lausum grundvelli byggt; kærurnar eru allar ritaðar í almennum óákveðnum orðum, án þess að tiltaka neitt sjerstakt kæruatriði, neitt ákveðið embættisafglap, og nefndin upplýsir heldur ekki um neitt slíkt. Hún nefnir að eins að hún þekki »sjerstök dæmi«, en segir ekki hver þau sjeu og hefir ekkert upplýst nje látið prenta um þau, og jeg hef ekki sjeð þau. Sem sagt, hjer liggja alls ekki fyrir nein ákveðin kæruatriði, hvorki í skjölunum sjálfum, eptir því sem jeg frekast veit, nje tekin upp í nefndarálitið, og það er því ekki hægt að gera ráð fyrir, að það sje til, sem hvergi kemur fram. Það sem fundið er hinum setta sýslumanni Lárusi Kr. Bjarnason til foráttu, er, að hann hafi haft vilhalla rjettarvotta. Hvar, og hvenær hefir það verið? Það stendur hvergi, og heldur ekki, að það sje að undirlögðu ráði gjört nje í ólöglegum tilgangi. Það er talað um að hann hafi haft hótanir í frammi við vitni þau sem hann yfirheyrði; þar vantar sömuleiðis hvar og hvenær og hvernig á hafi staðið, því hjer getur verið mikið komið undir, hvernig atvik hafa verið og þetta þarf að sanna nákvæmlega.

Mun það hafa verið aðgætt, að það er skylda hvers dómara að benda þeim á, sem vitni bera, að rangur vitnaframburður fyrir rjetti varðar við lög, og það jafnvel betrunarhússvinnu?

Í augum og eyrum lítt fróðrar alþýðu, þá getur þessi aðvörun, einkum sje hún gerð hvatskeytlega, litið svo út, sem dómarinn hafi hótanir í frammi, og það þarf því að sanna, að hjer hafi ekki verið að ræða um slíka lögboðna aðvörun, heldur um hótun í eiginlegum skilningi, og jeg vil segja meira, það þarf að upplýsa, að þessi hótun sje við höfð til þess að fá vitnið til að bera það sem ekki er satt. Það er enn fremur tekið fram, að hann hafi sektað vitni fyrir að mæta ekki, þó þeir hafi haft forföll, að óheyrðum þeirra afsökunum. Eptir lögunum þá er það skylda yfirvaldsins að dæma menn í fallsmáls-

sekt, ef þeir ekki mæta, hvernig sem á stendur, en sú sekt — fallsmálssektin — fellur í burtu, þegar þeir á síðara stigi málsins mæta og sanna, að þeir hafi haft lögleg forföll í hið fyrra skiptið. Enn fremur er það tilfært, að hann hafi sett rjett í húsum manna án þeirra leyfis, og yfirheyrt þá, án þess að stefna þeim fyrst. Þetta er hverjum lögregludómara heimilt við rannsóknir hvar sem er og hvernig sem á stendur, og meir að segja, það getur staðið svo á, að hann sje skyldugur til þess. Það gæti því vel verið, að allt þett væri í fyllsta máta rjett og löglegt, þó svona líti út frá sjónarmiði kærendanna, og það væri því — jeg verð að segja það — sannarlega óafsakanlegt fljótræði af þingd., að taka þannig fram í órannsakað mál með áfellisdómi.

Eitt er af tvennu, annaðhvort eru kærurnar á rökum byggðar, eða þær eru ekki á rökum byggðar; þriðja tilfellið er ekki hugsanlegt. Sjeu þær á rökum byggðar, þá þarf að fá það staðfest með dómi, og þá er einfaldasti og beinasti vegurinn til þess, að skipa viðkomanda að hreinsa sig af þessum ákærum með dómi; en sjeu þær ekki á rökum byggðar, er það þá ekki bæði ranglátt og óhyggilegt að kalla manninn aptur, hjálpa þeim sem rangt hafa fyrir sjer, ala upp í þeim æsingarnar og koma þeim á þá skoðun, að þeir með þessari ólöglegu aðferð geti haft sitt fram?

Það er sama sem sagt sje við þá: Það er einmitt af því, að þið mættuð ekki á lögboðnum fundum, af því þið eruð svo óhlýðnir yfirvaldinu, að vjer, neðri deild alþingis, viljum sinna þessu; ef þið brúkið nógar æsingar, þá skulum við sjá um, að þessi maður verði kallaður heim aptur. Þetta er til að æsa illt blóð hjá þjóðinni, og þetta er til að setja illt blóð í þá, sem þetta kemur fram við. Það hlýtur því að spilla stórum samkomulaginu milli landslýðsins og yfirvaldanna, og það mun þó ekki vera tilgangurinn.

Jeg er þess fullviss, að tilgangurinn með þessari tillögu er sá, að bæla niður æsingar, en jeg er sannfærður um, að árangurinn verður sá, að þær aukast og vaxa, bæði nú á þessum stað og ef til vill víðar.

Jeg sje heldur ekki að hjer liggi svo mikið á, að ekki megi bíða eptir dómi, því ef ummælin í kærunum ekki verða dæmd dauð og ómerk, þá mundi stjórnin án efa losa hlutaðeiganda við þessa sýslan, og þá er allt fengið. H. framsögum. sagði, að jeg hefði ekki skýrt það, hvernig ástandið þar vestra mundi batna fyrir það, þó þessum manni væri skipað að höfða mál. Jeg þykist ekki þurfa að skýra það frekar; mjer virðist það vera fullnægjandi fyrir kærendurna, ef þeir fá vissu fyrir því, að þetta efni verði, svo fljótt sem hægt er, lagt undir dómstóla-úrslit, og að þeir fái sínar óskir fram, ef þeir geta fært sönnur á mál sitt fyrir þeim dómara, sem um þau mál fjallar. Svo skal jeg enn taka það fram, að þetta er sá eini löglegi vegur, og sá sem almennt er við hafður, og væri það nokkuð sem jeg gæti fundið stjórninni til foráttu í þessu máli, þá er það helzt það, að hún ekki þegar hefir skipað settum sýslumanni Lárusi Kr. Bjarnason, að hreinsa sig af þessum ákærum með dómi.

Að vísu kann áskorunin til stjórnarinnar í þessa átt að vera óþörf nú, því mjer er kunnugt um, að hlutaðeigandi hefir í brjefi til amtsins óskað eptir því, að sjer yrði settur dómari til að dæma milli sín og þeirra sem hafa ákært hann; en þó hann hafi óskað þessa þá er það ekki bein vissa fyrir því, að hann gjöri það, og því væri

betra til tryggingar að hann fengi skipan um það; yrði hann undir í þeim málum þá er stjórnin skyld að leysa hann frá þessum starfa. Jeg ætla ekki að gjöra þetta að neinu kappsmáli, því eins og jeg strax tók fram, þá áleit jeg virðingu þingsins bezt borgið með því að láta þetta afskiptalaust. Og hvað varatillöguna snertir, þá skal jeg fúslega taka hana aptur, ef einhver óskar þess.

Landshöfðingi: Út af orðum h. þm. V.-Sk. (G. G.) skal jeg að eins gjöra litla athugasemd. Hann sagði að hann gæti fundið það að framkomu landsstjórnarinnar í þessu máli, að hún hefði eigi þegar boðið hinum setta sýslumanni í Ísafjarðarsýslu, Lárusi Bjarnason, að hreinsa sig undan kærum þessum með dómi. Úf af þessu skal jeg geta þess, að þetta brjef hans frá 10. júní, sem getið er um í nefndarálitinu, sem á að hafa inni að halda umsögn hans um kærurnar, hefir eigi enn borizt mjer, en jeg vildi einmitt gefa hinum setta sýslumanni færi á að segja álit sitt um kærurnar, áður en jeg rjeði neitt af um það, hvort leggja skyldi fyrir hann að hreinsa sig af áburðinum í þeim með dómi.

Jens Pálsson: Af umræðum þeim, sem fallið hafa um þetta mál, bæði ræðunum frá stóli hins hæstv. landshöfðingja og af ræðu h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), hef jeg ráðið það, að þeim hefur eigi þótt nefndin reka erindi sitt fullkomlega vel. Hæstv. landshöfðingi gat þess, að nefndin hefði byggt álit sitt á kærunum, en það væri engin sönnun fyrir því, að þessi óánægja Ísfirðinga væri á neinum rökum byggð. Jeg álít að þau spursmál, á hverjum rökum óánægjan sje byggð? hversu sterkum? hversu gildum? hvort ólagið sje sprottið af völdum yfirvaldsins eða íbúa sýslunnar? sjeu þannig vaxin, að úrlausn þeirra sje eigi slíkrar nefndar meðfæri, sem starfar nokkra daga í slíkri fjarlægð frá staðnum, þar sem þessi umrædda óánægja og ólag er komið fram. Hitt þótti nefndinni ljóst af þeim skjölum, sem fyrir henni lágu, og sem síðan voru lögð fram fyrir alla háttv. þingdeildarmenn — jeg tiltek hvern einasta einn þingdeildarmann —, því að jeg tilkynnti það öllum deildarmönnum sem formaður í nefndinni, hvar og hvenær skjölin öll lægi frammi þeim til sýnis og rannsóknar, til þess að hver og einn gæti skoðað þau, eptir vild sinni, og jeg get fullyrt það, að á þeim tíma, sem jeg var í herbergi því hjer í húsinu, sem skjölin lágu frammi í, hafi allir þingd.menn neðri deildar skoðað þau, að undanteknum 2 eða hæzt 3 mönnum, en sem auðveldlega gátu hafa og hafa sjálfsagt kynnt sjer þau á öðrum tíma af þessum 2 dögum, sem þau voru frammi,—en hitt þótti nefndinni augljóst, að sú óánægja, sem nefndin sá bersýnilega, að ríkti í Ísafjarðarsýslu, og slíkur óhugur og ólestur, sem lýsir sjer í framkomu hjeraðsbúa og sem umsagnarbrjef hins setta yfirvalds þar ljósast bendir á, hlýtur að vera komin fram af sjerstökum orsökum, er standa í sambandi við embættisrekstur Lárusar Bjarnasonar, hins setta yfirvalds þar; en hvernig því sambandi er varið, — það gat nefndin ekki rannsakað —, enda lá það líka fyrir utan hennar verkahring, að uppkveða dóm um, hversu gildar þessar orsakir væru, og frá hvorum málsaðilanna þær einkum eða fremur stöfuðu. Þegar það er upplýst, að ástandið vestra er þannig lagað, að lögskipaðir stjórnarvaldafundir geta eigi komizt á eptir tví-ítrekaðar tilraunir, að lögskipuð niðurjöfnun sýslusjóðs-gjaldsins hefur þess vegna heldur ekki getað fram farið á rjettum tíma, að sýslusjóður

hefur því ekki fengið hinar nauðsynlegu tekjur, og að sýslunefndin hefur ekkert starfað síðan veturinn 1892 og til þess, er síðast bárust fregnir, af því að hún hefir ekki náðzt saman, svo að ganga má út frá því, að lögboðin og nauðsynleg störf hafi eigi framkvæmd orðið á rjettum tíma, þá sá nefndin, og jeg vona að allir h. þingdeildarm. sjái það, að hjer á það sjer stað, sem þarf að ráða bót á. Og þar sem nefndin vildi algjörlega halda sjer frá því, að dæma neitt um það, hverjum þetta ástand sje að kenna, af hverjum orsökum það sje sprottið o. s. frv., þá gat hún eigi gjört annað en það, sem hún gjörði, sem sje það, að ráða háttv. þingdeild að gjöra sitt til þess, að bót yrði ráðin á þessu á þennan eina tiltækilega »praktiska« hátt. Nefndinni var það og ljóst, að það stóð opið fyrir hinu setta yfirvaldi, að reka rjettar síns og höfða mál, en nefndin áleit það ekki hlutverk þingsins, að skipta sjer af slíku, enda óviðurkvæmilegt, að stofna til nýs málareksturs og nýs ótriðar í hjeraði, enda sá nefndin, að ekki var ráðin bót á ástandinu með því, að hlutast til um, að ný mál risu nú upp, sem yrðu enn fleiri og stórkostlegri en þau sem þar hafa um stund rekin verið. Jeg skal ekki dyljast þess, að mig langar ekkert til þess, að slíkur eldur, slíkt voðabál kvikni í nokkru hjeraði, og til þess langar víst engan vor nefndarmanna. Nefndinni þótti það heldur engin vandræði, þó þessi setti valdsmaður hyrfi nú til sinnar eiginlegu sýslunar, málafærslu við yfirrjettinn, — jeg veit ekki til þess, að hann hafi sagt þeim starfa eða því embætti af sjer, — þar sem hann nú hefur rekið það erindi til enda, sem hann var sjerstaklega kvaddur til að leysa af hendi, þegar hann jafnframt var settur sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði.

Nefndin rjeð því að eins h. þingd. til að skora á stjórnina, að láta þenna umrædda valdsmann ekki gegna lengur yfirvaldsstörfum einmitt þar vestra, að hún sá eigi annað ráð vænna til þess, að ráða bót á þessu vandræða-ástandi, sem þar virðist eiga sjer stað, og þróazt gæti, ef ekki væri tekið öflugri hendi í taumana. En til þess að sporna við því, að ólagið þar vestra þróist og ástandið versni, mundi það ráð og sá vegur, sem nefndin hefur bent á, reynast hinn mest praktiski og affarasælasti.

Jeg skal svo eigi fara fleirum orðum um þetta mál að sinni.

Guðlaugur Guðmundsson: Út af orðum h. þm. Dal. (J. P.) þarf jeg að tala fá orð. Hann sagði, að nefndin hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að ástandið í Ísafjarðarsýslu sje svo vaxið, að þar þurfi að ráða bót á, hvernig sem á þessu ástandi stendur og hver sem svo valdur er að því.

En væri nú svo, að þetta ástand væri sprottið frá hjeraðsbúum sjálfum og mögulegt er það, að þeim sje það fremur að kenna en þessum embættismanni — ef svo væri, segi jeg —, er þá gott að draga taum hjeraðsbúa, að öllum málavöxtum órannsökuðum, svo gott sem að kveða upp áfellisdóm yfir þessum embættismanni og heimta að honum sje vikið frá embætti?

Mjer þykir varhugavert, að nefndin skuli gera slíkt, meðan hún eigi veit fyrir víst, hvert sök horfir, hverjir orsök eru í þessu ástandi. En gæti nefndin sýnt með rökum, að sökin væri hjá hlutaðeigandi embættismanni, þá fer tillaga mín einmitt í rjetta átt, og þá býst jeg við, þegar dómar eru nú gengnir um málin, að stjórnin kalli

þegar hlutaðeigandi embættismann heim.

Hæstv. landshöfðingi sagði, að umsögn hlutaðeigandi embættismanns um kærur þessar hefði hann eigi en fengið, og það er af því enn augljósara, að þessi tillaga nefndarinnar er of snemma borin upp, því ekki getur nefndin þó ætlazt til, að þessum embættismanni sje vikið frá, án þess að yfirboðarar hans hafi heyrt umsögn hans um þessar kærur, eins og þær liggja fyrir.

Skúli Thoroddsen: Jeg hafði að vísu, ásett mjer, að taka eigi til máls um þingsályktunartillögu þessa, með því að svo má máske líta á, sem hún sje mjer eigi með öllu óskyld; en það voru nokkur atriði í ræðu hins hæstv. landshöfðingja, sem knýja mig, sem fulltrúa Ísfirðinga, er kært hafa mál þetta fyrir þinginu, til að segja nokkur orð.

Hæstv. landshöfðingi bar all-miklar brigður á það, að hinar almennu kærur Ísfirðinga til háyfirvaldanna væru á rökum byggðar. En hvað hefur nú landsstjórnin gjört til þess, að komast fyrir það, hvort svo væri eða eigi? Hví hefur hún ekki látið rannsaka það atriði? Jeg get ekki leitt hjá mjer, að bera þessa aðferð hinnar háttvirtu landsstjórnar saman við annað tilfelli, sem mjer er nokkuð kunnugt, af því að það sýnir svo vel samkvæmnina í gjörðum hinnar háttvirtu stjórnar. Það er kunnugt orðið, að stjórnin hefur nú í heilt ár verið að láta eltast við annað yfirvald með rannsókn á rannsókn ofan, og þó verður stjórnin að játa, að enginn hafði kært hann fyrir eitt eða neitt. En þegar 597 menn snúa sjer til þessarar sömu stjórnar og kæra annað yfirvald fyrir ákveðin og stórvægileg embættis-afglöp, hverju svarar þá hinn hæstv. landshöfðingi? Jú, þá er svarið að eins: »komið með sannanirnar upp í hendurnar á mjer, því að annars sinni jeg kærum yðar að engu«. Með öðrum orðum: landsstjórnin stingur öllum þessum kærum undir stólinn. Og meira að segja, landsstjórnin sviptir um leið kærendurnar því tækifæri, að geta komið fram með sannanir sínar undir opinberri rannsókn; en undir slíkri rannsókn var þó einmitt sá rjetti staður til að koma fram með sannanirnar, og fram á það hafa líka sumir kærendurnir farið í kærum sínum til landsstjórnarinnar.

Það er þessi ósamkvæmni í gjörðum hinnar háttv. landsstjórnar, sem jeg vildi benda þingdeildinni á, og það er þessi aðferð stjórnarinnar gagnvart kjósendum mínum — kærendunum í Ísafjarðarsýslu —, sem jeg hlýt að mótmæla.

Af orðum hins hæstv. landshöfðingja er svo að skilja, sem landsstjórnin álíti, að kærendurnir hafi einungis undirskrifað af góðvild við aðra, eða að þeir hafi gerzt ginningar-fífl. En hvaðan kemur hæstv. landshöfðingja þetta? Og líti hann svo á, sem kærurnar sjeu sprottnar af æsingum, eða að þær sjeu einhverjum æsinga-segg að kenna, því er þetta þá ekki rannsakað?

Hæstv. landshöfðingi tók það fram, að sjer hefði ekki borizt umsögn hlutaðeigandi embættismanns um kærur þessar; en síðan kærurnar voru sendar hinni háttv. stjórn eru þó liðnir fullir 4 mánuðir. Þetta sýnist því benda á, að hinni háttv. stjórn hafi ekki þótt »periculum in mora«, að henni hafi ekki fundizt neitt liggja á því, að láta rannsaka óánægjuna og ástandið í Ísafjarðarsýslu, eða bæta úr því. Og hvernig stendur svo líka á því, að landsstjórnin gat ómögulega gert neitt, fyr en hún hafði fengið umsögn þessa yfirvalds? Ekki heimtaði stjórnin umsögn þess yfirvalds um eitt eða neitt, sem hún hefur látið eltast með rann-

söknum í heilt ár. En nú getur þessi sama stjórn ekkert gert, og þykist löglega afsökuð, meðan hún getur borið það fyrir sig, að hún hafi ekki fengið umsögn yfirvalds þess, sem Ísfirðingar kærðu. Hvar er nú samkvæmnin?

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, enda ætlaði jeg mjer í rauninni ekkert á það að minnast; en það skal jeg að lokum taka fram, að þegar stjórninni bárust kærur frá svo mörgum mönnum, hlaut hún að renna grun í, að ekki væri allt með felldu, og þá var það bein skylda hennar, að láta þegar í stað rannsaka sem ítarlegast alla málavöxtu.

ATKV.GR.: Breyt.till. 1 á þingskjali 546 felld með 14 : 5 atkv.; breyt.till. 2, að orðið »tafarlaust« falli burt samþykkt með 14 : 2 atkv.

Tillagan þannig breytt samþ. með 16 atkv. gegn 4, og send landshöfðingja sem *þingsályktun* frá neðri deild alþingis.

Tillaga til þingsályktunar um göngu aukapóstsins milli Vesturlands og Staðar í Hrútafirði (C. 604); ein umr.

Flutningsmaður (*Jens Pálsson*): Það, sem tillaga þessi fer fram á er, að stofnaður sje brjefhirðingarstaður á Kleifum í Gilsfirði, og að aukapóstur sá, sem gengur frá Vesturlandi til Hrútafjarðar, gangi frá Kleifum, en ekki frá Bæ í Króksfirði, eins og nú á sjer stað.

Nú sem stendur verður aukapósturinn samferða aðalpóstinum frá Bæ að Kleifum, og er það óþarfa kostnaður, að 2 póstar sjeu samferða hvor öðrum langan veg. Tillaga þessi fer nú fram á, að stytta leiðina, sem aukapósturinn á að fara; mun kostnaður sá, sem leiðir af því, að aukapósturinn er látinn ganga svona langt að óþörfu, vera meiri en sem því svarar, að hafa brjefhirðingarstað á Kleifum. Auk þess berast frímerkt og ófrímerkt brjef unnvörpum að Kleifum, og er því bóndinn þar ófús á að veita þeim viðtöku. Þá er því hendi næst, að setja þar brjefhirðingu. Þetta mundi mikið greiða fyrir brjefaviðskiptum milli Norðurlands og vesturhluta Dalasýslu, og sýnist því allt mæla með, að þessu sje breytt á þann hátt, sem farið er fram á í þingsályktunartillögunni.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþ. með 16 samhljóða atkv., og afgreidd til landshöfðingja sem þingsályktun frá neðri deild alþingis.

Tillaga til þingsályktunar um jöfnuð á aðalpóstferðunum yfir land allt (C. 604, 634); ein umræða.

Flutningsmaður (*Sigurður Gunnarsson*): Jeg hefi komið hjer með þessa þingsályktunartillögu í þá átt, að aðalpóstferðirnar verði hjer eptir jafnmargar um land allt.

Tilgangurinnn með þessari þingsályktunartillögu er, að aðalpóstarnir geti jafnan mætzt, og þurfi ekki að fara á mis, eins og nú á sjer stað.

Þessi fjölgun á póstferðunum sunnanlands milli Reykjavíkur og Eskifjarðar, úr 14 og upp í 16, er, eins og kunnugt er, til orðin í þeim tilgangi, að þeim, sem búa á suðurströnd landsins, bætist það upp, að þeir hafa engin not haft af strandferðunum, en jeg fæ ekki sjeð, að þessar 2 aðalpóstferðir, sem þessi hjeruð hafa fram yfir önnur hjeruð landsins, sje mikið keppikefli fyrir þá, auk þess sem nú má búast við, að samgöngurnar á sjó aukist einnig að því, er þá snertir, er búa á suðurströnd landsins.

Sjerstaklega legg jeg áherzluna á það, að aðalpóstarnir geti mætzt. Eins og nú stendur á, fer Eskifjarðarpósturinn, sem fer til Suðurlands, annaðhvort nokkrum dögum áður eða síðar af stað

en norðanpóstur frá Akureyri.

Nú vakti það fyrir mjer, að 14 aðalpóstferðir mundu nægja, þar sem nú er verið að auka strandferðirnar. En nú sje jeg, að fram er komin breyt. till. þar sem stendur: að í stað »14 að tölu« komi: »16 að tölu«. Þessi breyt. till. breytir ekki aðaltilganginum í þingsályktunartillögu minni, og jeg hefi ekki annað að athuga við hana en kostnaðaraukann, þar sem hún bætir 2 póstferðum við í mestum hluta landsins. Ef h. þingdeild sýnist rjett eða fært, að auka landssjóði kostnað með því, að bæta 2 póstferðum við, þá get jeg ekki verið að berjast móti því.

Einar Jónsson: Jeg fellst á það, að heppilegast mundi, að póstferðirnar væri jafnmargar um land allt, og að póstarnir gæti staðið í heppilegu sambandi hver við annan. En hitt virðist mjer tvísýna, hvort hægt sje að hafa þær 16, sjer í lagi norðan um landið, en ef enginn þröskuldur væri í vegi fyrir því, að þær væri hafðar 16 að tölu, þá vildi jeg heldur hallast að því, en mjer þykir mjög hæpið, að hægt sje að koma þeim við, þó það sje hægt á Suðurlandi. Jeg vildi þess vegna, að deildin samþykkti að eins, að póstferðirnar skyldu vera jafnmargar um land allt, en landsstjórninni væri svo í sjálfs vald sett, hvort hún hefði þær 14, 15 eða 16. Jeg býst helzt við, að þær gæti eigi verið fleiri en 15, því það mun varla hægt að hafa þær 16 norðanlands. Jeg vildi því óska, að till. 524 væri borin upp í tvennu lagi, nefnil. í fyrra sinn aptur að »14 í tölu«, og þau orð síðan á eptir.

Þorlákur Guðmundsson: Það er alveg rjett, sem h. flutningsm. tillögunnar tók fram, að póstgöngurnar austur um land eru 2 fleiri en norður og vestur, einmitt með tilliti til strandferðanna. Væri nú þessum 2 ferðum fækkað austur um land, þá mundu það verða sumarferðirnar. Flutningur er þá að vísu minnstur, en aptur á móti þurfa brjef og blöð að berast engu síður en um aðra tíma árs, en áukaferðir fáar um sláttinn, því þótt gufubátar verði notaðir með fram suðurströnd landsins, get jeg ekki vonazt eptir neinum verulegum notum af því í bráð, því þær ferðir hljóta algerlega að vera komnar undir veðráttunni, og geta því að eins komið að notum, að tíðin sje góð, eins og t. d. í sumar hefir verið.

Það hefir engin veruleg áhrif á brjefaviðskipti milli manna þar eystra, þótt gufubáturinn komi við á Eyrarbakka eða í Vík, því þá yrðu aukapóstar að ganga þaðan austur og upp um land. Jeg get heldur ekki betur sjeð en að þessi tillaga komi í bága við aðalstefnu þessa þings í samgöngumálum. Allar tillögur þar að lútandi hafa gengið í þá átt, að auka og bæta samgöngurnar, en mjer finnst þessi eina tillaga fara í allt aðra átt, að vilja kippa burt þessum tveimur póstferðum. Nú fara póstarnir um fjölbyggðustu sveitir hjeraðanna, en þótt gufubátsferðir kæmust á með fram suðurströndinni, þá hefir það mjög litla þýðingu fyrir brjefa- og blaðaflutning.

Eins og þar hagar til, eru og fæstar privatferðir um hásláttinn, og samgöngur frá Eyrarbakka ótíðari austur og upp um land, heldur en fyrir og eptir sláttinn. Jeg álít því, að ekki sje heppilegt, að kippt sje burtu þessum 2 aðalpóstferðum; en hvað það snertir, að hafa póstferðirnar 16 um land allt, þá virðist engin þörf á því nú sem stendur.

Landshöfðingi: Jeg get ekki gert mikið úr þeim glundroða, sem komi af því, að póstferðirnar sjeu fleiri austur heldur en vestur og norður. Að minnsta kosti fæ jeg ekki sjeð, að það hafi

nein áhrif á póst þann, sem fer frá Reykjavík til Ísafjarðar, þótt fleiri póstgöngur sje hafðar suðaustanlands, og heldur ekki á póst hann, sem fer frá Reykjavík til Akureyrar, nje að það geri svo mikið óhagræði, að ástæða sje til, að taka þessar póstferðir af Sunnlendingum, sem þeir nú eru lengi búnir að hafa, og sem þeim hefir verið veitt beinlínis eptir ósk þeirra.

Hvað breyt.till. þá snertir, sem fer fram á, að fjölga póstferðunum upp í 16 aðalpóstferðir um land allt, þá er ekki að eins ómögulegt með sömu tilhögun á póstferðunum sem nú er, að koma því við að hafa 16 póstgöngur, eins og h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) tók fram, heldur er einnig annað atriði, sem er mjög athugavert.

Ef bæta skyldi við 2 póstgöngum milli Reykjavíkur og Ísafjarðar og 2 milli Reykjavíkur og Akureyrar, þá mundi það baka landssjóði fleiri þúsund króna útgjöld, en jeg get ekki sjeð, að hin h. neðri deild hafi eiu vald til, að leggja á landssjóð fleiri þúsund kr. útgjöld, því til þess þarf samþykki alls fjárveitingarvaldsins. Það kemur því ekki til mála, að samþykkja þessa till. neðri deildar, nema hún leggi fram fje til þess, en nú sem stendur er ekkert fje ætlað til þess.

Jens Pálsson: Jeg verð að vera þeirrar skoðunar, að rjettast sje að hafa póstferðirnar alstaðar jafnmargar, úr því sú stefna er nú tekin, að bæta samgöngurnar á sjónum. Það er víða mikil óánægja út af því, hvað ferðirnar eru mismargar. Strandasýsla og Dalasýsla hafa ekki stórum meira gagn af strandferðunum en Rangárvallasýsla og Skaptafellssýsla. Þegar jeg var á ferð um Dalasýslu í vor, var þar megn óánægja yfir því, að vestursýslurnar hefðu ekki eins margar sumarpóstferðir eins og austursýslurnar, og þar eð ekki mun hægt að hafa ferðirnar 16 um land allt kostnaðarins vegna, felli jeg mig helzt við tillögur h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.), og mun greiða atkvæði með þeim.

Flutningsmaður (*Sigurður Gunnarsson*): Jeg get ekki tekið til mín það sem hæstv. landshöfðingi sagði, vegna þess, að það er breyt.till., sem fer fram á það, sem hann fann að, en ekki þingsályktunartill. sú, sem jeg er flutningsmaður að. Það vakti fyrir mjer, að sá sparnaður, sem leiddi af að leggja niður 2 póstferðir sunnanlands, og eptir upplýsingum frá póstmeistaranum mundi nema 550 kr., mundi koma í góðar þarfir til að jafna kostnað þann, er mundi stafa af hinum auknu aukapóstferðum, sem ráð er gjört fyrir. Jeg get ekki fallið frá því áliti, að það sje hentara og ekki lítill hagur fyrir austurland sjer í lagi, að póstgöngur sje eins um allt land, og póstferðir jafnmargar. Jeg verð að segja, að h. þm. V.-Sk. (G. G.) hefir mjög snúizt hugur síðan við umræðurnar um fjárlögin, þegar hann sagði, að hann mundi heldur kjósa hálfu færri póstgöngur og gufubáta með ströndum fram, en halda þeim póstgöngum sem nú eru, og hafa engan gufubátinn. (*Guðl. G.*: Til að flytja kol og salt, sagði jeg, en ekki brjef). Þm. er jafnan fljótur að snúa sjer; nú segist hann hafa meint kol og salt, en hitt mun þó sannara, að jeg skilji orð hans rjett. Eins og nú er hagað póstgöngum, verða þær ekki að fullum notum, einkum á því svæði, er jeg áður nefndi, því að aðalpóstarnir hittast ekki þar, og verða brjef að liggja á miðri leið og bíða næstu póstferðar. Það er kunnugt, að Eskifjarðarpóstur og Akureyrarpóstur fara venjulega á mis, á Fljótsdalshjeraði.

Jeg verð því að halda við tillögu mína. En það tek jeg fram, að jeg

sje ekkert á móti því, að skipta atkvæðagreiðslunni í tvennt, eins og h. 1. þm. N.-Múl. (E. J.) lagði til, og láta póststjórnina þá ráða, hve margar ferðir hún ljeti fara, hvort þær yrði 14 eða 15. En það mun vera rjett, að eigi sje unnt að koma 16 póstferðum svo fyrir, að póstar geti haldið áætlun.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins geta þess, að það, að samþykkja svolátandi þingsályktunartill., er í mínum augum sama sem að ákveða, að aðalpóstferðir skuli vera að eins 14. Því að það fje, sem sparast við fækkun póstferða á suðurlandi, mundi eigi hrökkva fyrir hálfum kostnaði við aukninguna annarstaðar.

Einar Jónsson: Jeg held mig minni það rjett, að í hitt eð fyrra hafi verið 15 póstferðir norðanlands, og ekki borið á öðru, en þeim yrði komið fyrir svo vel færi. En svo var þeim fækkað strax næsta ár eptir. Þetta sýnir, að þær geta verið 15 að tölu. Jeg skal taka það fram, að það er mikið varið í, að póstar hittist á endastöðvunum, ekki einungis á Austurlandi, heldur og annarsstaðar. Þannig mundi það heppilegra hjer í Reykjavík, því að þau brjef, sem koma hingað t. a. m. með vestan- eða norðanpósti og eiga að halda áfram með austanpósti, geta eigi haldið tafarlaust áfram, eins og öll brjef ættu að geta gert, nema póstarnir hittist hjer.

Landshöfðingi: Ef menn líta á burtfarardaga pósta frá Rvík, þá eru þeir á líkum tíma, en Suðurland hefir tveim póstgöngum fleira á sumrum. En þetta kemur að eins niður á nokkrum hluta landsins og nær að eins yfir sumartímann, en viðauki sá, sem hjer er farið fram á, á að ná yfir land allt. Viðvíkjandi því, að eitt árið voru 15 póstferðirnar, skal jeg geta þess, að hin síðasta gekk fram á næsta ár. Það var heldur aldrei meiningin, að þær ættu að vera 15 framvegis, en til þess að koma lagi á póstferðirnar samkvæmt því, sem þingið þá vildi vera láta, var það allsendis nauðsynlegt, að hafa þær 15 þetta eina ár.

Jón Jónsson, þm. A.-Sk.: Hæstv. landshöfðingi hefir þegar tekið fram það, sem jeg ætlaði mjer að segja, að ef þingsályktunartillaga þessi ásamt breyt.till. yrði samþykkt, þá mundi það hafa í för með sjer töluverðan kostnað fyrir landssjóð; það fje yrði að veita á fjárlögunum, því neðri deild ein getur ekki lagt þann kostnað á landssjóðinn.

Það má líka ætla, að nóg fje sje þegar lagt til póstferða næstu 2 árin. Auknar póstferðir koma að minni hyggju ekki að nærri eins miklum notum og menn hyggja, og geta alls ekki bætt til hlítar úr samgönguþörfinni.

Jeg fyrir mitt leyti hefi ekkert sjerlegt á móti því, að þessum 2 aðalpóstferðum á suðausturlandinu sje sleppt; því að það hafa þegar komið svo margar bænir og tillögur um aukapóstferðir, að til talsverðra útgjalda horfir, ef allar þær ferðir eiga að komast á. Sje jeg því eigi annað ráð, en að það sje látið ganga út yfir aðalpóstferðirnar, og þeim sje fækkað.

Sighvatur Árnason: Jeg fyrir mitt leyti get tekið undir með h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.), að jeg held ekki, að þessar fyrirhuguðu gufubátsferðir geri neitt gagn, að því er póstflutninga snertir með suðurströndinni. Þær ferðir eru svo óvissar og stopular, þar sem þær að miklu leyti eru komnar undir veðráttufari, og yfir höfuð hending, að þeir viðkomustaðir geti orðið að liði, sem nefndir eru á suðurströnd landsins. Aptur á móti legg jeg ekki mikla áherzlu á það, hvort þessar 2 sumarpóstferðir, sem umtalað eru hjer á

Suðurlandi, eru látnar standa eða ekki. Jeg vil að minnsta kosti heldur, ef því væri að skipta, að fækkað sje 2 sumarferðum á Suðurlandi, en fjölga þeim yfir land allt, nefnil. að hafa 16 alls yfir, kostnaðarins vegna. Jeg álít, að póstgöngur vorar sjeu í vel viðunanlegu horfi eins og er í það heila tekið, með því líka, eins og hæstv. landshöfðingi tók fram, að, ef þessi þingsályktunartillaga, ásamt breyt.till. þeim, sem fram hafa komið, næði fram að ganga, þá mundi það auka kostnað landssjóði að töluverðum mun, og þessi tillaga ætti þá líka að vera frá öllu þinginu, en ekki frá neðri deild einni, þar sem um fjárveitingu er að ræða, sem yrði að koma í fjárlögunum. Jeg fyrir mitt leyti vil því helzt halda við það, sem nú er, og í alls engu breyta landpóstferðunum, það er að segja aðalpóstferðunum.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er að eins stutt athugasemd, er jeg vildi gera, með því að jeg er einn af þeim, sem skrifað hafa undir breyt.till. um 16 póstferðir um land allt. Ef á annað borð á að fara að gjöra breyting á póstferðunum, þá er það skoðun mín, að rjettara sje að fjölga en fækka; því það er apturför, að fækka póstferðum, og sje jeg enga ástæðu til þess, eins og nú er ástatt hjer á landi.

Mjer þykir það skoplegt, að tillaga þessi skyldi eingöngu vera komin fram af orðum, sem hent voru á lopti hjá mjer utan þingræðu, að jeg vildi heldur verða af helmingi póstferðanna en missa gufubátinn til Víkur. Jeg meinti auðvitað hvað vöruflutninga snertir, t. d. korn, kol og salt. En að því er snertir brjef og böggulsendingar, þá er jeg samdóma h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) um, að í því efni mundu gufubátarnir fá harla lítla þýðingu. Gufubáturinn mun ekki geta komið við á sæðinu frá Vík til Hornafjarðar, og væri því eigi rjett, að svipta þau hjeruð, er þar liggja að, þessum tveim póstferðum, og það því síður, sem þetta er æðistórt svæði.

Jeg er algerlega á móti því, að fækka póstferðum; það er apturför. En hins vegar skal jeg ekki halda því neitt fast fram, að póstferðunum verði fjölgað, með því líka, eins og hæstv. landshöfðingi tók fram, að það mundi hafa erfiðleika í för með sjer og þar að auki töluverðan kostnaðarauka fyrir landssjóð. Það er og álit mitt, eins og tekið hefir verið fram, að mismunur á tölu póstferða í hinum einstöku hlutum landsins hafi ekki mikla þýðingu, svo að jeg held að bezt væri, að fella allar tillögurnar, en undir öllum kringumstæðum vil jeg ekki fækka ferðunum.

Björn Bjarnarson: Jeg vil að eins lýsa yfir því, að jeg mun eigi gjöra breyt.till. þessa að kappsmáli, er jeg hefi skrifað nafn mitt undir. Hef jeg einungis gert það til þess að sýna, að jeg er ekki eins mikill íhaldsmaður í fjárveitingum til samgöngumála eins og jeg kann að hafa þótt vera í sumum öðrum fjármálum á þingi í sumar. En jeg kann illa við, að þingið, sem annars hefir sýnt sig svo örlátt á útgjöld úr landssjóði til ýmislegs, er lítla almenna þýðingu virðist hafa, skuli vilja draga inn kostnaðinn til póstferða. Vil jeg helzt láta standa við það sem er, en undir öllum kringumstæðum vil jeg ekki, að apturför eigi sjer stað í þessu efni.

ATKV.GR.: Orðin í till.: »Neðri deild — land allt«, voru felld með 13 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
Ben. Kristjánsson,	Bj. Bjarnarson,
Bj. Sigfússon,	Bogi Melsteð,
Jens Pálsson,	Guðl. Guðmundss.,

Já:	*Nei*:
Jón Jónsson, N.-M.,	H. Kr. Friðriksson,
Ól. Briem,	Jón Jónsson, A.-Sk.,
Sk. Thoroddsen.	Jón Þorkelsson,
	Sighv. Árnason,
	Sigf. Árnason,
	Sig. Gunnarsson,
	Þór. Böðvarsson,
	Þórð. Guðmundss.,
	Þorl. Guðmundsson.

Tillagan öll þar með fallin.

Fertugasti og sjöundi fundur, fimmtudag 24. ág. kl. 12 á hád.

Allir á fundi.

Frumv. til laga um fjárforræði ómyndugra (C. 470, 620); 1. umr.

Framsögum. (Halldór Kr. Friðriksson): Jeg þarf ekki að vera langorður um þetta mál, því eins og menn sjá af nefndarálitinu, ræður nefndin h. þingd. til að fella það. Vjer vitum, að frumv. þetta er komið frá h. efri deild og rjeð nefndin þar líka til að fella málið. Nefndin, sem hjer var skipuð, hefir skoðað frumv., en ætlar að í því sjeu engar ákvarðanir, er sjeu til verulegra bóta á gildandi lögum í þessu efni. Nefndin er fullkomlega á því, að tilskipun 18. febrúar 1847 þurfi að endurskoða, en — það þarf að endurskoða hana frá upphafi til enda. Til þess að lengja nú ekki tímann, ræður nefndin h. þingd. til að fella nú málið, því eins og það er, er það ekki til neinna bóta. Ákvæði frumv. eru hjer um bil öll hin sömu sem í tilsk. 18. febr. 1847, en þó eru ýms mikilvæg ákvæði felld burtu. Af því þetta er 1. umr., þá má ekki fara út í einstakar greinar frumv., enda kæri jeg mig heldur ekki um það, því jeg vona, að h. þingd. verði nefndinni samdóma um, að rjettast sje að fella málið nú þegar.

Jón Jónsson, þm. Eyf.: Jeg vil leyfa mjer að gera þá athugasemd, hvort ekki muni þó rjettara að láta mál þetta ganga til 2. umr. Nefndin viðurkennir í áliti sínu, að hjer sje um mikils varðandi mál að ræða, en ef deildin fellir málið nú, þá lítur svo út, sem hún vilji ekkert með það hafa. Það kann jeg ekki við, og vil því leggja það til, að h. þingd. lofi málinu að ganga til 2. umræðu.

Framsögum. (Halldór Kr. Friðriksson): Í sjálfu sjer er ekkert mikið á móti því að vísa frumv. til 2. umr., en jeg sje ekki, að til laugardagsmorguns sje auðið að koma fram þeim breytingum, sem gætu orðið frumv. til verulegra bóta; því ef málið á að verða að gagni, þá verður að taka tilsk. 1847 alla fyrir til íhugunar og endurbóta. Þessu er eigi auðið að koma við til 2. umr, og því hygg jeg enn rjettast að fella málið nú.

Sigurður Gunnarsson: Jeg verð að vera samdóma h. þm. Eyf. (J. J.) um, að rjett sje að lofa máli þessu að ganga til 2. umr. Málefnið er mikilsvert, þó frumv. hafi mikla galla. Það er því anðvitað ekki til þess að hugsa, að hafa málið fram á þessu þingi, en hjer er að eins um það að ræða, á hvern hátt h. þingd. þykir viðfeldnast að skilja við það.

Klemens Jónsson: Jeg verð að taka undir með h. framsögum. (H. Kr. Fr.) um, að engin ástæða sje til að láta mál þetta ganga til 2. umr. Jeg sje ekki, að málið græði neitt á því, því það er sýnilegt, að ekki er hægt að breyta frumv. svo til 2. umr., að það verði frambærilegt. Nefndin hefir íhugað málið og fundið, að á frumv. eru svo mikl-

ir gallar, að ekki er hugsandi til að bæta það svo á þeim stutta tíma, sem eptir er, að það verði frambærilegt sem lög. Það er ekki leyfilegt að fara út í einstök atriði málsins við þessa umr., en jeg vil þó leyfa mjer að benda á eitt atriði, sem sýnir, hvílíkir gallar eru á frumv. Eptir gildandi lögum er það skylda, að koma fje ómyndugra á vöxtu gegn veði í fasteign, en eptir frumv. á að leggja fjeð inn í landsbankann, en alls ekki að lána það gegn veði í fasteign. Svona eru gallarnir á frumv. Úr því nú ekki er hægt að laga frumv. nú á þinginu, þá verð jeg að álíta rjett að fella það nú þegar frá 2. umr. Það mætti þá byrja á þessu frumv. á næsta þingi hjer í deildinni, og eins gæti verið, að stjórnin vildi taka málið að sjer, undirbúa það betur og leggja það fyrir næsta þing, og væri þá meiri von að það yrði leitt til lykta á næsta þingi á viðunanlegan hátt. En að halda nú á fram að ræða frumv., sem enginn tími er til að bæta og engin líkindi eru til að geti komizt fram, sje jeg ekki að sje til neins gagns. Jeg sje heldur ekki, að fremur sje þörf á að halda þessu máli lengra áfram en svo mörgum öðrum jafnmerkum málum, sem annaðhvort alls ekki eru tekin á dagskrá, þegar komið undir þinglok, eða þá svæfð við 1. umr. Allt fyrir það neitar enginn að þetta er mikilvægt mál.

Jón Jónsson, 2. þm. Eyf.: H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) játaði, að þetta væri mikilvægt mál, og að það jafnvel væri ástæða til, að stjórnin tæki málið að sjer og legði það fyrir næsta þing. En þetta sýnist mjer einmitt ástæða, sem styrki þá tillögu mína, að málið fái að ganga til 2. umr., því ef málið verður fellt í dag, þá lítur svo út, sem deildin lýsi því yfir, að hún vilji ekkert með það hafa. Jeg skil líka ummæli h. framsögum. (H. Kr. Fr.) og h. 1. þm Eyf. (Kl. J.) svo, að þeir álíti rjett að athuga málið, og því get jeg ekki skilið, að þeir geti verið því mótfallnir, að málið fái að ganga til 2. umr. og þingd. skilji heldur við það á þann hátt.

ATKVÆÐAGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 : 2 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um styrkveitingar til búnaðarfjelaga (C. 618); ein umr.

ATKVÆÐAGR.: Tillagan samþykkt orðalaust með 17 samhlj. atkv. Afgr. síðan til landshöfðingja sem *þingsályktun* frá báðum deildum alþingis.

Fertugasti og áttundi fundur, fimmtudag 24. ágúst, kl. 5 e. h. Allir á fundi.

Forseti óskaði þess, að landshöfðingja mætti þóknast, að lengja enn þingtímann, að minnsta kosti svo lengi, að fjárlögin kæmist í gegn, og las í því sambandi upp áskorun frá 12 þingmönnum um, að þingið yrði lengt til mánudags.

Landshöfðingi lengdi þingtímann til laugardags.

Forseti leitaði þá yfirlýsingar landshöfðingja um það, hvort fjárlögin mættu takast til umræðu í dag, þó frv. fyrst hefði verið útbýtt samdægurs, og gaf hann fyrir sitt leyti samþykki sitt til þess, og var það síðan samþykkt af deildinni.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (C. 639, 652—654); ein umr.

Framsögumaður (*Jón Jónsson*, 2. þm. Eyf.): Jeg fór nokkrum orðum um það, þegar þetta mál var hjer síðast fyrir deildinni, við 3. umr., hvaða stefnu nefndin fylgdi í þessu máli. Það var sú stefna, að verja sem mestu fje til samgangna og til eflingar búnaði. Jeg

lýsti því þá yfir, að jeg væri mjög vel ánægður með meðferð deildarinnar, og áleit frv. þá í mjög góðu lagi. Síðan gekk frv. til efri deildar, og þar eru gerðar á því nokkrar breytingar, sem ekki eru í góðu samræmi við stefnu þá, sem neðri deild fylgdi. Breyt.till. efri deildar ganga í þá átt, að útgjöldin hækka nokkuð. Eptir því, sem mjer hefir talizt til, þá verður sú hækkun á útgjöldunum um 15000 kr., en aptur á móti hefir hún lækkað aðra liði, svo hækkunin öll er hjer um bil 8000. Þegar litið er á það, í hverju hækkunin sje fólgin, þá kemur í ljós, að stefna efri deildar er nokkuð önnur en neðri deildar. Efri deild hefir lækkað mest upphæðirnar í 10. gr., eða með öðrum orðum viljað taka sem mest af því, sem ætlað var til eflingar búnaði, og einn lið þar hefir hún alveg fellt burtu; en sá liður gengur út á það, að leggja fje fram til þess, að verja jarðeign eina skemmdum, sem er eign landssjóðs, sem sje Steinsmýrarengjar. En aptur á móti hefir hún verið örlátust þegar til 13. gr. kom, sem sumir kalla »bitlingagreinina«, því þar hefir hún ýmist bætt inn útgjaldaliðum eða hækkað aðra. Meðferð efri deildar hefir því verið nokkuð önnur en neðri deildar á máli þessu. En þó svo sje, þá hefir fjárlaganefndinni í neðri deild ekki þótt ráðlegt, að beita kappi og færa allt niður aptur og koma öllu í samt lag, heldur vill hún eins og mögulegt er miðla málum.

Jeg skal þá snúa mjer að þeim breyt.-tillögum, sem fyrir liggja, en þær eru svo margar, að það hefði nálega verið ástæða til þess, að skipta þeim í kafla og hafa atkvæðaskrá. En þar sem það er ekki, verð jeg að taka þær fyrir eins og þær falla inn í frv., án þess að jeg taki tillit til þess, hvaða þingskjali þær eru á, og byrja því fremst á frv.

Þá kemur fyrst viðaukatill. frá þm. A.-Skapt. (J. J.) um, að aptan við athugasemdina í 10. gr. A. 1. bætist: »þó því að eins, að amtmannsembættið fyrir norðan og austan ekki verði veitt sem sjerstakt embætti«. Til þess að tefja eigi tímann, þá finn jeg eigi ástæðu til þess að tala um þetta; jeg veit, að flutningsm. (J. J., A.-Sk.) muni skýra það mál, en meiri hluti nefndarinnar mun eigi gefa atkvæði með þessari tillögu.

Þá kemur önnur breyt.till. frá nefndinni um, að hækka aptur styrkinn til búnaðarskólanna á Hólum og Eiðum. Þetta er sá styrkur, sem efri deild hefir lækkað mest. En nefndin hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að Hólaskóli fengi 9000 kr. á fjárhagstímabilinu. Það sem honum var ætlað áður, hefir sumum þótt nokkuð hátt, og til þess að gera þetta ekki að neinu kappi, þá höfum vjer lagt þetta til, og vona jeg að það verði samþykkt. Jeg skal ekki fara fleiri orðum um þetta efni; það hefir verið allmikið rætt yfir höfuð um skóla, og hafa og skoðanir manna verið deildar um það.

Þá er breyt.till. frá h. þm. V.-Sk. (G. G.). Það hefir áður verið farið fram á, að veittar væru 1000 kr. til varnar Steinsmýrarengjum, en sú till. hefir verið felld í efri deild. Nú hefir þessi h. þm. komið fram með aðra, sem gengur í sömu átt, en fer eigi fram á meira en 750 kr. styrk, sem þar að auki er bundinn allhörðu skilyrði gagnvart ábúendum þessarar jarðeignar. Till., eins og hún áður var, hafði gott fylgi, og jeg vona því, að þessi mæti eigi mótspyrnu, og þarf jeg þá ekki að mæla neitt fram með henni.

Þá koma allmargar breyt.till. frá h. þm. Borgf. (B. B.), og þá hin fyrsta um það, að fella burtu styrk til aukalæknis í Strandasýslu. Nefndinni þótti

eigi ráðlegt að fara fram á, að þetta yrði fellt burt. Þetta var samþykkt í einu hljóði í efri deild. Jeg veit eigi, hvernig h. þingd. lítur á þetta mál, en meiri hluti fjárlaganefndarinnar gefur eigi þessari breyt.till. atkvæði sitt. Þótt meiri hluti nefndarinnar leggi til, að styrkur til aukalæknis í Suður-Þingeyjarsýslu sje felldur, þá get jeg eigi fyrir mitt leyti verið með því. Það er leiðinlegt fyrir þingið, að vera að fella sumar bænarskrár um aukalækna, en samþykkja aðrar, þannig, að slík fjárveiting sje eins og komin undir teningskasti, þar sem víða mun vera þörf á því, að læknum verði fjölgað.

Þá kemur till. um, að styrkurinn til aukalæknisins Björns Ólafssonar á Skipaskaga til þess að setjast að sem augnalæknir í Reykjavík sje færður niður úr 2000 kr. í 1800. Það er sá galli á breyt.till., að 1800 hefir fallið úr á síðari staðnum, svo það lítur út eins og styrkurinn eigi að eins að veitast fyrra árið, en jeg vona, að það þurfi eigi að verða honum að falli. Við fyrri umræður þessa máls fekk það allgóðan byr, að þessi styrkur skyldi eigi vera hærri en 1500 kr., og jeg er enn á sömu skoðun, þrátt fyrir það, sem um þetta hefir verið rætt og ritað síðan, að þetta sje sómasamleg borgun. Jeg get eigi sjeð neina ástæðu fyrir þingið að veita þessum eina »specialista« meir en þetta, þar sem fleiri eru til, sem það ekki hefir tekið neitt tillit til. Með þessari till., eins og fleirum, vill nefndin mæta á miðri leið, og því hefir hún stungið upp á 1800 kr. handa honum.

Þá er breyt.till. frá þm. Borgf. (B. B.) um, að styrkurinn til Nickolins tannlæknis sje felldur burtu. Um þetta hefir allmikið verið rætt, og hann komst eigi inn í frv. í neðri deild, en þó vill meiri hluti nefndarinnar eigi að hann sje felldur burtu. Að vísu eru þær ástæður, sem færðar hafa verið gegn þessari styrkveitingu, enn hina sömu og áður voru, en þegar einn gjaldliður er búinn að ná þeirri festu, að hafa verið samþykktur í annari deildinni, þá er leiðinlegt fyrir hina að fella hann.

Við 3. umr. í efri deild í gærkveld var því hreift, að hækka ölmusustyrkinn til prestaskólans. Þetta getur nefndin eigi aðhyllzt, af þeirri ástæðu, að nú eru nemendur þar mjög fáir, og engar líkur til þess, að aðsóknin að skólanum aukist á þessu tímabili. Þar við bætist og, að þessi skóli hefir eigi alllítinn styrk úr annari átt.

H. efri deild hefir og hækkað ölmusurnar við lærðaskólann um 500 kr. síðara árið, frá því sem neðri deild hafði ætlazt til, þannig, að þær verði jafnháar bæði árin. Hvort þær verði 500 kr. meiri eða minni, getur nefndin eigi farið að gera að neinu kappsmáli.

Nefndin vill að liðurinn um að veita fje til þess að kaupa hús Stefáns Stefánssonar á Möðruvöllum sje felldur burtu. Þegar þessi fjárveiting var hjer fyrir deildinni, þá var hún felld, og nefndin er á sama máli nú og áður. Hún heldur því fram, að sá sem er ábúandi Möðruvalla, eigi að eiga hús sitt sjálfur sem hann býr í, og í annan stað hefir hreifing komið í þá átt, að flytja skólann þaðan burt. Þannig lítur meiri hluti nefndarinnar á málið, og hygg jeg að ástæður hans sjeu á rökum byggðar.

H. efri deild hefir sett inn í frumv. styrk til þess, sem kennir málleysingjum, til að hafa aðstoðarkennara, að upphæð 150 kr. Nefndin er á sama máli um þetta og áður, að ekki sje full ástæða til þess, bæði af því, að landssjóði ber eigi að borga þann kostnað, er af þessari kennslu leiðir, samkvæmt meðferð þingsins á öðru máli, sem átti skylt við þetta, og í öðru lagi er þetta mjög viðsjáll vegur, að veita

þetta fje árlega, því svo gæti farið, að þetta festist og stæði svo sem útgjaldagrein landssjóðs um aldur og æfi; þessvegna væri heppilegra að veitt væri eitthvað fje til þess einu sinni fyrir allt. Jeg verð að vera á sömu skoðun og jeg hef áður verið, að vjer eigum að forðast að gefa tilefni til fastra launa, því þótt slíkar upphæðir sjeu litlar, geta þær dregið sig saman, og orðið stór upphæð á endanum.

Það, að veita 600 kr. styrk til útgáfu kennslubóka, mætti allmikilli mót spyrnu, og var að lokum fellt, en efri deild hefir tekið það upp aptur. Við umræðurnar um það kom það í ljós, að mönnum þótti þetta of hátt, en á hinn bóginn voru þó flestir á því, að eitthvað skyldi veita til þess. Nefndinni þótti þessi upphæð einnig of há, og þess vegna hefir hún nú lagt það til, að hún yrði lækkuð um helming eða niður í 300 kr. hvort árið.

Þá leggur nefndin til, að skilyrðið fyrir styrkveitingunni til forngripasafnsins sje sett inn aptur. Nefndin vill láta þetta fje hrökkva til að ljúka verkinu, en óttast, að ef skilyrðið er ekki haft, þá kunni svo að fara, að fje verði að veita enn á ný, ef þetta er fellt burtu. Efri deild hefi gert þá breyt. við athugasemdina, um registrið við fornbrjefasafnið, að skilyrði þetta verði fellt burtu, en það eru flestir á sama máli um það, ef nokkur not eiga að verða að útgáfu þessari, þá verði registur að fylgja með. Þess vegna hefir nefndin lagt til, að þetta registur verði látið fylgja með. Reynslan hefir sýnt, að þetta er framkvæmanlegt, og því engin ástæða til þess, að sleppa því.

Þá er breyt.till. frá h. 1. þm. Rangv. og h. 2. þm. Húnv. um það, að styrkurinn til kennarafræðslunnar og til skólaiðnaðarkennslu verði færður niður um helming. Jeg get hvorki talað með nje mót þessari till.; jeg þekki ekki ástæður flutningsmanna, en get að eins látið það í ljósi, að þegar einhver gjaldliður hefir óumtalað gengið í gegnum báðar deildir, þá er óviðfeldið að fara að breyta honum eptir það, nema brýn nauðsyn væri til.

H. þm. Borgf. (B. B.) vill fella burtu styrkinn til Skúla Skúlasonar. Jeg held að það sje mjög fátt, sem hefir fengið eins lítil mótmæli og þessi styrkveiting, og jeg ímynda mjer, að fáir þingm. muni hafa nokkuð á móti því. Nefndin leyfir sjer því, að mæla eindregið móti þessari till.

Þá koma breyt.till. við 13. gr. C. 19 tölul., sem er um styrk til D. Thomsens til að ferðast og kynna sjer sölu á íslenzkum vörum. Við þennan lið eru 3 breyt.till. Þessi styrkveiting var sett inn við 3. umr. og var samþ. án þess um það væri mikið rætt, með miklum atkvæðum. Í efri deild var það talsvert rætt og lagði fjárlaganefndin þar það til, að styrkurinn væri felldur burt, en sú till. var felld. Ein af þessum þremur breyt.till. gengur út á það, að fella þennan styrk alveg burt. Sú till. er frá sessunautum mínum, h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) og h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.), og jeg get ekki neitað því, að jeg er dálítið hneigður fyrir að gefa þeirri till. atkv. mitt, en jeg veit, að flutningsmennirnir munu færa ástæður fyrir því, svo jeg fer eigi meira út í það.

Þá kemur breyt.till. frá h. þm. Borgf. (B. B.), sem gengur út á það, að færa styrkinn niður um 800 kr., og þar sem jeg er á móti þessum styrk, þá mun jeg fremur styðja það, sem fer í þá átt að lækka hann. Þessi maður, sem um er að ræða, hefir eigi sótt um þetta af því hann skorti fje, og þó hann fái 1800 kr., þá mundi það fje eigi hrökkva langt upp í ferðakostnaðinn. Jeg get nú eigi litið öðruvísi á þessa styrkveit-

ingu en að hún sje trausts yfirlýsing þingsins á þessum manni, en um árangurinn hef jeg minni von.

Þá er breyt.till. um það, að þessi styrkveiting orðist á þessa leið: Ferðastyrkur til verzlunarfróðs manns til þess að kynnast sölu á íslenzkum vörum, einkum á Bretlandi, Spáni og Portúgal, og gefa skýrslu um það mál, 1800 kr. fyrra árið. Landsstjórnin hefir umráð yfir fjárveiting þessari. Ef þetta verður samþ., þá er það á valdi landsstjórnarinnar, hvort hún veitir það eða ekki, eða hverjum hún veitir það. Jeg kynni talsvert betur við, ef þessi styrkur væri veittur á þennan hátt. Jeg hef alls ekkert vantraust á þessum manni, sem hjer er til nefndur, en jeg efast heldur eigi um það, að stjórnin gæti fengið einhvern eins hæfan; og jeg lýsi því yfir, að verði till. um að veita hið minn felld, þá mun jeg gefa þessari till. atkv. mitt.

H. þm. Borgf. (B. B.) leggur til, að styrkurinn til útgáfu orðabókanna verði felldur burt. Þessi styrkur fjell við 3. umr. í neðri deild með jöfnum atkv., en efri deild tók hann aptur upp, og samþ. hann með nokkrum atkv., svo það er auðsjeð, hvernig fara muni, ef það kemur í sameinað þing.

Þá hefir nefndin lagt það til, að nýr liður bætist inn í, um 150 kr. styrk handa Tómasi Helgasyni lækni, til þess að gefa út bók um eyrnalækningar. Nefndin játaði að vísu áður nauðsynina á slíkri bók, en með því að stefnan var þá sú, að spara sem mest, sá hún sjer ekki fært að mæla með styrkveitingu þessari. En þar sem nú er búið að veita 2 specialistum háa styrki, nefnilega Nickolin tannlækni 500 krónur og Birni Ólafssyni 2000 krónur, þá sýndist nefndinni það einnig rjett, að veita þennan lítilfjörlega styrk einu sinni fyrir allt, þó með þessu skilyrði, að vissa sje fyrir, að bókin komi út. Þessi grein læknisfræðinnar er engu síður þörf en hinar tvær; og víst er um það, að ef bók þessi verður aðgengileg fyrir almenning, þá munu og fleiri græða á henni heldur en á tannlækningum, sem opt og einatt misheppnast.

H. varaforseti (Þ. B.) og h. þingm. Rvík. (H. Kr. Fr.) hafa komið fram með breyt.till. um að veita Schierbeck landlækni 2500 krónur í viðurkenningar- og þakklætisskyni. Þetta er eitt af því, sem talsvert er búið að hreifa, þótt ekki hjer, heldur í h. efri deild. Þessi heiðursmaður hafði sótt til þingsins um 5600 krónur, en það var enginn í þessari h. deild, sem sá ástæðu til, að koma fram með tillögu í þá átt. Fjárlaganefndin í h. efri deild gjörði það ekki heldur; en þar var komið fram með þá tillögu af 2 h. þingmönnum, að honum væru veittar 3000 kr., »sem uppbót á launum hans«, en þar var hún felld.

Þessi tillaga sem nú liggur fyrir var ekki komin fram, þegar nefndin hjelt fund með sjer í gærkvöldi, og get jeg því ekki sagt álit nefndarinnar í því efni. En jeg segi fyrir mitt leyti, að hefði tillagan verið orðuð eins og hún var orðuð í h. efri deild, þá hefði jeg algjörlega verið henni mótfallinn. En, eins og hún nú er orðuð, get jeg ekki mælt móti henni; því að maður þessi hefur áunnið sjer svo mikið traust hjá almenning, að hann á þessa viðurkenning sannarlega skilið, ef honum gæti orðið nokkur gleði að því. Mun jeg gefa tillögunni atkvæði mitt.

H. þm. Borgf. (B. B.) leggur það til, að ellistyrkurinn til frú Torfhildar Holm sje felldur burt. Þessi styrkveiting var samþykkt við 2. umræðu hjer í deild-

inni og hefir ekki verið rótað við henni síðan. Jeg vildi óska, að h. þm. Borgf. (B. B.) hefði nú ekki komið fram með þessa tillögu; því að ef hún verður samþykkt, þá finnst mjer það bera meiri vott um hverfulleik í hugskoti h. þingdeildar en æskilegt er, þar sem hún hefur þegar samþykkt styrkveitingu þessa. Og jeg vil lýsa því yfir, að mjer finnst meira los á fjárlögunum nú, eptir að þau eru komin frá h. efri deild, heldur en áður átti sjer stað hjer í h. deild, og einmitt fyrir þetta los er styrkurinn til útgáfu eyrnalækningabókarinnar og fleira kominn inn í till. Jeg vakti athygli manna á því, að 13. gr. hefði hækkað stórmikið í meðferð h. efri deildar. Það þykir mjer stefna í ranga átt.

Það hafa líka sannarlega komið fram allt of margar breytingartill., og væri óskandi, að svo væri ekki.

Jeg vil að endingu taka það fram, að tillögur nefndarinnar eru svo vægar, að ef þær eiga að verða að kappsmáli milli h. deilda, þá þykist jeg sjá, að ætlazt sje til, að teningskastið fái að ráða úrslitum fjárlaganna í sameinuðu þingi.

Jón Jónsson, þm. A.-Skaptf.: Jeg mun hafa verið sá eini af öllum fjárlaganefndarmönnum, sem ekki tók til máls við fyrri umræður málsins; mjer þótti nógir verða til að tala, þótt jeg gengi undan, enda var jeg fullkomlega ánægður með varnir h. framsögumanns, og sá því eigi ástæðu til þess, að tala sjálfur. En úr því jeg nú er staðinn upp, þá vil jeg að eins minnast á aðalstefnu þá, er nú ræður í fjárlögunum. Öllum mun kunnugt, að síðan þingið fjekk fjárforræði, hafa útgjöldin smátt og smátt aukizt. Þessi útgjalda-auki stafar mestmegnis af því, að meira og meira er lagt í samgöngur, til eflingar búnaði og til menntamála. Þetta er allt saman mjög gott og þarflegt, en samt hygg jeg, að það, sem allir eru helzt samdóma um, sje hið ómetanlega gagn, er samgöngu-bæturnar hafa í för með sjer; og mun alþýða manna sízt vanþakka þinginu fyrir það örlæti, er það hefur sýnt í því efni. Menn hafa lengi verið að berjast fyrir, að bæta samgöngurnar; vegir hafa og víða verið bættir, sjerstaklega meðan hinn núverandi landshöfðingi hefur verið í embætti, en mest hefur það þó komið niður á þeim vegum, sem eru í nánd við höfuðstaðinn.

Jeg skal ekki mikið ámæla þessari stefnu, því að hún er að nokkru leyti eðlileg. Ef of mikið er tekið fyrir í einu, eða of margir vegakaflar, þá er líklegt, að það verði lítið, sem gjört er á hverjum stað. En samt þykir mjer það í mesta lagi, sem gengið hefur til vega í nánd við Reykjavík, eða hjer á Suðurlandi yfirleitt.

Þá koma nú strandferðirnar. Menn höfðu þegar lengi búið við hið danska gufuskipafjelag eitt, þegar gufubáturinn á Faxaflóa var fenginn. Nú er stigið stórt spor til framfara með því, að fá bát þennan hingað, og eru menn víst almennt mjög ánægðir með það, en mestu mun þó þykja skipta, ef hinar nýju strandferðir, sem þingið hefur nú lagt svo mikið fje til, heppnast vel, sem vonandi er og óskandi.

Þá kemur styrkurinn til búnaðarmála. Um hann veit jeg nú ekki, hvað segja skal. Það getur að minnsta kosti verið nokkurt vafamál, hvernig honum er varið. Búnaðarskóla-kennslan hefur hingað til ekki verið sem þjóðlegust. Og jeg er hræddur um, að það, að mörgum er ekki um búnaðarskólana, eigi rót sína í því, að þeim þyki ekki styrkurinn koma að tilætluðum notum, af því að búfræðismenntunin samþýðist ekki nógu vel landsháttum vorum.

Sömuleiðis getur það að mínu áliti verið álitamál, hvort styrknum til búnaðarfjelaganna er vel varið.

Þá koma menntamálin, og koma þá til athugunar Möðruvallaskólinn, sem er stofnaður af landsstjórninni, og Flensborgarskólinn, sem er stofnaður af einstökum manni, en sem landssjóður hefir styrkt mjög ríflega. Þá kvenna- og barnaskólarnir, og loks embættismannaskólarnir, sem eru sjálfsagðir frá fornu fari.

Allir þessir skólar eru í sjálfu sjer mjög nytsamir og jafnvel nauðsynlegir, en það getur verið álitamál, hvar styrkurinn kemur bezt niður, og jeg fyrir mitt leyti vil taka það fram, að jeg er helzt á því, að ölmusu-styrkur ætti stöðugt að fara minnkandi, svo að embættismannaefni fengi sem aðrir menn sem mesta hvöt til, að bjarga sjer sjálfir.

Hvað viðvíkur fjárframlögum til latínuskólans og hinna æðri skóla, þá er það auðvitað tilhlýðilegt, að veita svo mikið fje, sem nauðsynlegt er til þess, að landsstjórnin ætíð hafi nóga embættismenn til þeirra embætta, er sjálf sögð eru. Og eins þarf að veita nægilegt fje til embættislauna, en ekki of mikið.

Hjer á landi er svo háttað, að þörf er á fleiri embættismönnum en annarsstaðar, þar sem landið er svo strjálbyggt og torfærur miklar hamla víða samgöngum. Embættismenn verða þannig dýrari hjer en annarsstaðar. Þess vegna álít jeg, að spara eigi þar sem spara má; óþörf embætti álít jeg meðal hinna skaðlegustu liða í fjárlögunum. Nú hafa á undanförnum þingum komið fram tillögur um, að leggja niður amtmannaembættin. Frá hinum hæstv. landshöfðingja og fleirum hafa komið þau mótmæli móti þessu, að eigi væri auðgjört, að koma haganlega fyrir störfum amtmanna, ef þessi embætti væri lögð niður, og það væri jafnvel ómögulegt nema með því móti að gjöra algjörða breytingu á umboðsstjórninni. En nú hefir stjórnin á síðari tímum sýnt, að hún telur þó gjörlegt að fækka þeim. Áður voru amtmannaembættin 3 að tölu. Þá voru amtmennirnir með fram nokkurs konar yfirsveitarstjórn hver á sínum stað; en nú eru komin ný sveitarstjórnarlög, sýslunefndir og amtsráð, og hefir verkahringur amtmanna minnkað síðan. Það hefir stjórnin sjeð, og því hefur hún lagt niður amtmannsembættið fyrir vestan. Eins held jeg að nú mætti sameina þau tvö amtmannaembætti, sem nú eru. Eins og öllum er kunnugt, hefir frumv. í þessa átt gengið í gegnum þessa h. deild, og hefir verið samþykkt við 1. umr. í efri deild, en það er ólíklegt, að það komist í gegnum þingið, vegna þess, að tíminn er orðinn svo naumur. Þess vegna hefi jeg komið með viðaukatillöguna við 10. gr. A. 1., til þess að láta vilja þingsins í ljósi í því efni; því það mun eigi hægt á annan hátt, þar sem frumv. fer líklega ekki frá þinginu sem lög í þetta skiptið. Það er og kunnugt, að amtmannsembættið syðra hefir staðið óveitt árin 1882—1886, og þjónaði því hinn núverandi hæstv. landshöfðingi, sem þá var yfirdómari; bar ekki á öðru en að þá gengi allt vel. Nú hefir það aptur staðið autt í 2 ár, og er nú þjónað af einum yfirdómaranum. Jeg get því ekki betur sjeð en að stjórnin standi sig við að láta það standa óveitt næsta fjárhagstímabil, með því að þá mundi sparast mikið fje landinu, ef frumv. kemur fram aptur á næsta þingi, eins og sjálfsagt má gjöra ráð fyrir. Það er kunnugt, að hinn núverandi amtmaður í norður- og austurumdæminu hefir sótt um að komast hingað til

Reykjavíkur, svo framarlega sem hann fengi að halda launum sínum óskertum. Með því að hann er þekktur sem ágætur skrifstofumaður, þá efast jeg ekki um, að ef hann fengi talsvert aukið skrifstofufje sitt, þá mundi hann geta þjónað því amtmannsembætti, er næði yfir allt landið. Vona jeg að till. fái góðan byr. H. framsögumaður talaði fullvel máli nefndarinnar, og þótt jeg sje eigi honum samþykkur að öllu leyti, þá finn jeg samt ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um málið, enda er tíminn orðinn mjög naumur.

Þorlákur Guðmundsson: Eins og h. framsögumaður tók fram, liggja hjer fyrir 3 breyt.till. við 13. gr. C. 19. um ferðastyrk til kaupmanns Thomsens. Sú styrkveiting gekk í gegn hjer í deildinni með talsverðum atkvæðamun við 3. umr. málsins; fjellst h. efri deild á hana, enda þótt nefndin legði á móti. Jeg bjóst sízt við því, að það færu að koma fram tillögur um, að draga þessa veitingu út, eptir að það hefir verið samþykkt í báðum deildum. Ef nú á að fara að fella burtu lið þennan, þá má ætla, eins og áður hefir verið sagt í spaugi hjer í deildinni, að menn hafi »öðlazt æðri og betri þekkingu«. Mjer mundi þykja það kynlegt, ef farið væri nú að fella þennan styrk, sem báðar deildir hafa samþykkt með talsverðum atkvæðamun. Upphæðin er ekki há, og tilgangurinn er sá, að hlynna að atvinnuvegum landsmanna; það játa allir. En auðvitað er ómögulegt að segja það fyrir, hver árangurinn muni verða. H. framsögumaður var ekki á móti styrk þessum við 3. umr. málsins, þegar þessi fjárveiting var hjer til umræðu og atkvæða, ef jeg hefi þá skilið hann rjett, og hann tók það fram viðvíkjandi breyt.till. þeim, er komið hafa fram við þennan lið og suma aðra, t. d. við ellistyrkinn til Torfhildar, að það væri undarlegt að fara að breyta þessu, sem þegar er búið að fá festu í frumv., eptir að báðar deildir hafa samþykkt það, og get jeg tekið undir með honum í því efni, og vona því, að hann og aðrir h. þingmenn sjeu flestir á þessu. Mig furðar á, að h. þm. Borgf. (B. B.) skuli hafa komið fram með breyt.till. um að lækka styrk þennan niður í 1000 krónur, hann, sem svo opt hefir verið að tala um, að lítið væri lagt til búnaðar og atvinnuveganna. Hjer er eiginlega ekki um bitling að ræða, þar sem fjárveiting þessi er, heldur að gera tilraun með að koma afurðum landsins í hærra verð. Ekki er hjer að ræða um mann, sem er í peningaþröng, eða sem specúlerar í því að lifa af þessum krónum. Jeg hefi heyrt hjá ýmsum mönnum utan þings, þótt eigi sje það vant að hafa mikil áhrif á mig, sem þeir segja í þingmálum, að margt mundi öðruvísi fara á þingi, ef það væri haldið uppi á Kaldadal t. d., enda get jeg ekki neitað því, að jeg hefi stundum haft veður af því, að þm. ljetu það hafa allt of mikil áhrif á sig, er rætt er við þá utan þings.

Skal jeg svo ekki orðlengja að sinni, en jeg treysti því, að þeir sem greiddu atkvæði með styrk þessum við 3. umr., muni einnig gjöra það nú, því að jeg skil ekkert í þessari »æðri og betri þekkingu», sem hjer virðist að koma fram, ef að þessi liður nú verður felldur.

Guðlaugur Guðmundsson: Af því að jeg á hjer breyt.till., ætla jeg tala að eins fá orð; að vísu gerist þess ekki mikil þörf, því að h. framsögum. (J. J.) tók tillögunni svo vel, og jeg vona, að h. deild bæði hafi heyrt og fallizt á það, sem hann sagði. Breyt.till. fer fram á, að veittar sjeu 750 kr. til þess að verja eina af eignum landssjóðs skemmdum,

þó með því skilyrði, að ábúendurnir leggi fram 1/4 af því, sem verkið kostar og að það sje unnið undir umsjón búfræðings og eptir fyrirsögn hans. Jeg get ekki með vissu sagt, hve mikils virði þessi eign er, en nokkrum þúsundum króna skiptir það. Það var tekið fram í efri deild, að ábúendurnir mundu sækja um kauprjett á jörðunum, þegar búið væri að veita fjeð til jarðabótanna. Það getur verið, að þeir geri það, en það getur líka verið að þeir geri það ekki, og ekki ómögulegt að þeir geri það hvort sem er. En vitaskuld er það, að ef jarðirnar eyðast að meiru eða minna leyti, þá lækka þær í verði, en verði hægt að varna þeim skemmdum eða jafnvel bæta þær, þá haldast þær í hærra verði, og það tiltölulega miklu hærra verði en fjárupphæð sú, sem hjer er farið fram á að veita, til þess að verja þær skemmd um. Að skýrslan um Steinsmýrarengjarnar er ekki fullnákvæmleg eða ítarleg, stafar ekki af því, að þær hafi ekki verið rannsakaðar, og að skurðstæðið hafi ekki verið mælt, heldur af því, að búfræðingurinn, sem þetta hafði á hendi, var að eins stutta stund hjer í bænum; hann hugsaði, að hann gæti fengið fjeð umboðsveginn, og gaf því ekki eins ítarlega skýrslu og hann mundi ella hafa gjört og hefði gert, ef hann hefði dvalið lengur hjer í bænum. Jeg get ekki betur sjeð, en að það sje beinn hagur fyrir landssjóð, að bjarga þessari eign sinni, og það er hyggilegra að bregða brátt við, því að ekki er víst, að hún standi óeydd fram á fjárhagstímabillð 1896—97; þá getur hún verið eydd orðin, og of seint að byrgja brunninn. Að sjálfsögðu getur hún og staðið meira eða minna óeydd; en það er varla ráðlegt að tefla á tvær hættur um það. Þessi tillaga mætti ekki andmælum síðast hjer í deild, og jeg hef nú komið með hana í þessari mynd, ekki af því, að jeg óttaðist, að þessi h. deild mundi ekki samþykkja hana óbreytta, eins og hún var, heldur í þeirri von, að h. efri deild mundi einnig samþykkja hana. Jeg bæti því við, þótt þess gerist eiginlega ekki þörf, að ef landsstjórnin yrði þeirrar skoðunar, að verkið væri ekki nauðsynlegt, þá sje það á hennar valdi, að verja ekki fjenu til verksins, þótt það sje veitt á fjárlögunum, heldur láta það standa óeytt.

Úr því að jeg stóð upp, þá skal jeg minnast á fáar aðrar breyt.till., sjerstaklega þó á breyt.till. við 19. lið í 13. gr. Þessi liður hefir verið samþykktur í báðum deildum, en nú er bæði farið fram að lækka hann, og einnig að fella hann með öllu burt. Jeg get tekið undir með h. framsögum. (J. J.), að mjer þykir það nokkuð undarlegt, að nú við eina umræðu skuli vera farið fram á að fella það burt, er báðar deildir hafa samþykkt áður. Jeg hygg það einmitt vera hyggilegt, að halda styrkveitingu þessari. Menn kvarta yfir verzluninni, markaðir eru að lokast, og nýir að myndast, ný skilyrði koma fyrir því, að vörurnar seljist og nýir keppinautar rísa upp; yfir höfuð breytist verzlunin og verzlunargangurinn, að segja má, með hverju ári; það er því nauðsynlegt, að verzlunarfróður maður kynnti sjer allt þetta og gæfi landstjórninni skýrslur um. Verzlunarstjettin hefir engan fulltrúa hjer á þingi, og er það óheppilegt, því að verzlunin snertir alla atvinnuvegina. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að efla landbúnaðinn og sjávarútveginn, en það er líka nauðsynlegt, að gera eitthvað til þess, að þeir sem framleiða meira en þeir brúka, geti fengið haganlegt verð fyrir afurðir sínar, og sömuleiðis, að þeir geti keypt nauðsynjar sínar á sem hagfeldastan hátt; til þessa miðar styrkveiting þessi,

og jafnframt að styðja atvinnuvegina. Aðrir en verzlunarfróðir menn geta ekki tekizt ferð þessa á hendur svo að liði muni verða, og jeg treysti fáum til að leysa erindi þetta betur af hendi en þeim manni, sem nú býður sig fram til þess, og jeg mun greiða atkvæði móti breyt.till, en halda mjer við fjárlagafrumv.

Jeg býst við, að nóg ágreiningsatriði verði um fjárlögin, þótt ekki sje farið að vekja upp ný atriði, eins og gert er nú um kennarafræðsluna og skólaiðnaðinn. Jeg hygg það vera grunnt hugsað, að vilja draga úr styrk til þessa. Kennarafræðslan er nauðsynleg til þess að nokkur trygging sje fyrir því, að fræðsla alþýðu fari í lagi, og skólaiðnaðinn álíta þeir, sem bezt skyn bera á slíka hluti, nauðsynlegan til þess að koma á jafnvægi milli uppeldis anda og líkama hjá námsmönnum, og einkargott meðal til þess að sporna við því, að líkaminn sje fyrir borð borinn hjá þeim.

Jón Jakobsson: Af því nafn mitt stendur skrifað við breyt.till. á þingskj. 560, þá skal jeg leyfa mjer að fara fám orðum um hana.

Mjer kom það hálft um hálft á óvart, að h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) skyldi hálfpartinn bregða mjer og meðflutningsm. mínum um, að vjer hefðum öðlazt æðri og betri þekkingu. Jeg get fullvissað h. þm. (Þorl. G.) um, að við höfum sömu þekkingu eins og við höfðum þegar við greiddum tveir einir atkv. móti þessari fjárveitingu, sömu þekkingu og sömu skoðun sem jeg ljet í ljósi á öndverðu þingi, þegar um verzlunarerindreka var að ræða, sömu þekkingu og jeg þegar hef öðlazt fyrir 3—4 árum. Þessi þekking er þó ekki með öllu í lausu lopti byggð, því að jeg hef dálítið kynnzt verzlunarsökum við það að vera formaður fyrir pöntunarfjelagi Skagfirðinga. Jeg verð hreinskilnislega og einlæglega að játa það, að mjer er engin breyt.till. eins óskiljanleg og þessi, því að jeg er sannfærður um, að fjárveitingin muni ekki koma að neinu liði og að það sje sama sem að kasta þessum 1800 kr. í sjóinn. Það er farið fram á að senda ungan og lítt reyndan mann til að leita að nýjum og hagfeldum markaði fyrir Íslendinga, mann, sem enginn hefir getað gefið mjer upplýsingar um, að væri neitt afbrigði í sinni grein. Jeg ímynda mjer, að unglingur, sem aldrei hefir verið í sjálfstæðri stöðu, geti ekki verið heppilegur verzlunarerindreki. Þótt jeg hafi ekki verið, nje sje, nje muni verða kaupmanna vinur, þá er jeg þó ekki svo skyni skroppinn, að jeg sjái ekki, að reyndur verzlunarmaður muni líklegri til að geta leyst þennan vandasama starfa sæmilega af hendi, en sá maður, sem varla hefir troðið barnaskó sína. Vjer vitum það, að eigingirnin er rótgróin hjá manninum, og þeir sem hafa það fyrir lífsstarf að verzla, hafa einmitt eigingirninnar sterku hvöt til þess að leita að hinum bezta markaði fyrir vörur sínar, og má ólíklegt heita, að þeir hafi þar látið nokkurs ófreistað. Hjer virðist því liggja nær, að fara til verzlunarfróðra manna hjer á Íslandi; þeir mundu geta gefið oss flestar þær upplýsingar, sem auðið er að fá; þeir mundu og geta frætt oss á því, að það er við raman reip að draga, að kippa verzlun vorri í lag. Jeg veit til þess, að þrjú hin stærstu verzlunarhús, er verzlun reka hjer á landi, hafa leitað fyrir sjer á stærstu mörkuðum heimsins, hvar bezt verð mundi fást fyrir fisk; þau hafa gengið svo langt, að þau hafa leitað til Ameríku og Asíu, en hafa haft skaðan tóman af. H. deild mun vera það kunnugt, að fyrir fáum árum var sendur

maður hjeðan af landi til þess að kynna sjer ullarsölu og leita að ullarmarkaði. Jeg þekki mann þenna persónulega og veit, að hann er greindur, gætinn og vandaður. En hver varð svo árangurinn af för hans? Varla annar en að hann gaf út bækling um ullarverkun, og í honum var fátt, er menn vissu ekki áður. Jeg veit, að tilraunir hafa verið gerðar til að bæta verð á ullu; þar á meðal hafa Norðlendingar reynt að senda út óþvegna ull, en þeir hafa skaðazt á því.

Þegar nú þannig hefir verið reynt að leita að mörkuðum handa íslenzkum vörum og bæta verð þeirra, en eigi heppnazt, þá er það ólíklegt, að þessi maður sje betur fallinn til að leysa þann knút, en allir aðrir, er það hafa reynt á undan honum.

Viðvíkjandi fiskisölunni er þess ennfremur að geta, að Norðmenn hafa sent út menn til að kynna sjer fiskimarkaðina, og liggja fyrir um það prentaðar skýrslur í bókum, sem ekki þarf að kaupa fyrir 1800 kr.

Hvað sölu á lifandi pening snertir, þá höfum vjer haft ótrauðan og ötulan mann til að leita að markaði handa honum, þar sem er Zöllner, umboðsmaður pöntunarfjelaganna. Þegar leit út fyrir, að enski markaðurinn mundi bregðast fyrir lifandi sauðfje, þá gjörði hann sjer ferð á hendur til Þýzkalands og Frakklands, til þess að leita þar að nýjum markaði fyrir íslenzkt sauðfje; en hann skrifaði mjer, að árangur af þeirri ferð hefði orðið lítill, og að torsótt væri að fá þar nýtilegan markað. Á Frakklandi var að vísu hægt að fá meira verð fyrir sauðfje en á Englandi, en innflutningstollur á því var svo hár, að það borgaði sig ekki að flytja það þangað.

Af þeim ástæðum, sem jeg hefi borið fram, hefi jeg komið með tillögu þessa, en ekki af því, að jeg hafi öðlazt æðri og betri þekkingu. Jeg hef byggt till. á minni litlu reynslu og þekkingu á verzlunarmálum, en jeg veit, að það er því miður satt, sem h. þm. V.-Sk. (G.G.) tók fram, að hjer í deild er enginn verzlunarfróður maður, og ef segja má um okkur flutningsmennina, að við berum ekki skyn á þetta mál, þá mun það ekki ofhermi, þótt svipað væri sagt um aðra h. þingd.menn. En sje það því nær hið sama, sem að kasta fje því í sjóinn, er til þessarar styrkveitingar á að ganga, þá vil jeg heldur láta 1800 krónurnar liggja kyrrar í landssjóð en fleygja þeim út.

Viðvíkjandi ölmusustyrknum til latínuskólans og prestaskólans, sem h. efri deild fer fram á að hækka, er það að segja, að fjárlaganefndin gat ekki fallizt á þá hækkun, af þeim ástæðum, sem áður hafa verið teknar fram, að ölmusurnar eiga ekki að koma öðrum að notum en þeim, sem sameina fátækt við verðleika, því að það er auðsætt, að sonur auðugs manns hefir eigi þörfina, þótt hann sje gáfaður, en son fátæka mannsins vantar verðleikana, ef hann er óefnilegur. En því meira fje sem er fyrir hendi til að veita, því meiri freisting er fyrir veitingarvaldið að veita sumum þeim styrk, sem ekki hafa bæði þessi skilyrði. Ölmusuhækkunina síðara árið við prestaskólann heyrði jeg í efri deild vera byggða á því, að nemendum gæti farið þar fjölgandi, en fjárlaganefndin áleit rjettara, að miða ölmusustyrkinn við tölu þá, er viss væri, en haga henni ekki eptir ímyndaðri nemendatölu í framtíðinni.

Björn Bjarnarson: Út af styrkveitingunni til viðgjörðar á Steinsmýrarengjum vil jeg beina þeirri spurningu að h. þingm. V.-Sk., (G. G.), hvort engjunum muni ekki hætta búin af sandfoki, ef vatninu er veitt af þeim. Mjer

skildist svo af skjölunum um mál þetta, að sandfokið að austan stíflaði kvíslarnar, svo að þær flæddu yfir engjarnar. Nú get jeg trúað því, að vatnið verndi engjarnar, með því að stör vaxi jafnharðan upp úr sandi þeim, er á þær fýkur. Eptir því sem jeg hefi heyrt af sandinum, þá mun hann vera hraðvirkur, og jeg get trúað því, að þótt hinn fyrirhugaði skurður yrði grafinn, þá mundi hann fljótt fyllast sandi. Jeg spyr þessa af því, að þessa fjárveitingu vil jeg styðja, ef von er að hún mætti verða að haldi, af því að hún miðar þó til þess, að efla atvinnuvegina; en hins vegar vildi jeg vera laus við að stuðla til þess með atkvæði, mínu, að þetta fje sje veitt, þótt ekki sje það meira en 750 kr., ef lítil von er til, að gagn verði að því. Jeg vona að h. þingm. (Guðl. G.) taki þetta talað í þeim anda, að hlynna að málinu, en ekki til að spilla fyrir því. Fyrir deildinni hafa legið fremur óljósar skýrslur um það, og því þörf að leita þeirra upplýsinga, sem kostur er á. Þó mun ekki vera trútt um, að jeg eigi hjer einhversstaðar breyt.till., sem jeg mun þurfa að minnast á.

Fyrsta tillagan fer fram á, að fella burt aukalækninn í Strandasýslu; jeg hef þó ekki beinlínis borið þessa till. fram af því, að jeg viðurkenni ekki, að Strandasýsla þurfi á lækni að halda. En mjer kemur það undarlega fyrir sjónir, að aðallæknirinn hjeldi þá að eins eptir 1—2 prestaköllum í Strandasýslu, og þegar svo bætist við nýr læknir í Eyjahreppi og næstu hreppum á landi, og auk þess er skipaður aukalæknir í Dalasýslu og austasta hreppi Strandasýslu, Bæjarhreppi, þá verður að eins örlítill hluti hins upprunalega læknisdæmis eptir í höndum aðallæknisins. Aukalæknirinn í Strandasýslu ætti að minnsta kosti aðeins að vera skipaður til bráðabirgða, eða þangað til læknirinn á Bæ í Króksfirði sleppir embætti, því að gjöra mætti næsta aðal-lækni að skyldu, að sitja á hagkvæmara stað í læknisumdæminu, og þá yrði ekki lengur þörf á aukalæknínum. Þetta hefir leitt mig til að koma með breyt.till.

Það eru meira að segja líkindi til, að aðallæknirinn í Strandasýslu muni bráðum segja af sjer, svo það sje ekki nema lítið tímaspursmál fyrir Strandasýslubúa, að þeir fái viðunanlega læknishjálp, án þess að þeir hafi aukalækni.

Þá hefi jeg farið fram á, að fella burt styrkinn til tannlæknisins. Sá styrkur var felldur hjer í deild við 2. umr. með 14 atkvæðum gegn 2, og þótt styrkveitingin gengi í gegn með nokkrum atkvæðamun í efri deild, þá þykir mjer ekki líklegt, að þessari deild hafi snúizt svo hugur, að hún vilji nú halda honum. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þessa breyt.till. Jeg get þess að eins, að ef veruleg þörf er á sjerlækni í þessari grein, þá er líklegt að hann, sem er einn um atvinnuna, hafi svo miklar tekjur af lækningum sínum, að eigi sje þörf á að styrkja hann af landssjóði, enda álít jeg, eins og jeg hef áður tekið fram, að vjer getum ekki útvegað landinu sjerlækna í öllum greinum, og þá er ekki vert að vera að gera þannig mismun á mönnum.

Þá hefi jeg verið svo djarfur, að leggja til, að felldur væri burt 17. töluliður í 13. gr., styrkurinn til Skúla Skúlasonar, enda hefi jeg fengið ámæli fyrir þessa dirfsku mína. Styrkveiting þessi hefir að vísu verið samþykkt áður hjer í deild, en jeg benti þá á, hvílík ósamkvæmni það væri, að taka þennan eina mann út úr öllum þeim hóp manna, er styrks hafa leitað. Jeg benti þá á, að af öllum styrkbeiðslunum væri

einna minnst von um, að þessi gæti orðið landinu að liði, því að atvinnugrein þeirri, er sótt er um styrkinn til að nema, er þannig háttað, að hún getur ekki þrifizt hjer á landi, og ekki nema hjá stórþjóðunum. Verk listamannanna, sem þær hafa numið, kosta svo ákaflega mikið, að fæstir Íslendingar geta borgað þau. Þótt gjört sje ráð fyrir, að aðalástæðan fyrir styrkveitingunni sje sú, að hjálpa þessum manni til að geta orðið landinu til heiðurs, þá hygg jeg, að þessi styrkur sje næsta lítill til að hjálpa honum fram. Jeg heg hefi álitið, að svo dýrt væri að ganga á listaskóla erlendis, að einar 700 kr., skiptar á 2 ár, nægðu þar skammt. Jeg held þetta sje lítið meira en styrkur handa honum til utanfararinnar sjálfrar og til að dubba sig þar sómasamlega upp, og þá er eptir allur annar kostnaðurinn. Jeg sje því ekki neina hags- eða heiðursvon að þessu fyrir landið, og þótt hjer sje um lítið fje að ræða, þá vil jeg þó ekki vera með til að veita það að gagnslausu. Vjer munum, að hjer í deildinni var fyrir stuttu frumvarp, sem kallað var! »lastið ekki landið«, en þegar það fór hjeðan úr deild, hafði það breytt nafni, og var þá kallað: »flæmið ekki fólkið úr landinu«; en hjer er einmitt farið fram á, að senda efnilegan mann af landi burt, sem ekki er von um, að apturkvæmt eigi, og jeg skil ekki í, að þeir 13 menn, sem greiddu atkvæði með frumvarpi því, sem jeg nefndi, vilji verða til þess, að flæma þennan mann af landi burt, og það því síður sem styrkurinn er eins og dropi í hafi fyrir hann. Jeg get hugsað mjer, að þótt hann dvelji hjer og nemi ekki þessa list, þá muni hann, úr því hann er fjölhæfur og efnilegur maður, leggja stund á aðra nytsamari iðn, og þannig geta orðið landi sínu nýtur og þarfur.

Þá hefi jeg leyft mjer að bera fram þá breyt.till., að styrknrinn til Ditlevs verzlunarmanns Thomsens yrði færður niður í 1000 kr. Jeg lít svo á, að þar sem þetta er efnilegur maður af kaupmannastjett, þá muni hann fremur fara för sína fyrir þá stjett en fyrir alþýðu á Íslandi. Að vísu getur eitthvert gagn orðið að förinni fyrir almenning, en allblint er þó rennt í sjóinn með hana. Jeg skal ekki dæma um hæfileika manns þessa; það hafa aðrir gjört. 1800 kr. eru sjálfsagt sárlítið af því, sem hann þarf til ferðarinnar, en hagur hans mun vera svo, að hann muni litlu, hvort hann fær þær eða aðra nokkru lægri upphæð; jeg býst varla við, að annar árangur verði af för hans en sá, að hann gefi einhverjar skýrslur, og þá álít jeg hann vel í haldinn að fá 1000 kr. fyrir þær, því förina ætla menn að hann muni fara hvort sem hann fær styrkinn eða ekki. Jeg segi ekki með þessu, að sjálfsagt sje að veita einhvern styrk, en af tvennu vil jeg heldur veita 1000 kr. en 1800 kr. út í óvissu. Jeg felli mig að öðru leyti bezt við breyt.till. h. þm. Vestm. (Sigf. Á.), að stjórninni sje veitt heimild til að veita styrkinn hverjum þeim, er hún ber bezt traust til, enda hafa þær raddir heyrzt, að óheppilegt sje, að binda styrkveitingar við einstaka menn, nema þegar svo stendur á, að sjálfsagt þykir, að einn maður sje allra færastur að vinna það, er fyrir styrkinn á að vinna; en hjer mun naumast verða með vissu sagt, að svo sje.

Jeg hefi áður látið í ljósi, hve þarfa jeg teldi styrkveiting til dansk-íslenzkrar orðabókar, enda fjell hún hjer í deildinni með 15 atkvæðum gegn 7. (*Kl. J.*: Með 12 gegn 11). Jeg skrifaði atkvæðatöluna á atkvæðaskrána; svipað var álit mitt um ensku orðabókina; þá tók jeg það fram, að jeg

væri henni hlynntari, en nú held jeg að það sje rjettast, að láta þær báðar fara sömu leiðina. Jeg skal enn benda á, að sjeu þetta í raun og veru þarfar bækur fyrir almenning, þá muni borga sig að gefa þær út, þótt ekki sje veittur styrkur til útgáfunnar.

Þá var það enn ein lítil breyt.till., sem jeg hafði leyft mjer að koma fram með; það er við 15. gr. Eins og menn muna, þá fjekk ekkjufrú Torfhildur Holm 12 atkvæði hjer í deildinni, en mjer sýnist sem efri deild hafi ekki litið eins á fátækrasjóðshugmyndina, sem virtist vera svo rík hjá mönnum hjer; hún tók í burtu einn fátækrastyrk, styrkinn til Jóns Halldórssonar, sem jeg álít alveg jafnstæðan við konu þessa, og því ímynda jeg mjer, að það hafi verið fyrir sjerstaka gleymsku, að deildin tók eigi þennan »bitling« með. Annars finnst mjer, að það sje aðalstefnan, sem komizt hefir inn í fjármála-pólitík þingsins, að landssjóður eigi að vera styrktarsjóður ríkismanna, en ekki fátæklinga; að minnsta kosti virðist mjer þeim efnaðri hafi gengið tregðulítið að ná í krónurnar. Því það hefir bæði verið veitt styrktarfje bankastjóra og efnuðum kaupmanni, og það hefir jafnvel komið til orða, að veita einum embættismanni töluverða tjárupphæð, þeim embættismanni, sem telja má allvel launaðan, og sem við vitum þó að svo að segja hvert orð og viðvik færir fje í hönd. Það er till. á þingskj. 559. Sem sagt, jeg get ekki sjeð, að landssjóður geti fullnægt þörfum allra fátæklinga, og því vil jeg, að einnig þessi liður falli burt.

Þá hefi jeg gert grein fyrir þessum fáu breytingartillögum, sem jeg hafði leyft mjer að koma með. Við breyt.-till. fjármálanefndarinnar hefi jeg lítið að athuga; þó vildi jeg leyfa mjer að spyrja, að hvaða liði menn halda að þessi bæklingur frá eyrna- og nefsjúkdóma-lækninum muni kom, sem nefndin hefir í ráði að kaupa fyrir 150 kr. Jeg hygg, að þessi styrkveiting mundi ekki koma alþýðu að miklu liði, eptir öllu útliti að dæma, því það mun ekki svo auðvelt fyrir »spesialista«, að útlista fyrir alþýðu, svo að gagni komi, sínar fræðigreinir. Þá held jeg að jeg hafi ekki fleira að athuga þessu máli viðvíkjandi.

Það er satt! Hjer við 3. umræðu þessa máls voru það ýmsir h. þm., sem minntust mín með hlýjum orðum, eins og optar. En af því svo stóð á, að umræður voru orðnar langar og áliðið kvölds, vildi jeg þá ekki tefja tímann með því að svara þeim. Sjerstaklega minnist jeg h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.), sem jeg finn mjer skylt að vera þakklátur fyrir hans mörgu góðu ráð og bendingar, er hann sem eldri og reyndari þm. vildi miðla mjer af vísdómi sínum. Hann gaf mjer meðal annars það ráð, að láta prenta eina ræðu mína og útbýta henni meðal kjósenda minna; þm. er eldri og reyndari rithöfundur en jeg, og er því líklegt, að hann hafi reynt og honum vel gefizt það sem hann rjeð mjer. H. þm. gaf sjálfur út fyrir nokkru síðan ritkríli, sem hjet, að mig minnir: »Þorskhöfðamál og þjóðmeinarugl«, eða eitthvað þvílíkt. Þessu riti hefir hann sjálfsagt látið útbýta á hvert heimili í sínu kjördæmi, og mun það hafa komið að góðu liði, því það má víst óefað fullyrða, að hvergi á þessu landi, já, hvergi í víðri veröldu, muni í einu hjeraði vera eins mikið þorskhausarifrildi eins og í kjördæmi þm., og eru þeir enda svo vanafastir, að kaupa sífellt þorskhöfuð hjer af nesjunum, hversu rýr og runnin sem þau eru. (*Forseti:* Jeg vil biðja þingmanninn að halda sjer við efnið).

Jeg vildi að eins stuttlega minnast þessa af því, að mjer gafst eigi færi á því við 3. umræðu, enda mun jeg láta hjer við staðar numið.

Þá vil jeg víkja mjer að h. þingm. Dal. (J. P.); hann var þá að útausa hjarta sínu í auðmýkt og einlægni og láta deildina vita af því, að sjer gæti orðið það á, að syndga með hugrenningum, og gat hann þá um leið eigi varizt þess, að syndga með orðum, þar sem hann var að drótta því að mjer, að jeg hefði talað um mál móti betri vitund. Jeg finn ekki ástæðu til, að svara slíkum óvita-orðum, en að eins láta h. þm. Dal. (J. P.) í ljósi hlutteknings mína út af þessu böli hans. Jeg aumkva hann og þetta hryggilega sálarástand hans, og vil ekki auka á samvizku-nögun hans með því, að fara um það fleiri orðum.

Klemens Jónsson: Það kom fram við umræðurnar í h. efri deild, að nefndin sem þar var sett í fjárlagamálið fann sjer skylt, að hlífast við, að gjöra miklar breytingar, af því, að tíminn var svo naumur, og jeg ímynda mjer að hið sama hafi vakað fyrir nefndinni hjer.

En hafi svo verið, þá skil jeg ekki hvers vegna hún hefur fundið ástæðu til, að tefja tímann á ýmsum smá-atriðum. Jeg skal leyfa mjer, að benda á t. d. 13. gr. B. VI. g. styrkveitinguna til síra Ólafs Helgasonar til aðstoðarkennara við heyrnar- og málleysingja kennsluna. Jeg kom fyrst með breytingartillögu í þessa átt hjer í deildinni, en hún var felld; síðan var hún tekin upp aptur af nefndinni í h. efri deild og samþykkt við 2. umræðu þar; við 3. umræðu var gjörð tilraun til að drepa hana, en það tókst ekki; nú hefur nefndin fundið ástæðu til þess, að gjöra tilraun á ný, og h. framsögum. færði ástæður fyrir því, sem mig satt að segja furðaði næsta mjög á, að hann, svo skynsamur maður, skyldi koma með. Ástæðan var sú, að frumvarpið um að greiða allan kostnað við þessa kennslu hefði verið fellt í h. efri deild. Nú var þetta sama frumvarp samþykkt með nær því öllum atkvæðum hjer í deildinni, og hvernig ætti það að geta samrýmzt, ef h. deild svo vildi ekki einu sinni veita 150 kr. til þess, að kennslan yrði aukin, og það því fremur sem það hlýtur að vera mönnum mjög kunnugt, að þessi maður hefur sárlítið af jafnaðarsjóði?

Þá er annar liður, sem nefndin leggur til, að falli burtu; það er við 13. gr. B. IV. b. 6. um hús Stefáns kennara Stefánssonar. Ein af þeim mótbárum sem komið var fram með um daginn, var sú, að það væri ekki víst, hvort viðkomandi vildi ganga að því, að láta húsið af hendi fyrir þetta verð. Nú er sú mótbára fallin, því þessi maður er hjer til staðar og vissi um þegar þetta var samþykkt í h. efri deild; hefði hann þá haft nokkuð á móti því, þá hefði hann eflaust komið fram með það, en hann gjörði það ekki, og jeg hef þar að auki heimild til, að lýsa því yfir, fyrir hans hönd, að frá hans hálfu er eigi neitt því til fyrirstöðu. Það hefir verið tekið fram, að þessi maður væri skyldugur til að sjá piltum fyrir fæði og menn voru glaðir við, að þá mundi hið sama góða fyrirkomulag haldast, sem í seinni tíð hefur gefizt svo vel og fjárlaganefndin fann ástæðu til, að minnast á í nefndaráliti sínu, en jeg skal taka það fram, sem jeg reyndar hef gjört fyrr, að það hvílir nú engin skylda, hvorki á skólastjóra nje kennurum, að hafa ábúð á jörðinni, og þar sem líkur eru til, að þessi maður innan skamms segi jörðinni lausri, ef hann

eigi fær þessi skipti, þá mun erfitt að fá ábúanda á jörðina með þessari kvöð, þar sem engin viðunanleg húsakynni fylgja jörðinni. Af því svo leit út, sem sumir vildu fremur vera með þessu, ef húsið væri í vátryggingu, þá get jeg lýst því yfir, fyrir hönd þessa manns, að hann er fús á, svo lengi sem hann er þar, að halda húsinu í sömu ábyrgð sem nú er, þ. e. 5000 krónum. Jeg vona svo góðs til h. deildar, að hún felli þessa tillögu nefndarinnar.

Þá kem jeg að breytingartillögum h. þingm. Borgf. (B. B.); þær eru allmargar og þó er það ekki í fyrsta sinn að h. þm. Borgf. (B. B.) kemur með breytingartillögur; jeg ætla ekki að fara að eyða mörgum orðum um þessar tillögur, en að eins taka það fram, að jeg vona, að þær hreppi sömu gröf og hinar fengu við hinar fyrri umræður, því þar munu þær bezt komnar.

H. þm. Borgf. (B. B.) leggur það til, að styrkurinn til Skúla Skúlasonar á Akureyri falli burt; þetta er því undarlegra, sem jeg veit ekki til, að neinn hafi haft neitt að athuga við þessa styrkveitingu; að minnsta kosti mun hún vera ein af þeim, sem minnst umtal hefur orðið um.

Jeg skal lýsa því yfir, að jeg hef aldrei álitið, að hið eina sem styrkja ætti og efla væri atvinnuvegir, þó það sje vitanlega eitt af aðal-atriðunum; heldur ekki samgöngur, þó að það sje annað aðal-atriðið; en jeg hef allt af álitið það líka skyldu þings og þjóðar, að efla og glæða menntun, listir, íþróttir og vísindi, og geti þessi maður orðið góður í sinni list, þá er eigi of mikið þó hann fengi 700 kr. Það gæti ef til vill svo farið, að hann gæti orðið ættjörð sinni til frægðar og sóma síðar meir.

Jeg skal ekki eyða mörgum orðum um styrkveitinguna til kaupmanns Ditlev Thomsen; h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) og h. þm. V.-Skaptf. (Guðl. Guðm.) hafa tekið svo vel fram henni viðvíkjandi og jeg er þeim fyllilega samdóma; að eins vildi jeg gjöra litla athugasemd við ræðu h. 2. þm. Skagf. (J. Jakobss.) Hann hjelt því fram, að nóg mundi vera, að lesa norsku skýrslurnar; en jeg vil benda á, að það getur alls ekki verið, því það er allt annað; fyrst og fremst eru samgöngur allar þar miklu tíðari og greiðari en hjá oss, og í annan stað, þá er aðal-atriðið fyrir Norðmönnum nú orðið það, að flytja fiskinn ferskan til Englands, en hjer er ekki um annað að ræða en saltaðan fisk. Enn fremur er þess að gæta, að landafurðir Noregs eru mestar timbur, en ull t. d., sem hjer er önnur helzta verzlunarvaran, er þar næsta lítil, svo hjer er alls eigi saman berandi; það eru sem sagt, bæði hinar mjög ólíku samgöngur og svo hinar mismunandi afurðir landanna, sem gjöra það að verkum, að okkur nægir því alls ekki að lesa norskar verzlunarskýrslur til að sjá, hvar beztir markaðir muni vera fyrir okkar vöru.

Jeg finn ekki ástæðu til, að fara að tala um orðabækurnar að þessu sinni; það mál er svo ítarlega rætt, að lítil von mun til þess, að það skýrist betur. Að síðustu vil jeg taka fram þá von mína, að sem flestar af þessum breytingartillögum fái framgang; jeg fyrir mitt leyti hefði vel getað gefið frumv. atkvæði mitt óbreyttu eins og það kom frá h. efri deild, og vildi því að því yrði svo minnst breytt, því það verður að eins til vekja nýjan ágreining, sem aldrei getur orðið málinu til bóta.

Þórður Guðmundsson: Jeg ætlaði að eins að tala fáein orð um þá breyt.till., sem jeg hefi komið með, þó jeg ímyndi mjer að hún fái ekki fram að ganga,

af því hún gengur í sparnaðaráttina, því h. framsögum. (J. J.) og h. þm. V.-Skapt. (G. G.) hafa talað um hana, og eptir umræðunum að dæma eru þeir á móti breytingartillögunni. Jeg vildi taka það fram, að það er alls ekki af því, að við viljum í nokkurn máta hepta framfarir þessa skóla, sem hjer á hlut að máli, að við komum fram með tillöguna, heldur af hinu, að okkur hafa vaxið í augum hinar sívaxandi bænir, sem ár frá ári streyma inn á þingið, um styrk úr landssjóði. Ef að er gætt, þá munu það fáar styrkveitingar, sem víkja öllu meira frá stjórnarfrumv. en einmitt þessar, og það er ekki rjett, að segja að við viljum svipta skólann í Flensborg þeirri fjárupphæð, sem hann nauðsynlega þarfnast, eða sem hann hefir áður haft, heldur að eins lækka þessa fjárupphækkun til kennarafræðslu, sem ekki er smátækari en það, að færa það upp úr 500 kr., sem stjórnarfrumv. ákveður, upp í 1600 kr.; álítum við því nægja 800 kr.

Jeg skal í fyllsta máta viðurkenna þörfina fyrir aukna menntun í landinu, og ef vjer værum því vaxnir, þá væri sannarlega þörf á að veita meira en gjört er; en við verðum að sníða oss stakk eptir vexti í þessu efni sem öðru. Jeg vona því að þessi breytingartill. fái fram að ganga, því mjer blandast eigi hugur um, að það er ekki rjett, að ausa út fje á báða bóga, eins og gjört hefir verið.

H. þm. V.-Sk. (G. G.) kvað það lýsa grunnhyggni, að koma fram með þetta, en mjer virðist það lýsa eins mikilli grunnhyggni, að eyða fje landsins um of. Það hefir raunar verið sagt, að hjer væri engin hætta á ferðum þó »undirbalance« yrði, og hann er þegar orðinn 40 þúsund krónur. Það er vitanlega ekki mjög mikið, væri neyðarár, svo ástæða væri til að hann væri nokkur; en nú er bezta ár, og það svo, að mjög langt er síðan vjer höfum lifað annað eins, og mikið líklegt að þau verði ekki mörg í röð, sem koma svona góð. Það má reyndar segja, að viðlagasjóðurinn sje fær um að bera þennan tekjuhalla, en með þessu lagi, ef því heldur, þá mun ekki lengi vera að sneyðast um það litla, sem hann á til. Það eru aldrei álitin hyggindi hjá bónda að eyða svo afurðum búsins í góðu árunum, að hann standi fjelaus uppi þegar harðnar í ári, og það er heldur eigi rjett að ganga svo ríkt í fjárbænum og fjárveitingum af landsfje í góðu árunum, að ekki liggi annað fyrir, þegar hörðu árin koma, en að fara að betla til annara landa til að halda lífi í landsmönnum, eins og kom fram fyrir nokkrum árum síðan; svoleiðis löguð ráðsmennska fyrir landsbúskapnum get jeg ekki álitið sje heppileg.

Jens Pálsson: Jeg get ekki staðið upp af því að jeg standi á nokkurri af þeim breytingartillögum sem fram hafa komið, svo h. þm. Borgf. (B. B.) getur nú ekki haft þá ánægju að taka mig upp í skýrslu þá, sem hann væntanlega nú eins og fyrri gefur um nöfn þeirra sem einhverja fjárupphæð vilja veita, og samtölu-upphæðanna, en það var út af fjárveitingunni til Ditlevs Thomsens, sem jeg ætla að tala nokkur orð, enda hefur það orðið drjúgasta umræðuefnið; vonandi, að umræðurnar um þetta atriði sjeu orðnar svona langar fyrir þá skuld einungis, að þessi fjárveiting stendur í nánu sambandi við eitt af vorum stærstu velferðarmálum — verzlunarmálið —.

Ef vjer gætum að verzlunarskýrslum vorum, þá sjáum vjer, að það eru fluttar út úr landinu vörur fyrir 5 miljónir króna árlega, og annað eins — að minnsta kosti, ekki minna að verðlagi — er flutt inn í landið. Þeg-

ar menn hafa þessa upphæð fyrir augum, þá sjá menn bezt, um hvílíkt mál er að ræða, ef nokkur jafnvel hin minnsta verðhækkun fengist á vörum vorum, sem út eru fluttar eða verðlækkun á þeim sem inn eru fluttar. Þeir sem bezt hafa komið ár sinni fyrir borð, þeir hafa ábatazt á þessari verzlun um eigi allfáar procentur. Kaupfjelögin fyrir norðan og vestan hafa t. d. haft 10—20% hag og meira af sinni verzlun, og fengist að eins 10% viðbætir á alla verzlunina, þá munar það hvorki meir eða minna en 1 miljón kr. á ári. Jeg segi þetta til að sýna, að hjer er sannarlega um stórt mál að ræða.

Hjer liggur nú fyrir tilboð frá manni til þess, að gera tilraun til að bæta fyrir sölu ísl. afurða á útlendum mörkuðum, og það er meira en tilboð; hann sækir um að mega gera rækilega tilraun í þessa átt með þeirri skyldukvöð, að gefa opinberar skýrslur um allt þetta starf sitt, svo að þjóðin öll geti notið árangursins, hvort sem hann yrði mikill eða lítill; hann vill verja nokkrum tíma og kröptum og þar að auki leggja sjálfur fram nokkuð fje til þessarar tilraunar, til að bæta verzlun landsins, og áskilur að eins hóflegan ferðastyrk í eitt skipti.

H. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) lagði einkum mjög á móti því, að þessu tilboði yrði tekið, af því, að rannsóknarferð Thomsens mundi verða árangurslaus, en hvers vegna svo mundi verða, gat hann ekki um. Hann sagði reyndar: »Jeg geng út frá því« — og — »það er mín persónuleg sannfæring að þetta verði árangurslaust«, en slíkar og þvílíkar ástæður þykja mjer einkis virði. Eitt af því sem hann fann til foráttu, var það, að þessi maður væri ungur og óreyndur; en þá er þess að gæta, sem honum máske hefir verið ókunnugt um, að þessi maður hefir fengið í bezta lagi undirbúningsmenntun og sjerstaka menntun í þessari grein.

Í öðru lagi talaði þm. um það, að heppilegra væri að senda einhvern mann sem hefði gert þetta að lífsstarfi sínu, en af slíkum mönnum hefir enginn boðið sig fram. En jeg fyrir mitt leyti álít, að svo miklu leyti sem um lífsstarf getur verið að ræða í þessu sambandi, þá sje einmitt lífsstarf þessa manns í mikilli samhljóðan við þetta starf, sem hann hjer býður sig til að leysa af hendi. Jeg skildi svo orð h. þm. Skagf. (J. Jak.), að hann bæri mjög mikið traust til hinna gömlu kaupmanna, þeir hefðu gert ítarlegar tilraunir hvað eptir annað árangurslaust, sjer sjálfum til skaða, sent »prövur« af hinum helztu afurðum landsins í fjarlæg lönd; en ekki gat hann þess, að neinn af þeim hefði haft framtakssemi til þess, að fara sjálfur með. Jeg verð að segja fyrir mitt leyti, að ef litið er til hinna gömlu kaupmanna, þá finnst mjer því miður ekki svo bersýnilegur þeirra dugnaður nje áhugi hvað þetta snertir, að jeg geti borið mikið traust til þeirra, og jeg verð að treysta betur þeim efnilega manni, sem sækir um þenna styrk til þessa starfa, þótt hann sje ungur, því umsókn hans, og annað, sem hann hefir ritað um málið, sýnir að hann hefir einlægan áhuga á að vinna gagn.

Jeg þekki þennan mann ekkert persónulega, en síðan hreifing komst á þetta mál, hefir mikið verið um hann talað hjer í bænum, og jeg hef engan heyrt tala um hann öðruvísi en sem drengskaparmann, sem mundi leysa þennan starfa af hendi svo samvizkusamlega og vel, sem honum yrði frekast unnt. Jeg efa það alls eigi, að ef menn hefðu þekkt eitthvað misjafnt í fari þessa manns, þá hefði það ekki

verið lagt í lágina, heldur einmitt nú gengið fjöllunum hærra.

Jeg verð þess vegna að vera annarar skoðunar en h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) um, að eldri kaupmenn hafi hingað til gert allt, sem í þeirra valdi hefir staðið, til þess að leita upp þessa markaði. Þvert á móti. Jeg held að verzlunin liggi í nokkurs konar gamalli vanarás hjer á landi. Það er sannarlega ekki lítið af fiski, sem hjeðan er flutt ár frá ári; fer hann mestallur til Spánar. Hjerna um árið, þegar það kom til orða, að vont væri fiskverð á Spáni, þá kom upp sá kvittur, að Ísland væri eiginlega úr sögunni, eins og það væri ómögulegt að verða af með fisk annarsstaðar en í þessu eina landi. Í Portúgal eru seld svo hundrað þúsundum skippunda skiptir af New Foundlandsfiski; því mátti ekki reyna þann markaðinn? Ef Spánarmarkaður yrði ófær fyrir þetta land, þá væri þó mikilsvert að geta sent fisk, rjettilega verkaðan, á aðra markaði. Það gæti varðað sjávarsveitirnar hjer á landi — jeg segi ekki þúsundir heldur svo tugum þúsunda kr. skipti á ári, svo að hjer er ekki um neitt lítilsháttar að ræða í fjárhagslegu tilliti.

Jeg get skýrt mönnum frá því, hvað þessi maður ætlar fyrir sjer, af því að hann hefir sjálfur sagt mjer frá því. Fyrst ætlar hann til Englands, og þá sjer staklega til Manchester og kynna sjer þar ullarmarkaðina. Þaðan ætlar hann suður að sundinu milli Englands og Frakklands; þar er keypt mikið af fiski. Ætlar hann að kynna sjer hvernig verkaður hann gengur bezt út; þaðan ætlar hann til Liverpool, sem er aðalstaðurinn á Englandi, þar sem íslenzk vara er seld. Þaðan heldur hann til Írlands; þar er fiskneyzlan ákaflega mikil, en menn vita ekki almennilega hjer, hvernig hann helzt á að vera verkaður á hina ýmsu staði. Þaðan ætlar hann til Spánar, til þess að kynna sjer helztu fiskimarkaði þar, og svo til Portúgal. Er líklegt að þar megi opna markaði fyrir íslenzkan fisk. Hann áætlar, að ferðin muni kosta 3000 kr.; það er eigi svo lítið fje, er hann þá sjálfur verður að leggja til, og er því ljóst, að hann vill leggja fram fje og krapta til ferðar þessarar, auk tíma þess, er til hennar gengur. Það er því eigi hægt að segja að hann vilji ekkert leggja í sölurnar. Jeg verð að segja að jeg hefi mikla trú á hinum mikla og lifandi áhuga þessa manns, og þó að árangurinn kunni eigi að verða stórkostlegur, — um það veit annars enginn — þá vil jeg samt veita fje þetta; því að það þarf ekki að verða mikið gagn af ferðinni, til þess að borga þetta lítilræði. Það er eigi til neins að vera að spá um árangurinn; það er ómögulegt, að segja hver hann verður. En hitt má segja, að maður, sem leggur sig í líma og hefir góðan undirbúning, hann getur ekki leyst starf þetta svo af hendi, að enginn árangur verði af því.

Að fara að lækka fjárveitingu þessa niður í 1000 krónur, eins og h. þm. Borgf. (Bj. Bj.) fer fram á, »til þess að kaupa skýrslur fyrir«, það kann frá hans sjónarmiði að vera sparnaður; en jeg álít það ofsparnað eða nirfilshátt. 2—3 h. þm. vilja ekki veita styrkinn neinum ákveðnum manni, heldur fela landsstjórninni á hendur að útvega mann til þessa starfa. En jeg vil segja, að jeg vil heldur veita þeim manni styrk, sem maður veit það um fyrirfram að hefir einlægan áhuga á því að leysa starfið sem bezt af hendi, en að veita einhverjum, sem ef til vill hefir þekkingu og reynslu til þess að inna af hendi starf þetta, en sem ef til vill hefir sáralitinn vilja á, að árangur ferð-

arinnar verði sem beztur og mestur. Jeg segi ekki að þetta muni koma fyrir, en mögulegt er það.

Skal jeg svo ekki mæla fleirum orðum um þetta atriði að sinni, en jeg vil taka það fram, að mjer þætti það vera að höggva nærri sóma deildarinnar, ef hún nú skyldi fella burt þá fjárveiting, sem hún nýlega hefir samþykkt með miklum atkvæðamun, og jeg skil ekki í því, að mönnum skuli geta snúizt hugur í þessu efni svo skyndilega.

Svo vil jeg að síðustu með fáum orðum snúa mjer að h. þm. Borgf. (Bj. Bj.). Hann beindi áðan til mín nokkrum orðum í ræðu sinni, sem jeg raunar ekki skildi, því þessi þm. talar svo lágt og óskýrt, að jeg opt og tíðum heyri ekki eitt einasta orð. En svo mikið skildi jeg samt nú, að jeg held að tilgangurinn hafi verið sá, að þvo í þinglegum skilningi miður hreinlegan kafla úr ræðu, er hann hjelt við 2. eða 3. umr. í fjárlögunum. Ummæli hans um mig met jeg ekki mikils og álít þau ekki verðug svars; skoða jeg þau eins og sápukúlu, er myndaðist við þetta þvottaverk hans, er leið frá vörum hans til mín, en gerði æði-litla lukku á leiðinni, en er hún lenti á mjer, sprakk hún eins og og hver önnur sápukúla, án þess jeg yrði var þess, nje nokkur örmull yrði eptir af henni.

Þórarinn Böðvarsson: Jeg get ekki sagt, að jeg sje ekki neitt riðinn við margar breyt.till.; jeg meina sjerstaklega breyt.till. nefndarinnar. En á þær þarf jeg ekki að minnast einu orði, því að framsögumaður nefndarinnar hefir gert það svo rækilega. En það er ein breyt.till., sem jeg get ekki annað en minnzt á. Það er viðaukatill., sem fer fram á að veita Schierbeck landlækni nokkurt fje til þakklætis og viðurkenningar. Sá maður er öllum þingmönnum kunnur, er þjóðkunnur, og það að góðu einu. Það væri að vanbrúka hinn dýrmæta, stutta tíma þingsins, ef jeg færi að lýsa sæmdarmanni þessum og verkum hans til Íslands þarfa. Það er kunnara en frá þurfi að segja. Þótt ekki væri nema að telja upp sjúklinga þá, er til hans hafa leitað í lífsnauðsyn og fengið bót á löngum og þungum sjúkdómum, þá væri það óþarft. Það væri óþarft að tala um, hve mikið gagn hann hefir unnið landi og lýð. Þetta er allt þjóðkunnugt, einkum hjer á Suðurlandi, þar sem hann hefir haft mest áhrif og unnið mest til bóta. Jeg er viss um, að það gagn, sem hann hefir unnið, er margfalt, já hundraðfalt á við þann þakklætisvott, sem hjer er farið fram á að sýna honum. Þess gerist ekki þörf, að lýsa þessum sæmdarmanni og verkum hans, en óhætt er að fullyrða það, að hann hefir unnið Íslandi af alúð, eins og það væri ættjörð hans, þótt hann sje útlendingur. Hann hefir sýnt því einlæga ást og rækt, enda þótt hann hefði getað búizt við meiri launum en hann hefir haft. Í 11 ár hefir hann nú haft minni laun en undanfarandi landlæknir. Jeg þykist fullviss um, að menn hjer, jeg á við h. þm., muni vilja sýna þessum manni þakklæti fyrir hans þýðingarmikla starf, og láti það þakklæti koma fram í verkinu, koma fram í því, að honum verði ákveðin viss upphæð í virðingar og þakklætis skyni. Hún mundi auðvitað verða lítil í samanburði við verk hans, en þegar hún er veitt úr landssjóði, þá kemur hún fram sem þakklæti frá öllu landinu. Það er auðvitað sjálfsögð skylda mín, að spara landsfje, eins og það er skylda allra þingm., en jeg get þó eigi annað en komið fram með þetta. Þetta er ekki nýtt; vjer höfum áður veitt manni, sem vjer áttum mikið að þakka, sams konar viðurkenning, og það meira að segja sem árleg laun.

Þessi maður, sem viðaukatill. okkar á við, er útlendingur, en jeg skil ekki í, að nokkur geti haft móti því, að hann beri þá fregn heim til ættjarðar sinnar, að Ísland sje ekki vanþakklátt land. Það hefir opt verið sagt, að slíkt dragi dilk eptir sig, og opt ekki ástæðulaust, en hjer á það ekki við. Ef annar eins maður, sem vill landinu eins vel og þessi, kæmi frá útlöndum og ynni þessu landi annað eins gagn og þessi maður hefir gert, þá mundi það sómi þinginu, en eigi vansómi að sýna honum viðurkenningu. Jeg skal ekki eyða tíma til að reyna að sannfæra menn um það, sem jeg hygg alla þegar vera sannfærða um.

Einhver h. þm. sló því fram, að þetta líktist fátækrastyrk, en þau orð vildi jeg helzt ekki hafa heyrt, og vona, að h. þingd. meti þau sem þau eiga skilið. Maðurinn er enginn fátæklingur og þarf eigi styrks með, en það er farið fram á að sýna honum þessa viðurkenning, af því að hann hefir unnið landi þessu allra manna mest gagn. Hann þarf ekki þetta litla fje, en vjer þurfum að sýna með því vott, þótt lítill sje, um það, að vjer kunnum að meta það, sem vel er til vor gert.

Þorlákur Guðmundsson: Jeg bjóst allt af við, að h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) mundi tala fyrir breyt.till. En á því furðaði mig, hve gamaldags tala hans var; það var alveg eins og heimurinn og mannkynið og verzlunin stæði í stað. Þetta þótti mjer enn undarlegra af því hann var ungur maður og því síður von á að hann sje gamaldags. Það var á h. þm. að heyra, að hann vildi heldur einhvern gamlan uppgjafakaupmanna, en þenna unga mann. En jeg hefi fyrir satt, að hann sje þjóðlegur í anda og væri því vert að reyna hann. Jeg gleymdi áðan að geta þingm. Vestm. (Sigf. Á.), og vil jeg segja honum það til lofs, að hann hefir manna minnst lengt þingtíðindin með ræðum og tillögum. Getur enda verið, að þessi tillaga hans sje góð, en jeg er hræddur um, að stjórnin þurfi bendingar um það, hvernig hún eigi að fara að, ef margir koma umsækjendur. Annars hafa Vestmannaeyingar vanalega verið mjög óánægðir með verzlun sína og kaupmenn, og bjóst jeg því sízt við, að þaðan mundi koma tálmi fyrir það, sem miðar til umbóta í því efni.

H. þm. Borgf. (B. B.) þóknaðist að senda mjer nokkur orð. Hann er nú búinn að liggja nokkuð lengi á þessari meltu og hefir því víst heilsunnar vegna verið þörf á að koma henni frá sjer. Jeg heyrði nú ekki fremur en endrarnær nema sumt af því sem hann sagði. Það er að eins ein af hans mörgu ræðum hjer á þingi í sumar, sem jeg og aðrir þingm. hafa heyrt til fulls. Hann var nú eitthvað að minnast á ritsmíðar okkar og mundi nú ekki nafnið á mínum bæklingi. Jeg man þó nafnið á því eina, sem hann hefir gefið út fyrir utan blaðagreinar, og jeg man líka afdrifin. Jeg hefi þó ekki eins og hann, þurft að biðja miskunnar o. s. frv., þar sem að virðing þingsins var annars í veði, svo að hann varð að klóra yfir og gera að ritvillum og prentvillum og slapp þar betur en sakir stóðu til.

Þá minntist hann á þorskhöfðakaup kjósenda minna. Það er víst, að þeir kaupa mikið af þeim, en þeir eru líka þeir hirðumenn, að þeir halda saman beinunum, og jeg hefi fullt umboð frá þeim, að þeir vilji gefa þm. Borgf. þau, sem búfræðingi, ef að hann bara nennir að sækja þau, en með því skilyrði eru þau gefin, að hann brenni þau eða mali og sái svo duptinu yfir akrana, sem hann hefir rutt og ræktað á Hvanneyri, Rauðará og óðali sínu, sem hann nú býr á. Jeg hefi heyrt þá

sögu, sem mun hafa við mikil rök að styðjast, að kjósendur hans, Borgfirðingar, hafi verið mjög í þorskhöfðahraki sumarið 1892 og sjerstaklega um haustið, og hafi því ráðið það af með sundrung og samheldnisleysi, að fara út úr kjördæminu og kaupa þar rýrðarþorskhöfuð fyrir ærna peninga. Þetta hafa verið eðlilegar afleiðingar af aflaleysinu 1891. En þar sem nú hefir verið á Akranesi jafnt sem annarsstaðar við Faxaflóa ómunalega mikill þorskafli þetta ár, þá leiðir þar af, að engin líkindi eru til, að Borgf. þurfi að fara eða fari út fyrir hjeraðstakmörkin til að fá sjer þorskhöfuð á næsta vori eða sumri, enda ættu þeir að láta sín víti sjer að varnaði verða.

Jón Jónsson, 2. þm. N.-Múl.: Þótt umræður sjeu nokkuð langar orðnar, verð jeg þó að segja nokkur orð, af því að jeg hefi, ásamt h. 2. þm. Skagf. (J Jak.), komið fram með breyt.till. viðvikjandi fjárveitingunni til Ditlevs Thomsen. Jeg skal játa, að jeg er ekki verzlunarfróður maður, en jeg verð líka að játa það, að mjer sýnist ekki þurfa mikinn verzlunarfróðleik til að sjá það, að þessi tillaga er ekki hyggileg.

Eins og kunnugt er, hefir um síðustu ár komið fram sú hreifing hjá þjóðinni, að æskilegt væri, að fá verzlunarerindreka til að ferðast um erlendis og sjá hag landsins borgið í verzlunarmálum. Þessi hreifing er einmitt sprottin af því, að þessir dansk-íslenzku kaupmenn mynda fasta fylking, andstæða þjóðinni. Þjóðin getur því eigi unað við þá þekking í verzlunarefnum, sem þeir veita henni. Þess vegna hefir verið komið fram með þá tillögu, að skipa verzlunerindreka, launaða af landsfje, til þess að þjóðin gæti átt víst að fá vitneskju um, öðruvísi en gegn um kaupmenn, hvernig ástandið væri á heimsmarkaðinum í það og það skiptið. Það er ekki eingöngu hlutverk verzlunarerindrekans að leita að nýjum mörkuðum, heldur einnig að gefa bæði einstökum mönnöm og einstökum tjelögum upplýsingar þær, sem þarf til þess að geta verzlað án þess að hafa kaupmenn fyrir milligöngumenn. Það ber opt við, að menn vilja selja vörur sínar sjálfir og kaupa aptur vörur án þess að hafa kaupmenn fyrir milligöngumenn. En til þess þetta geti orðið, þarf einmitt að gefast kostur á áreiðanlegum upplýsingum um, hvernig vöruverð sje í hvert skipti, hvar bezt sje að selja o. s. frv. Mig furðar því á þessari tillögu, er hjer er um að ræða sem fer fram á að taka einn úr kaupmannaflokkinum og hafa hann til stuðnings einmitt móti þessari fylkingu. Jeg skal taka það fram, að jeg hefi ekkert vantraust á þessum manni, því jeg heyri alla segja að hann sje góður drengur, en jeg hefi vantraust á allri kaupmannastjettinni til þessa starfa vegna afstöðu hennar til málsins. Jeg skal ekkert um það segja, hvaða gagn getur orðið að verzlunarerindrekum, en ef ráðizt er í það, þá verður að velja til þess verzlunarfróða menn. Og það er ekki nóg, að þeir sjeu verzlunarfróðir, þeir verða líka að vera öllum óháðir og svo vel launaðir, að þeir geti gert þetta að lífsstarfi sínu. Jeg er á móti þessu fjárframlagi, af því að jeg get ekki sannfærzt um, að þessi maður hafi ástæðu til að taka sig út úr og vinna á móti kaupmönnum og fyrir þjóðina. Jeg get ekki álitið það skynsamlegt, að velja til þessa mann, sem stendur framarlega í hinni föstu fylking kaupmannanna. Jeg vona, að nú sje öllum ljóst, hvers vegna jeg vinn á móti þessu, og jeg vona, hvað sem

h. deild samþykir í þessu máli, að þjóðin játi, að till. okkar h. 2. þm. Skagf. fer í rjetta átt.

H. þm. Dal. (J. P) sagði, að framkvæmdir gömlu kaupmannanna hefðu ekki borið heillaríka ávexti; en hví vil hann þá velja kaupmann til þess að koma verzluninni úr hinni gömlu vanarás, sem hann talaði um? Hann sagði, að þessi maður hefði sýnt mjög sterkan áhuga á að vinna landinu gagn. En jeg þekki ekki neitt til þess, í hverju sá áhugi hefir lýst sjer, og hefi ekki fengið upplýsingar um það hjá neinum. Hví sýnir ekki h. þm. (J. P.) fram á, í hverju þessi áhugi hefir lýst sjer? Hinu get jeg vel trúað, að hann sje góður drengur og vinni trúlega þeirri stjett, sem hann er fæddur í og upp alinn til að starfa fyrir. Það vona jeg öllum sje ljóst, og vona, að h. þm. greiði atkv. með þeirri sannfæringu.

Úr því jeg stóð upp á annað borð, skal jeg minnast nokkuð á ýms önnur atriði. Það hefir verið farið fram á að lækka styrkinn til kennarafræðslu við Flensborgarskólann. Það skil jeg ekki; þegar þingið ár frá ári veitir meira og meira til unglingafræðslu, þá er mesta nauðsyn á, að til sje staður, þar sem kennaraefni geti aflað sje menntunar, því eptir því sem þeim er meira veitt af almannafje, eptir því er meira af þeim heimtað. Jeg vona því að allir þeir, sem unna alþýðumenntun, muni heldur vilja auka styrk þenna en minnka hann.

H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) kastaði þungum steini á fjárlaganefndina fyrir að hafa fellt burt fjárveitinguna til húsakaupa á Möðruvöllum. Jeg vil nú ekki þrátta um þetta, það var rætt svo ítarlega hjer áður, en taka skal jeg það fram, sem fyr hefir verið tekið fram, að þessi maður hefir áður vísvitandi gengið að þessum kostum þegar hann tók við ábúðinni. (*Kl. J.*: Nei!). Það er ekki eins dæmi með hann, þennan mann, að kostnaður verði að húsabyggingum. Það er almennt að ábúendur þurfi að leggja stórfje í það, og því meiri dugnaðarmaður sem ábúandinn er, því meira sem hann hefir fyrir stafni, því meiri húsakynni þarf hann. Það er því engin ástæða að vera að koma fram með þetta, og það því síður, sem talað hefir verðið um að flytja skólann frá Möðruvöllum. Ef það yrði, þá mundi landssjóður eiga nóg hús þar á jörðinni. Jeg vil leyfa mjer að minna á það, að það hefir komið fram töluverð hreifing í Eyjafirði, einmitt í kjördæmi h. þm. (Kl. J.), í þá átt, að skólinn yrði fluttur til Akureyrar, sumir enda viljað flytja hann til Reykjavíkur, þá væri auðvitað gott fyrir manninn að hafa komið húsinu í peninga, en jeg skal láta ósagt, hversu gott það væri fyrir landssjóð. Jeg vona h. þm. Eyf. (Kl. J.) sje það full-ljóst, hve hyggilegt það væri fyrir landssjóðinn, að vera búinn að eignast 4000 króna virði í húsum, ef skólinn yrði fluttur.

H. þm. Borgf. (B. B.) hefir komið fram með breyt.till. um, að fella burtu styrkinn til Nickolins tannlæknis, og styrkinn til Tómas Helgasonar til að gefa út bók um eyrnalækningar. Þó breyt.till. þessar hafi litinn byr fengið í ræðum þeirra sem um þær hafa talað, verð jeg að lýsa því yfir, að jeg er þeim fyllilega samdóma. Jeg skal geta þess, að jeg hefi heyrt því fleygt, að hvorugur þeirra sje reglumaður. Jeg segi þetta ekki til að lýta þá, en vona að því verði mótmælt, ef það er ekki rjett. En sje þetta rjett hermt um þá, þá er mjer spurn á því, hvort rjett sje að styrkja þá af almannafje, hvort það sje rjett og heppilegt, að fjárveitingarvaldið veiti viðurkenningu með fjárstyrk af almannafje þeim

mönnum, sem kunnir eru að óreglu, að hið sama þing, sem veitt hefir styrk til útbreiðslu og eflingar bindindi og reglusemi, veiti aptur viðurkenning óreglumönnum. Og verði þessum mönnum veittur styrkur, þá mætti spyrja: hvers vegna var enn einum ungum lækni synjað um styrk á þinginu í sumar, til að leggja stund á tannlækningar? Það var líka «specialisti«, eins og þessir menn. Var honum synjað af því, að hann er reglumaður? H. framsögum. sagði, að þessi styrkveiting væri í fullu samræmi við aðrar fjárveitingar nú, og því sjálfsögð, en mjer finnst mesta ósamkvæmni lýsa sjer í henni, ef þingið samþykkir hana, og veitir styrk tveimur »specialistum«, sem eru óreglumenn, en neitar um styrk einum »specialista«, sem er reglumaður. Það er þó ekki samkvæmni.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg má til að standa upp til að svara með fáum orðum spurningu h. þm. Borf. (B. B.) um Steinsmýrarengjarnar. Hann spurði, hvort sandfokið mundi ekki fremur eyðileggja engjarnar, ef vatnið lægi ekki á þeim. Jeg spurði búfræðinginn einmitt um þetta, en hann sagði, að engjarnar mundu ekki líða við þetta. Því tilgangurinn væri að eins sá, að ljetta vatninu af engjunum um heyskapartímann. Jeg skal játa, að jeg er ekki vel kunnugur staðháttum um þessar slóðir, en kunnugir menn hafa sagt mjer, að sandurinn liggi fyrir austan graslendið og að sandaldan gangi sunnan fram með því milli þess og sjávar. Nú rennur Steinsmýrarfljót austanvert við graslendið, en sandaldan stíflar fljótsmynnið, svo vatnið í því lyptist upp og flóir yfir bakkana út á graslendið og yfir það allt, af því landið er því nær hallalaust. Kvísl rennur úr Steinsmýrarfljóti inn á mitt graslendið nokkuð ofarlega. Úr þessari kvísl er það, sem menn hafa hugs að sjer að grafa skurðinn alla leið suður og vestur í Eldvatnið, sem rennur suð-vestan til við graslendið. Eptir kvíslinni úr fljótinu og þessum skurði hugsa menn sjer þá, að fá afrennsli úr Steinsmýrarfljóti út í Eldvatnið. Frá skurðinum og út á sandinn er langur vegur, en hvort graslendið á þessu svæði kann að eyðileggjast á næsta mannsaldri, skal jeg ekkert um segja.

H. 1. þm. Rangv. (Þórður G.) sagði, að jeg hefði brugðið sjer og h. þm. Húnv. (B. Sigf.) um grunnhyggni, af því að þeir vildu færa niður styrkinn til kennaramenntunar og skólaiðnaðar. Jeg sagði ekki að þetta lýsti grunnhyggni, en jeg sagði að það væri grunnt eða stutt hugsað, að vilja draga úr þessum framkvæmdum. Jeg veit að báðir þessir h. þm. vilja styðja að menntun alþýðunnar, en til þess að menntun alþýðunnar geti tekið framförum, er nauðsynlegt að kennarar hennar verði sjálfir sæmilega menntaðir. Í sömu átt stefnir skólaiðnaðurinn, því líkaminn þarf engu síður að eflast og styrkjast en sálin. Jeg er samdóma því, að fjárbænir til þingsins keyri því nær úr hófi; en ef menn viðurkenna að citthvert málefni sje gott, þá á ekki fyrst að bera niður á því, heldur á hinu, sem vafasamt er, að gagn sje að.

Jeg þarf ekki að ganga inn á ræðu h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) að því er snertir 13. gr. C. 19, því að sá maður, sem hann hugsar sjer að fara eigi þessa ferð, held jeg að trauðlega finnist á þessu landi. Jeg get ekki litið svo á, að gagn kaupmanna sje andstætt gagni þjóðarinnar, því að svo framarlega sem kaupmenn eru ein stjett þjóðarinnar, svo framarlega er þeirra gagn þjóðarinnar gagn, og velmegun og gagn þjóðarinnar líka velmegun og gagn kaupmanna, þó svona hafi ekki verið áð-

ur, og á það ekki og má ekki vera svo áfram, enda ætti enginn að styðja að því, að hið gamla, ófuga ástand haldi áfram.

Klemens Jónsson: Þar sem h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) sagði, að Stefán kennari Stefánsson hefði vitað, að hverju hann gekk, þegar honum var veitt kennaraembættið á Möðruvöllum, þá skal jeg lýsa því yfir, að það er alveg rangt, að honum hafi verið gjört að skyldu að sélja lærisveinunum fæði. Ef jeg vissi ekki að h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) væri vandaður maður, þá hefði jeg getað ímyndað mjer, að hann hefði kastað þessari röngu ástæðu fram til að villa sjónir fyrir ókunnugum þingdm., og reyna að hafa þannig áhrif á atkvæði þeirra. En jeg skal ekki leggja framkomu h. þm. þannig út, heldur álíta að hann hafi ekki vitað betur en hann talaði, þó slíkur ókunnugleiki á málinu sje reyndar alveg ófyrirgefanlegur. Þar sem sami h. þm. í sama tilgangi ber það fram, að það geti verið gott fyrir Stefán kennara, að vera laus við húsið, ef gagnfræðaskólinn yrði fluttur á Akureyri eða til Reykjavíkur, þá er þessi ástæða svo »futil«, að mjer dettur ekki í hug að svara henni.

Jón Þórarinsson: Jeg vildi minnast lítið eitt á breyt.till. sem fram er komin, um að fella úr frumv. styrkinn til hr. tannlækis O. Nickolin. Það hafa tveir h. þingdm. minnzt á þessa breyt.-till. Annar þeirra, h. þm. Borgf. (B. B.) taldi breyt.till. þessari ekki annað til gildis en það, að við hefðum ekki ráð á að styrkja »specialista« í öllum greinum læknisfræðinnar. Þetta út af fyrir sig er engin ástæða. H. þm. sjer, að við erum að stíga spora í þá áttina, að fá »specialista«. Við erum að fá »specialista« í augnalækningum, og hann veit, að »specialistar« í tannlækningum eru líka nauðsynlegir.

Hinn þm., sem mælti með því að þessi breyt.till. yrði tekin til greina, var h. 2. þm. N.Múl. (J. J.). Það eina, sem hann hafði á móti tannlækni þeim, sem hjer ræðir um, var það, að hann væri ekki reglumaður. Hann nefndi líka annan mann, sem hann sagði, að væri heldur ekki reglumaður. Hann sagðist taka þetta fram til þess að aðrir þingdm. gætu hreinsað þá af þessum áburði. Það getur nú verið mikið gott, að ata menn út, til þess, að aðrir geti fengið tækifæri til að þvo af þeim á eptir; en ekki get jeg fundið, að svona ummæli eigi sem bezt við hjer í þingsalnum. Jeg skal samt geta þess, að jeg þekki þennan mann talsvert, en mjer er ekki kunnugt um, að hann sje svo mikill óreglumaður, að á því sje orð gjörandi, eða að hann þess vegna ekki geti leyst af hendi starf sitt. Annar þm. kallaði þennan mann »ölpumpu« hjer á dögunum. Jeg get ekki neitað því, að jeg hafi sjeð hann drekka öl, en jeg hefi líka sjeð h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) drekka öl, og þó dettur mjer ekki í hug að kalla hann ölpumpu fyrir það.

Jeg ætlaði mjer annars ekki að taka til máls við þessa umr., hvorki með nje móti breyt.till. þeim, sem fram eru komnar við frumv. h. efri deildar, en ummæli h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) gáfu mjer þó tilefni til að tala þessi fáu orð.

Sigfús Árnason: Jeg get verið stuttorður, því h. framsögumaður hefir tekið vel og skýrt fram ástæðurnar fyrir breyt.till. minni.

Jeg álít nauðsynlegt að veita fjárupphæð í því skyni að menn noti hana til að rannsaka, hvar bezt sje að koma út íslenzkum afurðum, sjer í lagi saltfiski, en það, sem mjer gekk til að koma með breyt.till., var það, að jeg álít rjettara, að fleirum en einum gefist

kostur á að bjóða sig fram til utanfarar í því skyni. Jeg neita því engan veginn, að kaupmaður D. Thomsen geti í alla staði verið vel fær um að leysa þetta starf af hendi; en jeg kann betur við, að fleirum en einum gefist kostur á, að gefa sig fram. Jeg gjöri sem sje ráð fyrir, að landsstjórnin, sem fengi umsjón yfir fjenu, ef breyt.till. mín næði fram að ganga, auglýsi, að þeir, sem vilji taka þetta erindi að sjer, sendi tilboð sín um það fyrir einhvern vissan tíma. Að því er snertir bending h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.) til þingd. um, að skora á mig að gefa stjórninni bendingar um, hvern velja skuli til þessarar utanfarar, þá læt jeg h. þm. Árn. hjer með vita, að jeg verð ekki við þeirri áskorun, með því jeg treysti landsstjórninni til að velja þann bezta, sem kostur verður á að fá, til þessa starfa.

Þar sem sami þingmaður var að brigzla mjer um, að jeg fyllti ekki þingtíðindin, þá vil jeg minna hann á, að hann mun engan vansa hafa af því, þótt jeg hafi talað sjaldan, eins og jeg á hinn bóginn ber enga ábyrgð á því, þótt kostnaðurinn við prentun þingtíðindanna aukist við ástæðulausar slettur og óþarfa mælgi h. 1. þm. Árn. (Þorl. G.).

Skal jeg svo ekki tala fleira um málið, en vona að h. þingd. álíti ekki breyt.till. mína eins hneykslanlega eins og 1. þm. Árn.

Halldór Kr. Friðriksson: Nú skal jeg ekki gjöra h. framsögum. 2. þm. Eyf. (J. J.) gramt í geði, enda þarf jeg þess ekki, því við erum nú orðnir næstum samdóma um, að komið sje næsta mikið los á fjárlagafrumv. Nú er það víst ekki rangt lengur að segja svo.

Jeg vildi svara stuttlega h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.), sem bar það fram til stuðnings breyt.till. sinni um að færa niður ölmusurnar við skólana, að honum virtist veitingarvaldið ekki æfinlega veita þær rjettilega. Hann vill láta veita ölmusurnar fátækum, framúrskarandi piltum. Þetta er sjáltsagt alveg rjett, en það er ekki nóg. Því að ef ekki ætti að veita öðrum piltum ölmusur en þeim, sem eru framúrskarandi, þá fengju ekki margir ölmusu, því að þeir eru nú ávallt fáir, sem segja má, að sjeu framúrskarandi og þó fátækir. Jeg held að margir námspiltar yrðu ekki vel settir, ef engir þeirra mættu koma til greina við veitingu ölmusa, aðrir en þeir, sem væru framúrskarandi, enda er ekki gott að segja, að hverja barninu gagn verður. Jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að yfirstjórn skólans veitir ölmusurnar samvizkusamlega og eptir beztu sannfæringu; en það er ekki æfinlega gott að segja, hver verðugastur er með tilliti til efnahagsins, og ef til vill enn síður með tilliti til hæfilegleikanna. En úr því að þingið og þjóðin er samdóma um, að efla beri menntun landsmanna, þá sje jeg ekki, hvers vegna ekki á að styrkja þá stofnunina, sem veitir mesta menntunina, til þess að sem flestir geti aflað sjer þar menntunar, því að því fleiri sem menntamennirnir eru í landinu, því meiri menntun breiðist út með þeim til almennings. Jeg vildi óska þess, að sem flestir skólagengnir menn yrðu búandi menn í landinu, eins og t. a. m. h. þm. Skagf. (J. Jak. & Ól. Br.). Jeg held, að það breiðist meiri menntun út til almennings með þeim, en með þessum barnakennurum, sem verið er að halda fram. Sama er að segja um lækkun ölmusanna til prestaskólastúdenta; þeir verða líklega 6 á prestaskólanum næsta vetur, og verður það þá ekki mikill styrkur, ef þessir 6 menn eiga ekki að fá nema eina ölmusu, því að 5 af þess-

um 6 stúdentum eru blá-fátækir. Einhverjir voru að segja, að þeir vildu ekki veita þessum skóla meiri styrk, af því að skólinn hefði styrk úr öðrum stað. Jú, viti menn, prestaskólinn á sjóð, en hann er ekki svo stór, að hann geti bætt mikið úr þörfinni. Jeg get með engu móti sjeð, að það sje rjett af þinginu, að klípa af þeim þann litla styrk, sem skóli þessi fær nú. Hvers vegna fara menn þá ekki líka fram á, að taka af læknaskólanum eitthvað af því fje, sem hann fær til styrktar nemendum, sem á hann ganga.

H. þm. V.-Skaptf. (G. G.) sagði, að þessi skólaiðnaður væri nauðsynlegur til að styrkja líkamann. Það kann satt að vera, en þess verður vel að gæta, að það er töluverður tími, sem námsmenn á voru landi hafa til að styrkja líkama sinn, þar sem skólatíminn er eigi nema 6 mánuðir. Það stendur allt öðruvísi á hjer en annarsstaðar, þar sem börn sitja því nær allt árið á skólunum.

Að síðustu skal jeg minnast með fáum orðum á viðaukatill. þá, sem jeg hefi skrifað undir ásamt h. varaforseta (Þ. B.), um að þingið veiti landlækni Schierbeck 2500 kr. í viðurkenningar- og þakklætisskyni. H. varaforseti (Þ. B.) hefur mælt svo vel með þessari tillögu, að jeg þarf ekki miklu þar við að bæta, en jeg vil minna h. þingdeildarmenn á, að þeim gefst með þessu tækifæri til að sýna, að þeir og þjóðin kunni að meta framúrskarandi menn sína og um leið að gefa öðrum upphvatningu til að standa vel í stöðu sinni og vinna það gagn, sem þeim er auðið. Það er öllum kunnugt, að þessi maður hefur ekki að eins staðið ágætlega vel í stöðu sinni sem embættismaður, heldur að hann hefur unnið öllu landinu ómetanlegt gagn með framkvæmdum sínum í öðrum greinum. Jeg treysti því þess vegna, að h. þingdeild samþykki þessa viðaukatillögu.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið, en þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur, er mjer næst geði að samþykkja flest það, sem lýtur að upphækkun fjárframlaga.

Jón Jónsson (2. þm. N.-Múl.): H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) þóttist þurfa að leiðrjetta það sem jeg hefði sagt um Stefán kennara Stefánsson á Möðruvöllum. En jeg tek það ekki aptur, að hann hefir með ábúðinni á jörðinni skuldbundið sig til, að sjá piltum fyrir kosti; hafi jeg nefnt það, að hann hefði tekizt það á hendur með veitingunni fyrir embættinu, hefur það verið mismæli, sem jeg vona, að háttv. þingm. sjeu svo opt vanir við að heyra hjer í deildinni, að þeir leggi ekki neina áherzlu á það.

Ef jeg man rjett, lágu fyrir þinginu í hitt eð fyrra skjöl sem sýndu, að Stefán kennari Stefánsson hefði tekið þá skuldbindingu á hendur að fæða pilta, um leið og hann tók við ábúðinni. — Hví skyldi hann þá ekki hafa gjört sjer grein fyrir, hvað til þess þyrfti?

H. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) sagði, að jeg hefði verið að sletta til þessa manns, sem farið er fram á, að veita styrkinn til að halda áfram tannlækningunum og sagðist hafa sjeð h. 2. þm. Norður-Múlasýslu (J. J.) drekka öl. Jú, það er meir en satt, h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) drekkur opt öl, þó hann hafi ekki gert það nú um tíma, en mjer þætti vænt um, ef hann gæti sagt, að hann hefði sjeð á h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.), að hann hefði drukkið öl, og jeg skora á hann að gjöra það, en jeg hefi sjeð það opt á tannlækninum, að hann hefir drukkið öl, og vona jeg, að h. 2. þm. K.-G. (J. Þór.) geti ekki skafið það af honum. Það getur því ekki heitið sletta, sem jeg sagði um hann. Nú, ef enginn h.

háttv. þingm. vill bera það af þessum mönnum, að þeir sjeu óreglumenn, þá verð jeg að álíta, að það sem jeg sagði um þá, sje engin sletta, heldur sannmæli, þó óþægilegt og beiskt þyki.

Jón Jakobsson: Jeg get verið stuttorður í þetta skipti, og það því fremur sem h. 2. þingm. N.-Múl. (J. J.) hefur tekið af mjer ómakið; jeg skal einungis taka það fram, að mjer virtist vera mótsögn í ræðu h. þingm. Dal. (J. P.). Hann þóttist hafa skilið það á ræðu minni, að jeg bæri svo mikið traust til kaupmannanna, en jeg tók það að eins fram, að þar sem þeim með eigingirninnar sterku hvötum hefði ekki tekizt, að koma neinu áleiðis í verzlunarmálinu að því er markaði snertir á ísl. vöru, þá væru lítil líkindi til, að ungur maður og óreyndur fengi mjög miklu til vegar komið.

Hinn h. sami þingm. og h. 1. þingm. Árn. (Þorl. G.) sögðu, að jeg hefði látið í ljósi, að jeg vildi helzt, að einhver gamaldags kaupmaður færi þessa för. Þeir hafa víst ekki mikla ástæðu til, að drótta því að mjer, því að jeg nefndi það aldrei. Aptur á móti gæti jeg og heldur fundið ástæðu til, að beita þessu vopni á móti sjálfum þeim, þar sem þeir sjálfir eru svo mjög fastir við hina gömlu dönsku kaupmenn, að þeir vilja engan annan hafa til að fara þessa för en einmitt einn af hinum dönsku kaupmannasonum. Þeir segja, að jeg hafi ekki neitt fyrir mjer í því, að þessi maður geti farið þessa för án ferðastyrks. En hvernig stendur á því, að þessi maður, sem er afsprengur hinna gömlu dönsku kaupmanna, leggur ekki sjálfur fram fje til ferðarinnar? Sje áhugi hans brennandi, eins og h. þm. Dal. (J. P.) tók fram, til að leysa þetta verk af hendi, þá sýnist mjer eðlilegast, að faðir hans, sem er einn með auðugustu kaupmönnum þessa bæjar, styrki hann til að fara þessa ferð.

Jeg skal geta þess, að ef breyt.till. mín og h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.) fellur, þá sný jeg mjer að breyt.till. h. þm. Vestm. (Sigf. A.). Það er ekki nema rjett, að menn fái að »concurrera« um þetta, og jeg álít stjórnina eins færa til að velja úr mönnum til þessarar farar, eins og oss, sem ekki erum neitt verzlunarfróðir.

Þá skal jeg geta þess, að jeg er á móti till. h. þingm. Eyf. (Kl. J.) um að kaupa hús Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum, af »öconomiskum« ástæðum. Það getur skeð áður en langt um líður, að skóli þessi verði fluttur, annaðhvort til Akureyrar eða að gagnfræðakennslan verði sameinuð latínuskólanum, en allir þekkja, hvernig er að selja jörð með dýrum húseignum; það er sú versta sala, sem hugsazt getur.

Jeg skal að síðustu beina örfáum orðum til h. þingm. Rvík. (H. Kr. Fr.) Það gladdi mig að heyra, að h. þingm. viðurkennir sömu meginreglu um ölmusuveitingarnar og jeg. En hinu get jeg ekki verið samdóma, að nauðsyn sje að hafa ölmusurnar fleiri, svo að hægra veiti að úthluta þeim rjettlátlega. Þvert á móti. Því meira fje, sem er fyrir hendi, því hættara er við, að þeim yfirsjáist, sem eiga að skipta því.

En þar sem h. þm. Reykv. (H. Kr. Fr.) heldur svo sterklega fram þessum ölmusum, þá virðist mjer það ekki í góðu samræmi við það, sem sami þm. sagði við 2. umræðu fjárlaganna um ölmusur, en þá var verið að ræða um ölmusur við annan skóla; þá ljet hann það í ljósi, að hann væri nú þeirrar skoðunar, að foreldrum einum bæri að annast andlegt uppeldi barna sinna. Jeg er annars yfirleitt á móti ölmusum

og álít, að eigi eigi ekki að veita þær öðru vísi en sem meðal til þess, að framúrskarandi hæfilegleikar fátækra námsmanna geti komið að notum.

Jens Pálsson: Það eru ekki nema örfá orð, sem jeg þarf að tala í þetta sinn út af ræðum hins h. 2. þm. Skagf. (J. Jak.) og h. 2. þm. N.-Múl. (J. J.). Hinn fyrnefndi þingm. var að tala um verzlunarerindreka, en það mál liggur nú ekki fyrir hjer. Honum fórust svo orð, að sá er að verzlunarbótum ætti að vinna, að tilhlutun hins opinbera, ætti ekki að vera úr hinni föstu fylkingu gömlu kaupmannanna, eins og hann komst að orði, því að hann hafði svo mikið á móti kaupmönnum. En nú er Ditlev Thomsen einmitt úr þessari tylkingu eða flokki og fyrir þá skuld vantreystir h. þingm. honum, en lýsti þó yfir, að hann treysti þessum manni til góðs.

Mjer virtist því koma fram nokkur ósamkvæmni hjá h. þingm., þar sem hann lýsti því yfir, að hann hefði vantraust á hinum dansk-íslenzku kaupmönnum og þessum manni sem slíkum, en hefði þó gott álit og traust á þessum manni, og taldi honum margt til lofs; hann er þó vitanlega af því bergi brotinn, sem h. þingm. hefir svo mikið vantraust á. H. háttv. þingmanni hefir opt tekizt betur að tala fyrir máli sínu.

Jeg get fullvissað h. þm. um, að það er ekki af neinni kaupmanna-ást, að jeg mæli með því, að þessum manni sje veittur þessi ferðastyrkur, heldur af trausti á honum sjálfum, því að jeg veit, að hann hefur einlægan vilja á, að gera gagn með þessari utanför sinni og rannsóknum.

H. 2. þingm. Skagf. (J. Jak.) hermdi þau orð eptir mjer, að hann hefði þegar sýnt brennandi áhuga á, að gjöra landinu gagn; en hafi jeg sagt það, sem mjer þó þykir líklegt að ekki hafi verið, þá mætti það þó til sanns vegar færast, að því er snertir landsins mesta velferðarmál — verzlunarmálið —; það lýsir sjer áhugi í því, að sækjast fastlega eptir, að gjöra þessa tilraun, sem vitanlega kostar þennan mann bæði fje og tíma.

H. 2. þingm. Skagf. var að tala um ósamkvæmni hjá mjer. Hann lýsti því yfir, að gömlu kaupmennirnir hefðu svo mikinn hag af slíkri rannsókn, að eigingirninnar sterka hvöt hlyti að knýja þá til að gera hana á eigin kostnað, ef annars nokkuð verulegt væri upp úr henni að hafa. Jeg get ekki fallizt á þessa ályktun, því þótt maður geti sagt, að það sje hagsmunir kaupmannanna, að hrinda verzluninni í betra horf, þá er ekki víst, að þeir kaupmenn, sem reka hjer hina alræmdu selstöðuverzlun, kæri sig um, að hrinda verzluninni úr því horfi, sem hún er nú í, en þessi utanför og rannsókn er einmitt fyrsta sporið til þess. Það mætti þá eins segja, að eigingirninnar sterka hvöt ætti að knýja bændur til að bæta tún sín og jarðir; engrar uppörvunar sje þörf í þá átt. En það er ærið margur bóndinn svo skammsýnn, að hann gerir það ekki, því að hann álítur það seint og illa borga sig. Þannig hef jeg þekkt bónda, er hjelt því fram, að skaði væri að sljetta, því við það minnkaði grasflötur túnsins, og taðan yrði minni. (J. J. þingm. N.-Múl.: Svona hugsa kaupmennirnir). Svona hugsa kaupmennirnir, segir h. sessunautur minn. Jú, víst hugsa líklega apturhaldsseggirnir meðal gömlu kaupmannanna að sínu leyti svipað þessu. En jeg skal segja honum það, að hjer er ekki verið að tala um neinn af hinum gömlu kaupmönnum. Sá maður, sem hjer á í hlut, er að vísu kaupmanns sonur, en þar með er ekki sagt, að hann hafi alveg sömu

skoðanir á verzlun Íslands og hinir íhaldssömu gömlu selstöðukaupmenn, og óvíst er, að jafnvel faðir hans, hvað þá aðrir, sje honum samdóma um þetta mál.

Þar sem minn heiðraði sessunautur sagði, að jeg og aðrir h. þingmenn færum þessu fram af því, að vjer sæjum oss ekki fært að losna við gömlu kaupmennina, og því hefðum við tekið þennan mann, þá er það ekki rjett; vjer viljum styrkja hann og fela honum þetta erindi af því, að vjer höfum gott traust á honum, og hyggjum hann vel fallinn til þessarar farar. Það álit vort hefir ekki verið hrakið með viðunanlegum ástæðum. Flest sem fært hefir verið fram móti honum, er fráleitt, eins og t. d. það, að hann sje kaupmanns afsprengur. Jeg veit ekki betur en að faðir hans sje alkunnur sómamaður, og því er það allt annað en rjettlátt, að vilja láta hann gjalda faðernis síns, enda vitum vjer ekkert um það, hvort faðir hans er hlynntur því eða ekki, að syni sínum sje falin þessi för, þessi tilraunarferð til að bæta fyrir sölu á afurðum Íslands á erlendum mörkuðum.

En hvað sem því líður: úr því efnilegur, oss velviljaður og áhugasamur ungur maður, þótt úr kaupmannaflokki sje, býður oss slíkt, sem hjer ræðir um, og vjer getum treyst því að hann meinar boð sitt ærlega, og vill oss vel, þá er viðurhlutamikið að hrinda þessum manni frá; það er viðurhlutamikið fyrir þing og þjóð, að hrinda burt góðum manni, og fleygja burt frá sjer ef til vill mjög miklum hagsmunum fyrir smáræði.

·ATKVÆÐAGR.: Breyt.till. við 10. gr. A. I. samþ. með 12 gegn 6 atkv.; breyt.till. við 10. gr. C. 4 a 2 á þingskj. 561 samþ. með 13 gegn 5 atkv.; breyt.till. við 10. gr. C. 4 a 3 á þingskj. 561 samþ. með 13 samhlj. atkv.; viðaukatill. við C. 4 a 4 á þingskj. 565 samþ. með 18 samhlj. atkv.; athugas. samþ. með 21 atkv.; breyt.till. við 11. gr. 2 l. á þingskj. 560 felld með 12 gegn 5 atkv.; breyt.till, við 11. gr. 2 m. á þingskj. 561 samþ. með 12 gegn 7 atkv.; breyt.till. við 11. gr. 3 á þingskj. 561 samþ. með 14 gegn 5 atkv.; breyt.till. við 11. gr. 4 á þingskj. 560 samþ. með 13 gegn 5 atkv.; breyt.till. við 13. gr. B I. b 2 á þingskj. 56[illegible] samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. við 13. gr. B III. c 5 á þingskj. 561 samþ. með 16 gegn 4 atkv.; breyt.till. við 13. gr. B IV. b 6 á þingskj. 561 samþ. með 15 gegn 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Kl. Jónsson,
B. Kristjánsson,	Björn Sigfússon,
B. Bjarnarson,	G. Guðmundsson,
Bogi Melsteð,	H. Kr. Friðriksson,
Jens Pálsson,	J. Jónss., þm. A.-S.
Jón Jakobsson,	J. J. þm. Eyf.
J. Jónss. þm. N.-M.	Jón Þórarinsson,
Ólafur Briem,	Jón Þorkelsson.
Sighv. Árnason,	
Sigfús Árnason,	
Sig. Gunnarsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Þór. Böðvarsson,	
Þórð. Guðmundss.,	
Þorl. Guðmundss.	

Breyt.till. við 13. gr. B VI. d á þingskj. 567 felld með 14 gegn 5 atkv.; breyt.till. við 13. gr. B VI. e á þingskj. 567 felld með 11 gegn 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
B. Kristjánsson,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Bjarnarson,	H. Kr. Friðriksson,
Björn Sigfússon,	Jens Pálsson,
Bogi Melsted,	Jón Jakobsson
J. J., þm. A.-Sk.	J. J., þm. Eyf.
Ólafur Briem,	J. J., þm. N.-M,

já:	*nei:*
Sigfús Árnason,	Jón Þorkelsson,
Sighv. Árnason,	Sig. Gunnarsson,
Þ. Guðmundss.,	Skúli Thoroddsen,
Þorl. Guðmunds.	Þór. Böðvarsson.

Breyt.till. við 13. gr. B VI. g á þingskj. 561 samþ. með 15 samhlj. atkv.; breyt.-till. við 13. gr. B h. á þingskj. 561 samþ. með 16 samhlj. atkv.; breyt.till. við 13. gr. C 5 c á þingskj. 561 samþ. með 14 gegn 1 atkv.; breyt.till. við 13. gr. C 7 á þingskj. 561 samþ. með 12 gegn 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
B. Kristjánsson,	G. Guðmundsson,
Björn Bjarnarson,	H. Kr. Friðriksson,
Björn Sigfússon	Jens Pálsson,
Bogi Melsted,	Jón Þórarinsson,
Jón Jakobsson,	Jón Þorkelsson,
J. Jónss., þm. A.-S.,	Sig. Gunnarsson,
J. Jónss. þm. Eyf.	Skúli Thoroddsen,
J. Jónss., þm. N.M	Þór. Böðvarsson,
Ólafur Briem,	Þ. Guðmundsson.
Sigfús Árnason,	Þorl. Guðmundss.
Sighv. Árnason.	

Breyt.till. við 13. gr. 1 C 17 á þingskj. 560 felld með 16 gegn 1 atkv.; breyt. till. við 13. gr. C 19 á þingskj. 564 samþ. með 12 gegn 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Klemens Jónsson,
B. Kristjánsson,	Bogi Melsted,
Björn Bjarnarson,	G. Guðmundsson,
Björn Sigfússon,	H. Kr. Friðriksson,
Jón Jakobsson,	Jens Pálsson,
J. J. þm. A.-Sk.,	Jón Þórarinsson,
J. J. þm. Eyf.,	Jón Þorkelsson,
J. J. þm. N.-M.,	Skúli Thoroddsen,
Olafur Briem,	Þór. Böðvarsson,
Sighv. Árnason,	Þ. Guðmundsson,
Sigf. Árnason,	Þorl. Guðmundss.
Sig. Gunnarsson.	

Breyt.till. við 13. gr. C 19 á þingskj. 566 og á þingskj. 660 þar með fallnar; breyt.till. við 13. gr. C 20 á þingskj. 560 felld með 15 gegn 4 atkv.; breyt.till. við 13. gr. 1. C 21 á þingskj. 560 felld með 15 gegn 2 atkv.; breyt.till. við 13. gr. C (nýr tölul.) á þingskj. 561 felld með 12 gegn 6 atkv.; breyt.till. við 13. gr. C (nýr tölnl.) á þingski. 559 samþ. með 13 gegn 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Einar Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Klemens Jónsson,	Björn Sigfússon,
Ben. Kristjánsson,	Jens Pálsson,
Bogi Melsted,	Jón Jakobsson,
H. Kr. Friðriksson,	Ólafur Briem,
J. J. þm. A.-Sk.,	Sigfús Árnason,
J. J. þm. Eyf.,	Sig. Gunnarsson,
J. J. þm. N.-Múl.,	Skúli Thoroddsen,
Jón Þórarinsson,	Þ. Guðmundsson,
Jón Þorkelsson,	Þorl. Guðmundss.
Sighv. Árnason,	
Þór. Böðvarsson.	

Guðl. Guðmundsson greiddi ekki atkv. og var því talinn með meiri hlutanum.

Breyt.till. við 15. gr. á þingskj. 560 felld með 12 gegn 4 atkv.

Frumv. í heild sinni með áorðn. breyt. samþ. í einu hlj. og endursent efri deild.

Fertugasti og níundi fundur, föstudag 25. ágúst, kl. 12 á hád. Allir á fundi.

Tillaga til þingsályktunar um strandferða-áætlun (C. 654, 670); ein umr.

Jens Pálsson: Á þessari ferða-áætlun hefir h. efri deild að eins gert eina breytingu, sem er í því fólgin, að við 10. ferðina frá Reykjavík, í júlí, vestur á leið umhverfis landið, í ágúst, sje viðkomustaðurinn Reykjarfjörður felldur burt, en aptur bætt inn Bitrufirði og

Borðeyri. Og af þessu leiðir einnig það, að komudagur skipsins breytist um 1 dag á hinum næstu höfnum, og getur munað um 1 eða 2 daga á komudeginum hingað til Reykjavíkur.

Það hefði getað verið óheppileg breyting þetta, ef svo hefði staðið á, að skipinu hefði í ferð þessari verið ætlaður naumur biðtími hjer í Reykjavík, en það vill svo vel til, að í þessari ferðinni er innlenda strandferðaskipinu ætlaður mjög langur dvalartími í Reykjavík, að aflokinni hringferðinni. Sje jeg því ekki að tillagan ríði í neinn bága við áætlunina, eða valdi neinni verulegri breyting á því fyrirkomulagi ferðanna, sem búið var að samþykkja hjer í deildinni. Að vísu á skipið, vegna þessarar breytingar, erfiðara með að mæta skipi hins sameinaða gufuskipafjelags á Seyðisfirði, og því hefir stjarnan verið felld úr við Seyðisfjörð. En jeg álít nauðsynina á þessari breytingu ríkari en þörfina á því, að skipin hittist á Seyðisfirði.

Það er hin mesta nauðsyn á þessari ferð, vestan frá Djúpi til Hrútafjarðar, fyrir Strandasýslu, og það var einmitt h. þingm. Strand. (Guðj. G.), sem bar upp þessa tillögu í efri deild. Hjer er allmikil flutningaþörf, einmitt svona beina leið frá Ísafjarðardjúpi, því hlutaðeigandi hjeruð skiptast mjög vörum á. Strandamenn láta smjör og tólg, en fá aptur fisk og hval.

Að Reykjarfjörður er tekinn burt, þarf ekki að vera til mikils hnekkis, því eptir áætluninni 1891, um ferðir hins sameinaða gufuskipafjelags, þeirri áætlun, sem þessi ferða-áætlun er miðuð við, fær Reykjarfjörður eina ferð vestan frá Djúpi, að vísu nokkru síðar, en þó ekki á óhentugum tíma, og geta þá Norður-Strandamenn fengið sinn flutning frá Djúpinu með þeirri ferð. Sem sagt, jeg sje ekkert að athuga við þessa breytingu, og mun því gefa hen[illegible] atkvæði mitt.

ATKV.GR.: Strandferða-áætlunin (þg.skj. 573) samþ. með 18 samhlj. atkv. Þingsályktunartillagan sjálf (þgskj. 563) samþ. með 19 samhlj. atkv., og afgr. til landsh. sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Reykjatanga (C. 582); 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. orðalaust með 19 samhlj. atkv., og afgr. til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Fimmtugasti fundur, laugardag 26. ágúst, kl. 11¾ f. hádegi. Allir á fundi.

Ávarp til konungs (C 702) lesið upp af þingm. Snæf. (J. Þ.), og síðan samþ. með meiri hluta atkv. Þeim þingm. Snæf., 1. þingm. Eyf. og forseta (J. Þ., Kl. J. og B. Sv.) var falið að annast þýðingu ávarpsins á dönsku.

Fundi slitið.